ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 12

27. árgangur

27.2.2020

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2020/EES/12/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 1

2020/EES/12/02 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB 338

2020/EES/12/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1048 frá 18. júlí 2018 um kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu 437

2020/EES/12/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1984 frá 3. nóvember 2015 þar sem skilgreindar eru kringumstæður, snið og verklag fyrir tilkynningar skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum 443

2020/EES/12/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/995 frá 17. júní 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 451

2020/EES/12/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 frá 12. júlí 2019 um ítarleg ákvæði sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglna um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB 469

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 575/2013 **2020/EES/12/01**

frá 26. júní 2013

um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í yfirlýsingu G-20 ríkjanna frá 2. apríl 2009 um eflingu fjármálakerfisins er hvatt til samræmds, alþjóðlegs átaks sem miðar að auknu gagnsæi, ábyrgðarskyldu og reglu með því að bæta magn og gæði eigin fjár í bankakerfinu þegar efnahagsleg endurreisn hefur verið tryggð. Í þeirri yfirlýsingu er einnig hvatt til að innleidd verði viðbótarráðstöfun, sem ekki byggist á áhættu, til að halda vogun í bankakerfinu í skefjum og til að þróa ramma fyrir öflugri varaforða lausafjár. Á grundvelli umboðsins frá G-20 samþykkti hópur seðlabankastjóra og forstöðumanna fjármálaeftirlits (GHOS) fjölda ráðstafana í september 2009 til að efla reglusetningu um bankageirann. Leiðtogar G-20 ríkjanna árituðu þessar ráðstafanir á fundi sínum í Pittsburgh 24. til 25. september 2009 og þær voru settar fram á ítarlegan hátt í desember 2009. Hópur seðlabankastjóra og forstöðumanna fjármálaeftirlits sendi í júlí og september 2010 frá sér tvær viðbótartilkynningar um hönnun og kvörðun þessara nýju ráðstafana og í desember 2010 birti Baselnefndin um bankaeftirlit (BCBS) lokaráðstafanirnar, sem vísað er til sem Basel III rammans.

2) Nefnd háttsettra embættismanna um fjármálaeftirlit í Evrópusambandinu, undir formennsku Jacques de Larosière (de Larosière-hópurinn), hefur hvatt Sambandið til þess að þróa samhæfðari fjárhagsreglugerðir. Með tilliti til uppbyggingar á evrópsku eftirlitsskipulagi í framtíðinni lagði leiðtogaráðið, 18. og 19. júní 2009, einnig áherslu á að þörf væri á því að koma á sameiginlegri evrópskri reglubók sem gilti um allar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki á innri markaðinum.

3) Eins og fram kemur í skýrslu de Larosière-hópsins frá 25. febrúar 2009 („de Larosière-skýrslan“), „ætti aðildarríki að geta samþykkt strangari landsbundnar stjórnvaldsráðstafanir sem taldar eru viðeigandi til að varðveita innlendan fjármálastöðugleika, svo fremi að meginreglur innri markaðarins og samþykktir lágmarksgrunnstaðlar séu virt“.

4) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar nokkrum sinnum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([3]) og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur verðbréfafyrirtækja og lánastofnana ([4]). Mörg ákvæði tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB gilda bæði um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Fyrir skýrleika sakir og til að tryggja samræmda beitingu þessara ákvæða ættu tilskipanirnar að renna saman í nýjar lagagerðir sem gilda bæði um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, það er þessa

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 105, 11.4.2012, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 68, 6.3.2012, bls. 39.

([3]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

reglugerð og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 ([1]). Fella ætti ákvæðin í viðaukunum við tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB inn í meginmál tilskipunar 2013/36/ESB og þessarar reglugerðar til að auka aðgengi.

5) Reglugerð þessi og tilskipun 2013/36/ESB ættu í sameiningu að mynda lagaramma sem gildir um aðgang að starfsemi, eftirlitsramma og varfærnisreglur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (hér á eftir sameiginlega nefndar „stofnanir“). Því ætti að túlka þessa reglugerð með hliðsjón af fyrrnefndri tilskipun.

6) Tilskipun 2013/36/ESB, sem byggir á 1. mgr. 53. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ætti m.a. að fela í sér ákvæði sem varða aðgang að starfsemi stofnana, fyrirkomulag við stjórnun þeirra og eftirlitsramma þeirra, svo sem ákvæði sem gilda um starfsleyfi fyrirtækisins, yfirtöku á virkum eignarhlutum, nýtingu staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu, valdheimildir lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum hvað þetta varðar og ákvæði sem gilda um stofnfé og eftirlit með stofnunum.

7) Reglugerð þessi ætti m.a. að fela í sér varfærniskröfur fyrir stofnanir sem varða beinlínis starfsemi banka- og fjármálaþjónustumarkaði og er ætlað að tryggja fjármálastöðugleika rekstraraðila á þeim mörkuðum, svo og öfluga vernd fjárfesta og innstæðueigenda. Þessi reglugerð miðar að því að stuðla með afgerandi hætti að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ætti því að grundvallast á 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eins og hún er túlkuð með hliðsjón af samræmdri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

8) Þótt reglur aðildarríkja á sviði varfærniseftirlits hafi verið samræmdar að vissu marki með tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB, fela tilskipanirnar í sér fjölda valkosta og möguleika fyrir aðildarríkin til að setja strangari reglur en þær sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum. Þetta hefur í för með sér mismunandi reglur eftir löndum, sem gæti hindrað veitingu þjónustu yfir landamæri og staðfesturétt og þar með skapað hindranir í vegi snurðulausrar starfsemi innri markaðarins.

9) Vegna réttarvissu og þess að nauðsynlegt er að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum innan Sambandsins er sameiginlegt regluverk fyrir alla markaðsaðila lykilþáttur í starfsemi innri markaðarins. Til þess að koma í veg fyrir röskun á markaði og eftirlitshögnun ættu lágmarksvarfærniskröfur því tryggja hámarkssamræmingu. Af þeim sökum eru umbreytingartímabilin sem kveðið er á um í þessari reglugerð nauðsynleg fyrir snurðulausa framkvæmd þessarar reglugerðar og til að koma í veg fyrir óvissu fyrir markaðina.

10) Framkvæmdastjórnin ætti, með hliðsjón af starfi regluinnleiðingarhóps Baselnefndarinnar um bankaeftirlit við vöktun og endurskoðun á framkvæmd aðildarríkjanna á Basel III rammanum, að leggja fram uppfærðar skýrslur á áframhaldandi grundvelli og að minnsta kosti í kjölfar birtingar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit á sérhverri framvinduskýrslu, um framkvæmd og samþykkt Basel III rammans í einstökum löndum í öðrum helstu lögsögum, þ.m.t. mat á samkvæmni löggjafar eða reglna annarra landa við alþjóðlega lágmarksstaðla til að geta greint mismun sem gæti vakið efasemdir um að samkeppnisskilyrði séu jöfn.

11) Til að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum og röskun á samkeppni, sem mismunandi lög milli landa valda og til að koma í veg fyrir frekari líklegar viðskiptahindranir og verulega röskun á samkeppni í framtíðinni, er því nauðsynlegt að samþykkja reglugerð sem kemur á samræmdum reglum sem gilda í öllum aðildarríkjum.

12) Framsetning varfærniskrafna í formi reglugerðar mun tryggja að þessar kröfur taki gildi án frekari lögfestingar. Þetta myndi tryggja samræmd skilyrði með því að koma í veg fyrir mismunandi landsbundnar kröfur vegna lögleiðingar tilskipunar. Þessi reglugerð myndi leiða til þess að allar stofnanir fylgdu sömu reglum í öllu Sambandinu, sem myndi einnig auka tiltrú á stöðugleika stofnana, einkum á erfiðleikatímum. Reglugerð myndi einnig einfalda reglur og draga úr kostnaði fyrirtækja við að fylgja reglum, einkum fyrir stofnanir sem starfa yfir landamæri, og stuðla að því að koma í veg fyrir röskun á samkeppni. Með hliðsjón af séreinkennum fasteignamarkaða, sem einkennast af efnahagsþróun og mismunandi reglum í lögsögu aðildarríkja, héraða eða staðbundinna svæða, ætti lögbærum yfirvöldum að vera heimilt að ákvarða hærri áhættuvog eða beita strangari viðmiðunum á grundvelli reynslu af vanefndum og væntrar markaðsþróunar vegna áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með fasteignaveðlánum á tilteknum svæðum.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

13) Lögbær yfirvöld eða aðildarríki ættu að geta sett landsbundnar reglur á sviðum sem falla utan þessarar reglugerðar, svo sem um kvika afskriftareikninga, sértryggða, landsbundna skuldabréfaútgáfu sem tengist ekki meðferð á sértryggðum skuldabréfum samkvæmt reglum sem settar eru í þessari reglugerð og kaup og eignarhald hluta í bæði fjármálageiranum og þeim ófjárhagslega í tilgangi sem tengist ekki varfærniskröfum sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, að því tilskildu að þær séu ekki ósamrýmanlegar þessari reglugerð.

14) Mikilvægustu tilmælin, sem mælt er með í de Larosière-skýrslunni og síðar innleidd í Sambandinu, voru að koma á sameiginlegum reglum og evrópskum ramma fyrir þjóðhagsvarúðareftirlit þar sem báðir þættirnir miðuðu í sameiningu að því að tryggja fjármálastöðugleika. Sameiginlegu reglurnar tryggja áreiðanlegan og samræmdan regluramma sem auðveldar starfsemi á innri markaðinum og kemur í veg fyrir að tækifæri til eftirlitshögunar skapist. Á innri markaðinum fyrir fjármálaþjónustu getur þjóðhagsvarúðaráhættan þó verið frábrugðin á mismunandi vegu þar sem sérstakar aðstæður í hverju landi geta leitt til þess að frávik verða, t.d. að því er varðar uppbyggingu og stærð bankageirans í samanburði við hagkerfið í heild og lánsfjársveifluna.

15) Fjöldi verkfæra til að koma í veg fyrir og draga úr þjóðhagsvarúðar- og kerfisáhættu hefur verið fléttaður inn í þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB til að tryggja sveigjanleika en á sama tíma að notkun þessara verkfæra sé háð viðeigandi eftirliti til að skaða ekki starfsemi innri markaðarins, um leið og tryggt er að notkun slíkra verkfæra sé gagnsæ og samræmd.

16) Ef þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta varðar aðildarríki, ættu lögbær eða tilnefnd yfirvöld viðkomandi aðildarríkis að eiga þess kost, auk þess að beita eiginfjáraukaverkfæri vegna kerfisáhættu sem er að finna í tilskipun 2013/36/ESB, að taka á þeirri áhættu með sérstökum, landsbundnum þjóðhagsvarúðarráðstöfunum þegar það er talið árangursríkara til að takast á við þá áhættu. Evrópska kerfisáhætturáðið, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 ([1]) og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 ([2]), ættu að eiga þess kost að gefa álit sitt á því hvort skilyrðum fyrir slíkum landsbundnum þjóðhagsvarúðarráðstöfunum sé fullnægt og til staðar ætti að vera kerfi Sambandsins til að koma í veg fyrir að landsbundnar ráðstafanir nái fram að ganga, þegar sterkar vísbendingar eru um að viðeigandi skilyrðum hafi ekki verið fullnægt. Á sama tíma og þessi reglugerð kemur á samræmdum eindarvarúðarreglum að því er varðar stofnanir, eru aðildarríki í forystuhlutverki í þjóðhagsvarúðareftirliti vegna sérþekkingar sinnar og ábyrgðar í tengslum við fjármálastöðugleika. Þar eð ákvörðun um að samþykkja landsbundnar þjóðhagsvarúðarráðstafanir felur í sér tiltekið mat í tengslum við áhættu sem getur, áður en yfir lýkur, haft áhrif á þjóðhags-, skatta- og fjárhagsstöðu viðkomandi aðildarríkis, er í því sérstaka tilviki nauðsynlegt að valdið til að hafna framlögðum landsbundnum þjóðhagsvarúðarráðstöfunum sé falið ráðinu í samræmi við 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

17) Hafi framkvæmdastjórnin lagt tillögu fyrir leiðtogaráðið um að hafna landsbundum þjóðhagsvarúðarráðstöfunum ætti leiðtogaráðið að skoða tillöguna án tafar og ákveða hvort hafna beri landsbundnu ráðstöfununum eða ekki. Í samræmi við málsmeðferðarreglur ráðsins ([3]) getur aðildarríki eða framkvæmdastjórnin óskað eftir atkvæðagreiðslu. Ráðið ætti, í samræmi við 296. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni með hliðsjón af skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar íhlutun þess. Þar eð þjóðhagsvarúðar- og kerfisáhætta skiptir miklu máli fyrir fjármálamarkað viðkomandi aðildarríkis og því nauðsynlegt að hægt sé að bregðast skjótt við, er mikilvægt að frestur fyrir slíka ákvörðun ráðsins miðist við einn mánuð. Komist ráðið að þeirri niðurstöðu, eftir skoðun á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að hafna framlögðum, landsbundnum ráðstöfunum, að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að hafna landsbundnum ráðstöfunum hafi ekki verið fullnægt, ætti það ávallt að leggja fram rökstuðning sinn á skýran og ótvíræðan hátt.

18) Aðildarríki ættu að geta beitt þeim ráðstöfunum sem þau telja við hæfi, m.a. ráðstöfunum til að draga úr þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu í tilteknu aðildarríki, þar til lausafjárkröfur verða samræmdar á árinu 2015 og vogunarhlutfall samræmt á árinu 2018.

19) Unnt ætti að vera að beita eiginfjáraukningu vegna kerfisáhættu eða einstökum aðgerðum, sem aðildarríki grípa til vegna kerfisáhættu sem varðar þau aðildarríki, gagnvart bankageiranum almennt eða gagnvart einu eða fleiri hlutmengjum þess geira, þ.e. hlutmengjum stofnana sem sýna svipað áhættusnið í starfsemi sinni, eða gagnvart áhættuskuldbindingum eins eða fleiri innlendra efnahagslegra eða landfræðilegra geira innan bankageirans.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.
([3]) Ákvörðun ráðsins 2009/937/ESB frá 1. desember 2009 um samþykkt starfsreglna ráðsins (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2009, bls. 35).

20) Komi tilnefnd yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja auga á sömu breytingar á styrk kerfis- eða þjóðhagsvaráhættu sem ógnar fjármálastöðugleika á landsvísu í hverju aðildarríki fyrir sig, og sem tilnefnd yfirvöld telja að betra sé að takast á við með landsbundnum aðgerðum, geta aðildarríkin sent sameiginlega tilkynningu til ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, Evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Þegar aðildarríki senda ráðinu, framkvæmdastjórninni, Evrópska kerfisáhætturáðinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni tilkynningu ættu þau að leggja fram viðkomandi sönnunargögn, þ.m.t. rökstuðning fyrir sameiginlegri tilkynningu.

21) Framkvæmdastjórninni ætti enn fremur að vera falið vald til að samþykkja framselda gerð um að gera tímabundið auknar kröfur vegna eiginfjárgrunns, stórra áhættuskuldbindinga og opinberrar birtingar. Slík ákvæði ættu að gilda til eins árs, nema Evrópuþingið og ráðið hafi andmælt hinni framseldu gerð innan þriggja mánaða. Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina ástæðurnar fyrir því að grípa til slíkrar málsmeðferðar. Aðeins ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að setja strangari varfærniskröfur vegna áhættuskuldbindinga sem stafa af markaðsþróun í Sambandinu eða utan Sambandsins og hafa áhrif á öll aðildarríkin.

22) Endurskoðun á þjóðhagsvarúðarreglum er rökstudd til þess að framkvæmdastjórnin geti lagt mat á, m.a., hvort þjóðhagsvarúðartækin í þessari reglugerð eða í tilskipun 2013/36/ESB séu árangursrík, skilvirk og gagnsæ, hvort leggja ætti til nýja gerninga, hvort umfang og möguleg skörun þjóðhagsvarúðartækjanna til að takast á við áþekka áhættu í þessari reglugerð eða tilskipun 2013/36/ESB séu viðeigandi og hvernig alþjóðlega viðurkenndir staðlar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir samrýmast ákvæðum þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB.

23) Samþykki aðildarríki viðmiðunarreglur almenns eðlis, einkum á sviðum þar sem samþykki framkvæmdastjórnarinnar á drögum að tæknilegum stöðlum bíður umfjöllunar, skulu þessar viðmiðunarreglur hvorki ganga í berhögg við lög Sambandsins né grafa undan beitingu þeirra.

24) Reglugerð þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki leggi, ef við á, jafngildar kröfur á fyrirtæki sem falla utan gildissviðs hennar.

25) Almennu varfærniskröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð eru auknar með sérstöku fyrirkomulagi sem lögbær yfirvöld ákvarða í ljósi stöðugs eftirlits þeirra með einstökum stofnunum. Gildissvið þess háttar fyrirkomulags á eftirliti ætti m.a. að koma fram í tilskipun 2013/36/ESB þar eð lögbær yfirvöld ættu að geta lagt mat á hvaða fyrirkomulagi ætti að beita.

26) Reglugerð þessi ætti ekki að hafa áhrif á getu lögbærra yfirvalda til að setja fram sérstakar kröfur samkvæmt eftirlits- og matsferlinu, sem kemur fram í tilskipun 2013/36/ESB, og sem ættu að vera lagaðar að sérstöku áhættusniði stofnana.

27) Reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 miðar að því að auka gæði og samkvæmni í eftirliti á landsvísu og efla eftirlit með samstæðum sem starfa yfir landamæri.

28) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin ættu, þegar litið er til aukins fjölda verkefna sem Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eru falin með þessari reglugerð og með tilskipun 2013/36/ESB, að tryggja að viðunandi mannauður og fjármagn verði til reiðu án tafar.

29) Með reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni gert skylt að starfa innan gildissviðs tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig gert að grípa til aðgerða á athafnasviði stofnana í tengslum við málefni sem þessar tilskipanir taka ekki beint til, að því tilskildu að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar til að tryggja skilvirka og samræmda beitingu þessara tilskipana. Reglugerð þessi ætti að taka tillit til hlutverks og starfsemi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og auðvelda henni að beita valdheimildum sínum sem koma fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

30) Framkvæmdastjórnin ætti, þegar eftirlitstímabilinu er lokið og krafa varðandi lausafjárþekju í samræmi við þessa reglugerð hefur að fullu komið til framkvæmda, að leggja mat á hvort það að veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni vald til frumkvæðis til að grípa í taumana með bindandi sáttaumleitunum, í tengslum við sameiginlega ákvarðanatöku lögbærra yfirvalda skv. 20. og 21. gr. þessarar reglugerðar, myndi greiða fyrir hagnýtri stofnun og rekstri einstakra lausafjárundirsamstæðna, svo og ákvörðun um hvort skilyrði um sérstaka meðferð innan samstæðu fyrir stofnanir sem starfa yfir landamæri séu fyrir hendi. Því ætti framkvæmdastjórnin, á þeim tíma, að skoða sérstaklega, í einni af reglubundnum skýrslum um rekstur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skv. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, hvort þörf sé á að veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni slíkar heimildir og taka niðurstöður þeirrar skoðunar með í skýrslu sinni, og með henni ættu að fylgja viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf, ef við á.

31) Í de Larosière-skýrslunni kemur fram að eindarvarúðareftirlit geti ekki verndað fjármálastöðugleika með áhrifaríkum hætti án þess að tekið sé viðeigandi tillit til þjóðhagslegrar þróunar, á sama tíma og þjóðhagsvarúðareftirlit hefur enga þýðingu nema það geti á einhvern hátt haft áhrif á eftirlit á vettvangi rekstrareinda. Mikilvægt er að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið starfi náið saman til að stuðla að fullri skilvirkni Evrópska kerfisáhætturáðsins og eftirfylgni við viðvaranir þess og tilmæli. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti einkum að geta sent Evrópska kerfisáhætturáðinu allar viðeigandi upplýsingar sem lögbær yfirvöld hafa safnað í samræmi við gagnaskilakvaðir sem koma fram í þessari reglugerð.

32) Heildarmarkmið þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til skaðvænlegra áhrifa síðustu fjármálakreppu, eru að hvetja til efnahagslega nytsamlegrar bankastarfsemi sem þjónar almannahagsmunum og að hindra ósjálfbæra, fjármálalega spákaupmennsku án raunverulegs virðisauka. Þetta felur í sér að ráðast verður í víðtækar umbætur á því hvernig sparifé er veitt í arðbærar fjárfestingar. Til þess að standa vörð um sjálfbært og fjölbreytt bankaumhverfi í Sambandinu ættu lögbær yfirvöld að hafa vald til að gera kröfur um hærra eigið fé fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir sem geta, starfsemi sinnar vegna, verið ógn við hnattræna hagkerfið.

33) Nauðsynlegt er að gera jafngildar fjárhagskröfur til stofnana sem halda peningum eða verðbréfum viðskiptavina sinna til að tryggja svipað öryggi sparifjáreigenda svo og til að tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði milli sambærilegra samstæðna stofnana.

34) Þar eð stofnanir á innri markaðnum eru í beinni samkeppni, ættu eftirlitskröfur að vera jafngildar í öllu Sambandinu, að teknu tilliti til mismunandi áhættusniðs stofnananna.

35) Í hvert sinn sem þess gerist þörf við eftirlit að ákvarða fjárhæð samanlagðs eiginfjárgrunns samstæðu stofnana, ættu slíkir útreikningar að vera unnir í samræmi við þessa reglugerð.

36) Samkvæmt þessari reglugerð gilda kröfur vegna eiginfjárgrunns á einingar- og samstæðugrunni nema lögbær yfirvöld beiti ekki eftirliti á einingargrunni þegar þau telja það viðeigandi. Eftirlit með einstökum fyrirtækjum, á samstæðugrundvelli og á samstæðugrundvelli sem nær yfir landamæri eru gagnleg tæki við eftirlit með stofnunum.

37) Í því skyni að tryggja fullnægjandi gjaldþol stofnana innan samstæðu er mikilvægt að kröfur um eigið fé gildi um samstæðustöðu þeirra stofnana innan samstæðunnar. Í því skyni að tryggja að eiginfjárgrunni sé úthlutað á viðeigandi hátt innan samstæðunnar og að það sé tiltækt til að vernda sparifé þar sem þörf er á ættu kröfurnar um eigið fé að gilda um einstakar stofnanir innan samstæðu nema unnt sé að ná þessu markmiði á annan hátt.

38) Hlutdeild minnihluta, sem verður til í eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi sem eru í eigu annars félags og sem fellur undir kröfur þessarar reglugerðar, reiknað út á undirsamstæðugrunni, getur einnig talist vera, innan þeirra takmarkana, almennt eigið fé þáttar 1 í samstæðu á samstæðugrundvelli, þar eð almennt eigið fé þáttar 1 í eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, sem er í eigu annars fyrirtækis og sem rekja má til hlutdeildar minnihluta, og sá hluti sama eigin fjár sem rekja má til móðurfélagsins taka jafnt á sig tap dótturfélaga sinna þegar það verður.

39) Reikningsskilaaðferðir, sem notaðar eru til að reikna út eiginfjárgrunn, að hve miklu leyti það nægir til að mæta áhættunni sem stofnun stendur frammi fyrir og til að meta samþjöppun áhættuskuldbindinga, ættu að taka mið af ákvæðum tilskipunar ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([1]), sem felur í sér ákveðna aðlögun á ákvæðum sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([2]) eða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([3]), hvort heldur sem gildir um reikningsskil stofnana samkvæmt landslögum.

40) Til þess að tryggja fullnægjandi gjaldþol er mikilvægt að mæla fyrir um kröfur um eigið fé sem gefa eignum og liðum utan efnahagsreiknings vægi miðað við áhættu.

41) Hinn 26. júní 2004 samþykkti Baselnefndin um bankaeftirlit rammasamning um alþjóðlega samleitni útreikninga eigin fjár og eiginfjárkrafna („Basel II rammasamningurinn“). Ákvæðin í tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB sem hafa verið tekin inn í þessa reglugerð eru jafngild ákvæðum Basel II rammasamningsins. Þar sem þessi reglugerð innleiðir viðbótarþætti Basel III rammasamningsins, er hún af þeim sökum jafngild ákvæðum Basel II og III rammasamninganna.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

42) Mikilvægt er að taka tillit til fjölbreytni stofnana í Sambandinu með því að gefa kost á öðrum aðferðum til útreiknings á kröfum um eigið fé vegna útlánaáhættu, sem ná til mismunandi stiga áhættunæmis og eru misflóknar. Notkun ytra mats og eigin mats stofnunar á einstökum breytum í lánsáhættu felur í sér verulegar umbætur á áhættunæmi og varfærni reglnanna um útlánaáhættu. Stofnanir ættu að fá hvatningu til að taka upp áhættunæmari nálgun. Þegar stofnanir leggja fram nauðsynlegt mat til að beita aðferðum þessarar reglugerðar á útlánaáhættu ættu þær að bæta mat og stjórnun á útlánaáhættu til þess að fyrir hendi séu aðferðir til að ákvarða lögboðnar kröfur vegna eiginfjárgrunns sem endurspegla eðli, umfang og margbreytileika vinnsluferla einstakra stofnana. Í þessu tilliti ætti úrvinnsla gagna í tengslum við stofnun og stjórnun áhættuskuldbindinga viðskiptavina að vera talin ná yfir þróun og fullgildingu kerfa til að stjórna og meta útlánaáhættu. Þetta þjónar ekki aðeins lögmætum hagsmunum stofnana heldur einnig þeim tilgangi þessarar reglugerðar að nota betri aðferðir við áhættumat og -stjórnun og einnig að nota þær í þágu lögboðinna krafna um eiginfjárgrunn. Þrátt fyrir þetta, gerir áhættunæmari nálgun kröfu um umtalsverða sérþekkingu og tilföng, svo og hágæðagögn í nægu magni. Stofnanir ættu því að uppfylla strangar kröfur áður en þær beita þessari nálgun í þágu lögboðinna krafna um eiginfjárgrunn. Með tilliti til yfirstandandi vinnu við að tryggja viðeigandi öryggisnet fyrir eigin líkön ætti framkvæmdastjórnin að gera skýrslu um hvort unnt sé að framlengja Basel I lágmarkið, svo og tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

43) Kröfur um eigið fé ættu að vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem tekið er á. Kröfurnar ættu einkum að endurspegla þá lækkun áhættustigs sem hlýst af miklum fjölda hlutfallslega lítilla áhættuskuldbindinga.

44) Lítil og meðalstór fyrirtæki eru ein af stoðum efnahagslífs Sambandsins þegar litið er til grundvallarhlutverks þeirra við að skapa hagvöxt og veita atvinnu. Efnahagsbati og framtíðarvöxtur efnahagslífs Sambandsins veltur að miklu leyti á því hvort lítil og meðalstór fyrirtæki, sem hafa staðfestu í Sambandinu, hafi aðgang að eigin fé og fjármögnun til að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar til að taka upp nýja tækni og tækjabúnað til að efla samkeppnishæfni sína. Takmarkað framboð á annars konar fjármögnunarleiðum hefur orðið til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem hafa staðfestu í Sambandinu, eru jafnvel enn viðkvæmari fyrir áhrifum bankakreppunnar. Því er mikilvægt að fylla í núverandi eyður í fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og tryggja viðeigandi streymi bankalána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja við ríkjandi aðstæður. Lækka ætti fjármagnskostnað vegna áhættuskuldbindinga gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum með því að beita stuðningsstuðli sem er jafn og 0,7619 til að gera lánastofnunum kleift að auka lánveitingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Til þess að ná því markmiði ættu lánastofnanir með skilvirkum hætti að nota lækkun á eigin fé sem fæst með beitingu stuðningsstuðulsins í þeim eina tilgangi að sjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, fyrir fullnægjandi streymi lánsfjár. Lögbær yfirvöld ættu með reglubundnum hætti að hafa eftirlit með heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga lánastofnana gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og heildarfjárhæð frádráttar eigin fjár.

45) Allir viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 og gerningar undir þætti 2 í eigu stofnunar ættu, í samræmi við ákvörðun Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, sem hópur seðlabankastjóra og fjármálaeftirlits lýstu yfir stuðningi við hinn 10. janúar 2011, að vera þannig að unnt sé að afskrifa þá varanlega eða breyta þeim að fullu í almennt eigið fé þáttar 1 þegar stofnun telst ekki lengur lífvænleg. Fella ætti inn í lög Sambandsins, sem lið í kröfum varðandi endurreisn og skilameðferð stofnana, nauðsynlega löggjöf sem tryggir að eiginfjárgrunnsgerningar falli undir kerfi til að bera viðbótartap. Verði Sambandslög sem gilda um þá kröfu, að unnt skuli vera að afskrifa fjármagnsgerninga að fullu eða breyta þeim í almennan eiginfjárgrunnsgerning þáttar 1 teljist stofnun ekki lengur vera lífvænleg, ekki samþykkt eigi síðar en 31. desember 2015, ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða og gefa skýrslu um hvort fella ætti slíkt ákvæði inn í þessa reglugerð og, í ljósi þeirrar endurskoðunar, leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.

46) Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við meðalhófsregluna, einkum með hliðsjón af fjölbreytni í stærð og umfangi rekstrar og starfsemi stofnana á fjölbreytilegum sviðum. Fylgni við meðalhófsregluna þýðir einnig að einföldustu mögulegu matsaðferðir, jafnvel þegar innramatsaðferðin (IRB-aðferðin) er notuð, eru viðurkenndar fyrir smásöluáhættuskuldbindingar. Aðildarríki ættu að tryggja að kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð gildi á þann hátt sem samræmist því eðli, umfangi og þeirri flóknu áhættu sem tengist viðskiptalíkani og starfsemi stofnunar. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, tæknilegir eftirlitsstaðlar og tæknilegir framkvæmdarstaðlar samræmist meðalhófsreglunni til að tryggja að meðalhófs sé gætt við beitingu þessarar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti því að tryggja að allir tæknilegir eftirlitsstaðlar og tæknilegir framkvæmdarstaðlar séu þannig úr garði gerðir að þeir samræmist meðalhófsreglunni og hafi hana í heiðri.

47) Lögbær yfirvöld ættu að gefa viðeigandi gaum að tilvikum þar sem þau grunar að litið sé á upplýsingar sem eign stofnunar eða sem trúnaðarmál til að komast hjá birtingu slíkra upplýsinga. Enda þótt stofnun geti kosið að birta ekki upplýsingar þar sem litið sé á þær sem eign stofnunar eða sem trúnaðarmál, ætti það ekki að leysa hana undan þeirri ábyrgð sem af því leiðir að birta þær upplýsingar ekki þegar í ljós kemur að það hefur efnisleg áhrif að birta þær ekki.

48) „Þróunareiginleikar“ þessarar reglugerðar gera stofnunum kleift að velja milli þriggja misflókinna aðferða við útlánaáhættu. Í því skyni að gera einkum litlum stofnunum kleift að velja innramatsaðferðina, sem er áhættunæmari, ætti að skilja viðeigandi ákvæði á þann veg að flokkar áhættuskuldbindinga taki til allra áhættuskuldbindinga sem eru, beint eða óbeint, settar jafnfætis við þær í þessari reglugerð. Að jafnaði ættu lögbær yfirvöld ekki að gera upp á milli aðferðanna þriggja með tilliti til eftirlitsferlisins, þ.e. stofnanir sem starfa í samræmi við ákvæði stöðluðu aðferðarinnar skulu ekki sæta strangara eftirliti af þeirri ástæðu einni.

49) Aðferðir til að draga úr útlánaáhættu ættu að njóta aukinnar viðurkenningar innan regluramma sem er hannaður til að tryggja að ekki sé grafið undan gjaldþoli með ótilhlýðilegri færslu. Venjubundin trygging, sem gildir í viðkomandi aðildarríkjum til að draga úr útlánaáhættu, ætti að hljóta viðurkenningu í staðalaðferðinni þar sem þess er kostur, en einnig í hinum aðferðunum.

50) Til að tryggja að áhætta og minnkun áhættu sem stafar af verðbréfunarstarfsemi og fjárfestingum stofnana sé endurspegluð á viðeigandi hátt í kröfum um eigið fé stofnana er nauðsynlegt að hafa reglur sem kveða á um áhættunæma og skynsamlega meðferð slíkrar starfsemi og fjárfestinga. Í þessu skyni er þörf fyrir skýra og yfirgripsmikla skilgreiningu á verðbréfun sem nær yfir öll viðskipti eða fyrirkomulag þar sem útlánaáhættan sem tengist áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt niður á áhættulög. Áhættuskuldbinding sem hefur í för með sér beina greiðsluskyldu vegna viðskipta eða fyrirkomulags sem notað er til að fjármagna eða starfrækja efnislegar eignir ætti ekki að vera talin áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar, jafnvel þótt viðskiptin eða fyrirkomulagið feli í sér greiðsluskyldu með mismunandi forgangi.

51) Samhliða eftirliti sem miðar að því að tryggja fjármálastöðugleika, er þörf á fyrirkomulagi, sem ætlað er að efla og þróa skilvirkt eftirlit með og koma í veg fyrir hugsanlegar bólur, til að tryggja bestu ráðstöfun fjármagns í ljósi þjóðhagslegra úrlausnarefna og markmiða, einkum að því er varðar langtímafjárfestingu í raunhagkerfinu.

52) Rekstraráhætta er veruleg áhætta sem stofnanir standa frammi fyrir og krefst varna með eigin fé. Mikilvægt er að taka tillit til fjölbreytni stofnana í Sambandinu með því að gefa kost á öðrum aðferðum til útreiknings á kröfum vegna rekstraráhættu sem ná til mismunandi stiga áhættunæmi og eru misflóknar. Stofnanir ættu að fá viðeigandi hvatningu til að taka upp áhættunæmari nálgun. Í ljósi þess að tæknin til að meta og stjórna rekstraráhættu er í stöðugri þróun ættu reglurnar að vera endurskoðaðar reglulega og uppfærðar eftir því sem við á, m.a. í tengslum við gjöld fyrir mismunandi viðskiptasvið og viðurkenningu á aðferðum til að draga úr áhættu. Að því er þetta varðar ætti að gæta sérstaklega að því að taka tillit til tryggingar í einföldu aðferðunum við útreikning á kröfum um eigið fé vegna rekstraráhættu.

53) Eftirlit með og stjórnun áhættuskuldbindinga stofnunar ætti að vera óaðskiljanlegur hluti eftirlits með henni. Því getur of mikil samþjöppun áhættuskuldbindinga á einn viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina leitt til óviðunandi tapsáhættu. Slík staða getur talist draga úr gjaldþoli stofnunar.

54) Þegar ákvarðað er hvort um er að ræða hóp tengdra viðskiptavina og áhættuskuldbindingar þeirra, sem eru taldar mynda sameiginlega áhættu, er einnig mikilvægt að taka tillit til áhættu sem stafar af sama uppruna verulegrar fjármögnunar frá stofnuninni sjálfri, fjármálasamstæðu hennar eða aðilum tengdum henni.

55) Þótt æskilegt sé að miða útreikninga á virði áhættuskuldbindinga við það virði sem er tilgreint sem kröfur vegna eiginfjárgrunns er rétt að innleiða reglur um eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum án áhættuvogar eða áhættuvægis. Enn fremur byggðust aðferðirnar, sem beitt var við að draga úr útlánaáhættu í fyrirkomulagi gjaldþols, á þeim forsendum að útlánaáhættu væri vel dreift. Ef um er að ræða stórar áhættuskuldbindingar með samþjöppun áhættu gagnvart einum aðila, er útlánaáhættu ekki vel dreift. Áhrif þess konar aðferða ættu því að vera háð varfærnismati. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að greiða fyrir skilvirkri endurupptöku útlánavarna að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar.

56) Þar eð tap af áhættuskuldbindingu gagnvart stofnun getur verið jafn mikið og tap á sérhverri annarri áhættuskuldbindingu ætti að fara með þess háttar áhættuskuldbindingar og greina frá þeim eins og öllum öðrum áhættuskuldbindingum. Önnur magntakmörkun hefur verið tekin upp til þess að draga úr óhóflegum áhrifum þessarar aðferðar á litlar stofnanir. Auk þess eru áhættuskuldbindingar til mjög skamms tíma í tengslum við peningasendingar, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnunar og uppgjörs- og vörsluþjónustu við viðskiptavini, undanþegnar til að stuðla að snurðulausri starfsemi fjármálamarkaða og tengdra grunnvirkja. Þessi þjónustustarfsemi tekur t.d. til framkvæmdar greiðslujöfnunar og uppgjörs á handbæru fé og sambærilegrar starfsemi sem er ætlað að greiða fyrir uppgjöri. Tengdar áhættuskuldbindingar geta t.d. verið skuldbindingar sem hugsanlega eru ekki fyrirsjáanlegar og lánastofnun hefur því ekki fulla stjórn á, m.a. stöður á millibankareikningum vegna greiðslna viðskiptavina, þ.m.t. tekju- eða gjaldfærðar þóknanir, vextir og aðrar greiðslur fyrir þjónustu við viðskiptavini, sem og settar eða teknar tryggingar.

57) Mikilvægt er að hagsmunir fyrirtækja, sem „endurpakka“ útlánum í framseljanleg verðbréf og aðra fjármálagerninga (upphafsaðilar (e. *originators*) eða umsýsluaðilar (e. *sponsors*)), og fyrirtækja, sem fjárfesta í þessum verðbréfum eða gerningum (fjárfestar) séu samstilltir. Til að ná þessu fram ætti upphafsaðili eða umsýsluaðili að halda eftir umtalsverðri hlutdeild í þeim eignum sem liggja til grundvallar. Því er mikilvægt fyrir upphafsaðila eða umsýsluaðila að halda eftir hluta af áhættuskuldbindingu vegna viðkomandi útlána. Almennt ætti því ekki að byggja verðbréfunarviðskipti upp þannig að komist sé hjá því að beita eftirhaldskröfunni, m.a. með einhvers konar þóknunar- og/eða yfirverðsskipulagi. Það að halda þannig eftir hlutdeild ætti að gilda um öll tilvik þar sem efnahagslegt inntak verðbréfunar á við, án tillits til rekstrarforms að lögum eða þeirra gerninga sem eru notaðir til að öðlast þetta efnahagslega inntak. Þetta á sérstaklega við þegar útlánaáhætta flyst með verðbréfun en þá ættu fjárfestar aðeins að taka ákvarðanir eftir að þeir hafa gert ítarlega áreiðanleikakönnun og til þess þurfa þeir fullnægjandi upplýsingar um verðbréfanirnar.

58) Í þessari reglugerð er einnig kveðið á um að ekki sé unnt að beita eftirhaldskröfu gagnvart fleiri en einum aðila. Fyrir hverja verðbréfun nægir að krafan taki aðeins til upphafsaðila, umsýsluaðila eða upphaflegs lánveitanda. Eins ætti aðeins að beita eftirhaldskröfunni við verðbréfun sem fellur undir fjárfestinguna ef önnur verðbréfun liggur til grundvallar í verðbréfunarviðskiptunum. Keyptar viðskiptakröfur ættu ekki að falla undir eftirhaldskröfuna séu þær til komnar vegna starfsemi fyrirtækis þar sem þær eru yfirfærðar eða seldar með afslætti til þess að fjármagna þess háttar starfsemi. Lögbær yfirvöld ættu að beita áhættuvoginni þegar ekki er farið að kröfum áreiðanleikakönnunar og áhættustýringar í tengslum við verðbréfun og vikið er umtalsvert frá stefnu og málsmeðferð sem skipta máli við greiningu á þeim áhættuþáttum sem liggja til grundvallar. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að endurskoða hvort undanbrögð frá því að beita eftirhaldskröfum gagnvart fleiri en einum aðila gætu stuðlað að starfsvenjum þar sem eftirhaldskrafan er sniðgengin og hvort lögbær yfirvöld sjái til þess að reglum um verðbréfun sé framfylgt á skilvirkan hátt.

59) Nota ætti áreiðanleikakönnun til að meta áhættuþætti vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga með viðeigandi hætti, bæði að því er varðar viðskipti í veltubók og utan hennar. Auk þess þurfa kröfur um áreiðanleikakönnun að vera hóflegar. Aðferðir við áreiðanleikakönnun ættu að stuðla að auknu trausti milli upphafsaðila, umsýsluaðila og fjárfesta. Því er æskilegt að birta upplýsingar í tengslum við aðferðir áreiðanleikakönnunar á tilhlýðilegan hátt.

60) Þegar stofnun stofnar til áhættuskuldbindingar gagnvart eigin móðurfyrirtæki eða öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins er sérstakrar varkárni þörf. Stjórnun slíkra áhættuskuldbindinga sem stofnanir stofna til ætti að vera algerlega sjálfstæð, í samræmi við meginreglurnar um trausta stjórnun, án tillits til annarra sjónarmiða. Þetta er einkum mikilvægt þegar um stórar áhættuskuldbindingar er að ræða og í tilvikum sem varða ekki aðeins stjórnun innan samstæðu eða venjubundin viðskipti innan samstæðu. Lögbær yfirvöld ættu að gefa slíkum áhættuskuldbindingum innan samstæðu sérstakan gaum. Slíkar kröfur þurfa þó ekki að gilda ef móðurfyrirtækið er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða lánastofnun eða ef önnur dótturfyrirtæki eru annaðhvort lána- eða fjármálastofnanir eða stoðþjónustufyrirtæki, að því tilskildu að öll slík fyrirtæki heyri undir samstæðueftirlit með lánastofnuninni.

61) Í ljósi áhættunæmis reglnanna sem tengjast kröfum um eigið fé er æskilegt að endurskoða reglulega hvort þær hafi marktæk áhrif á hagsveifluna. Framkvæmdastjórnin ætti, að teknu tilliti til framlags Seðlabanka Evrópu, að senda skýrslu um þessa þætti til Evrópuþingsins og ráðsins.

62) Eiginfjárkröfur fyrir seljendur hrávöru, þ.m.t. þá seljendur sem nú eru undanþegnir kröfunum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([1]), ættu að vera endurskoðaðar.

63) Markmiðið um aukið frjálsræði á mörkuðum fyrir gas og rafmagn er mikilvægt fyrir Sambandið í bæði efnahagslegu og stjórnmálalegu tilliti. Með þetta í huga ættu eiginfjárkröfur og aðrar varfærnisreglur sem beita á gagnvart fyrirtækjum með umsvif á þessum mörkuðum að vera hóflegar og þær ættu ekki að hindra að óþörfu að markmiðið um aukið frelsi náist. Það markmið ætti einkum að hafa í huga þegar endurskoðanir á þessari reglugerð fara fram.

64) Stofnanir sem fjárfesta í endurverðbréfunum ættu að framkvæma áreiðanleikakönnun, einnig að því er varðar undirliggjandi verðbréfanir og áhættuskuldbindingar sem ekki eru verðbréfaðar og liggja til grundvallar hinum fyrrnefndu. Stofnanir ættu að meta hvort áhættuskuldbindingar í tengslum við eignatryggðar skammtímaskuldabréfaútgáfur feli í sér endurverðbréfaðar áhættuskuldbindingar, þ.m.t. skuldbindingar í tengslum við útgáfur sem sett eru í efri lög (e. *tranches*) aðgreindra safna heilla útlána ef ekkert þessara útlána er verðbréfuð eða endurverðbréfuð áhættuskuldbinding, og þar sem seljandi útlánanna veitir síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn vegna sérhverrar fjárfestingar. Í síðarnefnda tilvikinu ætti lausafjárfyrirgreiðsla tiltekins safns almennt ekki að teljast endurverðbréfuð áhættuskuldbinding vegna þess að hún telst vera hluti safns með einni eign (þ.e. viðkomandi safns heilla útlána) sem ekki felur í sér verðbréfaðar áhættuskuldbindingar. Hins vegar teljast endurbætur á

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

lánshæfi útgáfu, sem ná aðeins yfir hluta af tapi af kröfum aftar í kröfuröðinni en þær kröfur sem vörn seljanda nær yfir í mismunandi söfnum, almennt vera lagskipting (e. tranching) á áhættu safns margra eigna sem í er a.m.k. ein verðbréfuð áhættuskuldbinding og telst því endurverðbréfuð áhættuskuldbinding. Ef slík útgáfa fjármagnar sig sjálf með einum flokki viðskiptabréfa og ef endurbætur á lánshæfi útgáfu er ekki endurverðbréfun eða ef umsýslustofnun ábyrgist að fullu viðskiptabréfaflokkinn þannig að sá sem fjárfestir í viðskiptabréfunum ber í raun áhættu gagnvart vanskilaáhættu umsýsluaðila í stað undirliggjandi safns eða eigna, þá ætti viðskiptabréfin samt sem áður almennt ekki að teljast endurverðbréfuð áhættuskuldbinding.

65) Ákvæðin um varfærið mat fyrir veltubókina ættu að gilda um alla gerninga sem metnir eru á gangvirði, hvort sem þeir eru í veltubók eða utan veltubókar hjá stofnunum. Gera ætti skýra grein fyrir því að ef beiting varfærins mats hefur í för með sér lægra bókfært virði en í raun er fært í reikningana ætti að draga tölugildi mismunarins frá eiginfjárgrunni.

66) Stofnanir ættu að hafa val um að beita eiginfjárkröfu á eða draga frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1, þær verðbréfuðu stöður sem fá úthlutað 1250% áhættuvog samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til þess hvort stöðurnar eru í veltubók eða utan veltubókar.

67) Upphafs- eða umsýslustofnanir ættu ekki að geta sniðgengið bann við innbyggðum stuðningi með því að beita veltubók sinni til að veita slíkan stuðning.

68) Án þess að hafa áhrif á birtingu upplýsinga sem sérstaklega er krafist í þessari reglugerð er markmiðið með birtingarkröfunum að veita markaðsaðilum nákvæmar og víðtækar upplýsingar um áhættusnið einstakra stofnana. Þess vegna ætti þess að vera krafist að stofnanir birti viðbótarupplýsingar sem ekki eru sérstaklega nefndar í þessari reglugerð ef slík birting er nauðsynleg til að uppfylla það markmið. Lögbær yfirvöld ættu á sama tíma að gefa viðeigandi gaum að tilvikum þar sem þau grunar að stofnun líti á upplýsingar sem eign sína eða sem trúnaðarmál til þess að komast hjá birtingu slíkra upplýsinga.

69) Ef utanaðkomandi lánshæfismat á verðbréfaðri stöðu tekur til áhrifa af útlánavörn sem stofnunin sem fjárfestir veitir sjálf ætti stofnunin ekki að hafa hag af lægri áhættuvog sem vörnin leiðir af sér. Verðbréfaða staðan ætti ekki að vera dregin frá eigin fé ef til eru aðrar leiðir til að ákvarða áhættuvog, í samræmi við raunverulega áhættu stöðunnar, þar sem ekki er tekið tillit til þeirrar útlánavarnar.

70) Vegna lélegs árangurs að undanförnu við beitingu eigin líkana til að reikna út eiginfjárkröfur með tilliti til markaðsáhættu ætti að efla gæði þeirra. Einkum ætti að bæta getu líkananna til að gefa betri mynd af áhættu hvað varðar útlánaáhættu í veltubókinni. Auk þess ætti fjármagnskostnaður að fela í sér þátt sem tekur tillit til erfiðra skilyrða til að herða eiginfjárkröfur með tilliti til versnandi markaðsaðstæðna og til að draga úr líkum á hugsanlegri sveifluaukningu. Stofnanir ættu einnig að framkvæma öfug álagspróf til að kanna hvaða sviðsmyndir gætu ógnað tilvist stofnunarinnar nema þær geti sýnt fram á að slíkt próf sé óþarft. Vegna sérstakra erfiðleika að undanförnu við að beita eigin líkönum til að reikna áhættu vegna verðbréfaðra staðna ætti að takmarka viðurkenningu á útreikningi stofnana á áhættu vegna verðbréfunar til að reikna út eiginfjárkröfur í veltubókinni og í staðinn krefjast staðlaðrar eiginfjárkröfu vegna verðbréfaðra staðna í veltubókinni.

71) Í þessari reglugerð er kveðið á um takmarkaðar undanþágur vegna tiltekinna fylgniviðskipta og getur stofnun samkvæmt þeim fengið heimild frá eftirlitsyfirvaldi sínu til að reikna út heildareiginfjárkröfu, með fyrirvara um strangar kröfur. Í slíkum tilvikum ætti að krefjast þess að stofnunin geri eiginfjárkröfur vegna þeirrar starfsemi, sem jafngilda hærri eiginfjárkröfunni af þeirri sem er í samræmi við aðferðina sem er þróuð innanhúss og 8% eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu í samræmi við stöðluðu matsaðferðina. Ekki ætti að krefjast þess að gerðar séu eiginfjárkröfur að því er varðar þessar áhættuskuldbindingar vegna aukinnar áhættu, en taka skal tillit til þeirra bæði við mælingu vágildis og mælingu álagsvágildis.

72) Í ljósi eðlis og umfangs óvænts taps sem stofnanir urðu fyrir í fjármála- og efnahagskreppunni er nauðsynlegt að bæta frekar gæði og samhæfingu þess eiginfjárgrunns sem stofnunum er gert að hafa. Í því skyni ætti m.a. að taka upp nýja skilgreiningu á grunnþáttum þess eigin fjár sem er tiltækt til að bera óvænt tap þegar það verður, bæta skilgreiningu á blönduðu eigin fé og gera samræmda varfærnisaðlögun á eiginfjárgrunni. Jafnframt er nauðsynlegt að hækka umtalsvert stig eiginfjárgrunns, m.a. nýtt eiginfjárhlutfall með áherslu á þá grunnþætti eiginfjárgrunns sem er tiltækur til að bera tap þegar það verður. Stofnanir með hlutabréf, sem eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði, ættu að uppfylla kröfur sem til þeirra eru gerðar um eigið fé að því er varðar grunnþætti eigin fjár með hlutabréfum, sem uppfylla strangar kröfur sem gilda um grunnfjármagnsgerninga og greinanlega varasjóði stofnunarinnar eingöngu. Til að taka nægilegt tillit til fjölbreytilegra félagsforma sem stofnanir innan Sambandsins starfa samkvæmt ættu ströng skilyrði fyrir grunnfjármagnsgerninga að tryggja að grunnfjármagnsgerningar stofnana, sem eru ekki með hluti sína skráða á skipulegan markað, séu í hæsta gæðaflokki. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að

stofnanir inni af hendi margfalt fleiri útgreiðslur vegna hlutabréfa með mismunandi atkvæðisrétt og hlutabréfa án atkvæðisréttar en vegna hlutabréfa með tiltölulega meiri atkvæðisrétt, að því tilskildu að ströngum skilyrðum fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sé fullnægt, óháð atkvæðisrétti, m.a. skilyrðum sem tengjast sveigjanleika greiðslna og að því tilskildu að útgreiðsla sem innt er af hendi sé greidd vegna allra hlutabréfa viðkomandi stofnunar.

73) Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptafjármögnunar eru í eðli sína fjölbreyttar en þær eiga það t.d. sameiginlegt að virði þeirra er lítið og gildistíminn stuttur og uppspretta endurgreiðslunnar er auðgreinanleg. Þær byggja á vöruflutningum og þjónustu sem halda uppi raunhagkerfinu og í flestum tilvikum nýtast þær litlum fyrirtækjum við að uppfylla daglegar þarfir sínar og skapa þannig hagvöxt og atvinnutækifæri. Innstreymi og útstreymi eru að jafnaði hið sama og lausafjáráhætta er því takmörkuð.

74) Viðeigandi er að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin varðveiti uppfærða skrá yfir allar tegundir fjármagnsgerninga í hverju aðildarríki sem uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunngerninga þáttar 1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að fjarlægja úr þeirri skrá gerninga utan ríkisaðstoðar, sem voru gefnir út eftir að þessi reglugerð gekk í gildi og fullnægja ekki skilyrðum sem tilgreind eru í þessari reglugerð, og skal hún tilkynna opinberlega að þeir hafi verið fjarlægðir. Njóti gerningar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur fjarlægt úr skránni áfram viðurkenningar eftir tilkynningu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ætti stofnunin að beita valdheimildum sínum að fullu, einkum þeim sem eru veittar skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 viðvíkjandi brotum á lögum Sambandsins. Rétt er að hafa hugfast að þriggja þrepa kerfi gildir um hófleg viðbrögð við tilvikum um ranga eða ófullnægjandi beitingu laga Sambandsins, þar sem fyrsta skrefið er að veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimild til að rannsaka meinta ranga eða ófullnægjandi beitingu laga Sambandsins af hálfu landsbundinna yfirvalda við eftirlitsstörf og ljúka málinu með tilmælum. Í öðru lagi hefur framkvæmdastjórnin heimild, ef lögbær landsyfirvöld fylgja ekki tilmælunum, til að gefa út formlegt álit með hliðsjón af tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þar sem lögbæra yfirvaldinu er gert að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að farið sé að lögum Sambandsins. Í þriðja lagi hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin heimild til, í því skyni að binda, í undantekningartilvikum, enda á viðvarandi óvirkni hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds, að samþykkja ákvarðanir sem beint er gegn einstaka fjármálastofnunum þegar ekki er um aðra kosti að ræða. Enn fremur ber að hafa hugfast að skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórnin heimild til að fara með málið fyrir Evrópudómstólinn, telji hún að aðildarríki hafi vanefnt skuldbindingu samkvæmt sáttmálunum.

75) Reglugerð þessi ætti ekki að hafa áhrif á getu lögbærra yfirvalda til að viðhalda ferlum um fyrirframsamþykki að því er varðar samninga sem stjórna viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 og þáttar 2. Í þeim tilvikum ætti eingöngu að bæta slíkum fjármagnsgerningum við viðbótareigiðfé þáttar 1 eða eiginfjárþátt 2 stofnunar þegar þessu samþykkisferli er lokið.

76) Í því skyni að auka aga á markaði og efla fjármálastöðugleika er nauðsynlegt að innleiða nánari kröfur um birtingu upplýsinga um form og eðli lögbundinna fjármagnsgerninga og varfærnisaðlögunar sem gerð er til að tryggja að fjárfestar og innstæðueigendur séu nægilega vel upplýstir um gjaldþol stofnana.

77) Enn fremur er nauðsynlegt fyrir lögbær yfirvöld að hafa vitneskju, a.m.k. á samanteknu formi, um umfang samninga um endurhverf verðbréfakaup, verðbréfalánveitinga og allra tegunda kvaða á eignum. Slíkar upplýsingar ætti að tilkynna lögbærum yfirvöldum. Í því skyni að auka aga á markaði ætti að gera ítarlegri kröfur um upplýsingagjöf um samninga um endurhverf verðbréfakaup og tryggða fjármögnun.

78) Innleiða ætti nýja skilgreiningu á eigin fé og lögbundnum kröfum um eigið fé þannig að tekið verði tillit til þess að upphafsstaða og aðstæður í ríkjunum eru mismunandi og að draga muni úr upphafsdreifni varðandi hina nýju staðla á umbreytingartímabilinu. Til þess að tryggja viðeigandi samfellu í stigi eiginfjárgrunna munu gerningar, sem gefnir eru út í tengslum við endurfjármögnun samkvæmt ríkisaðstoðarreglum og áður en þessi reglugerð öðlast gildi, falla undir eldri reglur á umbreytingartímabilinu. Í framtíðinni ætti að draga eins og kostur er úr þörfinni fyrir ríkisaðstoð. Í þessari reglugerð ætti þó að vera kveðið á um ramma fyrir slíkar aðstæður, að því marki sem ríkisaðstoð reynist nauðsynleg við tilteknar aðstæður. Í þessari reglugerð ætti einkum að tilgreina hvernig meðhöndla eigi eiginfjárgrunnsgerninga sem gefnir eru út í tengslum við endurfjármögnun samkvæmt ríkisaðstoðarreglum. Ströng skilyrði ættu að ráða því hvort stofnanir geti notið góðs af slíkri meðferð. Að því marki sem slík meðferð gerir kleift að víkja frá nýjum forsendum um gæði eiginfjárgrunnsgerninga ætti að takmarka þau frávik eins og kostur er. Við meðferð fyrirliggjandi fjármagnsgerninga, sem gefnir eru út í tengslum við endurfjármögnun samkvæmt ríkisaðstoðarreglum, ætti að gera skýran greinarmun á þeim fjármagnsgerningum sem fullnægja kröfunum í þessari reglugerð og þeim sem gera það ekki. Í þessari reglugerð ætti því að mæla fyrir um viðeigandi umbreytingarráðstafanir að því er varðar síðara tilvikið.

79) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/48/EB er lánastofnunum gert að leggja fram eiginfjárgrunn sem er að lágmarki jafn tilteknum lágmarksfjárhæðum til 31. desember 2011. Í ljósi þess að áhrifa fjármálakreppunnar í bankageiranum gætir enn og þess að Baselnefndin um bankaeftirlit hefur framlengt umbreytingarfyrirkomulag vegna eiginfjárkrafna þykir rétt að innleiða á ný lægri mörk í takmarkaðan tíma þar til eiginfjárgrunnur er orðinn nægilega stór, í samræmi við umbreytingarfyrirkomulag vegna eiginfjárgrunns sem kveðið er á um í þessari reglugerð og sem verður innleitt í áföngum frá gildistökudegi þessarar reglugerðar til ársins 2019.

80) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja ([1]) er að finna sérstakar reglur sem taka á slíkri „tvítalningu“ eigin fjár, að því er varðar samsteypur sem stunda umtalsverð banka-, fjárfestinga- og tryggingaviðskipti. Tilskipun 2002/87/EB byggist á alþjóðlega viðurkenndum meginreglum um meðhöndlun áhættu þvert á atvinnugreinar. Þessi reglugerð styrkir beitingu þessara reglna um fjármálasamsteypur gagnvart banka- og verðbréfafyrirtækjasamsteypum og tryggir áreiðanlega og samræmda beitingu þeirra. Fjallað verður um allar síðari nauðsynlegar breytingar við endurskoðun á tilskipun 2002/87/EB sem er væntanleg 2015.

81) Fjármálakreppan leiddi í ljós að stofnanir vanmátu mjög umfang útlánaáhættu mótaðila í tengslum við OTC-afleiður. Þetta varð til þess að G20-hópurinn hvatti í september 2009 til að fleiri OTC-afleiður yrðu stöðustofnaðar fyrir milligöngu miðlægs mótaðila. G20-hópurinn óskaði auk þess eftir því að þær OTC-afleiður sem ekki væri mögulegt að stöðustofna miðlægt myndu falla undir kröfur um hærri eiginfjárgrunn til að endurspegla á réttan hátt aukna áhættu sem þeim fylgja.

82) Baselnefndin um bankaeftirlit, sem hluti af Basel III rammanum, svaraði kalli G20-hópsins og gerði verulegar breytingar á reglunum um útlánaáhættu mótaðila. Þess er vænst að Basel III ramminn geri verulega auknar kröfur vegna eiginfjárgrunns sem tengjast fjármögnunarviðskiptum stofnana með OTC-afleiður og verðbréf og skapi mikilvæga hvata fyrir stofnanir til að nota miðlæga mótaðila. Þá er þess vænst að Basel III ramminn veiti frekari hvata til að efla áhættustýringu útlánaáhættu mótaðila og endurskoða núverandi kerfi fyrir meðhöndlun útlánaáhættu mótaðila gagnvart miðlægum mótaðilum.

83) Stofnanir ættu að hafa yfir að ráða viðbótareiginfé vegna leiðréttingaráhætta vegna útlánavirðis sem stafar af OTC-afleiðum. Stofnanir ættu einnig að beita hærri fylgni eignavirðis við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar lánsáhættu mótaðila gagnvart tilteknum fjármálastofnunum sem er til komin vegna OTC-afleiða og fjármögnunarviðskipta með verðbréf. Stofnunum ætti einnig að vera gert skylt að bæta verulega mat og stýringu á útlánaáhættu mótaðila með því að taka betur á fylgniáhættu, mjög skuldsettum mótaðilum og veðsetningu, með tilheyrandi úrbótum á sviði afturvirkrar prófunar og álagsprófunar.

84) Viðskiptastöður miðlægra mótaðila njóta að jafnaði góðs af fyrirkomulagi fjölhliða skuldajöfnunar og skiptingar taps sem miðlægir mótaðilar láta í té. Af þeim sökum fela þær í sér mjög litla lánsáhættu mótaðila og ættu því að falla undir kröfu um mjög lágan eiginfjárgrunn. Á sama tíma ætti þessi krafa að vera jákvæð til þess að tryggt sé að stofnanir fylgist með og vakti áhættuskuldbindingar sínar vegna mótaðila sem lið í góðri áhættustýringu og til að endurspegla að jafnvel viðskiptastöður miðlægra mótaðila séu ekki án áhættu.

85) Vanskilasjóður miðlægs mótaðila er kerfi sem gerir það kleift að skipta (gagnkvæm nýting) tapi milli stöðustofnunaraðila miðlægra mótaðila. Hann er notaður þegar tap miðlægs mótaðila í kjölfar vanskila stöðustofnunaraðila er meira en vikmörk og framlög þess stöðustofnunaraðila til vanskilasjóðs og sérhver vörn önnur sem miðlægur mótaðili kann að nota áður en gripið er til framlaga annarra stöðustofnunaraðila í vanskilasjóðinn. Með hliðsjón af þessu er áhættan á tapi í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna framlaga til vanskilasjóðsins meiri en áhættan á tapi í tengslum við viðskiptastöður. Áhættuskuldbindingar af þessu tagi ættu því að falla undir auknar kröfur vegna eiginfjárgrunns.

86) „Áætlað fjármagn“ miðlægs mótaðila ætti að vera breyta sem er nauðsynleg til að ákvarða kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar stöðustofnunaraðila í tengslum við framlög hans til vanskilasjóðs miðlægs mótaðila. Ekki ætti að túlka það sem neitt annað. Sér í lagi ætti ekki að túlka það sem eigið fé sem lögbært yfirvald miðlægs mótaðila krefst að hann hafi yfir að ráða.

87) Endurskoðun meðferðar á lánsáhættu mótaðila, einkum þó að gera auknar kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar tvíhliða afleiðusamninga til að endurspegla þá auknu áhættu sem fjármálakerfinu stafar af slíkum samningum, er óaðskiljanlegur hluti þeirrar viðleitni framkvæmdastjórnarinnar að tryggja skilvirka, örugga og trausta afleiðumarkaði. Reglugerð þessi kemur þar af leiðandi til fyllingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

88) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða viðkomandi undanþágur að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar eigi síðar en 31. desember 2015. Aðildarríkjunum ætti áfram að vera heimilt að ákveða undanþágu tiltekinna, stórra áhættuskuldbindinga frá þeim reglum í nægilega langan umbreytingartíma á meðan beðið er niðurstöðu endurskoðunarinnar. Framkvæmdastjórnin ætti, á grundvelli þeirrar vinnu sem fór fram við undirbúning og samningaviðræður um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættuskuldbindingar, fyrirkomulag eftirlits og áfallastjórnun ([1]) og að teknu tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi og innan Sambandsins um þessi mál, að endurskoða hvort beita eigi þessum undanþágum áfram á valkvæðan eða almennari hátt og hvort tekið sé á áhættunni sem tengist þessum áhættuskuldbindingum með öðrum skilvirkum aðferðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

89) Lögbær yfirvöld ættu, að loknu umbreytingartímabili og ef ekki liggja fyrir niðurstöður úr ofangreindri endurskoðun, að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvort viðeigandi sé, eða ekki, að nýta áfram þann möguleika að veita tilteknum áhættuskuldbindingum undanþágu í því skyni að tryggja að undanþágur, sem lögbær yfirvöld veita, tefli ekki varanlega í tvísýnu samræmi þeirra samræmdu reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð.

90) Árin fyrir fjármálakreppuna einkenndust af óhóflegri uppsöfnun áhættuskuldbindinga stofnana í tengslum við eiginfjárgrunn þeirra (vogun). Í fjármálakreppunni neyddust stofnanir til að draga umtalsvert úr skuldsetningu sinni á skömmum tíma vegna taps og erfiðleika við fjármögnun. Þetta jók þrýsting til lækkunar á eignaverði sem leiddi til frekara taps fyrir stofnanir og varð til þess að eiginfjárgrunnur þeirra lækkaði enn frekar. Þessi vítahringur varð að lokum til þess að tiltækt lánsfé til raunhagkerfisins dróst saman og kreppan varð alvarlegri og lengri.

91) Áhættutengdar kröfur vegna eiginfjárgrunns eru nauðsynlegar til að tryggja nægan eiginfjárgrunn til að mæta óvæntu tapi. Kreppan hefur aftur á móti leitt í ljós að þessar kröfur einar og sér nægja ekki til að koma í veg fyrir að stofnanir taki á sig óhóflega og ósjálfbæra vogunaráhættu.

92) Leiðtogar G-20 ríkjanna skuldbundu sig í september 2009 til að móta alþjóðareglur til að draga úr óhóflegri vogun. Í því skyni studdu þeir innleiðingu vogunarhlutfalls sem viðbótarráðstöfun í Basel II rammanum.

93) Baselnefndin um bankaeftirlit birti í desember 2010 viðmiðunarreglur þar sem aðferðin við útreikning vogunarhlutfalls er skilgreind. Í þeim reglum er kveðið á um athugunartímabil frá 1. janúar 2013 til 1. janúar 2017 þar sem fylgst verður með vogunarhlutfallinu, efnisþáttum þess og hegðun í sambandi við áhættutengda kröfu. Baselnefndin um bankaeftirlit hyggst gera lokaleiðréttingar á skilgreiningu og kvörðun vogunarhlutfallsins á fyrri helmingi 2017, á grundvelli niðurstaðna athugunartímabilsins, með það fyrir augum að gera það að bindandi kröfu 1. janúar 2018, á grundvelli viðeigandi endurskoðunar og kvörðunar. Í viðmiðunarreglum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit er einnig kveðið á um birtingu á vogunarhlutfallinu og efnisþáttum þess frá 1. janúar 2015.

94) Vogunarhlutfall er nýtt tæki Sambandsins til reglusetningar og eftirlits. Í fyrstu ætti að innleiða það sem viðbótarþátt sem unnt er að beita gagnvart einstökum stofnunum að vild eftirlitsyfirvalda, í samræmi við alþjóðasamninga. Gagnaskilakvöð stofnana myndi heimila viðeigandi endurskoðun og kvörðun, með það fyrir augum að koma á bindandi fyrirkomulagi á árinu 2018.

95) Þegar áhrif vogunarhlutfallsins á mismunandi viðskiptalíkön eru endurskoðuð ætti sérstaklega að huga að viðskiptalíkönum sem talin eru fela í sér litla áhættu, s.s. fasteignaveðlánum og sértækum útlánum til héraðsstjórna, staðaryfirvalda eða opinberra aðila. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti, í samvinnu við lögbær yfirvöld, að móta flokkun á viðskiptalíkönum og áhættu á grundvelli fenginna gagna og niðurstaðna eftirlits á athugunartímabili. Á grundvelli viðeigandi greiningar og einnig að teknu tilliti til sögulegra gagna eða álagssviðsmynda ætti að meta viðeigandi stig vogunarhlutfallsins sem tryggja viðnámsþol mismunandi viðskiptalíkana og hvort stig vogunarhlutfallsins eigi að vera viðmiðunarmörk eða styrkbil. Þegar athugunartímabilinu lýkur og viðeigandi stig vogunarhlutfallsins hafa verið kvörðuð getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, á grundvelli matsins, birt viðeigandi tölfræðilega endurskoðun á vogunarhlutfallinu, þ.m.t. meðaltöl og staðalfrávik. Þegar kröfurnar um vogunarhlutfall hafa verið samþykktar ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að birta viðeigandi tölfræðilega endurskoðun á vogunarhlutfallinu í tengslum við auðkennda flokka stofnana, þ.m.t. meðaltöl og staðalfrávik.

96) Stofnanir ættu að fylgjast með stigi vogunarhlutfallsins og breytingum á því ásamt með vogunaráhættunni sem lið í innra matsferli fyrir eiginfjárþörf. Slík vöktun ætti að vera hluti af eftirlitsferlinu. Lögbær yfirvöld ættu einkum að fylgjast með þróun viðskiptalíkansins og viðkomandi áhættusniði, eftir að kröfurnar um vogunarhlutfall hafa öðlast gildi, til að tryggja uppfærða og rétta flokkun stofnana.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97.

97) Gott eftirlits- og stjórnunarkerfi, gagnsæi og birting upplýsinga er nauðsynleg fyrir trausta launakjarastefnu. Til að tryggja fullnægjandi gagnsæi launakjarastefnu sinnar og tengdrar áhættu gagnvart markaðnum ættu stofnanir að birta nákvæmar upplýsingar um launakjarastefnu og -venjur sínar og, vegna trúnaðarkvaðar, heildarfjárhæðir vegna þess starfsfólks sem starfa sinna vegna hefur marktæk áhrif á áhættusnið stofnunarinnar. Gera ætti slíkar upplýsingar aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum. Þessar sérstöku kröfur ættu að vera með fyrirvara um almennari birtingarkröfur varðandi launakjarastefnu sem gildir þvert á geira. Þá ætti aðildarríkjum einnig að vera heimilt að skylda stofnanir til að gera ítarlegri upplýsingar um launakjör aðgengilegar.

98) Viðurkenning á lánshæfismatsfyrirtæki sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI) ætti ekki að auka einangrun markaðar þar sem þrjú stór fyrirtæki eru þegar ráðandi. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu ættu að sjá til þess að fleiri lánshæfismatsfyrirtæki verði viðurkennd sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem leið til að opna markaðinn fyrir fleiri fyrirtækjum, án þess þó að gera ferlið auðveldara eða minna krefjandi.

99) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]) ættu að gilda að fullu við vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessa reglugerð.

100) Stofnanir ættu að hafa yfir að ráða dreifðum lausafjárauka sem þær geta notað til að standa straum af lausafjárþörf vegna skammtímaálags á lausafjárstöðu. Þar eð ekki er unnt að vita með vissu fyrir fram hvaða tilteknu eignir innan hvers eignaflokks gætu orðið fyrir áföllum eftir á, er viðeigandi að hvetja til dreifðs lausafjárauka af miklum gæðum sem er samsettur úr mismunandi eignaflokkum. Samþjöppun eigna og oftrú á lausafjárstöðu markaða veldur kerfisáhættu í fjármálageiranum og ber að forðast. Því ætti að taka tillit til breiðs hóps gæðaeigna á fyrsta skoðunartímabilinu sem verður notað til að móta skilgreiningu á kröfu um lausafjárþekju. Ríkisskuldabréf og sértryggð skuldabréf sem ganga kaupum og sölum á gagnsæjum mörkuðum með stöðuga veltu yrðu væntanlega talin til afar auðseljanlegra framseljanlegra eigna og eigna af miklu lánshæfi þegar gerð er samræmd skilgreining á lausafé. Einnig væri viðeigandi að eignir sem a- til c-liður 1. mgr. 416. gr. taka til féllu undir eiginfjáraukann án takmarkana. Þegar stofnanir nota lausafjárforða ættu þær að koma á áætlun um að endurheimta eignarhlut sinn í lausafé og lögbær yfirvöld skulu tryggja að áætlunin sé fullnægjandi og að hún komi til framkvæmda.

101) Forði lausafjáreigna ætti að vera tiltækur hvenær sem er til að mæta útstreymi lausafjár. Magn lausafjárþarfar við skammtíma lausafjárálag ætti að ákvarðast á staðlaðan hátt til að tryggja samræmdar reglur um fjárhagslegt heilbrigði og jöfn samkeppnisskilyrði. Tryggja ætti að slíkur staðlaður útreikningur hafi ekki í för með sér óæskilegar afleiðingar fyrir fjármálamarkaði, lánveitingar og hagvöxt og að einnig verði tekið tillit til mismunandi viðskipta- og fjárfestingarlíkana og fjárfestingarumhverfis stofnana í Sambandinu. Í þessu skyni ætti krafan um lausafjárþekju að falla undir skoðunartímabil. Framkvæmdastjórnin ætti, á grundvelli athugana og með stuðningi skýrslna frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, að hafa heimild til að samþykkja framselda gerð til að innleiða með tímanlegum hætti ítarlega og samræmda kröfu um lausafjárþekju fyrir Sambandið. Til að tryggja heildarsamræmingu á sviði reglusetningar lausafjár ætti sérhver framseld gerð sem innleiðir kröfu um lausafjárþekju að vera sambærileg lausafjárþekjuhlutfallinu sem kemur fram í lokaútgáfu alþjóðlegs ramma Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um mat á, staðla fyrir og eftirlit með lausafjáráhættu, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í Sambandinu og hverju landi fyrir sig.

102) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti í því skyni á skoðunartímabilinu m.a. að endurskoða og meta hvort viðeigandi sé að setja 60% viðmiðunarmörk fyrir lausafé á þrepi 1, 75% þak á innstreymi fjár miðað við útstreymi og að krafa um lausafjárþekju verði innleidd í áföngum frá 60% frá 1. janúar 2015 og aukist í þrepum í 100%. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti, við mat á og skýrslugjöf um samræmdar skilgreiningar á lausafjárforða, að hafa hliðsjón af skilgreiningu Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um öruggar, seljanlegar eignir sem grundvöll fyrir greiningu sinni, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í Sambandinu og hverju landi um sig. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að auðkenna þá gjaldmiðla þar sem þarfir stofnana, sem hafa staðfestu í Sambandinu, eru meiri en það magn lausafjár sem tiltækt er í þeim gjaldmiðli og jafnframt ætti hún að skoða árlega hvort beita skuli undanþágum, m.a. þeim sem tilgreindar eru í þessari reglugerð. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að auki að meta árlega hvort setja eigi, í tengslum við slíkar undanþágur og þær undanþágur sem koma fram í þessari reglugerð, frekari skilyrði fyrir notkun stofnana, sem hafa staðfestu í Sambandinu, á þeim eða hvort endurskoða skuli gildandi skilyrði. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að senda framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um niðurstöður greiningar sinnar.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

103) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að kveða á um samræmdan skýrslugjafarramma á grundvelli samhæfðra staðla um lausafjárkröfur sem beita ætti í Sambandinu, í því skyni að auka skilvirkni og draga úr stjórnsýslubyrði. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti, í þessu skyni, að móta samræmt skýrslusnið og upplýsingatæknilausnir þar sem tekið er tillit til ákvæða þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB. Stofnanir ættu enn um sinn að fullnægja landsbundnum skýrslugjafarkröfum sínum þar til lausafjárkröfurnar ganga að fullu í gildi.

104) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti, í samstarfi við Evrópska kerfisáhætturáðið, að gefa út leiðbeiningar um meginreglurnar um notkun lausafjárforða við álagsaðstæður.

105) Ekki ætti að ganga að því sem vísu að stofnanir fái lausafjárstuðning frá öðrum stofnunum sem tilheyra sömu samstæðu þegar þær lenda í erfiðleikum með að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Lögbær yfirvöld ættu þó, samkvæmt ströngum skilyrðum og með sérstöku samþykki allra viðkomandi lögbærra yfirvalda, að geta fallið frá beitingu lausafjárkrafna að því er varðar einstakar stofnanir og látið þær stofnanir falla undir samstæðukröfur, til þess að þær geti stjórnað lausafé sínu miðlægt innan samstæðu eða undirsamstæðu.

106) Sé engin undanþága veitt ætti lausafjárstreymi milli tveggja stofnana, sem tilheyra sömu samstæðu og falla undir eftirlit á samstæðugrundvelli, sömuleiðis að fá ívilnandi innstreymis- og útstreymishlutfall í þeim tilvikum eingöngu þar sem allar nauðsynlegar verndarráðstafanir eru til staðar þegar lausafjárkrafan verður að bindandi ráðstöfun. Slíka sértæka, ívilnandi meðferð ætti að skilgreina þröngt og hún skal vera háð því að tilteknum, ströngum og hlutlægum skilyrðum sé fullnægt. Sértæk meðferð sem gildir um tiltekið flæði innan samstæðu ætti að fást fyrir tilstilli aðferðafræði þar sem stuðst er við hlutlægar viðmiðanir og breytur í því skyni að ákvarða umfang innstreymis og útstreymis milli stofnunar og mótaðila. Framkvæmdastjórnin ætti, á grundvelli athugana og skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, eftir því sem við á og sem hluta af þeirri framseldu gerð sem hún samþykkir samkvæmt þessari reglugerð til að tilgreina kröfuna um lausafjárþekju, að hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir þar sem mælt er fyrir um þessa sértæku meðferð innan samstæðu, aðferðafræðina og hlutlægar viðmiðanir sem henni tengjast, svo og sameiginlegt fyrirkomulag ákvarðanatöku að því er varðar mat á þessum viðmiðunum.

107) Skuldabréf sem írska eignastýringarfyrirtækið NAMA hefur gefið út eru sérstaklega mikilvæg fyrir endurreisn írska bankakerfisins og aðildarríkin hafa veitt útgáfu þeirra fyrirframsamþykki sitt og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þau sem ríkisaðstoð sem ætlað er að fjarlægja eignir sem hafa rýrnað að virði úr efnahagsreikningi tiltekinna lánastofnana. Útgáfa slíkra skuldabréfa, sem telst vera umbreytingarráðstöfun og nýtur stuðnings framkvæmdastjórnarinnar og Seðlabanka Evrópu, er óaðskiljanlegur hluti endurskipulagningar írska bankakerfisins. Stjórnvöld á Írlandi ábyrgjast slík skuldabréf og yfirvöld á sviði peningamála taka þau gild sem hæfa tryggingu. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að fjalla um sérstakt kerfi sem mælir fyrir um að eldri reglur gildi um framseljanlegar eignir sem einingar, sem hafa fengið samþykki Sambandsins varðandi ríkisaðstoð, hafa gefið út eða tryggja, sem hluta af framseldu gerðinni sem hún samþykkir samkvæmt þessari reglugerð til að tilgreina kröfuna um lausafjárþekju. Framkvæmdastjórnin ætti í því skyni að taka tillit til þess að stofnanir sem reikna út kröfur um lausafjárþekju í samræmi við þessa reglugerð fái heimild til að telja rétthærri skuldabréf NAMA til sérstaklega auðseljanlegra, framseljanlegra eigna og eigna af miklu lánshæfi fram til desember 2019.

108) Skuldabréf sem spænska eignastýringarfyrirtækið gefur út eru á sama hátt sérstaklega mikilvæg fyrir endurreisn spænska bankakerfisins og þau eru umbreytingarráðstöfun sem nýtur stuðnings framkvæmdastjórnarinnar og Seðlabanka Evrópu sem óaðskiljanlegur hluti endurskipulagningar spænska bankakerfisins. Þar eð kveðið er á um útgáfu skuldabréfanna í viljayfirlýsingu um skilyrði fyrir fjármálageirann sem framkvæmdastjórnin og spænsk stjórnvöld undirrituðu 23. júlí 2012 og um að framkvæmdastjórnin þurfi að samþykkja framsal eigna sem ríkisaðstoðarráðstöfun, sem ætlað er að fjarlægja eignir sem hafa rýrnað að virði úr efnahagsreikningi tiltekinna lánastofnana, og að svo miklu leyti sem spænsk stjórnvöld ábyrgjast þau og yfirvöld á sviði peningamála taka þau gild sem hæfa tryggingu. Framkvæmdastjórnin ætti að fjalla um sérstakt kerfi sem mælir fyrir um að eldri reglur gildi um framseljanlegar eignir sem einingar, sem hafa fengið samþykki Sambandsins varðandi ríkisaðstoð, hafa gefið út eða tryggja, sem hluta af framseldu gerðinni sem hún samþykkir samkvæmt þessari reglugerð til að tilgreina kröfuna um lausafjárþekju. Framkvæmdastjórnin ætti í því skyni að taka tillit til þess að stofnanir sem reikna út kröfur um lausafjárþekju í samræmi við þessa reglugerð fái heimild til að telja rétthærri skuldabréf spænska eignastýringarfyrirtækisins til sérstaklega auðseljanlegra, framseljanlegra eigna og eigna af miklu lánshæfi fram til desember 2023 hið minnsta.

109) Framkvæmdastjórnin ætti einnig, á grundvelli skýrslna sem Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ber að leggja fram og þegar hún útbýr tillögu að framseldri gerð um lausafjárkröfur, að íhuga hvort rétthærri skuldabréf, sem lögaðilar sem svipar til írska eignastýringarfyrirtækisins NAMA eða spænska eignastýringarfyrirtækisins gefa út og sem voru settir á laggirnar í sama tilgangi og eru sérstaklega mikilvægir fyrir endurreisn bankakerfisins í öðrum aðildarríkjum, skuli fá slíka meðferð, að svo miklu leyti sem ríkisstjórn viðeigandi aðildarríkis ábyrgist þau og yfirvöld á sviði peningamála taki þau gild sem hæfa tryggingu.

110) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti, þegar hún útbýr drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um aðferðir við mat á viðbótarútstreymi, að íhuga staðlaða aðferð þar sem tekið er tillit til sögulegra gagna sem slíka matsaðferð.

111) Stofnanir ættu að fara að almennri fjármögnunarskyldu þar til hlutfall stöðugrar fjármögnunar hefur verið innleitt sem bindandi lágmarksstaðall. Þessi almenna fjármögnunarskylda ætti ekki að vera hlutfallskrafa. Verði hlutfall stöðugrar fjármögnunar innleitt sem lágmarksstaðall fyrir tilstilli landsbundinna ákvæða þar til hlutfall stöðugrar fjármögnunar hefur verið innleitt sem lágmarksstaðall ættu stofnanir að fara að þeim lágmarksstaðli.

112) Stofnanir ættu ekki eingöngu að taka upp fjármögnunarskipulag sem tekur til skammtíma lausafjárþarfar heldur einnig skipulag sem er stöðugt þegar til lengri tíma er litið. Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti í desember 2010 að hlutfall stöðugrar fjármögnunar tæki við sem lágmarksstaðall eigi síðar en 1. janúar 2018 og að Baselnefndin um bankaeftirlit myndi koma upp ströngu skýrslugjafarferli til að fylgjast með hlutfallinu á umbreytingartímabili og endurskoða áfram áhrif þessara staðla á fjármálamarkaði, lánveitingar og hagvöxt og taka á óæskilegum afleiðingum eftir því sem nauðsyn krefði. Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti því að hlutfall stöðugrar fjármögnunar myndi falla undir skoðunartímabil og ákvæði um endurskoðun. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti í því sambandi og á grundvelli kröfu um skýrslugjöf í þessari reglugerð að meta hvernig krafa um stöðuga fjármögnun skuli hönnuð. Á grundvelli þessa mats ætti framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögum að því er þetta varðar, í því skyni að innleiða slíka kröfu eigi síðar en á árinu 2018.

113) Veikleikar í stjórnarháttum ýmissa stofnana stuðluðu að mikilli og óvarfærinni áhættusækni í bankageiranum sem leiddi til falls einstakra stofnana og kerfislægra vandamála.

114) Stofnanir ættu að birta upplýsingar um fyrirkomulag stjórnarhátta sinna opinberlega til að auðvelda eftirlit með framkvæmd stjórnarhátta stofnana og bæta aga á markaði. Stjórnir þeirra ættu að samþykkja og birta opinberlega yfirlýsingu þar sem almenningi er veitt trygging fyrir því að þetta fyrirkomulag sé fullnægjandi og skilvirkt.

115) Til þess að unnt sé að hafa hliðsjón af fjölbreytni viðskiptalíkana stofnana á innri markaðnum ætti að rannsaka gaumgæfilega tilteknar langtíma skipulagskröfur á borð við hlutfall stöðugrar fjármögnunar og vogunarhlutfall í því skyni að efla margs konar traust skipulag banka sem hafa þjónað og ættu að þjóna áfram efnahagslífi Sambandsins.

116) Stöðugt skipulag fjármögnunar er nauðsynlegt til að unnt sé að veita heimilum og fyrirtækjum samfellda fjármálaþjónustu. Langtímafjármögnunarstreymi í fjármálakerfum, sem byggja á bankastarfsemi í mörgum aðildarríkjum, getur almennt haft aðra eiginleika en þá sem finnast á öðrum alþjóðlegum mörkuðum. Að auki kann sérstakt skipulag fjármögnunar að hafa þróast í aðildarríkjunum til að veita stöðuga fjármögnun til langtímafjárfestinga, m.a. dreifstýrðir bankar til að miðla lausafé eða sérhæfð veðlánaverðbréf sem ganga kaupum og sölum á mjög virkum mörkuðum eða eru kærkomin fjárfesting fyrir langtímafjárfesta. Skoða ætti þessa þætti sem varða uppbyggingu af kostgæfni. Í því skyni er nauðsynlegt, þegar lokið hefur verið við gerð alþjóðlegra staðla, að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið meti, á grundvelli skýrslugjafar sem gerð er krafa um í þessari reglugerð, hvernig krafa um stöðuga fjármögnun ætti að vera hönnuð, að teknu fullu tilliti til fjölbreytts fyrirkomulags fjármögnunar á bankamarkaði í Sambandinu.

117) Innleiðing krafna vegna eiginfjárgrunns sem eru í þessari reglugerð ætti að gerast smátt og smátt til að tryggja stighækkandi samleitni milli stigs eiginfjárgrunns og varfærnisaðlögunar sem beitt er gagnvart skilgreiningu á eiginfjárgrunni í Sambandinu og skilgreiningu á eiginfjárgrunni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð á meðan umbreytingartímabili stendur. Afar mikilvægt er að tryggja að þessi innleiðing sé í samræmi við nýlegar úrbætur sem aðildarríki gerðu varðandi kröfu um stærð eiginfjárgrunns og skilgreiningu á eiginfjárgrunni í aðildarríkjunum. Í því skyni ættu lögbær yfirvöld, á meðan umbreytingartímabilinu stendur, að ákvarða innan skilgreindra neðri og efri marka hversu hratt eigi að taka upp lögbundna stærð eiginfjárgrunns og varfærnisaðlögunina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

118) Lögbær yfirvöld ættu, á meðan umbreytingartímabili stendur, að geta áfram krafið stofnanir, að takmörkuðu leyti, um að gera varfærnisaðlögun á eiginfjárgrunni sem víkur frá þessari reglugerð, til að auðvelda snurðulaus umskipti frá mismunandi varfærnisaðlögun sem aðildarríki beita nú til þeirrar varfærnisaðlögunar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

119) Tilteknir fjármagnsgerningar sem uppfylla ekki skilgreininguna á eiginfjárgrunni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu að falla úr gildi í áföngum milli 1. janúar 2013 og 31. desember 2021 til að tryggja að stofnunum gefist nægur tími til að uppfylla tilskildar kröfur og skilgreiningu á eiginfjárgrunni. Þá ættu tilteknir gerningar sem ríki leggja fram að vera færðir að fullu í eiginfjárgrunn í takmarkaðan tíma. Enn fremur ættu yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast liðum, sem uppfylla skilyrði eiginfjárgrunns samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum vegna tilskipunar 2006/48/EB, að uppfylla skilyrði almenns eigin fjár þáttar 1 við tilteknar aðstæður.

120) Kröfur um birtingu ætti að innleiða smám saman til að tryggja stighækkandi samleitni í átt til samræmdra reglna um upplýsingagjöf stofnana til að veita markaðsaðilum nákvæmar og víðtækar upplýsingar að því er varðar áhættusnið einstakra stofnana.

121) Framkvæmdastjórninni ætti að vera skylt, svo unnt verði að taka tillit til markaðsþróunar og reynslu af beitingu þessarar reglugerðar, að senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslur, ásamt tillögum að nýrri löggjöf, ef við á, um hugsanleg áhrif eiginfjárkafna á hagsveiflu, lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn vegna áhættuskuldbindinga í formi sértryggðra skuldabréfa, stórar áhættuskuldbindingar, lausafjárkröfur, vogun, áhættu vegna yfirfærslu útlána, útlánaáhættu mótaðila og aðferð upprunalegrar áhættu, smásöluáhættuskuldbindingar, á skilgreiningu á viðurkenndu fjármagni og umfang beitingar þessarar reglugerðar.

122) Megintilgangur lagarammans fyrir lánastofnanir ætti að vera að tryggja rekstur mikilvægrar þjónustu við raunhagkerfið en takmarka á sama tíma hættuna á freistnivanda. Formgerðarleg aðgreining viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi innan sömu bankasamstæðu gæti verið eitt lykiltækja til að ná því markmiði. Engin ákvæði í núverandi regluramma ættu því að koma í veg fyrir innleiðingu ráðstafana til að hrinda slíkri aðgreiningu í framkvæmd. Framkvæmdastjórninni ætti að vera gert að greina formgerðarlega aðgreiningu í Sambandinu og senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, svo og tillögur að nýrri löggjöf, ef við á.

123) Aðildarríkjum ætti einnig að vera heimilt að samþykkja skipulagsráðstafanir sem skylda lánastofnanir sem hafa starfsleyfi í þeim aðildarríkjum til að draga úr áhættuskuldbindingum sínum vegna ýmissa lögaðila eftir því hver starfsemi þeirra er, óháð því hvar sú starfsemi fer fram, í því skyni að vernda innstæðueigendur og varðveita fjármálastöðugleika. Þar eð slíkar ráðstafanir kynnu á hinn bóginn að hafa neikvæð áhrif með því að skipta upp innri markaðnum ætti aðeins að samþykkja þær með ströngum skilyrðum meðan beðið er gildistöku framtíðar réttargerða sem sérstaklega er ætlað að samræma slíkar ráðstafanir.

124) Framselja ætti vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í því skyni að tilgreina kröfurnar sem koma fram í þessari reglugerð, til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar tæknilegar breytingar á þessari reglugerð til að skýra skilgreiningar til að tryggja að þessari reglugerð verði beitt með samræmdum hætti eða til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; til að samræma hugtakanotkun og afmarka skilgreiningar í samræmi við viðeigandi síðari gerðir; að aðlaga ákvæði í þessari reglugerð um eiginfjárgrunn að teknu tilliti til þróunar reikningsskilastaðla eða löggjafar Evrópusambandsins, eða að því er varðar samleitni eftirlitsaðferða; til að útvíkka skrár yfir flokka áhættuskuldbindinga vegna staðalaðferðarinnar eða innramatsaðferðarinnar til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; að leiðrétta tilteknar fjárhæðir í tengslum við þessa flokka áhættuskuldbindinga til að taka tillit til áhrifa verðbólgu; að leiðrétta skrá og flokkun liða utan efnahagsreiknings og til að aðlaga sértæk ákvæði og tæknileg viðmið um meðferð á útlánaáhættu mótaðila, staðalaðferðina og innramatsaðferðuna, mildun útlánaáhættu, verðbréfun, rekstraráhættu, markaðsáhættu, lausafé, vogun og birtingu upplýsinga til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum eða þróunar reikningsskilastaðla eða löggjafar Evrópusambandsins, eða með tilliti til samleitni eftirlitsaðferða og áhættumats og til að taka tillit til niðurstöðu endurskoðunar á margvíslegum málefnum sem tengjast gildissviði tilskipunar 2004/39/EB.

125) Vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti einnig að framselja til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar að mæla fyrir um tímabundna lækkun á eiginfjárgrunni eða áhættuvog sem tilgreint er samkvæmt þessari reglugerð til að taka tillit til sérstakra aðstæðna; til að skýra undanþágur tiltekinna áhættuskuldbindinga frá ákvæðum þessarar reglugerðar um stórar áhættuskuldbindingar; að tilgreina fjárhæðir sem skipta máli við útreikning á eiginfjárkröfum vegna veltubókar til að taka tillit til þróunar í efnahags- og peningamálum; að aðlaga flokka verðbréfafyrirtækja sem geta nýtt tilteknar undanþágur frá kröfum um lágmarks eiginfjárgrunn til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; að skýra kröfur um að eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækja jafngildi fjórðungi fasts kostnaðar fyrra árs til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt á samræmdan hátt; að ákvarða þætti eiginfjárgrunns sem eignarhlutdeildir stofnunar í gerningum viðkomandi eininga skulu dregnar frá; að innleiða viðbótarumbreytingarákvæði sem tengjast meðferð tryggingarfræðilegs hagnaðar eða taps við mat á skilgreindum, réttindatengdum lífeyrisskuldbindingum stofnana. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin ætti, við undirbúning og samningu framseldra gerða, að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

126) Framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við yfirlýsingu nr. 39 um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að hafa áfram samráð við sérfræðinga, sem aðildarríkin tilnefna, við gerð draga að framseldum gerðum á sviði fjármálaþjónustu í samræmi við viðtekna venju.

127) Tæknistaðlar á sviði fjármálaþjónustu ættu að tryggja samræmingu, einsleit skilyrði og fullnægjandi vernd innstæðueigenda, fjárfesta og neytenda alls staðar í Sambandinu. Þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin býr yfir mjög sérhæfðri þekkingu væri bæði skilvirkt og viðeigandi að fela henni að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðum og framkvæmdarstöðlum, sem fela ekki í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti

að tryggja skilvirk stjórnsýslu- og skýrslugjafarferli við gerð draga að tæknistöðlum. Skýrslugjafarsniðin ættu að vera í réttu hlutfalli við eðli og umfang starfsemi stofnananna og það hversu flókin hún er.

128) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað á sviði gagnkvæmra fyrirtækja, samvinnufélaga, sparisjóða eða svipaðra stofnana, tiltekinna eiginfjárgrunnsgerninga, varfærnisaðlögunar, frádráttar frá eiginfjárgrunni, viðbótareiginfjárgerninga, hlutdeildar minnihluta, þjónustu sem tengd er bankastarfsemi, meðferðar leiðréttingar á útlánaáhættu, líkna á vanefndum, taps að gefnum vanefndum, aðferða við áhættuvogun eigna, samleitni eftirlitsaðferða, greiðsluhæfis og umbreytingarfyrirkomulags vegna eiginfjárgrunns, með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að tryggja að allar hlutaðeigandi stofnanir geti beitt þessum stöðlum og kröfum á þann hátt sem samræmist eðli, umfangi og því hversu flóknar þessar stofnanir og starfsemi þeirra er.

129) Framkvæmd nokkurra framseldra gerða, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, s.s. framseldu gerðarinnar sem varðar kröfuna um lausafjárþekju, getur hugsanlega haft veruleg áhrif á stofnanir sem sæta eftirliti og á raunhagkerfið. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að Evrópuþingið og ráðið séu nægilega vel upplýst um viðeigandi þróun á alþjóðavettvangi og ráðandi hugmyndir innan framkvæmdastjórnarinnar löngu fyrir birtingu framseldra gerða.

130) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað varðandi festu, sameiginlegar ákvarðanir, skýrslugjöf, birtingu upplýsinga, áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með veðlánum, áhættumat, aðferðir við áhættuvogun eigna, áhættuvogun og tilgreiningu tiltekinna áhættuskuldbindinga, meðferð valréttar og kaupréttar, stöður í hlutabréfagerningum og erlendum gjaldmiðlum, notkun eigin líkana, vogun, og liði utan efnahagsreiknings með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

131) Framlengja ætti tímabilið sem Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt tæknilegum eftirlitsstöðlum, eftir því sem við á, um einn mánuð til viðbótar í ljósi ítarleika og fjölda tæknilegra eftirlitsstaðla sem skal samþykkja samkvæmt þessari reglugerð þegar framkvæmdastjórnin samþykkir tæknilegan eftirlitsstaðal sem er sá sami og í drögum að tæknilegum eftirlitsstaðli sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fram. Auk þess ætti framkvæmdastjórnin að miða að því að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla með góðum fyrirvara til að gera Evrópuþinginu og ráðinu kleift að framkvæma nákvæma rannsókn, með tilliti til umfangs tæknilegra eftirlitsstaðla og þess hversu flóknir þeir eru og nánari upplýsinga um málsmeðferðarreglur Evrópuþingsins og ráðsins, verkáætlun og samsetningu.

132) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að efna til samráðs í tengslum við drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í þessari reglugerð til að tryggja mikið gagnsæi. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og framkvæmdastjórnin ættu svo fljótt sem auðið er að hefja undirbúning að skýrslum sínum um kröfur um lausafé og vogun, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

133) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórninni að vera falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ([1]).

134) Reglugerð þessi ívilnar hvorki né mismunar gagnvart tegundum eignarhalds sem eru innan gildissviðs hennar, í samræmi við 345. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins þar sem kveðið er á um að sáttmálarnir skuli á engan hátt skerða reglur í aðildarríkjunum um tilhögun eignarréttar.

135) Haft hefur verið samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina, í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001, og hefur hún samþykkt álit ([2]).

136) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til samræmis við það.

([1]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.
([2]) Stjtíð. ESB C 175, 19.6.2012, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi mælir fyrir um samræmdar reglur varðandi almennar varfærniskröfur sem stofnunum er lúta eftirliti samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB ber að fylgja í tengslum við eftirfarandi þætti:

a) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar þá þætti útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og uppgjörsáhættu sem hægt er að mæla, samræma og staðla fullkomlega,

b) kröfur um að takmarka stórar áhættuskuldbindingar,

c) lausafjárkröfur að því er varðar þá þætti lausafjáráhættu sem hægt er að mæla, samræma og staðla fullkomlega, eftir að framselda gerðin sem um getur í 460. gr. hefur öðlast gildi,

d) upplýsingaskyldu í tengslum við a-, b- og c-lið og í tengslum við vogun,

e) kröfur um opinbera birtingu.

Þessi reglugerð gildir ekki um birtingarkröfur fyrir lögbær yfirvöld á sviði varfærnisreglna og eftirlits með stofnunum eins og fram kemur í tilskipun 2013/36/ESB.

2. gr.

Eftirlitsheimildir

Í því skyni að tryggja að þessari reglugerð sé fylgt skulu lögbær yfirvöld hafa þær heimildir og fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem fram koma í tilskipun 2013/36/ESB.

3. gr.

Beiting strangari krafna af hálfu stofnana

Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir að fjárhæð eiginfjárgrunns stofnana og þátta hans sé hærri, eða að þær grípi til strangari ráðstafana en krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

4. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „lánastofnun“: fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning,“

2) „verðbréfafyrirtæki“: aðili samkvæmt skilgreiningu í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB sem fellur undir kröfur þeirrar tilskipunar, að undanskildum:

a) lánastofnunum,

b) staðbundnum fyrirtækjum,

c) fyrirtækjum sem ekki hafa heimild til að veita þá viðbótarþjónustu sem um getur í 1. lið B-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB, veita einungis einn eða fleiri þætti þeirrar fjárfestingarþjónustu eða starfsemi sem um getur í 1., 2., 4. og 5. lið A-þáttar I. viðauka þeirrar tilskipunar og sem ekki er heimilt að halda peningum eða verðbréfum viðskiptavina sinna og mega því aldrei koma sér í skuld við þá viðskiptavini,

3) „stofnun“: lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki,

4) „staðbundið fyrirtæki“: fyrirtæki sem verslar fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða framvirka samninga, valrétti eða aðrar afleiður og á lausafjármörkuðum, eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum, eða stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast, þar sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast að staðið verði við samninga sem slíkt fyrirtæki gerir,

5) „vátryggingafélag “: vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]),

6) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

7) „sjóður um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) ([1]), að meðtöldum aðilum í þriðju löndum, nema annað sé tekið fram, sem sinna svipaðri starfsemi, lúta eftirliti samkvæmt lögum Sambandsins eða lögum þriðja lands sem beitir a.m.k. jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum sem beitt er í Sambandinu, fagfjárfestasjóður (AIF) eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um stjórnendur fagfjárfestasjóða ([2]) eða fagfjárfestasjóður utan ESB eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar,

8) „opinber aðili“: stjórnsýslustofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og sem er ábyrg gangvart ríkisstjórnum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, eða yfirvöldum sem bera sömu ábyrgð og héraðs- og staðaryfirvöld, eða fyrirtæki sem ekki er rekið í hagnaðarskyni og er í eigu ríkisstjórna, héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eða sett á stofn og stutt af þeim, og sem samkomulag um beina ábyrgð gildir um og getur falið í sér sjálfstæðar stofnanir sem heyra undir lög og eru háðar opinberu eftirliti,

9) „stjórn“: stjórn eins og hún er skilgreind í 7. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

10) „framkvæmdastjórn“: framkvæmdastjórn eins og hún er skilgreind í 9. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

11) „kerfisáhætta“: kerfisáhætta eins og hún er skilgreind í 10. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

12) „líkansáhætta“: líkansáhætta eins og hún er skilgreind í 11. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

13) „upphafsaðili“: aðili sem:

a) annaðhvort sjálfur eða fyrir tilstuðlan tengdra aðila, beint eða óbeint, átti aðild að upphaflega samningnum sem myndaði skuldbindingarnar eða mögulegar skuldbindingar skuldara eða mögulegs skuldara sem valda því að áhættuskuldbindingin er verðbréfuð eða

b) kaupir áhættuskuldbindingar þriðja aðila fyrir eigin reikning og verðbréfar þær síðan,

14) „umsýsluaðili“: stofnun, önnur en útgáfustofnun, sem stofnar til og stýrir eignatryggðri útgáfu skammtímabréfa eða annarri verðbréfun sem kaupir áhættuskuldbindingar frá þriðja aðila,

15) „móðurfélag“ merkir:

a) móðurfélag í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

b) móðurfélag í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það félag sem hefur veruleg áhrif í öðru félagi, að því er varðar II. þátt 3. og 4. kafla VII. bálks og VIII. bálk tilskipunar 2013/36/ESB og fimmta hluta þessarar reglugerðar,

16) „dótturfélag“ merkir:

a) dótturfélag í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

b) dótturfélag í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og félag þar sem móðurfélag hefur veruleg áhrif.

Dótturfélög dótturfélaga skulu teljast dótturfélög þess félags sem er upphaflegt móðurfélag þeirra,

17) „útibú“: starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð stofnun, sem hún er hluti af, og annast með beinum hætti öll eða sum þeirra viðskipta sem stofnanir stunda,

18) „félag í viðbótarstarfsemi“: félag sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum eða sjá um gagnavinnsluþjónustu eða svipaða þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi einnar eða fleiri stofnana.

19) „eignastýringarfélag“: eignastýringarfélag eins og það er skilgreint í 5. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB eða stjórnandi fagfjárfestasjóðs eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, að meðtöldum aðilum í þriðju löndum, nema annað sé tekið fram, sem falla undir lög þriðja lands sem beitir a.m.k. jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum sem beitt er í Sambandinu,

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.
([2]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1.

20) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og eru dótturfélög hennar eingöngu eða aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir, a.m.k. eitt þeirra stofnun,

21) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 15. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB,

22) „blandað eignarhaldsfélag“: móðurfélag, annað en eignarhaldsfélag á fjármálasviði, stofnun eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og er a.m.k. eitt dótturfélaga þess stofnun.

23) „vátryggingafélag þriðja lands“: vátryggingafélag þriðja lands eins og það er skilgreint í 3. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

24) „endurtryggingafélag þriðja lands“: endurtryggingafélag þriðja lands eins og það er skilgreint í 6. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

25) „viðurkennt verðbréfafyrirtæki þriðja lands“: fyrirtæki sem fullnægir öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) það myndi falla undir skilgreininguna á verbréfafyrirtæki ef það hefði staðfestu innan Sambandsins,

b) það hefur starfsleyfi í þriðja landi,

c) það fellur undir og fylgir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafn strangar og þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/36/ESB,

26) „fjármálastofnun“: fyrirtæki, annað en stofnun, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. lið og 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB, þar með talin eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum ([1]) og eignarstýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í vátryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

([1]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

27) „aðili á fjármálamarkaði“: eitthvað af eftirfarandi:

a) stofnun,

b) fjármálastofnun,

c) félag í viðbótarstarfsemi sem talið er með í fjárhagsstöðu stofnunar á samstæðugrundvelli,

d) vátryggingafélag,

e) vátryggingafélag þriðja lands,

f) endurtryggingafélag,

g) endurtryggingafélag þriðja lands,

h) eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

k) fyrirtæki sem fellur ekki undir gildissvið tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar,

l) fyrirtæki þriðja lands með meginstarfsemi sem er sambærileg starfsemi einhvers þeirra fyrirtækja sem um getur í a- til k-lið.

28) „móðurstofnun í aðildarríki“: stofnun í aðildarríki sem hefur stofnun eða fjármálastofnun að dótturfélagi eða sem á hlut í slíkri stofnun eða fjármálastofnun og sem ekki er sjálf dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki,

29) „móðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki,

30) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki“: eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem sjálft er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki,

31) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki né annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki,

32) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem sjálft er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki,

33) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki né annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki,

34) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

35) „hlutdeild“: hlutdeild í skilningi fyrsta málsliðar 17. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]), eða beinn eða óbeinn eignarhlutur sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis.

36) „virkur eignarhlutur“: beinn eða óbeinn eignarhlutur í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti, eða sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess fyrirtækis,

37) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða reikningsskilastöðlum sem stofnun fellur undir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis,

38) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með hlutdeild, í formi beins eignarréttar eða með yfirráðarétti, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis,

b) með yfirráðum,

c) með varanlegum tengslum þeirra beggja, eða allra, við sama þriðja aðila í gegnum yfirráðatengsl,

39) „hópur tengdra viðskiptavina“: annað eftirfarandi:

a) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum,

b) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.

Ef ríkisstjórn hefur bein yfirráð yfir eða hefur bein tengsl við fleiri en einn einstakling eða lögaðila er heimilt að líta svo á að hópurinn sem samanstendur af þeirri ríkisstjórn og öllum einstaklingum eða lögaðilum sem hún hefur bein eða óbein yfirráð yfir, í samræmi við a-lið, eða tengjast henni, í samræmi við b-lið, myndi ekki hóp tengdra viðskiptavina, þrátt fyrir a- og b-lið. Í stað þess er heimilt að meta tilvist hóps tengdra viðskiptavina mynduðum af ríkisstjórn og öðrum einstaklingum eða lögaðilum, að því er varðar hvern þeirra aðila sem ríkisstjórnin hefur bein yfirráð yfir í samræmi við a-lið, eða tengist beint í samræmi við b-lið, og að því er varðar alla einstaklinga og lögaðila sem sá aðili hefur yfirráð yfir í samræmi við a-lið, eða tengist í samræmi við b-lið, að ríkisstjórninni meðtalinni. Hið sama gildir um héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld sem falla undir 2. mgr. 115. gr.

40) „lögbært yfirvald“: opinbert yfirvald eða aðili sem er opinberlega viðurkenndur samkvæmt landslögum og hefur sem liður í eftirlitstkerfi viðkomandi aðildarríkis, valdbærni að lögum til að hafa eftirlit með stofnunum.

41) „eftirlitsaðili á samstæðugrunni“: lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni með móðurstofnunum í ESB og stofnunum sem eru undir yfirráðum móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB.

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

42) „starfsleyfi“: hvers konar skjal gefið út af yfirvöldum er veitir rétt til starfsemi,

43) „heimaaðildarríki“: aðildarríki þar sem stofnun hefur fengið starfsleyfi,

44) „gistiaðildarríki“: aðildarríki þar sem stofnun hefur útibú eða veitir þjónustu,

45) „seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu“: seðlabankar aðildarríkja sem eru aðilar að seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanki Evrópu,

46) „seðlabankar“: seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu og seðlabankar þriðju landa,

47) „staða samstæðu“: sú staða sem fæst með því að beita kröfum þessarar reglugerðar, í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta, gagnvart stofnun með þeim hætti sem gerir ráð fyrir að sú stofnun myndi, ásamt einum eða fleiri aðilum, eina stofnun,

48) „samstæðugrunnur“: á grundvelli stöðu samstæðunnar,

49) „undirsamstæðugrunnur“: á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, að undanskilinni undireiningasamstæðu, eða á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem ekki er hin endanlega móðurstofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi,

50) „fjármálagerningur“: eitthvað af eftirfarandi:

a) samningur sem leiðir til bæði fjáreignar eins aðila og fjárskuldbindingar eða hlutabréfagernings annars aðila,

b) gerningur tilgreindur í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

c) afleiddur fjármálagerningur,

d) grunnfjármálagerningur,

e) reiðufjárgerningur,

Gerningarnir sem um getur í a-, b- og c-lið eru eingöngu fjármálagerningar ef virði þeirra leiðir af verði undirliggjandi fjármálagernings eða annars undirliggjandi þáttar, hlutfalli eða vísitölu,

51) „stofnfé“: fjárhæð og tegund þess eiginfjárgrunns sem tilgreindur er í 12. gr. tilskipunar 2013/36/ESB að því er varðar lánastofnanir og í IV. bálki þeirrar tilskipunar að því er varðar verðbréfafyrirtæki,

52) „rekstraráhætta“: hætta á tapi sem leiðir af innri ferlum, fólki og kerfum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, eða af ytri atburðum, að meðtalinni lagalegri áhættu,

53) „þynningaráhætta“: hætta á að útistandandi fjárhæð rýrni vegna reiðufjárlána eða annarra lána á hendur lántakanda,

54) „líkur á vanefndum“: líkur á vanefndum mótaðila á eins árs tímabili,

55) „tap að gefnum vanefndum“: hlutfall taps vegna vanefnda mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð þegar vanefndir verða,

56) „breytistuðull“: hlutfallið milli fjárhæðar skuldbindingar, sem á þeim tíma er ónotuð en hægt væri að nota og yrði því útistandandi þegar vanefndir verða, og fjárhæðar skuldbindingar sem nú er ónotuð, þar sem umfang skuldbindingarinnar ákvarðast af tilkynntum mörkum, nema mörkin sem ekki hafa verið tilkynnt séu hærri,

57) „mildun útlánaáhættu“: aðferð sem stofnun notar til að draga úr útlánaáhættu vegna einnar eða fleiri áhættuskuldbindinga í bókum sínum,

58) „fjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar stofnunar ákvarðast af rétti stofnunarinnar, ef um er að ræða vanefndir mótaðila eða aðra sérstaka lánaatburði sem tengjast mótaðilanum, til að innleysa, fá yfirfærðar eða taka til eignar, eða halda eftir tilteknum eignum eða fjárhæðum, eða lækka fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar niður í, eða skipta henni út fyrir, fjárhæð mismunarins milli fjárhæðar áhættuskuldbindingarinnar og kröfu á stofnunina,

59) „ófjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar hjá stofnun ákvarðast af skuldbindingu þriðja aðila um að greiða fjárhæð ef um er að ræða vanefndir lántakanda eða aðra sérstaka lánaatburði,

60) „reiðufjárígildisgerningur“: innlánsskírteini, skuldabréf, þar með talið sértryggt skuldabréf, eða annar gerningur sem ekki er víkjandi, sem stofnun hefur gefið út og stofnunin hefur þegar fengið greiddan að fullu og sem stofnunin skal endurgreiða án skilyrða á nafnverði,

61) „verðbréfun“: viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem útlánaáhætta tengd ákveðinni áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt í áhættulög eignasafns (e. tranched) og hefur bæði eftirfarandi einkenna:

a) greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar arðseminni af áhættuskuldbindingunni eða safni áhættuskuldbindinga,

b) forgangsröðun áhættulaganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins,

62) „verðbréfuð staða“: áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar,

63) „endurverðbréfun“: verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni áhættuskuldbindinga er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi áhættuskuldbinding er verðbréfuð staða,

64) „endurverðbréfuð staða“: áhættuskuldbinding vegna endurverðbréfunar,

65) „endurbót á lánshæfi“: samningsbundið fyrirkomulag þar sem lánshæfi stöðu í verðbréfun er bætt miðað við hvað það hefði verið ef endurbætur hefðu ekki komið til, m.a. með lægra settum áhættulögum í verðbréfuninni og öðrum tegundum útlánavarnar,

66) „sérstakur verðbréfunaraðili“: eignaumsýslufélag eða annar aðili, annar en stofnun, sem er skipulagður til að stunda verðbréfun eða verðbréfanir, þar sem starfsemin miðar eingöngu að því að ná því markmiði, skipulaginu er ætlað að aðskilja skyldur sérstaka verðbréfunaraðilans frá skyldum upphaflegu stofnunarinnar og handhafar raunverulegra hluta í aðilanum eiga rétt á því að veðsetja eða selja þá hluti án takmarkana,

67) „áhættulag“ (e. tranche): samningsbundinn hluti útlánaáhættu tengdur áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga þar sem staða í einu lagi leiðir af sér útlánaáhættu sem er meiri eða minni en staða í öðrum lögum safnsins sömu fjárhæðar, án þess að tekið sé tillit til útlánavarna sem þriðju aðilar veita beint til þeirra sem eiga stöður í laginu eða í öðrum lögum,

68) „færsla á markaðsvirði“: mat á stöðum á lokaverði sem auðvelt er að nálgast hjá óháðum aðilum, þ.m.t. verð á verðbréfamörkuðum, skjáverð eða markaðsverð frá nokkrum óháðum og virtum miðlurum,

69) „færsla á líkansvirði“: mat sem miða þarf út frá, framreikna eða á annan hátt reikna út frá einu eða fleiri söfnum markaðsgagna,

70) „óháð verðsannprófun“: ferlið við að sannprófa reglulega hvort markaðsverð eða gögn til færslu á líkansvirði séu rétt og óháð,

71) „hæft fjármagn“ merkir:

a) í skilningi III. bálks annars hluta, samtala eftirfarandi:

i. Eiginfjárþáttur 1 eins og um getur í 25. gr., án frádráttar þess sem um getur í i-lið k-liðar 1. mgr. 36. gr.

ii. Eiginfjárþáttar 2, eins og um getur í 71. gr., sem nemur jafnmiklu eða minna en þriðjungi af eiginfjárþætti 1, eins og hann er reiknaður samkvæmt i-lið þessara liðar,

b) í skilningi gr. 97 fjórða hluta, samtala eftirfarandi:

i. Eiginfjárþáttar 1, eins og um getur í 25. gr.,

ii. Eiginfjárþáttar 2, eins og um getur í 71. gr., sem nemur jafnmiklu eða minna en þriðjungi af eiginfjárþætti 1,

72) „viðurkennd kauphöll“: kauphöll sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún er skipulegur markaður,

b) hún hefur greiðslujöfnunarkerfi þar sem daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í II. viðauka veita nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda,

73) „valkvæður lífeyrir“: aukinn lífeyrir sem stofnun veitir starfsmanni að eigin ákvörðun og er hluti af breytilegum þætti launakjara viðkomandi starfsmanns, en tekur ekki til öflunar lífeyris sem veittur er starfsmönnum samkvæmt skilmálum sem gilda um lífeyriskerfi félagsins,

74) „veðlánsvirði“: verðgildi fasteignar samkvæmt varfærnislegu mati á markaðshæfi fasteignarinnar í framtíðinni, að teknu tilliti til varanleika fasteignarinnar, eðlilegra og staðbundinna markaðsskilyrða, nýtingar fasteignarinnar og annarra hugsanlegra nýtingarmöguleika hennar,

75) „íbúðarhúsnæði“: húsnæði sem eigandi eða leigutaki húsnæðisins nýtir, þ.m.t. réttur til búsetu í íbúð húsnæðissamvinnufélags í Svíþjóð,

76) „markaðsvirði“: að því er varðar fasteignir, er sú fjárhæð sem metið er að fasteign myndi seljast á, þann dag sem matið er gert, í viðskiptum ótengdra aðila, sem eru fúsir til viðskiptanna, að lokinni viðeigandi markaðssetningu þar sem hver aðili fyrir sig aðhefst af þekkingu, varfærni og ótilneyddur,

77) „viðeigandi reikningskilaumgjörð“: reikningsskilastaðlar sem gilda um stofnunina samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða tilskipun 86/635/EBE,

78) „eins árs vanskilahlutfall“: hlutfallið á milli fjölda vanskila sem eiga sér stað á tímabili sem hefst einu ári fyrir dag T og fjölda lánþega sem flokkaðir eru í það þrep eða safn einu ári á undan þeim degi,

79) „spákaupmennskufjármögnun fasteigna“: lán til öflunar lands eða uppbyggingar eða bygginga á landi í tengslum við fasteign, eða öflunar fasteignar og í tengslum við hana, í því skyni að selja aftur með hagnaði,

80) „viðskiptafjármögnun“: fjármögnun, þ.m.t. ábyrgðir, í tengslum við skipti á afurðum og þjónustu fyrir tilstilli fjármálaafurða með fastan stuttan binditíma, yfirleitt styttri en eitt ár, án sjálfvirkrar framlengingar,

81) „útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings“: lán eða greiðslufrestur til að fjármagna útflutning vöru og þjónustu, sem opinber útflutningslánastofnun veitir ábyrgð, tryggingu eða beina fjármögnun fyrir,

82) „endurhverf verðbréfakaup“ og „endurhverf verðbréfasala“: samningur þar sem stofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi, í tengslum við eignarétt á verðbréfum eða hrávörum, ef viðurkennd kauphöll, sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörunum, veitir viðkomandi ábyrgð og samningurinn heimilar ekki stofnun að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn, með fyrirvara um skuldbindingu um endurkaup á þeim, eða staðkvæmd verðbréf eða hrávörur sama eðlis á tilgreindu verði á degi sem mun bera upp síðar sem framseljandi hefur tilgreint, eða degi sem eftir á að tilgreina, sem felur í sér endurhverf verðbréfakaup fyrir stofnunina sem selur verðbréfin eða hrávörurnar og endurhverfa verðbréfasölu fyrir stofnunina sem kaupir þau,

83) „endurhverf viðskipti“: viðskipti sem falla undir samning um endurhverf verðbréfakaup eða endurhverfa verðbréfasölu,

84) „einföld endurhverf verðbréfakaup“: endurhverf viðskipti með eina eign, eða svipaðar einfaldar eignir, en ekki eignakörfu,

85) „stöður sem eru ætlaðar til veltuviðskipta“: eitthvert eftirfarandi:

a) stöður fyrir eigin reikning og stöður sem tengjast umsýslu fyrir viðskiptavin og viðskiptavakt,

b) stöður sem ætlunin er að selja aftur innan skamms tíma,

c) stöður sem búist er við að hækki að verðmæti vegna raunverulegs eða væntsskammtímamismunar á milli kaup- og söluverðs eða vegna annarra verð- eða vaxtabreytinga,

86) „veltubók“: allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem stofnun heldur, annaðhvort til veltuviðskipta eða til að verja stöður sem ætlaðar eru til veltuviðskipta,

87) „markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga eins og það er skilgreint í 15. lið 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

88) „fullgildur miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili sem hefur annaðhvort hlotið starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða verið viðurkenndur í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar,

89) „vanskilasjóður“: sjóður sem miðlægur mótaðili hefur komið á fót í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og notað í samræmi við 45. gr. þeirrar reglugerðar,

90) „forfjármagnað framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila“: framlag sem stofnun greiðir í vanskilasjóð miðlægs mótaðila,

91) „viðskiptastaða“: gildandi áhættuskuldbinding, þ.m.t. síðari kröfur um tryggingarfé sem greiða ber uppgjörsaðila eða viðskiptavinar en hefur enn ekki borist, og mögulegar síðari áhættuskuldbindingar uppgjörsaðila eða viðskiptavinar gagnvart miðlægum mótaðila sem stafa af samningum og viðskiptum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 301. gr., sem og upphaflegt tryggingarfé.

92) „skipulegur markaður“: skipulegur markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

93) „vogun“: hlutfallsleg stærð eigna, skuldbindinga utan efnahags og ófyrirséðra skuldbindinga um að greiða, afhenda eða veita tryggingu, þ.m.t. skuldbindingar sem leiða af móttekinni fjármögnun, skuldbindingum sem gengist hefur verið í, afleiðum eða endurhverfum verðbréfakaupum, en að undanskildum skuldbindingum sem einungis er hægt að framfylgja komi til slita- eða skilameðferðar stofnunar, samanborið við eiginfjárgrunn þeirrar stofnunar,

94) „hætta á of mikilli vogun“: áhætta sem stafar af varnarleysi stofnunar vegna skuldsetningar eða ófyrirséðrar skuldsetningar sem kann að útheimta ófyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta á viðskiptaáætlun hennar, þ.m.t. nauðungarsölu eigna sem kann að leiða til taps eða leiðréttinga á mati þeirra eigna sem eftir eru,

95) „leiðrétting á útlánaáhættu“: fjárhæð sértækra og almennra framlaga í afskriftasjóð útlána, vegna útlánaáhættu, sem færð hefur verið í reikningsskil stofnunar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

96) „innri áhættuvörn“: staða sem jafnar að mestu út áhættuþætti á milli stöðu eða hóps staðna í veltubók og stöðu eða hóps staðna utan veltubókar,

97) „tilgreind skuldbinding“: skuldbinding sem notuð er til að ákvarða virði reiðufjáruppgjörs lánaafleiðu,

98) „utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“: lánshæfismatsfyrirtæki sem er skráð eða vottað í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ([1]) eða seðlabanki sem gefur út lánshæfismat sem fellur ekki undir reglugerð (EB) nr. 1060/2009,

99) „tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“: utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem stofnun tilnefnir,

100) „önnur uppsöfnuð heildarafkoma“: merkir það sama og samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 1, eftir því sem við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002,

101) „grunneiginfjárgrunnur“: grunneiginfjárgrunnur í skilningi 88. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

102) „gjaldþolsliðir þáttar 1 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 1 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 1. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar,

103) „takmarkaðir gjaldþolsliðir þáttar 1 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 1 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 1. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar og tilvist þessara liða í flokknum takmarkast af framseldum gerðum sem samþykktar eru í samræmi við 99. gr. þeirrar tilskipunar,

104) „gjaldþolsliðir þáttar 2 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 2 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 2. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar,

105) „gjaldþolsliðir þáttar 3 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 3 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 3. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar,

106) „frestuð skattinneign“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

107) „frestuð skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi“: frestuð skattinneign þar sem einungis er hægt að innleysa framtíðarvirði hennar ef stofnunin skilar skattskyldum hagnaði í framtíðinni,

108) „frestaðar skattskuldbindingar“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

109) „eignir réttindatengds lífeyrissjóðs“: eignir réttindatengds lífeyrissjóðs eða áætlunar, eftir því sem við á, reiknaðar út að frádreginni fjárhæð skuldbindinga samkvæmt sama sjóði eða áætlun,

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

110) „útgreiðsla“: hvers konar greiðsla arðs eða vaxta,

111) „fyrirtæki á fjármálamarkaði“: merkir það sama og um getur í b- og d-liðum 25. liðar 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

112) „sjóður vegna almennrar bankaáhættu“: merkir það sama og um getur í 38. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

113) „viðskiptavild“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

114) „óbeinn eignarhlutur“: áhættuskuldbinding gagnvart millilið sem ber áhættu vegna fjármagnsgerninga útgefnum af aðila á fjármálamarkaði, þar sem tap stofnunarinnar, ef til þessi kæmi að fjármagnsgerningur útgefinn af aðila á fjármálamarkaði yrði endanlega afskrifaður, yrði ekki verulega frábrugðið því tapi sem stofnunin yrðir fyrir vegna beins eignarhlutar í þessum fjármagnsgerningum útgefnum af aðila á fjármálamarkaði,

115) „óefnislegar eignir“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð og nær til viðskiptavildar,

116) „aðrir fjármagnsgerningar“: fjármagnsgerningar, útgefnir af aðilum á fjármálamarkaði, sem ekki uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 1 eða 2, eða takmarkaðir gjaldþolsliðar þáttar 1 hjá vátryggingafélagi, gjaldþolsliðir þáttar 2 hjá vátryggingafélagi og gjaldþolsliðir þáttar 3 hjá vátryggingafélagi,

117) „aðrir varasjóðir“: varasjóðir í skilningi viðeigandi reikningsskilaumgjarðar sem skylt er að veita upplýsingar um samkvæmt viðeigandi reikningsskilastaðli, að undanskildum fjárhæðum sem þegar eru taldar með í annarri uppsafnaðri heildarafkomu eða óráðstöfuðu eigin fé,

118) „eiginfjárgrunnur“: samtala eiginfjárþáttar 1 og eiginfjárþáttar 2,

119) „eiginfjárgrunnsgerningar“: fjármagnsgerningar, útgefnir af stofnuninni, sem eru hæfir til að teljast til eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2,

120) „hlutdeild minnihluta“: fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1 í dótturfélagi stofnunar sem einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en þeir sem falla undir gildissvið reglna um samstæðu stofnunarinnar, hafa lagt til,

121) „hagnaður“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

122) „krosseignarhald“: eignarhlutur stofnunar í eiginfjárgrunnsgerningum eða öðrum fjármagnsgerningum útgefnum af aðilum á fjármálamarkaði þar sem þessir aðilar eiga einnig eiginfjárgrunnsgerninga útgefna af stofnuninni,

123) „óráðstafað eigið fé“: uppsafnaður hagnaður eða tap fyrri ára reiknað út sem endanleg rekstrarniðurstaða samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

124) „yfirverðsreikningur hlutafjár“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

125) „tímabundinn mismunur“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

126) „gervieignarhlutur“: fjárfesting stofnunar í fjármálagerningi með virði sem tengist beint virði fjármagnsfjárgerninga útgefnum af aðila á fjármálamarkaði,

127) „gagnkvæmt ábyrgðarkerfi“: kerfi sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) stofnanirnar falla innan sama stofnanaverndarkerfis eins og um getur í 7. mgr. 113. gr.

b) stofnanirnar eru að fullu teknar með í samstæðureikningsskil í samræmi við a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. eða 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og falla undir eftirlit á samstæðugrunni af hálfu stofnunar sem er móðurstofnun í aðildarríki í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta þessarar reglugerðar og fellur undir kröfur vegna eiginfjárgrunns,

c) móðurstofnun í aðildarríki og dótturfélögin hafa staðfestu í sama aðildarríki og eru háðar starfsleyfi og eftirliti af hálfu sama lögbæra yfirvalds,

d) móðurstofnun í aðildarríki og dótturfélögin eru aðilar að fyrirkomulagi vegna samningsbundinnar eða lögboðinnar bótaábyrgðar sem verndar þessar stofnanir og tryggir einkum lausafjárstöðu þeirra og gjaldþol, til að komast hjá gjaldþroti ef þörf krefur,

e) fyrir hendi er fyrirkomulag sem tryggir að fjárhagsleg úrræði í formi fjármagns og lausafjár séu veitt tafarlaust, ef þess er krafist, samkvæmt því fyrirkomulagi vegna samningsbundinnar eða lögboðinnar bótaábyrgðar sem um getur í d-lið,

f) lögbæra yfirvaldið hefur reglubundið eftirlit með því að fyrirkomulagið sem um getur í d- og e-lið sé fullnægjandi,

g) lágmarksfrestur dótturfélags til að segja upp aðild að fyrirkomulagi vegna bótaábyrgðar að eigin frumkvæði er 10 ár,

h) lögbært yfirvald hefur valdbærni til að banna að dótturfélag segi upp að eigin frumkvæði aðild að fyrirkomulagi vegna bótaábyrgðar,

128) „liðir til útgreiðslu“: fjárhæð hagnaðar í lok síðasta reikningsárs að viðbættum hagnaði frá fyrri árum og varasjóðir sem eru til ráðstöfunar áður en til útgreiðslu til eigenda eiginfjárgrunnsgerninga kemur, að frádregnu tapi fyrri ára, hagnaði sem er óráðstafanlegur samkvæmt ákvæðum í löggjöf eða samþykktum stofnunarinnar og fjárhæðum sem færðar eru í bundna varasjóði í samræmi við viðeigandi landslög eða samþykktir stofnunarinnar, þar sem fyrrnefnt tap og varasjóðir eru ákvarðaðir á grundvelli einstakra reikningsskila stofnunarinnar en ekki á grundvelli samstæðureikningsskila,

2. Þar sem í þessari reglugerð er vísað til fasteignar, íbúðarhúsnæðis eða viðskiptahúsnæðis, eða veðláns á slíkri fasteign, skal tilvísunin fela í sér hlutabréf í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða síðari, jafngild lög. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta heimilað að farið sé með hlutabréf, sem mynda jafngildan óbeinan eignarhlut í fasteign, sem beinan eignarhlut í fasteign að því tilskildu að sérstaklega sé kveðið á um í landslögum að slíkur óbeinn eignarhlutur sé háður eftirliti og veiti lánveitendum jafnmikla vernd þegar hann er lagður fram sem trygging.

3. Viðskiptafjármögnun, eins og um getur í 80. lið 1. mgr., er almennt óskuldbindandi og krafist er fullnægjandi fylgiskjala vegna hverrar útgreiðslubeiðni, sem gerir kleift að hafna umbeðinni fjármögnun ef vafi kemur upp varðandi lánshæfi eða fylgiskjölin. Endurgreiðsla áhættuskuldbindinga vegna viðskiptafjármögnunar er venjulega óháð lántakanum, þ.e. fjármagnið er í formi reiðufjár frá innflutningsaðilum eða ágóða af sölu undirliggjandi vara.

5. gr.

Skilgreiningar sem eiga sérstaklega við eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu

Í II. bálki þriðja hluta gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „áhættuskuldbinding“: eignaliður og liður utan efnahagsreiknings,

2) „tap“: efnahagslegt tjón, þ.m.t. umtalsverð áhrif afvöxtunar og verulegur beinn og óbeinn kostnaður í sambandi við innheimtu gernings,

3) „vænt tap“: hlutfall þeirrar fjárhæðar áhættuskuldbindingar sem vænta má að tapist yfir eins árs tímabil vegna hugsanlegra vanefnda mótaðila eða vegna þynningar, af útistandandi fjárhæð þegar vanefndir verða.

II. BÁLKUR

BEITINGARSTIG KRAFNA

1. KAFLI

Beiting krafna á einingargrunni

6. gr.

Almennar meginreglur

1. Stofnanir skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum til fimmta hluta og áttunda hluta, á einingargrunni.

2. Þess skal ekki krafist að stofnun sem annaðhvort er dótturfélag í aðildarríkinu þar sem hún hefur starfsleyfi og er undir eftirliti, eða móðurfélag, og stofnun sem felld er inn í samstæðu á grundvelli 18. gr. uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. á einingargrunni.

3. Þessi skal ekki krafist að stofnun sem er annaðhvort móðurfélag, eða dótturfélag, og stofnun sem felld er inn í samstæðu á grundvelli 18. gr. uppfylli skyldurnar sem mælt er fyrir um í áttunda hluta á einingargrunni.

4. Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sem hafa heimild til að veita þá fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 3. og 6. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB, skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta á einingargrunni. Þar til skýrsla framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. 508. gr. liggur fyrir mega lögbær yfirvöld veita verðbréfafyrirtækjum undanþágu frá því að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta, með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi þeirra og þess hversu margþætt hún er.

5. Stofnanir, að undanskildum verðbréfafyrirtækjum sem um getur í 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 96. gr. og stofnanir sem lögbær yfirvöld hafa veitt undanþáguna sem tilgreind er í 1. eða 3. mgr. 7. gr., skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir í sjöunda hluta á einingargrunni.

7. gr.

Undanþága frá beitingu varfærniskrafna á einingargrunni

1. Til að tryggja að eiginfjárgrunni sé dreift á fullnægjandi hátt milli móðurfélags og dótturfélaga geta lögbær yfirvöld fallið frá beitingu 1. mgr. 6. gr. gagnvart dótturfélagi stofnunar, ef bæði dótturfélagið og stofnunin þurfa starfsleyfi og lúta eftirliti hlutaðeigandi aðildarríkis og dótturfélagið fellur undir eftirlit á samstæðugrunni með stofnuninni, sem er móðurfélagið, og öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) ekki eru til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á því að móðurfélagið annist skjóta yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skulda dótturfélagsins,

b) annaðhvort uppfyllir móðurfélagið skilyrði lögbærs yfirvalds um varfærna stjórnun dótturfélagsins og hefur lýst því yfir, með leyfi lögbæra yfirvaldsins, að það ábyrgist þær skuldbindingar sem dótturfélagið hefur gengist undir eða að áhættur dótturfélagsins hafa óverulega þýðingu,

c) aðferðir móðurfélagsins við að meta, mæla og hafa eftirlit með áhættu ná til dótturfélagsins,

d) móðurfélagið ræður yfir meira en 50% af atkvæðisrétti sem fylgir hlutum í hlutafé dótturfélagsins eða hefur rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn dótturfélagsins.

2. Lögbær yfirvöld geta nýtt sér þann rétt sem kveðið er á um í 1. mgr. ef móðurfélagið er eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem komið hefur verið á fót í sama aðildarríki og stofnuninni, að því tilskildu að það lúti sama eftirliti og því sem haft er með stofnunum, einkum reglunum í 1. mgr. 11. gr.

3. Til að tryggja að eiginfjárgrunni sé dreift á fullnægjandi hátt milli móðurfélags og dótturfélaga geta lögbær yfirvöld fallið frá beitingu 1. mgr. 6. gr. gagnvart móðurstofnun í aðildarríki ef sú stofnun er háð starfsleyfi og eftirliti hlutaðeigandi aðildarríkis, fellur undir eftirlit á samstæðugrunni og öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) ekki eru til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skulda til móðurstofnunarinnar í aðildarríki,

b) aðferðir við að meta, mæla og hafa eftirlit með áhættu sem skiptir máli við eftirlit á samstæðugrundvelli ná til móðurstofnunar í aðildarríki.

Lögbæra yfirvaldið, sem nýtir sér ákvæði þessarar málsgreinar, skal veita lögbærum yfirvöldum allra annarra aðildarríkja upplýsingar.

8. gr.

Undanþága frá beitingu lausafjárkrafna á einingargrunni

1. Lögbær yfirvöld geta fallið frá beitingu sjötta hluta, í heild eða að hluta, gagnvart stofnun og öllum eða nokkrum dótturfélaga hennar í Sambandinu og viðhaft eftirlit með þeim sem einni lausafjárundirsamstæðu svo framarlega sem þær uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) móðurstofnun á samstæðugrunni eða dótturstofnun á undirsamstæðugrunni uppfyllir þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta,

b) móðurstofnun á samstæðugrunni eða dótturstofnun á undirsamstæðugrunni fylgist ávallt með og hefur yfirsýn yfir lausafjárstöðu allra stofnana innan samstæðu eða undirsamstæðu sem niðurfellingin nær til og tryggir öllum þessum stofnunum nægt lausafé,

c) stofnanirnar hafa gert með sér samninga sem, að mati lögbærra yfirvalda, gera þeim kleift að flytja fjármuni óhindrað sín á milli svo þær geti mætt skuldbindingum sérhverrar stofnunar og sameiginlegum skuldbindingum eftir því sem þær falla í gjalddaga,

d) ekki eru til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á því að samningarnir sem um getur í c-lið verði uppfylltir.

Framkvæmdastjórnin skal fyrir 1. janúar 2014 skila Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um allar lagalegar hindranir sem gætu útilokað beitingu c-liðar fyrstu undirgreinar og er hvött til að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, fyrir 31. desember 2015 um hverjar þessara hindrana skuli fjarlægðar.

2. Lögbær yfirvöld geta fallið frá beitingu sjötta hluta, í heild eða að hluta, gagnvart stofnun og öllum eða nokkrum dótturfélaga hennar ef allar stofnanir lausafjárundirsamstæðunnar hafa starfsleyfi í sama aðildarríki og að því tilskildu að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

3. Ef stofnanir lausafjárundirsamstæðunnar hafa starfsleyfi í nokkrum aðildarríkjum skal 1. mgr. aðeins beitt eftir að aðferðinni sem mælt er fyrir um í 21. gr. hefur verið beitt og aðeins ef lögbær yfirvöld þessara stofnana eru samþykk eftirfarandi atriðum:

a) mati þeirra á því hvort skipulag og meðferð lausafjáráhættu uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 86. gr. tilskipunar 2013/36/ESB innan lausafjárundirsamstæðunnar,

b) úthlutun fjárhæða, staðsetningu og eignarhaldi þeirra tilskildu lausafjáreigna sem lausafjárundirsamstæða skal búa yfir,

c) ákvörðun lágmarksfjárhæðar þeirra lausafjáreigna sem stofnanir undanþegnar beitingu sjötta hluta skulu búa yfir,

d) þörfinni fyrir strangari mælikvarða en settir eru fram í sjötta hluta,

e) því að lögbær yfirvöld deili óhindrað með sér öllum upplýsingum,

f) fullum skilningi á afleiðingum slíkrar undanþágu.

4. Lögbær yfirvöld mega einnig beita 1., 2. og 3. mgr. gagnvart stofnunum sem eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi og um getur í 7. mgr. 113. gr., að því tilskildu að þær uppfylli öll skilyrði sem mælt er fyrir um þar og gagnvart öðrum stofnunum sem tengjast í gegnum samband sem um getur í 6. mgr. 113. gr. að því tilskildu að þær uppfylli skilyrðin sem þar er mælt fyrir um. Í því tilviki skulu lögbær yfirvöld tilnefna eina þeirra stofnana sem undanþágan gildir um til að uppfylla sjötta hluta á grundvelli stöðu samstæðu allra stofnana innan lausafjárundir-samstæðunnar.

5. Ef undanþága hefur verið veitt skv. 1. mgr. eða 2. mgr. geta lögbær yfirvöld einnig beitt 86. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eða hluta hennar, á stigi lausafjárundirsamstæðunnar og fallið frá beitingu 86. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eða hluta hennar, á einingargrunni.

9. gr.

Sérstök samstæðuaðferð

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 144. gr. tilskipunar 2013/36/ESB geta lögbær yfirvöld, í hverju tilviki fyrir sig, heimilað móðurstofnunum, við útreikning á kröfum þeirra skv. 1. mgr. 6. gr., að telja með dótturfélög sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. mgr. 7. gr. og hafa verulegar áhættuskuldbindingar eða verulegar skuldbindingar gagnvart þeirri móðurstofnun.

2. Einungis skal heimila meðferðina sem sett er fram í 1. mgr. þegar móðurstofnunin sýnir lögbærum yfirvöldum á fullnægjandi hátt fram á aðstæður og fyrirkomulag, þ.m.t. lagalegt fyrirkomulag, sem gerir það að verkum að ekki eru til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skuldbindinga dótturfélagsins við móðurfélag sitt á gjalddaga.

3. Ef lögbært yfirvald beitir undanþágunni sem um getur í 1. mgr. skal það reglubundið og eigi sjaldnar en einu sinni á ári upplýsa lögbær yfirvöld allra hinna aðildarríkjanna um beitingu 1. mgr. og um þær aðstæður og fyrirkomulag sem um getur í 2. mgr. Ef dótturfélagið er í þriðja landi, skulu lögbær yfirvöld einnig veita lögbærum yfirvöldum þess þriðja lands sömu upplýsingar.

10. gr.

Undanþága fyrir lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun

1. Lögbær yfirvöld mega í samræmi við landslög falla frá beitingu krafna, í heild eða að hluta, sem settar eru fram í öðrum til áttunda hluta, gagnvart einni eða fleiri lánastofnunum sem staðsettar eru í sama aðildarríki og sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun sem hefur eftirlit með þeim og staðfestu í sama aðildarríki, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) skuldbindingar miðlægu stofnunarinnar og tengdra stofnana eru með sameiginlegri og óskiptri bótaábyrgð eða skuld-bindingar tengdra stofnana eru alfarið á ábyrgð miðlægu stofnunarinnar,

b) allsherjareftirlit er haft með gjaldþoli og lausafjárstöðu miðlægu stofnunarinnar og allra tengdra stofnana á grund-velli samstæðureikningsskila þessara stofnana,

c) framkvæmdastjórn miðlægu stofnunarinnar hefur vald til að senda fyrirmæli til stjórnenda tengdra stofnana.

Aðildarríki mega viðhalda og notfæra sér gildandi landslöggjöf varðandi beitingu undanþágu sem um getur í fyrstu undirgrein svo framarlega sem hún stangast ekki á við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB.

2. Ef lögbær yfirvöld hafa fullvissað sig um að skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. séu uppfyllt og ef ábyrgðir eða skuldbindingar miðlægu stofnunarinnar njóta fullrar ábyrgðar tengdra stofnana geta lögbær yfirvöld fallið frá beitingu annars til áttunda hluta gagnvart miðlægri stofnun á einingargrunni.

2. KAFLI

Varfærniskröfur vegna samstæðu

1. þáttur

Beiting krafna á samstæðugrunni

11. gr.

Almenn meðferð

1. Móðurstofnanir í aðildarríki skulu, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr., uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum til fjórða hluta og sjöunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu sinnar. Móðurfélögin og dótturfélög þeirra sem falla undir þessa reglugerð skulu koma á fót viðeigandi stjórnskipulagi og viðeigandi innra eftirlitskerfi til að tryggja að þau gögn sem gerð samstæðureikningsskila krefst séu unnin og áframsend á tilhlýðilega hátt. Þau skulu einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum, tækjum og tólum til að tryggja viðeigandi gerð samstæðureikningsskila.

2. Stofnanir undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki skulu, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr., uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum til fjórða hluta og sjöunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu þess eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.

Ef fleiri en ein stofnun er undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki skal fyrsta undirgrein eingöngu eiga við um stofnunina sem eftirlit á samstæðugrunni gildir um, í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. Móðurstofnanir í ESB og stofnanir undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB og stofnanir undir stjórn blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB skulu uppfylla skyldurnar sem mælt er fyrir um í sjötta hluta á grundvelli stöðu samstæðu þeirrar móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, ef samstæðan samanstendur af einni eða fleiri lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum sem hafa heimild til að veita þá fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið A-hluta I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB. Þar til skýrsla framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 508. gr. liggur fyrir og ef samstæðan samanstendur eingöngu af verðbréfafyrirtækjum mega lögbær yfirvöld veita verðbréfafyrirtækjum undanþágu frá því að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta á samstæðugrunni, með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi þeirra og þess hversu margþætt hún er.

4. Ef 10. gr. er beitt skal miðlæga stofnunin sem um getur í þeirri grein uppfylla kröfur annars til áttunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu miðlægu stofnunarinnar og tengdra stofnana hennar í heild.

5. Til viðbótar við kröfurnar í 1.–4. mgr. og með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB geta lögbær yfirvöld, þegar það er réttlætanlegt í eftirlitstilgangi vegna áhættusérkenna eða sérstakrar samsetningar á fjármögnun stofnunar eða ef aðildarríkin samþykkja landslög sem kveða á um aðgreiningu á uppbyggingu starfsþátta innan bankasamstæðu, krafist þess að hinar aðskildu stofnanir uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum til fjórða hluta og sjötta til áttunda hluta þessarar reglugerðar og í VII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB á undirsamstæðugrunni.

Beiting aðferðarinnar sem sett er fram í fyrstu undirgrein skal ekki hafa áhrif á skilvirkt eftirlit á samstæðugrunni og hvorki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á heild eða hluta fjármálakerfisins í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild né mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.

12. gr.

Eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með bæði lánastofnun og verðbréfafyrirtæki sem dótturfélag

Ef eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur a.m.k. eina lánastofnun og eitt verðbréfafyrirtæki að dótturfélagi skulu kröfurnar sem gilda á grundvelli stöðu samstæðu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi gilda um lánastofnunina.

13. gr.

Beiting birtingarkrafna á samstæðugrunni

1. Móðurstofnanir í Evrópusambandinu skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í áttunda hluta á samstæðugrunni.

Mikilvæg dótturfélög móðurstofnana í ESB og þau dótturfélög sem eru verulega mikilvæg á staðbundnum markaði skulu veita þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 437., 438., 440., 442., 450., 451. og 453. gr. á einingargrunni eða undirsamstæðugrunni.

2. Stofnanir undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB skulu uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í áttunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu þess eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.

Mikilvæg dótturfélög móðureignarhaldsfélaga á fjármálasviði í ESB eða blandaðra móðureignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi í ESB og þau dótturfélög sem eru verulega mikilvæg á staðbundnum markaði skulu birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 437., 438., 440., 442., 450., 451. og 453. gr. á einingargrunni eða undirsamstæðugrunni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda í heild eða að hluta um móðurstofnanir í ESB, stofnanir undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, að því marki sem þær falla undir jafngilda upplýsingagjöf á samstæðugrunni af hálfu móðurfélags með staðfestu í þriðja landi.

4. Ef 10. gr. er beitt skal miðlæga stofnunin sem um getur í þeirri grein uppfylla kröfur áttunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu miðlægu stofnunarinnar. Ákvæði 1. mgr. 18. gr. skulu gilda um miðlægu stofnunina og fara skal með tengdar stofnanir sem dótturfélög miðlægu stofnunarinnar.

14. gr.

Beiting krafna fimmta hluta á samstæðugrunni

1. Móðurfélög og dótturfélög þeirra sem falla undir þessa reglugerð skulu uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í fimmta hluta á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni til að tryggja að fyrirkomulag þeirra, ferli og tæki og tól sem þessi ákvæði krefjast séu samræmdar og vel samþættar og að unnt sé að leggja fram öll gögn og upplýsingar sem varða eftirlitið. Þau skulu einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum og tækjum og tólum til að tryggja að þessum ákvæðum sé fylgt.

2. Stofnanir skulu beita viðbótaráhættuvog í samræmi við 407. gr. þegar þær beita 92. gr. á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni ef farið er á svig við kröfurnar í 405. og 406. gr. hjá aðila með staðfestu í þriðja landi sem felldur er inn í samstæðureikning í samræmi við 18. gr. að því gefnu að brotið sé verulegt með hliðsjón af heildaráhættusniði samstæðunnar.

3. Kröfurnar, sem leiða af fimmta hluta varðandi dótturfélög sem falla utan þessarar reglugerðar, gilda ekki ef móðurstofnun í ESB eða stofnanir undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að beiting fimmta hluta sé ólögmæt samkvæmt lögum þess þriðja lands þar sem dótturfélagið hefur staðfestu.

15. gr.

Undanþága frá beitingu krafna vegna eiginfjárgrunns á samstæðugrunni fyrir samstæður verðbréfafyrirtækja

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni má í hverju tilviki fyrir sig veita undanþágu frá beitingu þriðja hluta þessarar reglugerðar og VII. bálki 4. kafla tilskipunar 2013/36/ESB á samstæðugrunni að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu fyrir hendi:

a) sérhvert verðbréfafyrirtæki í ESB innan samstæðunnar notar þann fráviksútreikning á fjárhæð heildaráhættu sem um getur í 2. mgr. 95. gr. eða 2. mgr. 96. gr.,

b) öll verðbréfafyrirtæki í samstæðunni falla undir flokkana í 1. mgr. 95. gr. eða 1. mgr. 96. gr.,

c) verðbréfafyrirtækin í ESB innan samstæðunnar uppfylla hvert um sig kröfurnar, sem eru settar í 95. gr. á einingargrunni og draga jafnframt frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 allar ábyrgðarskuldbindingar vegna verðbréfafyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og félaga í viðbótarstarfsemi, sem annars yrðu teknar með í samstæðureikningsskilin,

d) eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem er móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki að því er varðar verðbréfafyrirtæki í samstæðunni býr yfir a.m.k. jafn miklu fjármagni, sem hér er skilgreint sem summa liðanna sem um getur í 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 51. gr. og 1. mgr. 62. gr., og þarf til að mæta summu eftirfarandi:

   i. summu alls bókfærðs virðis eignarhluta, víkjandi krafna og gerninga sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 36. gr., c- og d-lið 1. mgr. 56. gr. og c- og d-lið 1. mgr. 66. gr. í verðbréfafyrirtækjum, fjármálastofnunum, eignastýringarfélögum og félögum í viðbótarstarfsemi, sem annars yrðu teknir með í samstæðureikningsskilin og

   ii. heildarfjárhæð ábyrgðarskuldbindinga vegna verðbréfafyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og félaga í viðbótarstarfsemi, sem annars yrðu teknar með í samstæðureikningsskilin.

e) samstæðan innifelur ekki lánastofnanir.

Ef forsendurnar í fyrstu undirgrein eru uppfylltar skulu öll verðbréfafyrirtæki í ESB hafa yfir að ráða kerfum til að hafa eftirlit með og stjórna uppruna eigin fjár og annarrar fjármögnunar allra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði, verðbréfafyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og félag í viðbótarstarfsemi, innan samstæðunnar.

2. Lögbær yfirvöld geta einnig beitt undanþágunni ef eignarhaldsfélögin á fjármálasviði hafa yfir að ráða lægri fjárhæð eiginfjárgrunns en þeirri fjárhæð sem reiknuð er út skv. d-lið 1. mgr., en eigi lægri en summu krafna vegna eiginfjárgrunns sem gerðar eru á einingargrunni til verðbréfafyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og félaga í viðbótarstarfsemi, sem annars yrðu tekin með í samstæðureikningsskil, og heildarfjárhæðar ábyrgðarskuldbindinga vegna verðbréfafyrirtækja, fjármálastofnana, eignastýringarfélaga og félaga í viðbótarstarfsemi, sem annars yrðu tekin með í samstæðureikningsskil. Að því er varðar þessa málsgrein er krafa vegna eiginfjárgrunns fyrir verðbréfafyrirtæki í þriðju löndum, fjármálastofnanir, eignastýringarfélög og félög í viðbótarstarfsemi nafnverðskrafa vegna eiginfjárgrunns.

16. gr.

Undanþága frá beitingu krafna um vogunarhlutfall á samstæðugrunni fyrir samstæður verðbréfafyrirtækja

Ef allar einingar í samstæðu verðbréfafyrirtækja, þ.m.t. móðurfélagið, eru verðbréfafyrirtæki sem eru undanþegin beitingu krafnanna, sem settar eru fram í sjöunda hluta á einingargrunni í samræmi við 5. mgr. 6. gr., getur móðurfélag verðbréfafyrirtækisins valið að beita ekki þeim kröfum sem settar eru fram í sjöunda hluta á samstæðugrunni.

17. gr.

Eftirlit með verðbréfafyrirtækjum sem eru undanþegin beitingu krafna vegna eiginfjárgrunns á samstæðugrunni

1. Verðbréfafyrirtæki í samstæðu, sem fengið hefur undanþágu skv. 15. gr., skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi um þær áhættur sem kunna að grafa undan fjárhagsstöðu þeirra, þ.m.t. áhættur sem tengjast samsetningu og uppruna eiginfjárgrunns þeirra, innri fjár og annarrar fjármögnunar.

2. Ef lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á varfærniseftirliti með verðbréfafyrirtækjum falla frá kröfu um eftirlit á samstæðugrunni, eins og kveðið er á um í 15. gr., skulu þau gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að hafa eftirlit með áhættu, einkum stórum áhættuskuldbindingum, allrar samstæðunnar, þ.m.t. allra fyrirtækja sem eru ekki staðsett í aðildarríki.

3. Ef lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á varfærniseftirliti með verðbréfafyrirtækjum falla frá beitingu krafna vegna eiginfjárgrunns á samstæðugrunni eins og kveðið er á um í 15. gr. skulu kröfur áttunda hluta gilda á einingargrunni.

2. þáttur.

Aðferðir við gerð samstæðureikningsskila

18. gr.

Aðferðir við gerð samstæðureikningsskila

1. Þær stofnanir, sem krafist er að uppfylli kröfurnar sem um getur í 1. þætti á grundvelli stöðu samstæðu sinnar, skulu að öllu leyti fella inn í samstæðureikningsskil allar stofnanir og fjármálastofnanir á meðal dótturfélaga sinna eða, þar sem við á, dótturfélög sama móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaða móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi. Ákvæði 2.–8. mgr. þessarar greinar gilda ekki í þeim tilvikum þar sem sjötti hluti gildir á grundvelli stöðu samstæðu stofnunarinnar.

2. Hins vegar geta lögbær yfirvöld í hverju tilviki fyrir sig heimilað hlutfallsleg samstæðureikningsskil samkvæmt þeim hluta hlutafjár sem móðurfélagið á í dótturfélaginu. Einungis má heimila hlutfallsleg samstæðureikningsskil ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) ábyrgð móðurfélags er takmörkuð við þann hluta hlutafjár sem móðurfélagið á í dótturfélaginu í ljósi ábyrgðar annarra hluthafa eða aðila,

b) gjaldþol hluthafanna eða aðilanna er fullnægjandi,

c) skýrt er kveðið á um ábyrgð annarra hluthafa og aðila á lagalega bindandi hátt.

3. Ef tengsl eru á milli fyrirtækja í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE skulu lögbær yfirvöld ákvarða hvernig samstæðureikningsskilum skuli háttað.

4. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal krefjast hlutfallslegra samstæðureikningsskila í samræmi við hluta hlutdeildareigna í stofnunum og fjármálastofnunum, sem er stjórnað af fyrirtæki sem fellt er inn í samstæðureikning ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum sem eru ekki talin með í samstæðunni, ef ábyrgð þessara fyrirtækja er takmörkuð við þann hluta hlutafjár sem þau eiga.

5. Þegar um er að ræða aðra hlutdeild eða önnur fjármagnstengsl en um getur í 1. og 4. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig eigi að semja samstæðureikningsskil. Einkum er þeim heimilt að leyfa eða krefjast notkunar á hlutdeildaraðferðinni. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

6. Lögbær yfirvöld skulu ákveða hvort og hvernig semja skuli samstæðureikningsskil í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar, að mati lögbærra yfirvalda, stofnun hefur veruleg áhrif í einni eða fleiri stofnunum eða fjármálastofnunum, án þess að eiga hlut í eða hafa önnur fjármagnstengsl við þessar stofnanir, og

b) þegar tvær eða fleiri stofnanir eða fjármálastofnanir eru settar undir aðra sameiginlega stjórn en kveðið er á um í samningi eða stofnsamþykktum þeirra.

Einkum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa eða krefjast notkunar aðferðarinnar sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir gerð samstæðureikningsskila í þeim tilvikum sem um getur í 2.–6. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Ef krafist er eftirlits á samstæðugrundvelli skv. 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu félög í viðbótarstarfsemi og eignastýringarfélög eins og þau eru skilgreind í 5. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB tekin með við gerð samstæðureikningsskila í þeim tilvikum og í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í þessari grein.

3. þáttur

Umfang samstæðureikningsskila

19. gr.

Aðilar sem ekki falla undir samstæðureikningsskil

1. Stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi sem er dótturfélag eða hlutdeildarfyrirtæki þarf ekki að fella inn í samstæðureikning ef heildarfjárhæð eigna viðkomandi fyrirtækis og liða þess utan efnahagsreiknings er lægri en sú eftirfarandi fjárhæða sem lægri er:

a) 10 milljónir evra,

b) 1% af heildarfjárhæð eigna og liða utan efnahagsreiknings í eigu móðurfyrirtækisins eða fyrirtækisins sem er eigandi hlutdeildarinnar.

2. Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni skv. 111. gr. tilskipunar 2013/36/EB geta ákveðið í hverju tilviki fyrir sig, í eftirfarandi tilvikum, að ekki þurfi að fella stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi, sem er dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfyrirtæki, inn í samstæðureikning:

a) ef hlutaðeigandi fyrirtæki er í þriðja landi þar sem lagalegar hömlur eru á því að fá nauðsynlegar upplýsingar,

b) ef hlutaðeigandi fyrirtæki hefur einungis óverulega þýðingu að því er varðar markmið eftirlits með stofnunum,

c) ef, að mati lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrunni, það væri óviðeigandi eða villandi að fella fjárhagsstöðu fyrirtækisins sem um ræðir inn í samstæðureikning, að því er varðar markmið eftirlitsins með stofnunum.

3. Ef, í tilvikunum sem um getur í 1. mgr. og b-lið 2. mgr., mörg fyrirtæki uppfylla skilyrðin sem þar eru sett fram skulu þau engu að síður felld inn í samstæðureikninginn ef þau skipta máli sem ein heild með hliðsjón af tilgreindum markmiðum.

20. gr.

Sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur

1. Lögbær yfirvöld skulu vinna saman, í fullu samráði:

a) þegar um er að ræða umsóknir um leyfin sem um getur í 1. mgr. 143. gr., 4. og 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. og 363 gr., eftir því sem við á, sem móðurstofnun í ESB og dótturfyrirtæki hennar leggja fram, eða sem dótturfyrirtæki móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB leggja fram sameiginlega, til að ákveða hvort veita skuli leyfið, sem sótt hefur verið um, og til að ákvarða skilmálana og skilyrðin, ef einhver eru, sem slíkt leyfi væri háð,

b) í þeim tilgangi að ákvarða hvort skilyrði séu fyrir sérstakri meðferð innan samstæðu eins og um getur í 9. mgr. 422. gr. og 5. mgr. 425. gr. með stuðningi tæknilegra eftirlitsstaðla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 10. mgr. 422. gr. og 6. mgr. 425. gr.

Umsóknum skal einungis skilað til eftirlitsaðilans á samstæðugrundvelli.

Umsóknin, sem um getur í 2. mgr. 312. gr., skal fela í sér lýsingu á þeirri aðferðafræði sem notuð er við dreifingu eigin fjár vegna rekstraráhættu á milli mismunandi aðila samstæðunnar. Í umsókninni skal tekið fram hvort og hvernig dreifingaráhrif eru tekin til greina í áhættumatskerfinu.

2. Lögbær yfirvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu innan sex mánaða um:

a) umsóknina sem um getur í a-lið 1. mgr.,

b) mat á forsendum og ákvörðunarþáttum sérstakrar meðferðar sem um getur í b-lið 1. mgr.

Þessi sameiginlega ákvörðun skal sett fram í skjali þar sem gild rök eru færð fyrir ákvörðuninni sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., skal láta umsækjandanum í té.

3. Tímabilið, sem um getur í 2. mgr., skal hefjast:

a) á viðtökudegi eftirlitsaðilans á samstæðugrundvelli á fullunninni umsókn sem um getur í a-lið 1. mgr. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal áframsenda fullgerðu umsóknina til annarra lögbærra yfirvalda án tafar,

b) á viðtökudegi lögbærra yfirvalda á skýrslu saminni af eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli sem inniheldur greiningu á skuldbindingum innan samstæðunnar.

4. Liggi sameiginleg ákvörðun lögbærra yfirvalda ekki fyrir innan sex mánaða skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli taka sína eigin ákvörðun um a-lið 1. mgr. Ákvörðun eftirlitsaðilans á samstæðugrundvelli skal ekki takmarka valdsvið lögbærra yfirvalda skv. 105. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Ákvörðunin skal sett fram í skjali þar sem gild rök eru færð fyrir ákvörðuninni og þar skal tekið tillit til skoðana og fyrirvara sem hin lögbæru yfirvöldin hafa látið í ljós á sex mánaða tímabilinu.

Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli tilkynnir móðurstofnuninni í ESB, móðureignarhaldsfélaginu á fjármálasviði í ESB eða blandaða móðureignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi í ESB og hinum lögbæru yfirvöldunum um ákvörðunina.

Ef einhver viðkomandi lögbæru yfirvaldanna hafa vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 við lok sex mánaða tímabilsins skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli fresta ákvörðun sinni varðandi a-lið 1. mgr. þessarar greinar og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Sex mánaða tímabilið skal teljast sáttatímabil í skilningi þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok sex mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.

5. Liggi sameiginleg ákvörðun lögbærra yfirvalda ekki fyrir innan sex mánaða skal lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti með dótturfélagi á einingargrunni taka sína eigin ákvörðun varðandi b-lið 1. mgr.

Ákvörðunin skal sett fram í skjali þar sem gild rök eru færð fyrir ákvörðuninni og þar skal tekið tillit til skoðana og fyrirvara sem hin lögbæru yfirvöldin hafa látið í ljós á sex mánaða tímabilinu.

Ákvörðunin skal tilkynnt eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli sem upplýsir móðurstofnunina í ESB, móðureignarhaldsfélagið á fjármálasviði í ESB eða blandaða móðureignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi í ESB.

Ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli hefur vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010 við lok sex mánaða tímabilsins skal lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti með dótturfélaginu á einingargrunni fresta ákvörðun sinni varðandi b-lið 1. mgr. þessarar greinar og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Sex mánaða tímabilið skal teljast sáttatímabil í skilningi þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok sex mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.

6. Ef móðurstofnun í ESB og dótturfélög hennar, dótturfélög móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB nota þróaða mæliaðferð, sem um getur í 2. mgr. 312. gr., eða innramatsaðferð, sem um getur í 143. gr. á sameinuðum grundvelli, skulu lögbær yfirvöld heimila að móðurfélag og dótturfélög þess uppfylli sem heild þær forsendur sem settar eru fram í 321. og 322. gr. eða í 6. þætti 3. kafla II. bálks þriðja hluta, eftir því sem við á, á þann hátt sem samræmist uppbyggingu samstæðunnar og áhættustjórnunarkerfum hennar, ferlum og aðferðafræði.

7. Ákvarðanirnar, sem um getur í 2., 4. og 5. mgr., skulu teljast ákvarðandi þættir og skulu lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum beita þeim.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum þar sem tilgreint er sameiginlega ákvörðunarferlið, sem um getur í a-lið 1. mgr., að því er varðar umsóknir um leyfi sem um getur í 1. mgr. 143. gr., 4. og 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. og 363. gr. í því skyni að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

21. gr.

Sameiginlegar ákvarðanir um umfang beitingar lausafjárkrafna

1. Þegar umsókn berst frá móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í ESB, blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í ESB eða undirsamstæðudótturfélagi móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, skulu eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli og lögbær yfirvöld í aðildarríki sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB gera allt sem í þeirra valdi stendur til að taka sameiginlega ákvörðun um hvort skilyrði a- til d-liða 1. mgr. 8. gr. séu uppfyllt og afmarka eina lausafjárundirsamstæðu vegna beitingar 8. gr.

Sameiginlega ákvörðunin skal tekin innan sex mánaða frá því að eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli leggur fram skýrslu sem gerir grein fyrir einstökum lausafjárundirsamstæðum á grundvelli forsendna sem mælt er fyrir um í 8. gr. Ef ágreiningur kemur upp á sex mánaða tímabilinu skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina að beiðni einhverra hinna lögbæru yfirvaldanna. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli má hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina að eigin frumkvæði.

Sameiginlega ákvörðunin getur einnig falið í sér takmarkanir á staðsetningu og eignarhaldi lausafjáreigna og kröfu um að stofnanir, sem eru undanþegnar beitingu sjötta hluta, ráði yfir lágmarksfjárhæð lausafjáreigna.

Sameiginlega ákvörðunin skal sett fram í skjali þar sem ákvörðunin er vel rökstudd og eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal láta móðurstofnun lausafjárundirsamstæðunnar það í té.

2. Liggi sameiginleg ákvörðun ekki fyrir innan sex mánaða skal hvert og eitt lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti á einingargrunni taka eigin ákvörðun.

Hins vegar geta öll lögbær yfirvöld, á sex mánaða tímabilinu, vísað þeirri spurningu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar hvort skilyrðunum í a- og d-liðum 1. mgr. 8. gr. sé fullnægt. Í því tilviki getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafið sáttaumleitun, sem ekki er bindandi, í samræmi við c-lið 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010 og skulu öll viðkomandi lögbær yfirvöld fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða þeirrar sáttaumleitunar liggur fyrir. Hafi lögbær yfirvöld ekki komist að samkomulagi innan þriggja mánaða, á meðan sáttaumleitunin fer fram, skal sérhvert lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti á einingargrunni taka sína eigin ákvörðun með tilliti til hlutfallsins á milli ávinnings og áhættu í því aðildarríki þar sem móðurstofnun hefur staðfestu sem og hlutfalls ávinnings og áhættu í því aðildarríki þar sem dótturfélagið hefur staðfestu. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok sex mánaða tímabilsins eða eftir að sameiginlega ákvörðunin hefur verið tekin.

Sameiginlega ákvörðunin sem um getur í 1. mgr. og ákvarðanirnar sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar eru bindandi.

3. Einnig getur viðkomandi lögbært yfirvald haft samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina á sex mánaða tímabilinu ef ósætti kemur upp varðandi skilyrðin í a- til d-liðum 3. mgr. 8. gr. Í því tilviki getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafið sáttaumleitun, sem ekki er bindandi, í samræmi við c-lið 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010 og skulu öll viðkomandi lögbær yfirvöld fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða þeirrar sáttaumleitunar liggur fyrir. Hafi lögbær yfirvöld ekki komist að samkomulagi innan þriggja mánaða, á meðan sáttaumleitunin fer fram, skal sérhvert lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti á einingargrunni taka sína eigin ákvörðun.

22. gr.

Gerð undirsamstæðureiknings í tilviki eininga í þriðju löndum

Dótturstofnanir skulu beita kröfunum, sem settar eru fram í 89.–91. gr. og þriðja og fimmta hluta, á grundvelli stöðu undirsamstæðu ef þessar stofnanir, eða móðurfyrirtækið ef það er

eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hafa stofnun eða fjármálastofnun að dótturfélagi í þriðja landi, eða eiga hlutdeild í slíku fyrirtæki.

23. gr.

Fyrirtæki í þriðju löndum

Við beitingu eftirlits á samstæðugrunni í samræmi við þennan kafla, skulu hugtökin „verðbréfafyrirtæki“, „lánastofnun“, „fjármálastofnun “og „stofnun“ einnig gilda um fyrirtæki með staðfestu í þriðju löndum, sem myndu uppfylla skilgreiningar þessara hugtaka í 4. gr. ef þau hefðu staðfestu í Sambandinu.

24. gr.

Mat eigna og liða utan efnahagsreiknings

1. Mat eigna og liða utan efnahagsreiknings skal fara fram í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær yfirvöld krafist þess að stofnanir framkvæmi mat á eignum og liðum utan efnahagsreiknings og ákvarði eiginfjárgrunn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eftir því sem við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

2. HLUTI

EIGINFJÁRGRUNNUR

I. BÁLKUR

ÞÆTTIR EIGINFJÁRGRUNNS

1. KAFLI

Eiginfjárþáttur 1

25. gr.

Eiginfjárþáttur 1

Hjá stofnunum samanstendur eiginfjárþáttur 1 af summu almenns eigin fjár þáttar 1 og viðbótareiginfjár þáttar 1.

2. KAFLI

Almennt eigið fé þáttar 1

1. þáttur

Liðir almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1

26. gr.

Liðir í almennu eigin fé þáttar 1

1. Hjá stofnunum samanstanda liðir í almennu eigin fé þáttar 1 af eftirfarandi:

a) fjármagnsgerningum, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr. séu uppfyllt,

b) yfirverðsreikningum hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í a-lið,

c) óráðstöfuðu eigið fé,

d) annarri uppsafnaðri heildarafkomu,

e) öðrum varasjóðum,

f) sjóðum vegna almennrar bankaáhættu.

Einungis skal færa liðina sem um getur í c- til f-lið sem almennt eigið fé þáttar 1 ef stofnunin hefur óhindrað og tafarlaust aðgengi að þeim til notkunar við að verja áhættu eða tap um leið og slíkt á sér stað.

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. geta stofnanir einungis með fyrirfram veittu leyfi lögbærs yfirvalds talið hagnað árshluta eða heils árs með í almennu eigin fé þáttar 1 áður en stofnun hefur tekið formlega ákvörðun til staðfestingar endanlegum hagnaði eða tapi stofnunarinnar. Lögbært yfirvald skal veita leyfi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) hagnaðurinn hefur verið sannprófaður af aðilum sem eru óháðir stofnuninni og bera ábyrgð á endurskoðun reikningsskila stofnunarinnar,

b) stofnunin hefur að mati lögbærra yfirvalda sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að öll fyrirsjáanleg gjöld eða arðgreiðslur hafi verið dregnar frá fjárhæð hagnaðarins.

Sannprófun á árshlutahagnaði eða heils árs hagnaði stofnunar skal veita nægjanlega vissu um að hagnaðurinn hafi verið metinn í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

3. Lögbær yfirvöld skulu meta hvort útgáfa almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 uppfyllir forsendurnar sem settar eru fram í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr. Að því er varðar útgáfur eftir 28. júní 2013 skulu stofnanir einungis að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda, sem mega hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, flokka fjármagnsgerninga sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.

Að því er varðar fjármagnsgerninga, fyrir utan ríkisaðstoð, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt sem hæfa til flokkunar með almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 en sem, að mati Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar er efnislega flókið að staðreyna að uppfylli forsendur 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr., skulu lögbær yfirvöld útskýra rök sín fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

Á grundvelli upplýsinga frá hverju lögbæru yfirvaldi skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin útbúa, viðhalda og birta skrá yfir allar tegundir fjármagnsgerninga í hverju aðildarríki sem uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útbúa þá skrá og birta hana í fyrsta sinn fyrir 28. júlí 2013.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur ákveðið, að loknu endurmatsferlinu sem sett er fram í 80. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr., að fjarlægja fjármagnsgerninga utan ríkisaðstoðar, sem gefnir eru út eftir 28. júní 2013, af skránni og má gefa út tilkynningu þess efnis.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem er tilgreint hvað teljist fyrirsjáanlegt við ákvörðun þess hvort fyrirsjáanleg gjöld og arðgreiðslur hafi verið dregnar frá.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

27. gr.

Fjármagnsgerningar gagnkvæmra félaga, samvinnufélaga, sparisjóða eða svipaðra stofnana í almennu eigin fé þáttar 1

1. Liðir í almennu eigin fé þáttar 1 skulu ná yfir alla fjármagnsgerninga sem stofnun hefur gefið út samkvæmt samþykktum sínum, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnunin er af þeirri tegund sem skilgreind er samkvæmt viðeigandi landslögum og sem lögbær landsyfirvöld telja að uppfylli skilyrði þess að vera eitthvert eftirfarandi:

   i. gagnkvæmt félag,

   ii. samvinnufélag,

   iii. sparisjóður,

   iv. svipuð stofnun,

   v. lánastofnun sem er að fullu í eigu einna þeirra stofnana sem um getur í i. – iv. lið og hefur samþykki viðeigandi lögbærs yfirvalds til að nýta sér ákvæði þessarar greinar að því tilskildu að og svo framarlega sem 100% af útgefnum almennum hlutum í lánastofnuninni séu beint eða óbeint í eigu stofnunar sem um getur í þessum liðum,

b) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr. eru uppfyllt.

Gagnkvæmu félögin, samvinnufélögin eða sparisjóðirnir, sem eru viðurkennd sem slík samkvæmt viðeigandi landslögum fyrir 31. desember 2012, skulu áfram flokkuð sem slík hvað varðar þennan hluta, að því tilskildu að þau uppfylli áfram forsendur slíkrar viðurkenningar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru skilyrði þess að lögbær yfirvöld geti ákvarðað að tegund fyrirtækis sem er viðurkennt samkvæmt viðeigandi landslögum uppfylli skilyrði þess að vera gagnkvæmt félag, samvinnufélag, sparisjóður eða svipuð stofnun hvað varðar þennan hluta.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

28. gr.

Almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1

1. Fjármagnsgerningar teljast einungis uppfylla skilyrði þess að vera almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gefur gerningana út beint með fyrirframsamþykki eigenda stofnunarinnar, eða stjórn stofnunarinnar ef viðeigandi landslög heimila það,

b) gerningarnir hafa verið greiddir og kaup á þeim eru ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,

c) gerningarnir uppfylla öll eftirfarandi skilyrða að því er varðar flokkun þeirra:

   i. þeir uppfylla skilyrði eigin fjár í skilningi 22. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

ii. þeir eru flokkaðir sem eigið fé í skilningi viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

iii. þeir eru flokkaðir sem eigið fé við ákvörðun á ógjaldfærni í tengslum við efnahagsreikning, ef við á samkvæmt landslögum um ógjaldfærni,

d) gerningarnir eru sýndir með skýrum og aðgreindum hætti í efnahagsreikningi reikningsskila stofnunarinnar,

e) gerningarnir eru ótímabundnir,

f) höfuðstól gerninganna má ekki lækka eða endurgreiða nema í öðru eftirfarandi tilvika:

i. við félagsslit stofnunarinnar,

ii. við valkvæð endurkaup á gerningunum eða aðrar valkvæðar leiðir til að lækka eigið fé, ef stofnunin hefur hlotið leyfi lögbæra yfirvaldsins fyrirfram í samræmi við 77. gr.,

g) í þeim ákvæðum sem gilda um gerningana er hvorki gefið til kynna með skýrum né óbeinum hætti að höfuðstóll gerninganna muni eða kunni að verða lækkaður eða endurgreiddur, nema við félagsslit stofnunarinnar, og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt fyrir eða við útgáfu gerninganna, nema ef um er að ræða gerninga sem um getur í 27. gr., þar eð stofnuninni er ekki heimilt samkvæmt viðeigandi landslögum að synja innlausn slíkra gerninga,

h) gerningarnir uppfylla eftirfarandi skilyrði að því er varðar útgreiðslu þeirra:

i. engin forgangsmeðferð er til staðar varðandi röð útgreiðslna, þ.m.t. í tengslum við aðra almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, og skilmálar sem gilda um gerningana veita ekki forgangsrétt til útgreiðslna,

ii. útgreiðslu til eigenda gerninga má einungis greiða með liðum til útgreiðslu,

iii. skilyrði sem gilda um gerningana fela ekki í sér þak eða aðrar takmarkanir á hámarksgildi útgreiðslna, nema ef um er að ræða gerninga sem um getur í 27. gr.,

iv. stærð útgreiðslna er ekki ákvörðuð á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem gerningarnir voru keyptir á við útgáfu, nema ef um er að ræða gerninga sem um getur í 27. gr.,

v. skilyrðin sem gilda um gerningana fela ekki í sér að stofnunin sé skuldbundin til að inna af hendi útgreiðslur til eigenda þeirra og stofnunin er ekki á annan hátt háð slíkri skyldu,

vi. það að útgreiðsla eigi sér ekki stað felur ekki í sér vanskil af hálfu stofnunarinnar,

vii. niðurfelling útgreiðslu leggur ekki hömlur á stofnunina,

i) samanborið við alla fjármangsgerninga sem stofnunin gefur út bera gerningarnir fyrsta og hlutfallslega stærstan hluta taps, þegar það á sér stað, og hver gerningur ber tap í jafn miklum mæli og allir aðrir almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1,

j) gerningarnir raðast aftar öllum öðrum kröfum ef til ógjaldfærni eða félagsslita stofnunarinnar kemur,

k) eigendur gerninganna eiga kröfu í eftirstandandi eignir stofnunarinnar, sem við félagsslit og eftir greiðslu allra forgangskrafna er í réttu hlutfalli við fjárhæð slíkra útgefinna gerninga og er ekki föst fjárhæð eða háð þaki, nema ef um er að ræða fjármagnsgerninga sem um getur í 27. gr.,

l) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða veitt ábyrgð á þeim sem eykur rétthæð kröfunnar:

i. stofnunin eða dótturfélag hennar,

ii. móðurfélag stofnunarinnar eða dótturfélög þess,

iii. móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða dótturfélög þess,

iv. blandað eignarhaldsfélag eða dótturfélög þess,

v. blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og dótturfélög þess,

vi. fyrirtæki sem hefur náin tengsl við aðila sem um getur í i. til v. lið,

m) gerningarnir falla ekki undir fyrirkomulag, samningsbundið eða ekki, sem eykur rétthæð krafna samkvæmt gerningunum við ógjaldfærni eða félagsslit.

Skilyrðin, sem um getur í j-lið fyrstu undirgreinar, skulu teljast uppfyllt, jafnvel þótt gerningarnir séu taldir með í viðbótareiginfé þáttar 1 eða þætti 2 skv. 3. mgr. 484. gr., að því tilskildu að þeir séu jafngildir.

2. Skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. lið 1. mgr. skulu teljast uppfyllt þrátt fyrir varanlega niðurfærslu höfuðstóls viðbótar-eiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2.

Skilyrðin sem mælt er fyrir um í f-lið 1. mgr. skulu teljast uppfyllt þrátt fyrir lækkun höfuðstóls fjármagnsgerningsins í skilameðferð eða vegna niðurfærslu fjármagnsgerninga sem skilavald stofnunarinnar fer fram á.

Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í g-lið 1. mgr., skulu teljast uppfyllt þrátt fyrir að ákvæði sem gilda um fjármagnsgerninginn gefi til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að höfuðstóll gerningsins muni eða kunni að verða lækkaður í skilameðferð eða vegna niðurfærslu fjármagnsgerninga sem skilavald stofnunar-innar fer fram á.

3. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í iii. lið h-liðar 1. mgr., skulu teljast uppfyllt þrátt fyrir að gerningurinn gefi af sér fleiri en eina arðgreiðslu, að því tilskildu að slíkur margfaldur arður leiði ekki til útgreiðslu sem veldur hlutfallslega of miklu útstreymi úr eiginfjárgrunni.

4. Að því er varðar i. lið h-liðar 1. mgr. skulu aðgreindar útgreiðslur einungis endurspegla aðgreindan atkvæðisrétt. Í þessu tilliti skulu hærri útgreiðslur einungis gilda um almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 með lítinn eða engan atkvæðisrétt.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) viðeigandi form og eðli óbeinnar fjármögnunar eiginfjár-grunnsgerninga,

b) hvort og hvenær margfaldar útgreiðslur mynda hlutfallslega of mikið útstreymi úr eiginfjárgrunni,

c) merking forgangsútgreiðslna.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

29. gr.

Fjármagnsgerningar útgefnir af gagnkvæmum félögum, samvinnufélögum, sparisjóðum og svipuðum stofnunum

1. Fjármagnsgerningar útgefnir af gagnkvæmum félögum, samvinnufélögum, sparisjóðum og svipuðum stofnunum skulu einungis uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 28. gr., með breytingum vegna beitingar þessarar greinar, eru uppfyllt.

2. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt að því er varðar innlausn fjármagnsgerninga:

a) stofnun skal geta synjað innlausn gerninga nema viðeigandi landslög banni það,

b) ákvæði sem gilda um gerninga skulu gera stofnun kleift að takmarka innlausn þeirra, ef synjun stofnunar á innlausn gerninga er bönnuð samkvæmt landslögum,

c) synjun þess að innleysa gerninga, eða takmörkun á innlausn gerninganna, eftir atvikum, má ekki fela í sér vanskil af hálfu stofnunarinnar.

3. Fjármagnsgerningar mega einungis fela í sér þak eða takmörkun á hámarksútgreiðslu ef þakið eða takmörkunin er sett fram samkvæmt viðeigandi landslögum eða samþykktum stofnunarinnar.

4. Ef fjármagnsgerningar veita eiganda réttindi til varasjóða stofnunar í tilviki ógjaldfærni eða félagsslita, sem takmarkast við nafnverð gerninganna, gildir slík takmörkun í sama mæli um eigendur allra annarra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem sú stofnun hefur gefið út.

Skilyrðið, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, hefur ekki áhrif á möguleika gagnkvæms félags, samvinnufélags, sparisjóðs eða svipaðrar stofnunar til að færa, undir almenna eiginfjárgrunngerninga þáttar 1, gerninga sem veita eigandanum ekki atkvæðisrétt og sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) krafa eigenda gerninga án atkvæðisréttar við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunar er í réttu hlutfalli við þann hluta af öllum almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem þessir gerningar án atkvæðisréttar mynda,

b) gerningarnir uppfylla að öðru leyti skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.

5. Ef eigendur fjármagnsgerninganna eiga kröfu í eignir stofnunar ef til ógjaldfærni eða félagsslita kemur, sem er föst fjárhæð og háð þaki, skal slík takmörkun gilda í sama mæli um eigendur allra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem sú stofnun hefur gefið út.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreint er eðli þeirra takmarkana á innlausn sem nauðsynlegar eru ef synjun stofnunar á innlausn eiginfjárgrunnsgerninga er bönnuð samkvæmt landslögum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

30. gr.

Afleiðingar þess að skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eru ekki lengur uppfyllt

Ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr., eru ekki lengur uppfyllt að því er varðar almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, gildir eftirfarandi:

a) viðkomandi gerningur hættir þegar í stað að uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

b) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast þeim gerningi hætta þegar í stað að uppfylla skilyrði liða í almennu eigin fé þáttar 1.

31. gr.

Fjármagnsgerningar sem opinber yfirvöld skrá sig fyrir í neyðartilvikum

1. Í neyðartilvikum geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að telja til almenns eigin fjár þáttar 1 fjármagnsgerninga sem uppfylla a.m.k. þau skilyrði sem mælt er fyrir um í b- til e-lið í 1. mgr. 28. gr. ef öll eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) fjármagnsgerningarnir eru gefnir út eftir 1. janúar 2014,

b) framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lítur á fjármagnsgerningana sem ríkisaðstoð,

c) fjármagnsgerningarnir eru gefnir út í tengslum við endurfjármögnun samkvæmt reglum um ríkisaðstoð sem giltu á þeim tíma,

d) full áskrift hefur fengist að fjármagnsgerningunum og þeir eru í eigu ríkisins eða viðkomandi opinbers yfirvalds eða aðila í opinberri eigu,

e) fjármagnsgerningarnir geta borið tap,

f) eigendur fjármagnsgerninganna, fyrir utan fjármagnsgerningana sem um getur í 27. gr., eiga við félagsslit kröfu í eftirstandandi eignir stofnunarinnar eftir að allar forgangskröfur hafa verið greiddar,

g) fullnægjandi útgönguleiðir eru til staðar fyrir ríkið eða, eftir atvikum, viðkomandi opinbert yfirvald eða aðila í opinberri eigu,

h) lögbæra yfirvaldið hefur veitt leyfi fyrirfram og birt ákvörðun sína ásamt útskýringu á þeirri ákvörðun.

2. Að fenginni rökstuddri beiðni frá viðkomandi lögbæru yfirvaldi og í samvinnu við það skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin telja fjármagnsgerninga sem um getur í 1. mgr. jafngilda almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 að því er varðar þessa reglugerð.

2. þáttur

Varfærnissíur

32. gr.

Verðbréfaðar eignir

1. Stofnun skal ekki telja til liða í eiginfjárgrunni aukningu á eigin fé sínu, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, sem stafar af verðbréfuðum eignum, þ.m.t. eftirfarandi:

a) slíka aukningu tengda framtíðartekjum af vaxtaálagi sem birtist sem söluhagnaður stofnunarinnar,

b) hreinan hagnað vegna eignfærslu framtíðartekna af verðbréfuðu eignunum sem endurbætir lánshæfi staðna í verðbréfuninni, ef stofnunin er upphafsaðili verðbréfunar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreint er nánar hugtakið „söluhagnaður “ sem um getur í a-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

33. gr.

Sjóðstreymisvarnir og breytingar á virði eigin skuldbindinga

1. Stofnanir skulu ekki telja eftirfarandi liði til neinna þátta í eiginfjárgrunni:

a) gangvirðisvarasjóði (e. fair value reserves) tengda hagnaði eða tapi af sjóðstreymisvörnum fjármálagerninga sem eru ekki metnir á gangvirði, þ.m.t. sjóðstreymisspár,

b) hagnað eða tap af skuldbindingum stofnunarinnar, sem eru metnar á gangvirði, og stafar af breytingum á eigin lánshæfi stofnunarinnar,

c) hagnað og tap á gangvirði afleiðuskuldbindinga stofnunarinnar sem stafa af breytingum á eigin lánshæfi stofnunarinnar,

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skulu stofnanir ekki vega upp á móti hagnaði og tapi á gangvirði sem stafar af eigin útlánaáhættu stofnunarinnar með hagnaði og tapi sem stafar af útlánaáhættu mótaðila hennar.

3. Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. mega stofnanir telja fjárhæð hagnaðar og taps af eigin skuldbindingum með í eiginfjárgrunni að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) skuldbindingarnar eru í formi skuldabréfa eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

b) breytingar á virði eigna og skulda stofnunarinnar stafa af sömu breytingum á eigin lánshæfi stofnunarinnar,

c) það er náin samsvörun á milli virðis skuldabréfanna sem um getur í a-lið og virðis eigna stofnunarinnar,

d) mögulegt er að innleysa veðlánin með því að kaupa aftur skuldabréfin, sem fjármagna veðlánin, á markaðsverði eða nafnverði.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina í hverju náin samsvörun á milli virðis skuldabréfa og virðis eigna, eins og um getur í c-lið 3. mgr., felst.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. september 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

34. gr.

Viðbótarvirðisbreytingar

Stofnanir skulu beita kröfunum í 105. gr. á allar eignir metnar á gangvirði við útreikning fjárhæðar eiginfjárgrunns síns og skulu draga frá almennu eigin fé þáttar 1 fjárhæð allra viðbótarvirðisbreytingar sem nauðsynlegar eru.

35. gr.

Óinnleystur hagnaður og tap metið á gangvirði

Stofnanir skulu ekki draga frá eiginfjárgrunni sínum óinnleystan hagnað eða tap af eignum sínum eða skuldbindingum, metið á gangvirði, nema ef um er að ræða liði sem um getur í 33. gr.

3. þáttur

Frádráttur frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1, undanþágur og valmöguleikar

1. undirþáttur

Frádráttur frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1

36. gr.

Frádráttur frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1

1. Stofnanir skulu draga eftirfarandi frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1:

a) tap á yfirstandandi reikningsári,

b) óefnislegar eignir,

c) frestaða skattinneign byggða á framtíðararðsemi,

d) neikvæðar fjárhæðir, sem stafa af útreikningi á fjárhæðum vænts taps sem mælt er fyrir um í 158. og 159. gr., að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga með innramatsaðferðinni,

e) eignir réttindatengds lífeyrissjóðs í efnahagsreikningi stofnunar,

f) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar á eigin almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, þ.m.t. eigin almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 sem stofnun ber að kaupa vegna ábyrgðar eða gæti þurft að kaupa vegna ábyrgðarskuldbindingar, samkvæmt gildandi samningsbundinni skyldu,

g) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðilum á fjármálamarkaði, ef aðilarnir hafa krosseignarhald á þeirri stofnun sem lögbært yfirvald telur að hafi verið hannað til að blása eiginfjárgrunn stofnunarinnar upp á óeðlilegan hátt,

h) viðeigandi fjárhæð beins eignarhlutar, óbeins eignarhlutar og gervieignarhlutar stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði, ef stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í þessum aðilum,

i) viðeigandi fjárhæð beins eignarhlutar, óbeins eignarhlutar og gervieignarhlutar stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði, ef stofnunin á verulegan eignarhlut í þessum aðilum,

j) fjárhæð liða, sem krafist er skv. 56. gr. að dregnir séu frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1, sem eru umfram liði stofnunarinnar í viðbótareiginfé þáttar 1,

k) fjárhæð áhættuskuldbindinga eftirfarandi liða, sem uppfylla skilyrði fyrir 1250% áhættuvog, ef stofnunin dregur þá fjárhæð áhættuskuldbindingar frá fjárhæð liða í almennu eigin fé þáttar 1 í stað þess að nota 1250% áhættuvog, en þeir eru:

   i. virkur eignarhlutur utan fjármálageirans,

   ii. verðbréfaðar stöður, í samræmi við b-lið 1. mgr. 243. gr., b-lið 1. mgr. 244. gr. og 258. gr.,

   iii. ófrágengin viðskipti, í samræmi við 3. mgr. 379. gr.,

   iv. stöður í körfu sem stofnun getur ekki ákvarðað áhættuvog fyrir samkvæmt innramatsaðferðinni, í samræmi við 8. mgr. 153. gr.,

   v. áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, samkvæmt aðferð með eigin líkönum, í samræmi við 4. mgr. 155. gr.

l) hvers konar skattkvöð sem tengist liðum í almennu eigin fé þáttar 1, sem er fyrirsjáanlegur við útreikning, nema ef stofnunin aðlagar fjárhæð liða í almennu eigin fé þáttar 1 eins og við á að því marki sem slíkur álagður skattur lækkar þá fjárhæð þessara liða sem nota má til að mæta áhættum eða tapi.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina beitingu þess frádráttar sem um getur í a-, c-, e-, f-, h-, i- og l-lið 1. mgr. þessarar greinar og tengdan frádrátt sem um getur í a-, c-, d- og f-liðum 56. gr. og a-, c- og d-liðum 66. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreindar eru tegundir fjármagnsgerninga fjármálastofnana og, í samráði við Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunina) (EIOPA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 ([1]), vátrygginga- og endurtryggingafélaga þriðju landa og fyrirtækja, sem falla ekki undir gildissvið tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar, sem draga skal frá eftirfarandi þáttum eiginfjárgrunns:

a) liðum í almennu eigin fé þáttar 1,

b) liðum viðbótareiginfjár þáttar 1,

c) liðum í þætti 2.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

37. gr.

Frádráttur óefnislegra eigna

Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð frádráttar óefnislegra eigna í samræmi við eftirfarandi:

a) fjárhæð frádráttarins skal lækkuð um fjárhæð tengdra frestaðra skattskuldbindinga sem myndu falla niður ef óefnislegu eignirnar rýrnuðu að virði eða yrðu afskráðar samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

b) fjárhæð frádráttarins skal ná til viðskiptavildar sem er talin með í mati á verulegum eignarhlut stofnunar.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.

38. gr.

Frádráttur frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi

1. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi sem kemur til frádráttar í samræmi við þessa grein.

2. Sé skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. ekki fullnægt skal reikna út fjárhæð frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi án þess að lækka hana um fjárhæð tengdra frestaðra skattskuldbindinga stofnunarinnar.

3. Lækka má fjárhæð frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi um fjárhæð tengdra frestaðra skattskuldbindinga stofnunarinnar, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) aðilinn hefur lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna þessari skammtímaskattinneign á móti skammtímaskattskuldbindingu,

b) frestuð skattinneign og frestaðar skattskuldbindingar tengjast sköttum sem sömu skattyfirvöld hafa lagt á sama skattskylda aðilann.

4. Tengdar frestaðar skattskuldbindingar stofnunar, sem notaðar eru að því er varðar 3. mgr., mega ekki fela í sér frestaðar skattskuldbindingar sem lækka fjárhæð óefnislegra eigna eða eigna réttindatengds lífeyrissjóðs sem eru til frádráttar.

5. Fjárhæð tengdra frestaðra skattskuldbindinga sem um getur í 4. mgr. skal úthlutað á milli eftirfarandi:

a) frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi sem verður til vegna tímabundins mismunar og kemur ekki til frádráttar í samræmi við 1. mgr. 48. gr.,

b) allrar annarrar frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi.

Stofnanir skulu úthluta tengdum frestuðum skattskuldbindingum samkvæmt því hlutfalli frestaðrar skattinneignar byggðri á framtíðararðsemi sem liðirnir sem um getur í a- og b-lið standa fyrir.

39. gr.

Ofgreiðsla skatta, afturfæranlegt skattalegt tap og frestuð skattinneign sem byggir ekki á framtíðararðsemi

1. Eftirfarandi liðir skulu ekki dregnir frá eiginfjárgrunni og skulu fá áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta, eftir því sem við á:

a) ofgreiðslur stofnunar á skatti fyrir yfirstandandi ár,

b) skattalegt tap stofnunarinnar á yfirstandandi ári, fært aftur til fyrri ára, sem leiðir til kröfu á eða útistandandi skuldar við ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðbundin skattyfirvöld.

2. Frestuð skattinneign sem byggir ekki á framtíðararðsemi skal takmörkuð við frestaða skattinneign sem leiðir af tímabundnum mismun, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) henni er skipt út fyrir skattaafslátt án tafar, á ófrávíkjanlegan og sjálfvirkan máta, ef stofnunin skilar tapi þegar árleg reikningsskil hennar eru formlega samþykkt eða við félagsslit eða ógjaldfærni stofnunarinnar,

b) samkvæmt gildandi landsbundnum skattalögum getur stofnun jafnað skattaafslætti, sem um getur í a-lið, á móti öllum skattskuldbindingum stofnunarinnar, eða annars fyrirtækis sem fellt er inn í sömu samstæðureikningsskil og stofnunin í skattalegum tilgangi samkvæmt þeim lögum eða annars fyrirtækis sem fellur undir eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

c) ef fjárhæð skattaafsláttar sem um getur í b-lið er umfram skattskuldbindinguna sem um getur í þeim lið skal því sem umfram er án tafar skipt út fyrir beina kröfu á ríkisstjórn þess aðildarríkis þar sem stofnunin er sett á fót.

Stofnanir skulu nota 100% áhættuvog á frestaða skattinneign ef skilyrðin sem um getur í a-, b- og c-lið eru uppfyllt.

40. gr.

Frádráttur neikvæðra fjárhæða sem eru niðurstaða útreiknings á fjárhæðum vænts taps

Fjárhæðin sem kemur til frádráttar í samræmi við d-lið 1. mgr. 36. gr. skal ekki dregin frá með hækkun á frestaðri skattinneign byggðri á framtíðararðsemi, eða öðrum aukalegum skattalegum áhrifum, sem gæti átt sér stað ef varúðarniðurfærslur hækkuðu til jafns við vænt tap sem um getur í 3. þætti 3. kafla II. Bálks þriðja hluta.

41. gr.

Frádráttur eigna réttindatengds lífeyrissjóðs

1. Að því er varðar e-lið 1. mgr. 36. gr. skal fjárhæð eigna réttindatengds lífeyrissjóðs sem kemur til frádráttar lækkuð um eftirfarandi:

a) fjárhæð tengdra frestaðra skattskuldbindinga sem gætu fallið niður ef eignirnar rýrnuðu að virði eða yrðu afskráðar samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

b) fjárhæð eigna í réttindatengdum lífeyrissjóði sem stofnun getur notað án takmarkana, að því gefnu að stofnunin hafi fengið leyfi lögbærs yfirvalds fyrirfram.

Þær eignir sem notaðar eru til að lækka fjárhæðina sem kemur til frádráttar skulu fá áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta, eftir því sem við á:

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreindar eru forsendur lögbærs yfirvalds fyrir því að leyfa stofnun að lækka fjárhæð eigna í réttindatengdum lífeyrissjóði eins og tilgreint er í b-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

42. gr.

Frádráttur eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1

Að því er varðar f-lið 1. mgr. 36. gr. skulu stofnanir reikna út eignarhluti í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 á grundvelli vergra gnóttstaðna með eftirfarandi undantekningum:

a) stofnanir mega reikna út fjárhæð eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 á grundvelli hreinna gnóttstaðna að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu og skortstöðurnar fela ekki í sér mótaðilaáhættu,

   ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar.

b) stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna eigin almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem vísitölurnar fela í sér,

c) stofnanir mega jafna vergum gnóttstöðum í eigin almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem stafa af eignarhlutum í vísitöluverðbréfum á móti skortstöðum í eigin almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem stafa af skorstöðum í undirliggjandi vísitölum, þ.m.t. þegar skorstöðurnar fela í sér mótaðilaáhættu, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. gnótt- og skorstöðurnar eru í sömu undirliggjandi vísitölum,

   ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar.

43. gr.

Verulegur eignarhlutur í aðila á fjármálamarkaði

Að því er varðar frádrátt telst stofnun eiga verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði ef einhverju eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

a) stofnunin á meira en 10% af almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem aðilinn hefur gefið út,

b) stofnunin hefur náin tengsl við aðilann og á almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem aðilinn hefur gefið út,

c) stofnunin á almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem aðilinn hefur gefið út og aðilinn er ekki felldur inn í samstæðureikningsskil skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta heldur við sömu samstæðureikningsskil og stofnunin að því er varðar reikningsskil samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

44. gr.

Frádráttur eignarhluta aðila á fjármálamarkaði í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 og í þeim tilvikum þar sem stofnun hefur krosseignarhald sem hannað er til að blása eiginfjárgrunn upp á óeðlilegan hátt

Stofnun skal framkvæma þann frádrátt sem um getur í g-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. í samræmi við eftirfarandi:

a) eignarhlutir í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 og öðrum fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði skulu reiknaðar út á grundvelli vergra gnóttstaða,

b) fara skal með gjaldþolslið þáttar 1 hjá vátryggingarfélagi sem eignarhluti í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, að því er frádrátt varðar.

45. gr.

Frádráttur eignarhluta aðila á fjármálamarkaði í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1

Stofnanir skulu framkvæma þann frádrátt sem krafist er skv. g-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) þær mega reikna út beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti aðila á fjármálamarkaði í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 á grundvelli vergrar gnóttstöðu í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. líftími skortstöðunnar samsvarar líftíma gnóttstöðunnar eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma hennar,

   ii. annaðhvort er bæði gnóttstöðunni og skortstöðunni haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar,

b) þær skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna fjármagnsgerninga aðila á fjármálamarkaði í þessum vísitölum.

46. gr.

Frádráttur eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 í þeim tilvikum þar sem stofnun á ekki verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði

1. Að því er varðar h-lið 1. mgr. 36. gr. skulu stofnanir reikna út þá fjárhæð sem kemur til frádráttar með því að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar með þeim stuðli sem fæst með útreikningnum sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

a) samanlögð fjárhæð þess sem beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur og gervieignarhlutur stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði sem stofnun á ekki verulegan eignarhlut í, fer yfir 10% af samanlagðri fjárhæð liða stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1 sem reiknuð er út eftir að eftirfarandi hefur verið beitt á liði almenns eigin fjár þáttar 1:

   i. 32.–35. gr.,

   ii. frádrættinum sem um getur í a- til g-lið, ii.–v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,

   iii. 44. og 45. gr.,

b) fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í almennunum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, deilt með samanlagðri fjárhæð allra beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði.

2. Stofnanir skulu undanskilja sölutryggingarstöður, sem haldið er í fimm virka daga eða skemur, frá fjárhæðinni sem um getur í a-lið 1. mgr. og frá útreikningi stuðulsins sem um getur í b-lið 1. mgr.

3. Fjárhæðinni sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. skal deilt niður á alla almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem haldið er. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeim hluta sem tilgreindur er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð eignarhluta sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr.,

b) hluti samanlagðrar fjárhæðar beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði, ef stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í þessum aðilum í formi einstakra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem haldið er.

4. Sú fjárhæð eignarhluta sem um getur í h-lið 1. mgr. 36. gr. sem samsvarar eða er lægri en 10% af liðum stofnana í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að ákvæðunum í i. – iii. lið a-liðar 1. mgr. er beitt skal ekki dregin frá og skal fá viðeigandi áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta og lúta kröfunum sem settar eru fram í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

5. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð hvers almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 sem ber að áhættuvega skv. 4. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeirri fjárhæð sem tilgreind er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð eignarhluta sem ber að áhættuvega samkvæmt 4. mgr.,

b) hlutfallið sem leiðir af útreikningum skv. b-lið 3. mgr.

47. gr.

Frádráttur eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 í þeim tilvikum þar sem stofnun á verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði

Að því er varðar i-lið 1. mgr. 36. gr. skal viðeigandi fjárhæð sem draga ber frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 ekki taka til sölutryggingarstaðna sem haldið er í fimm virka daga eða skemur og skulu ákvarðaðar í samræmi við 44. og 45. gr. og 2. undirþátt.

2. undirþáttur

Undanþágur frá og valmöguleikar við frádrátt frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1

48. gr.

Undanþágur frá því að draga frá liði í almennu eigin fé þáttar 1, byggðar á viðmiðunarmörkum

1. Við frádráttinn sem krafist er skv. c- og i-lið 1. mgr. 36. gr. þurfa stofnanir ekki að draga frá fjárhæðir þeirra liða sem taldir eru upp í a- og b-lið þessarar málsgreinar ef þeir samanlagt samsvara eða eru undir viðmiðunarmörkunum sem um getur í 2. mgr.:

a) frestaðar skattinneignir sem eru háðar framtíðararðsemi og stafa af tímabundnum mismun og samanlagt samsvara eða eru lægri en 10% af liðum stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1, reiknaðar út eftir að eftirfarandi hefur verið beitt:

   i. 32.–35. gr.,

   ii. a- til h-lið, ii.– v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,

b) eigi stofnun verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði: beinir eignarhlutir, og óbeinir eignarhlutir og gervieignarhlutir stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum almenns þáttar 1 hjá þeim aðilum sem samanlagt samsvara eða eru lægri en 10% af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 sem reiknað er út eftir að eftirfarandi hefur verið beitt:

   i. 32.–35. gr.,

   ii. a- til h-lið, ii.–v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr. að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal fjárhæð viðmiðunarmarkanna samsvara fjárhæðinni sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, margfaldaðri með prósentunni sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

a) eftirstæð fjárhæð liða í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að breytingum og frádrætti í 32.–36. gr. hefur verið beitt að fullu og án þess að undanþágum, byggðum á viðmiðunarmörkum, sem tilgreindar eru í þessari grein, sé beitt,

b) 17,65%.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal stofnun ákvarða þann hluta frestaðrar skattinneignar af heildarfjárhæð liða sem ekki kemur til frádráttar með því að deila upp í fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með fjárhæðinni sem tilgreind er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð frestaðra skattinneigna sem eru háðar framtíðararðsemi og stafa af tímabundnum mismun og samanlagt samsvara eða eru lægri en 10% af liðum stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1:

b) samtala eftirfarandi:

   i. fjárhæðarinnar sem um getur í a-lið,

   ii. fjárhæðar beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum aðila á fjármálamarkaði, sem stofnunin á verulegan eignarhlut í, og sem samanlagt samsvara eða eru lægri en 10% af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1.

Sá hluti verulegs eignarhlutar af heildarfjárhæð liða sem ekki kemur til frádráttar samsvarar einum að frádregnum þeim hluta sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. Þær fjárhæðir liða sem ekki koma til frádráttar skv. 1. mgr. skulu fá áhættuvog 250%.

49. gr.

Krafa um frádrátt þegar samstæðureikningsskilum, viðbótareftirliti eða stofnanaverndarkerfi er beitt

1. Með tilliti til útreiknings eiginfjárgrunns á einingargrunni, undirsamstæðugrunni og samstæðugrunni, ef lögbær yfirvöld gera kröfu um eða heimila að stofnanir beiti aðferð 1, 2 eða 3 í I. viðauka tilskipunar 2002/87/EB, geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að láta ekki eignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum aðila á fjármálamarkaði, sem móðurstofnun, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða stofnun eiga verulegan eignarhlut í, koma til frádráttar að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-til e-lið þessarar málsgreinar séu uppfyllt:

a) aðilinn á fjármálamarkaði er vátryggingafélag, endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði,

b) það vátryggingafélag, endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði fellur undir sama viðbótareftirlit samkvæmt tilskipun 2002/87/EB og móðurstofnunin, móðureignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða móðureignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi eða stofnunin sem hefur eignarhlutinn,

c) stofnunin hefur fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum fyrirfram,

d) lögbær yfirvöld hafa, áður en þau veita leyfið sem um getur í c-lið, fullvissað sig um, á viðvarandi grundvelli, að stig samþættrar stjórnunar, áhættustýringar og innra eftirlits varðandi aðilana sem myndu falla undir gerð samstæðureikningsskila samkvæmt aðferð 1, 2 eða 3 sé fullnægjandi,

e) eignarhlutir í aðilanum tilheyra eftirfarandi:

   i. móðurlánastofnuninni,

   ii. móðureignarhaldsfélaginu á fjármálasviði,

   iii. blandaða móðureignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi,

   iv. stofnuninni,

   v. dótturfélagi eins aðilanna sem um getur í i. – iv. lið sem fellur undir gerð samstæðureikningsskila skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.

Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

2. Með tilliti til útreiknings eiginfjárgrunns á einingargrunni og undirsamstæðugrunni skulu stofnanir sem falla undir eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta ekki láta koma til frádráttar eignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum útgefnum af aðilum á fjármálamarkaði sem falla undir umfang eftirlits á samstæðugrunni, nema lögbær yfirvöld ákvarði að frádráttarins sé þörf í sérstökum tilgangi, einkum formgerðarlegrar aðgreiningar á bankastarfsemi og gerðar áætlana um skilameðferð.

Beiting aðferðarinnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal ekki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á heild eða hluta fjármálakerfisins í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.

3. Lögbær yfirvöld geta, með tilliti til útreiknings eiginfjárgrunns á einingargrunni eða undirsamstæðugrunni, heimilað stofnunum að láta eignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum ekki koma til frádráttar í eftirfarandi tilvikum:

a) stofnun á eignarhlut í annarri stofnun og skilyrðin sem um getur í i. – v. lið eru uppfyllt:

   i. stofnanirnar falla innan sama stofnanaverndarkerfis og um getur í 7. mgr. 113. gr.,

   ii. lögbær yfirvöld hafa veitt leyfið sem um getur í 7. mgr. 113. gr.,

   iii. skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 113. gr. er fullnægt,

   iv. innan ramma stofnanaverndarkerfisins er saminn samstæðuefnahagsreikningur sem um getur í e-lið 7. mgr. 113. gr. eða, ef samstæðureikningsskila er ekki krafist, útvíkkaður heildarútreikningur sem lögbær yfirvöld hafa fullvissað sig um að jafngildi ákvæðum tilskipunar 86/635/EBE, sem felur í sér vissar aðlaganir á ákvæðum tilskipunar 83/349/EBE eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem gilda um samstæðureikningsskil samstæðna lánastofnana. Jafngildi þess útvíkkaða heildarútreiknings skal sannprófað af ytri endurskoðanda, einkum að þættir sem uppfylla skilyrði til útreiknings á eiginfjárgrunni séu ekki notaðir oftar en einu sinni og að eiginfjárgrunnur sé ekki myndaður á óviðeigandi hátt á milli aðila að stofnanaverndarkerfinu. Gefa skal skýrslu um samstæðuefnahagsreikninginn eða útvíkkaða heildarútreikninginn til lögbærra yfirvalda eigi sjaldnar en mælt er fyrir um í 99. gr.,

v. stofnanirnar sem heyra undir stofnanaverndarkerfið uppfylla saman, á samstæðugrundvelli eða á grundvelli útvíkkaðs heildarútreiknings, kröfurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. og sinna skýrslugjöf um reglufylgni við þær kröfur í samræmi við 99. gr. Frádráttar hagsmuna í eigu aðila að samvinnufélagi eða í eigu lögaðila, sem eru ekki aðilar að stofnanaverndarkerfinu, er ekki krafist innan stofnanaverndarkerfis að því tilskildu að þættir sem uppfylla skilyrði til útreiknings á eiginfjárgrunni séu ekki notaðir oftar en einu sinni og að eiginfjárgrunnur sé ekki myndaður á óviðeigandi hátt á milli aðila að stofnanaverndarkerfinu og minnihlutahluthafa, ef hann er stofnun.

b) héraðslánastofnun á eignarhlut í sinni svæðislánastofnun eða annarri héraðslánastofnun og skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. – v. lið a-liðar eru uppfyllt.

4. Eignarhlutir sem leiða ekki til frádráttar í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. teljast uppfylla skilyrði áhættuskuldbindinga og skulu fá áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta, eftir því sem við á.

5. Ef stofnun beitir aðferð 1, 2 eða 3 í I. viðauka tilskipunar 2002/87/EB skal hún birta upplýsingar um viðbótarkröfu vegna eiginfjárgrunns og eiginfjárhlutfall fjármálasamsteypunnar eins og þar er reiknað út í samræmi við 6. gr. og I. viðauka þeirrar tilskipunar.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 ([1]) skulu, með aðstoð sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina, í þágu þessarar greinar, skilyrðin fyrir beitingu útreikningsaðferðanna sem um getur í I. viðauka, II. hluta tilskipunar 2002/87/EB með tilliti til valmöguleika við frádráttinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

4. þáttur.

Almennt eigið fé þáttar 1

50. gr.

Almennt eigið fé þáttar 1

Almennt eigið fé stofnunar í þætti 1 skal samanstanda af liðum í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að leiðréttingum, sem krafa er gerð um í 32.–35. gr., frádrætti skv. 36. gr., og undanþágum og valmöguleikum, sem mælt er fyrir um í 48., 49. og 70. gr., hefur verið beitt.

3. KAFLI

Viðbótareiginfé þáttar 1

1. þáttur

Liðir viðbótareiginfjár þáttar 1 og viðbótareiginfjárgrunnsgerningar

51. gr.

Liðir viðbótareiginfjár þáttar 1

Liðir viðbótareiginfjár þáttar 1 samanstanda af eftirfarandi:

a) fjármagnsgerningum ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 52. gr. eru uppfyllt,

b) yfirverðsreikningum hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í a-lið.

Gerningar sem falla undir a-lið teljast ekki uppfylla skilyrði liða í almennu eigin fé þáttar 1 eða þætti 2.

52. gr.

Viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1

1. Fjármagnsgerningar teljast einungis uppfylla skilyrði þess að vera viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gerningarnir hafa verið gefnir út og greiddir,

b) enginn eftirfarandi hefur keypt gerningana:

i. stofnunin eða dótturfélag hennar,

ii. fyrirtæki sem stofnunin á hlutdeild í, í formi beins eignarhlutar eða yfirráða, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis,

c) kaup á gerningunum eru ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,

d) gerningarnir raðast aftar gerningum í þætti 2 ef til ógjaldfærni stofnunarinnar kemur,

e) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða veitt ábyrgð á þeim sem eykur rétthæð krafnanna:

i. stofnunin eða dótturfélag hennar,

ii. móðurfélag stofnunarinnar eða dótturfélög þess,

iii. móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða dótturfélög þess,

iv. blandað eignarhaldsfélag eða dótturfélög þess,

v. blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða dótturfélög þess,

vi. fyrirtæki sem hefur náin tengsl við aðila sem um getur í i. – v. lið,

f) gerningarnir falla ekki undir fyrirkomulag, samningsbundið eða ekki, sem eykur rétthæð kröfu samkvæmt gerningunum við ógjaldfærni eða félagsslit,

g) gerningarnir eru ótímabundnir og ákvæðin sem gilda um þá fela ekki í sér hvata fyrir stofnunina til að innleysa þá,

h) ef ákvæðin sem gilda um gerningana fela í sér einn eða fleiri kauprétti má einungis nýta þá kauprétti samkvæmt einhliða ákvörðun útgefanda,

i. aðeins má innkalla, innleysa eða endurkaupa gerninga ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. gr. eru uppfyllt og ekki fyrr en fimm árum eftir útgáfudag nema skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 78. gr. séu uppfyllt,

j) ákvæðin sem gilda um gerningana gefa ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að gerningarnir muni eða kunni að verða innkallaðir, innleystir eða endurkeyptir og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt, nema í eftirfarandi tilvikum:

i. við félagsslit stofnunarinnar,

ii. við valkvæð endurkaup á gerningunum eða aðrar valkvæðar leiðir til að lækka fjárhæð viðbótareiginfjár þáttar 1, ef stofnunin hefur hlotið leyfi lögbæra yfirvaldsins fyrirfram í samræmi við 77. gr.,

k) stofnunin gefur ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að lögbæra yfirvaldið muni samþykkja beiðni um innköllun, innlausn eða endurkaup gerninganna,

l) útgreiðslur samkvæmt gerningunum uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. þær eru greiddar af liðum til útgreiðslu,

ii. stærð útgreiðslna á gerningana verður ekki breytt á grundvelli lánshæfis stofnunarinnar eða móðurfélags hennar,

iii. ákvæði sem gilda um gerningana veita stofnuninni fullan rétt til að ákveða hvenær sem er að fella niður útgreiðslur á gerningana í óákveðinn tíma og á óuppsöfnuðum grunni og stofnunin má nota slíkar niðurfelldar greiðslur án takmarkana til að uppfylla skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga,

iv. niðurfelling útgreiðslu felur ekki í sér vanskil af hálfu stofnunarinnar,

v. niðurfelling útgreiðslu leggur ekki hömlur á stofnunina,

m) gerningarnir stuðla ekki að ákvörðun um að skuldbindingar stofnunar séu umfram eignir þess, ef slík ákvörðun er ógjaldfærnispróf samkvæmt viðeigandi landslögum,

n) samkvæmt ákvæðum, sem gilda um gerningana, er þess krafist að þegar kveikjuatburður á sér stað verði höfuðstóll gerninganna færður niður, varanlega eða tímabundið, eða gerningunum breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

o) ákvæðin sem gilda um gerningana fela ekki í sér atriði sem gætu komið í veg fyrir endurfjármögnun stofnunarinnar,

p) ef stofnunin gefur gerningana ekki út beint skulu bæði eftirfarandi skilyrða uppfyllt:

i. gerningarnir eru gefnir út á vegum aðila innan samstæðureikningsins skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

ii. fjármagnið er þegar í stað til taks fyrir stofnunina, án takmarkana og á formi sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

Skilyrðin sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar skulu teljast uppfyllt, jafnvel þótt gerningarnir séu taldir með í viðbótareiginfé þáttar 1 eða þætti 2 skv. 3. mgr. 484. gr., að því tilskildu að þeir séu jafngildir.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem allt eftirfarandi er tilgreint:

a) form og eðli hvata til innlausnar,

b) eðli endurmats á höfuðstól viðbótareiginfjárgernings þáttar 1 í kjölfar tímabundinnar niðurfærslu gerningsins,

c) tilhögun og tímasetning eftirfarandi:

i. ákvörðun um að kveikjuatburður hafi átt sér stað,

ii. endurmat á höfuðstól viðbótareiginfjárgernings þáttar 1 í kjölfar tímabundinnar niðurfærslu gerningsins,

d) þau einkenni gerninganna sem gætu komið í veg fyrir endurfjármögnun stofnananna,

e) notkun sérstakra verðbréfunaraðila til að gefa eiginfjárgrunnsgerninga út beint.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

53. gr.

Takmarkanir á niðurfellingu útgreiðslna á viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 og atriði sem gætu komið í veg fyrir endurfjármögnun stofnunar

Að því er varðar v- og o-lið l-liðar skulu ákvæði sem gilda um viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 sér í lagi ekki fela í sér eftirfarandi:

a) kröfu um að útgreiðsla á gerninga fari fram, í því tilviki þegar útgreiðsla fer fram á gerning, útgefnum af stofnuninni, með sömu rétthæð eða lægri en viðbótareiginfjárgerningur þáttar 1, þ.m.t. almennur eiginfjárgrunnsgerningur þáttar 1,

b) kröfu um að útgreiðslur á eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2 verði felldar niður í því tilviki að útgreiðslur á þessa viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 fara ekki fram,

c) skuldbindingu um að í stað greiðslu vaxta eða arðs komi greiðsla í einhverju öðru formi. Stofnunin skal ekki að öðru leyti háð slíkri skuldbindingu.

54. gr.

Niðurfærsla eða breyting viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1

1. Að því er varðar n-lið 1. mgr. 52. gr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda um viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1:

a) kveikjuatburður á sér stað þegar eiginfjárhlutfall stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1 sem um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. fer niður fyrir annað af eftirfarandi:

i. 5,125%

ii. stig fyrir ofan 5,125%, ef stofnunin hefur ákvarðað það og tilgreint það nánar í ákvæðum sem gilda um gerninginn,

b) stofnanir mega í ákvæðum sem gilda um gerning tilgreina einn eða fleiri kveikjuatburði til viðbótar við þá sem tilgreindir eru í a-lið,

c) ef þess er krafist í ákvæðum sem gilda um gerningana að þeim sé breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 þegar kveikjuatburður á sér stað skulu þau ákvæði tilgreina annað af eftirfarandi:

i. umbreytingarhlutfallið og mörk þeirrar fjárhæðar sem heimilt er að breyta,

ii. á hvaða bili gerningum er breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

d) ef þess er krafist í ákvæðum sem gilda um gerningana að höfuðstóll þeirra verði færður niður þegar kveikjuatburður á sér stað skal niðurfærslan lækka allt eftirfarandi:

i. kröfu eiganda gerningsins við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,

ii. þá fjárhæð sem greiða skal ef til innköllunar eða innlausnar gerningsins kemur,

iii. útgreiðslur á gerninginn.

2. Niðurfærsla eða breyting á viðbótareiginfjárgerning þáttar 1 skal, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, mynda liði sem uppfylla skilyrði liða almenns eigin fjár þáttar 1.

3. Sú fjárhæð viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 sem færð er í liði viðbótareiginfjár þáttar 1 takmarkast við þá lágmarksfjárhæð liða í almennu eigin fé þáttar 1 sem myndi verða til ef höfuðstóll viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 yrði færður niður að fullu eða breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.

4. Samanlögð fjárhæð viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 sem krafist er að færðir verði niður eða breytt þegar kveikjuatburður á sér stað skal ekki vera lægri en það sem lægra er af eftirfarandi:

a) fjárhæðinni sem þarf til að færa hlutfall almenns eigin fjár stofnunarinnar í þætti 1 alveg upp í 5,125%,

b) allur höfuðstóll gerningsins.

5. Þegar kveikjuatburður á sér stað skulu stofnanir bregðast við á eftirfarandi hátt:

a) upplýsa lögbær yfirvöld tafarlaust,

b) upplýsa eigendur viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1,

c) færa niður höfuðstól gerninganna eða breyta gerningunum án tafar og innan mánaðar í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, í samræmi við kröfuna sem mælt er fyrri um í þessari grein.

6. Stofnun sem gefur út viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, sem breytt er í almennt eigið fé þáttar 1 þegar kveikjuatburður á sér stað, skal tryggja að hún búi ávallt yfir nægu hlutafé til að breyta öllum slíkum breytanlegum viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 í hlutabréf ef kveikjuatburður á sér stað. Öll nauðsynleg leyfi skulu vera til staðar á útgáfudegi slíkra breytanlegra viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1. Stofnanir skulu ávallt búa yfir nauðsynlegum fyrirframleyfum til að gefa út almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem slíkum viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 yrði breytt í ef kveikjuatburður ætti sér stað.

7. Stofnun sem gefur út viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, sem breytt er í almennt eigið fé þáttar 1 þegar kveikjuatburður á sér stað, skal tryggja að í stofnskrá hennar, samþykktum eða samningsbundnu fyrirkomulagi sé ekki að finna hindranir, varðandi málsmeðferð, sem standa í vegi fyrir breytingunni.

55. gr.

Afleiðingar þess að skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eru ekki lengur uppfyllt

Ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 52. gr. eru ekki lengur uppfyllt að því er varðar viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, gildir eftirfarandi:

a) viðkomandi gerningur hættir tafarlaust að uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgernings þáttar 1,

b) sá hluti yfirverðsreikninga hlutafjár sem tengist þeim gerningi hættir tafarlaust að uppfylla skilyrði liða viðbótareiginfjár þáttar 1.

2. þáttur

Frádráttur frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1

56. gr.

Frádráttur frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1

Stofnanir skulu draga eftirfarandi frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1:

a) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, þ.m.t. viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 sem stofnun gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi samningsbundinna skyldna,

b) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 aðila á fjármálamarkaði, sem stofnunin á krosseignarhald í, sem lögbært yfirvald telur að hafi verið hannað til að blása eiginfjárgrunn stofnunarinnar upp á óeðlilegan hátt,

c) viðeigandi fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í gerningum aðila á fjármálamarkaði í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, sem ákvörðuð er í samræmi við 60. gr., ef stofnun á ekki verulegan eignarhlut í þessum aðilum,

d) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 aðila á fjármálamarkaði, ef stofnunin á verulegan eignarhlut í þessum aðilum, að undanskildum sölutryggingarstöðum sem haldið er í fimm virka daga eða skemur,

e) fjárhæð liða, sem krafist er skv. 66. gr. að dregnir séu frá liðum í eiginfjárþætti 2, sem eru umfram liði stofnunarinnar í eiginfjárþætti 2,

f) alla skattkvöð, sem tengist liðum í viðbótareigin fé þáttar 1, sem er fyrirsjáanleg við útreikning, nema ef stofnunin aðlagar eins og við á fjárhæð liða viðbótareiginfjár þáttar 1 að því marki sem slíkur álagður skattur lækkar þá fjárhæð þessara liða sem nota má til að mæta áhættum eða tapi.

57. gr.

Frádráttur eignarhluta í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1

Að því er varðar a-lið 56. gr. skulu stofnanir reikna út eignarhluti í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 á grundvelli vergra gnóttstaðna með eftirfarandi undantekningum:

a) stofnanir mega reikna út fjárhæð eignarhluta í viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 á grundvelli hreinna gnóttstaðna að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu og skortstöðurnar fela ekki í sér mótaðilaáhættu,

   ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar.

b) stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta eða gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna eigin viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 í þessum vísitölum,

c) stofnanir mega jafna vergum gnóttstöðum í eigin viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 sem stafa af eignarhlutum í vísitöluverðbréfum á móti skortstöðum í eigin viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 sem stafa af skorstöðum í undirliggjandi vísitölum, þ.m.t. þegar skorstöðurnar fela í sér mótaðilaáhættu, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. gnótt- og skorstöðurnar eru í sömu undirliggjandi vísitölum,

   ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar.

58. gr.

Frádráttur eignarhluta aðila á fjármálamarkaði í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 og í þeim tilvikum þar sem stofnun hefur krosseignarhald sem hannað er til að blása eiginfjárgrunn upp á óeðlilegan hátt

Stofnanir skulu framkvæma þann frádrátt sem krafist er skv. b-, c- og d-lið 56. gr. í samræmi við eftirfarandi:

a) eignarhluti í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 skal reikna út á grundvelli vergra gnóttstaðna,

b) fara skal með takmarkaða gjaldþolsliði þáttar 1 hjá vátryggingarfélagi sem eignarhluti í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, að því er frádrátt varðar.

59. gr.

Frádráttur eignarhluta aðila á fjármálamarkaði í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1

Stofnanir skulu framkvæma þann frádrátt sem krafist er skv. c- og d-lið 56. gr. í samræmi við eftirfarandi:

a) þær mega reikna út beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti aðila á fjármálamarkaði í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 á grundvelli vergrar gnóttstöðu í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. líftími skortstöðunnar samsvarar líftíma gnóttstöðunnar eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma hennar,

   ii. annaðhvort er bæði skortstöðunni og gnóttstöðunni haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar,

b) þær skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna fjármagnsgerninga aðila á fjármálamarkaði í þessum vísitölum.

60. gr.

Frádráttur eignarhluta í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 í þeim tilvikum þar sem stofnun á ekki verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði

1. Að því er varðar c-lið 56. gr. skulu stofnanir reikna út þá fjárhæð sem kemur til frádráttar með því að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar með þeim stuðli sem fæst með útreikningnum sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

a) samanlögð fjárhæð þess sem beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur og gervieignarhlutur stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði sem stofnun á ekki verulegan eignarhlut í, fer yfir 10% af almennu eigin fé þáttar 1 stofnunar sem reiknað er út með eftirfarandi hætti:

   i. 32.–35. gr.,

ii. a- til g-lið, ii. – v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,

iii. 44. og 45. gr.,

b) fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, deilt með samanlagðri fjárhæð allra beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði.

2. Stofnanir skulu undanskilja sölutryggingarstöður, sem haldið er í fimm virka daga eða skemur, frá fjárhæðinni sem um getur í a-lið 1. mgr. og frá útreikningi stuðulsins sem um getur í b-lið 1. mgr.

3. Fjárhæðinni sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. skal deilt niður á alla viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 sem haldið er. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð hvers viðbótareiginfjárgernings þáttar 1 sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeim hluta sem tilgreindur er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð eignarhluta sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr.,

b) hluti samanlagðrar fjárhæðar beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði, ef stofnunin á ekki verulega eignarhlut í þessum aðilum í formi einstakra viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 sem haldið er.

4. Sú fjárhæð eignarhluta, sem um getur í c-lið 56. gr. sem samsvarar eða er lægri en 10% af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að ákvæðunum í i. – iii. lið a-liðar 1. mgr. er beitt, skal ekki dregin frá og skal fá viðeigandi áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta og kröfurnar sem settar eru fram í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

5. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð hvers viðbótareiginfjárgernings þáttar 1 sem ber að áhættuvega skv. 4. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeirri fjárhæð sem tilgreind er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð eignarhluta sem ber að áhættuvega samkvæmt 4. mgr.,

b) hlutfallið sem leiðir af útreikningum skv. b-lið 3. mgr.

3. þáttur

Viðbótareiginfé þáttar 1

61. gr.

Viðbótareiginfé þáttar 1

Viðbótareigiðfé stofnunar í þætti 1 skal samanstanda af liðum viðbótareiginfjár þáttar 1 eftir að liðirnir sem um getur í 56. gr. hafa verið dregnir frá og 79. gr. beitt.

4. KAFLI

Eiginfjárþáttur 2

1. þáttur

Liðir og gerningar þáttar 2

62. gr.

Liðir í þætti 2

Liðir í þætti 2 samanstanda af eftirfarandi:

a) fjármagnsgerningum og víkjandi lánum, ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. eru uppfyllt,

b) yfirverðsreikningum hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í a-lið,

c) almennum leiðréttingum á útlánaáhættu, fyrir áhrif skatta, sem nemur allt að 1,25% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. kafla, II. bálks þriðja hluta, ef um er að ræða stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

d) jákvæðum fjárhæðum, fyrir áhrif skatta, eftir útreikninginn sem mælt er fyrir um í 158. og 159. gr. sem nemur allt að 0,6% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem reiknaðar eru út í samræmi við 3. kafla II. bálks þriðja hluta, ef um er að ræða stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt 3. kafla II. bálks þriðja hluta.

Liðir sem falla undir a-lið teljast ekki uppfylla skilyrði liða almenns eigin fjár þáttar 1 eða viðbótareiginfjár þáttar 1.

63. gr.

Gerningar undir þætti 2

Fjármagnsgerningar og víkjandi lán teljast uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gerningarnir eru útgefnir eða víkjandi lánanna aflað, eftir því sem við á, og full uppgreiðsla þeirra hefur átt sér stað,

b) gerningarnir eru ekki keyptir eða víkjandi lánin ekki veitt, eftir því sem við á, af neinum eftirfarandi:

   i. stofnunin eða dótturfélag hennar,

   ii. fyrirtæki sem stofnunin á hlutdeild í, í formi beins eignarhlutar eða yfirráða, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis,

c) kaupin á gerningunum eða veiting víkjandi lánanna, eftir því sem við á, er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,

d) krafan á höfuðstól gerninganna samkvæmt ákvæðum sem gilda um gerningana eða krafan á höfuðstól víkjandi lánanna samkvæmt ákvæðum sem gilda um víkjandi lánin, eftir því sem við á, víkur að fullu fyrir kröfum allra lánveitenda lána sem ekki eru víkjandi,

e) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða víkjandi lánunum, eftir því sem við á, eða veitt ábyrgð á þeim sem eykur rétthæð kröfunnar:

   i. stofnunin eða dótturfélag hennar,

   ii. móðurfélag stofnunarinnar eða dótturfélög þess,

   iii. móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða dótturfélög þess,

   iv. blandað eignarhaldsfélag eða dótturfélög þess,

   v. blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða dótturfélög þess,

   vi. fyrirtæki sem hefur náin tengsl við aðila sem um getur í i. – v. lið,

f) gerningarnir eða víkjandi lánin, eftir því sem við á, falla ekki undir fyrirkomulag sem á annan hátt eykur rétthæð kröfu samkvæmt gerningunum eða víkjandi lánunum, eftir því sem við á,

g) upphaflegur lánstími gerninganna eða víkjandi lánanna, eftir því sem við á, skal að lágmarki vera fimm ár,

h) ákvæðin sem gilda um gerningana eða víkjandi lánin, eftir því sem við á, fela ekki í sér hvata fyrir stofnunina til að innleysa eða endurgreiða höfuðstól þeirra, eftir því sem við á, áður en að gjalddaga þeirra kemur,

i) ef gerningarnir eða víkjandi lánin, eftir því sem við á, fela í sér einn eða fleiri kauprétti eða rétti til greiðslu fyrir gjalddaga, eftir því sem við á, mega útgefandinn eða skuldarinn, eftir því sem við á, taka einhliða ákvörðun um að nýta valréttinn,

j) aðeins má innkalla, innleysa eða endurkaupa eða endurgreiða gerninga eða víkjandi lán snemma ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. gr. eru uppfyllt og ekki fyrr en fimm árum eftir útgáfudag eða dag öflunar, eftir því sem við á, nema skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 78. gr. séu uppfyllt,

k) ákvæðin sem gilda um gerningana eða víkjandi lánin, eftir því sem við á, gefa ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að stofnunin muni eða kunni að innkalla, innleysa, endurkaupa eða endurgreiða gerningana eða víkjandi lánin, eftir því sem við á, snemma, nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt,

l) ákvæðin sem gilda um gerningana eða víkjandi lánin, eftir því sem við á, veita eigandanum ekki rétt til að flýta áætluðum framtíðargreiðslum vaxta og höfuðstóls, nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,

m) fjárhæð vaxta eða arðgreiðslna af gerningunum eða víkjandi lánunum, eftir því sem við á, verður ekki breytt á grundvelli lánshæfis stofnunarinnar eða móðurfélags hennar,

n) ef stofnun gefur gerningana ekki út beint, eða ef stofnun aflar víkjandi lánanna ekki beint, eftir því sem við á, eru bæði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

   i. gerningarnir eru gefnir út eða víkjandi lánanna aflað, eftir því sem við á, fyrir tilstuðlan aðila sem er hluti af samstæðureikningnum skv. 2. kafla, II. bálks fyrsta hluta,

ii. fjármagnið er þegar í stað til taks fyrir stofnunina, án takmarkana og á formi sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

64. gr.

Afskrift gerninga undir þætti 2

Það að hvaða marki gerningar undir þætti 2 uppfylla skilyrði liða í þætti 2 á síðustu fimm árunum fram að gjalddaga gerninganna er reiknað út með því að margfalda niðurstöðu útreikningsins í a-lið með fjárhæðinni sem um getur í b-lið sem hér segir:

a) nafnverð gerninganna eða víkjandi lánanna á fyrsta degi síðustu fimm áranna fram að samningsbundnum gjalddaga þeirra, deilt með fjölda almanaksdaga á því tímabili,

b) fjöldi almanaksdaga fram að samningsbundnum gjalddaga gerninganna eða víkjandi lánanna.

65. gr.

Afleiðingar þess að skilyrði gerninga undir þætti 2 eru ekki lengur uppfyllt

Ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. eru ekki lengur uppfyllt að því er varðar gerninga undir þætti 2, gildir eftirfarandi:

a) viðkomandi gerningur hættir tafarlaust að uppfylla skilyrði gernings undir þætti 2,

b) sá hluti yfirverðsreikninga hlutafjár sem tengist þeim gerningi hættir tafarlaust að uppfylla skilyrði liða í þætti 2.

2. þáttur

Frádráttur frá liðum í þætti 2

66. gr.

Frádráttur frá liðum í þætti 2

Draga skal eftirfarandi frá liðum í þætti 2:

a) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar í eigin gerningum undir þætti 2, þ.m.t. gerningar í þætti 2 sem stofnun gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi samningsbundinna skyldna,

b) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti í gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði, sem stofnunin á krosseignarhald með sem lögbært yfirvald telur að hafi verið hannað til að blása eiginfjárgrunn stofnunarinnar upp á óeðlilegan hátt,

c) viðeigandi fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði, sem ákvörðuð er í samræmi við 70. gr., ef stofnun á ekki verulegan eignarhlut í þessum aðilum,

d) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar í gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði, ef stofnunin á verulegan eignarhlut í þessum aðilum, að undanskildum sölutryggingarstöðum sem haldið er skemur en í fimm virka daga.

67. gr.

Frádráttur eignarhluta í gerningum undir þætti 2

Að því er varðar a-lið 66. gr. skulu stofnanir reikna eignarhluti út á grundvelli vergra gnóttstaðna með eftirfarandi undantekningum:

a) stofnanir mega reikna út fjárhæð eignarhluta á grundvelli hreinna gnóttstaðna að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu og skortstöðurnar fela ekki í sér mótaðilaáhættu,

ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar.

b) stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna eigin gerninga undir þætti 2 í þessum vísitölum,

c) stofnanir mega jafna vergum gnóttstöðum í eigin gerningum undir þætti 2 sem stafa af eignarhlutum í vísitöluverðbréfum á móti skortstöðum í eigin gerningum undir þætti 2 sem stafa af skorstöðum í undirliggjandi vísitölum, þ.m.t. þegar skorstöðurnar fela í sér mótaðilaáhættu, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. gnótt- og skorstöðurnar eru í sömu undirliggjandi vísitölum,

ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar.

68. gr.

Frádráttur eignarhluta í gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði og í þeim tilvikum þar sem stofnun hefur krosseignarhald sem hannað er til að blása eiginfjárgrunn upp á óeðlilegan hátt

Stofnanir skulu framkvæma þann frádrátt sem krafist er skv. b-, c- og d-lið 66. gr. í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) eignarhlutir í gerningum undir þætti 2 skal reikna út á grundvelli vergra gnóttstaðna,

b) fara skal með eignarhluti í gjaldþolsliðum þáttar 2 hjá tryggingarfélagið og gjaldþolsliði þáttar 3 hjá tryggingarfélagi sem eignarhluti í gerningum undir þætti 2 að því er frádrátt varðar.

69. gr.

Frádráttur eignarhluta í gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði

Stofnanir skulu framkvæma þann frádrátt sem krafist er skv. c- og d-lið 66. gr. í samræmi við eftirfarandi:

a) þær mega reikna út beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti aðila á fjármálamarkaði í gerningum undir þætti 2 á grundvelli vergrar gnóttstöðu í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. líftími skortstöðunnar samsvarar líftíma gnóttstöðunnar eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma hennar,

   ii. annaðhvort er bæði gnóttstöðunni og skortstöðunni haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar,

b) þær skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum á grundvelli undirliggjandi áhættuskuldbindinga vegna fjármagnsgerninga aðila á fjármálamarkaði í þessum vísitölum.

70. gr.

Frádráttur gerninga undir þætti 2 í þeim tilvikum þar sem stofnun á ekki verulegan eignarhlut í viðkomandi aðila

1. Að því er varðar c-lið 66. gr. skulu stofnanir reikna út þá fjárhæð sem kemur til frádráttar með því að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar með þeim stuðli sem fæst með útreikningnum sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

a) samanlögð fjárhæð þess sem beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur og gervieignarhlutur stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði sem stofnun á ekki verulegan eignarhlut í, fer yfir 10% af almennu eigin fé þáttar 1 stofnunar sem reiknað er út með eftirfarandi hætti:

   i. 32.–35. gr.,

   ii. a- til g-lið, ii. – v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,

   iii. 44. og 45. gr.,

b) fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í gerningum undir þætti 2 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, deilt með samanlagðri fjárhæð allra beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði.

2. Stofnanir skulu undanskilja sölutryggingarstöður, sem haldið er í fimm virka daga eða skemur, frá fjárhæðinni sem um getur í a-lið 1. mgr. og frá útreikningi stuðulsins sem um getur í b-lið 1. mgr.

3. Fjárhæðinni sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. skal deilt niður á alla gerninga undir þætti 2 sem haldið er. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð eignarhluta í gerningum undir þætti 2 sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeim hluta sem tilgreindur er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) heildarfjárhæð eignarhluta sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr.,

b) hluti samanlagðrar fjárhæðar beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í gerningum undir þætti 2 hjá aðilum á fjármálamarkaði, ef stofnunin á ekki verulega eignarhlut í þessum aðilum í formi einstakra gerninga undir þætti 2 sem haldið er.

4. Sú fjárhæð eignarhluta sem um getur í c-lið 1. mgr. 66. gr. sem samsvarar eða er lægri en 10% af liðum stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að ákvæðunum í i. – iii. lið a-liðar 1. mgr. er beitt skal ekki dregin frá og skal fá viðeigandi áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta og kröfurnar sem settar eru fram í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

5. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð hvers gernings undir þætti 2 sem ber að áhættuvega skv. 4. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeirri fjárhæð sem tilgreind er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð eignarhluta sem ber að áhættuvega samkvæmt 4. mgr.,

b) hlutfallið sem leiðir af útreikningum skv. b-lið 3. mgr.

3. þáttur

Eiginfjárþáttur 2

71. gr.

Eiginfjárþáttur 2

Fjármagn stofnunar í eiginfjárþætti 2 skal samanstanda af liðum stofnunarinnar í þætti 2 eftir frádráttinn sem um getur í 66. gr. og beitingu 79. gr.

5. KAFLI

Eiginfjárgrunnur

72. gr.

Eiginfjárgrunnur

Eiginfjárgrunnur stofnunar skal samanstanda af summu eiginfjárþáttar 1 og eiginfjárþáttar 2.

6. KAFLI

Almennar kröfur

73. gr.

Útgreiðslur og eiginfjárgrunnsgerningar

1. Fjármagnsgerningar, sem stofnun getur ákveðið einhliða að framkvæma útgreiðslur á í öðru formi en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningum, uppfylla ekki skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2 nema stofnun hafi fengið leyfi lögbærra yfirvalda fyrirfram til þess að flokka þá þannig.

2. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita leyfið sem um getur í 1. mgr. ef þau telja eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

a) ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á hæfni stofnunarinnar til að fella niður greiðslur samkvæmt gerningnum,

b) ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á eiginleika gerningsins til að bera tap,

c) ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á gæði fjármagnsgerningsins.

3. Fjármagnsgerningar, sem lögaðili annar en stofnunin sem gefur þá út hefur rétt til að ákveða eða gera kröfu um að útgreiðslur verði greiddar af á öðru formi en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningi, uppfylla ekki skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2.

4. Stofnanir mega m.a. nota breiða markaðsvísitölu sem grundvöll til að ákvarða fjárhæð útgreiðslna á viðbótareiginfjárgrunnsgerninga og gerninga undir þætti 2.

5. Ákvæði 4. mgr. gilda ekki ef stofnun er tilgreindur aðili í þeirri breiðu vísitölu nema bæði eftirfarandi skilyrði sé uppfyllt:

a) stofnunin telur að hreyfingar í þeirri breiðu markaðsvísitölu hafi ekki marktæka fylgni við lánshæfi stofnunarinnar, móðurstofnunar hennar eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða blandaðs móðureignarhaldsfélags,

b) lögbæra yfirvaldið hefur ekki komist að annarri ákvörðun er um getur í a-lið.

6. Stofnanir skulu gefa skýrslu og birta upplýsingar um þær breiðu markaðsvísitölur sem fjármagnsgerningar þeirra byggja á.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru skilyrði þess að vísitölur teljist uppfylla skilyrði um breiðar markaðsvísitölur að því er varðar 4. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

74. gr.

Eignarhlutir í fjármagnsgerningum útgefnum af eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði sem uppfylla ekki skilyrði lögbundins eigin fjár

Stofnanir skulu ekki draga frá neinum þætti eiginfjárgrunns beina eignarhluti, óbeina eignarhluti eða gervieignarhluti í fjármagnsgerningum útgefnum af eftirlitskyldum aðila á fjármálamarkaði, sem uppfylla ekki skilyrði lögbundins eigin fjár þess aðila. Stofnanir skulu gefa slíkum eignarhlutum áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta, eftir því sem við á.

75. gr.

Frádráttur og kröfur um gjalddaga vegna skortstaðna

Kröfur um líftíma vegna skortstaðna sem um getur í a-lið 45. gr., a-lið 59. gr. og a-lið 69. gr. skulu teljast uppfylltar að því er varðar stöður sem haldið er, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin hefur samningsbundinn rétt til að selja, á tilgreindum degi í framtíðinni, mótaðilanum sem veitir áhættuvörnina gnóttstöðuna sem er áhættuvarin,

b) mótaðilanum sem veitir stofnuninni áhættuvörnina ber samningsbundin skylda til að kaupa af stofnuninni, á þeim tilgreinda degi í framtíðinni, gnóttstöðuna sem um getur í a-lið.

76. gr.

Vísitölueignarhlutir í fjármagnsgerningum

1. Að því er varðar a-lið 42. gr., a-lið 45. gr., a-lið 57. gr., a-lið 59. gr. a-lið 67. gr. og a-lið 69. gr. mega stofnanir lækka fjárhæð gnóttstöðu í fjármagnsgerningi um þann hluta vísitölu sem samanstendur af sömu undirliggjandi skuldbindingu og verið er að áhættuverja, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) annaðhvort er bæði gnóttstöðunni sem varin er og skortstöðunni í vísitölunni sem notuð er til að verja þá gnóttstöðu haldið í veltubókinni eða hvoru tveggja er haldið utan veltubókar,

b) stöðunum, sem um getur í a-lið, er haldið á gangvirði í efnahagsreikningi stofnunarinnar,

c) skortstaðan, sem um getur í a-lið, uppfyllir skilyrði virkrar áhættuvarnar samkvæmt aðferðum stofnunarinnar við innra eftirlit,

d) lögbær yfirvöld meta að minnsta kosti árlega hvort eftirlitsaðferðirnar sem um getur í c-lið séu fullnægjandi og hafa gengið úr skugga um að þær eigi ávallt við.

2. Hafi lögbært yfirvald veitt leyfi sitt fyrirfram getur stofnun notað varfærnislegt mat á undirliggjandi áhættuskuldbindingu stofnunarinnar vegna fjármagnsgerninga í vísitölum í staðinn fyrir að stofnun reikni út áhættuskuldbindingu sína vegna liðanna sem um getur í annaðhvort a- eða b-lið eða báðum:

a) eigin eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningar og gerningar undir þætti 2 í vísitölunni,

b) eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningar og gerningar undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði í vísitölunni.

3. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita leyfið sem um getur í 2. mgr. ef stofnun hefur sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að það yrði íþyngjandi fyrir rekstur stofnunarinnar að fylgjast með undirliggjandi áhættuskuldbindingu sinni vegna liðanna sem um getur í annaðhvort a- eða b-lið 2. mgr., eða báðum, eftir því sem við á.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) hvenær mat sem notað er í stað útreiknings á undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem um getur í 2. mgr. er nægilega varfærnislegt,

b) merkingu þess að vera íþyngjandi fyrir rekstur að því er varðar 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

77. gr.

Skilyrði fyrir lækkun eiginfjárgrunns

Stofnun þarf leyfi lögbærs yfirvalds fyrirfram til að gera annað eða hvort tveggja af eftirfarandi:

a) lækka, innleysa eða endurkaupa almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem stofnunin hefur gefið út, með þeim hætti sem viðeigandi landslög heimila,

b) koma í kring innköllun, innlausn, endurgreiðslu eða endurkaupum á viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 eða gerningum undir þætti 2, eftir því sem við á, fyrir samningsbundinn gjalddaga þeirra.

78. gr.

Leyfi eftirlitsyfirvalda fyrir lækkun eiginfjárgrunns

1. Lögbært yfirvald skal veita stofnun leyfi til að lækka, endurkaupa, innkalla eða innleysa eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2 ef annað hvort eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) fyrir aðgerðina sem um getur í 77. gr., eða á sama tíma og hún á sér stað, skiptir stofnun gerningunum sem um getur í 77. gr. út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga af sömu gæðum eða betri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi stofnunarinnar,

b) stofnunin hefur að mati lögbærra yfirvalda sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur stofnunarinnar myndi, eftir viðkomandi aðgerð, vera umfram kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar og samanlagða eiginfjáraukakröfu eins og hún er skilgreind í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB um sem nemur fjárhæð sem lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega á grundvelli 3. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Þegar lögbær yfirvöld meta sjálfbærni útskiptigerninganna fyrir tekjuhæfi stofnunarinnar, skv. a-lið 1. mgr., skulu þau taka tillit til þess hversu kostnaðarsamari þessir útskiptifjármagnsgerningar yrðu fyrir stofnunina en gerningarnir sem þeim er skipt út fyrir.

3. Ef stofnun framkvæmir aðgerð sem um getur í a-lið 77. gr. og viðeigandi landslög heimila ekki að innlausn almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, sem um getur í 27. gr., sé hafnað, má lögbært yfirvald falla frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið geri kröfu um að stofnunin takmarkani innlausn slíkra gerninga á viðeigandi grundvelli.

4. Lögbær yfirvöld mega einungis heimila stofnunum að innleysa viðbótareiginfjárgrunnsgerninga og gerninga undir þætti 2 innan fimm ára frá útgáfudegi ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og a- eða b-lið þessarar málsgreinar eru uppfyllt:

a) það á sér stað breyting á eftirlitsflokkun þessara gerninga, sem er líkleg til að hafa í för með sér að þeir teljist ekki lengur til eiginfjárgrunns eða verði endurflokkaðir sem lakara form eiginfjárgrunns, og bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. lögbært yfirvald telur nægilega víst að slík breyting eigi sér stað,

   ii. stofnunin sýnir lögbærum yfirvöldum fram á, með fullnægjandi hætti að þeirra mati, að eftirlitsflokkun þessara gerninga hafi ekki verið nægilega fyrirsjáanleg við útgáfu þeirra,

b) breyting á sér stað á viðeigandi skattameðferð þessara gerninga sem stofnunin sýnir lögbærum yfirvöldum fram á, með fullnægjandi hætti að þeirra mati, að sé veruleg og hafi ekki verið nægilega fyrirsjáanleg við útgáfu þeirra.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) merking sjálfbærni hvað varðar tekjuhæfi stofnunar,

b) viðeigandi grundvöllur takmarkana á innlausn sem um getur í 3. mgr.,

c) kröfur um meðferð og gögn vegna umsóknar stofnunar um leyfi lögbærs yfirvalds til að framkvæma aðgerð sem um getur í 77. gr., þ.m.t. þá meðferð sem beita skal ef um er að ræða innlausn hluta sem gefnir eru út til aðila að samvinnufélögum, og þann tíma sem meðferð slíkra umsókna skal taka.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

79. gr.

Tímabundin undanþága frá frádrætti frá eiginfjárgrunni

1. Ef stofnun á tímabundið fjármagnsgerninga eða hefur veitt víkjandi lán, eftir því sem við á, sem uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2 í aðila á fjármálamarkaði og lögbært yfirvald telur þessa eignarhluti til komna vegna fjárhagsaðstoðar sem ætlað er að endurskipuleggja og bjarga þeim aðila, má lögbæra yfirvaldið veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum um frádrátt sem annars myndu gilda um þessa gerninga.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreint er hugtakið tímabundið að því er varðar 1. mgr. og skilyrðin fyrir því að lögbært yfirvald megi telja þessar tímabundnu eignir vera til komnar vegna fjárhagsaðstoðar sem ætlað er að endurskipuleggja og bjarga viðkomandi aðila.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

80. gr.

Sífelld endurskoðun á gæðum eiginfjárgrunns

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með gæðum eiginfjárgrunnsgerninga alls staðar í Sambandinu og tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um mikilvægar staðfestar upplýsingar um að gerningarnir uppfylli ekki þær forsendur sem settar eru fram í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr.

Lögbær yfirvöld skulu án tafar, að fenginni beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, framsenda allar upplýsingar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin telur að skipti máli varðandi nýja fjármagnsgerninga, sem gefnir eru út, til að gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni kleift að fylgjast með gæðum eiginfjárgrunnsgerninga sem stofnanir gefa út alls staðar í Sambandinu.

2. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

a) nákvæm útskýring á eðli og umfangi þess brests sem greinist,

b) tækniráðgjöf um þá aðgerð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin telur nauðsynlega,

c) marktækrar þróunar í aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar við að álagsprófa gjaldþol stofnana.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal veita framkvæmdastjórninni tækniráðgjöf varðandi allar mikilvægar breytingar sem hún telur nauðsynlegt að gera á skilgreiningu eiginfjárgrunns vegna einhvers af eftirfarandi:

a) viðeigandi þróunar á markaðsreglum og -venjum,

b) breytinga á viðeigandi lagareglum eða reikningsskilastöðlum,

c) marktækrar þróunar í aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar við að álagsprófa gjaldþol stofnana.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal veita framkvæmdastjórninni tækniráðgjöf eigi síðar en 1. janúar 2014 um mögulega meðferð óinnleysts hagnaðar á gangvirði, aðra en að fella hann undir almennt eigið fé þáttar 1 án leiðréttingar. Slíkar ráðleggingar skulu taka tillit til viðeigandi þróunar alþjóðlegra reikningsskilastaðla og alþjóðasamninga um varfærnisviðmiðanir fyrir banka.

II. BÁLKUR

HLUTDEILD MINNIHLUTA, VIÐBÓTAREIGINFJÁRGRUNNSGERNINGAR ÞÁTTAR 1 OG GERNINGAR UNDIR ÞÆTTI 2 SEM DÓTTURFÉLÖG GEFA ÚT

81. gr.

Hlutdeildir minnihluta sem uppfylla skilyrði þess að falla undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1

1. Hlutdeild minnihluta samanstendur af summu almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, yfirverðsreikninga hlutafjár sem tengjast þeim gerningum, óráðstafaðs eigin fjár og annarra varasjóða dótturfélags, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) dótturfélagið er eitt af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt viðeigandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

b) dótturfélagið er að fullu fellt inn í samstæðureikninginn skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

c) liðir í almennu eigin fé þáttar 1, sem um getur í inngangshluta þessarar málsgreinar, eru í eigu annarra aðila en fyrirtækja sem felld eru inn í samstæðureikning skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.

2. Hlutdeildir minnihluta, sem eru fjármagnaðar beint eða óbeint, í gegnum sérstakan verðbréfunaraðila (e. special purpose entity) eða með öðrum hætti, af móðurfélagi stofnunarinnar eða dótturfélögum hennar, uppfylla ekki skilyrði þessa að falla undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1.

82. gr.

Viðurkennt viðbótareiginfé þáttar 1, eiginfjárþáttur 1, eiginfjárþáttur 2 og viðurkenndur eiginfjárgrunnur

Viðurkennt viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþáttur 1, eiginfjárþáttur 2 og viðurkenndur eiginfjárgrunnur samanstanda af hlutdeild minnihluta, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum eða gerningum undir þætti 2, eftir því sem við á, auk tengds óráðstafaðs eigin fjár og yfirverðsreikninga hlutafjár dótturfélags, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) dótturfélagið er annað af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt viðeigandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

b) dótturfélagið er að fullu talið með í samstæðureikningnum skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

c) gerningarnir eru í eigu annarra aðila en fyrirtækjanna sem felld eru inn í samstæðureikning skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.

83. gr.

Viðurkennt viðbótareigiðfé þáttar 1 og eiginfjárþáttur 2 sem sérstakur verðbréfunaraðili gefur út

1. Viðbótareiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 og gerningar undir þætti 2, sem sérstakur verðbréfunaraðili gefur út, ásamt tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár teljast einungis til viðurkennds viðbótareiginfjár þáttar 1, eiginfjárþáttar 1 eða eiginfjárþáttar 2 eða viðurkennds eiginfjárgrunns ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) sérstaki verðbréfunaraðilinn sem gefur gerningana út er að fullu felldur inn í samstæðureikninginn skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

b) gerningarnir og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár teljast einungis til viðurkennds viðbótareiginfjár þáttar 1 ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 52. gr. eru uppfyllt,

c) gerningarnir og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár teljast einungis til viðurkennds eiginfjárþáttar 2 ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. eru uppfyllt,

d) eina eign sérstaka verðbréfunaraðilans er fjárfesting hans í eiginfjárgrunni móðurfélagsins eða dótturfélags þess sem er að fullu fellt inn í samstæðureikninginn skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta, á formi sem uppfyllir viðeigandi skilyrði sem um getur í 1. mgr. 52. gr. eða 63. gr., eftir því sem við á.

Telji lögbært yfirvald eignir sérstaka verðbréfunaraðilans, aðrar en fjárfestingu hans í eiginfjárgrunni móðurfélags eða dótturfélags þess sem er fellt inn í samstæðureikninginn skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta, vera hverfandi litlar og óverulegar fyrir slíkan aðila má lögbæra yfirvaldið falla frá skilyrðunum sem tilgreind eru í d-lið fyrstu undirgreinar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreinir þær tegundir eigna sem geta tengst rekstri sérstakra verðbréfunaraðila og hugtökin hverfandi lítill og óverulegur sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

84. gr.

Hlutdeildir minnihluta sem falla undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1

1. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð hlutdeilda minnihluta hjá dótturfélagi sem fellur undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1 með því að draga frá hlutdeildum minnihluta hjá því fyrirtæki niðurstöðu þess að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið með hundraðshlutanum sem um getur í b-lið:

a) almennt eigið fé dótturfélags í þætti 1 að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

i. þeirri fjárhæð almenns eigin fjár dótturfélagsins í þætti 1 sem þarf til að uppfylla summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 92. gr., kröfunum sem um getur í 458. og 459. gr., tilteknum kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagðri eiginfjáraukakröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, kröfunum sem um getur í 500. gr. og öllum öðrum staðbundnum eftirlitsreglum í þriðja landi að því marki sem mæta skal þessum kröfum með almennu eigin fé þáttar 1,

ii. þeirri fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1 sem tengist dótturfélaginu og þarf til að uppfylla summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 92. gr. á samstæðugrunni, kröfunum sem um getur í 458. og 459. gr., tilteknum kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagðri eiginfjáraukakröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, kröfunum sem um getur í 500. gr. og öllum öðrum staðbundnum eftirlitsreglum í þriðja landi að því marki sem mæta skal þessum kröfum með almennu eigin fé þáttar 1,

b) hlutdeild minnihluta hjá dótturfélagi, gefin upp sem hundraðshluti allra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá því fyrirtæki, auk tengdra yfirverðsreikninga hlutafjár, óráðstafaðs eigin fjár og annarra varasjóða.

2. Framkvæma skal útreikninginn sem um getur í 1. mgr. á undirsamstæðugrunni fyrir hvert dótturfélag sem um getur í 1. mgr. 81. gr.

Stofnun getur kosið að framkvæma ekki þennan útreikning vegna dótturfélags sem um getur í 1. mgr. 81. gr. Taki stofnun slíka ákvörðun má ekki fella hlutdeild minnihluta hjá dótturfélagi undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1.

3. Nýti lögbært yfirvald sér undanþáguna frá því að beita varfærniskröfum á einingargrunni, eins og um getur í 7. gr., skulu hlutdeildir minnihluta hjá dótturfélögum sem undanþágan gildir um ekki færðar undir eiginfjárgrunn við gerð undirsamstæðureiknings eða samstæðureiknings, eftir því sem við á.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreindur er útreikningurinn við gerð undirsamstæðureiknings sem þörf er á í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og 85. og 87. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Lögbær yfirvöld mega veita móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði, undanþágu frá beitingu þessarar greinar:

a) meginstarfsemi þess er að afla eignarhluta,

b) það fellur undir varfærniseftirlit á samstæðugrunni,

c) undir samstæðureikning þess fellur dótturstofnun sem það á einungis minnihlutaeign í vegna yfirráðatengsla sem skilgreind eru í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

d) meira en 90% af samanlögðu almennu eigin fé þáttar 1, sem krafist er, er til komið vegna dótturstofnunarinnar sem um getur í c-lið, reiknað út á undirsamstæðugrunni.

Verði móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði, sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í fyrstu undirgrein, að blönduðu móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði eftir 28. júní 2013 mega lögbær yfirvöld veita því blandaða móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi undanþáguna sem um getur í fyrstu undirgrein að því tilskildu að það uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri undirgrein.

6. Hafi lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun og stofnanir, sem komið er á fót innan stofnanaverndarkerfis sem fellur undir skilyrðin sem mælt er fyrir um 7. mgr. 113 gr., komið á gagnkvæmu ábyrgðarkerfi sem kveður á um að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á tilfærslu fjárhæðar eiginfjárgrunns, umfram kröfur samkvæmt reglum, frá mótaðilanum til lánastofnunarinnar eru þessar stofnanir undanþegnar ákvæðum þessarar greinar varðandi frádrátt og mega að fullu færa hlutdeild minnihluta sem stafar af gagnkvæma ábyrgðarkerfinu.

85. gr.

Gerningar sem teljast áhættuvarnargerningar í þætti 1 sem falla undir samanlagðan eiginfjárþátt 1

1. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð viðurkennds eiginfjárþáttar 1 hjá dótturfélagi sem fellur undir samanlagðan eiginfjárgrunn með því að draga frá viðurkenndum eiginfjárþætti 1 fyrirtækisins niðurstöðu þess að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið með hundraðshlutanum sem um getur í b-lið:

a) eiginfjárþáttur 1 hjá dótturfélagi að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

   i. þeirri fjárhæð fjármagns dótturfélagsins í eiginfjárþætti 1 sem þarf til að uppfylla summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 92. gr., kröfunum sem um getur í 458. og 459. gr., tilteknum kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagðri eiginfjáraukakröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, kröfunum sem um getur í 500. gr. og öllum öðrum staðbundnum eftirlitsreglum í þriðja landi að því marki sem mæta skal þessum kröfum með eiginfjárþætti 1,

   ii. þeirri fjárhæð samanlagðs eiginfjárþáttar 1 sem tengist dótturfélaginu og þarf til að uppfylla summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 92. gr. á samstæðugrunni, kröfunum sem um getur í 458. og 459. gr., tilteknum kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagðri eiginfjáraukakröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, kröfunum sem um getur í 500. gr. og öllum öðrum staðbundnum eftirlitsreglum í þriðja landi að því marki sem mæta skal þessum kröfum með eiginfjárþætti 1,

b) viðurkenndur eiginfjárþáttur 1 hjá dótturfélagi, gefinn upp sem hundraðshluti allra gerninga fyrirtækisins undir þætti 1, auk tengdra yfirverðsreikninga hlutafjár, óráðstafaðs eigin fjár og annarra varasjóða.

2. Framkvæma skal útreikninginn sem um getur í 1. mgr. á undirsamstæðugrunni fyrir hvert dótturfélag sem um getur í 1. mgr. 81. gr.

Stofnun getur kosið að framkvæma ekki þennan útreikning vegna dótturfélags sem um getur í 1. mgr. 81. gr. Taki stofnun slíka ákvörðun má ekki fella viðurkenndan eiginfjárþátt 1 hjá dótturfélagi undir samanlagðan eiginfjárþátt 1.

3. Nýti lögbært yfirvald sér undanþáguna frá því að beita varfærniskröfum á einingargrunni, eins og um getur í 7. gr., skulu gerningar dótturfélaga í eiginfjárþætti 1 sem undanþágan gildir um ekki færðir undir eiginfjárgrunn við gerð undirsamstæðureiknings eða samstæðureiknings, eftir því sem við á.

86. gr.

Viðurkenndur eiginfjárþáttur 1 sem fellur undir samanlagt viðbótareigiðfé þáttar 1

Með fyrirvara um 5. og 6. mgr. 84. gr. skulu stofnanir ákvarða þá fjárhæð viðurkennds eiginfjárþáttar 1 hjá dótturfélagi sem fellur undir samanlagt viðbótareigiðfé þáttar 1 með því að draga frá viðurkenndum eiginfjárþætti 1 hjá dótturfélaginu, sem fellur undir samanlagðan eiginfjárþátt 1, hlutdeild minnihluta hjá því fyrirtæki sem fellur undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1.

87. gr.

Viðurkenndur eiginfjárgrunnur sem fellur undir samanlagðan eiginfjárgrunn

1. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð viðurkennds eiginfjárgrunns í dótturfélagi sem fellur undir samanlagðan eiginfjárgrunn með því að draga frá viðurkenndum eiginfjárgrunni fyrirtækisins niðurstöðu þess að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið með hundraðshlutanum sem um getur í b-lið:

a) eiginfjárgrunnur dótturfélags að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

   i. þeirri fjárhæð eiginfjárgrunns dótturfélagsins sem þarf til að uppfylla summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 92. gr., kröfunum sem um getur í 458. og 459. gr., tilteknum kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagðri eiginfjáraukakröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, kröfunum sem um getur í 500. gr. og öllum öðrum staðbundnum eftirlitsreglum í þriðja landi,

   ii. þeirri fjárhæð eiginfjárgrunns sem tengist dótturfélaginu og þarf til að uppfylla summu kröfunnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 92. gr. á samstæðugrunni, kröfurnar sem um getur í 458. og 459. gr., tilteknar kröfur vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlagða eiginfjáraukakröfu sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, kröfurnar sem um getur í 500. gr. og allar aðrar staðbundnar kröfur um eiginfjárgrunn í þriðja landi,

b) viðurkenndur eiginfjárgrunnur fyrirtækisins, gefinn upp sem hundraðshluti allra eiginfjárgrunnsgerninga dótturfélagsins sem falla undir liði í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótareiginfé þáttar 1 og þætti 2, og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár, óráðstafað eigið fé og aðrir varasjóðir.

2. Framkvæma skal útreikninginn sem um getur í 1. mgr. á undirsamstæðugrunni fyrir hvert dótturfélag sem um getur í 1. mgr. 81. gr.

Stofnun getur kosið að framkvæma ekki þennan útreikning vegna dótturfélags sem um getur í 1. mgr. 81. gr. Taki stofnun slíka ákvörðun má ekki fella viðurkenndan eiginfjárgrunn þess dótturfélags undir samanlagðan eiginfjárgrunn.

3. Nýti lögbært yfirvald sér undanþáguna frá því að beita varfærniskröfum á einingargrunni, eins og um getur í 7. gr., skulu eiginfjárgrunnsgerningar dótturfélaga sem undanþágan gildir um ekki færðir undir eiginfjárgrunn við gerð undirsamstæðureiknings eða samstæðureiknings, eftir því sem við á.

88. gr.

Viðurkenndir eiginfjárgrunnsgerningar sem falla undir samanlagðan eiginfjárþátt 2

Með fyrirvara um 5. eða 6. mgr. 84. gr. skulu stofnanir ákvarða þá fjárhæð viðurkennds eiginfjárgrunns stofnunar sem fellur undir samanlagðan eiginfjárþátt 2 með því að draga frá viðurkenndum eiginfjárgrunni fyrirtækisins, sem fellur undir samanlagðan eiginfjárgrunn, viðurkenndan eiginfjárþátt 1 hjá fyrirtækinu sem fellur undir samanlagðan eiginfjárþátt 1.

III. BÁLKUR

VIRKIR EIGNARHLUTIR UTAN FJÁRMÁLAGEIRANS

89. gr.

Áhættuvog og bann við virkum eignarhlutum utan fjármálageirans

1. Fari fjárhæð virks eignarhlutar í fyrirtæki, sem ekki er eitt neðantalinna, yfir 15% af hæfu fjármagni stofnunar skal sá eignarhlutur falla undir ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr.:

a) aðili á fjármálamarkaði,

b) fyrirtæki sem er ekki aðili á fjármálamarkaði og stundar starfsemi sem lögbært yfirvald telur vera eitt af eftirfarandi:

   i. beint framhald af bankastarfsemi,

   ii. viðbótarstarfsemi við bankaþjónustu,

iii. eignarleigu, kröfukaup (e. factoring), stýringu fjárhaldssjóða, stjórnun gagnavinnsluþjónustu eða aðra svipaða starfsemi.

2. Heildarfjárhæð virkra eignarhluta stofnunar í öðru fyrirtæki en um getur a- og b-lið 1. mgr. sem fer yfir 60% af hæfu fjármagni hennar skal falla undir ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

3. Lögbær yfirvöld skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið á virka eignarhluti stofnana sem um getur í 1. og 2. mgr.:

a) í þeim tilgangi að reikna út eiginfjárkröfuna í samræmi við þriðja hluta skulu stofnanir beita 1250% áhættuvog á það sem hærra ef af eftirfarandi:

i. fjárhæð virkra eignarhluta sem um getur í 1. mgr. sem er umfram 15% af hæfu fjármagni,

ii. heildarfjárhæð virkra eignarhluta sem um getur í 2. mgr. sem er umfram 60% af hæfu fjármagni stofnunarinnar,

b) lögbær yfirvöld skulu banna að fjárhæð virkra eignarhluta stofnana sem um getur í 1. og 2. mgr. fari yfir hundraðshluta hæfs fjármagns sem mælt er fyrir um í þessum málsgreinum.

Lögbær yfirvöld skulu birta val sitt á a- eða b-lið.

4. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur þar sem eftirfarandi hugtök eru tilgreind:

a) starfsemi sem er beint framhald bankastarfsemi,

b) viðbótarstarfsemi við bankaþjónustu,

c) svipuð starfsemi.

Samþykkja skal þessar viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

90. gr.

Valmöguleiki við 1250% áhættuvog

Í stað þess að beita 1250% áhættuvog á fjárhæðir umfram mörkin sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. 89. gr. mega stofnanir draga þessar fjárhæðir frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við k-lið 1. mgr. 36. gr.

91. gr.

Undanþágur

1. Hlutir fyrirtækja sem ekki er getið um í a- og b-lið 1. mgr. 89. gr. skulu ekki teknir inn í útreikning á mörkum hæfs fjármagns sem tilgreind eru í þeirri grein ef einhver eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) hlutunum er haldið tímabundið á meðan fjárhagsaðstoð sem um getur í 79. gr. stendur yfir,

b) eign á hlutunum er sölutryggingarstaða sem haldið er í fimm virka daga eða skemur,

c) hlutunum er haldið í nafni stofnunarinnar og fyrir hönd annarra.

2. Hlutir sem eru ekki áhættufjármunir samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 86/635/EBE skulu ekki taldir með í útreikningnum sem tilgreindur er í 89. gr.

ÞRIÐJI HLUTI

EIGINFJÁRKRÖFUR

I. BÁLKUR

ALMENNAR KRÖFUR, MAT OG SKÝRSLUGJÖF

1. KAFLI

Krafa um stærð eiginfjárgrunns

1. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana

92. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns

1. Með fyrirvara um 93. og 94. gr. skulu stofnanir ávallt uppfylla eftirfarandi kröfur vegna eiginfjárgrunns:

a) hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 skal vera 4,5%,

b) hlutfall eiginfjárþáttar 1 skal vera 6%,

c) heildareiginfjárhlutfall skal vera 8%.

2. Stofnanir skulu reikna eiginfjárhlutföll sín sem hér segir:

a) hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 er bókfært eigið fé stofnunar í eiginfjárþætti 1 gefið upp sem hundraðshluti af heildarfjárhæð áhættugrunns,

b) hlutfall eiginfjárþáttar 1 er fjármagn stofnunar í eiginfjárþætti 1 gefið upp sem hundraðshluti af heildarfjárhæð áhættugrunns,

c) heildareiginfjárhlutfall er eiginfjárgrunnur stofnunar gefinn upp sem hundraðshluti af heildarfjárhæð áhættugrunns.

3. Heildaráhættugrunnur er reiknaður sem samtala a- til f-liða þessarar málsgreinar að teknu tilliti til ákvæða 4. mgr.:

a) fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu, reiknaðar í samræmi við II. bálk og 379. gr. að því er varðar alla starfsemi stofnunar, að undanskildum fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna veltubókarviðskipta stofnunarinnar,

b) kröfur vegna eiginfjárgrunns, ákvarðaðar í samræmi við IV. bálk þessa hluta og fjórða hluta, eftir því sem við á, vegna veltubókarviðskipta, vegna eftirfarandi:

i. stöðuáhættu,

ii. stórra áhættuskuldbindinga umfram mörkin sem tilgreind eru í 395. og 401. gr., að því marki sem heimilt er að fara yfir þau mörk,

c) krafna um eiginfjárgrunn sem ákvarðaðar eru í samræmi við IV. bálk eða V. bálk að undanskilinni 379. gr., eftir því sem við á, vegna eftirfarandi:

i. gjaldmiðlaáhættu,

ii. uppgjörsáhættu,

iii. hrávöruáhættu,

d) kröfur vegna eiginfjárgrunns, reiknaðar í samræmi við IV. bálk, að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis OTC afleiðugerninga, annarra en lánaafleiða sem færðar eru til að lækka fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu,

e) kröfur vegna eiginfjárgrunns, ákvarðaðar í samræmi við III. bálk vegna rekstraráhættu,

f) fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga ákvarðaðar í samræmi við II. bálk vegna mótaðilaáhættu sem stafar af veltubókarviðskiptum stofnunarinnar vegna eftirfarandi tegunda viðskipta og samninga:

i. samninga sem taldir eru upp í viðauka II og lánaafleiða,

ii. endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántaka vegna verðbréfa eða hrávöruviðskipta,

iii. Viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa með veði í verðbréfum eða hrávörum,

iv. gnóttsamninga.

4. Eftirfarandi ákvæði gilda við útreikning á heildaráhættugrunni sem um getur í 3. mgr.:

a) kröfurnar um eiginfjárgrunn sem um getur í c-, d- og e-lið 3. mgr. skulu ná til allrar starfsemi viðkomandi stofnunar,

b) stofnanir skulu margfalda kröfurnar um eiginfjárgrunn sem um getur í b- til e-lið 3. mgr. með 12,5.

93. gr.

Krafa um stofnfé til áframhaldandi rekstrar

1. Eiginfjárgrunnur stofnunar má ekki fara niður fyrir þá fjárhæð stofnfjár sem krafist var við veitingu starfsleyfis.

2. Lánastofnanir sem þegar voru starfræktar 1. janúar 1993 mega halda áfram starfsemi þó eiginfjárgrunnur þeirra nái ekki þeirri fjárhæð stofnfjár sem nú er krafist. Þegar svo er má fjárhæð eiginfjárgrunns þessara stofnana ekki fara niður fyrir hæstu fjárhæðina sem hann hefur numið frá og með 22. desember 1989.

3. Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi og fyrirtæki sem féllu undir 6. gr. tilskipunar 2006/49/EB og voru stofnuð fyrir 31. desember 1995 mega halda áfram starfsemi þó eiginfjárgrunnur þeirra nái ekki lágmarksfjárhæð stofnfjár. Eiginfjárgrunnur þeirra fyrirtækja eða verðbréfafyrirtækja skal ekki fara niður fyrir hámarksviðmiðunarstig sem er reiknað út eftir tilkynningardaginn í tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur verðbréfafyrirtækja og lánastofnana [1]. Það viðmiðunarstig skal vera daglegt meðaltal eiginfjárgrunns reiknað út frá næstliðnum sex mánuðum áður en útreikningurinn fer fram. Viðmiðunarstigið skal reiknað á sex mánaða fresti fyrir undanfarandi tímabil.

4. Þegar um er að ræða einstakling eða lögaðila sem öðlast yfirráð yfir stofnun sem fellur undir 2. eða 3. mgr., annan en einstakling eða lögaðila, sem öðlaðist yfirráð fyrir þau tímamörk sem tilgreind eru í 2. eða 3. mgr., skal eiginfjárgrunnur stofnunarinnar nema að lágmarki þeirri eiginfjárkröfu sem upphaflega var gerð krafa um.

[1] Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1.

5. Þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri stofnana er falla undir þann flokk sem um getur í 2. eða 3. mgr., skal eiginfjárgrunnur stofnunarinnar sem verður til við samrunann ekki vera lægri en heildareiginfjárgrunnur stofnananna, sem sameinaðar eru, þegar samruninn átti sér stað, að því gefnu að fjárhæð eiginfjárgrunns sé lægri en fjárhæð þess stofnfjár sem krafa er gerð um.

6. Þegar lögbær yfirvöld telja nauðsynlegt að gjaldþol stofnunar sé tryggt þannig að skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. séu uppfyllt, skulu ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr. ekki gilda.

94. gr.

Undanþága fyrir lítið umfang veltubókarviðskipta

1. Stofnunum er heimilt að víkja frá þeirri eiginfjárkröfu sem um getur í b-lið 3. mgr. 92. gr. og styðjast við þá eiginfjárkröfu sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar að því er varðar veltubókarviðskipti þeirra, að því tilskildu að umfang veltubókarviðskipta þeirra innan og utan efnahagsreiknings uppfylli bæði eftirfarandi skilyrði:

a) það er að öllu jöfnu minna en 5% af heildareignum og 15 milljónir evra,

b) það fer aldrei yfir 6% af heildareignum og 20 milljónir evra.

2. Við útreikning á umfangi viðskipta innan og utan efnahagsreiknings skulu stofnanir styðjast við eftirfarandi:

a) skuldagerningar skulu metnir á markaðsvirði eða nafnvirði, hlutabréf á markaðsvirði og afleiður í samræmi við nafn- eða markaðsvirði undirliggjandi gerninga þeirra,

b) tölugildi gnóttstaðna skal lagt saman við tölugildi skortstaðna.

3. Þegar stofnun uppfyllir ekki skilyrði b-liðar 1. mgr. skal hún tafarlaust tilkynna það lögbæru yfirvaldi. Ef lögbært yfirvald, í kjölfar mats síns, ákvarðar og tilkynnir stofnun um að skilyrði skv. a-lið 1. mgr. séu ekki uppfyllt skal stofnunin hætta að styðjast við 1. mgr. frá og með næsta reiknings-skiladegi.

2. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir verðbréfafyrirtæki með takmarkað starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustu

95. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir verðbréfafyrirtæki með takmarkað starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustu

1. Að því er varðar 3. mgr. 92. gr. skulu verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa heimild til að veita þá verðbréfaþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 3. og 6. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB nota útreikninginn á heildarfjárhæð áhættugrunns sem tilgreind er í 2. mgr.

2. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og fyrirtæki sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. sem veita fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 2. og 4. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB skulu reikna út heildarfjárhæð áhættugrunns sem það sem hærra er af eftirfarandi:

a) summu liðanna sem um getur í a- til d-lið og f-lið 3. mgr. 92. gr. eftir að 4. mgr. 92. gr. hefur verið beitt,

b) 12,5 margfaldað með fjárhæðinni sem tilgreind er í 97. gr.

Fyrirtæki sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. sem veita fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 2. og 4. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB skulu uppfylla kröfurnar í 1. og 2. mgr. 92. gr. á grundvelli heildarfjárhæðar áhættugrunns sem um getur í fyrstu undirgrein.

Lögbær yfirvöld mega gera sömu kröfur vegna eiginfjárgrunns til fyrirtækja sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. sem veita fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 2. og 4. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB og þær kröfur vegna eiginfjárgrunns sem eru bindandi fyrir þessi fyrirtæki samkvæmt landsbundnum ráðstöfunum til lögfestingar sem voru í gildi 31. desember 2013 vegna tilskipana 2006/49/EB og 2006/48/EB.

3. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. falla undir öll önnur ákvæði varðandi rekstraráhættu sem mælt er fyrir um í 1. Undirþætti II. þáttar 2. Kafla VII. Bálks tilskipunar 2013/36/ESB.

96. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir verðbréfafyrirtæki með stofnfé eins og mælt er fyrir um í 2. Mgr. 28. Gr. tilskipunar 2013/36/ESB

1. Að því er varðar 3. Mgr. 92. Gr. skulu eftirfarandi flokkar verðbréfafyrirtækja með stofnfé í samræmi við 2. Mgr. 28. Gr. tilskipunar 2013/36/ESB nota þann útreikning á heildarfjárhæð áhættugrunns sem tilgreindur er í 2. Mgr. Þessarar greinar:

a) verðbréfafyrirtæki sem eiga aðeins viðskipti fyrir eigin reikning til þess að uppfylla eða framfylgja fyrirmælum viðskiptavinar eða í þeim tilgangi að fá aðgang að greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi eða viðurkenndri kauphöll, þegar þau starfa sem umboðsaðilar eða framfylgja fyrirmælum viðskiptavinar,

b) verðbréfafyrirtæki sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

i. þau taka ekki til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavinar,

ii. þau stunda eingöngu viðskipti fyrir eigin reikning,

iii. þau hafa ekki utanaðkomandi viðskiptavini,

iv. þau hafa selt framkvæmd og uppgjör viðskipta sinna í hendur stöðustofnunarfyrirtækis sem ábyrgist þau.

2. Að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. Mgr. Skal heildarfjárhæð áhættugrunns reiknuð út sem summa eftirfarandi liða:

a) a- til d-liðar og f-liðar 3. Mgr. 92. Gr. eftir að 4. Mgr. 92. Gr. hefur verið beitt,

b) fjárhæðarinnar sem um getur í 97. Gr. margfaldaðri með 12,5.

3. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. Mgr. Falla undir öll önnur ákvæði varðandi rekstraráhættu sem mælt er fyrir um í 1. Undirþætti II. þáttar 3. Kafla VII. Bálki tilskipunar 2013/36/ESB.

97. gr.

Eiginfjárgrunnur byggður á föstum kostnaði

1. Í samræmi við 95. Og 96. Gr. skulu verðbréfafyrirtæki og fyrirtæki sem um getur í c-lið 2. Liðar 1. Mgr. 4. Gr., sem veita verðbréfaþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 2. Og 4. Lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB, búa yfir hæfu fjármagni sem nemur minnst einum fjórða af föstum kostnaði fyrra árs.

2. Ef breyting verður á starfsemi verðabréfafyrirtækis frá fyrra ári sem lögbært yfirvald telur mikilvæga má lögbæra yfirvaldið breyta kröfunni sem mælt er fyrir um í 1. Mgr.

3. Hafi verðbréfafyrirtæki ekki starfað í eitt ár, frá því það hóf starfsemi sína, skal verðbréfafyrirtækið búa yfir hæfu fjármagni sem nemur minnst einum fjórða af föstum kostnaði samkvæmt viðskiptaáætlun sinni, nema lögbært yfirvald geri kröfu um að viðskiptaáætlunin sé leiðrétt.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samráði við Evrópsku eftirlitsstofnunina á verðbréfamarkaði semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint nánar:

a) útreikningur kröfunnar um að búa yfir hæfu fjármagni sem nemur minnst einum fjórða af föstum kostnaði fyrra árs,

b) skilyrðin fyrir leiðréttingu lögbærs yfirvalds á kröfunni um að búa yfir hæfu fjármagni sem nemur minnst einum fjórða af föstum kostnaði fyrra árs,

c) útreikningurinn á áætluðum föstum kostnaði ef um er að ræða verðbréfafyrirtæki sem ekki hefur starfað í eitt ár.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. Mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. Gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

98. gr.

Eiginfjárgrunnur fyrir verðbréfafyrirtæki á samstæðugrunni

1. Ef um er að ræða verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. Mgr. 95. Gr. í samstæðu sem ekki inniheldur lánastofnun skal móðurfélag verðbréfafyrirtækisins í aðildarríki beita 92. Gr. á samstæðugrunni með eftirfarandi hætti:

a) reikna út heildarfjárhæð áhættugrunns eins og tilgreint er í 2. Mgr. 95. Gr.,

b) reikna út eiginfjárgrunn á grundvelli stöðu samstæðu móðurfélags verðbréfafyrirtækis, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, eftir því sem við á.

2. Ef um er að ræða verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 96. gr. í samstæðu sem ekki inniheldur lánastofnun skal móðurfélag verðbréfafyrirtækis í aðildarríki og verðbréfafyrirtæki undir yfirráðum eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi beita 92. gr. á samstæðugrunni með eftirfarandi hætti:

a) reikna út heildaráhættugrunn eins og tilgreint er í 2. mgr. 96. gr.,

b) reikna út eiginfjárgrunn á grundvelli stöðu samstæðu móðurfélags verðbréfafyrirtækis, eða eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, eftir því sem við á, og í samræmi við 2. kafla, II. bálks fyrsta hluta.

2. KAFLI

Eiginfjárútreikningur og kröfur um skýrslugjöf

99. gr.

Skýrslugjöf um kröfur vegna eiginfjárgrunns og fjárhagsupplýsingar

1. Stofnanir skulu að minnsta kosti hálfsárslega skila skýrslu um eiginfjárútreikninga til lögbærra yfirvalda vegna þeirrar skyldu sem mælt er fyrir um í 92. gr.

2. Stofnanir sem falla undir 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og lánastofnanir aðrar en þær sem um getur í 4. gr. þeirrar reglugerðar sem semja samstæðureikningsskil í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við það sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar skulu einnig skila skýrslu um fjárhagsupplýsingar.

3. Lögbær yfirvöld geta farið fram á að lánastofnanir sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eftir því sem við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, við skýrslugjöf um eiginfjárgrunn á samstæðugrunni skv. 2. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar, skili einnig skýrslu um fjárhagsupplýsingar eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar.

4. Veita skal fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. og 3. mgr. að því marki sem nauðsynlegt er til að fá heildstæða mynd af áhættusniði starfsemi stofnunar og mynd af þeirri kerfisáhættu sem stofnanir valda í fjármálageiranum eða raunhagkerfinu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum þar sem tilgreint er samræmt form, skilatíðni, dagsetningar skýrslugjafar, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir sem nota skal í Sambandinu vegna skýrslugjafarinnar sem um getur í 1. og 4. mgr.

Skýrslugjöfin skal taka mið af eðli, umfangi starfsemi stofnananna og því hversu margþætt hún er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Telji lögbært yfirvald fjárhagsupplýsingarnar sem krafa er gerð um í 2. mgr. nauðsynlegar til að fá fullnægjandi mynd af áhættusniði starfsemi annarra stofnana en um getur í 2. og 3. mgr., sem falla undir reikningsskilaumgjörð sem byggir á tilskipun 86/635/EBE, og til að fá mynd af kerfisáhættu sem þær stofnanir valda fjármálageiranum eða raunhagkerfinu skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um að láta upplýsingaskyldu fjárhagsupplýsinga á samstæðugrunni ná til þessara stofnana, að því tilskildu að þær sinni ekki þegar upplýsingaskyldu á slíkum grundvelli.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum þar sem tilgreint er það form sem stofnanir, er lögbær yfirvöld mega láta upplýsingaskyldu í samræmi við fyrstu undirgrein ná til, skulu nota.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Telji lögbært yfirvald upplýsingar sem ekki falla undir tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í 5. mgr. nauðsynlegar í þeim tilgangi sem um getur í 4. mgr. skal það tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu um viðbótarupplýsingar sem það telur nauðsynlegt að fram komi í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í 5. mgr.

100. gr.

Viðbótarupplýsingaskylda

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum, a.m.k. á samanteknu formi, um umfang samninga um endurhverf verðbréfakaup, verðbréfalánveitinga og allra tegunda kvaða á eignum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fella þessar upplýsingar inn í tæknilega framkvæmdastaðla um skýrslugjöf sem um getur í 5. mgr. 99. gr.

101. gr.

Sértök gagnaskilakvöð

1. Stofnanirnar skulu á hálfsárs fresti gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu um eftirtalin gögn fyrir sérhvern landsbundinn fasteignamarkað þar sem þær eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta:

a) tap vegna áhættuskuldbindinga, þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 80% af markaðsvirði eða 80% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr.,

b) heildartap vegna áhættuskuldbindinga, þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem álitinn er tryggður að fullu með íbúðarhúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,

c) áhættuskuldbindingarvirði allra útistandandi áhættuskuldbindinga, þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, takmarkað við þann hluta sem álitinn er tryggður að fullu með íbúðarhúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,

d) tap vegna áhættuskuldbindinga, þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr.,

e) heildartap vegna áhættuskuldbindinga, þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem álitinn er tryggður að fullu með viðskiptahúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,

f) áhættuskuldbindingarvirði allra útistandandi áhættuskuldbindinga, þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, takmarkað við þann hluta sem álitinn er tryggður að fullu með viðskiptahúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.

2. Gefa skal lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðkomandi stofnunar skýrslu um þau gögn sem um getur í 1. mgr. Ef stofnun hefur útibú í öðru aðildarríki skal einnig gefa lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu skýrslu um gögn er varða það útibú. Gefa skal sérstaka skýrslu um gögn fyrir hvern fasteignamarkað innan Sambandsins þar sem viðkomandi stofnun hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

3. Lögbær yfirvöld skulu á hverju ári birta samantekt yfir þau gögn, sem tilgreind eru í a- til f-lið 1. mgr., ásamt sögulegum gögnum ef þau liggja fyrir. Lögbært yfirvald skal, að beiðni annars lögbærs yfirvalds í aðildarríki eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, láta því eða henni í té ítarlegri upplýsingar um aðstæður á fasteignamarkaði fyrir íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði í því aðildarríki.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) samræmdar fyrirmyndir, skilgreiningar, tíðni og skýrslugjafardagar, sem og lausnir í upplýsingatækni, að því er varðar þá liði sem um getur í 1. mgr.,

b) samræmdar fyrirmyndir, skilgreiningar, tíðni og skýrslugjafardagar, sem og lausnir í upplýsingatækni, að því er varðar þau samanteknu gögn sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. KAFLI

Veltubók

102. gr.

Kröfur er varða veltubók

1. Stöður í veltubók skulu annaðhvort vera án takmarkana varðandi söluhæfi eða unnt að áhættuverja þær.

2. Færa skal sönnur á viðskiptatilgang á grundvelli áætlana, stefna og verklagsreglna sem stofnanir koma á til að stjórna stöðu eða eignasafni í samræmi við 103. gr.

3. Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda kerfum og eftirliti til að stýra veltubók sinni í samræmi við 104. og 105. gr.

4. Stofnanir geta fellt innri áhættuvarnir inn í útreikning á eiginfjárkröfum vegna stöðuáhættu að því tilskildu að þær séu ætlaðar til veltuviðskipta og að kröfum 103.–106. gr. sé fullnægt.

103. gr.

Stýring veltubókarinnar

Við stýringu á stöðum sínum eða samstæðum staðna í veltubókinni skal stofnunin uppfylla allar eftirtaldar kröfur:

a) stofnunin skal setja fram skilmerkilega skjalfesta viðskiptastefnu vegna stöðunnar/gerningsins eða eignasafna, sem framkvæmdastjórn hefur samþykkt, og þar skal koma fram hversu langt áætlað er að eignartímabilið verði,

b) stofnunin skal setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur varðandi virka stýringu á stöðum sem stofnað er til á viðskiptaborði. Þessar stefnur og verklagsreglur skulu fela í sér eftirfarandi:

i. til hvaða staðna er stofnað á hvaða viðskiptaborði,

ii. stöðutakmarkanir eru settar og fylgst er með því að þær séu viðeigandi,

iii. miðlurum er í sjálfsvald sett að stofna og stýra stöðu innan umsaminna takmarkana og samkvæmt samþykktri stefnu,

iv. framkvæmdastjórn er tilkynnt um stöður og er það óaðskiljanlegur hluti áhættustýringarferlis stofnunarinnar,

v. virkt eftirlit er með stöðum með hliðsjón af markaðsupplýsingaveitum og mat er unnið á markaðshæfi eða möguleikanum á að áhættuverja stöðuna eða áhættu bundna henni, þ.m.t. mat, gæði og framboð á markaðsgögnum við matsferlið, umfang markaðsveltu, stærð staðna sem viðskipti eru með á markaði,

vi. virkar verklagsreglur og eftirlitsráðstafanir til að berjast gegn svikum,

c) stofnunin skal setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur til að hafa eftirlit með stöðum gegn viðskiptastefnu stofnunarinnar, þ.m.t. eftirlit með veltu og stöðum þar sem farið hefur verið fram yfir það eignartímabil sem upphaflega var áætlað.

104. gr.

Skráning í veltubókina

1. Stofnanir skulu setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur að því er varðar ákvörðun á því hvaða stöður eigi að taka með í veltubókina vegna útreiknings á eiginfjárkröfum þeirra í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í 102. gr. og skilgreiningu á veltubók í samræmi við 86. lið 1. mgr. 4. gr., með tilliti til getu og starfsvenja stofnunarinnar við áhættustýringu. Stofnunin skal skjalfesta nákvæmlega að hún hafi fylgt þessum stefnum og verklagsreglum og fara skal fram reglubundin innri endurskoðun á því.

2. Stofnanir skulu setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur að því er varðar heildarstýringu veltubókarinnar. Þessar stefnur og verklagsreglur skulu a.m.k. taka til:

a) starfsemi þeirrar sem stofnunin álítur veltuviðskipti og hluta af veltubókinni að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns,

b) þess að hvaða marki unnt er að færa stöðu á markaðsvirði daglega með tilvísun í virkan kaup- og sölumarkað,

c) þess, að því er varðar stöður færðar á líkansvirði, að hve miklu leyti stofnunin getur:

i. tilgreint alla verulega áhættu í tengslum við stöðuna,

ii. varið gegn allri verulegri áhættu í tengslum við stöðuna með gerningum sem virkur kaup- og sölumarkaður er með,

iii. unnið áreiðanlegt mat fyrir lykilforsendur og breytur sem eru notaðar í líkaninu,

d) þess að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að taka saman mat fyrir stöðuna sem óháður aðili getur sannreynt á samræmdan hátt,

e) þess að hve miklu leyti lagalegar hömlur eða aðrar rekstrarlegar kröfur koma í veg fyrir að stofnunin geti losað eða áhættuvarið stöðuna þegar til skemmri tíma er litið,

f) þess að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að stjórna áhættu staðna á virkan hátt innan ramma viðskiptastarfsemi sinnar,

g) þess að hve miklu leyti stofnunin getur yfirfært áhættu eða stöður utan veltubókar yfir í veltubók og öfugt ásamt viðmiðunum fyrir slíkar yfirfærslur.

105. gr.

Kröfur varðandi varfærið mat

1. Allar stöður í veltubók skulu uppfylla staðla fyrir varfærið mat sem er tilgreint í þessari grein. Stofnanir skulu einkum sjá til þess að með varfærnu mati á stöðum þeirra í veltubók fáist viðunandi vissa með hliðsjón af breytileika staðna í veltubók, kröfum um varfærni og traust og starfsaðferðum og eiginfjárkröfum vegna staðna í veltubók.

2. Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda fullnægjandi kerfum og eftirliti til að gera varfærnar og áreiðanlegar matsáætlanir. Kerfi og eftirlit skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) skjalfestar stefnur og verklagsreglur að því er varðar matsferlið, þ.m.t. skilmerkilega skilgreinda ábyrgð mismunandi sviða sem koma að ákvörðun matsins, markaðsupplýsingaveitur og mat á því hvort þær séu viðeigandi, viðmiðunarreglur um notkun ósannreynanlegra ílagsgagna sem endurspegla forsendur stofnunar varðandi það hvað markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á stöðu, tíðni óháðs mats, tímasetningu lokaverðs, verklagsreglur um leiðréttingu á mati, um sannprófun við mánaðarlok og verklagsreglur við sérstakar aðstæður,

b) boðleiðir fyrir deildina, sem er ábyrg fyrir matsferlinu, sem eru skýrar og óháðar framlínudeildum, sem er á endanum stjórnin.

3. Stofnanir skulu endurmeta stöður í veltubók a.m.k. daglega.

4. Stofnanir skulu færa stöður sínar á markaðsvirði þegar það er hægt, þ.m.t. þegar þær beita eiginfjármeðferð veltubókar.

5. Við færslu á markaðsvirði skal stofnun nota varfærnari hlið kaup-/sölugengis nema hún geti gert upp á miðverði markaðar. Þegar stofnanir nýta sér þessa undanþágu skulu þær upplýsa lögbær yfirvöld á sex mánaða fresti um viðkomandi stöður og leggja fram sannanir fyrir því að þær geti gert upp á miðverði markaðar.

6. Þegar færsla á markaðsvirði er ekki möguleg skulu stofnanir færa stöður sínar og eignasöfn með varfærnum hætti á líkansvirði, einnig þegar kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna staðna í veltubókinni eru reiknaðar út.

7. Stofnanir skulu uppfylla eftirfarandi kröfur við færslu á líkansvirði:

a) framkvæmdastjórn skal hafa vitneskju um þá þætti veltubókarinnar, eða annarra staðna á gangvirði, sem eru færðar á líkansvirði og hún verður að gera sér ljóst mikilvægi þeirrar óvissu sem þetta skapar í skýrslugjöf að því er varðar áhættu/afkomu starfseminnar,

b) stofnanir skulu, ef mögulegt reynist, fá markaðsgögn frá sömu veitum og gefa upp markaðsverð og skulu meta oft hvort markaðsgögn tiltekinnar stöðu, sem metin er, og breytur líkansins séu viðeigandi,

c) stofnanir skulu nota þær matsaðferðir, sem teljast viðurkenndar markaðsvenjur fyrir tiltekna fjármálagerninga eða hrávörur, ef þær eru fyrir hendi,

d) ef stofnunin sjálf þróar líkanið skal það byggjast á viðeigandi forsendum sem aðilar með tilskilin starfsréttindi og óháðir þróunarferlinu hafa metið og prófað,

e) stofnanir skulu setja fram formlegar verklagsreglur um eftirlit með breytingum og geyma tryggt eintak af líkaninu og nota það með reglulegu millibili til að yfirfara mat,

f) þeir sem annast áhættustýringu skulu hafa vitneskju um veikleika líkananna sem eru notuð og hvernig best er að endurspegla þá í niðurstöðum matsins og

g) endurskoða skal reglubundið líkön stofnana til að unnt sé að ákvarða hversu nákvæm þau eru og skal það fela í sér mat á því hvort forsendur séu áfram viðeigandi, greiningu á hagnaði og tapi miðað við áhættuþætti og samanburð á raunverulegu lokavirði og niðurstöðum líkansins.

Að því er d-lið varðar skal þróa og samþykkja líkanið óháð viðskiptaborði og það skal prófað óháð öðru, sem felur í sér að sannreyna útreikninga, forsendur og hugbúnaðarframkvæmd.

8. Stofnanir skulu láta fara fram óháða verðsannprófun til viðbótar við daglega færslu á markaðsvirði eða líkansvirði. Sannprófun á markaðsvirði og ílagsgögnum líkansins skal gerð á vegum aðila eða innan einingar, sem er óháð aðilum eða einingum sem njóta ávinnings af veltubókinni, a.m.k. mánaðarlega eða oftar eftir eðli markaðarins eða viðskiptastarfseminnar. Ef óháðar verðlagningarveitur eru ekki fyrir hendi eða ef verðlagningarveitur eru að einhverju leyti huglægari geta varfærnislegar ráðstafanir, s.s. virðisleiðréttingar, átt við.

9. Stofnanir skulu koma á og viðhalda verklagsreglum um hvernig beri að taka tillit til virðisleiðréttinga.

10. Stofnanir skulu formlega taka til athugunar eftirfarandi virðisleiðréttingar: óinnleyst áhættuálag, uppgjörskostnað, rekstraráhættu, óvissu um markaðsverð, slit fyrir lok samningstíma, fjárfestingar- og fjármögnunarkostnað, væntanlegan stjórnunarkostnað og, ef við á, líkansáhættu.

11. Stofnanir skulu koma á og viðhalda verklagsreglum um útreikning leiðréttingar á gildandi verðmati á stöðum, sem eru ekki mjög seljanlegar, og geta stafað af bæði markaðsatburðum og aðstæðum sem tengjast stofnunum, t.d. samþjöppuðum stöðum og/eða stöðum þar sem farið hefur verið fram yfir það eignartímabil sem upphaflega var áætlað. Stofnanir skulu, ef nauðsyn krefur, gera slíkar leiðréttingar til viðbótar við breytingar á virði stöðu sem krafist er vegna reikningsskila og skal leiðréttingunum ætlað að endurspegla illseljanleika stöðunnar. Samkvæmt þessum verklagsreglum skulu stofnanir taka til athugunar nokkra þætti þegar þær ákvarða hvort virðisleiðrétting sé nauðsynleg vegna staðna sem eru ekki mjög seljanlegar. Þessir þættir eru m.a.:

a) sá tími sem það tæki að áhættuverja stöðuna eða áhættur innan stöðunnar,

b) flökt og meðaltal verðbils kaups/sölu,

c) það hvort markaðsverð liggur fyrir (fjöldi og auðkenni viðskiptavaka) og flökt og meðaltal veltu, þ.m.t. veltu á álagstímabilum á markaði,

d) markaðssamþjöppun,

e) aldursgreining staðna,

f) að hve miklu leyti verðmat byggist á færslu á líkansvirði,

g) áhrif annarrar líkansáhættu.

12. Þegar mat frá þriðja aðila er notað eða við færslu á líkansvirði skulu stofnanir taka til athugunar hvort þær eigi að beita virðisleiðréttingu. Að auki skulu stofnanir taka til athugunar hvort þörf sé á að gera leiðréttingar vegna staðna sem eru ekki mjög seljanlegar og endurskoða reglubundið hvort þær séu hæfilegar. Stofnanir skulu einnig meta sérstaklega þörf á virðisleiðréttingum í tengslum við óvissu þeirra breyta sem eru notaðar fyrir líkönin.

13. Að því er varðar flóknar afurðir þ.m.t. verðbréfaðar áhættuskuldbindingar og lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, skulu stofnanir meta þörf á virðisleiðréttingum til að endurspegla líkansáhættu í tengslum við beitingu matsaðferðar sem mögulega er röng og líkansáhættu í tengslum við ósannreynanlegar (og mögulega rangar) kvörðunarbreytur í virðislíkaninu.

14. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina skilyrði sem eiga við um beitingu krafna 105. gr. að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

106. gr.

Innri áhættuvarnir

1. Innri áhættuvörn skal einkum uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) henni skal ekki fyrst og fremst ætlað að komast hjá eða lækka kröfur vegna eiginfjárgrunns,

b) hún skal vera skjalfest á tilhlýðilegan hátt og háð sérstökum innri verklagsreglum um samþykki og endurskoðun,

c) fara skal með hana samkvæmt markaðsskilyrðum,

d) stjórna skal markaðsáhættu, sem verður til vegna innri áhættuvarnar, með virkum hætti í veltubókinni, innan heimilaðra marka,

e) hafa skal náið eftirlit með henni í samræmi við fullnægjandi verklagsreglur.

2. Kröfur 1. mgr. gilda með fyrirvara um kröfur sem eiga við um áhættuvarða stöðu utan veltubókar.

3. Þegar stofnun ver útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu utan veltubókar með því að nota útlánaafleiðu, sem bókuð er í veltubók hennar, með innri áhættuvörn, er ekki litið svo á, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., að útlánaáhættan eða mótaðilaáhættan utan veltubókar sé varin að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga nema stofnunin kaupi hjá þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar, samsvarandi útlánaafleiðu er uppfyllir kröfur að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn utan veltubókar. Með fyrirvara um h-lið 2. mgr. 299. gr. skal hvorki innri né ytri útlánaafleiðuvörnin vera í veltubókinni vegna útreiknings á eiginfjárkröfum ef slík vörn frá þriðja aðila er keypt og viðurkennd sem áhættuvörn vegna áhættuskuldbindingar utan veltubókar að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum.

II. BÁLKUR

EIGINFJÁRKRAFA VEGNA ÚTLÁNAÁHÆTTU

1. KAFLI

Almennar meginreglur

107. gr.

Aðferðir við útlánaáhættu

1. Stofnanir skulu annaðhvort beita staðalaðferðinni sem kveðið er á um í 2. kafla eða, ef lögbær yfirvöld heimila það í samræmi við 143. gr., innramatsaðferðinni, sem kveðið er á um í 3. kafla, við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar a- og f-lið 3. mgr. 92. gr.

2. Stofnanir skulu, að því er varðar viðskiptastöður og framlög í vanskilasjóð til miðlægs mótaðila, beita þeirri meðferð sem fram kemur í 9. þætti 6. kafla við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga þeirra að því er varðar a- og f-lið 3. mgr. 92. gr. Stofnanir skulu, að því er varðar aðrar tegundir áhættuskuldbindinga vegna mótaðila, fara með þær sem hér segir:

a) sem áhættuskuldbindingar vegna stofnunar að því er varðar aðrar tegundir áhættuskuldbindinga vegna fullgilds miðlægs mótaðila,

b) sem áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis að því er varðar aðrar tegundir áhættuskuldbindinga vegna miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur.

3. Að því er þessa reglugerð varðar skal fara með áhættuskuldbindingar vegna verðbréfafyrirtækja í þriðju löndum og áhættuskuldbindingar vegna lánastofnana í þriðju löndum og áhættuskuldbindingar vegna stöðustofnunarfyrirtækja og kauphalla í þriðju löndum á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnunar því aðeins að þriðja landið setji varfærni- og eftirlitsskilyrði gagnvart þeim aðila a.m.k. jafngild þeim sem Sambandið beitir.

4. Að því er 3. mgr. varðar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvörðun um það hvort þriðja land beiti jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum og beitt er í Sambandinu. Þar til slík ákvörðun liggur fyrir geta stofnanir áfram farið með áhættuskuldbindingar gagnvart einingum sem um getur í 3. mgr. sem áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum, til 1. janúar 2015, ef viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt að þriðja landið teljist uppfylla skilyrði til að njóta þeirrar meðferðar fyrir 1. janúar 2014.

108. gr.

Aðferðir við mildun útlánaáhættu samkvæmt staðalaðferðinni og innramatsaðferðinni

1. Að því er varðar áhættuskuldbindingu þar sem stofnun beitir staðalaðferðinni skv. 2. kafla eða innramatsaðferðinni skv. 3. kafla en notar þó ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum skv. 151. gr. getur stofnunin notað mildun útlánaáhættu í samræmi við 4. kafla við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar a- og f-lið 3. mgr. 92. gr. eða, ef við á, fjárhæðir vænts taps hvað varðar útreikninginn sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. og c-lið 62. gr.

2. Að því er varðar áhættuskuldbindingu þar sem stofnun beitir innramatsaðferðinni með því að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum skv. 151. gr. getur stofnunin notað mildun útlánaáhættu í samræmi við 3. kafla.

109. gr.

Meðferð verðbréfaðra áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni og innramatsaðferðinni

1. Ef stofnun notar staðalaðferðina skv. 2. kafla við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna flokks áhættuskuldbindinga, sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar væru settar í skv. 112. gr., skal hún reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna verðbréfaðrar stöðu í samræmi við 245., 246. og 251.-258. gr. Stofnanir, sem nota staðalaðferðina, geta einnig notað innramatsaðferðina ef slíkt er heimilað skv. 3. mgr. 259. gr.

2. Ef stofnun notar innramatsaðferðina skv. 3. kafla við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna flokks áhættuskuldbindinga, sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar væru settar í skv. 147. gr., skal hún reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í samræmi við 245., 246. og 259.-266. gr.

Að frátalinni innramatsaðferðinni, þegar hún er einungis notuð fyrir hluta verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, sem liggja verðbréfun til grundvallar, skal stofnunin nota þá aðferð sem svarar til meginhluta verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem liggja þessari verðbréfun til grundvallar.

110. gr.

Meðferð leiðréttingar á útlánaáhættu

1. Stofnanir, sem beita staðalaðferðinni, skulu fara með almennar leiðréttingar á útlánaáhættu í samræmi við c-lið 62. gr.

2. Stofnanir, sem beita innramatsaðferðinni, skulu fara með almennar leiðréttingar á útlánaáhættu í samræmi við 159. gr., d-lið 62. gr. og d-lið 1. mgr. 36. gr.

Að því er þessa grein og 2. og 3. kafla varðar skulu almennar og sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu ekki taka til sjóða vegna almennrar bankaáhættu.

3. Stofnanir, sem nota innramatsaðferðina og beita staðalaðferðinni fyrir hluta áhættuskuldbindinga sinna á samstæðu- eða einingargrunni í samræmi við 148. og 150. gr., skulu ákvarða þann hluta almennrar leiðréttingar á útlánaáhættu sem skal fella undir meðferð almennrar leiðréttingar á útlánaáhættu samkvæmt staðalaðferðinni og meðferð almennrar leiðréttingar á útlánaáhættu samkvæmt innramatsaðferðinni sem hér segir:

a) ef við á þegar stofnun sem er hluti af samstæðunni beitir eingöngu innramatsaðferðinni skal fella almennar leiðréttingar á útlánaáhættu þessarar stofnunar undir meðferðina sem fram kemur í 2. mgr.,

b) ef við á þegar stofnun sem er hluti af samstæðunni beitir eingöngu staðalaðferðinni skal fella almennar leiðréttingar á útlánaáhættu þessarar stofnunar undir meðferðina sem fram kemur í 1. mgr.,

c) það sem eftir stendur af leiðréttingu á útlánaáhættu skal úthluta hlutfallslega í samræmi við það hlutfall fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem falla undir staðalaðferðina annars vegar og innramatsaðferðina hins vegar.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina útreikning á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu innan viðeigandi reikningsskilaumgjarðar fyrir eftirfarandi þætti:

a) áhættuskuldbindingarvirði samkvæmt staðalaðferðinni sem um getur í 111. gr.,

b) áhættuskuldbindingarvirði samkvæmt innramatsaðferðinni sem um getur í 166.–168. gr.,

c) meðferð fjárhæða vænts taps sem um getur í 159. gr.,

d) áhættuskuldbindingarvirði við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðrar stöðu sem um getur í 246. og 266. gr.,

e) ákvörðun vanskila skv. 178. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. KAFLI

Staðalaðferð

1. þáttur

Almennar meginreglur

111. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði

1. Áhættuskuldbindingarvirði eignaliðar skal vera það bókfærða virði hans sem eftir stendur þegar sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu hafa farið fram og beitt hefur verið viðbótarvirðisbreytingum í samræmi við 34. og 110. gr. og öðrum lækkunum á eiginfjárgrunni er varða eignaliðinn. Áhættuskuldbindingarvirði liðar utan efnahagsreiknings, sem er skráður í I. viðauka, skal vera eftirfarandi hlutfall nafnvirðis hans eftir lækkun á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu:

a) 100% ef liður er með mikla áhættu,

b) 50% ef liður er með miðlungsáhættu,

c) 20% ef liður er með miðlungs-/litla áhættu,

d) 0% ef liður er með litla áhættu.

Þeim liðum utan efnahagsreiknings sem um getur í öðrum málslið fyrstu undirgreinar skal skipað í áhættuflokka eins og tilgreint er í I. viðauka.

Þegar stofnun notar heildaraðferð fjárhagslegra tryggинga skv. 223. gr. skal auka áhættuskuldbindingarvirði verðbréfa eða hrávöru, sem er seld, lögð fram sem trygging eða lánuð í tengslum við endurhverf viðskipti eða í tengslum við verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/lántöku og viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa, með jöfnun flökts sem á við slík verðbréf eða hrávöru, eins og mælt er fyrir um í 223.–225. gr.

2. Áhættuskuldbindingarvirði afleiðugernings, sem skráður er í II. viðauka, skal ákvarðaður í samræmi við 6. kafla, að teknu tilliti til áhrifa samninga um skuldskeytingu og annarra skuldajöfnunarsamninga að því er varðar þær aðferðir í samræmi við 6. kafla. Áhættuskuldbindingarvirði endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku, gnótt-samninga og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa má ákvarða í samræmi við annaðhvort 6. eða 4. kafla.

3. Ef áhættuskuldbinding er háð fjármagnaðri útlánavörn má breyta áhættuskuldbindingarvirði fyrir þann lið í samræmi við 4. kafla.

112. gr.

Flokkar áhættuskuldbindinga

Skrá skal hverja áhættuskuldbindingu í einn af eftirtöldum flokkum áhættuskuldbindinga:

a) áhættuskuldbindingar vegna ríkja eða seðlabanka,

b) áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda,

c) áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila,

d) áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka,

e) áhættuskuldbindingar vegna alþjóðastofnana,

f) áhættuskuldbindingar vegna stofnana,

g) áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja,

h) smásöluáhættuskuldbindingar,

i) áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum,

j) áhættuskuldbindingar í vanskilum,

k) áhættuskuldbindingar í tengslum við sérlega mikla áhættu,

l) áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa,

m) liðir sem mynda verðbréfaðar stöður,

n) áhættuskuldbindingar vegna stofnana og fyrirtækja með skammtímalánshæfismat,

o) áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu,

p) áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa,

q) aðrir liðir.

113. gr.

Útreikningur fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga

1. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skal beita áhættuvog á allar áhættuskuldbindingar nema þær séu dregnar frá eiginfjárgrunni í samræmi við ákvæði 2. þáttar. Notkun áhættuvogar skal byggjast á þeim flokki áhættuskuldbindinga sem áhættuskuldbinding fellur í og, að því marki sem tilgreint er í 2. þætti, lánshæfi hennar. Ákvarða má lánshæfi með vísan til lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja eða lánshæfismats útflutningslánastofnana í samræmi við 3. þátt.

2. Við notkun áhættuvogar, eins og um getur í 1. mgr., skal áhættuskuldbindingarvirði margfaldað með þeirri áhættuvog sem er tilgreind eða ákvörðuð í samræmi við 2. þátt.

3. Þegar áhættuskuldbinding er háð útlánavörn má breyta áhættuvoginni fyrir þann lið í samræmi við 4. kafla.

4. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu reiknaðar út í samræmi við 5. kafla.

5. Áhættuskuldbindingar sem enginn útreikningur er settur fram fyrir í 2. þætti skulu fá 100% áhættuvog.

6. Að frátöldum áhættuskuldbindingum, sem leiða til liða í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótareigiðfé þáttar 1 og þætti 2 getur stofnun, með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda, ákveðið að undanþiggja frá kröfum 1. mgr. þessarar greinar þær áhættuskuldbindingar stofnunar vegna mótaðila sem er móðurfélag hennar, dótturfélag hennar, dótturfélag móðurfélags hennar eða tengt fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE. Lögbær yfirvöld hafa vald til að veita samþykki sitt ef eftirtalin skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) að mótaðilinn sé stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum,

b) að mótaðilinn sé að fullu felldur inn í sömu samstæðureikningsskil og stofnunin,

c) að mótaðilinn sé háður sama áhættumati, mats- og eftirlitsaðferðum og stofnunin,

d) að mótaðilinn hafi staðfestu í sama aðildarríki og stofnunin,

e) að ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eiginfjárgrunni eða endurgreiðslu skuldbindinga frá mótaðilanum til stofnunarinnar.

Ef stofnuninni er heimilt, í samræmi við þessa málsgrein, að beita ekki kröfum 1. mgr. er henni heimilt að nota 0% áhættuvog.

7. Að frátöldum áhættuskuldbindingum, sem leiða til liða í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótareigiðfé þáttar 1 og þætti 2, getur stofnun, með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda, ákveðið að beita ekki kröfum 1. mgr. þessarar greinar á áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem stofnunin hefur tekið inn í stofnanaverndarkerfi sitt sem er samkomulag um samningsbundna eða lögboðna aðild að fyrirkomulagi vegna bótaábyrgðar til verndar þessum stofnunum og tryggir einkum lausafjárstöðu þeirra og gjaldþol til að komast hjá gjaldþroti ef þörf krefur. Lögbær yfirvöld hafa vald til leyfisveitingar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í a-, d- og e-lið 6. mgr.,

b) að samkomulagið tryggi að stofnanaverndarkerfið geti veitt nauðsynlegan stuðning, í samræmi við skuldbindingar sínar, með fjármunum sem það hefur greiðan aðgang að,

c) að stofnanaverndarkerfið hafi til umráða viðeigandi og samræmd kerfi til að hafa eftirlit með og flokka áhættu, sem veitir heildaryfirsýn yfir áhættuaðstæður allra einstakra aðila og stofnanaverndarkerfisins í heild, með samsvarandi möguleikum til að bregðast við; þau kerfi skulu á viðeigandi hátt fylgjast með áhættuskuldbindingum í vanskilum í samræmi við 1. mgr. 178. gr.,

d) að stofnanaverndarkerfið framkvæmi sína eigin úttekt á áhættu sem er tilkynnt einstökum aðilum,

e) að stofnanaverndarkerfið geri og birti árlega annaðhvort samstæðuskýrslu sem samanstendur af efnahagsreikningi, rekstrarreikningi, stöðuskýrslu og áhættuskýrslu varðandi stofnanaverndarkerfið í heild sinni, eða skýrslu sem samanstendur af samanlögðum efnahagsreikningi, samanlögðum rekstrarreikningi, stöðuskýrslu og áhættuskýrslu, varðandi stofnanaverndarkerfið í heild sinni,

f) að aðilum stofnanaverndarkerfisins sé skylt að tilkynna með a.m.k. 24 mánaða fyrirvara ef þeir óska eftir því að hverfa frá stofnanaverndarkerfinu,

g) að komið sé í veg fyrir endurtekna notkun liða sem nota má við útreikning á eiginfjárgrunni (hér á eftir nefnt „endurtekin notkun“) sem og óviðeigandi myndun eiginfjárgrunns á milli aðila stofnanaverndarkerfisins,

h) að stofnanaverndarkerfið skuli byggjast á breiðri aðild lánastofnana sem að mestu stunda einsleita starfsemi,

i) að viðeigandi lögbær yfirvöld samþykki og fylgist reglulega með því að kerfin sem um getur í c- og d-lið séu fullnægjandi.

Ef stofnuninni ákveður, í samræmi við þessa málsgrein, að beita ekki kröfum 1. mgr. er henni heimilt að nota 0% áhættuvog.

2. þáttur

Áhættuvog

114. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna ríkja eða seðlabanka

1. Áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka skulu fá 100% áhættuvog nema meðferðirnar sem fram koma í 2.–7. mgr. eigi við.

2. Áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 1 sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 1

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	0%	20%	50%	100%	100%	150%

3. Áhættuskuldbindingar vegna Seðlabanka Evrópu skulu fá 0% áhættuvog.

4. Áhættuskuldbindingar vegna aðildarríkja og seðlabanka, sem eru tilgreindar og fjármagnaðar í heimagjaldmiðli þess ríkis og seðlabanka, skulu fá 0% áhættuvog.

6. Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilgreindar eru í 2. mr. 495. gr:

a) á árinu 2018 skal beita 20% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað samkvæmt 2 mgr., á virði áhættuskuldbindinga,

b) á árinu 2019 skal beita 50% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað samkvæmt 2 mgr., á virði áhættuskuldbindinga,

c) á árinu 2020 og þaðan í frá skal beita 100% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað samkvæmt 2 mgr., á virði áhættuskuldbindinga.

7. Ef lögbær yfirvöld í þriðja landi sem beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi, sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu, úthluta áhættuvog sem er lægri en sú sem um getur í 1.–2. mgr. fyrir áhættuskuldbindingar vegna ríkis síns og seðlabanka, sem eru tilgreindar og fjármagnaðar í heimagjaldmiðlinum, er stofnunum heimilt að áhættuvega slíkar áhættuskuldbindingar á sama hátt.

Að því er þessa málsgrein varðar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvörðun um það hvort þriðja land beiti eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu. Þar til slík ákvörðun liggur fyrir geta stofnanir áfram beitt þeirri meðferð sem fram kemur í þessari málsgrein til 1. janúar 2015 á áhættuskuldbindingar vegna ríkis eða seðlabanka þriðja lands ef viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt að þetta þriðja land teljist uppfylla skilyrði til að njóta þeirra meðferðar fyrir 1. janúar 2014.

115. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda

1. Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda skulu áhættuvegnar á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnana nema farið sé með þær á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja skv. 2. eða 4. mgr. eða fái þá áhættuvog sem er tilgreind í 5. mgr. Ekki skal beita fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindinga sem tilgreindar eru í 2. mgr. 119. gr. og 2. mgr. 120. gr.

2. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkis sem hefur lögsögu yfir þeim ef enginn munur er á áhættu milli slíkra áhættuskuldbindinga sökum sérstakra skattheimtuheimilda þeirra fyrrnefndu og þess að fyrir hendi er sérstakt stofnanafyrirkomulag sem dregur úr hættu á vanefndum þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal viðhalda gagnagrunni, sem er öllum aðgengilegur, yfir allar þær héraðsstjórnir og staðaryfirvöld innan Sambandsins þar sem lögbær yfirvöld fara með áhættuskuldbindingar vegna þeirra á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja þeirra.

3. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna kirkna eða trúfélaga, sem eru stofnuð í formi lögaðila samkvæmt opinberum rétti, á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna og staðaryfirvalda svo fremi að þau innheimti skatta í samræmi við lög sem veita þeim slíkan rétt. Í því tilviki gildir 2. mgr. ekki og ekki skal útiloka heimild til að beita staðalaðferðinni að því er varðar a-lið 1. mgr. 150. gr.

4. Ef lögbær yfirvöld í lögsögu þriðja lands sem beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi, sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu, fara með áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja þeirra og enginn munur er á áhættu milli slíkra áhættuskuldbindinga sökum sérstakra skattheimtuheimilda héraðsstjórna eða staðaryfirvalda og sérstaks stofnanafyrirkomulags sem ætlað er að draga úr hættu á vanefndum, er stofnunum heimilt að áhættuvega áhættuskuldbindingar vegna slíkra héraðsstjórna og staðaryfirvalda á sama hátt.

Að því er þessa málsgrein varðar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvörðun um það hvort þriðja land beiti eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu. Þar til slík ákvörðun liggur fyrir geta stofnanir áfram beitt þeirri meðferð sem fram kemur í þessari málsgrein til 1. janúar 2015 gagnvart þriðja landi ef viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt að þetta þriðja land teljist uppfylla skilyrði til að njóta þeirrar meðferðar fyrir 1. janúar 2014.

5. Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda í aðildarríkjunum, sem ekki er getið um í 2.–4. mgr. og eru tilgreindar og fjármagnaðar í heimagjaldmiðli héraðsstjórnarinnar og staðaryfirvaldsins, skulu fá 20% áhættuvog.

116. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila

1. Áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt því lánshæfisþrepi sem áhættuskuldbindingar vegna ríkis, sem hefur lögsögu þar sem opinberi aðilinn hefur réttarstöðu lögaðila, fá úthlutað í samræmi við töflu 2:

Tafla 2

Lánshæfisþrep sem ríki er úthlutað	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	100%	150%

Áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila sem hafa réttarstöðu lögaðila í löndum þar sem ríkið er án lánshæfismats skulu fá 100% áhættuvog.

2. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, í samræmi við 120. gr. Ekki skal beita fríðindameðferð fyrir skammtímaáhættuskuldbindingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 119. gr. og 2. mgr. 120. gr. að því er varðar þessa aðila.

3. Áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila þar sem upphaflegur lánstími er þrír mánuðir eða skemmri skulu fá 20% áhættuvog.

4. Í undantekningartilvikum er heimilt að fara með áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkis, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds sem hefur lögsögu yfir þeim svo framarlega sem enginn munur er, að mati lögbærra yfirvalda lögsögunnar, á áhættu slíkra áhættuskuldbindinga sökum þess að fyrir liggur viðeigandi ábyrgð af hálfu ríkisins, héraðsstjórnarinnar eða staðaryfirvaldsins.

5. Ef lögbær yfirvöld í lögsögu þriðja lands sem beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi, sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu, fara með áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila í samræmi við 1. eða 2. mgr. geta stofnanir áhættuvegið áhættuskuldbindingar vegna slíkra opinberra aðila á sama hátt. Að öðrum kosti skulu stofnanirnar nota 100% áhættuvog.

Að því er þessa málsgrein varðar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvörðun um það hvort þriðja land beiti eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu. Þar til slík ákvörðun liggur fyrir geta stofnanir áfram beitt þeirri meðferð sem fram kemur í þessari málsgrein til 1. janúar 2015 gagnvart þriðja landi ef viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt að þetta þriðja land teljist uppfylla skilyrði til að njóta þeirrar meðferðar fyrir 1. janúar 2014.

117. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka

1. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka, sem ekki er getið um í 2. mgr., á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnana. Ekki skal beita fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindinga eins og tilgreint er í 2. mgr. 119. gr., 2. mgr. 120. gr. og 3. mgr. 121. gr.

Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Viðskipta- og þróunarbanki Svartahafsins, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja og CAF - þróunarbanki Suður-Ameríkuríkja teljast fjölþjóðlegir þróunarbankar.

2. Áhættuskuldbindingar vegna eftirtalinna fjölþjóðlegra þróunarbanka skulu fá 0% áhættuvog en þeir eru:

a) Alþjóðlegi endurreisnar- og þróunarbankinn,

b) Alþjóðalánastofnunin,

c) Þróunarbanki Ameríkuríkja,

d) Þróunarbanki Asíu,

e) Þróunarbanki Afríku,

f) Þróunarbanki Evrópuráðsins,

g) Norræni fjárfestingarbankinn,

h) Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja,

i) Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu,

j) Fjárfestingarbanki Evrópu,

k) Fjárfestingarsjóður Evrópu,

l) Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin,

m) Alþjóðlegi ónæmisaðgerðasjóðurinn,

n) Íslamski þróunarbankinn.

3. Sá hluti hlutafjár í Fjárfestingarsjóði Evrópu sem áskrift hefur fengist fyrir en er ógreiddur skal fá 20% áhættuvog.

118. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna alþjóðastofnana

Áhættuskuldbindingar vegna eftirfarandi alþjóðastofnana skulu fá 0% áhættuvog en þær eru:

a) Sambandið,

b) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn,

c) Alþjóðagreiðslubankinn,

d) Evrópski fjármálastöðugleikasjóðurinn,

e) Evrópska stöðugleikakerfið,

f) alþjóðleg fjármálastofnun sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa komið á fót og hefur það markmið að virkja fjármagn og veita fjárhagsaðstoð til handa þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika.

119. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna stofnana

1. Áhættuvega skal áhættuskuldbindingar vegna stofnana, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, í samræmi við 120. gr. Áhættuvega skal áhættuskuldbindingar vegna stofnana, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, í samræmi við 121. gr.

2. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana með þriggja mánaða eftirstöðvatíma eða skemmri, tilgreindar og fjármagnaðar í gjaldmiðli ríkis lántaka, skulu fá áhættuvog sem er einum flokki undir þeim flokki sem fær hagstæðustu áhættuvog, eins og lýst er í 4.–7. mgr. 114. gr., sem áhættuskuldbindingar vegna ríkis þar sem stofnunin hefur réttarstöðu lögaðila fá.

3. Engar áhættuskuldbindingar með þriggja mánaða eftirstöðvatíma eða skemmri, tilgreindar og fjármagnaðar í gjaldmiðli ríkis lántaka, skulu fá áhættuvog sem er undir 20%.

4. Áhættuvega má áhættuskuldbindingu vegna stofnunar, sem er í formi bindiskyldu sem Seðlabanki Evrópu eða seðlabanki aðildarríkis gerir kröfu um að stofnun uppfylli, á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna seðlabanka viðkomandi aðildarríkis að því tilskildu að:

a) varasjóðirnir séu í samræmi við reglugerð Evrópska seðlabankans (EB) nr. 1745/2003 frá 12. september 2003 um beitingu bindiskyldu [1] eða í samræmi við ákvæði laga í einstökum löndum sem eru í öllum veigamiklum atriðum sambærileg þeirri reglugerð,

b) varasjóðirnir séu endurgreiddir lánastofnuninni að fullu og tímanlega og séu ekki tiltækir til að standa straum af öðrum skuldbindingum stofnunarinnar, ef til gjaldþrots eða ógjaldfærni kemur hjá stofnuninni þar sem varasjóðirnir eru geymdir.

5. Fara skal með áhættuskuldbindingar vegna fjármálastofnana, sem lögbær yfirvöld hafa veitt starfsleyfi og hafa eftirlit með og falla undir varfærniskröfur sambærilegar þeim sem beitt er gagnvart stofnunum með tilliti til traustleika, á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnana.

120. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna stofnana með lánshæfiseinkunn

1. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana, með lengri en þriggja mánaða eftirstöðvatíma, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 3 sem samsvarar lánshæfismati frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við 136. gr.

Tafla 3

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	50%	100%	100%	150%

2. Áhættuskuldbindingar vegna stofnunar með styttri eftirstöðvatíma en þrjá mánuði, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 4 sem samsvarar lánshæfismati frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við 136. gr.:

Tafla 4

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	20%	20%	50%	50%	150%

[1] Stjtíð. ESB L 250, 2.10.2003, bls. 10.

3. Samspil milli meðferðar á skammtímalánshæfismati skv. 131. gr. og almennrar fríðindameðferðar á skammtímaáhættuskuldbindingum, sem sett er fram í 2. mgr., skal vera sem hér segir:

a) Ef mat á skammtímaáhættuskuldbindingu liggur ekki fyrir skal almenn fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindingar, eins og hún er tilgreind í 2. mgr., gilda um allar áhættuskuldbindingar vegna stofnana með allt að þriggja mánaða eftirstöðvatíma.

b) Ef skammtímamat liggur fyrir og slíkt mat ákvarðar beitingu hagstæðari eða sams konar áhættuvogar og fæst með almennri fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindinga, eins og tilgreint er í 2. mgr., skal nota skammtímamatið eingöngu vegna þeirrar tilgreindu áhættuskuldbindingar. Aðrar skammtímaáhættuskuldbindingar skulu fylgja almennri fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindinga, eins og tilgreint er í 2. mgr.

c) Ef um er að ræða skammtímamat og slíkt mat ákvarðar óhagstæðari áhættuvog en fæst með almennri fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindinga, eins og tilgreint er í 2. mgr., skal almenn fríðindameðferð vegna skammtímaáhættuskuldbindinga ekki notuð og allar ómetnar skammtímakröfur fá sömu áhættuvog og beitt er í tilgreindu skammtímamati.

121. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna stofnana án lánshæfismats

1. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, skulu fá áhættuvog í samræmi við það lánshæfisþrep sem áhættuskuldbindingum vegna ríkis, sem hefur lögsögu þar sem stofnunin hefur réttarstöðu lögaðila, er úthlutað í samræmi við töflu 5.

Tafla 5

Lánshæfisþrep sem ríki er úthlutað	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog áhættuskuldbindingar	20%	50%	100%	100%	100%	150%

2. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana án lánshæfismats, sem hafa réttarstöðu lögaðila í löndum þar sem ríkið er án lánshæfismats, skulu fá 100% áhættuvog.

3. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana án lánshæfismats, þar sem upphaflegur virkur lánstími er þrír mánuðir eða skemmri, skulu fá 20% áhættuvog.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. skulu áhættuskuldbindingar vegna viðskiptafjármögnunar, sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 162. gr., vegna stofnana án lánshæfismats fá 50% áhættuvog og 20% þegar eftirstöðvatími fyrir þessar áhættuskuldbindingar vegna viðskiptafjármögnunar er þrír mánuðir eða skemmri.

122. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja

1. Áhættuskuldbindingar, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skulu fá áhættuvog samkvæmt töflu 6 sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 6

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	150%	150%

2. Áhættuskuldbindingar, þar sem slíkt lánshæfismat liggur ekki fyrir, skulu fá 100% áhættuvog eða áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna ríkisins sem hefur lögsögu þar sem fyrirtækið hefur réttarstöðu lögaðila, eftir því hvort er hærra.

123. gr.

Smásöluáhættuskuldbindingar

Áhættuskuldbindingar sem standast eftirfarandi viðmiðanir skulu fá 75% áhættuvog:

a) Áhættuskuldbindingin skal vera annaðhvort vegna einstaklings eða einstaklinga, eða vegna lítils eða meðalstórs fyrirtækis.

b) Áhættuskuldbindingin skal vera ein margra áhættuskuldbindinga með svipuð einkenni þannig að verulega sé dregið úr áhættum sem tengjast slíkum lánveitingum.

c) Heildarfjárhæðin sem loforðsgjafi sem er viðskiptavinur, eða hópur tengdra viðskiptavina sem hann tilheyrir, skuldar stofnuninni og móðurfélögum og dótturfélögum þess, þ.m.t. áhættuskuldbindingar í vanskilum en að frátöldum áhættuskuldbindingum að fullu tryggðum með veðum í íbúðarhúsnæði sem falla í þann flokk áhættuskuldbindinga sem mælt er fyrir um í i. lið 112. gr., skulu ekki fara yfir eina milljón evra svo stofnuninni sé kunnugt um. Stofnunin skal grípa til réttmætra ráðstafana til að afla sér þessarar vitneskju.

Verðbréf skulu ekki teljast uppfylla skilyrði til að falla í flokk smásöluáhættuskuldbindinga.

Áhættuskuldbindingar, sem uppfylla ekki þær viðmiðanir sem um getur í a- til c-lið fyrstu undirgreinar, skulu ekki teljast uppfylla skilyrði til að falla í flokk smásöluáhættuskuldbindinga.

Núvirði lágmarksleigugreiðslna á smásölumarkaði má setja í flokk smásöluáhættuskuldbindinga.

124. gr.

Áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum

1. Áhættuskuldbinding eða hluti áhættuskuldbindingar, sem er tryggð að fullu með veði í fasteign, skal fá 100% áhættuvog þegar skilyrði skv. 125. eða 126. gr. hafa ekki verið uppfyllt, að frátöldum þeim hluta áhættuskuldbindingar sem er settur í annan flokk áhættuskuldbindinga. Sá hluti áhættuskuldbindingar sem fer yfir veðlánsvirði fasteignar skal fá þá áhættuvog sem á við um ótryggðar áhættuskuldbindingar viðkomandi mótaðila.

Sá hluti áhættuskuldbindingar sem er tryggður að fullu með fasteign skal ekki fara yfir veðsettan hluta markaðsvirðis eða, í þeim aðildarríkjum þar sem settar hafa verið strangar viðmiðanir um mat á veðlánsvirði í ákvæðum laga eða reglna, veðlánsvirði viðkomandi eignar.

2. Á grundvelli þeirra gagna, sem safnað er skv. 101. gr., og annarra viðeigandi vísa skulu lögbær yfirvöld meta reglubundið og a.m.k. árlega hvort 35% áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar, sem eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði sem um getur í 125. gr., og 50% áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar, sem eru tryggðar með viðskiptahúsnæði sem um getur í 126. gr. sem er staðsett á yfirráðasvæði þeirra, byggist með viðeigandi hætti á:

a) reynslu af tapi vegna áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með fasteignum,

b) áætlaðri þróun fasteignamarkaðar.

Lögbær yfirvöld geta ákvarðað hærri áhættuvog eða strangari viðmiðanir en settar eru í 2. mgr. 125. gr. og 2. mgr. 126. gr., eftir því sem við á, á grundvelli sjónarmiða varðandi fjárhagslegan stöðugleika.

Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði skal lögbært yfirvald ákvarða áhættuvog á bilinu 35% til 150%.

Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með viðskiptahúsnæði skal lögbært yfirvald ákvarða áhættuvog á bilinu 50% til 150%.

Innan þessara marka skal ákvarða hærri áhættuvogina á grundvelli reynslu af tapi og með hliðsjón af áætlaðri markaðsþróun og sjónarmiðum varðandi fjárhagslegan stöðugleika. Ef matið sýnir að áhættuvogirnar sem eru settar fram í 2. mgr. 125. gr. og 2. mgr. 126. gr. endurspegla ekki raunverulegar áhættur tengdar einum eða fleiri eignaþáttum slíkra áhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar að fullu með veði í íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem er staðsett innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði þeirra, skulu lögbær yfirvöld ákvarða, að því er varðar þessa eignarhluta áhættuskuldbindinganna, hærri áhættuvog sem svarar til raunverulegra áhættna.

Lögbær yfirvöld skulu hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina varðandi leiðréttingar á þeim áhættuvogum og þeim viðmiðunum sem notuð eru, sem skal reikna út í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í þessari málsgrein, eins og tilgreint er í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta áhættuvogir og viðmiðanir sem lögbær yfirvöld ákvarða fyrir áhættuskuldbindingarnar sem um getur í 125., 126. og a-lið 1. mgr. 199. gr.

3. Þegar lögbær yfirvöld ákvarða hærri áhættuvog eða strangari viðmiðanir skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingartímabil til að hefja beitingu nýrrar áhættuvogar.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) strangar viðmiðanir varðandi mat á veðlánsvirðinu sem um getur í 1. mgr.,

b) þau skilyrði sem um getur í 2. mgr. og lögbær yfirvöld skulu taka tillit til við ákvörðun hærri áhættuvoga, einkum hugtakið „sjónarmið varðandi fjárhagslegan stöðugleika“.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Stofnanir í aðildarríki skulu beita áhættuvogum og viðmiðunum, sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað, að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með veði í atvinnu- og íbúðarhúsnæði í því aðildarríki.

125. gr.

Áhættuskuldbindingar að fullu tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði

1. Ef lögbær yfirvöld hafa ekki ákveðið annað í samræmi við 2. mgr. 124. gr. skal fara með áhættuskuldbindingar, sem eru að fullu tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði, sem hér segir:

a) Áhættuskuldbindingar eða hluti áhættuskuldbindingar sem er að fullu tryggð með veði í íbúðarhúsnæði sem eigandi, eða raunverulegur eigandi þegar um er að ræða fjárfestingarfélag í hans eigu, nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, skal fá 35% áhættuvog.

b) Áhættuskuldbindingar vegna leigjanda samkvæmt eignaleigusamningi er varðar íbúðarhúsnæði, þar sem stofnunin er leigusali og leigjandinn hefur kauprétt, skulu fá 35% áhættuvog að því tilskildu að áhættuskuldbinding stofnunarinnar sé að fullu tryggð með eignarrétti hennar á eigninni.

2. Stofnanir skulu líta á áhættuskuldbindingu eða hluta áhættuskuldbindingar sem algerlega tryggða hvað 1. mgr. varðar því aðeins að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) Virði eignarinnar skal ekki vera verulega háð lánshæfi lántakans. stofnanir þurfa ekki að ákvarða hversu mikilvæg tengslin eru í aðstæðum þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif á bæði virði eignarinnar og getu lántaka til að uppfylla skyldur sínar,

b) Áhætta lántaka skal ekki vera verulega háð tekjum af undirliggjandi eign eða verkefni heldur fremur undirliggjandi getu lántaka til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum og af þeim sökum er endurgreiðsla gerningsins ekki verulega háð sjóðstreymi er myndast af þeirri undirliggjandi eign sem er til tryggingar. Að því er varðar aðrar leiðir skulu stofnanir ákvarða hámarkshlutföll skulda og tekna í lánastefnu sinni og afla hæfilegra sönnunargagna um viðeigandi tekjur þegar lánið er veitt.

c) Uppfylla skal kröfur 208. gr. og fylgja þeim matsreglum sem fram koma í 1. mgr. 229. gr.

d) Ef annað er ekki ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr. skal sá hluti láns sem fær 35% áhættuvog ekki fara yfir 80% af markaðsvirði viðkomandi eignar eða 80% af veðlánsvirði hennar í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um strangar viðmiðanir vegna mats á veðlánsvirði í ákvæðum laga eða reglna.

3. Stofnanir geta vikið frá b-lið 2. mgr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru að fullu tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði á yfirráðasvæði aðildarríkis, þegar lögbært yfirvald í því aðildarríki hefur birt gögn sem sýna að á því yfirráðasvæði er fyrir hendi vel þróaður og rótgróinn markaður með íbúðarhúsnæði þar sem taphlutföll fara ekki yfir eftirfarandi mörk:

a) Tap vegna útlánastarfsemi, sem er tryggð með íbúðarhúsnæði að því er nemur allt að 80% af markaðsvirði eða 80% af veðlánsvirði nema annað sé ákveðið í 2. mgr. 124. gr., er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á tilteknu ári.

b) Heildartap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með íbúðarhúsnæði má ekki vera meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á tilteknu ári.

4. Ef öðrum hvorum mörkunum, sem um getur í 3. mgr., er ekki fylgt á tilteknu ári fellur niður réttur til að beita 3. mgr. og skulu skilyrði b-liðar 2. mgr. gilda þar til skilyrði 3. mgr. verða uppfyllt á síðara ári.

126. gr.

Áhættuskuldbindingar að fullu tryggðar með veði í viðskiptahúsnæði

1. Ef lögbær yfirvöld hafa ekki ákveðið annað í samræmi við 2. mgr. 124. gr. skal fara með áhættuskuldbindingar, sem eru að fullu tryggðar með veði í viðskiptahúsnæði, sem hér segir:

a) Áhættuskuldbindingar eða hluti áhættuskuldbindingar, sem er að fullu tryggður með veði í skrifstofuhúsnæði eða öðru viðskiptahúsnæði, fær 50% áhættuvog.

b) Áhættuskuldbindingar, sem tengjast eignaleigusamningum er varða skrifstofuhúsnæði eða annað viðskiptahúsnæði, þar sem stofnunin er leigusali og leigjandinn hefur kauprétt, fá 50% áhættuvog að því tilskildu að áhættuskuldbinding stofnunarinnar sé að fullu tryggð með eignarrétti hennar á eigninni.

2. Stofnanir skulu líta á áhættuskuldbindingu eða hluta áhættuskuldbindingar sem algerlega tryggða hvað 1. mgr. varðar því aðeins að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) Virði eignarinnar skal ekki vera verulega háð lánshæfi lántakans. Stofnanir þurfa ekki að ákvarða hversu mikilvæg tengslin eru í aðstæðum þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif á bæði virði eignarinnar og getu lántaka til að uppfylla skyldur sínar.

b) Áhætta lántaka skal ekki vera verulega háð tekjum af undirliggjandi eign eða verkefni heldur fremur undirliggjandi getu lántaka til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum og af þeim sökum er endurgreiðsla gerningsins ekki verulega háð sjóðstreymi er myndast af þeirri undirliggjandi eign sem er til tryggingar.

c) Uppfylla skal kröfur 208. gr. og fylgja þeim matsreglum sem fram koma í 1. mgr. 229. gr.

d) Sé ekki kveðið á um annað í 2. mgr. 124. gr. skal sá hluti láns sem fer ekki yfir 50% af markaðsvirði viðkomandi eignar eða 60% af veðlánsvirði eignarinnar fá 50% áhættuvog nema kveðið sé á um annað í 2. mgr. 124. gr., í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um strangar viðmiðanir vegna mats á veðlánsvirði í ákvæðum laga eða reglna.

3. Stofnanir geta vikið frá b-lið 2. mgr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru að fullu tryggðar með veði í viðskiptahúsnæði á yfirráðasvæði aðildarríkis, þegar lögbært yfirvald í því aðildarríki hefur birt gögn sem sýna að á því yfirráðasvæði sé fyrir hendi vel þróaður og rótgróinn markaður með viðskiptahúsnæði þar sem taphlutföll fara ekki yfir eftirfarandi mörk:

a) Tap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með viðskiptahúsnæði að því er nemur allt að 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr., er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með veði í viðskiptahúsnæði.

b) Heildartap vegna útlánastarfsemi sem er tryggð með viðskiptahúsnæði má ekki vera meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með veði í viðskiptahúsnæði.

4. Ef öðrum hvorum mörkunum, sem um getur í 3. mgr., er ekki fylgt á tilteknu ári fellur niður réttur til að beita 3. mgr. og skulu skilyrði b-liðar 2. mgr. gilda þar til skilyrði 3. mgr. verða uppfyllt á síðara ári.

127. gr.

Áhættuskuldbindingar í vanskilum

1. Ótryggður hluti liðar þar sem loforðsgjafi er í vanskilum skv. 178. gr. eða, ef um er að ræða smásöluáhættuskuldbindingar, ótryggður hluti lánafyrirgreiðslunnar sem er kominn í vanskil, skv. 178. gr., skal fá áhættuvogina:

a) 150%, ef sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu eru undir 20% af ótryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðis, hafi þessum sértæku leiðréttingum á útlánaáhættu ekki verið beitt.

b) 100%, ef sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu eru ekki undir 20% af ótryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðis, hafi þessum sértæku leiðréttingum á útlánaáhættu ekki verið beitt.

2. Til þess að ákvarða tryggðan hluta liðar sem kominn er fram yfir gjalddaga skulu hæfar tryggingar og ábyrgðir vera þær sem teljast hæfar til mildunar útlánaáhættu að því er 4. kafla varðar.

3. Það áhættuskuldbindingarvirði, sem eftir stendur þegar sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu er lokið að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru algerlega tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði í samræmi við 125. gr., skal fá 100% áhættuvog ef vanskil hafa orðið skv. 178. gr.

4. Það áhættuskuldbindingarvirði, sem eftir stendur þegar sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu er lokið að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru algerlega tryggðar með veði í viðskiptahúsnæði í samræmi við 126. gr., skal fá 100% áhættuvog ef vanskil hafa orðið skv. 178. gr.

128. gr.

Sérlega áhættusamir liðir

1. Stofnanir skulu úthluta áhættuskuldbindingum, þ.m.t. sérlega áhættusömum áhættuskuldbindingum í formi hlutabréfa eða eininga í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, 150% áhættuvog eftir því sem við á.

2. Eftirfarandi áhættuskuldbindingar skulu teljast vera sérlega áhættusamar áhættuskuldbindingar:

a) fjárfestingar í sprotafyrirtækjum,

b) fjárfestingar í fagfjárfestasjóðum, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, þó ekki ef umboð sjóðsins heimilar ekki vogun umfram það sem krafist er skv. 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum,

d) spákaupmennskufjármögnun fasteigna.

3. Við mat á því hvort áhættuskuldbindingar, aðrar en þær sem um getur í 2. mgr., teljist sérlega áhættusamar skulu stofnanir hafa hliðsjón af eftirtöldum áhættueinkennum:

a) mikil hætta er á tapi vegna vanskila loforðsgjafa,

b) ekki er mögulegt að meta með fullnægjandi hætti hvort áhættuskuldbindingin fellur undir a-lið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur þar sem tilgreindar eru þær tegundir áhættuskuldbindinga sem teljast sérlega áhættusamar og við hvaða aðstæður slíkt á við.

Samþykkja skal þessar viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

129. gr.

Áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa

1. Til að teljast uppfylla skilyrði til að njóta þeirrar fríðindameðferðar sem fram kemur í 4. og 5. mgr. skulu þau skuldabréf, sem um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB (sértryggð skuldabréf), fullnægja þeim kröfum sem settar eru fram í 7. mgr. og vera tryggð með veði í einhverri eftirfarandi veðhæfra eigna:

a) áhættuskuldbindingum vegna eða með ábyrgð ríkja, seðlabanka seðlabankakerfis Evrópu, opinberra aðila, héraðsstjórna eða staðaryfirvalda í Sambandinu,

b) áhættuskuldbindingum vegna eða með ábyrgð ríkisstjórna þriðju landa, seðlabanka þriðju landa, fjölþjóðlegra þróunarbanka, alþjóðastofnana sem uppfylla skilyrði fyrir 1. lánshæfisþrepi, eins og það er sett fram í þessum kafla, og áhættuskuldbindingum vegna eða með ábyrgð opinberra aðila, héraðsstjórna og staðaryfirvalda þriðju landa, sem eru áhættuvegnar á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnana eða ríkja og seðlabanka í samræmi við 1. eða 2. mgr. 115. gr. eða 1., 2. eða 4. mgr. 116. gr., eftir því sem við á, og sem uppfylla skilyrði fyrir 1. lánshæfisþrepi, eins og það er sett fram í þessum kafla, og áhættuskuldbindingum í skilningi þessa liðar sem uppfylla a.m.k. skilyrði fyrir 2. lánshæfisþrepi, eins og það er sett fram í þessum kafla, að því gefnu að þær fari ekki yfir 20% af nafnverði útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgáfustofnana,

c) áhættuskuldbindingum vegna stofnana sem uppfylla skilyrði fyrir 1. lánshæfisþrepi eins og það er sett fram í þessum kafla. Heildaráhættuskuldbinding af þessu tagi skal ekki fara yfir 15% af nafnverði útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgáfulánastofnunar. Áhættuskuldbindingar vegna stofnana í Sambandinu með í mesta lagi 100 daga binditíma skulu ekki falla undir kröfu 1. þreps en þessar stofnanir verða að uppfylla a.m.k. skilyrði 2. lánshæfisþrepi eins og fram kemur í þessum kafla.

d) Lánum tryggðum með:

i. Íbúðarhúsnæði upp að nafnverðsfjárhæð veða sem haldast í hendur við fyrri veð eða 80% af verðmæti veðsettu eignanna, eftir því hvort er lægra, eða

ii. forgangseiningum útgefnum af frönskum Fonds Communs de Titrisation eða samsvarandi verðbréfunarstofnunum sem falla undir lög aðildarríkis, sem verðbréfa áhættuskuldbindingar með veði í íbúðarhúsnæði. Ef slíkar forgangseiningar eru lagðar fram til tryggingar skal sérstakt opinbert eftirlit til verndar eigendum skuldabréfa, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/65/EB, tryggja að undirliggjandi eignir slíkra eininga skuli, á meðan þær eru í tryggingasafninu, samanstanda að lágmarki 90% af veðum í íbúðarhúsnæði sem haldast í hendur við fyrri veð upp að því sem lægra er af nafnverðsfjárhæðum, sem falla í gjalddaga samkvæmt einingunum, nafnverðsfjárhæðum veðanna og 80% af verðmæti veðsettu eignanna, að einingarnar uppfylli skilyrði vegna 1. lánshæfisþreps eins og það er sett fram í þessum kafla og að slíkar einingar séu ekki umfram 10% af nafnverði útistandandi útgáfu.

e) Íbúðarlánum sem viðurkenndur veitandi útlánavarnar, sem um getur í 201. gr. og uppfyllir skilyrði vegna 2. lánshæfisþreps eða hærra eins og sett er fram í þessum kafla, tryggir að fullu, ef sá hluti hvers láns sem er notaður til að fullnægja þeirri kröfu sem fram kemur í þessari málsgrein varðandi tryggingu sértryggðra skuldabréfa, fer ekki yfir 80% af virði samsvarandi íbúðarhúsnæðis í Frakklandi og ef hlutfall skulda og tekna fer ekki yfir 33% þegar lánið er veitt. Engin veð skulu hvíla á íbúðarhúsnæðinu þegar lánið er veitt og lántaki skal vera skuldbundinn samkvæmt samningi að veita engin slík veð vegna lána, sem eru veitt eftir 1. janúar 2014, án samþykkis lánastofnunarinnar sem veitti lánið. Hlutfall skulda og tekna sýnir þann hluta af brúttótekjum lántaka sem fer til endurgreiðslu lánsins, þ.m.t. vaxta. Veitandi útlánavarnar skal annaðhvort vera fjármálastofnun, sem lögbær yfirvöld hafa veitt leyfi fyrir og hafa eftirlit með auk þess að falla undir varfærniskröfur sambærilegar þeim sem beitt er gagnvart stofnunum í tengslum við traustleika, eða stofnun eða tryggingafélag. Hann skal koma á fót gagnkvæmum ábyrgðarsjóði eða sambærilegri vörn fyrir vátryggingafélög til að mæta útlánatapi en lögbær yfirvöld skulu endurskoða reglubundið kvörðun hans. Bæði lánastofnunin og veitandi útlánavarnar skulu gera mat á lánstrausti lántakans.

f) Lánum tryggðum með:

i. viðskiptahúsnæði upp að nafnverðsfjárhæð veða sem helst í hendur við fyrri veð eða 60% af verðmæti veðsettu eignanna, eftir því hvort er lægra, eða

ii. forgangseiningum útgefnum af frönskum Fonds Communs de Titrisation eða samsvarandi verðbréfunarstofnunum sem falla undir lög aðildarríkis, sem verðbréfa áhættuskuldbindingar með veði í viðskiptahúsnæði. Ef slíkar forgangseiningar eru lagðar fram til tryggingar skal sérstakt opinbert eftirlit til verndar eigendum skuldabréfa, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/65/EB, tryggja að undirliggjandi eignir slíkra eininga skuli, á meðan þær eru í tryggingasafninu, samanstanda að lágmarki 90% af veðum í íbúðarhúsnæði sem haldast í hendur við fyrri veð upp að því sem lægra er af nafnverðsfjárhæðum, sem falla í gjalddaga samkvæmt einingunum, nafnverðsfjárhæðum veðanna og 60% af verðmæti veðsettu eignanna, að einingarnar uppfylli skilyrði vegna 1. lánshæfisþreps eins og það er sett fram í þessum kafla og að slíkar einingar séu ekki umfram 10% af nafnverði útistandandi útgáfu.

Lán, sem eru tryggð með veði í viðskiptahúsnæði, teljast uppfylla skilyrði ef veðhlutfall er yfir 60% en að hámarki 70%, ef heildarvirði eigna, sem lagðar eru fram sem trygging fyrir sértryggðu skuldabréfunum, er hærra en útistandandi nafnverð sértryggða skuldabréfsins sem nemur a.m.k. 10% og ef krafa handhafa skuldabréfsins uppfyllir kröfur um réttarvissu sem settar eru fram í 4. kafla. Krafa handhafa skuldabréfa skal hafa forgang umfram allar aðrar kröfur gagnvart veðinu.

g) Lánum sem eru tryggð með veðum í skipum allt að þeim mun sem er á 60% af verðmæti veðsetta skipsins og verðmætis fyrri veða í skipum.

Að því er c-lið, ii. liðar d-liðar og ii. lið f-liðar fyrstu undirgreinar varðar skulu áhættuskuldbindingar, sem stafa af afhendingu og umsjón með greiðslum loforðsgjafa eða afrakstri uppgjörs vegna lána sem eru tryggð með veðsettum eignum forgangseininga eða skuldabréfum, ekki taldar með við útreikning á þeim mörkum sem um getur í þeim liðum.

Lögbær yfirvöld geta, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, fallið að hluta til frá beitingu c-liðar fyrstu undirgreinar og heimilað 2. lánshæfisþrep fyrir allt að 10% af heildaráhættuskuldbindingu nafnverðs útistandandi sértryggðra skuldabréfa útgáfustofnunar, að því tilskildu að unnt sé að skjalfesta umtalsverð möguleg vandamál tengd samþjöppun í viðkomandi aðildarríkjum vegna beitingar 1. lánshæfisþreps sem um getur í þeim lið.

2. Þær aðstæður, sem um getur í a- til f-lið 1. mgr., skulu einnig taka til veðs sem er samkvæmt löggjöf einungis bundið við vernd handhafa skuldabréfa gegn tapi.

3. Stofnanir skulu, að því er varðar fasteignir sem eru til tryggingar sértryggðum skuldabréfum, uppfylla þær kröfur sem eru settar fram í 208. gr. og fylgja þeim matsreglum sem eru settar fram í 1. mgr. 229. gr.

4. Sértryggð skuldabréf, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skal fá áhættuvog samkvæmt töflu 6a sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 6a

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	10%	20%	20%	50%	50%	100%

5. Sértryggð skuldabréf, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur ekki fyrir, skal fá áhættuvog á grundvelli áhættuvogar sem veitt er ótryggðum forgangsáhættuskuldbindingum vegna stofnunarinnar sem gefur þau út. Eftirfarandi samsvörun milli áhættuvoga skal gilda:

a) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá 20% áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 10% áhættuvog,

b) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá 50% áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 20% áhættuvog,

c) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá 100% áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 50% áhættuvog,

d) ef áhættuskuldbindingar vegna stofnunar fá 150% áhættuvog skal sértryggða skuldabréfið fá 100% áhættuvog.

6. Ekki þarf að uppfylla kröfur 1. og 3. mgr. vegna sértryggðra skuldabréfa sem eru gefin út fyrir 31. desember 2007. Þau teljast uppfylla skilyrði fyrir fríðindameðferð skv. 4. og 5. mgr. þar til þau falla í gjalddaga.

7. Áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa teljast uppfylla skilyrði fyrir fríðindameðferð að því tilskildu að sú stofnun sem fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum geti sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hún:

a) fái a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um eignasafnið:

i. virði tryggingasafnsins og útistandandi sértryggðra skuldabréfa,

ii. landfræðilega dreifingu og tegundir varinna eigna, stærðir lána, vexti og gjaldmiðilsáhættu,

iii. skipulag binditíma varnareigna og sértryggðra skuldabréfa og

iv. hlutfall lána sem eru komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga,

b) útgefandi hefur þær upplýsingar, sem um getur í a-lið, til reiðu fyrir stofnunina á a.m.k. hálfsársfresti.

130. gr.

Liðir sem mynda verðbréfaðar stöður

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðra staðna skulu ákvarðaðar í samræmi við 5. kafla.

131. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna stofnana og fyrirtækja með skammtímalánshæfismat

Áhættuskuldbindingar vegna stofnana og fyrirtækja, þar sem skammtímalánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skal fá áhættuvog samkvæmt töflu 7 sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 7

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	150%	150%	150%

132. gr.

Áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skulu fá 100% áhættuvog nema stofnunin beiti aðferð 2. mgr. við mat á útlánaáhættu, gagnsæisaðferð 4. mgr. eða aðferð 5. mgr. sem byggist á meðaláhættuvog þegar skilyrði 3. mgr. eru uppfyllt.

2. Áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki liggur fyrir, skal fá áhættuvog samkvæmt töflu 8 sem jafngildir lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í samræmi við 136. gr.

Tafla 8

Lánshæfisþrep	1	2	3	4	5	6
Áhættuvog	20%	50%	100%	100%	150%	150%

3. Stofnunum er heimilt að ákvarða áhættuvog fyrir sjóði um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 4. og 5. mgr. ef eftirfarandi hæfisviðmiðanir eru uppfylltar:

a) sjóði um sameiginlega fjárfestingu er stjórnað af fyrirtæki sem lýtur eftirliti í aðildarríki eða, ef um er að ræða sjóð um sameiginlega fjárfestingu í þriðja landi, eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. sjóði um sameiginlega fjárfestingu er stjórnað af fyrirtæki sem er háð eftirliti sem talið er jafngilt því sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins,

ii. samvinna milli lögbærra yfirvalda er tryggð með fullnægjandi hætti,

b) lýsing eða jafngilt skjal sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal innihalda eftirfarandi:

i. flokka eigna sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta í,

ii. hlutfallslegar takmarkanir og aðferðir við að reikna þær út, ef fjárfestingarmörk eiga við,

c) gefnar eru upplýsingar um starfsemi sjóðs um sameiginlega fjárfestingu a.m.k. árlega til að unnt sé að meta eignir og skuldbindingar, tekjur og rekstur á reikningsskilatímabilinu.

Að því er a-lið varðar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvörðun um það hvort þriðja land beiti eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu. Þar til slík ákvörðun liggur fyrir geta stofnanir áfram beitt þeirri meðferð sem fram kemur í þessari málsgrein til 1. janúar 2015 gagnvart áhættuskuldbindingum í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu frá þriðju löndum ef viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt að þetta þriðja land teljist uppfylla skilyrði til að njóta þeirrar meðferðar fyrir 1. janúar 2014.

4. Ef stofnunin hefur vitneskju um undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu getur hún haft hliðsjón af þeim við útreikning á meðaláhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar sínar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla. Ef undirliggjandi áhættuskuldbinding sjóðs um sameiginlega fjárfestingu er sjálf áhættuskuldbinding í formi hlutabréfa í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu, sem uppfyllir viðmiðanir 3. mgr., getur stofnunin haft hliðsjón af undirliggjandi áhættuskuldbindingum þess sjóðs um sameiginlega fjárfestingu.

5. Ef stofnunin hefur ekki vitneskju um undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu getur hún reiknað út meðaláhættuvog áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóði um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla, með fyrirvara um þá forsendu að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti í fyrstu eins mikið og umboð hans leyfir í þeim flokkum áhættuskuldbindinga sem kalla á hæstu eiginfjárkröfuna og haldi síðan áfram að fjárfesta í lækkandi röð flokka þar til hámarks heildarfjárfestingarmörkum hefur verið náð.

Stofnanir geta falið eftirtöldum þriðju aðilum að reikna út og tilkynna, í samræmi við þær aðferðir sem fram koma í 4. og 5. mgr., áhættuvog vegna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu:

a) varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálastofnuninni,

b) hvað varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem falla ekki undir a-lið, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir þær viðmiðanir sem fram koma í a-lið 3. mgr.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal staðfesta að sá útreikningur, sem um getur í fyrstu undirgrein, sé réttur.

133. gr.

Áhættuskuldbinding vegna hlutabréfa

1. Eftirfarandi áhættuskuldbindingar skulu flokkaðar sem áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa:

a) áhættuskuldbindingar sem ekki teljast lán og veita víkjandi, eftirstæða kröfu á eignir eða tekjur útgefandans,

b) áhættuskuldbindingar sem teljast lán og önnur verðbréf, sameignarfélög, afleiður eða aðrir gerningar sem hafa efnahagslegt inntak líkt því sem áhættuskuldbindingar í a-lið hafa.

2. Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa skulu fá 100% áhættuvog nema þess sé krafist að þær séu dregnar frá í samræmi við annan hluta, 250% áhættuvog í samræmi við 4. mgr. 48. gr., 1250% áhættuvog í samræmi við 3. mgr. 89. gr. eða farið með þær sem sérlega áhættusama liði í samræmi við 128. gr.

3. Flokka skal fjárfestingar í hlutabréfum eða lögbundnum fjármagnsgerningum, sem stofnanir gefa út, sem hlutabréfastöður nema þær séu dregnar frá eiginfjárgrunni eða fái 250% áhættuvog skv. 4. mgr. 48. gr. eða farið sé með þær sem sérlega áhættusama liði í samræmi við 128. gr.

134. gr.

Aðrir liðir

1. Efnislegar eignir í skilningi 10. liðar undir fyrirsögninni „Eignir“ í 4. gr. tilskipunar 86/635/EBE skulu fá 100% áhættuvog.

2. Fyrirframgreiðslur og áfallnar tekjur, þar sem stofnun getur ekki sagt til um mótaðilann í samræmi við tilskipun 86/635/EBE, skulu fá 100% áhættuvog.

3. Lausafé í innheimtu skal fá 20% áhættuvog. Handbært fé og jafngilt lausafé skal fá 0% áhættuvog.

4. Gull í stöngum sem er geymt í eigin öryggisgeymslum eða hjá þriðja aðila, fær 0% áhættuvog að því marki sem veitt er bótaábyrgð með gulli í stöngum.

5. Þegar um er að ræða eignasölu og endurhverf verðbréfakaup eða bein framvirk kaup skal áhættuvogin vera sú sem fengin er viðkomandi eignum en ekki mótaðila í viðskiptunum.

6. Ef stofnun veitir útlánavörn vegna ákveðins fjölda áhættuskuldbindinga, samkvæmt skilmálum um að n-ta greiðslufall á meðal áhættuskuldbindinganna skapi greiðsluskyldu og að þessi lánaatburður skuli leiða til uppsagnar á samningum, og ef afurðin fær lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki skal nota áhættuvogina sem mælt er fyrir um í 5. kafla. Hafi afurðin ekki verið metin af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki verða áhættuvogir áhættuskuldbindinganna í körfunni lagðar saman, að undanskildum n-1 áhættuskuldbindingum, upp að hámarki 1250% og margfaldaðar með nafnverði varnarinnar sem veitt er með lánaafleiðunni til að finna fjárhæð áhættuvegnu eignarinnar. Þær n-1 áhættuskuldbindingar, sem undanskilja skal úr samlagningunni, skulu ákvarðaðar þannig að þær taki til þeirra áhættuskuldbindinga sem hver um sig leiðir til lægri áhættuveginnar fjárhæðar en nemur áhættuveginni fjárhæð allra áhættuskuldbindinga sem teknar eru með í samlagninguna.

7. Áhættuskuldbindingarvirði vegna leigusamninga skal vera núvirt lágmarksleigugreiðsla. Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á leigutímanum sem leigutakinn er eða kann að verða krafinn um og öll vildarkjör sem nokkuð víst má telja að verði nýtt. Aðili annar en leigutaki kann að verða krafinn um greiðslu í tengslum við hrakvirði leigðrar eignar og ef sú greiðsluskylda uppfyllir skilyrði 201. gr. varðandi viðurkennda veitendur útlánavarnar, sem og kröfur um viðurkenningu annarra tegunda ábyrgða sem kveðið er á um í 213.–215. gr., má taka slíka greiðsluskyldu með í reikninginn sem ófjármagnaða útlánavörn skv. 4. kafla. Raða skal þessum áhættuskuldbindingum í viðeigandi flokk áhættuskuldbindinga í samræmi við 112. gr. Sé áhættuskuldbindingin hrakvirði leigðra eigna skal reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem hér segir: 1/t * 100% * hrakvirði þar sem t er hærra en 1 og er sá fjöldi ára, námundaður að næstu heilu tölu, sem eftir stendur af leigusamningi.

3. þáttur.

Viðurkenning og vörpun mats á útlánaáhættu

1. undirþáttur

Viðurkenning utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja

135. gr.

Notkun utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á lánshæfismati

1. Heimilt er að nota lánshæfismat utanaðkomandi aðila við ákvörðun áhættuvogar áhættuskuldbindingar samkvæmt þessum kafla því aðeins að utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafi gefið það út eða áritað það í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við 4. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

2. undirþáttur

Vörpun lánshæfismats frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki

136. gr.

Vörpun lánshæfismats frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu semja, innan vébanda sameiginlegu nefndarinnar, drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina að því er varðar öll utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki til hvaða lánshæfisþrepa, sem fram koma í 2. þætti, viðeigandi lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis svarar („vörpun“). Í slíkum ákvörðunum skal gæta hlutlægni og samkvæmni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. júlí 2014 og leggja fram endurskoðuð drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum ef nauðsyn krefur.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 eftir því sem við á.

2. Við ákvörðun vörpunar lánshæfismats skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Til að gera greinarmun á viðeigandi áhættuvægi sem hvert lánshæfismat sýnir skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka mið af megindlegum þáttum á borð við langtímavanskilahlutfall er tengist öllum liðum sem fá sama lánshæfismat. Ef utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur nýlega verið komið á fót eða það einungis safnað saman vanskilagögnum í skamman tíma skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fara fram á að það upplýsi hvaða langtímavanskilahlutfall það telji að tengist öllum liðum sem fá sama lánshæfismat.

b) Til að gera greinarmun á viðkomandi áhættuvægi sem hvert lánshæfismat sýnir skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka mið af eigindlegum þáttum, s.s. hópi útgefenda sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki fjallar um, hvers konar lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki veitir, merkingu hvers lánshæfismats og skilgreiningu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á vanefndum.

c) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu bera skráð vanskilahlutföll vegna hvers lánshæfismats tiltekins utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis saman við þær viðmiðanir sem byggðar eru á vanskilahlutföllum sem önnur utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafa skráð vegna hóps útgefenda sem talinn er á samsvarandi stigi útlánaáhættu.

d) Þegar skráð vanskilahlutföll vegna lánshæfismats tiltekins utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eru umtalsvert og kerfisbundið hærri en viðmiðunin skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin raða lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í hærra lánshæfisþrep á matskvarðanum fyrir lánshæfi.

e) Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa hækkað áhættuvog vegna tiltekins lánshæfismats ákveðins utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis og skráð vanskilahlutföll fyrir lánshæfismat þess eru ekki lengur umtalsvert og kerfisbundið hærri en viðmiðunin er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að færa lánshæfismat þess utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis í upprunalegt lánshæfisþrep á matskvarðanum fyrir lánshæfi.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina þá megindlegu þætti sem um getur í a-lið, þá eigindlegu þætti sem um getur í b-lið og þá viðmiðun sem um getur í c-lið 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. júlí 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 eftir því sem við á.

3. undirþáttur

Notkun útflutningslánastofnana á lánshæfismati

137. gr.

Notkun útflutningslánastofnana á lánshæfismati

1. Að því er 114. gr. varðar er stofnunum heimilt að nota lánshæfismat útflutningslánastofnunar, sem stofnunin hefur tilnefnt, ef öðru hvoru eftirfarandi skilyrða hefur verið fullnægt:

a) Samstaða er um áhættumatið meðal útflutningslánastofnana sem eiga aðild að „Samkomulagi varðandi viðmiðunarreglur vegna útflutningslána sem njóta opinbers stuðnings“ sem Efnahags- og framfarastofnunin stendur fyrir.

b) Útflutningslánastofnunin birtir lánshæfismat sitt og fylgir aðferðafræði sem Efnahags- og framfarastofnunin samþykkir og lánshæfismatið tengist einu af átta lágmarksiðgjöldum vegna útflutningstryggingar sem fram koma í samþykktri aðferðafræði Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Stofnun getur afturkallað tilnefningu sína á útflutningslánastofnun. Stofnun skal rökstyðja afturköllunina ef fyrir liggja haldgóðar vísbendingar um að afturkölluninni sé ætlað að lækka eiginfjárkröfur.

2. Þegar lánshæfismat frá útflutningslánastofnun hefur verið viðurkennt fyrir áhættuskuldbindingar með tilliti til áhættuvogunar skulu þær fá áhættuvog samkvæmt töflu 9.

Tafla 9

Lágmarksiðgjöld vegna útflutningstryggingar (MEIP)	0	1	2	3	4	5	6	7
Áhættuvog	0%	0%	20%	50%	100%	100%	100%	150%

4. þáttur

Notkun á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja vegna ákvörðunar á áhættuvog

138. gr.

Almennar kröfur

Stofnun er heimilt að útnefna eitt eða fleiri utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem nota má vegna ákvörðunar á áhættuvogum fyrir eignir og liði utan efnahagsreiknings. Stofnun getur afturkallað tilnefningu sína á utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki. Stofnun skal rökstyðja afturköllunina ef fyrir liggja haldgóðar vísbendingar um að afturkölluninni sé ætlað að lækka eiginfjárkröfur. Ekki skal nota lánshæfismat á valvísan hátt. Stofnun skal nota umbeðið lánshæfismat. Henni er þó heimilt að nota óumbeðið lánshæfismat ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur staðfest að óumbeðið lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis sé í engu frábrugðið umbeðnu lánshæfismati þess lánshæfismatsfyrirtækis. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal synja um eða afturkalla þessa staðfestingu einkum ef þetta utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur notað óumbeðið lánshæfismat til að beita þann aðila, sem fær lánshæfiseinkunn, þrýstingi um að panta lánshæfismat eða aðra þjónustu. Stofnanir skulu uppfylla eftirfarandi kröfur þegar þær nota lánshæfismat:

a) Stofnun, sem ákveður að nota lánshæfismat sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur lagt fram vegna ákveðins flokks liða, skal nota það lánshæfismat með samræmdum hætti að því er varðar allar áhættuskuldbindingar sem tilheyra þeim flokki.

b) Stofnun, sem ákveður að nota lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, skal nota það á samfelldan hátt og með samræmdum hætti yfir tiltekið tímabil.

c) Stofnun skal eingöngu nota lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja sem tekur tillit til allra áfallinna fjárhæða, bæði höfuðstóls og vaxta.

d) Ef einungis eitt lánshæfismat er fáanlegt frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki vegna metins liðar skal það lánshæfismat notað til að ákvarða áhættuvog þess liðar.

e) Ef fyrir liggja tvö lánshæfismöt frá tilnefndu lánshæfismatsfyrirtæki sem mynda ólíkar áhættuvogir vegna metins liðar skal nota hærri áhættuvogina.

f) Ef fyrir liggja fleiri en tvær lánshæfismatsgerðir frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki vegna metins liðar skal vísað til þeirra tveggja matsgerða sem mynda tvær lægstu áhættuvogirnar. Ef tvær lægstu áhættuvogirnar eru ólíkar skal nota hærri áhættuvogina. Ef tvær lægstu áhættuvogirnar eru eins skal nota þá áhættuvog.

139. gr.

Lánshæfismat útgefanda og útgáfu

1. Ef lánshæfismat er til staðar vegna tiltekinnar útgáfuáætlunar eða gernings, sem liðurinn sem myndar áhættuskuldbindinguna tilheyrir, skal það lánshæfismat notað til að ákvarða áhættuvog fyrir þann lið.

2. Ef ekkert lánshæfismat liggur fyrir sem gildir beint fyrir ákveðinn lið en fyrir liggur lánshæfismat vegna tiltekinnar útgáfuáætlunar eða gernings, sem liðurinn sem myndar áhættuskuldbindinguna tilheyrir ekki, eða almennt lánshæfismat fyrir útgefandann skal nota það lánshæfismat í eftirfarandi tilvikum:

a) það leiðir til hærri áhættuvogar en ella og viðkomandi áhættuskuldbinding er metin jafngild eða lægri að öllu leyti gagnvart tilteknu útgáfuáætluninni eða gerningnum eða ótryggðum forgangsáhættuskuldbindingum þess útgefanda, eftir því sem við á,

b) það leiðir til lægri áhættuvogar en ella og viðkomandi áhættuskuldbinding er metin jafngild eða hærri að öllu leyti gagnvart tilteknu útgáfuáætluninni eða gerningnum eða ótryggðum forgangsáhættuskuldbindingum þess útgefanda, eftir því sem við á.

Í öllum öðrum tilvikum skal fara með áhættuskuldbindinguna sem ómetna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir beitingu 129. gr.

4. Lánshæfismat vegna útgefanda innan fyrirtækjasamstæðu er ekki hægt að nota sem lánshæfismat annars útgefanda innan sömu fyrirtækjasamstæðu.

140. gr.

Langtíma- og skammtímalánshæfismat

1. Einungis er heimilt að nota skammtímalánshæfismat vegna skammtímaeigna og liða utan efnahagsreiknings sem mynda áhættuskuldbindingar vegna stofnana og fyrirtækja.

2. Skammtímalánshæfismat skal einungis gilda um liðinn sem það vísar til og það skal ekki notað til að finna áhættuvog fyrir aðra liði nema í eftirfarandi tilvikum:

a) ef gerningur með skammtímalánshæfiseinkunn hefur 150% áhættuvog skulu allar ótryggðar áhættuskuldbindingar án lánshæfismats, vegna þess loforðsgjafa, einnig fá 150% áhættuvog, hvort sem þær eru til skamms eða langs tíma,

b) ef gerningur með skammtímalánshæfiseinkunn hefur 50% áhættuvog skal engin skammtímaáhættuskuldbinding, án lánshæfismats, fá lægri áhættuvog en 100%.

141. gr.

Liðir í innlendum og erlendum gjaldmiðli

Ekki má nota lánshæfismat sem vísar til liðar sem tilgreindur er í heimagjaldmiðli loforðsgjafans til að finna áhættuvog vegna annarrar áhættuskuldbindingar vegna sama loforðsgjafa sem er tilgreind í erlendum gjaldmiðli.

Ef áhættuskuldbinding verður til vegna þátttöku stofnunar í láni, sem fjölþjóðlegur þróunarbanki með stöðu forgangslánveitanda á markaði veitir, má nota lánshæfismat liða loforðsgjafans í heimagjaldmiðli til að ákvarða áhættuvog.

3. KAFLI

Innramatsaðferð

1. þáttur

Heimild lögbærra yfirvalda til að nota innramatsaðferðina

142. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „matskerfi“: allar aðferðir, vinnsla, eftirlit, gagnasöfnun og upplýsingatæknikerfi sem styðja mat á útlánaáhættu, flokkun áhættuskuldbindinga í matsþrep eða söfn og magnákvörðun vegna mats á vanefndum og tapi sem þróað hefur verið vegna vissrar tegundar áhættuskuldbindinga,

2) „tegund áhættuskuldbindinga“: hópur áhættuskuldbindinga sem stýrt er með einsleitum hætti og eru samsettar úr ákveðinni tegund gerninga og kunna að vera takmarkaðar við einn aðila eða einn undirflokk aðila innan samstæðu, að því tilskildu að sömu áhættuskuldbindingu sé stýrt með öðrum hætti hjá öðrum aðilum innan samstæðunnar,

3) „rekstrareining“: aðgreindar skipulagseiningar eða lögaðilar, viðskiptasvið eða landfræðilegar staðsetningar,

4) „stór aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) heildareignir hans, reiknaðar út á einingar- eða samstæðugrunni, eru yfir eða jafnar 70 milljarða evra viðmiðunarmörkum, þegar nýjustu endurskoðuð reikningsskil eða samstæðureikningsskil eru notuð til að ákvarða stærða eigna, og

b) hann eða eitt dótturfélaga hans fellur undir varfærnisreglur í Sambandinu eða lög þriðja lands sem beitir a.m.k. jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum og beitt er í Sambandinu,

5) „óeftirlitsskyldur aðili á fjármálamarkaði“: aðili sem er ekki eftirlitsskyldur aðili á fjármálamarkaði en hefur að meginstarfsemi eina eða fleiri tegundir starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB eða í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

6) „loforðsgjafaþrep“: áhættuflokkur á matskvarða matskerfis fyrir loforðsgjafa sem loforðsgjöfum er skipað í á grundvelli tilgreindra og skýrra matsviðmiðana sem mat á líkum á vanefndum (PD) grundvallast á,

7) „gerningaþrep“: áhættuflokkur á matskvarða gerninga í matskerfinu sem áhættuskuldbindingum er skipað í á grundvelli tilgreindra og aðgreindra safna matsviðmiðana sem leiða af sér eigið mat á tapi að gefnum vanefndum,

8) „þjónustuaðili“: aðili sem stýrir safni keyptra viðskiptakrafna eða undirliggjandi lánaáhættu daglega.

2. Að því er b-lið 4. liðar 1. mgr. varðar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvörðun um það hvort þriðja land beiti eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem er a.m.k. jafngilt því sem beitt er í Sambandinu. Ef slík ákvörðun liggur ekki fyrir geta stofnanir haldið áfram til 1. janúar 2015 að beita þeirri meðferð sem fram kemur í þessari málsgrein, gagnvart þriðja landi, ef viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt fyrir 1. janúar 2014 að þetta þriðja land teljist uppfylla skilyrði fyrir þeirri meðferð.

143. gr.

Heimild til að nota innramatsaðferðina

1. Ef skilyrði þessa kafla hafa verið uppfyllt geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sinna með innramatsaðferðinni (hér á eftir nefnd „innramatsaðferð“).

2. Krefjast skal fyrirframheimildar til að nota innramatsaðferðina, þ.m.t. eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, fyrir hvern áhættuskuldbindingaflokk og hvert matskerfi og eiginlíkansaðferðir við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa og sérhverja aðferð sem er notuð við að meta tap að gefnum vanefndum og breytistuðla.

3. Stofnanir skulu afla sér fyrirframleyfis frá lögbærum yfirvöldum vegna eftirfarandi:

a) Verulegra breytinga á notkunarsviði matskerfa eða eiginlíkansaðferða við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem stofnanirnar hafa fengið leyfi til að nota.

b) Verulegra breytinga á matskerfi eða eiginlíkansaðferðum við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem stofnanirnar hafa fengið leyfi til að nota.

Notkunarsvið matskerfis skal taka til allra áhættuskuldbindinga innan viðkomandi tegundar áhættuskuldbindingar sem matskerfið var þróað fyrir.

4. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar breytingar á matskerfum og eiginlíkansaðferðum við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðum þar sem tilgreind eru skilyrði vegna mats á mikilvægi notkunar fyrirliggjandi matskerfis fyrir aðrar viðbótaráhættuskuldbindingar, sem falla ekki þegar undir það matskerfi, og breytingar á matskerfum eða eiginlíkansaðferðum við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa innan ramma innramatsaðferðarinnar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

144. gr.

Mat lögbærra yfirvalda á umsókn um notkun innramatsaðferðar

1. Lögbært yfirvald skal því aðeins veita stofnun leyfi til að nota innramatsaðferðina skv. 143. gr., þ.m.t. eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, að það hafi gengið úr skugga um að þeim kröfum, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, hafi verið fullnægt, einkum þeim sem mælt er fyrir um í 6. þætti, og að kerfi stofnunarinnar við að stjórna og meta útlánaáhættuskuldbindingar séu traust og þeim beitt af heilindum og einkum að stofnun sýni lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) að matskerfi stofnunarinnar veiti markvisst mat á einkennum loforðsgjafans og viðskiptanna, markvissa sundurgreiningu á áhættu og nákvæmt og samræmt megindlegt mat á áhættu,

b) að innra mat og mat á vanefndum og tapi sem er notað við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns, ásamt tengdum kerfum og ferlum, gegni mikilvægu hlutverki við áhættustjórnun og ákvarðanatöku sem og við samþykkt lána, dreifingu innra fjármagns og í stjórnarháttum stofnunarinnar,

c) að í stofnuninni sé deild útlánaáhættustýringar sem beri ábyrgð á matskerfum hennar og sé nægilega sjálfstæð og laus við ótilhlýðileg áhrif,

d) að stofnunin safni saman og geymi öll viðeigandi gögn til að styðja á skilvirkan hátt við mat sitt og stýringu á útlánaáhættu,

e) að stofnunin haldi skrár yfir matskerfi sín og forsendur fyrir hönnun þeirra og sannreyni matskerfi sín,

f) að stofnunin hafi sannreynt hvert matskerfi og hverja eiginlíkansaðferð við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, á viðeigandi tímabili áður en gefið er fyrirframleyfi til að nota þetta matskerfi eða eiginlíkansaðferð við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, hafi metið á þessu tímabili hvort matskerfið eða eiginlíkansaðferðin við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa hæfi notkunarsviði matskerfisins eða eiginlíkansaðferðinni við áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa og hafi gert nauðsynlegar breytingar á þessum matskerfum eða eiginlíkansaðferðum við áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa í kjölfarið á mati sínu,

g) að stofnunin hafi samkvæmt innramatsaðferðinni reiknað út kröfur vegna eiginfjárgrunns sem leiða af mati hennar á áhættubreytum og geti sinnt þeirri skýrslugjöf sem krafist er í 99. gr.,

h) að stofnunin hafi sett og haldi áfram að setja hverja áhættuskuldbindingu, sem fellur undir notkunarsvið matskerfis, í matsþrep eða safn í því matskerfi; að stofnunin hafi beitt og haldi áfram að beita þessari eiginlíkansaðferð á hverja áhættuskuldbindingu sem fellur undir notkunarsvið aðferðar við áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa.

Krafan um að nota innramatsaðferðina, þ.m.t. eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, á einnig við þegar stofnun hefur komið í framkvæmd matskerfi, eða líkani sem er notað innan matskerfis, sem hún hefur keypt frá þriðja aðila.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þá matsaðferð sem lögbær yfirvöld skulu fylgja við mat á því hvort stofnun uppfylli kröfur vegna notkunar innramatsaðferðarinnar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

145. gr.

Fyrri reynsla af notkun innramatsaðferða

1. Stofnun, sem sækir um að fá að nota innramatsaðferðina, skal hafa notað, fyrir viðkomandi flokka áhættuskuldbindinga innramatsaðferðarinnar, matskerfi sem hafa að mestu leyti samrýmst kröfunum, sem settar eru fram í 6. þætti vegna innra áhættumats og -stjórnunar, í a.m.k. þrjú ár áður en hún er talin uppfylla skilyrði fyrir því að nota innramatsaðferðina.

2. Stofnun, sem sækir um að fá að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að hún hafi metið og notað eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum á þann hátt sem hefur að mestu leyti samrýmst kröfunum um notkun á eigin mati á þeim breytum sem settar eru fram í 6. þætti, í a.m.k. þrjú ár áður en hún er talin uppfylla skilyrði fyrir því að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum.

3. Þegar stofnunin framlengir notkun innramatsaðferðarinnar í kjölfar upphaflega leyfisins skal hún búa yfir nægilegri reynslu til að uppfylla kröfur 1. og 2. mgr. að því er varðar þær viðbótaráhættuskuldbindingar sem falla þar undir. Ef notkun matskerfa er víkkuð út til áhættuskuldbindinga sem eru það frábrugðnar fyrirliggjandi gildissviði að ekki er unnt að draga

með sanngirni þá ályktun að fyrirliggjandi reynsla dugi til að uppfylla kröfur þessara ákvæða hvað viðbótaráhættuskuldbindingar varðar skulu kröfur 1. og 2. mgr. gilda sérstaklega um viðbótaráhættuskuldbindingarnar.

146. gr.

Ráðstafanir sem gera skal þegar kröfur þessa kafla eru ekki lengur uppfylltar

Ef stofnun uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum kafla skal hún tilkynna lögbæru yfirvaldi um það og gera eitt af eftirtöldu:

a) sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á áætlun um að uppfylla þær skjótt að nýju og koma áætluninni til framkvæmda innan tímamarka sem hún semur um við lögbæra yfirvaldið,

b) sýna lögbærum yfirvöldum fram á það með fullnægjandi hætti að lítil áhrif hafi orðið af því að uppfylla ekki kröfurnar.

147. gr.

Aðferðafræði við að skipa áhættuskuldbindingum í flokka

1. Aðferðin, sem stofnunin notar við að skipa áhættuskuldbindingum í mismunandi flokka áhættuskuldbindinga, skal vera viðeigandi og þar gætt samkvæmni frá einum tíma til annars.

2. Skrá skal hverja áhættuskuldbindingu í einn af eftirtöldum flokkum áhættuskuldbindinga:

a) áhættuskuldbindingar vegna ríkja og seðlabanka,

b) áhættuskuldbindingar vegna stofnana,

c) áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja,

d) smásöluáhættuskuldbindingar,

e) áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa,

f) liðir sem mynda verðbréfaðar stöður,

g) aðrar eignir sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu.

3. Setja skal eftirfarandi áhættuskuldbindingar í þann flokk sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr.:

a) áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðaryfirvalda eða opinberra aðila sem farið er með á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja skv. 115. og 116. gr.,

b) áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka sem um getur í 2. mgr. 117. gr.,

c) áhættuskuldbindingar vegna alþjóðastofnana sem hafa 0% áhættuvog skv. 118. gr.

4. Setja skal eftirfarandi áhættuskuldbindingar í þann flokk sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr.:

a) áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna og staðaryfirvalda sem ekki er farið með á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja í samræmi við 2. og 4. mgr. 115. gr.,

b) áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila sem ekki er farið með á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja í samræmi við 4. mgr. 116. gr.,

c) áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka sem ekki fá 0% áhættuvog skv. 117. gr. og

d) áhættuskuldbindingar vegna fjármálastofnana sem farið er með á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnana í samræmi við 5. mgr. 119. gr.

5. Til þess að áhættuskuldbindingar geti talist til flokks smásöluáhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um í d-lið 2. mgr., skulu þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þær skulu vera eitt af eftirfarandi:

   i. áhættuskuldbindingar vegna eins eða fleiri einstaklinga,

   ii. áhættuskuldbindingar vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því tilskildu að heildarfjárhæðin sem loforðsgjafi sem er viðskiptavinur, eða hópur tengdra viðskiptavina sem hann tilheyrir, skuldar stofnuninni og móðurfélögum og dótturfélögum þess, þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem eru komnar í vanskil en að frátöldum áhættuskuldbindingum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði, fari ekki yfir 1 milljón evra svo stofnuninni sé kunnugt um og skal hún hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að ganga úr skugga um að svo sé,

b) stofnunin gætir samkvæmni í áhættustýringu sinni á þeim til lengri tíma litið,

c) þeim er ekki stýrt í jafn miklum mæli hverri fyrir sig og áhættuskuldbindingum í flokki áhættuskuldbindinga fyrirtækja,

d) hver þeirra er hluti verulegs fjölda áhættuskuldbindinga sem stýrt er á sambærilegan hátt.

Auk þeirra áhættuskuldbindinga, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein, skal núvirði lágmarksleigugreiðslu á smásölumarkaði falla í flokk fyrir smásöluáhættuskuldbindingar.

6. Setja skal eftirfarandi áhættuskuldbindingar í þann flokk fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem mælt er fyrir um í e-lið 2. mgr.:

a) áhættuskuldbindingar sem ekki teljast lán og veita víkjandi, eftirstæða kröfu á eignir eða tekjur útgefandans,

b) áhættuskuldbindingar sem teljast lán og önnur verðbréf, sameignarfélög, afleiður eða aðrir gerningar sem hafa efnahagslegt inntak líkt því sem áhættuskuldbindingar í a-lið hafa.

7. Lánaskuldbinding, sem ekki er sett í flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í a-, b-, d-, e- og f-lið 2. mgr., skal sett í flokk áhættuskuldbindinga fyrirtækja sem um getur í c-lið þeirrar málsgreinar.

8. Stofnanir skulu, innan flokks áhættuskuldbindinga fyrirtækja, sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr., greina sérstaklega sem sértækar lánaáhættuskuldbindingar þær áhættuskuldbindingar sem hafa eftirfarandi einkenni:

a) áhættuskuldbindingin er vegna einingar, sem var stofnuð sérstaklega til að fjármagna eða starfrækja efnislegar eignir eða er efnahagslega sambærileg áhættuskuldbinding,

b) samningsbundna fyrirkomulagið veitir lánveitanda umtalsverð yfirráð yfir þeim eignum og tekjum sem þær gefa af sér,

c) meginuppspretta endurgreiðslu skuldbindingarinnar er þær tekjur sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér, fremur en sjálfstæð endurgreiðslugeta atvinnufyrirtækis á breiðari grunni.

9. Setja skal hrakvirði leigðra eigna í þann flokk áhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um í g-lið 2. mgr., nema að því marki sem hrakvirðið felst þegar í áhættuskuldbindingu vegna leigu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 166. gr.

10. Sú áhættuskuldbinding, sem stafar af því að veita útlánavörn samkvæmt körfu útlánaafleiða sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, skal falla í sama flokk, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., og áhættuskuldbindingar í körfunni, en ef einstakar áhættuskuldbindingar í körfunni falla í mismunandi flokka áhættuskuldbindinga skal setja áhættuskuldbindinguna í flokk fyrir áhættuskuldbindingar fyrirtækja sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr.

148. gr.

Skilyrði fyrir því að taka upp innramatsaðferðina í mismunandi flokkum áhættuskuldbindinga og rekstrareininga

1. Stofnanir og móðurfélög og dótturfélög þess skulu taka upp innramatsaðferðina hvað allar áhættuskuldbindingar varðar nema þau hafi fengið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota staðalaðferðina til frambúðar í samræmi við 150. gr.

Með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda má taka hana upp í flokkum áhættuskuldbindinga, sem um getur í 147. gr., hverjum á eftir öðrum innan sömu rekstrareiningar, hjá mismunandi rekstrareiningum innan sömu samstæðu eða vegna notkunar á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum við útreikning á áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka.

Að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga sem um getur í 5. mgr. 147. gr. má taka innramatsaðferðina upp í flokkum áhættuskuldbindinga hverjum á eftir öðrum sem mismunandi fylgni í 154. gr. samsvarar.

2. Lögbær yfirvöld skulu ákveða tímabilið þegar þess er krafist að stofnun og hugsanlegt móðurfélag og dótturfélög þess noti innramatsaðferðina að því er varðar allar áhættuskuldbindingar. Tímabilið skal að mati lögbærra yfirvalda vera hæfilegt miðað við eðli og umfang starfsemi stofnananna, eða hugsanlegs móðurfélags og dótturfélaga þess, og fjölda og eðli þeirra matskerfa sem taka á upp.

3. Stofnanir skulu taka innramatsaðferðina upp samkvæmt skilyrðum sem lögbær yfirvöld ákvarða. Lögbært yfirvald skal útfæra þessi skilyrði til að tryggja að sveigjanleikinn skv. 1. mgr. sé ekki notaður á valvísan hátt í þeim tilgangi að lækka kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar þá flokka áhættuskuldbindinga eða rekstrareininga sem enn á eftir að fella undir innramatsaðferðina eða við notkun á eigin mati á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum.

4. Stofnanir, sem hafa ekki tekið upp innramatsaðferðina fyrr en eftir 1. janúar 2013 eða hafa fram að þeim tíma verið háðar kröfu lögbærra yfirvalda um að vera færar um að reikna út eiginfjárkröfur sínar með staðalaðferðinni, skulu halda getu sinni til útreiknings á eiginfjárkröfum með staðalaðferðinni að því er varðar allar áhættuskuldbindingar sínar á framkvæmdatímabilinu þar til lögbær yfirvöld tilkynna þeim að þau telji sig hafa fulla vissu fyrir því að upptöku innramatsaðferðinnar verði lokið með viðunandi hætti.

5. Stofnun, sem hefur heimild til að nota innramatsaðferðina fyrir hvaða flokk áhættuskuldbindinga sem er, skal nota innramatsaðferðina fyrr áhættuskuldbindingaflokk vegna hlutabréfa, sem mælt er fyrir um í e-lið 2. mgr. 147. gr., nema þeirri stofnun sé heimilt að nota staðalaðferðina að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa skv. 150. gr. og fyrir áhættuskuldbindingaflokk annarra eigna sem ekki fela í sér lánaskuldbindingu og mælt er fyrir um í g-lið 2. mgr. 147. gr.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina með hvaða skilyrðum lögbær yfirvöld skuli ákvarða með hvaða hætti, hvenær og í hvaða áföngum taka skuli upp innramatsaðferðina í áhættuskuldbindingaflokkunum sem um getur í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

149. gr.

Skilyrði fyrir því að hverfa aftur til einfaldari aðferða

1. Stofnun, sem notar innramatsaðferðina fyrir tiltekinn flokk eða tegund áhættuskuldbindinga, skal því aðeins hætta að nota hana og nota þess í stað staðalaðferðina við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) stofnunin hefur sýnt lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að ekki sé fyrirhugað að nota staðalaðferðina til að lækka kröfu stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns, að þessi notkun sé nauðsynleg vegna eðlis heildaráhættuskuldbindinga stofnunarinnar af þessu tagi og þess hversu flóknar þær eru og að slíkt myndi ekki hafa verulega neikvæð áhrif á gjaldþol stofnunarinnar eða getu hennar til skilvirkrar áhættustýringar,

b) stofnunin hefur fengið heimild frá lögbæru yfirvaldi fyrir fram.

2. Stofnanir, sem fengið hafa heimild skv. 9. mgr. 151. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, skulu ekki taka upp þau gildi fyrir tap að gefnum vanefndum og breytistuðla sem um getur í 8. gr. 151. gr. nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) stofnunin hefur sýnt lögbæru yfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að ekki sé fyrirhugað að nota það gildi fyrir tap að gefnum vanefndum og breytistuðla, sem mælt er fyrir um í 8. gr. 151. gr., að því er varðar tiltekna flokka eða tegundir áhættuskuldbindinga til að lækka kröfu stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns, að þessi notkun sé nauðsynleg vegna eðlis heildaráhættuskuldbindinga stofnunarinnar af þessu tagi og þess hversu flóknar þær eru og að slíkt myndi ekki hafa verulega neikvæð áhrif á gjaldþol stofnunarinnar eða getu hennar til skilvirkrar áhættustýringar,

b) stofnunin hefur fengið heimild frá lögbæru yfirvaldi fyrir fram.

3. Beiting 1. og 2. mgr. er með fyrirvara um skilyrði lögbærra yfirvalda fyrir beitingu innramatsaðferðarinnar í samræmi við 148. gr. og heimild til varanlegrar notkunar að hluta til sem um getur í 150. gr.

150. gr.

Skilyrði fyrir varanlegri notkun að hluta til

1. Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda geta stofnanir sem er heimilt að nota innramatsaðferðina við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps vegna eins eða fleiri flokka áhættuskuldbindinga beitt staðalaðferðinni vegna eftirfarandi áhættuskuldbindinga:

a) flokki áhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 147. gr., ef fjöldi mikilvægra mótaðila er takmarkaður og það yrði óþarflega íþyngjandi fyrir stofnunina að koma á fót matskerfi fyrir þessa mótaðila,

b) flokki áhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um b-lið 2. mgr. 147. gr., ef fjöldi mikilvægra mótaðila er takmarkaður og það væri óþarflega íþyngjandi fyrir stofnunina að koma á matskerfi fyrir þessa mótaðila,

c) áhættuskuldbindingum hjá rekstrareiningum sem eru ekki mikilvægar, svo og flokki áhættuskuldbindinga sem eru lítilvægar með tilliti til stærðar og áhættusniðs,

d) áhættuskuldbindingum vegna ríkis og seðlabanka aðildarríkjanna og héraðstjórna, staðaryfirvalda, stjórnsýslustofnana og opinberra aðila þeirra, að því tilskildu að:

i. enginn áhættumunur sé á milli áhættuskuldbindinga vegna ríkis og seðlabanka og þessara annarra áhættuskuldbindinga vegna sérstakra opinberra ráðstafana og

ii. áhættuskuldbindingar vegna ríkis og seðlabanka fái 0% áhættuvog skv. 2. mgr. 114. gr. eða 4. mgr. 495. gr.,

e) áhættuskuldbindingum stofnunar vegna mótaðila, sem er móðurfélag hennar, dótturfélag hennar eða dótturfélag móðurfélags hennar, að því tilskildu að mótaðilinn sé stofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun, eignastýringarfélag eða félag í viðbótarstarfsemi sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum eða tengt fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

f) áhættuskuldbindingum milli stofnana sem uppfylla kröfur 7. mgr. 113. gr.,

g) áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa vegna aðila sem hafa 0% áhættuvog á lánaskuldbindingum sínum skv. 2. kafla, þ.m.t. þeir aðilar sem njóta opinberra styrkja þar sem heimilt er að nota 0% áhættuvog,

h) áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa, sem stofnað er til samkvæmt áætlun um lagasetningu til að efla tiltekin svið atvinnulífsins sem veita stofnuninni verulega styrki til fjárfestingarinnar og fela í sér einhvers konar opinbert eftirlit og takmarkanir á þeim hlutabréfafjárfestingum þegar slíkar áhættuskuldbindingar kunna samanlagt að verða útilokaðar frá innramatsaðferðinni upp að allt að 10% af eiginfjárgrunni,

i) áhættuskuldbindingum sem um getur í 4. mgr. 119. gr. sem uppfylla þau skilyrði sem þar eru tilgreind,

j) ábyrgðum ríkis og ábyrgðum með endurtryggingu ríkis sem um getur í 2. mgr. 215. gr.

Lögbær yfirvöld skulu heimila beitingu staðalaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem um getur í g- og h-lið fyrstu undirgreinar og geta fengið slíka meðferð í öðrum aðildarríkjum. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu reglulega uppfærða skrá yfir þær áhættuskuldbindingar sem um getur í þessum liðum sem fara skal með samkvæmt staðalaðferðinni.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal flokkur stofnunar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa talinn mikilvægur ef samanlagt virði þeirra, að frátöldum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa, sem stofnað er til samkvæmt áætlun um lagasetningu eins og um getur í g-lið 1. mgr., er að meðaltali á næstliðnu ári yfir 10% af eiginfjárgrunni stofnunarinnar. Ef þessar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa eru færri en 10 stakir eignarhlutir skulu viðmiðunarmörk vera 5% af eiginfjárgrunni stofnunarinnar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða skilyrði fyrir beitingu a-, b- og c-liðar 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal á árinu 2018 gefa út viðmiðunarreglur um beitingu d-liðar 1. mgr. þar sem sett eru fram tilmæli um mörk varðandi hlutfall heildareigna í efnahagsreikningi og/eða áhættuveginna eigna í heild, reiknað út í samræmi við staðalaðferðina.

Samþykkja skal þessar viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. þáttur.

Útreikningur fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga

1. undirþáttur

Meðferð eftir tegund áhættuskuldbindingaflokks

151. gr.

Meðferð eftir áhættuskuldbindingaflokki

1. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu að því er varðar áhættuskuldbindingar, sem heyra undir einn þeirra flokka áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til e-lið eða g-lið 2. mgr. 147. mgr., skulu, nema þær hafi verið dregnar frá eiginfjárgrunni, reiknaðar út í samræmi við 2. undirþátt, þó ekki þegar þessar áhættuskuldbindingar eru dregnar frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1, liðum í viðbótareiginfé þáttar 1 eða þætti 2.

2. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna þynningaráhættu að því er varðar keyptar viðskiptakröfur skulu reiknaðar út í samræmi við 157. gr. Ef stofnun hefur fullan endurkröfurétt á hendur seljanda keyptra viðskiptakrafna að því er varðar vanskilaáhættu og þynningaráhættu skulu ákvæði þessarar greinar og 152. gr. og 1.-4. mgr. 158. gr. ekki gilda að því er varðar keyptar viðskiptakröfur og fara skal með áhættuskuldbindinguna á sama hátt og veðtryggða áhættuskuldbindingu.

3. Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu skal byggjast á viðeigandi breytum sem eru tengdar áhættuskuldbindingunni sem um ræðir. Þær skulu ná yfir líkur á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD), gjalddaga (M) og áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingarinnar. Líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum má meta sér eða sameiginlega í samræmi við 4. þátt.

4. Stofnanir skulu reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu að því er varðar allar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í e-lið 2. mgr. 147. gr. í samræmi við 155. gr. Stofnunum er heimilt að nota þær aðferðir, sem eru settar fram í 3. og 4. mgr. 155. gr., ef þær hafa fengið fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda. Lögbær yfirvöld skulu veita stofnun heimild til að nota eiginlíkansaðferðina sem fram kemur í 4. mgr. 155. gr. að því tilskildu að stofnunin uppfylli kröfur 4. undirþáttar 6. þáttar.

5. Reikna má út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu, að því er varðar sértækar lánaáhættuskuldbindingar, í samræmi við 5. mgr. 153. gr.

6. Stofnanir skulu leggja fram eigið mat á líkum á vanefndum í samræmi við 143. gr. og 6. þátt að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 147. gr.

7. Stofnanir skulu leggja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum í samræmi við 143. gr. og 6. þátt að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra þeim flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í d-lið 2. mgr. 147. gr.

8. Stofnanir skulu nota virði taps að gefnum vanefndum, sem er sett fram í 1. mgr. 161. gr., og breytistuðlana, sem eru settir fram í a- til d-lið 8. mgr. 166. gr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga, sem um getur í a- til c-lið 2. mgr. 147. gr., nema veitt hafi verið heimild til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum fyrir þessa flokka áhættuskuldbindinga í samræmi við 9. mgr.

9. Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnunum að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum í samræmi við 143. gr. og 6. þátt að því er varðar allar áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í a- til c-lið 2. mgr. 147. gr.

10. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar sem tilheyra flokki áhættuskuldbindinga sem um getur í f-lið 2. mgr. 147. gr. skulu reiknaðar út í samræmi við 5. kafla.

152. gr.

Meðferð áhættuskuldbindinga í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Ef áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu standast viðmiðanir, sem settar eru fram í 3. mgr. 132. gr., og stofnunin gerir sér grein fyrir öllum eða hluta undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, skal stofnunin hafa hliðsjón af þeim undirliggjandi áhættuskuldbindingum við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðum vænts taps í samræmi við þær aðferðir sem settar eru fram í þessum kafla.

Ef undirliggjandi áhættuskuldbinding sjóðs um sameiginlega fjárfestingu er sjálf önnur áhættuskuldbinding í formi eininga eða hlutabréfa í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal fyrri stofnunin einnig hafa hliðsjón af undirliggjandi áhættuskuldbindingum hins sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

2. Ef stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin fyrir notkun aðferðanna, sem settar eru fram í þessum kafla að því er varðar allar eða hluta undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, skal reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps út í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

a) stofnanir skulu beita einföldu áhættuvogaraðferðinni, sem um getur í 2. mgr. 155. gr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla í flokk áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í e-lið 2. mgr. 147. gr.,

b) stofnanir skulu beita staðalaðferðinni, sem mælt er fyrir um í 2. kafla, að því er varðar allar aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr., með fyrirvara um eftirfarandi:

   i. að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla undir sérstaka áhættuvog áhættuskuldbindinga, sem ekki hafa verið metnar, eða sem eru í því lánshæfisþrepi sem hefur hæstu áhættuvogina í tilteknum flokki áhættuskuldbindinga, skal margfalda áhættuvogina með stuðlinum tveimur en hún skal ekki fara yfir 1250%,

   ii. að því er varðar allar aðrar áhættuskuldbindingar skal margfalda áhættuvogina með stuðlinum 1,1 og skal hún vera a.m.k. 5%.

Ef stofnunin getur, að því er a-lið varðar, ekki gert greinarmun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa, áhættuskuldbindingum, sem viðskipti eru með í kauphöll, og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa skal hún fara með viðkomandi áhættuskuldbindingar á sama hátt og aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa. Ef þessar áhættuskuldbindingar, ásamt beinum áhættuskuldbindingum stofnunarinnar í viðkomandi flokki áhættuskuldbindinga, eru óverulegar í skilningi 2. mgr. 150. gr. má beita 1. mgr. 150. gr. að fenginni heimild lögbærra yfirvalda.

3. Ef áhættuskuldbindingar í formi eininga eða hlutabréfa í sjóði um sameiginlega fjárfestingu standast ekki viðmiðanir, sem settar eru fram í 3. mgr. 132. gr., eða stofnunin gerir sér ekki grein fyrir öllum undirliggjandi áhættuskuldbindingum sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða undirliggjandi áhættuskuldbindingum eininga eða hluta í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem sjálf eru undirliggjandi áhættuskuldbindingar í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu, skal stofnunin hafa hliðsjón af þessum undirliggjandi áhættuskuldbindingum og reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps í samræmi við einföldu áhættuvogaraðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 155. gr.

Ef stofnunin getur ekki gert greinarmun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa, áhættuskuldbindingum sem viðskipti eru með í kauphöll og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa skal hún fara með viðkomandi áhættuskuldbindingar á sama hátt og aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa. Hún skal setja áhættuskuldbindingar, sem eru ekki tengdar hlutabréfum, í flokk annarra áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa.

4. Ef stofnanir kjósa fremur að beita annarri aðferð en lýst er í 3. mgr. geta þær reiknað sjálfar eða treyst á eftirtalda þriðju aðila að reikna og tilkynna um meðalfjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem byggðar eru á undirliggjandi áhættuskuldbindingum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, í samræmi við aðferðirnar sem um getur í a- og b-lið 2. mgr.:

a) varðveislustofnun eða fjármálastofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálastofnun,

b) hvað varðar aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir þær viðmiðanir sem fram koma í a-lið 3. mgr. 132. gr.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal staðfesta réttan útreikning.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðum til að tilgreina með hvaða skilyrðum lögbær yfirvöld geta heimilað stofnunum að nota staðalaðferðina sem um getur í 1. mgr. 150. gr. skv. b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. undirþáttur

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu

153. gr.

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka

1. Með fyrirvara um beitingu þeirra sértæku meðferða, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr., skal reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka samkvæmt eftirfarandi formúlum:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW · áhættuskuldbindingarvirði

þar sem áhættuvog (RW) er skilgreind sem

i. ef líkur á vanefndum (PD) = 0, skal áhættuvog (RW) vera 0,

ii. ef líkur á vanefndum = 1, þ.e. að því er varðar áhættuskuldbindingar í vanskilum:

— þar sem stofnanir nota gildi taps að gefnum vanefndum (LGD), sem sett eru fram í 1. mgr. 161. gr., skal áhættuvog (RW) vera 0,

— þar sem stofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD), skal áhættuvog (RW) vera $RW = \max\{0; 12{,}5 \cdot (LGD - EL_{BE})\}$,

þar sem besta mat á væntu tapi (hér á eftir nefnt „EL_{BE}“) skal vera besta mat stofnunarinnar á væntu tapi vegna áhættuskuldbindingar í vanskilum í samræmi við h-lið 1. mgr. 18. gr.,

iii. ef $0 < PD < 1$

$$RW = \left(LGD \cdot N\left(\frac{1}{\sqrt{1-R}} \cdot G(PD) + \sqrt{\frac{R}{1-R}} \cdot G(0.999) \right) - LGD \cdot PD \right) \cdot \frac{1 + (M - 2{,}5) \cdot b}{1 - 1{,}5 \cdot b} \cdot 12{,}5 \cdot 1{,}06$$

þar sem:

N(x) = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. líkur á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi núll og dreifni 1 sé minni en eða jöfn og x),

G(Z) = andhverft dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. virði x þannig að N(x) = z)

R = fylgnistuðull, er skilgreindur sem

$$R = 0.12 \cdot \frac{1 - e^{-50 \cdot PD}}{1 - e^{-50}} + 0.24 \cdot \left(1 - \frac{1 - e^{-50 \cdot PD}}{1 - e^{-50}}\right)$$

b = leiðréttingastuðull binditíma, sem er skilgreindur sem

$$b = \left(0.11852 - 0.05478 \cdot \ln(PD)\right)^2.$$

2. Margfalda skal fylgnistuðulinn í iii. lið 1. mgr. með 1,25 að því er varðar allar áhættuskuldbindingar vegna stórra aðila á fjármálamarkaði. Margfalda skal fylgnistuðlana í iii. lið 1. mgr. og 4. mgr., eftir því sem við á, með 1,25 að því er varðar allar áhættuskuldbindingar vegna óeftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði.

3. Heimilt er að aðlaga fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna hverrar áhættuskuldbindingar sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 202. og 217. gr. í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW · áhættuskuldbindingarvirði · (0.15 + 160 · PD_{pp})

þar sem:

PD_{pp} = líkur á vanefndum (PD) veitanda útlánavarnar.

RW skal reikna út með viðkomandi formúlu fyrir áhættuvog, sem sett er fram í 1. lið, að því er varðar áhættuskuldbindinguna, gildi fyrir líkur á vanefndum loforðsgjafans og gildi fyrir tap að gefnum vanefndum sambærilegrar beinnar áhættuskuldbindingar vegna veitanda útlánavarnar. Reikna skal binditímastuðul (b) með því að nota gildi fyrir líkur á vanefndum veitanda útlánavarnar eða loforðsgjafa, eftir því hvort er lægra.

4. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, þar sem árleg heildarsala samstæðu sem fyrirtækið er hluti af er minni en 50 milljón evrur, er stofnunum heimilt að nota eftirfarandi fylgniformúlu í iii. lið 1. mgr. við útreikning á áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja. Í þessari formúlu er S tilgreint sem árleg heildarsala í milljónum evra þar sem 5 milljónir evra ≤ S ≤ 50 milljónir evra. Fara skal með skráða sölu undir 5 milljónum evra sem jafngilda 5 milljónum evra. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur skal árleg heildarsala vera vegið meðaltal af einstökum áhættuskuldbindingum í safninu.

$$R = 0.12 \cdot \frac{1 - e^{-50 \cdot PD}}{1 - e^{-50}} + 0.24 \cdot \left(1 - \frac{1 - e^{-50 \cdot PD}}{1 - e^{-50}}\right) - 0.04 \cdot \left(1 - \frac{\min\{\max\{5, S\}, 50\} - 5}{45}\right)$$

Stofnanir skulu skipta árlegri heildarsölu samstæðunnar út fyrir heildareignir ef árleg heildarsala er ekki marktæk vísbending um stærð fyrirtækis og heildareignir eru marktækari vísbending en árleg heildarsala.

5. Ef stofnun getur ekki metið gildi fyrir líkur á vanefndum eða sýnt fram á að mat hennar á gildi fyrir líkur á vanefndum sértækra lánaáhættuskuldbindinga uppfylli lágmarkskröfurnar, sem settar eru fram í 6. hluta, skal hún fá þeim áhættuvog í samræmi við eftirfarandi töflu 1:

Tafla 1

Eftirstöðvatími	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	4. flokkur	5. flokkur
Skemmri en 2,5 ár	50%	70%	115%	250%	0%
2,5 ár eða lengur	70%	90%	115%	250%	0%

Þegar stofnanir fá sértækum lánaáhættuskuldbindingum áhættuvog skulu þær taka tillit til eftirfarandi þátta: fjárhagslegs styrks, stjórnmála- og lagaumhverfis, einkenna viðskipta og/eða eigna, styrks styrktar- og framkvæmdaraðila, þ.m.t. tekjur af samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila, og fyrirkomulags tryggginga.

6. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja skulu stofnanir uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 184. gr. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja, sem uppfylla að auki skilyrði 5. mgr. 154. gr., er heimilt að nota staðla um magnákvörðun vegna áhættu að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar, eins og sett er fram í 6. þætti, ef það væri óþarflega íþyngjandi fyrir stofnun að nota staðla um magnákvörðun áhættu vegna áhættuskuldbindinga fyrirtækja, eins og sett er fram í 6. þætti, vegna þessara viðskiptakrafna.

7. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja má fara með endurgreiðanlega kaupafslætti tryggingar eða takmarkaðar ábyrgðir, sem veita síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn gegn tapi vegna vanskila, þynningar eða hvors tveggja, á sama hátt og stöður síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni innan ramma innramatsaðferðar við verðbréfun.

8. Ef stofnun veitir útlánavörn vegna ákveðins fjölda áhættuskuldbindinga, samkvæmt skilmálum um að n-ta greiðslufall á meðal áhættuskuldbindinganna skapi greiðsluskyldu og að þessi lánaatburður skuli leiða til uppsagnar á samningum, skal nota þær áhættuvogir, sem settar eru fram í 5. kafla, ef afurðin er með lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki. Ef utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur ekki metið afurðina munu áhættuvogir áhættuskuldbindinga í körfunni verða sameinaðar, að undanskildum n-1 áhættuskuldbindingum þar sem summa fjárhæðar vænts taps, margfaldaðri með 12,5, og fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skal ekki vera hærri en nafnverð varnarinnar sem lánaafleiðan veitir, margfaldað með 12,5. Þær n-1 áhættuskuldbindingar, sem undanskilja skal úr samlagningunni, skulu ákvarðaðar þannig að þær taki til þeirra áhættuskuldbindinga sem hver um sig leiðir til lægri áhættuveginnar fjárhæðar en nemur áhættuveginni fjárhæð allra áhættuskuldbindinga sem teknar eru með í samlagninguna. Áhættuvog sem nemur 1250% skal eiga við um stöður í körfu sem stofnun getur ekki ákvarðað áhættuvog fyrir samkvæmt innramatsaðferðinni.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina hvernig stofnanir skuli taka tillit til þeirra þátta sem um getur í annarri málsgrein 5. gr. þegar áhættuvog fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar er ákvörðuð.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

154. gr.

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar smásöluáhættuskuldbindingar

1. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar smásöluáhættuskuldbindingar skulu reiknaðar út í samræmi við eftirfarandi formúlur:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW · áhættuskuldbindingarvirði

þar sem áhættuvog RW er skilgreind sem hér segir:

i. ef PD = 1, þ.e. að því er varðar áhættuskuldbindingar í vanskilum, skal RW vera:

$$\mathrm{RW} = \max\{0; 12{,}5 \cdot (\mathrm{LGD} - \mathrm{EL_{BE}})\};$$

þar sem $\mathrm{EL_{BE}}$ skal vera besta mat stofnunarinnar á væntu tapi vegna áhættuskuldbindingar í vanskilum í samræmi við h-lið 1. mgr. 18. gr.,

ii. ef 0 < PD < 1, þ.e. fyrir sérhvert annað mögulegt gildi fyrir PD en gildið samkvæmt i. lið

$$\mathrm{RW} = \left(\mathrm{LGD} \cdot \mathrm{N}\left(\frac{1}{\sqrt{1-\mathrm{R}}} \cdot \mathrm{G}(\mathrm{PD}) + \sqrt{\frac{\mathrm{R}}{1-\mathrm{R}}} \cdot \mathrm{G}(0.999)\right) - \mathrm{LGD} \cdot \mathrm{PD}\right) \cdot 12{,}5 \cdot 1{,}06$$

þar sem:

N(x) = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. líkur á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi núll og dreifni 1 sé minni en eða jöfn og x),

G(Z) = andhverft dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu (þ.e. gildi x þannig að N(x) = z),

R = fylgnistuðull, sem er skilgreindur sem

$$\mathrm{R} = 0.03 \cdot \frac{1 - \mathrm{e}^{-35 \cdot \mathrm{PD}}}{1 - \mathrm{e}^{-35}} + 0.16 \cdot \left(1 - \frac{1 - \mathrm{e}^{-35 \cdot \mathrm{PD}}}{1 - \mathrm{e}^{-35}}\right)$$

2. Heimilt er að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar fyrir hverja áhættuskuldbindingu vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eins og um getur í 5. mgr. 147. gr., sem uppfyllir kröfur 202. og 217. gr., í samræmi við 3. mgr. 153. gr.

3. Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar, sem tryggðar eru með fasteign, skal fylgnistuðullinn (R) 0,15 koma í stað tölunnar sem verður til í fylgniformúlunni í 1. mgr.

4. Að því er varðar fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar, í samræmi við a- til e-lið, skal fylgnistuðullinn (R) 0,04 koma í stað tölunnar sem verður til í fylgniformúlunni í 1. mgr.

Áhættuskuldbindingar skulu teljast fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) áhættuskuldbindingarnar eru vegna einstaklinga,

b) áhættuskuldbindingar eru hlaupandi og ótryggðar og stofnunin getur sagt þeim upp tafarlaust og skilyrðislaust að því marki sem þær eru ekki nýttar. Í þessu samhengi eru hlaupandi áhættuskuldbindingar skilgreindar sem áhættuskuldbindingar þar sem útistandandi fjárhæðir viðskiptavina fá að sveiflast á grundvelli ákvarðana þeirra um að taka að láni og endurgreiða, innan marka sem stofnunin setur. Heimilt er að líta svo á að hægt sé að segja ónotuðum skuldbindingum upp skilyrðislaust ef skilmálar heimila stofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem slíkt er heimilað samkvæmt löggjöf um neytendavernd og tengdri löggjöf,

c) hámarksáhættuskuldbinding vegna einstaklings í undirsafninu er 100 000 evrur eða lægri,

d) notkun á fylgni í þessari málsgrein er takmörkuð við eignasöfn sem hafa sýnt lítið flökt í taphlutföllum miðað við meðaltal taphlutfalla þeirra, einkum á lágum PD-bilum,

e) meðferð eins og um væri að ræða fullgilda hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingu skal samrýmast undirliggjandi áhættueinkennum undirsafnsins.

Þrátt fyrir b-lið á krafan um að áhættuskuldbinding sé ótryggð ekki við að því er varðar veðtryggðar lánafyrirgreiðslur sem tengjast launareikningi. Í því tilviki skal ekki taka tillit til fjárhæða, sem endurheimtar eru frá tryggingunni, við mat á tapi að gefnum vanefndum.

Lögbær yfirvöld skulu endurskoða hlutfallslegt flökt taphlutfalla mismunandi fullgildra hlaupandi undirsafna í smásölu, ásamt samtölu fullgildra hlaupandi smásöluundirsafna, og deila upplýsingum um dæmigerð einkenni fullgildra hlaupandi tapshlutfalla smásölu í öllum aðildarríkjum.

5. Til að hljóta smásölumeðferð skulu keyptar viðskiptakröfur uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 184. gr. og eftirfarandi skilyrði:

a) stofnunin hefur keypt viðskiptakröfurnar frá ótengdum þriðja aðila og áhættuskuldbinding hennar vegna loforðsgjafa viðskiptakröfunnar felur ekki í sér neinar áhættuskuldbindingar sem eru upprunnar, beint eða óbeint, hjá stofnuninni sjálfri,

b) keyptar viðskiptakröfur eru myndaðar á markaðslegum forsendum óskyldra aðila, milli seljanda og loforðsgjafa. Sem slíkar teljast viðskiptakröfur innan fyrirtækis og viðskiptakröfur sem falla undir mótreikninga milli fyrirtækja sem kaupa og selja hvort öðru ekki hæfar.

c) stofnunin sem kaupir hefur kröfu á allan hagnað af keyptum viðskiptakröfum eða hlutfall hagnaðar og

d) eignasafni keyptra viðskiptakrafna er nægilega dreift.

6. Að því er varðar keyptar viðskiptakröfur má fara með endurgreiðanlega kaupafslætti, tryggingar eða takmarkaðar ábyrgðir, sem veita síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn gegn tapi vegna vanskila, þynningar eða hvors tveggja, á sama hátt og stöður síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni innan ramma innramatsaðferðar við verðbréfun.

7. Að því er blönduð söfn keyptra smásöluviðskiptakrafna varðar, þar sem stofnunin, sem kaupir, getur ekki aðgreint áhættuskuldbindingar með fasteignaveði og fullgildar hlaupandi smásöluáhættuskuldbindingar frá öðrum smásöluáhættuskuldbindingum, skal beita því falli við útreikning áhættuvogar varðandi smásölu sem gefur hæstu eiginfjárkröfur vegna þeirra áhættuskuldbindinga.

155. gr.

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa

1. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, að undanskildum þeim sem eru dregnar frá í samræmi við annan hluta eða fá 250% áhættuvog í samræmi við 48. gr., í samræmi við þær aðferðir sem eru settar fram í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Stofnun getur beitt öðrum aðferðum gagnvart mismunandi hlutabréfasöfnum ef hún sjálf notar mismunandi aðferðir við innri áhættustýringu. Noti stofnun mismunandi aðferðir skal val á aðferð er varðar líkur á vanefndum/tapi að gefnum vanefndum (PD-/LGD-aðferð) eða eiginlíkansaðferð vera með samræmdum hætti, þ.m.t. yfir lengri tímabil og með tilliti til aðferðarinnar við innri áhættustýringu viðkomandi áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa, og ekki ákvarðað út frá eftirlitshögnun.

Stofnanir geta farið með áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, sem eru tilkomnar vegna félaga í viðbótarstarfsemi, á sama hátt og aðrar eignir sem ekki fela í sér útlánaáhættu.

2. Samkvæmt einföldu áhættuvogaraðferðinni skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

*Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = RW * áhættuskuldbindingarvirði,*

þar sem:

Áhættuvog (RW) = 190% fyrir áhættuskuldbindingar vegna óskráðra hlutabréfa í nægilega dreifðum eignasöfnum.

Áhættuvog (RW) = 290% fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem viðskipti eru með í kauphöll.

Áhættuvog (RW) = 370% fyrir allar aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

Heimilt er að nota skortstöður í reiðufé og afleiðugerninga, sem eru utan veltubókar, til að jafna út gnóttstöður í sömu einstöku hlutabréfunum, að því gefnu að þessir gerningar hafi ótvírætt verið auðkenndir sem áhættuvörn tiltekinna áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa og að þeir veiti áhættuvörn í a.m.k. ár til viðbótar. Fara skal með aðrar skortstöður sem gnóttstöður þar sem tölugildi hverrar stöðu fær viðeigandi áhættuvog. Í tengslum við stöður með misræmi í líftíma er notuð sama aðferð og við áhættuskuldbindingar fyrirtækja, eins og sett er fram í 5. mgr. 162. gr.

Stofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn, sem byggir á áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa, í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 4. kafla.

3. Samkvæmt PD-/LGD-aðferðinni skal reikna fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar út í samræmi við formúlurnar í 1. mgr. 153. gr. Ef stofnanir hafa ekki nægilegar upplýsingar til að nota skilgreininguna á vanefndum, sem sett er fram í 178. gr., skulu áhættuvogirnar fá kvarðahlutfallið 1,5.

Á stigi einstakra áhættuskuldbindinga skal summa fjárhæðar vænts taps, margfölduð með 12,5, og fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar ekki vera hærri en nemur áhættuskuldbindingarvirði, margfölduðu með 12,5.

Stofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn, sem byggir á áhættuskuldbindingu vegna hlutabréfa, í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 4. kafla. Þetta skal vera með fyrirvara um LGD-gildið 90% fyrir áhættuskuldbindinguna vegna veitanda áhættuvarnarinnar. Nota má LGD-gildið 65% að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna óskráðra hlutabréfa í nægilega dreifðum eignasöfnum. Í þeim tilvikum skal M vera 5 ár.

4. Samkvæmt eiginlíkansaðferðinni skal fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vera hugsanlegt tap á áhættuskuldbindingum stofnunar vegna hlutabréfa, fengið með notkun innri vágildislíkana, að teknu tilliti til einhliða 99% öryggisbils mismunarins milli ársfjórðungslegra tekna og viðeigandi áhættulausra vaxta, reiknað yfir langt úrtakstímabil, margfaldað með 12,5. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga á stigi hlutabréfasafna skulu ekki vera lægri en heildarsumma eftirfarandi:

a) fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem krafist er samkvæmt PD-/LGD-aðferðinni og

b) samsvarandi fjárhæða vænts taps margfaldað með 12,5.

Reikna skal þær fjárhæðir, sem um getur í a- og b-lið, út á grundvelli þeirra gilda fyrir líkur á vanefndum sem sett eru fram í 1. mgr. 165. gr. og samsvarandi gilda fyrir tap að gefnum vanefndum sem sett eru fram í 2. mgr. 165. gr.

Stofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn sem byggir á hlutabréfastöðu.

156. gr.

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar aðrar eignir sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar aðrar eignir, sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu, skulu reiknaðar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar = 100% · skuldbindingarvirði

nema að því er varðar:

a) handbært fé og jafngilt lausafé sem og gull í stöngum sem er geymt í eigin öryggisgeymslum eða hjá þriðja aðila að því marki sem veitt er bótaábyrgð með gulli í stöngum, en í því tilviki skal úthluta 0% áhættuvog,

b) ef áhættuskuldbindingin er hrakvirði leigðra eigna, en í því tilviki skal reikna fjárhæð hennar þannig:

$$\frac{1}{t} \cdot 100\,\% \cdot \text{áhættuskuldbindingarvirði}$$

þar sem t er hærra en 1 og sá fjöldi ára, námundaður að næstu heilu tölu, sem eftir stendur af leigusamningi.

3. undirþáttur

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna

157. gr.

Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja og smásöluviðskiptakrafna samkvæmt formúlunni sem er sett fram í 1. mgr. 153. gr.

2. Stofnanir skulu ákvarða ílagsþættina líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum í samræmi við 4. þátt.

3. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði í samræmi við 5. þátt.

4. Gildi M skal vera 1 ár hvað þessa grein varðar.

5. Lögbær yfirvöld skulu veita stofnun undanþágu frá útreikningi og færslu fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga hvað varðar þynningaráhættu vegna þeirrar tegundar áhættuskuldbindinga sem leiða af keyptum viðskiptakröfum fyrirtækja eða smásöluviðskiptakröfum, hafi stofnunin sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það með fullnægjandi hætti að þynningaráhætta er óveruleg fyrir stofnunina vegna þessarar tegundar áhættuskuldbindinga.

3. þáttur

Fjárhæðir vænts taps

158. gr.

Meðferð eftir tegund áhættuskuldbindingar

1. Útreikningur á fjárhæðum vænts taps skal byggjast á sömu gildum fyrir líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum og áhættuskuldbindingarvirði hvað varðar hverja áhættuskuldbindingu og eru notuð við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 151. gr.

2. Fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu reiknaðar út í samræmi við 5. kafla.

3. Fjárhæð vænts taps vegna áhættuskuldbindinga, sem tilheyra áhættuskuldbindingaflokknum „aðrar eignir sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu“ og um getur í g-lið 2. mgr. 147. gr., skal vera núll.

4. Fjárhæðir vænts taps vegna áhættuskuldbindinga í formi hlutabréfa eða eininga í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, sem um getur í 152. gr., skal reikna út í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í þessari grein.

5. Vænt tap (EL) og fjárhæðir vænts taps hvað varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka og smásöluáhættuskuldbindingar skulu reiknaðar út samkvæmt eftirfarandi formúlum:

*Vænt tap (EL) = PD * LGD*

Fjárhæð vænts taps = EL [margfaldað með] áhættuskuldbindingarvirði.

Að því er varðar áhættuskuldbindingar í vanskilum (PD = 100%), þar sem stofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, skal EL vera ELBE, sem er besta mat stofnunar á væntu tapi hvað varðar áhættuskuldbindingu í vanskilum í samræmi við h-lið 1. mgr. 181. gr.

Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla undir meðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 153. gr. skal EL vera 0%.

6. Ákvarða skal gildi vænts taps (EL) fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar, þar sem stofnanir nota aðferðirnar sem settar eru fram í 5. mgr. 153. gr. við úthlutun áhættuvogar, í samræmi við töflu 2.

Tafla 2

Eftirstöðvatími	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	4. flokkur	5. flokkur
Skemmri en 2,5 ár	0%	0,4%	2,8%	8%	50%
2,5 ár eða lengur	0,4%	0,8%	2,8%	8%	50%

7. Fjárhæðir vænts taps fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út samkvæmt einföldu áhættuvogaraðferðinni, skulu reiknaðar samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð vænts taps = EL · áhættuskuldbindingarvirði

Virði vænts taps (EL) skal vera eftirfarandi:

Vænt tap (EL) = 0,8% fyrir áhættuskuldbindingar vegna óskráðra hlutabréfa í nægilega dreifðum eignasöfnum

Vænt tap (EL) = 0,8% fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem viðskipti eru með í kauphöll

Vænt tap (EL) = 2,4% fyrir allar aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

8. Vænt tap og fjárhæðir vænts taps að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út samkvæmt PD-/LGD-aðferðinni, skulu reiknaðar út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Vænt tap (EL) = PD · LGD

Fjárhæð vænts taps = EL · áhættuskuldbindingarvirði

9. Fjárhæðir vænts taps fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út samkvæmt eiginlíkansaðferðinni, skal vera núll.

10. Fjárhæðir vænts taps vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna skulu reiknaðar út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Vænt tap (EL) = PD · LGD

Fjárhæð vænts taps = EL · áhættuskuldbindingarvirði

159. gr.

Meðferð fjárhæða vænts taps

Stofnanir skulu draga þær fjárhæðir vænts taps, sem eru reiknaðar út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr., frá almennum og sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu og viðbótarvirðisbreytingum í samræmi við 34. og 110. gr. og aðrar lækkanir á eiginfjárgrunni í tengslum við þessar áhættuskuldbindingar. Fara skal með afföll af áhættukröfum í efnahagsreikningi, sem keyptar eru þegar þær eru í vanskilum í samræmi við 1. mgr. 166. gr., á sama hátt og sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu. Ekki skal nota sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindinga í vanskilum til þess að mæta fjárhæðum vænts taps af öðrum áhættuskuldbindingum. Fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og almennra og sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu tengdum þessum áhættuskuldbindingum skulu ekki taldar með í þessum útreikningi.

4. þáttur

Líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum og binditími

1. undirþáttur

Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka

160. gr.

Líkur á vanefndum

1. Líkur á vanefndum áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis eða stofnunar skulu vera a.m.k. 0,03%.

2. Ef stofnun getur ekki metið gildi fyrir líkur á vanefndum keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja eða sýnt fram á að mat hennar á slíku gildi uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 6. þætti, skal hún ákvarða gildi fyrir líkur á vanefndum vegna þessara áhættuskuldbindinga samkvæmt eftirfarandi aðferðum:

a) að því er varðar forgangskröfur á keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja skal gildið fyrir líkur á vanefndum vera mat stofnananna á væntu tapi (EL) deilt með gildinu fyrir tap að gefnum vanefndum fyrir þessar viðskiptakröfur,

b) að því er varðar víkjandi kröfur á keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja skal gildið fyrir líkur á vanefndum vera mat stofnunarinnar á væntu tapi,

c) stofnun, sem fengið hefur heimild lögbærs yfirvalds til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar áhættuskuldbindingar fyrirtækja skv. 143. gr. og getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi hvað varðar keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á þann hátt sem lögbært yfirvald telur áreiðanlegt, er heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum sem leiðir af þessari sundurliðun.

3. Gildi fyrir líkur á vanefndum loforðsgjafa í vanskilum skal vera 100%.

4. Stofnunum er heimilt að taka tillit til ófjármagnaðra útlánavarna í gildinu fyrir líkur á vanefndum í samræmi við ákvæði 4. kafla. Seljandi keyptra viðskiptakrafna telst, að því er varðar þynningaráhættu, auk þeirra veitenda útlánavarnar sem um getur í g-lið 1. mgr. 201. gr., viðurkenndur hafi eftirfarandi skilyrði verið uppfyllt:

a) viðskiptafyrirtækið hefur lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar tengt 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglum varðandi áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækis skv. 2. kafla,

b) viðskiptafyrirtækið hefur ekki, ef um er að ræða stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni, lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki og er metið innanhúss með líkur á vanefndum jafngildar þeim sem tengjast lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja sem Evrópska bankaeftirlitsstofnun ákvarðar að tengist 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglum varðandi áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja skv. 2. kafla.

5. Stofnunum, sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum, er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn með því að aðlaga gildi fyrir líkur á vanefndum, með fyrirvara um 3. mgr. 161. gr.

6. Að því er varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja skal setja líkur á vanefndum jafnar mati á væntu tapi stofnunarinnar vegna þynningaráhættu. Stofnun, sem fengið hefur heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar áhættuskuldbindingar fyrirtækja og getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi, að því er varðar þynningaráhættu vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja, í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á þann hátt sem lögbært yfirvald telur áreiðanlegt, er heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum sem leiðir af þessari sundurliðun. Stofnunum er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn í gildi fyrir líkur á vanefndum í samræmi við ákvæði 4. kafla. Seljandi keyptra viðskiptakrafna telst, að því er varðar þynningaráhættu, auk þeirra veitenda útlánavarnar sem um getur í g-lið 1. mgr. 201. gr., viðurkenndur hafi skilyrði 4. mgr. verið uppfyllt.

7. Viðskipafyrirtæki, sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram 4. mgr., teljast viðurkennd þrátt fyrir g-lið 1. mgr. 201. gr.

Stofnun, sem fengið hefur heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar þynningaráhættu vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja, er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn með því að aðlaga gildi fyrir líkur á vanefndum, með fyrirvara um 3. mgr. 161. gr.

161. gr.

Tap að gefnum vanefndum (LGD)

1. Stofnanir skulu nota eftirfarandi gildi fyrir tap að gefnum vanefndum:

a) forgangsáhættuskuldbindingar án hæfrar tryggingar: 45%

b) víkjandi áhættuskuldbinding án hæfrar tryggingar: 75%

c) stofnunum er heimilt að færa fjármagnaða og ófjármagnaða útlánavörn í tap að gefnum vanefndum í samræmi við 4. kafla,

d) sértryggð skuldabréf sem uppfylla skilyrði fyrir meðferðinni, sem sett er fram 4. eða 5. mgr. 129. gr., geta fengið gildið 11,25% fyrir tap að gefnum vanefndum,

e) áhættuskuldbindingar í formi keyptra forgangsviðskiptakrafna fyrirtækja, ef stofnun getur ekki metið gildi fyrir líkur á vanefndum eða mat hennar á slíku gildi uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 6. þætti: 45%

f) áhættuskuldbindingar í formi keyptra víkjandi viðskiptakrafna fyrirtækja, ef stofnun getur ekki metið gildi fyrir líkur á vanefndum eða mat hennar á slíku gildi uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 6. þætti: 100%

g) þynningaráhætta keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja: 75%.

2. Að því er varðar þynningaráhættu og vanskilaáhættu er stofnun, sem fengið hefur heimild lögbærs yfirvalds til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar áhættuskuldbindingar fyrirtækja skv. 143. gr. og getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi, hvað varðar keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja, í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á þann hátt sem lögbært yfirvald telur áreiðanlegt, heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum hvað varðar keyptar viðskiptakröfur á fyrirtæki.

3. Ef stofnun hefur fengið heimild lögbærs yfirvalds til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka skv. 143. gr., er heimilt að færa ófjármagnaða útlánavörn með því að aðlaga gildi fyrir líkur á vanefndum eða tap að gefnum vanefndum, með fyrirvara um þær kröfur sem tilgreindar eru í 6. þætti og heimild lögbærra yfirvalda. Stofnun skal ekki úthluta tryggðum áhættuskuldbindingum aðlöguðu gildi fyrir líkur á vanefndum eða tap að gefnum vanefndum þannig að aðlöguð áhættuvog verði lægri en áhættuvog sambærilegrar beinnar áhættuskuldbindingar vegna ábyrgðarveitandans.

4. Að því er varðar fyrirtæki sem um getur í 3. mgr. 153. gr. skal gildi taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilegar beinar áhættuskuldbindingar vegna veitanda útlánavarnar vera annaðhvort gildi taps að gefnum vanefndum tengt óvarinni lánafyrirgreiðslu til ábyrgðarveitandans eða óvarinni lánafyrirgreiðslu loforðsgjafans, eftir því hvort fyrirliggjandi gögn og gerð ábyrgðarinnar gefa til kynna að endurheimt fjárhæð, komi til þess að bæði ábyrgðarveitandinn og loforðsgjafinn lendi í vanskilum á líftíma hinna áhættuvörðu viðskipta, yrði háð fjárhagsstöðu ábyrgðarveitandans eða loforðsgjafans, eftir því sem við á.

162. gr.

Líftími

1. Stofnanir, sem hafa ekki fengið heimild til að nota eigin gildi taps að gefnum vanefndum og eigin breytistuðla hvað varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana eða ríkja og seðlabanka skulu láta áhættuskuldbindingar, sem verða til vegna endurhverfra viðskipta eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku, fá binditímann (M) 0,5 ár og allar aðrar áhættuskuldbindingar binditímann 2,5 ár.

Önnur leið er að lögbær yfirvöld ákveði, sem þátt í þeirri heimild sem um getur í 143. gr., hvort stofnunin skuli nota binditíma (M) fyrir hverja áhættuskuldbindingu sem er sett fram skv. 2. mgr.

2. Stofnunum, sem fengið hafa heimild lögbærra yfirvalda til að nota eigin gildi taps að gefnum vanefndum og eigin breytistuðla hvað varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana eða ríkja og seðlabanka skv. 143. gr., skulu reikna út binditíma fyrir hverja þessara áhættuskuldbindinga eins og segir í a- til e-lið þessarar málsgreinar og með fyrirvara um 3.-5. mgr. þessarar greinar. Binditíminn (M) skal ekki vera lengri en fimm ár nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 1. mgr. 384. gr. en þá skal nota þann binditíma sem þar er tilgreindur:

a) að því er varðar gerninga háða sjóðstreymisáætlun skal binditíminn (M) reiknaður út samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$M = \max\left\{1, \min\left\{\frac{\sum_t t \cdot CF_t}{\sum_t CF_t}, 5\right\}\right\}$$

þar sem CF merkir sjóðstreymi (höfuðstól, vaxtagreiðslur og gjöld) sem loforðsgjafinn hefur skuldbundið sig til að greiða á tímabili t samkvæmt samningi,

b) að því er varðar afleiður, sem eru háðar rammasamningi um skuldajöfnun, skal binditíminn (M) vera vegið meðaltal eftirstöðvatíma áhættuskuldbindingarinnar, þar sem binditíminn skal vera a.m.k. 1 ár og grundvallarfjárhæð hverrar áhættuskuldbindingar skal notuð til að vega binditímann,

c) að því er varðar áhættuskuldbindingar, sem stafa af viðskiptum með afleiðugerninga, sem eru veðtryggðir að fullu eða nánast að fullu og skráðir í II. viðauka, og af viðbótarlánveitingum, sem eru tryggðar að fullu eða nánast fullu og eru háðar rammasamningi um skuldajöfnun, skal binditíminn (M) vera vegið meðaltal eftirstöðvatíma viðskiptanna þar sem binditíminn skal vera a.m.k. 10 dagar,

d) að því er varðar endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/lántöku, sem falla undir rammasamning um skuldajöfnun, skal binditíminn (M) vera vegið meðaltal eftirstandandi binditíma viðskiptanna þar sem binditíminn skal vera a.m.k. 5 dagar, grundvallarfjárhæð hverra viðskipta skal notuð til að vega binditímann,

e) þegar stofnun hefur fengið heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á líkum á vanefndum vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja skal binditími (M) vegna ádreginna fjárhæða jafngilda áhættuskuldbindingavegnum meðalbinditíma keyptu viðskiptakrafnanna, þar sem binditíminn skal vera a.m.k. 90 dagar, einnig skal nota þetta sama gildi fyrir binditíma vegna óádreginna fjárhæða samkvæmt bindandi kauploforði, að því gefnu að loforðið feli í sér virk samningsákvæði, ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga eða aðra þætti sem verja þá stofnun sem kaupir gegn verulegri rýrnun í gæðum framtíðarviðskiptakrafna sem henni ber að kaupa samkvæmt skilyrðum kauploforðsins, þegar slík virk vörn er ekki til staðar skal binditími (M) fyrir óádregnar fjárhæðir reiknaður sem samtala mögulegrar viðskiptakröfu með lengstan greiðslufrest samkvæmt kaupsamningnum og eftirstöðvatíma kauploforðsins, þar sem binditíminn er a.m.k. 90 dagar,

f) að því er varðar aðra gerninga en þá sem tilgreindir eru í þessari málsgrein eða þar sem stofnun er ekki í aðstöðu til að reikna út binditímann (M) eins og segir í a-lið skal binditími vera hámarkseftirstöðvatími (í árum talið) sem loforðsgjafanum er heimilt að taka til að ljúka að fullu samningsbundnum skuldbindingum sínum, þar sem binditíminn er a.m.k. 1 ár,

g) að því er varðar stofnanir sem nota eiginlíkansaðferðina, sem sett er fram í 6. þætti, til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði skal binditíminn (M) reiknaður út vegna áhættuskuldbindinga sem þær beita þessari aðferð á og þar sem binditími þess samnings sem hefur lengstan greiðslufrest í skuldajöfnunarsafninu er lengri en eitt ár samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$M = \min\left\{\frac{\sum_k Effective\ EE_{t_k} \cdot \Delta t_k \cdot df_{t_k} \cdot s_{t_k} + \sum_k EE_{t_k} \cdot \Delta t_k \cdot df_{t_k} \cdot \left(1 - s_{t_k}\right)}{\sum_k Effective\ EE_{t_k} \cdot \Delta t_k \cdot df_{t_k} \cdot s_{t_k}}, 5\right\}$$

þar sem:

S_{t_k} = bundin breyta (e. *dummy variable*) þar sem gildi fyrir framtíðartímabil t_k er jafnt og 0 ef $t_k > 1$ ár og 1 ef $t_k \leq 1$,

EE_{t_k} = vænt áhættuskuldbinding á framtíðartímabilinu t_k,

$Effective\ EE_{t_k}$ = virk vænt áhættuskuldbinding á framtíðartímabilinu t_k,

df_{t_k} = áhættulaus afvöxtunarþáttur vegna framtíðartímabils t_k;

$\Delta\ t_k = t_k - t_{k-1}$;

h) stofnun, sem notar eigið líkan til að reikna út einhliða leiðréttingu á útlánavirði (CVA), er heimilt að nota virkan lánstíma metinn með eigin líkani sem binditíma (M), með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda,

með fyrirvara um 2. mgr. skal formúlan í a-lið gilda vegna skuldajöfnunarsafna þar sem allir samningar hafa upphaflegan binditíma sem er skemmri en eitt ár,

i) að því er varðar stofnanir, sem nota eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 6. þætti 6. kafla til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði og hafa heimild til að nota innra líkan vegna sérstakrar áhættu sem tengist stöðum í skuldabréfum, sem viðskipti eru með, í samræmi við 5. kafla IV. bálks í þriðja hluta, skal binditíminn (M) vera 1 í formúlunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 153. gr., að því tilskildu að stofnunin geti sýnt lögbærum yfirvöldum fram á það að eigið líkan hennar vegna sérstakrar áhættu sem tengist stöðum í skuldabréfum sem viðskipti eru með, sem beitt er í 383. gr., hafi hliðsjón af áhrifum tilfærslu milli matsflokka,

j) að því er 3. mgr. 153. gr. varðar skal binditíminn (M) vera virkur binditími útlánavarnarinnar en þó ekki styttri en 1 ár.

3. Þegar gögn krefjist daglegrar endurskoðunar á tryggingarþekju og daglegs endurmats og fela í sér ákvæði sem heimila skjóta sölu eða jöfnun tryggingar komi til vanskila eða vanefnda á endurskoðun tryggingarþekju skal binditíminn (M) vera a.m.k. einn dagur fyrir:

a) afleiðugerninga, skráða í II. viðauka, sem eru veðtryggðir að fullu eða nánast að fullu,

b) viðbótarlánveitingar sem eru veðtryggðar að fullu eða nánast að fullu,

c) endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/ lántöku.

Enn fremur skal binditíminn (M) vera a.m.k. einn dagur vegna annarra viðurkenndra skammtímaáhættuskuldbindinga sem eru ekki hluti af stöðugri fjármögnun stofnunarinnar til lánveitingar. Viðurkenndar skammtímaáhættuskuldbindingar skulu taka til eftirfarandi:

a) áhættuskuldbindinga vegna stofnana sem stafa af uppgjöri skuldbindinga í erlendum gjaldeyri,

b) auðseljanlegrar skammtímtryggingar sem tengjast skiptum á vörum eða þjónustu með allt að eins árs eftirstöðvatíma eins og um getur í 80. lið 1. mgr. 4. gr.,

c) áhættuskuldbindinga sem stafa af uppgjöri vegna kaupa og sölu á verðbréfum innan venjulegs afhendingartíma eða tveggja viðskiptadaga,

d) áhættuskuldbindinga sem stafa af reiðufjáruppgjöri með rafrænum millifærslum og uppgjöri rafrænna greiðslna og fyrirframgreidds kostnaðar, þ.m.t. yfirdráttur vegna misheppnaðra færslna sem fer ekki yfir fastan, samþykktan, lítinn fjölda viðskiptadaga.

4. Stofnunum er heimilt að halda sig við þann binditíma sem fram kemur í 1. mgr., fremur en að beita 2. mgr., að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja sem eru staðsett í Sambandinu og þar sem velta samstæðunnar og eignir samstæðunnar eru undir 500 milljónum evra. Stofnunum er heimilt að setja 1000 milljóna evra heildareignir í stað 500 milljóna evra heildareigna vegna fyrirtækja sem fyrst og fremst eiga og leigja út íbúðarhúsnæði sem fellur utan spákaupmennsku.

5. Fara skal með misræmi í líftíma eins og tilgreint er í 4. kafla.

2. undirþáttur

Smásöluáhættuskuldbindingar

163. gr.

Líkur á vanefndum

1. Líkur á vanefndum áhættuskuldbindingar skulu vera a.m.k. 0,03%.

2. Líkur á vanefndum loforðsgjafa eða, þar sem skuldbindingaraðferð er notuð, á áhættuskuldbindingum í vanskilum skulu vera 100%.

3. Að því er varðar þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna skulu líkur á vanefndum vera jafnar mati á væntu tapi vegna þynningaráhættu. Ef stofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á þann hátt sem lögbær yfirvöld telja áreiðanlegt er henni heimilt að nota matið á líkum á vanefndum.

4. Heimilt er að taka tillit til ófjármagnaðrar útlánavarnar með því að aðlaga líkur á vanefndum, með fyrirvara um 2. mgr. 164. gr. Seljandi keyptra viðskiptakrafna telst, að því er varðar þynningaráhættu, auk þeirra veitenda útlánavarnar sem um getur í g-lið 1. mgr. 201. gr., viðurkenndur hafi skilyrði 4. mgr. 160. gr. verið uppfyllt.

164. gr.

Tap að gefnum vanefndum (LGD)

1. Stofnanir skulu setja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfur 6. þáttar og heimild lögbærra yfirvalda í samræmi við 143. gr. Nota skal 75% gildi fyrir tap að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna. Ef stofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan hátt er henni heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum.

2. Heimilt er að færa ófjármagnaða útlánavörn sem viðurkennda með því að aðlaga mat á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfur 1., 2. og 3. mgr. 183. gr. og heimild lögbærra yfirvalda, annaðhvort til stuðnings einstakri áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga. Stofnun skal ekki úthluta tryggðum áhættuskuldbindingum aðlöguðu gildi fyrir líkur á vanefndum eða tap að gefnum vanefndum þannig að aðlöguð áhættuvog verði lægri en áhættuvog sambærilegrar beinnar áhættuskuldbindingar vegna ábyrgðarveitandans.

3. Að því er varðar 2. mgr. 154. gr. skal gildi taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda útlánavarnar sem um getur í 3. mgr. 153. gr. vera annaðhvort gildi taps að gefnum vanefndum tengt óvarinni lánafyrirgreiðslu til ábyrgðarveitandans eða óvarinni lánafyrirgreiðslu loforðsgjafans, eftir því hvort fyrirliggjandi gögn og gerð ábyrgðarinnar gefa til kynna að endurheimt fjárhæð, komi til þess að bæði ábyrgðarveitandinn og loforðsgjafinn lendi í vanskilum á líftíma hinna áhættuvörðu viðskipta, yrði háð fjárhagsstöðu ábyrgðarveitandans eða loforðsgjafans, eftir því sem við á.

4. Áhættuskuldbindingarvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði og njóta ekki ávinnings af ábyrgðum ríkisins, skal ekki vera lægra en 10%.

Áhættuskuldbindingarvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með viðskiptahúsnæði og njóta ekki ávinnings af ábyrgðum ríkisins, skal ekki vera lægra en 15%.

5. Á grundvelli þeirra gagna, sem safnað er skv. 101. gr., og með hliðsjón af áætlaðri þróun fasteignamarkaðar og öðrum viðeigandi vísum skulu lögbær yfirvöld meta reglubundið og a.m.k. árlega hvort lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum í 4. mgr. þessarar greinar hæfi áhættuskuldbindingum sem eru tryggðar með íbúðar- eða viðskiptahúsnæði á yfirráðasvæði þeirra. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, ef við á, á grundvelli sjónarmiða varðandi fjárhagslegan stöðugleika, að setja hærri lágmarksgildi vegna áhættuskuldbindingarvegins meðaltals taps að gefnum vanefndum vegna áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með eignum á yfirráðasvæði þeirra.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um hvers konar breytingar á lágmarksgildum vegna taps að gefnum vanefndum sem þau gera í samræmi við fyrstu undirgrein og skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin birta þessi gildi vegna taps að gefnum vanefndum.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina með hvaða skilyrðum lögbær yfirvöld skuli ákvarða hærri lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Stofnanir í aðildarríki skulu beita hærri gildum vegna taps að gefnum vanefndum, sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað, að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með fasteign í því aðildarríki.

3. undirþáttur

Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem falla undir PD-/LGD-aðferð

165. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem falla undir PD-/LGD-aðferðina

1. Líkur á vanefndum skulu ákvarðaðar í samræmi við aðferðirnar varðandi áhættuskuldbindingar fyrirtækja.

Eftirfarandi lágmarkslíkur á vanefndum skulu gilda:

a) 0,09% fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem viðskipti eru með í kauphöll, þar sem fjárfestingin er hluti af langvarandi tengslum við viðskiptavin,

b) 0,09% fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem ekki eru viðskipti með í kauphöll, þar sem ávöxtun fjárfestingarinnar er byggð á reglubundnu og endurteknu sjóðstreymi sem ekki stafar af söluhagnaði,

c) 0,40% fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem viðskipti eru með í kauphöll, þ.m.t. aðrar skortstöður eins og segir í 2. mgr. 155. gr.,

d) 1,25% fyrir allar aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þ.m.t. aðrar skortstöður eins og segir í 2. mgr. 155. gr.

2. Heimilt er að úthluta áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa í nægilega dreifðum eignasöfnum gildinu 65% vegna taps að gefnum vanefndum. Allar aðrar slíkar áhættuskuldbindingar skulu fá gildið 90% vegna taps að gefnum vanefndum.

3. Binditíminn (M) skal vera 5 ár fyrir allar áhættuskuldbindingar.

5. þáttur

Áhættuskuldbindingarvirði

166. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka og smásöluáhættuskuldbindingar

1. Ef annað er ekki tekið fram skal áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar í efnahagsreikningi vera bókhaldsvirðið án tillits til leiðréttinga sem gerðar hafa verið á útlánaáhættu.

Þessi regla á einnig við um eignir sem eru keyptar á öðru verði en nemur upphæð skuldar.

Að því er keyptar eignir varðar er mismunurinn á fjárhæð skuldar og bókhaldsvirðis, sem eftir stendur þegar sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu hefur verið beitt og þær skráðar í efnahagsreikning stofnananna þegar eignin er keypt, tilgreindur sem undirverð ef fjárhæð skuldar er hærri og sem yfirverð ef hún er lægri.

2. Þegar stofnanir nota rammasamning um skuldajöfnun í tengslum við endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/lántöku skal áhættuskuldbindingarvirði reiknað út í samræmi við 4. eða 6. kafla.

3. Stofnanir skulu beita aðferðunum sem settar eru fram í 4. kafla við útreikninga á virði áhættuskuldbindingar vegna skuldajöfnunar út- og innlána í efnahagsreikningi.

4. Áhættuskuldbindingarvirði vegna leigusamninga skal vera núvirt lágmarksleigugreiðsla. Lágmarksleigugreiðslur eru greiðslur á leigutímanum sem leigutakinn er eða getur verið krafinn um að greiða og öll vildarkjör (þ.e. kjör sem nokkuð víst er að verði nýtt). Aðili, annar en leigutaki, kann að verða krafinn um greiðslu í tengslum við hrakvirði leigðrar eignar og ef sú greiðsluskylda uppfyllir skilyrði 201. gr. varðandi hæfi veitenda útlánavarnar, sem og kröfur um viðurkenningu annarra tegunda ábyrgða sem kveðið er á um í 213. gr., má taka tillit til slíkrar greiðsluskyldu sem ófjármagnaðrar útlánavarnar í samræmi við 4. kafla.

5. Að því er samninga í II. viðauka varðar skal ákvarða áhættuskuldbindingarvirði með þeim aðferðum sem settar eru fram í 6. kafla án tillits til leiðréttingar á útlánaáhættu.

6. Áhættuskuldbindingarvirði við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga keyptra viðskiptakrafna skal vera það virði sem er ákvarðað í samræmi við 1. mgr. að frádregnum kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna þynningaráhættu áður en til mildunar útlánaáhættu kemur.

7. Þegar áhættuskuldbinding er í formi verðbréfa eða hrávöru, sem er seld, lögð fram til tryggingar eða lánuð í tengslum við endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/lántöku, gnóttsamninga og viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa skal áhættuskuldbindingarvirði vera virði verðbréfanna eða hrávörunnar ákvarðað í samræmi við 24. gr. Þegar heildaraðferð fjárhagslegra trygginga, eins og hún er sett fram í 223. gr., er notuð skal áhættuskuldbindingarvirði aukið með því að jafna flökt með þeim hætti sem er við hæfi fyrir slík verðbréf eða hrávöru, eins og lýst er þar. Áhættuskuldbindingarvirði endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku, gnóttsamninga og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa má ákvarða í samræmi við 6. kafla eða 2. mgr. 220. gr.

8. Áhættuskuldbindingarvirði vegna eftirfarandi liða skal reiknað út sem fjárhæð sem hefur verið ráðstafað en ekki ádregin, margfölduð með breytistuðli. Stofnanir skulu nota eftirfarandi breytistuðla í samræmi við 8. mgr. 151. gr. að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana, ríkja og seðlabanka:

a) Nota skal breytistuðulinn 0% fyrir lánalínur sem stofnunin getur sagt upp skilyrðislaust hvenær sem er án fyrirvara eða leiða í reynd til sjálfkrafa uppsagnar þegar dregur úr lánshæfi lántaka. Til að nota breytistuðul 0% skulu stofnanir fylgjast á virkan hátt með fjárhagsstöðu loforðsgjafans og innri eftirlitskerfi þeirra skulu gera þeim kleift að greina strax hnignun í lánshæfi loforðsgjafans. Heimilt er að líta svo á að óádregnum lánalínum megi segja upp skilyrðislaust ef skilmálar heimila stofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem heimilað er samkvæmt löggjöf um neytendavernd og tengdri löggjöf.

b) Fyrir bankaábyrgðir til skamms tíma, sem eru tilkomnar vegna vöruflutninga, skal nota breytistuðulinn 20% bæði hvað varðar stofnunina sem veitir ábyrgðina og þá sem staðfestir hana.

c) Nota skal breytistuðulinn 0% fyrir ónotaða kaupsamninga vegna hlaupandi keyptra viðskiptakrafna sem hægt er að segja upp skilyrðislaust eða leiða í reynd til sjálfkrafa uppsagnar hvenær sem er og fyrirvaralaust. Til að nota breytistuðulinn 0% skulu stofnanir fylgjast á virkan hátt með fjárhagsstöðu loforðsgjafans og innri eftirlitskerfi þeirra skulu gera þeim kleift að greina strax hnignun lánshæfis loforðsgjafans.

d) Nota skal breytistuðulinn 75% fyrir aðrar lánalínur, sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu (e. *note issuance facilities* (NIF)) og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa (e. *revolving underwriting facilities* (RUF)).

e) Stofnunum, sem uppfylla skilyrði til að nota eigið mat á breytistuðlum, eins og tilgreint er í 6. þætti, er heimilt að nota eigið mat á breytistuðlum fyrir ólíkar tegundir afurða eins og getið er í a- til d-lið, með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda.

9. Þegar skuldbinding vísar til framlengingar á annarri skuldbindingu skal nota þann breytistuðul sem lægri er af þeim tveimur sem tengdir eru hvorri skuldbindingu um sig.

10. Vegna allra liða utan efnahagsreiknings, annarra en þeirra sem getið er í 1.–8. mgr., skal áhættuskuldbindingarvirði vera eftirfarandi hlutfall af virði þeirra:

a) 100% ef liður er með mikla áhættu,

b) 50% ef liður er með miðlungsáhættu,

c) 20% ef liður er með miðlungs-/litla áhættu,

d) 0% ef liður er með litla áhættu.

Að því er varðar þessa málsgrein skal raða liðum utan efnahagsreiknings í áhættuflokka eins og fram kemur í I. viðauka.

167. gr.

Áhættuskuldbinding vegna hlutabréfa

1. Áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa skal vera bókhaldsvirðið sem eftir stendur þegar sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu hafa farið fram.

2. Áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa utan efnahagsreiknings skal vera nafnvirði hennar eftir að það hefur verið lækkað með sértækri leiðréttingu á útlánaáhættu fyrir þá áhættuskuldbindingu.

168. gr.

Aðrar eignir sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu

Áhættuskuldbindingarvirði annarra eigna, sem fela ekki í sér lánaskuldbindingu, skal vera bókhaldsvirðið sem eftir stendur þegar sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu hafa farið fram.

6. þáttur.

Kröfur er varða innramatsaðferðina

1. undirþáttur

Matskerfi

169. gr.

Almennar meginreglur

1. Ef stofnun notar mörg matskerfi skal rökstuðningur fyrir vali á matskerfi vegna loforðsgjafa eða viðskipta skjalfestur og það framkvæmt á þann máta sem endurspeglar áhættustigið á viðeigandi hátt.

2. Viðmiðanir og ferli flokkunar skulu endurskoðuð reglulega til að ákvarða hvort þau séu enn viðeigandi fyrir gildandi eignasafn og ytri skilyrði.

3. Noti stofnun beint mat á áhættubreytum að því er varðar einstaka loforðsgjafa eða áhættuskuldbindingar má líta á það sem mat á röðun í þrep á samfelldum matskvarða.

170. gr.

Uppbygging matskerfa

1. Uppbygging matskerfa að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka skal vera í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) Matskerfi skal taka tillit til áhættueinkenna loforðsgjafa og viðskipta.

b) Matskerfi skal hafa matskvarða fyrir loforðsgjafa sem endurspeglar eingöngu magnákvörðun vegna hættunnar á vanefndum loforðsgjafa. Matskvarði fyrir loforðsgjafa skal hafa a.m.k. 7 þrep vegna loforðsgjafa sem ekki eru í vanskilum og eitt vegna loforðsgjafa í vanskilum.

c) Stofnun skal skjalfesta tengslin milli þrepa loforðsgjafa hvað varðar það stig vanskilaáhættu sem hvert þrep gefur til kynna og viðmiðin sem eru notuð til að auðkenna það stig vanskilaáhættu.

d) Stofnanir með eignasöfn einkum í ákveðnum markaðsgeira og á ákveðnu bili vanskilaáhættu skulu hafa nógu mörg þrep fyrir loforðsgjafa innan þess bils til að komast hjá of mikilli samþjöppun loforðsgjafa í einstöku þrepi. Umtalsverð samþjöppun innan þreps skal studd sannfærandi dæmum um að þrep loforðsgjafa nái yfir hæfilega þröngt PD-bil og að hættan á vanefndum, sem stafar af öllum loforðsgjöfum innan þrepsins, falli innan þess bils.

e) Til þess að fá heimild lögbærra yfirvalda til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum vegna útreiknings á kröfu vegna eiginfjárgrunns skal matskerfi taka til sérstaks matskvarða fyrir gerninga sem endurspeglar eingöngu einkenni viðskipta tengdum tapi að gefnum vanefndum. Skilgreining gerningaþreps skal fela í sér bæði lýsingu á því hvernig áhættuskuldbindingum er skipað í þrepið og á viðmiðunum sem notuð eru til að aðgreina áhættu mismunandi þrepa.

f) Umtalsverð samþjöppun innan gerningaþreps skal studd sannfærandi dæmum um að gerningaþrepið nái yfir hæfilega þröngt bil taps að gefnum vanefndum, eftir því sem við á, og að sú áhætta sem stafar af öllum áhættuskuldbindingum innan þrepsins falli innan þess bils.

2. Stofnanir, sem nota aðferðirnar sem settar eru fram í 5. mgr. 153. gr. við að fá sértækum lánaáhættuskuldbindingum áhættuvog, eru undanþegnar kröfunni um að hafa matskvarða fyrir loforðsgjafa sem endurspeglar eingöngu magnákvörðun vegna hættunnar á að loforðsgjafi lendi í vanskilum vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þessar stofnanir skulu, vegna þessara áhættuskuldbindinga, hafa a.m.k. fjögur þrep vegna loforðsgjafa sem ekki hafa lent í vanskilum og a.m.k. eitt þrep fyrir loforðsgjafa sem lent hafa í vanskilum.

3. Uppbygging matskerfa fyrir smásöluáhættuskuldbindingar skal vera í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) Matskerfi skulu endurspegla bæði áhættu loforðsgjafa og viðskipta og skulu ná til allra viðeigandi einkenna loforðsgjafa og viðskipta.

b) Sundurgreiningarstig áhættu skal tryggja að fjöldi áhættuskuldbindinga í hverju þrepi eða safni nægi til að gera það kleift að magnákvarða og sannreyna tapseinkenni í viðkomandi þrepi eða safni á merkingarbæran máta. Dreifing áhættuskuldbindinga og loforðsgjafa í þrep eða söfn skal miða að því að forðast of mikla samþjöppun.

c) Ferlið við að skipa áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn skal gera það kleift að sundurgreininga áhættu á merkingarbæran hátt, flokka saman nægilega líkar áhættuskuldbindingar og gera nákvæmt og samkvæmt mat á einkennum taps í hverju þrepi eða safni. Að því er keyptar viðskiptakröfur varðar skal flokkunin endurspegla sölutryggingarvenjur seljanda og það hve ólíkir viðskiptavinir hans eru.

4. Stofnanir skulu taka tillit til eftirfarandi áhrifaþátta áhættu við flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn:

a) Áhættueinkenna loforðsgjafa.

b) Áhættueinkenna viðskipta, þ.m.t. tegundir afurða eða trygginga eða hvort tveggja. Stofnanir skulu taka sérstaklega á tilvikum þar sem sama trygging er að baki mörgum áhættuskuldbindingum.

c) Vanskila, nema stofnunin geti sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á það með fullnægjandi hætti að vanskil hafi ekki veruleg áhrif á áhættu áhættuskuldbindingarinnar.

171. gr.

Flokkun í þrep eða söfn

1. Stofnun skal hafa sérstakar skilgreiningar, ferli og viðmiðanir við flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn innan matskerfis þar sem eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) Skilgreiningar og viðmiðanir fyrir þrep og söfn skulu vera nægilega ítarlegar til að þeir sem úthluta mati skipi, á samræmdan hátt, loforðsgjöfum eða gerningum með svipaða áhættu í sama þrep eða safn. Þetta samræmi skal einnig vera fyrir hendi hvað varðar mismunandi viðskiptasvið, deildir og landsvæði.

b) Skjalfesting á matsferlinu skal gera þriðja aðila kleift að skilja flokkun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn, endurtaka flokkun í þrep og safn og meta hversu viðeigandi flokkunin í þrep og söfn er.

c) Viðmiðin skulu einnig vera í samræmi við innri lánastaðla stofnunarinnar og stefnur hennar varðandi meðhöndlun loforðsgjafa og gerninga sem vandkvæði eru með.

2. Stofnun skal taka tillit til allra viðeigandi upplýsinga við flokkun loforðsgjafa og gerninga í þrep og söfn. Upplýsingar skulu vera nýjar og gera stofnuninni kleift að spá fyrir um arðsemi áhættuskuldbindingarinnar. Því minni upplýsingar sem stofnunin hefur þeim mun varfærnislegri skal flokkun hennar á áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn loforðsgjafa og gerninga vera. Noti stofnun ytra mat sem meginþátt við ákvörðun á innri matsflokkun skal hún sjá til þess að hún taki tillit til annarra viðeigandi upplýsinga.

172. gr.

Flokkun áhættuskuldbindinga

1. Flokka skal áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka og áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þar sem stofnun notar PD-/LGD-aðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 155. gr., í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

a) Það skal vera liður í lánasamþykkisferlinu að skipa hverjum loforðsgjafa í loforðsgjafaþrep.

b) Að því er varðar þær stofnanir, sem fengið hafa heimild lögbærs yfirvalds til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum skv. 143. gr., skal það einnig vera hluti af lánasamþykktarferlinu að flokka hverja áhættuskuldbindingu í gerningaþrep.

c) Stofnanir, sem nota aðferðirnar sem settar eru fram í 5. mgr. 153. gr. við að fá sértækum lánaáhættuskuldbindingum áhættuvog, skulu flokka hverja þessara áhættuskuldbindinga í þrep í samræmi við 2. mgr. 170. gr.

d) Sérhver einstakur lögaðili, sem er að baki áhættuskuldbindingu stofnunarinnar, skal metinn sérstaklega. Stofnun skal hafa viðunandi stefnur hvað varðar meðferð einstakra lánþegja sem eru viðskiptavinir, eða hóp tengdra viðskiptavina sem þeir tilheyra.

e) Einstakar áhættuskuldbindingar vegna sama lánþegja skulu flokkaðar í sama lánþegjaþrep, óháð öllum mun á eðli tiltekinna viðskipta. Í eftirfarandi tilvikum er þó heimilt að flokka einstakar áhættuskuldbindingar vegna sama lánþegja í mismunandi þrep:

i. um er að ræða áhættu sem tengist yfirfærslu, sem fer eftir því hvort áhættuskuldbindingarnar eru tilgreindar í innlendum eða erlendum gjaldmiðli,

ii. meðferð ábyrgða er tengjast áhættuskuldbindingu kann að endurspeglast í breytingu á flokkun í lánþegjaþrep,

iii. neytendavernd, bankaleynd eða önnur löggjöf hindrar skipti á gögnum um viðskiptavini.

2. Í tilviki smásöluáhættuskuldbindinga skal það vera hluti af lánasamþykkisferlinu að skipa hverri áhættuskuldbindingu í þrep eða safn.

3. Að því er varðar flokkun í þrep og söfn skulu stofnanir skjalfesta við hvaða aðstæður mat manna getur gengið framar ílagsgögnum eða niðurstöðum flokkunarferlisins og hvaða starfsfólk ber ábyrgð á samþykki slíkra frávika. Stofnanir skulu skjalfesta þessi frávik og skrá það starfsfólk sem ber ábyrgð á þeim. Stofnanir skulu gera greiningu á arðsemi áhættuskuldbindinga ef vikið hefur verið frá flokkun þeirra. Þessi greining skal fela í sér mat á arðsemi þeirra áhættuskuldbindinga þar sem ákveðinn einstaklingur hefur vikið frá flokkun og tilgreina hvaða starfsfólk ber ábyrgð.

173. gr.

Heilleiki flokkunarferlis

1. Flokkunarferli fyrir áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka og áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þar sem stofnun notar PD-/LGD-aðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 155. gr., skal uppfylla eftirfarandi kröfur um heilindi:

a) Óháður aðili, sem hefur ekki beinan hag af ákvörðunum um lánveitinguna, skal ljúka við og samþykkja flokkun og reglubundna endurskoðun á flokkun.

b) Stofnanir skulu endurskoða flokkanir a.m.k. árlega og breyta flokkun ef niðurstöður endurskoðunar réttlæta ekki núverandi flokkun. Lánþegjafar og áhættuskuldbindingar með mikla áhættu skulu sæta tíðari endurskoðun. Stofnanir skulu framkvæma nýja flokkun ef fram koma mikilvægar upplýsinga um lánþegjafann eða áhættuskuldbindinguna.

c) Stofnun skal búa yfir skilvirku ferli til að nálgast og uppfæra viðeigandi upplýsingar um einkenni lánþegja, sem hafa áhrif á líkur á vanefndum, og um einkenni viðskipta sem hafa áhrif á tap að gefnum vanefndum eða breytistuðla.

2. Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar skal stofnun a.m.k. árlega endurskoða flokkun lánþegja og gerninga og breyta henni ef niðurstöður endurskoðunarinnar réttlæta ekki yfirfærslu gildandi flokkunar, eða endurskoða einkenni taps og vanskilastöðu hvers tilgreinds áhættusafns, eftir því sem við á. Stofnun skal einnig endurskoða a.m.k. árlega með dæmigerðu úrtaki stöðu stakra áhættuskuldbindinga innan hvers safns til að tryggja að áhættuskuldbindingar séu áfram flokkaðar í rétt söfn og breyta flokkun ef niðurstöður endurskoðunarinnar réttlæta ekki gildandi flokkun.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum vegna matsaðferða sem lögbær yfirvöld fylgja við mat á heilleika flokkunarferlisins og við reglubundið og óháð mat á áhættu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

174. gr.

Notkun líkana

Noti stofnun tölfræðilíkön og aðrar tæknilegar aðferðir til að flokka áhættuskuldbindingar í þrep eða söfn lánþegja eða gerninga skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

a) Líkanið skal hafa góða forspárgetu og eiginfjárkröfur skulu ekki raskast vegna notkunar þess. Ílagsbreyturnar skulu mynda hæfilegan og skilvirkan grundvöll fyrir viðkomandi spá. Líkanið skal ekki fela í sér verulegar kerfislægar skekkjur.

b) Stofnunin skal búa yfir ferli til að kanna ílagsgögn líkansins sem felur í sér mat á því hversu nákvæm, heildstæð og viðeigandi gögnin eru.

c) Gögnin sem eru notuð til að smíða líkanið skulu gefa góða mynd af raunverulegum hópi loforðsgjafa eða áhættuskuldbindingum stofnunarinnar.

d) Stofnun skal sannreyna líkan með reglulegu millibili, en það felur í sér að fylgjast með frammistöðu og stöðugleika líkans, endurskoða forskrift líkans og bera niðurstöður líkans saman við raunverulega útkomu.

e) Stofnunin skal auk tölfræðilega líkansins styðjast við mat manna og yfirsýn til að endurskoða flokkun sem byggist á líkani og til að tryggja að líkön séu notuð með viðeigandi hætti. Endurskoðunarferlar skulu miða að því að finna og takmarka villur vegna veikleika líkana. Við mannlegt mat skal tekið tillit til allar viðeigandi upplýsinga sem ekki eru í líkaninu. Stofnunin skal skrásetja með hvaða hætti skuli tengja saman mat manna og niðurstöður líkana.

175. gr.

Skjalfesting matskerfa

1. Stofnanir skulu skjalfesta hönnun matskerfa sinna og rekstrarupplýsingar um þau. Við skjalfestingu skal setja fram gögn um að kröfur þessa þáttar hafi verið uppfylltar og fjalla m.a. um sundurgreiningu eignasafnsins, matsviðmiðanir, ábyrgð aðila sem meta loforðsgjafa og áhættuskuldbindingar, tíðni endurskoðunar á flokkun og eftirlit stjórnenda með matsferlinu.

2. Stofnunin skal skjalfesta rökstuðning fyrir vali sínu á matsviðmiðunum og greiningu sem styður valið. Stofnun skal skjalfesta allar meiriháttar breytingar í áhættumatsferlinu og skal slík skjalfesting styðja við sanngreiningu á breytingum sem gerðar eru á áhættumatsferlinu í kjölfar síðustu endurskoðunar lögbærra yfirvalda. Enn fremur skal skjalfesta skipulag matsflokkunar, þ.m.t. flokkunarferli mats og innra stjórnunarkerfi.

3. Stofnanir skulu skjalfesta sérstakar skilgreiningar á vanefndum og tapi sem notaðar eru innan stofnunarinnar og tryggja að þær séu í samræmi við skilgreiningarnar sem eru settar fram í þessari reglugerð.

4. Noti stofnunin tölfræðilíkön í matsferlinu skal hún skjalfesta aðferðafræði sína. Þetta efni skal:

a) gefa ítarlega mynd af kenningum, forsendum og stærðfræðilegum og reynslubundnum grundvelli mats vegna þrepa, einstakra loforðsgjafa, áhættuskuldbindinga eða safna og af þeim gagnalindum sem notaðar eru til að meta líkanið,

b) koma á fót ströngu tölfræðilegu ferli, þ.m.t. frammistöðumat sem tekur til tímabila og gagna utan við þau sem notuð voru við mælinguna, til þess að sannreyna gildi líkansins,

c) tilgreina við hvaða kringumstæður líkan virkar ekki með skilvirkum hætti.

5. Stofnun skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á það með fullnægjandi hætti að kröfur þessarar greinar hafi verið uppfylltar þegar stofnun hefur fengið matskerfi, eða líkan sem notað er innan matskerfis, frá þriðja söluaðila og hann neitar eða takmarkar aðgang stofnunarinnar að upplýsingum varðandi aðferðafræði matskerfisins eða líkansins, eða að undirliggjandi gögnum sem eru notuð við þróun þessarar aðferðarfræði eða líkans, á grundvelli þess að upplýsingarnar séu trúnaðarmál.

176. gr.

Viðhald gagna

1. Stofnanir skulu safna gögnum um þætti innra mats þeirra og geyma þau, eins og krafist er í áttunda hluta.

2. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka og áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, þar sem stofnun notar PD-/LGD-aðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 155. gr., skulu stofnanir safna og geyma:

a) nákvæmar upplýsingar um matssögu loforðsgjafa og viðurkenndra ábyrgðarveitenda,

b) upplýsingar um þær dagsetningar þegar matið var veitt,

c) lykilgögn og upplýsingar um aðferðafræði sem notuð er við gerð matsins,

d) upplýsingar um það hvaða einstaklingur ber ábyrgð á flokkuninni,

e) upplýsingar um auðkenni loforðsgjafa og áhættuskuldbindingar sem fóru í vanskil,

f) upplýsingar um dagsetningu og málavexti slíkra vanskila,

g) gögn um líkur á vanefndum og endanleg vanskilahlutföll sem tengjast matsþrepum og tilfærslu milli matsflokka.

3. Stofnanir, sem ekki nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, skulu safna og geyma gögn um samanburð á raunverulegu tapi að gefnum vanefndum við þau gildi sem sett eru fram í 1. mgr. 161. gr. og á endanlegum breytistuðlum við þau gildi sem eru tilgreind í 8. mgr. 166. gr.

4. Stofnanir, sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, skulu safna og geyma:

a) heildstæð gögn um fyrra áhættumat á gerningum og tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem tengjast hverjum matskvarða,

b) upplýsingar um þær dagsetningar þegar áhættumatið var veitt og mat fór fram,

c) lykilgögn og upplýsingar um aðferðafræði sem er notuð til að ákvarða áhættumat á gerningum og mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum,

d) upplýsingar um þann einstakling sem mat gerninginn og þann einstakling sem útvegaði mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum,

e) gögn um áætlað og endanlegt tap að gefnum vanefndum og breytistuðla, sem tengjast hverri vanefndri áhættuskuldbindingu, og um slíkt tap og breytistuðla,

f) gögn um gildi taps að gefnum vanefndum fyrir áhættuskuldbindinguna, bæði fyrir og eftir mat á áhrifum ábyrgðar og/eða lánaafleiðu, að því er varðar þær stofnanir sem endurspegla mildandi áhrif ábyrgða eða lánaafleiða, á útlánaáhættu, í gegnum tap að gefnum vanefndum,

g) gögn um þætti taps að því er varðar hverja vanefnda áhættuskuldbindingu.

5. Að því er áhættuskuldbindingar varðar skulu stofnanir safna og geyma:

a) gögn sem notuð eru í ferlinu við að skipa áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn,

b) gögn um mat á líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum sem tengjast þrepum eða söfnum áhættuskuldbindinga,

c) upplýsingar um auðkenni loforðsgjafa og áhættuskuldbindingar sem fóru í vanskil,

d) að því er vanefndar áhættuskuldbindingar varðar, gögn um þrep eða söfn sem áhættuskuldbinding var flokkuð í á árinu áður en til vanskila kom og um endanlega niðurstöðu taps að gefnum vanefndum og breytistuðul,

e) gögn um taphlutföll vegna hæfra hlaupandi smásöluáhættuskuldbindinga.

177. gr.

Álagspróf notuð við mat á eiginfjárþörf

1. Stofnun skal búa yfir traustu álagsprófanaferli til notkunar við mat á eiginfjárþörf sinni. Álagsprófanir skulu fela í sér auðkenningu á hugsanlegum atburðum eða framtíðarbreytingum á efnahagsaðstæðum sem gætu haft óæskileg áhrif á lánaáhættu stofnunar og mat á getu stofnunarinnar til að standast slíkar breytingar.

2. Stofnun skal reglulega framkvæma álagspróf vegna útlánaáhættu til að meta áhrif sérstakra skilyrða á heildareiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu. Stofnunin skal velja prófið, með fyrirvara um endurskoðun eftirlitsyfirvalda. Fyrirhuguð prófun skal vera markviss og taka tillit til áhrifa alvarlegra en trúverðugra efnahagslægða. Stofnun skal meta tilfærslu milli matsflokka sinna við aðstæður álagsprófsins. Eignasöfn sem eru álagsprófuð skulu innihalda mikinn meirihluta af heildaráhættuskuldbindingum stofnunar.

3. Stofnanir, sem nota meðferðina sem er sett fram í 3. mgr. 153. gr., skulu telja áhrif hnignunar lánshæfis veitenda útlánavarnar sem hluta af ramma álagsprófana, einkum áhrif þess að veitendur útlánavarnar falli utan hæfisviðmiðana.

2. undirþáttur

Magnákvörðun vegna áhættu

178. gr.

Vanefndir loforðsgjafa

1. Líta skal svo á að fyrir liggi vanefndir hjá ákveðnum tilteknum loforðsgjafa þegar annar eða báðir eftirfarandi atburða hafa átt sér stað:

a) stofnunin telur ólíklegt að loforðsgjafinn standi við lánaskuldbindingar sínar gagnvart stofnuninni, móðurfélaginu eða einhverju dótturfélaga þess að fullu, án þess að stofnunin grípi til aðgerða á borð við það að innleysa tryggingar,

b) veruleg lánaskuldbinding loforðsgjafans gagnvart stofnuninni, móðurfélaginu eða einhverju dótturfélaga þess er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga. Lögbær yfirvöld geta látið 180 daga koma í stað 90 daga að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði lítilla eða meðalstórra fyrirtækja í flokki smásöluáhættuskuldbindinga, og að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila. Að því er 127. gr. varðar gilda 180 dagar ekki.

Að því er smásöluáhættuskuldbindingar varðar geta stofnanir beitt þeirri skilgreiningu um vanefndir, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, hvað varðar einstakar lánafyrirgreiðslur fremur en í tengslum við heildarskuldbindingar lántaka.

2. Eftirfarandi á við að því er b-lið 1. mgr. varðar:

a) að því er yfirdrátt varðar hefst talning daga fram yfir gjalddaga þegar loforðsgjafi hefur rofið tilkynnt mörk, honum hafa verið tilkynnt lægri mörk en nemur útistandandi fjárhæðum eða hann hefur dregið á lán án heimildar og undirliggjandi fjárhæð er veruleg,

b) að því er a-lið varðar felast í ráðlögðum mörkum hver þau lánamörk sem stofnunin ákvarðar og hefur upplýst loforðsgjafann um,

c) talning daga fram yfir gjalddaga vegna kreditkorta hefst á gjalddaga lágmarksgreiðslu,

d) meta skal mikilvægi lánaskuldbindingar sem er komin fram yfir gjalddaga með hliðsjón af mörkum sem lögbær yfirvöld skilgreina. Þessi mörk skulu endurspegla það áhættustig sem lögbært yfirvald telur hæfilegt.

e) stofnanir skulu hafa skjalfestar stefnur um hvernig telja beri daga umfram gjalddaga, einkum með hliðsjón af endursetningu (e. *re-ageing*) gerninga og heimild til að framlengja, breyta eða fresta, endurnýja og skuldajafna fyrirliggjandi reikninga. Beita skal þessum stefnum með samræmdum hætti yfir lengri tíma og þær skulu vera í samræmi við innri áhættustýringu og ákvörðunarferli stofnunarinnar.

3. Að því er a-lið 1. mgr. varðar skal líta á eftirfarandi þætti sem vísbendingar um yfirvofandi greiðslufall:

a) stofnunin setur lánaskuldbindingu í biðstöðu og hættir að reikna sér áfallna vexti,

b) stofnunin færir sértæka leiðréttingu á útlánaáhættu vegna umtalsverðrar lækkunar lánshæfis eftir að stofnunin samþykkti áhættuskuldbindinguna,

c) stofnunin selur lánaskuldbindinguna með verulegu lánstengdu efnahagslegu tapi,

d) stofnunin samþykkir endurskipulagningu lánaskuldbindingarinnar vegna fjárhagserfiðleika, sem líklegt er að leiði til minnkunar í fjárskuldbindingu vegna verulegrar eftirgjafar eða frestunar á höfuðstóli, vöxtum eða, þar sem við á, þóknunum. Sé um áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa að ræða, metnar samkvæmt PD-/LGD-aðferðinni, tekur þetta til endurskipulagningar hlutabréfanna sjálfra vegna fjárhagserfiðleika.

e) stofnunin hefur krafist gjaldþrotaskipta loforðsgjafans eða gefið svipuð fyrirmæli hvað varðar lánaskuldbindingu loforðsgjafans gagnvart stofnuninni, móðurfélaginu eða dótturfélögum þess,

f) loforðsgjafinn hefur lýst sig gjaldþrota eða hann er lýstur gjaldþrota eða hann öðlast svipaða vörn sem forðar eða seinkar endurgreiðslu lánaskuldbindingar gagnvart stofnuninni, móðurfélaginu eða dótturfélögum þess,

4. Stofnanir, sem nota utanaðkomandi gögn, sem eru ekki í samræmi við skilgreininguna á vanefndum sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu gera viðeigandi leiðréttingar til að ná almennu samræmi við skilgreininguna á vanefndum.

5. Telji stofnunin að engin vanskilaorsök eigi lengur við áhættuskuldbindingu sem hefur áður farið í vanskil skal stofnunin meta loforðsgjafann eða gerninginn á sama hátt og áhættuskuldbindingu sem ekki hefur farið í vanskil. Komi til vanskila síðar, samkvæmt skilgreiningunni á vanefndum, skal líta svo á að önnur vanskil hafi átt sér stað.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina með hvaða skilyrðum lögbært yfirvald skal setja þau mörk sem um getur í d-lið 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um beitingu þessarar greinar. Samþykkja skal þessar viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

179. gr.

Almennar kröfur vegna mats

1. Við magnákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða söfnum skulu stofnanir fylgja eftirfarandi kröfum:

a) Eigið mat stofnunar á áhættubreytunum líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum, breytistuðlum og væntu tapi, skal taka til allra viðkomandi gagna, upplýsinga og aðferða. Matið skal fengið með því að nota bæði fyrri reynslu og raunveruleg gögn og á ekki að byggja einungis á huglægum atriðum. Matið skal vera trúverðugt og byggt á innsæi og grundvallast á mikilvægum áhrifaþáttum viðkomandi áhættubreyta. Því færri gögn sem stofnunin hefur þeim mun varfærnislegra skal mat hennar vera.

b) Stofnunin skal vera fær um að sundurliða reynslu sína af tapi að því er varðar tíðni vanefnda, tap að gefnum vanefndum, breytistuðla eða tap, þar sem mat á væntu tapi er notað, í þá þætti sem hún telur hafa áhrif á viðkomandi áhættubreytur. Mat stofnunarinnar skal endurspegla reynslu til langs tíma.

c) Taka skal tillit til hvers konar breytinga á útlánaaðferðum eða ferlinu við að framfylgja endurheimtum á athugunartímabilunum sem um getur í 180. gr. (h-liður 1. mgr. og e-liður 2. mgr.), 181. gr. (j-liður 1. mgr. og 2. mgr.) og 182. gr. (2. og 3. mgr.). Mat stofnunar skal endurspegla áhrif tækniframfara og nýrra gagna og annarra upplýsinga um leið og þær liggja fyrir. Stofnanir skulu endurskoða mat sitt þegar nýjar upplýsingar koma fram en þó eigi sjaldnar en árlega.

d) Sá hópur áhættuskuldbindinga sem gögn matsins eiga við um, lánastaðlarnir sem notaðir voru þegar gögnin voru tekin saman og önnur viðeigandi einkenni skulu vera sambærileg einkennum áhættuskuldbindinga og staðla stofnunarinnar. Efnahags- eða markaðsaðstæður sem liggja að baki gögnunum skulu varða núverandi og fyrirsjáanlegar aðstæður. Fjöldi áhættuskuldbindinga í úrtakinu og gagnatímabilið sem notað er vegna magnákvörðunar skal nægja til að stofnunin geti vænst þess að mat hennar sé nákvæmt og traust.

e) Að því er keyptar viðskiptakröfur varðar skal matið endurspegla allar viðeigandi upplýsingar sem tiltækar eru stofnuninni, sem kaupir, hvað varðar gæði undirliggjandi viðskiptakrafna, þ.m.t. gögn vegna svipaðra safna sem veitt eru af seljanda, stofnuninni sem kaupir, eða utanaðkomandi aðilum. Stofnunin sem kaupir skal meta hver þau gögn sem stuðst er við og koma frá seljanda.

f) Stofnun skal bæta við mat sitt varfærnisvikmörkum sem tengjast væntu bili matsskekkja. Ef talið er að aðferðir og gögn séu ekki algerlega fullnægjandi er vænt skekkjubil stærra og varfærnisvikmörkin rýmri.

Noti stofnanir mismunandi mat við útreikninga á áhættuvogum og til notkunar innan stofnunar skal matið skjalfest og það vera réttmætt. Geti stofnanir sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að viðeigandi leiðréttingar hafi verið gerðar, að því er varðar gögn sem safnað hefur verið fyrir 1. janúar 2007, til að ná almennu samræmi við skilgreininguna á vanefndum, sem mælt er fyrir um í 178. gr., eða tap, er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita stofnunum nokkurn sveigjanleika í notkun þeirra staðla sem krafist er.

2. Noti stofnun gögn sem er safnað saman frá mörgum stofnunum skal hún uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) matskerfi og viðmiðanir hinna stofnananna í safninu eru svipaðar hennar eigin,

b) safnið er lýsandi fyrir eignasafnið sem gagnasafnið er notað fyrir,

c) stofnunin notar gagnasafnið með samræmdum hætti við mat sitt, frá einum tíma til annars,

d) stofnunin skal áfram vera ábyrg fyrir heilleika matskerfa sinna,

e) stofnunin skal viðhalda fullnægjandi skilningi á matskerfum sínum, þ.m.t. getu til að fylgjast með og gera úttekt á matsferlinu, á skilvirkan máta.

180. gr.

Sérstakar kröfur vegna mats á líkum á vanefndum

1. Við magnákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða söfnum skulu stofnanir beita eftirfarandi sértækum kröfum varðandi mat á líkum á vanefndum á áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka og að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa þegar stofnun notar PD-/LGD-aðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 155. gr.:

a) Stofnanir skulu meta líkur á vanefndum í hverju loforðsgjafaþrepi út frá langtímameðaltali eins árs vanskilahlutfalla. Mat á líkum á vanefndum, að því er varðar mjög skuldsetta loforðsgjalda eða þegar eignir loforðsgjafa eru að mestu eignir sem viðskipti eru með, skal endurspegla árangur undirliggjandi eigna byggt á tímabilum aukins flökts.

b) Að því er keyptar viðskiptakröfur fyrirtækja varðar mega stofnanir meta vænt tap í hverju loforðsgjafaþrepi út frá langtímameðaltali eins árs endanlegra vanskilahlutfalla.

c) Ákvarði stofnun langtímameðaltal mats á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum vegna keyptra viðskiptakrafna fyrirtækja út frá mati á væntu tapi og viðeigandi mati á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum skal ferli við mat á heildartapi uppfylla heildarstaðla fyrir mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum, sem settir eru fram í þessum hluta, og skal niðurstaðan vera í samræmi við hugtakið um tap að gefnum vanefndum eins og segir í a-lið 1. mgr. 181. gr.

d) Stofnanir skulu einungis nota matsaðferðir fyrir líkur á vanefndum ef greining styður þær. Stofnanir skulu viðurkenna mikilvægi þess að nota eigin dómgreind við að tvinna saman niðurstöður þessara aðferða og við aðlögun vegna takmarkana sem tengjast aðferðum og upplýsingum.

e) Að því marki sem stofnun notar gögn, sem byggja á eigin reynslu hennar af vanefndum, við mat á líkum á vanefndum skal matið endurspegla sölutryggingarstaðla og hvers kyns mismun milli matskerfisins sem framleiddi gögnin og gildandi matskerfis. Hafi sölutryggingarstaðlar eða matskerfi breyst skal stofnunin rýmka varfærnisvikmörkin í mati sínu á líkum á vanefndum.

f) Að því marki sem stofnunin tengir þrep sín við eða varpar þeim yfir á kvarðann, sem utanaðkomandi lánshæfismats-fyrirtæki eða svipuð stofnun notar og tengir svo vanskilahlutfallið fyrir þrep utanaðkomandi stofnunar við þrep stofnunarinnar, skal vörpunin byggð á samanburði viðmiðana innra mats við viðmiðanir sem hin utanaðkomandi stofnun notar og á samanburði innra og ytra mats sameiginlegra loforðsgjafa. Forðast skal bjögun eða ósamræmi í vörpuninni eða undirliggjandi gögnum. Viðmiðanir utanaðkomandi stofnunar, sem liggja til grundvallar gögnum til magnákvörðunar, skulu eingöngu miðaðar við vanskilaáhættu og ekki endurspegla einkenni viðskipta. Greining stofnunarinnar skal fela í sér samanburð á þeim skilgreiningum á vanefndum sem notaðar eru, með fyrirvara um kröfurnar í 178. gr. Stofnunin skal skjalfesta grundvöll vörpunarinnar.

g) Að því marki sem stofnunin notar tölfræðilíkön til að spá fyrir um vanefndir er henni heimilt að meta líkur á vanefndum sem einfalt meðaltal mats á líkum á vanefndum vegna einstakra loforðsgjafa í ákveðnu þrepi. Notkun stofnunarinnar á líkönum fyrir líkur á vanefndum í þessum tilgangi skulu uppfylla staðlana sem tilgreindir eru í 174. gr.

h) Óháð því hvort stofnun notar ytri, innri eða sameinaðar gagnalindir eða sambland af þessu þrennu skal, við mat hennar á líkum á vanefndum, a.m.k. fimm ára athugunartímabil liggja til grundvallar í a.m.k. einni gagnalind. Ef einhver gagnalindanna nær yfir lengra athugunartímabil og ef þessi gögn eiga við skal nota það tímabil. Þetta á einnig við um PD-/LGD-aðferðina í tengslum við hlutabréf. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum, sem hafa ekki fengið heimild lögbærs yfirvalds skv. 143. gr. til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum, heimilt að nota viðeigandi gögn, sem taka til tveggja ára, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

2. Eftirfarandi kröfur skulu eiga við að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar:

a) Stofnanir skulu meta líkur á vanefndum í loforðsgjafaþrepi eða -safni út frá langtímameðaltali eins árs vanskila-hlutfalla.

b) Einnig má leiða mat á líkum á vanefndum af mati á heildartapi og viðeigandi mati og tapi að gefnum vanefndum.

c) Stofnanir skulu líta á innri gögn til að flokka áhættuskuld-bindingar í þrep eða söfn sem meginupplýsingalind við mat á einkennum taps. Stofnunum er heimilt að nota ytri gögn (þ.m.t sameinuð gögn) eða tölfræðilíkön vegna magnákvörðunar, að því gefnu að hægt sé að sýna fram á sterk tengsl á milli:

i. aðferðar stofnunarinnar við að skipa áhættuskuld-bindingum í þrep eða söfn og aðferðar sem ytri gagnalind notaði og

ii. innra áhættusniðs stofnunar og samsetningar ytri gagna.

d) Ákvarði stofnun langtímameðaltal mats á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum vegna smásölu út frá mati á heildartapi og viðeigandi mati á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum skal ferli við mat á heildartapi uppfylla heildarstaðla fyrir mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum, sem settir eru fram í þessum hluta, og skal niðurstaðan vera í samræmi við hugtakið um tap að gefnum vanefndum eins og segir í a-lið 1. mgr. 181. gr.

e) Óháð því hvort stofnun notar ytri, innri eða sameinaðar gagnalindir eða sambland af þessu þrennu skal, við mat hennar á einkennum taps, a.m.k. fimm ára athugunartímabil liggja til grundvallar í a.m.k. einni gagnalind. Ef einhver gagnalindanna nær yfir lengra athugunartímabil og ef þessi gögn eiga við skal nota það tímabil. Stofnun þarf ekki að gefa sögulegum gögnum sama vægi ef nýlegri gögn hafa betra forspárgildi varðandi taphlutföll. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum heimilt að nota viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

f) Stofnanir skulu ákvarða og greina væntar breytingar á áhættubreytum á líftíma lánaáhættu (árstíðabundin áhrif).

Stofnunum er heimilt að nota ytri og innri viðmiðunargögn vegna keyptra smásöluviðskiptakrafna. Stofnanir skulu nota allar viðeigandi gagnalindir til samanburðar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) með hvaða skilyrðum lögbær yfirvöld mega veita þær heimildir sem um getur í h-lið 1. mgr. og e-lið 2. mgr.,

b) með hvaða aðferðum lögbær yfirvöld skulu meta aðferðafræði stofnunar við mat á líkum á vanefndum skv. 143. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

181. gr.

Sértækar kröfur í tengslum við eigið mat á tapi að gefnum vanefndum

1. Við magnákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða söfnum skulu stofnanir fylgja eftirfarandi sértækum kröfum varðandi eigið mat á tapi að gefnum vanefndum:

a) Stofnanir skulu meta tap að gefnum vanefndum, eftir þrepum eða söfnum gerninga, á grundvelli meðaltals endanlegs taps að gefnum vanefndum, eftir þrepum eða söfnum gerninga, með því að nota öll sannanleg vanskil innan gagnalindanna (vegið meðaltal vanskila).

b) Stofnanir skulu nota mat á tapi að gefnum vanefndum sem á við efnahagssamdrátt sé það varfærnislegra en langtímameðaltal. Að því marki sem þess er vænst að matskerfi skili stöðugu endanlegu tapi að gefnum vanefndum í þrepum eða söfnum frá einum tíma til annars skulu stofnanir aðlaga mat sitt á áhættubreytum eftir þrepum eða söfnum til að takmarka áhrif efnahagssamdráttar á eigið fé.

c) Stofnun skal hafa í huga umfang tengsla á milli áhættu loforðsgjafans og áhættu tryggingar eða tryggingarveitanda. Meðhöndla skal af varfærni þau tilvik þar sem veruleg tengsl eru til staðar.

d) Gjaldmiðlamisvægi milli undirliggjandi skuldbindingar og tryggingar skal meðhöndla af varfærni við mat stofnunar á tapi að gefnum vanefndum.

e) Að því marki sem mat á tapi að gefnum vanefndum tekur tillit til tilvistar tryggingar skal það ekki einvörðungu byggjast á mati á markaðsvirði tryggingarinnar. Mat á tapi að gefnum vanefndum skal taka tillit til áhrifa þess að hugsanlegt sé að stofnun geti ekki með skjótum hætti yfirtekið tryggingu og komið henni í verð.

f) Að því marki sem mat á tapi að gefnum vanefndum tekur tillit til tilvistar tryggingar skulu stofnanir setja innri kröfur um stjórn trygginga, réttarvissu og áhættustýringu sem eru í almennu samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í 3. þátt 4. kafla.

g) Að því marki sem stofnun viðurkennir tryggingar við ákvörðun áhættuskuldbindingarvirðis vegna útlánaáhættu mótaðila í samræmi við 5. eða 6. þátt 6. kafla skal ekki telja með í mati á tapi að gefnum vanefndum þær fjárhæðir sem reiknað er með að endurheimtist með tryggingunum.

h) Að því er varðar áhættuskuldbindingar sem þegar eru í vanskilum skal stofnun nota samtölu besta mats síns á væntu tapi fyrir hverja áhættuskuldbindingu miðað við ríkjandi efnahagsaðstæður og stöðu áhættuskuldbindingar og mat sitt á auknu taphlutfalli vegna möguleika á frekara óvæntu tapi á endurheimtartímabilinu, þ.e. frá vanskiladegi og þar til áhættuskuldbindingin er gerð upp.

i) Ógreidd gjaldfallin gjöld skulu reiknast sem áhættuskuldbinding eða tap að því marki sem þau hafa verið færð í rekstrarreikning stofnunarinnar.

j) Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka skal mat á tapi að gefnum vanefndum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár og lengist tímabilið um eitt ár á hverju ári eftir framkvæmd þar til að lágmarki sjö árum er náð, fyrir a.m.k. eina gagnalind. Ef einhver gagnalindanna nær yfir lengra athugunartímabil og ef þessi gögn eiga við skal nota það tímabil.

2. Að því er smásöluáhættuskuldbindingar varðar er stofnunum heimilt að gera eftirfarandi:

a) leiða mat á tapi að gefnum vanefndum af innleystu tapi og viðeigandi mati á líkum á vanefndum,

b) endurspegla framtíðarádrátt á lánafyrirgreiðslur annaðhvort í breytistuðlum sínum eða í mati sínu á tapi að gefnum vanefndum,

c) að því er keyptar smásöluviðskiptakröfur varðar nota ytri og innri viðmiðunargögn til að meta tap að gefnum vanefndum.

Að því er smásöluáhættuskuldbindingar varðar skal mat á tapi að gefnum vanefndum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár. Stofnun þarf ekki að gefa sögulegum gögnum sama vægi ef nýlegri gögn hafa betra forspárgildi varðandi taphlutföll. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum heimilt að nota viðeigandi gögn sem ná yfir tveggja ára tímabil þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) eðli, alvarleika og tímalengd þess efnahagssamdráttar sem um getur í 1. mgr.,

b) með hvaða skilyrðum lögbært yfirvald getur heimilað stofnun skv. 2. mgr. að nota viðeigandi gögn, sem taka til tveggja ára, þegar hún notar innramatsaðferðina.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

182. gr.

Sértækar kröfur í tengslum við eigið mat á breytistuðlum

1. Við magnákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða söfnum skulu stofnanir fylgja eftirfarandi sértækum kröfum varðandi eigið mat á breytistuðlum:

a) Stofnanir skulu meta breytistuðla eftir þrepum eða söfnum gerninga á grundvelli meðaltals endanlegra breytistuðla eftir þrepum eða söfnum gerninga og nota til þess vegið meðaltal vanskila sem leiðir af öllum vanskilum sem finnast innan gagnalindanna.

b) Stofnanir skulu nota mat á breytistuðlum sem er viðeigandi fyrir efnahagssamdrátt ef það er varfærnislegra en langtímameðaltal. Að því marki sem þess er vænst að matskerfi skili stöðugum endanlegum breytistuðlum í þrepum eða söfnum frá einum tíma til annars skulu stofnanir aðlaga mat sitt á áhættubreytum eftir þrepum eða söfnum til að takmarka áhrif efnahagssamdráttar á eigið fé.

c) Mat stofnunar á breytistuðlum skal endurspegla möguleika á viðbótarádrætti loforðsgjafa fram að eða eftir að vanskilaatburði er hrundið af stað. Mat á breytistuðli skal fela í sér rýmri varfærnisvikmörk ef ástæða er til að ætla að jákvæð fylgni milli tíðni vanskila og vægis breytistuðla verði meiri.

d) Þegar stofnanir reikna mat breytistuðla skulu þær taka tillit til sérstakra stefna sinna og áætlana sem þær hafa samþykkt að því er varðar eftirlit með reikningum og meðhöndlun greiðslna. Stofnanir skulu einnig taka tillit til getu sinnar og vilja til að koma í veg fyrir frekari ádrátt við kringumstæður þar sem ekki er um vanskil að ræða, s.s. við brot á lánaskilmálum eða aðra tæknilega vanskilaatburði.

e) Stofnanir skulu búa yfir viðunandi kerfum og ferlum til að hafa eftirlit með fjárhæðum gerninga, stöðu útistandandi fjárhæða veittra lánalína og breytingum á útistandandi fjárhæðum hjá hverjum loforðsgjafa og í hverju þrepi. Stofnunin skal vera fær um að hafa daglegt eftirlit með útistandandi fjárhæðum.

f) Noti stofnanir mismunandi mat á breytistuðlum við útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og til notkunar innan stofnunarinnar skal matið skjalfest og það vera réttmætt.

2. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka skal mat á breytistuðlum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár og lengist tímabilið um eitt ár á hverju ári eftir framkvæmd þar til að lágmarki sjö árum er náð, fyrir a.m.k. eina gagnalind. Ef einhver gagnalindanna nær yfir lengra athugunartímabil og ef þessi gögn eiga við skal nota það tímabil.

3. Að því er smásöluáhættuskuldbindingar varðar er stofnunum heimilt að endurspegla framtíðarádrátt á lánagerninga annaðhvort í breytistuðlum sínum eða í mati sínu á tapi að gefnum vanefndum.

Að því er varðar smásöluáhættuskuldbindingar skal mat á breytistuðlum byggt á gögnum sem ná yfir a.m.k. fimm ár. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. þarf stofnun ekki að gefa sögulegum gögnum sama vægi ef nýlegri gögn hafa betra forspárgildi varðandi ádrátt á lán. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda er stofnunum heimilt að nota viðeigandi gögn, sem ná yfir tveggja ára tímabil, þegar þær nota innramatsaðferðina. Það tímabil skal lengjast um eitt ár á hverju ári þar til viðkomandi gögn ná yfir fimm ára tímabil.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) eðli, alvarleika og tímalengd þess efnahagssamdráttar sem um getur í 1. mgr.,

b) með hvaða skilyrðum lögbært yfirvald getur heimilað stofnun að nota viðeigandi gögn, sem taka til tveggja ára, þegar hún notar innramatsaðferðina.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

183. gr.

Kröfur vegna mats á áhrifum ábyrgða og lánaafleiða í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka, þar sem eigið mat á tapi að gefnum vanefndum er notað, og í tengslum við smásöluáhættuskuldbindingar

1. Eftirfarandi kröfur gilda í tengslum við hæfa ábyrgðarveitenda og ábyrgðir:

a) Stofnanir skulu hafa skýrt tilgreindar viðmiðanir fyrir tegundir ábyrgðarveitendur sem þær viðurkenna vegna útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

b) Að því er varðar viðurkennda ábyrgðarveitendur skulu þær reglur gilda sem settar eru fram í 171., 172. og 173. gr.

c) Ábyrgðin skal vera skrifleg, óuppsegjanleg af hálfu ábyrgðarveitanda, í gildi þar til staðið hefur verið við skuldbindinguna að fullu (að því er varðar fjárhæð og gildistíma ábyrgðarinnar) og framfylgjanleg samkvæmt lögum gagnvart ábyrgðarveitanda í lögsögu þar sem hægt er að leggja hald á eignir ábyrgðarveitandans og framfylgja dómi. Heimilt er, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, að viðurkenna ábyrgðir sem fela í sér skilyrði um að ábyrgðarveitandi kunni að vera laus undan ábyrgð. Flokkunarviðmiðanir skulu taka með viðunandi hætti á því að það kunni að draga úr áhrifum af mildun áhættu.

2. Stofnun skal hafa skýrt tilgreindar viðmiðanir fyrir leiðréttingar á þrepum, söfnum eða mati á tapi að gefnum vanefndum og, ef um er að ræða smásöluviðskiptakröfur og hæfar keyptar viðskiptakröfur, fyrir aðferðir til að flokka áhættuskuldbindingar í þrep og söfn, til að endurspegla áhrif ábyrgða vegna útreiknings fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Þessar viðmiðanir skulu uppfylla kröfurnar sem eru sett fram í 171., 172. og 173. gr.

Viðmiðanirnar skulu vera trúverðugar og byggðar á innsæi. Þær skulu ná yfir getu og vilja ábyrgðarveitandans til að rækja ábyrgðina, líklega tímasetningu allra greiðslna frá ábyrgðarveitanda, það hve mikla fylgni geta ábyrgðarveitanda til að rækja ábyrgðina hefur við getu loforðsgjafa til að endurgreiða, og að hve miklu leyti eftirstæð áhætta gagnvart loforðsgjafa verður ennþá til staðar.

3. Kröfur varðandi ábyrgðir í þessari grein skulu einnig gilda um lánaafleiður gagnvart einum aðila. Kröfurnar, sem eru settar fram í 2. mgr. 216. gr., skulu gilda í tengslum við misræmi á milli undirliggjandi skuldbindingar og tilgreindrar skuldbindingar lánaafleiðunnar eða skuldbindingarinnar sem er notuð til að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað. Að því er smásöluáhættuskuldbindingar og hæfar keyptar viðskiptakröfur varðar gildir þessi málsgrein um ferlið við skipan áhættuskuldbindinga í þrep og söfn.

Viðmiðanirnar skulu taka til útgreiðslufyrirkomulags lánaafleiðunnar og meta með varfærnum hætti áhrif þess á umfang og tímasetningu endurheimtu. Stofnunin skal meta að hve miklu leyti annars konar eftirstæðir áhættuþættir eru eftir.

4. Kröfurnar í 1.–3. mgr. skulu ekki gilda um ábyrgðir, sem stofnanir, ríki og seðlabankar og fyrirtæki veita og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í g-lið 1. mgr. 201. gr., ef stofnunin hefur fengið heimild til að beita staðalaðferðinni að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna slíkra aðila skv. 148. og 150. gr. Í því tilviki skulu kröfur 4. kafla gilda.

5. Að því er smásöluáhættuskuldbindingar varðar skulu þær kröfur, sem eru settar fram í 1., 2. og 3. mgr., einnig gilda um flokkun áhættuskuldbindinga í þrep og söfn og mat á líkum á vanefndum.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina með hvaða skilyrðum lögbær yfirvöld geta heimilað viðurkenningu skilyrtra ábyrgða.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

184. gr.

Kröfur vegna keyptra viðskiptakrafna

1. Við magnákvörðun á áhættubreytum sem tengjast matsþrepum eða söfnum fyrir keyptar viðskiptakröfur skulu stofnanir sjá til þess að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2.-6. mgr., séu uppfyllt.

2. Gerningurinn skal þannig uppbyggður að tryggt sé að stofnunin hafi undir öllum fyrirsjáanlegum kringumstæðum virkt eignarhald á og yfirráð yfir öllum peningagreiðslum vegna viðskiptakrafnanna. Þegar loforðsgjafi greiðir seljanda eða þjónustuaðila fé milliliðalaust skal stofnunin sannreyna reglulega að greiðslurnar séu framsendar að öllu leyti og innan samningsbundinna skilmála. Stofnanir skulu hafa verklagsreglur til að tryggja að eignarhald á viðskiptakröfunum og innborguðu fé sé varið gegn áhrifum gjaldþrota eða dómsmála sem gætu valdið verulegum töfum á getu lánveitanda til að innleysa viðskiptakröfurnar eða ráðstafa þeim eða halda yfirráðum yfir innborguðu fé.

3. Stofnunin skal fylgjast með bæði gæðum keyptra viðskiptakrafna og fjárhagsstöðu seljandans og þjónustuaðilans. Eftirfarandi skal gilda:

a) Stofnunin skal meta fylgni á milli gæða keyptu viðskiptakrafnanna og fjárhagsstöðu bæði seljandans og þjónustuaðilans og hafa til staðar innri stefnur og verklagsreglur sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir til varnar gegn öllum ófyrirséðum atburðum, þ.m.t. að úthluta innra áhættumati á hvern seljanda og þjónustuaðila.

b) Stofnunin skal hafa skýrar og skilvirkar stefnur og verklagsreglur við ákvörðun á hæfi seljanda og þjónustuaðila. Stofnunin eða fulltrúi hennar skulu framkvæma reglubundna endurskoðun á seljendum og þjónustuaðilum til að sannreyna nákvæmni skýrslna frá seljanda eða þjónustuaðila, koma upp

um sviksemi eða veikleika í rekstri og sannreyna gæði lánastefna seljandans auk verklagsreglna og innheimtustefna þjónustuaðilans. Skjalfesta skal niðurstöður þessara endurskoðana.

c) Stofnunin skal meta öll einkenni safna keyptra viðskiptakrafna, þ.m.t. yfirdrátt (e. *over-advances*), vanskilasögu seljandans, tapaðar viðskiptakröfur og afskriftir vegna tapaðra viðskiptakrafna, greiðsluskilmála og mögulegra mótreikninga.

d) Stofnunin skal hafa skilvirkar stefnur og verklagsreglur til að geta haft heildareftirlit með samþjöppun gagnvart einum loforðsgjafa, bæði innan safna keyptra viðskiptakrafna og á milli þeirra.

e) Stofnunin skal tryggja að hún fái við fyrsta tækifæri nægilega ítarlegar skýrslur yfir aldur og þynningu viðskiptakrafna frá þjónustuaðilanum til að tryggja að farið sé að hæfisviðmiðum stofnunarinnar og útgreiðslustefnum, sem gilda um keyptar viðskiptakröfur, og veita skilvirkt úrræði til að hafa eftirlit með og staðfesta söluskilmála og þynningu seljandans.

4. Stofnunin skal hafa til staðar kerfi og verklagsreglur til þess að greina hnignun í fjárhagsstöðu seljanda og gæðum keyptra viðskiptakrafna á frumstigi og til að geta tekið með fyrirbyggjandi hætti á vandamálum í uppsiglingu. Stofnunin skal einkum hafa til staðar skýrar og skilvirkar stefnur, verklagsreglur og upplýsingakerfi til þess að geta haft eftirlit með brotum á lánaskilmálum og skýrar og skilvirkar stefnur og verklagsreglur til að geta hafið málsókn og tekið á keyptum viðskiptakröfum sem vandkvæði eru með.

5. Stofnunin skal hafa til staðar skýrar og skilvirkar stefnur og verklagsreglur sem gilda um eftirlit með keyptum viðskiptakröfum, lánum og reiðufé. Einkum skulu skriflegar innri stefnur tilgreina alla mikilvæga þætti áætlunar um kaup á viðskiptakröfum, þ.m.t. kjör veltufjármögnunar, hæfar tryggingar, nauðsynleg gögn, hámark samþjöppunar og hvernig fara skal með innborgað fé. Þessir þættir skulu taka viðeigandi tillit til allra viðkomandi og mikilvægra atriða, þ.m.t. fjárhagsstöðu seljanda og þjónustuaðila, áhættusamþjöppunar og þróunar í gæðum keyptra viðskiptakrafna og hópi viðskiptavina seljandans og skulu innri kerfi tryggja að lán séu einungis veitt gegn tilgreindri stuðningstryggingu og gögnum.

6. Stofnunin skal hafa til staðar skilvirkt innra ferli til að meta fylgni við allar innri stefnur og verklagsreglur. Þetta ferli skal fela í sér reglulega úttekt á öllum mikilvægum áföngum áætlunar stofnunarinnar um kaup á viðskiptakröfum, sannprófun á aðskilnaði verkefna á milli annars vegar mats á seljanda og þjónustuaðila og mats á loforðsgjafa og hins vegar á milli mats á seljanda og þjónustuaðila og endurskoðunar á staðnum hjá seljanda og þjónustuaðila og mats á starfsemi bakvinnslu, með sérstakri áherslu á menntun og hæfi, reynslu, fjölda starfsfólks og sjálfvirk stuðningskerfi.

3. undirþáttur

Innra mat sannreynt

185. gr.

Innra mat sannreynt

Stofnanir skulu sannreyna innra mat sitt með fyrirvara um eftirfarandi kröfur:

a) Stofnanir skulu búa yfir traustum kerfum til að sannreyna nákvæmni og samkvæmni matskerfa, ferla og mats allra viðkomandi áhættubreyta. Innra sannreyningarferlið skal gera stofnuninni kleift að meta frammistöðu kerfa innra mats og áhættumats með samræmdum og markvissum hætti.

b) Stofnanir skulu með reglulegu millibili bera endanleg vanskilahlutföll saman við mat á líkum á vanefndum fyrir hvert þrep og þær skulu greina sérstaklega, þegar endanleg vanskilahlutföll eru utan við vænt bil, ástæður fráviksins. Stofnanir, sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, skulu einnig framkvæma hliðstæða greiningu fyrir þetta mat. Við slíkan samanburð skal nota söguleg gögn sem ná yfir eins langt tímabil og mögulegt er. Stofnunin skal skjalfesta aðferðirnar og gögnin sem notuð eru við slíkan samanburð. Uppfæra skal þessa greiningu og skjalfestingu a.m.k. árlega.

c) Stofnanir skulu einnig nota aðrar megindlegar sannreyningaraðferðir og samanburð við viðeigandi ytri gagnalindir. Greiningin skal byggð á gögnum sem hæfa eignasafninu, eru uppfærð reglulega og ná yfir viðeigandi athugunartímabil. Innra mat stofnunar á frammistöðu matskerfa sinna skal grundvallað á eins löngu tímabili og hægt er.

d) Samræmi skal vera í aðferðum og gögnum sem notuð eru við megindlega sannreyningu frá einum tíma til annars. Skjalfesta skal breytingar á mats- og sannreyningaraðferðum og gögnum (bæði gagnalindum og tímabilum).

e) Stofnanir skulu hafa trausta innri staðla vegna aðstæðna þar sem frávik í endanlegum líkum á vanskilum, tapi að gefnum vanefndum, breytistuðlum og heildartapi, ef mat á væntu tapi er notað, frá væntingum verða nógu veigamikil til að draga megi réttmæti matsins í efa. Þessir staðlar skulu hafa hliðsjón af viðskiptasveiflum og svipuðum kerfisbundnum breytileika vanskila. Þegar endanleg gildi eru að staðaldri hærri en vænt gildi skulu stofnanir endurskoða mat sitt til hækkunar í þeim tilgangi að endurspegla reynslu sína af vanskilum og tapi.

4. undirþáttur

Kröfur í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa samkvæmt eiginlíkansaðferðinni

186. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns og magnákvörðun vegna áhættu

Við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns skulu stofnanir uppfylla eftirfarandi staðla:

a) Mat á mögulegu tapi skal vera traust gagnvart óhagstæðum markaðshreyfingum sem hafa áhrif á langtímaáhættusnið tiltekinna eignarhluta stofnunarinnar. Gögnin, sem eru notuð til að sýna dreifingu afkomu, skulu endurspegla lengsta úrtakstímabil, sem viðeigandi gögn eru til fyrir, og hafa þýðingu við framsetningu áhættusniðs fyrir sértækar áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna hlutabréfa. Gögnin, sem eru notuð, skulu nægja til að veita varfærnislegt, tölfræðilega áreiðanlegt og traust mat á tapi sem er ekki eingöngu byggt á hlutlægu mati eða áliti. Áfallið sem miðað er við skal sýna varfærnislegt mat á hugsanlegu tapi yfir viðkomandi langtímamarkaðs- eða viðskiptasveiflu; Stofnunin skal sameina greiningar á tiltækum raungögnum með aðlögunum sem byggja á mismunandi þáttum í þeim tilgangi að fá líkön til að sýna viðeigandi raunsæi og varfærni í niðurstöðum. Við gerð vágildislíkana (VaR) við mat á hugsanlegu ársfjórðungslegu tapi geta stofnanir notað ársfjórðungsleg gögn, eða umreiknað gögn frá styttra tímabili yfir í jafngildi ársfjórðungslegra talna, með notkun viðeigandi greiningaraðferðar, sem byggir á reynslugögnum, og með vandaðri og skjalfestri hugmyndavinnu og greiningu. Beita skal slíkri nálgun varfærnislega og með samræmdum hætti frá einum tíma til annars. Þegar takmarkað magn viðeigandi gagna er til staðar skal stofnunin bæta við hæfilegum varfærnismörkum.

b) Þau líkön sem notuð eru skulu taka á fullnægjandi hátt tillit til allra mikilvægra áhætta sem felast í ávöxtun hlutabréfa, þ.m.t. almenn markaðsáhætta og sérstök áhætta vegna hlutabréfasafns stofnunarinnar. Eigin líkön skulu geta skýrt með viðeigandi hætti sögulegar verðbreytingar, greint bæði magn og breytingar á samsetningu hugsanlegrar samþjöppunar og vera traust gagnvart óhagstæðum markaðsaðstæðum. Samsetning áhættu í þeim gögnum sem notuð eru við matið skal vera sem líkust áhættu sem tengist áhættuskuldbindingum stofnunarinnar vegna hlutabréfa eða a.m.k. sambærileg.

c) Eigið líkan skal hæfa áhættusniði og margbreytileika hlutabréfasafns stofnunar. Þegar stofnun á verulega eignarhluti sem eru mjög ólínulegir í eðli sínu skal eigið líkan hannað þannig að það taki nægilegt tillit til þeirrar áhættu sem tengist slíkum gerningum.

d) Vörpun einstakra staðna yfir í verðvísbendingar, markaðsvístölur og áhættuþætti skal vera trúverðug, gerð með innsæi og skilvirk.

e) Stofnanir skulu með aðstoð greininga á reynslugögnum sýna fram á það hversu viðeigandi áhættuþættir eru, þ.m.t. getu þeirra til að ná yfir bæði almenna og sértæka áhættu.

f) Við mat á flökti á tekjum af áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa skal taka til viðeigandi og fáanlegra gagna, upplýsinga og aðferða. Nota skal innri gögn sem hafa verið skoðuð af óháðum aðila eða gögn frá ytri gagnalindum, þ.m.t. sameinuð gögn.

g) Gagngerð og yfirgripsmikil álagsprófunaráætlun skal vera til staðar.

187. gr.

Áhættustýringarferli og -eftirlit

Með tilliti til þróunar og notkunar eigin líkana vegna krafna um eiginfjárgrunn skulu stofnanir taka upp stefnur, verklagsreglur og eftirlit til þess að tryggja heilindi líkansins og vinnsluferlis þess. Þessar stefnur, verklagsreglur og eftirlit skulu fela í sér eftirfarandi:

a) fulla aðlögun eigin líkans að heildarupplýsingakerfi fyrir stjórnendur stofnunarinnar og í stýringu hlutabréfasafns utan veltubókar, eigin líkön skulu að fullu löguð að innviðum áhættustýringar stofnunar ef þau eru sérstaklega notuð við mælingu og mat á arðsemi hlutabréfasafnsins, þ.m.t. arðsemi að teknu tilliti til áhættu, úthlutun varnarfjármagns á áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa og við að meta heildareiginfjárþörf og ferli fjárfestingarstjórnunar,

b) viðurkennd stjórnunarkerfi, verklagsreglur og eftirlitsstarf til að tryggja reglulegt og óháð eftirlit með öllum þáttum vinnsluferlis eigin líkans, þ.m.t. samþykki á endurskoðun líkans, könnun á ílagsgögnum og endurskoðun á niðurstöðum líkana, s.s. bein sannprófun áhættuútreikninga, við slíka endurskoðun skal meta nákvæmni, heilleika og hversu viðeigandi ílagsgögn og niðurstöður líkansins eru með áherslu bæði á að finna og lágmarka hugsanlegar villur sem tengjast þekktum veikleikum og að skilgreina óþekkta veikleika líkansins, slík endurskoðun má vera framkvæmd af óháðri einingu innan stofnunarinnar eða af óháðum utanaðkomandi þriðja aðila,

c) fullnægjandi kerfi og verklagsreglur til að hafa eftirlit með fjárfestingarmörkum og áhættu áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa,

d) þær einingar sem bera ábyrgð á hönnun og notkun líkananna skulu vera rekstrarlega óháðar þeim einingum sem bera ábyrgð á stjórnun einstakra fjárfestinga,

e) þeir aðilar sem bera ábyrgð á einhverjum þætti vinnsluferlis líkana skulu hafa til þess viðeigandi menntun og hæfi; stjórnin skal útvega starfsfólk með tilhlýðilega reynslu og hæfni til að sinna líkaninu.

188. gr.

Sannreyning og skjalfesting

Stofnanir skulu búa yfir traustum kerfum til að sannreyna nákvæmni og samkvæmni eigin líkana sinna og vinnsluferli líkana. Skjalfesta skal alla mikilvæga þætti eigin líkans og vinnsluferli þess og sannreyningu.

Sannreyning og skjalfesting eigin líkana stofnana og vinnsluferlis líkana skulu vera með fyrirvara um eftirfarandi kröfur:

a) Stofnanir skulu nota innra sannreyningarferlið til að meta frammistöðu eigin líkana sinna og vinnsluferli á samræmdan og marktækan hátt.

b) Samræmi skal vera í aðferðum og gögnum sem notuð eru við megindlega sannreyningu frá einum tíma til annars. Skjalfesta skal breytingar á mats- og sannreyningaraðferðum og gögnum, bæði gagnalindum og tímabilum.

c) Stofnanir skulu reglulega bera raunverulega ávöxtun hlutabréfa, reiknaða með tilliti til innleysts og óinnleysts hagnaðar og taps, saman við mat samkvæmt líkönum. Við slíkan samanburð skal nota söguleg gögn sem ná yfir eins langt tímabil og mögulegt er. Stofnunin skal skjalfesta aðferðirnar og gögnin sem notuð eru við slíkan samanburð. Uppfæra skal þessa greiningu og skjalfestingu a.m.k. árlega.

d) Stofnanir skulu einnig nota aðrar megindlegar sannreyningaraðferðir og samanburð við ytri gagnalindir. Greiningin skal byggð á gögnum sem hæfa eignasafninu, eru uppfærð reglulega og ná yfir viðeigandi athugunartímabil. Innra mat stofnunar á frammistöðu líkana þess skal grundvallað á eins löngu tímabili og hægt er.

e) Stofnanir skulu hafa trausta innri staðla vegna aðstæðna þar sem samanburður á raunverulegri ávöxtun hlutabréfa við mat líkana gefur tilefni til efasemda um réttmæti matsins eða líkananna sjálfra. Í þessum stöðlum skal hafa hliðsjón af viðskiptasveiflum og svipuðum kerfisbundnum breytileika í ávöxtun hlutabréfa. Allar breytingar sem gerðar eru á eigin líkönum í kjölfar endurskoðunar á þeim skulu skjalfestar og vera í samræmi við endurskoðunarstaðla stofnunar vegna líkananna.

f) Eigið líkan og vinnsluferli þess skal vera skjalfest, þ.m.t. ábyrgð þeirra aðila sem taka þátt í líkanagerðinni, samþykkt á líkaninu og endurskoðun þess.

5. undirþáttur

Innri stjórnunarhættir og eftirlit

189. gr.

Stjórnunarhættir fyrirtækja

1. Stjórn stofnunarinnar eða nefnd tilnefnd af henni og framkvæmdastjórn skulu samþykkja alla mikilvæga þætti lánshæfiseinkunnar- og matsferla. Þessir aðilar skulu búa yfir almennri þekkingu á matskerfum stofnunarinnar og ítarlegum skilningi á stjórnunarskýrslum þeim tengdum.

2. Framkvæmdastjórn skal lúta eftirfarandi kröfum:

a) Hún skal láta stjórninni eða nefnd sem hún tilnefnir í té tilkynningu um mikilvægar breytingar eða undanþágur frá viðurkenndum stefnum sem munu hafa veruleg áhrif á rekstur matskerfa stofnunarinnar.

b) Hún skal hafa góðan skilning á hönnun og starfsemi matskerfanna.

c) Hún skal tryggja, með viðvarandi hætti, að matskerfin starfi rétt.

Eftirlitseiningar útlánahættu skulu reglulega láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um frammistöðu matsferlisins, atriði sem þarf að bæta og stöðu aðgerða til bæta úr áður tilgreindum annmörkum.

3. Greining byggð á innra mati á áhættusniði stofnunarinnar skal vera mikilvægur hluti af stjórnunarskýrslugjöf til þessara aðila. Skýrslugjöf skal fela í sér a.m.k. áhættusnið eftir þrepum, flakk á milli þrepa, mat á viðeigandi breytum fyrir hvert þrep og samanburð á endalegum vanskilahlutföllum og, að því marki sem eigið mat er notað, á endanlegu tapi að gefnum vanefndum og endanlegum breytistuðlum samanborið við væntingar og niðurstöður úr álagsprófunum. Tíðni skýrslugjafar skal velta á mikilvægi og tegund upplýsinga og stöðu móttakanda.

190. gr.

Stjórnun útlánaáhættu

1. Eftirlitseining vegna útlánahættu skal vera óháð starfssviðum starfsfólks og stjórnenda sem sjá um að stofna til eða viðhalda áhættuskuldbindingum og skal heyra beint undir framkvæmdastjórn. Einingin skal sjá um hönnun eða val, framkvæmd, umsjá og frammistöðu matskerfanna. Einingin skal reglulega taka saman eða greina skýrslur um niðurstöður matskerfanna.

2. Ábyrgðasvið eftirlitseiningar eða -eininga vegna útlánahættu skal ná yfir:

a) prófun á og eftirlit með þrepum og söfnum,

b) gerð og greiningu yfirlitsskýrslna frá matskerfum stofnunarinnar,

c) reglur um framkvæmd til að sannreyna að skilgreiningar þrepa og safna séu notaðar með samræmdum hætti í mismunandi deildum og á mismunandi landsvæðum,

d) endurskoðun og skjalfestingu allra breytinga í matsferlinu, þ.m.t. ástæður breytinga,

e) endurskoðun á matsviðmiðunum til að meta hvort þau spái áfram fyrir um áhættu, breytingar á matsferli, viðmiðunum eða einstökum matsbreytum skulu skjalfestar og þeim viðhaldið,

f) virka þátttöku í hönnun eða vali, framkvæmd og sannreyningu á líkönum sem notuð eru í matsferlinu,

g) umsjá og eftirlit með líkönum sem notuð eru við matsferlið,

h) stöðuga endurskoðun og breytingar á líkönum sem notuð eru við matsferlið.

3. Stofnunum, sem nota sameinuð gögn í samræmi við 2. mgr. 179. gr., er heimilt að útvista eftirfarandi verkefnum:

a) öflun upplýsinga í tengslum við prófanir og eftirlit með þrepum og söfnum,

b) gerð yfirlitsskýrslna frá matskerfum stofnunarinnar,

c) öflun upplýsinga í tengslum við endurskoðun á matsviðmiðunum til að meta hvort þau spái áfram fyrir um áhættu,

d) skjalfestingu breytinga á matsferlinu, viðmiðana eða einstaka matsbreyta,

e) öflun upplýsinga í tengslum við stöðuga endurskoðun og breytingar á líkönum sem notuð eru við matsferlið.

4. Stofnanir sem notfæra sér 3. mgr. skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum frá þriðja aðila sem nauðsynlegar eru til að athuga hvort kröfum sé fylgt og að lögbærum yfirvöldum sé heimilt að framkvæma vettvangsathuganir að sama marki og innan stofnunarinnar.

191. gr.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun eða önnur sambærileg sjálfstæð endurskoðunareining skal endurskoða a.m.k. árlega matskerfi stofnunar og rekstur hennar, þ.m.t. útlánastarfsemi og mat á líkum á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum, væntu tapi og breytistuðlum. Endurskoðunin skal m.a. ná yfir það hvort öllum viðeigandi kröfum sé fylgt.

4. KAFLI

Mildun útlánahættu

1. þáttur

Skilgreiningar og almennar kröfur

192. gr.

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „lánastofnun“: sú stofnun sem hefur áhættuskuldbindinguna sem um er að ræða,

2) „tryggð lánveiting“: öll viðskipti sem leiða til áhættuskuldbindingar sem er tryggð með veði og sem fela ekki í sér ákvæði sem veita stofnuninni rétt til að kalla eftir auknum tryggingum a.m.k. daglega,

3) „viðskipti á fjármagnsmarkaði“: öll viðskipti sem leiða til áhættuskuldbindingar sem er tryggð með veði og sem fela í sér ákvæði sem veita stofnuninni rétt til að kalla eftir auknum tryggingum a.m.k. daglega,

4) „undirliggjandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu“: sjóður um sameiginlega fjárfestingu með hlutabréf eða einingar sem annar sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur fjárfest í.

193. gr.

Meginreglur varðandi færslu á áhrifum aðferða til mildunar útlánaáhættu

1. Engin áhættuskuldbinding, sem stofnun hefur mildað útlánaáhættu fyrir, skal leiða til hærri fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eða vænts taps en áhættuskuldbinding sem er að öðru leyti eins nema þar er ekki um mildun útlánaáhættu að ræða.

2. Ef tillit hefur þegar verið tekið til útlánavarna í fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skv. 2. eða 3. kafla, eftir því sem við á, skulu stofnanir ekki taka tillit til þeirrar útlánavarnar við útreikninga samkvæmt þessum kafla.

3. Ef ákvæði 2. og 3. þáttar hafa verið uppfyllt er stofnunum heimilt að breyta útreikningi fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni og útreikningi fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. þáttar.

4. Stofnanir skulu fara með reiðufé, verðbréf eða hrávörur, sem eru keyptar, fengnar að láni eða mótteknar í tengslum við endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/ lántöku, eins og tryggingar.

5. Þegar stofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni og fleiri en ein tegund mildunar á útlánaáhættu nær yfir eina tegund áhættuskuldbindingar skal hún gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) skipta áhættuskuldbindingunni í hluta sem falla undir hverja tegund mildunar útlánaáhættu,

b) reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar fyrir hvern þann hluta sem fæst samkvæmt a-lið sérstaklega í samræmi við ákvæði 2. kafla og þessa kafla.

6. Þegar stofnun sem reiknar út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni ver staka áhættuskuldbindingu með útlánavörn frá einum veitanda útlánavarna og slík vörn hefur mismunandi gjalddaga skal hún gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) skipta áhættuskuldbindingunni í hluta sem falla undir hverja tegund mildunar útlánaáhættu,

b) reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar fyrir hvern þann hluta sem fæst samkvæmt a-lið sérstaklega í samræmi við ákvæði 2. kafla og þessa kafla.

194. gr.

Meginreglur varðandi viðurkenningu aðferða til mildunar útlánaáhættu

1. Aðferðin, sem notuð er til útlánavarnar, svo og aðgerðirnar og ráðstafanirnar sem gerðar eru og verklagsreglur og stefnur sem lánastofnunin hrindir í framkvæmd, skulu vera þannig að þær leiði til útlánavarna sem hafa réttaráhrif og eru fullnustuhæfar í öllum viðkomandi lögsagnarumdæmum.

Lánastofnunin skal láta í té, fari lögbært yfirvald fram á það, nýjustu útgáfu óháðs, skriflegs og rökstudds lagalegs álits eða álita sem hún hefur notað til að ákvarða hvort útlánavarnir hennar uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.

2. Lánastofnunin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirkni útlánavarnafyrirkomulagsins og til að draga úr áhættum sem tengjast því fyrirkomulagi.

3. Stofnanir geta einungis fært fjármagnaða útlánavörn í útreikninga á áhrifum af mildun útlánaáhættu ef eignir, sem liggja útlánavörninni til grundvallar, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Þær eru á skrá yfir veðhæfar eignir sem er settur fram í 197.-200. gr., eftir því sem við á.

b) Þær eru nægilega seljanlegar og virði þeirra nægilega stöðugt til að veita viðeigandi vissu um útlánavörnina, með hliðsjón af aðferðinni við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og því að hve miklu leyti færsla er leyfð.

4. Stofnanir geta einungis fært fjármagnaða útlánavörn við útreikning á áhrifum af mildun útlánaáhættu ef lánastofnunin hefur rétt til að selja tímanlega eða halda eftir eignum sem eru til tryggingar ef til vanefnda loforðsgjafans og, ef við á, vörsluaðila tryggingarinnar kemur, ógjaldfærni hans eða gjaldþrots eða annars lánaatburðar sem fram kemur í viðskiptagögnunum. Ekki skal vera of mikil fylgni milli virðis eignanna sem notaðar eru til varnar og lánshæfis loforðsgjafans.

5. Ef um er að ræða ófjármagnaða útlánavörn skal veitandi útlánavarnar fá viðurkenningu sem slíkur því aðeins að veitandi útlánavarnar sé nefndur í skrá yfir viðurkennda veitendur útlánavarnar sem sett er fram í 201. eða 202. gr. eftir því sem við á.

6. Ef um er að ræða ófjármagnaða útlánavörn skal samningur um varnir viðurkenndur sem slíkur því aðeins að hann uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) Hann er á skrá yfir viðurkennda samninga um varnir sem er settur fram í 203. gr. og 1. mgr. 204. gr.

b) Hann hefur réttaráhrif og er fullnustuhæfur í viðkomandi lögsagnarumdæmum, til að veita viðeigandi vissu um útlánavörnina, sem fengist hefur, með hliðsjón af aðferðinni við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og því að hve miklu leyti færsla er leyfð.

c) Veitandi útlánavarnar uppfyllir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 5. mgr.

7. Útlánavörn skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. þætti, eftir því sem við á.

8. Stofnun verður að sýna lögbærum yfirvöldum fram á að hún hafi fullnægjandi áhættustýringarferli til að stjórna þeirri áhættu sem stofnunin kann að standa frammi fyrir vegna aðgerða sem ætlað er að milda útlánaáhættu.

9. Þrátt fyrir þá staðreynd að tekið hafi verið tillit til mildunar útlánaáhættu við útreikning fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, ef við á, fjárhæða vænts taps skulu stofnanir halda áfram að gera fullt áhættumat á undirliggjandi áhættuskuldbindingu og vera í aðstöðu til að sýna lögbærum yfirvöldum fram á að stofnunin uppfylli þessa kröfu. Við endurhverf viðskipti og verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/ lántöku skal undirliggjandi áhættuskuldbinding, að því er varðar þessa málsgrein eingöngu, teljast vera hrein fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar.

10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina hvað teljist vera nægilega lausar eignir og hvenær virði eigna telst nægilega stöðugt að því er 3. mgr. varðar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. september 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. þáttur

Viðurkennd form af mildun útlánaáhættu

1. undirþáttur

Fjármögnuð útlánavörn

195. gr.

Skuldajöfnun í efnahagsreikningi

Stofnun getur notað skuldajöfnun gagnkvæmra krafna í efnahagsreikningi milli hennar sjálfrar og mótaðila hennar sem viðurkennt form af mildun útlánaáhættu.

Með fyrirvara um 196. gr. takmarkast viðurkenning við gagnkvæman greiðslujöfnuð milli stofnunarinnar og mótaðilans. Stofnanir geta breytt fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, ef við á, fjárhæðum vænts taps einungis að því er varðar lán og innlán sem þær hafa tekið við sjálfar og falla undir samkomulag um skuldajöfnun í efnahagsreikningi.

196. gr.

Rammasamningar um skuldajöfnun sem taka til endurhverfra viðskipta eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku eða annarra viðskipta á fjármagnsmarkaði

Stofnunum, sem samþykkja heildaraðferð fjárhagslegra trygginga sem er sett fram í 223. gr., er heimilt að taka tillit til áhrifa tvíhliða skuldajöfnunarsamninga sem ná yfir endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar/lántöku eða annarra viðskipta á fjármagnsmarkaði við mótaðila. Með fyrirvara um 299. gr. skal tryggingin sem tekin er og verðbréf eða hrávörur sem tekin eru að láni innan slíkra samninga eða viðskipta vera í samræmi við kröfur vegna viðurkenningar trygginga sem settar eru fram í 197. og 198. gr.

197. gr.

Hæf trygging í tengslum við allar aðferðir

1. Stofnunum er heimilt að nota eftirfarandi liði sem hæfa tryggingu samkvæmt öllum aðferðum:

a) innlán hjá lánastofnuninni eða reiðufjárígildisgerningar vistaðir hjá henni,

b) skuldabréf, gefin út af ríkjum eða seðlabönkum, þar sem verðbréf hafa lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða útflutningslánastofnun að því er varðar 2. kafla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 4. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna ríkja og seðlabanka skv. 2. kafla,

c) skuldabréf, gefin út af stofnunum þar sem verðbréf hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna stofnana skv. 2. kafla,

d) skuldabréf, gefin út af öðrum aðilum, þar sem verðbréf hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja skv. 2. kafla,

e) skuldabréf með skammtímalánshæfismati frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 3. Lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog skammtímaáhættuskuldbindinga skv. 2. kafla,

f) hlutabréf eða breytanleg skuldabréf sem eru talin með í aðalvísitölu,

g) gull,

h) verðbréfaðar stöður, sem eru ekki endurverðbréfaðar stöður, sem hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog verðbréfaðra áhættuskuldbindinga samkvæmt aðferðinni sem er tilgreind í 3. undirþætti 3. þáttar 5. kafla.

2. Að því er b-lið 1. mgr. varðar skulu „skuldabréf, gefin út af ríkjum eða seðlabönkum“ ná til eftirfarandi:

a) skuldabréfa, sem héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld hafa gefið út, þar sem farið er með áhættuskuldbindingar vegna þeirra á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna þeirra ríkja þar sem þau hafa staðfestu skv. 2. mgr. 115. gr.,

b) skuldabréfa, sem opinberir aðilar hafa gefið út og farið er með á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna ríkja í samræmi við 4. mgr. 116. gr.,

c) skuldabréfa, sem fjölþjóðlegir þróunarbankar hafa gefið út og hafa fengið 0% áhættuvog skv. 2. mgr. 117. gr.,

d) skuldabréfa, sem alþjóðastofnanir hafa gefið út og hafa fengið 0% áhættuvog skv. 118. gr.

3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skulu „skuldabréf, gefin út af stofnunum“ ná til eftirfarandi:

a) skuldabréfa sem héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld hafa gefið út, þó ekki þau skuldabréf sem um getur í a-lið 2. mgr.,

b) skuldabréfa sem opinberir aðilar hafa gefið út, þar sem farið er með áhættuskuldbindingar vegna þeirra í samræmi við 1. og 2. mgr. 116. gr.,

c) skuldabréfa sem fjölþjóðlegir þróunarbankar hafa gefið út, annarra en þeirra sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 2. mgr. 117. gr.

4. Stofnun er heimilt að nota skuldabréf, sem gefin eru út af öðrum stofnunum og hafa ekki lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem hæfa tryggingu, ef skuldabréfin uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

a) þau eru skráð í viðurkenndri kauphöll,

b) þau eru viðurkennd sem forgangskröfur,

c) allar aðrar metnar útgáfur, með sama forgang, útgefnar af sömu stofnun, hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna stofnana eða skammtímaáhættuskuldbindinga skv. 2. kafla,

d) lánastofnunin hefur engar upplýsingar sem gefa til kynna að útgáfan ætti að fá lægra lánshæfismat en það sem nefnt er í c-lið,

e) seljanleiki gerningsins á markaði er nægilegur hvað þetta varðar.

5. Stofnanir geta notað einingar eða hlutabréf í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem hæfa tryggingu ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) einingarnar eða hlutabréfin hafa opinbert verð sem skráð er daglega,

b) sjóðir um sameiginlega fjárfestingu eru bundnir við að fjárfesta í gerningum sem eru viðurkenndir skv. 1. og 4. lið,

c) sjóðir um sameiginlega fjárfestingu uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 132. gr.

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu fjárfestir í hlutabréfum eða einingum annars sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skulu þau skilyrði, sem mælt er fyrir um í a- til c-lið fyrstu undirgreinar, gilda á sama hátt um slíkan undirliggjandi sjóð.

Notkun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja heimilaðar fjárfestingar skal ekki koma í veg fyrir að einingar eða hlutabréf í sjóðnum teljist hæf trygging.

6. Að því er 5. mgr. varðar, þar sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu („upprunalegur sjóður um sameiginlega fjárfestingu“) eða einhver undirliggjandi sjóða hans um sameiginlega fjárfestingu eru ekki bundnir við að fjárfesta í gerningum, sem eru viðurkenndir skv. 1. og 4. mgr., geta stofnanir notað einingar eða hlutabréf í þeim sjóði sem tryggingu fyrir fjárhæð sem er jafnhá virði veðhæfra eigna í eigu þess sjóðs á þeirri forsendu að sjóðurinn eða einhver undirliggjandi sjóða hans um sameiginlega fjárfestingu hafi fjárfest í óveðhæfum eignum að því marki sem leyfilegt er samkvæmt umboði hvers þeirra um sig.

Ef undirliggjandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur sína eigin undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu geta stofnanir notað einingar eða hlutabréf í upprunalega sjóðnum sem hæfa tryggingu að því tilskildu að þeir hafi beitt þeirri aðferðafræði sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.

Í tilvikum þar sem óveðhæfar eignir geta haft neikvætt virði vegna skuldbindinga eða ábyrgðarskuldbindinga, sem stafa af eignarhaldi, skulu stofnanir gera hvort tveggja af eftirfarandi:

a) reikna út heildarvirði óveðhæfra eigna og

b) draga tölugildi fjárhæðar sem fæst skv. a-lið, sé hún neikvæð, frá heildarvirði veðhæfra eigna.

7. Hafi verðbréf tvö lánshæfismöt frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, að því er varðar b- til e-lið 1. mgr., skulu stofnanir láta það mat sem er óhagstæðara gilda. Í þeim tilvikum þar sem verðbréf hefur fleiri en tvö lánshæfismöt frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum skulu stofnanir láta tvö hagstæðustu lánshæfismötin gilda. Ef tvö hagstæðustu lánshæfismötin eru ólík skulu stofnanir láta það mat sem er óhagstæðara gilda.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) aðalvísitölur sem um getur í þessari grein (f-liður 1. mgr.), 198. gr. (a-liður 1. mgr.), 224. gr. (1. og 4. mgr.) og 299. gr. (e-liður 2. mgr.),

b) viðurkenndar kauphallir sem um getur í þessari grein (a-liður 4. mgr.), 198. gr. (a-liður 1. mgr.), 224. gr. (1. og 4. mgr.), 299. gr. (e-liður 2. mgr.), 400. gr. (k-liður 2. mgr.), 416. gr. (e-liður 3. mgr.), 428. gr. (c-liður 1. mgr.) og 12. lið III. viðauka í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 72. lið 1. mgr. 4. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

198. gr.

Aðrar hæfar tryggingar í tengslum við heildaraðferð fjárhagslegra trygginga

1. Ef stofnun notar heildaraðferð fjárhagslegra trygginga sem er sett fram í 223. gr. má hún til viðbótar þeim tryggingum sem um getur í 197. gr. nota eftirfarandi liði sem hæfa tryggingu:

a) hlutabréf eða breytanleg skuldabréf sem ekki eru í aðalvísitölu en viðskipti eru með í viðurkenndri kauphöll,

b) einingar eða hlutabréf í sjóði um sameiginlega fjárfestingu þar sem bæði eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

i. einingarnar eða hlutabréfin hafa opinbert verð sem skráð er daglega,

ii. sjóður um sameiginlega fjárfestingu er bundinn við að fjárfesta í gerningum sem eru viðurkenndir skv. 1. og 4. mgr. 197. gr. og í þeim liðum sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar.

Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu fjárfestir í einingum eða hlutabréfum annars sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skulu skilyrði a- og b-liðar þessarar málsgreinar gilda á sama hátt um slíkan undirliggjandi sjóð.

Notkun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja heimilaðar fjárfestingar skal ekki koma í veg fyrir að einingar eða hlutabréf í sjóðnum teljist hæf trygging.

2. Þar sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu eða undirliggjandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu er ekki bundinn við að fjárfesta í gerningum, sem eru viðurkenndir skv. 1. og 4. mgr. 197. gr. og liðum sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, geta stofnanir notað einingar eða hlutabréf í þeim sjóði sem tryggingu fyrir fjárhæð sem er jafnhá virði veðhæfra eigna í eigu þess sjóðs á þeirri forsendu að sjóðurinn eða einhver undirliggjandi sjóða hans um sameiginlega fjárfestingu hafi fjárfest í óveðhæfum eignum að því marki sem leyfilegt er samkvæmt umboði hvers þeirra um sig.

Í tilvikum þar sem óveðhæfar eignir geta haft neikvætt virði vegna skuldbindinga eða ábyrgðarskuldbindinga, sem stafa af eignarhaldi, skulu stofnanir gera hvort tveggja af eftirfarandi:

a) reikna út heildarvirði óveðhæfra eigna og

b) draga tölugildi fjárhæðar sem fæst skv. a-lið, sé hún neikvæð, frá heildarvirði veðhæfra eigna.

199. gr.

Aðrar hæfar tryggingar í tengslum við innramatsaðferðina

1. Auk þeirrar tryggingar sem um getur í 197. og 198. gr. geta stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni einnig notað eftirtalin form trygginga:

a) tryggingu í formi fasteignar í samræmi við 2., 3. og 4. mgr.,

b) viðskiptakröfur í samræmi við 5. mgr.,

c) aðrar efnislegar tryggingar í samræmi við 6. og 8. mgr.,

d) leigu í samræmi við 7. mgr.

2. Ef annað er ekki tilgreint í 2. mgr. 124. gr. geta stofnanir notað sem hæfa tryggingu íbúðarhúsnæði sem eigandi, eða raunverulegur eigandi þegar um er að ræða fjárfestingarfélag í hans eigu, nýtir eða mun nýta, eða leigir út eða mun leigja út, og viðskiptahúsnæði, þ.m.t. skrifstofur og annað viðskiptahúsnæði, séu bæði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) virði eignarinnar er ekki verulega háð lánshæfi loforðsgjafans; stofnanir þurfa ekki að ákvarða hversu mikilvæg tengslin eru í aðstæðum þar sem hreinir þjóðhagslegir þættir hafa áhrif á bæði virði eignarinnar og getu lántaka til að uppfylla skyldur sínar,

b) áhætta lántaka skal ekki vera verulega háð tekjum af undirliggjandi eign eða verkefni heldur fremur undirliggjandi getu lántaka til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum og af þeim sökum er endurgreiðsla gerningsins ekki verulega háð sjóðstreymi er myndast af þeirri undirliggjandi eign sem er til tryggingar.

3. Stofnanir geta vikið frá b-lið 2. mgr., að því er varðar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði á yfirráðasvæði aðildarríkis, þegar lögbært yfirvald í því aðildarríki hefur birt gögn sem sýna að á því yfirráðasvæði sé fyrir hendi vel þróaður og rótgróinn markaður með íbúðarhúsnæði þar sem taphlutföll fara ekki yfir eftirfarandi mörk:

a) Tap vegna lána sem eru tryggð með íbúðarhúsnæði að því er nemur allt að 80% af markaðsvirði eða 80% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr., er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á tilteknu ári.

b) Heildartap vegna lána sem eru tryggð með íbúðarhúsnæði má ekki vera meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á tilteknu ári.

Ef annaðhvort skilyrðið í a- og b-lið fyrstu undirgreinar er ekki uppfyllt á tilteknu ári skulu stofnanir ekki nota þá meðferð sem sett er fram í þeirri undirgrein fyrr en bæði skilyrðin verða uppfyllt á síðara ári.

4. Stofnanir geta vikið frá b-lið 2. mgr., að því er varðar viðskiptahúsnæði á yfirráðasvæði aðildarríkis, þegar lögbært yfirvald í því aðildarríki hefur birt gögn sem sýna að á því yfirráðasvæði sé fyrir hendi vel þróaður og rótgróinn markaður með viðskiptahúsnæði þar sem taphlutföll fara ekki yfir eftirfarandi mörk:

a) Tap vegna lána sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði að því er nemur allt að 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði er ekki meira en 0,3% af útistandandi lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði á tilteknu ári.

b) Heildartap vegna lána sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði er ekki vera meira en 0,5% af útistandandi lánum sem eru tryggð með viðskiptahúsnæði á tilteknu ári.

Ef annaðhvort skilyrðið í a- og b-lið fyrstu undirgreinar er ekki uppfyllt á tilteknu ári skulu stofnanir ekki nota þá meðferð sem sett er fram í þeirri undirgrein fyrr en bæði skilyrðin verða uppfyllt á síðara ári.

5. Stofnunum er heimilt að nota, sem hæfa tryggingu, útistandandi fjárhæðir tengdar einum eða fleiri verslunarviðskiptum með upphaflegan lánstíma sem er eitt ár eða styttri. Hæfar viðskiptakröfur ná ekki yfir þær sem eru tengdar verðbréfun, undirþátttöku eða lánaafleiðum eða skuldum tengdra aðila.

6. Lögbær yfirvöld skulu heimila stofnun að nota, sem hæfa tryggingu, efnislega tryggingu af öðrum toga en getið er í 2., 3. og 4. mgr. ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) Fyrir hendi eru virkir markaðir, samanber gögn um tíð viðskipti þar sem tekið er tillit til tegundar eignar, þar sem hægt er að selja tryggingu á skjótan og fjárhagslega hagkvæman hátt. Stofnanir skulu meta þessi skilyrði með reglubundum hætti og þegar upplýsingar gefa til kynna mikilvægar breytingar á markaðnum.

b) Fyrir liggur markaðsverð fyrir trygginguna sem er aðgengilegt öllum og löng hefð er fyrir. Stofnanir geta litið svo á að löng hefð sé fyrir markaðsverði ef það má rekja til áreiðanlegra upplýsingaveita, s.s. opinberra vísitalna, og það endurspeglar verð viðskiptanna við eðlilegar aðstæður. Stofnanir geta litið svo á að markaðsverð séu aðgengileg öllum ef þau hafa verið gerð opinber, auðvelt er að nálgast þau og þau liggja reglulega fyrir án þess að það leiði til ótilhlýðilegs rekstrarlegs álags eða fjárhagslegrar byrðar.

c) Stofnunin gerir greiningu á markaðsverði, tíma og kostnaði sem nauðsynlegur er til að innleysa trygginguna og á innleystum ágóða af tryggingunni.

d) Stofnunin sýnir fram á að innleystur ágóði af tryggingunni fari ekki undir 70% af virði tryggingarinnar í meira en 10% af allri sölu á tiltekinni tegund trygginga. Ef verulegt flökt er í markaðsverði skal stofnunin sýna lögbærum yfirvöldum fram á það með fullnægjandi hætti að mat hennar á tryggingunni sé nægilega varfærið.

Stofnanir skulu skjalfesta uppfyllingu þeirra skilyrða sem tilgreind eru í a- til d-lið fyrstu undirgreinar og í 210. gr.

7. Ef kröfur, sem settar eru fram í 211. gr., hafa verið uppfylltar, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 230. gr., er heimilt að fara með áhættuskuldbindingar, sem stafa af viðskiptum þar sem stofnun leigir eign út til þriðja aðila, á sama hátt og lán sem eru tryggð með samskonar eign og þeirri sem leigð er.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta skrá yfir þær tegundir efnislegra trygginga þar sem stofnanir geta litið svo á að skilyrði, sem um getur í a- og b-lið 6. mgr., hafi verið uppfyllt.

200. gr.

Önnur fjármögnuð útlánavörn

Stofnunum er heimilt að nota aðra fjármagnaða útlánavörn sem hæfa tryggingu sem hér segir:

a) innlán hjá stofnun sem er þriðji aðili, eða reiðufjárígildisgerningur vistaðir hjá henni, án þess að vörslusamningur liggi fyrir og veðsett lánastofnuninni,

b) líftryggingar sem veðsettar eru lánastofnuninni,

c) gerninga, útgefna af stofnun sem er þriðji aðili og sem verða endurkeyptir af þeirri stofnun samkvæmt beiðni.

2. undirþáttur

Ófjármögnuð útlánavörn

201. gr.

Hæfi veitenda útlánavarnar samkvæmt öllum aðferðum

1. Stofnunum er heimilt að nota eftirfarandi aðila sem hæfa veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar:

a) ríki og seðlabanka,

b) héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld,

c) fjölþjóðlega þróunarbanka,

d) alþjóðlegar stofnanir, svo fremi að áhættuskuldbindingar vegna þeirra hafi 0% áhættuvog skv. 117. gr.,

e) opinbera aðila ef farið er með kröfur á þá í samræmi við 116. gr.,

f) stofnanir og fjármálastofnanir þar sem farið er með áhættuskuldbindingar vegna fjármálastofnana sem áhættuskuldbindingar vegna stofnana í samræmi við 5. mgr. 119. gr.,

g) önnur viðskiptafyrirtæki, þ.m.t. viðskiptafyrirtæki sem eru móður- eða dótturfyrirtæki eða fyrirtæki tengd stofnuninni ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

   i. þessi önnur viðskiptafyrirtæki hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki,

   ii. þessi önnur viðskiptafyrirtæki, ef um er að ræða stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni, hafa ekki lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki og eru metin innanhúss,

h) miðlæga mótaðila.

2. Eigi stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni að teljast hæfar til að veita ófjármagnaða útlánavörn verður ábyrgðarveitandinn að vera metinn af stofnuninni innanhúss í samræmi við ákvæði 3. Kafla 6. Þáttar.

Lögbær yfirvöld skulu birta og halda skrá yfir þær fjármálastofnanir sem teljast hæfar til að veita ófjármagnaðar útlánavarnir skv. F-lið 1. Mgr. Eða leiðbeinandi viðmið til að greina slíka hæfa veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar, ásamt lýsingu á gildandi varfærniskröfum og deila skrá sinni með öðrum lögbærum yfirvöldum í samræmi við 117. Gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

202. gr.

Hæfi aðila, sem veita vörn samkvæmt innramatsaðferðinni, sem eru gjaldgengir í meðferðina sem er sett fram í 3. Mgr. 153. Gr.

Stofnun er heimilt að nota stofnanir, vátrygginga- og endurtryggingafélög og útflutningslánastofnanir, sem hæfa veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar ef þeir eru gjaldgengir í meðferðina sem er sett fram í 3. Mgr. 153. Gr. og uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) þeir hafa næga sérþekkingu til að veita ófjármagnaða útlánavörn,

b) eftirlit er haft með þeim á sama hátt og mælt er fyrir um í reglum þessarar reglugerðar, eða þeir hafa á þeim tíma sem útlánavörnin var veitt haft lánshæfismat frá viðurkenndu

utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafði ákvarðað að væri tengt 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja, sem settar eru fram í 2. kafla,

c) þeir hafa, á þeim tíma sem útlánavörnin var veitt, eða á einhverjum tíma eftir það, haft innra mat með líkum á vanefndum jafngildum eða lægri þeim sem tengjast 2. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja, sem settar eru fram í 2. kafla,

d) þeir hafa innra mat með líkum á vanefndum jafngildum eða lægri þeim sem tengjast 3. lánshæfisþrepi eða ofar samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækjum, sem settar eru fram í 2. kafla.

Að því er varðar þessa grein skal útlánavörn sem veitt er af útflutningslánastofnunum ekki fá neina formlega bakábyrgð ríkisins.

203. gr.

Hæfi ábyrgða sem ófjármagnaðrar útlánavarnar

Stofnunum er heimilt að nota ábyrgðir sem hæfa ófjármagnaða útlánavörn.

3. undirþáttur

Tegundir afleiða

204. gr.

Gjaldgengar tegundir lánaafleiða

1. Stofnunum er heimilt er að nota eftirtaldar tegundir lánaafleiða og gerninga, sem kunna að samanstanda af slíkum lánaafleiðum eða hafa svipuð efnahagsleg áhrif, sem hæfa útlánavörn:

a) skuldatryggingar,

b) heildarskiptasamninga (e. *total return swaps*),

c) lánshæfistengd skuldabréf að því marki sem þau eru fjármögnuð með reiðufé.

Þegar stofnun kaupir útlánavörn gegnum heildarskiptasamning og skráir hreinar mótteknar greiðslur vegna skiptasamningsins sem hreinar tekjur, en skráir ekki rýrnun á virði hinnar vörðu eignar sem vegur á móti, annaðhvort lækkun á gangvirði eða viðbót í varasjóð, telst útlánavörnin ekki hæf sem slík.

2. Þegar stofnun notar lánaafleiðu sem innri áhættuvörn skal útlánaáhættan, sem færð er yfir í veltubók, flytjast til þriðja eða þriðju aðila til þess að útlánavörnin teljist hæf útlánavörn að því er varðar þennan kafla.

Þegar innri áhættuvörn hefur verið notuð í samræmi við fyrstu undirgrein og kröfur í þessum kafla hafa verið uppfylltar skulu stofnanir beita reglunum, sem settar eru fram í 4. til 6. þætti, um útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps þar sem þær afla sér ófjármagnaðrar útlánavarnar.

3. þáttur

Kröfur

1. undirþáttur

Fjármögnuð útlánavörn

205. gr.

Kröfur í tengslum við skuldajöfnunarsamninga í efnahagsreikningi aðra en rammasamninga um skuldajöfnun sem um getur í 206. gr.

Skuldajöfnunarsamningar í efnahagsreikningi, aðrir en rammasamningar um skuldajöfnun sem um getur í 206. gr., skulu teljast gjaldgengir til mildunar útlánaáhættu ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þessir samningar hafa réttaráhrif og eru fullnustuhæfir í viðkomandi lögsagnarumdæmum, þ.m.t. ef mótaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota,

b) stofnanir geta hvenær sem er tilgreint þær eignir og skuldir sem falla undir þessa samninga,

c) stofnanir hafa eftirlit með og stjórna þeim áhættum sem tengjast lúkningu útlánavarnar á áframhaldandi grundvelli,

d) stofnanir hafa eftirlit með og stjórna viðeigandi áhættuskuldbindingum á hreinum grunni og gera það á áframhaldandi grundvelli.

206. gr.

Kröfur í tengslum við rammasamninga um skuldajöfnun sem taka til endurhverfra viðskipta eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku eða annarra viðskipta tengdum fjármagnsmarkaði

Rammasamningar um skuldajöfnun sem nær yfir endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku eða önnur viðskipti tengd fjármagnsmarkaði skulu teljast hæfir til mildunar útlánaáhættu ef tryggingar sem veittar eru samkvæmt þessum samningum uppfylla allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. til 4. mgr. 207. gr., og ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þeir hafa réttaráhrif og eru fullnustuhæfir í viðkomandi lögsagnarumdæmum, þ.m.t. ef mótaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota,

b) þeir veita þeim aðila, sem ekki verður gjaldþrota, rétt til að rifta og loka tímanlega öllum viðskiptum samkvæmt samkomulaginu ef til greiðslufalls kemur, þ.m.t. ef mótaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota,

c) þeir gera mögulegt að jafna hagnað og tap viðskipta sem gerð eru upp samkvæmt rammasamningi þannig að annar aðilinn skuldi hinum eina hreina fjárhæð.

207. gr.

Kröfur vegna fjárhagslegra trygginga

1. Samkvæmt öllum aðferðum skulu fjárhagslegar tryggingar og gull teljast hæf trygging ef allar kröfur sem mælt er fyrir um í 2. til 4. mgr. eru uppfylltar.

2. Lánshæfi loforðsgjafa og virði tryggingarinnar skal ekki hafa verulega jákvæða fylgni. Ef virði tryggingarinnar lækkar verulega skal það ekki eitt og sér fela í sér verulega rýrnun lánshæfis loforðsgjafans. Ef lánshæfi loforðsgjafa rýrnar verulega skal það ekki eitt og sér fela í sér verulega rýrnun á virði tryggingarinnar.

Verðbréf útgefin af loforðsgjafa, eða tengdri einingu innan samstæðu, teljast ekki vera hæf trygging. Þrátt fyrir þetta teljast eigin útgáfur loforðsgjafa á sértryggðum skuldabréfum, sem falla undir skilmála 129. gr., hæfar þegar þær eru lagðar fram sem trygging vegna endurhverfra viðskipta, að því gefnu að þær séu í samræmi við skilyrðið sem sett er fram í fyrstu undirgrein.

3. Stofnanir skulu uppfylla allar samnings- og lögbundnar kröfur að því er varðar fullnustuhæfi tryggingarráðstafana, í samræmi við þau lög sem eiga við hagsmuni stofnunarinnar varðandi trygginguna, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja það.

Stofnanir skulu hafa látið fara fram fullnægjandi lögfræðilegt mat sem staðfestir fullnustuhæfi tryggingarráðstafana í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum. Þær skulu endurtaka þess háttar mat eins oft og þurfa þykir til að tryggja áframhaldandi fullnustuhæfi.

4. Stofnanir skulu uppfylla allar rekstrarkröfur sem hér segir:

a) þær skulu skjalfesta á tilhlýðilegan hátt tryggingarráðstafanir og hafa innleitt skýra og styrka ferla hvað varðar hraða innlausn á tryggingunum,

b) þær skulu viðhafa traust verklag og ferli til að stjórna áhættu vegna notkunar trygginga, þ.m.t. áhættu vegna gallaðrar eða lækkaðrar útlánavarnar, verðmats, lúkningar útlánavarnar, samþjöppunaráhættu vegna notkunar tryggingar og samspils við heildaráhættusnið stofnunarinnar,

c) þær skulu hafa skjalfestar stefnur og verkferla hvað varðar tegundir og fjárhæðir samþykktra trygginga,

d) þær skulu reikna markaðsvirði tryggingarinnar og endurmeta það þannig a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti og í hvert sinn sem þær hafa ástæðu til að telja að veruleg lækkun hafi orðið á markaðsvirði tryggingarinnar,

e) þegar trygging er í vörslu þriðja aðila skulu þær gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þriðji aðili aðgreini trygginguna frá eigin eignum,

f) þær skulu tryggja að nægu fjármagni sé varið til þess að samkomulag við mótaðila um tryggingarfé vegna OTC-afleiða og verðbréfafjármögnunar virki sem skyldi, sem fram kemur í því hversu hratt og vel er brugðist við veðköllum sem þær senda út og hversu fljótt þær bregðast við veðköllum sem þeim berast,

g) þær skulu hafa yfir að ráða stefnumörkun á sviði stjórnunar trygginga til þess að stjórna, hafa eftirlit með og greina frá eftirfarandi:

i. áhættunni sem þær geta orðið fyrir vegna samkomulags um tryggingarfé,

ii. samþjöppunaráhættu í tengslum við sérstakar tegundir af eignum sem lagðar eru fram sem trygging,

iii. endurnotkun á tryggingu, þ.m.t. hættu á lausafjárskorti sem leiðir af endurnotkun á tryggingu frá mótaðilum,

iv. eftirgjöf á réttindum yfir tryggingum sem veittar eru mótaðila.

5. Auk þess að uppfylla allar þær kröfur, sem settar eru fram í 2. til 4. mgr., til þess að fjárhagslegar tryggingar teljist hæfar samkvæmt einföldu aðferðinni um fjárhagslegar tryggingar, skal eftirstöðvatími varnarinnar vera í það minnsta jafn langur og eftirstöðvatími áhættuskuldbindingarinnar.

208. gr.

Kröfur vegna veðs í fasteign

1. Fasteignir skulu teljast hæf veð ef allar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. til 5. gr., eru uppfylltar.

2. Eftirfarandi kröfur um réttarvissu skulu uppfylltar:

a) veðlánið eða veðkrafan er fullnustuhæf í öllum lögsagnarumdæmum sem við eiga í upphafi lánssamnings og skal vera skráð rétt og fljótt,

b) öll lagaskilyrði um veðsetningu skulu vera uppfyllt,

c) samningur um varnir og grundvallarréttur til málshöfðunar skulu gera stofnuninni kleift að koma vörninni í verð innan hæfilegs frests.

3. Eftirfarandi kröfur um eftirlit með virði fasteigna og mat á þeim skulu uppfylltar:

a) Stofnanir hafa reglubundið eftirlit með virði fasteigna og að lágmarki árlega að því er varðar viðskiptahúsnæði og á þriggja ára fresti að því er varðar íbúðarhúsnæði. Stofnanir hafa tíðara eftirlit með eignum á mörkuðum þar sem aðstæður breytast verulega.

b) Virði fasteigna er endurskoðað þegar upplýsingar, sem stofnanir hafa yfir að ráða, benda til þess að virði fasteignar gæti hafa lækkað verulega miðað við markaðinn í heild og óháður matsaðili, sem hefur öll nauðsynleg réttindi, hæfi og reynslu til að vinna mat og er óháður lánsákvörðunarferlinu, annast endurskoðunina. Sé um að ræða lánsfjárhæð yfir þremur milljónum evra eða 5% af eigingjárgrunni stofnunarinnar skal slíkur óháður matsaðili endurmeta fasteignina á þriggja ára fresti hið minnsta.

Stofnanir mega nota tölfræðilegar aðferðir til að hafa eftirlit með virði fasteigna og til að greina fasteignir sem þarfnast endurmats.

4. Stofnanir skulu skrá með skýrum hætti þær tegundir íbúðar- og viðskiptahúsnæðis sem þær samþykkja sem og útlánastefnu í þessu tilliti.

5. Stofnanir skulu hafa komið á aðferðum til að fylgjast með því að fasteign, sem samþykkt er sem útlánavörn, sé vátryggð með fullnægjandi hætti.

209. gr.

Kröfur vegna viðskiptakrafna

1. Viðskiptakröfur skulu teljast hæfar tryggingar ef allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. eru uppfylltar.

2. Eftirfarandi kröfur um réttarvissu skulu uppfylltar:

a) Það lagalega ferli, sem er til grundvallar tryggingatöku lánastofnunar, skal vera traust og skilvirkt og tryggja að stofnunin hafi skýran rétt yfir tryggingunni, þ.m.t. rétti til ágóða af sölu á tryggingunni.

b) Stofnanir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að uppfylla staðbundnar kröfur varðandi fullnustuhæfi veðsamninga. Lánastofnanir skulu eiga fyrsta veðrétt yfir tryggingunni þótt slíkar kröfur geti áfram verið með fyrirvara um forgangskröfur sem kveðið er á um í lagaákvæðum.

c) Stofnanir skulu hafa framkvæmt fullnægjandi lögfræðilegt mat sem staðfestir fullnustuhæfi tryggingarráðstafana í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum.

d) Stofnanir skulu skjalfesta tryggingarráðstafanir sínar og hafa til staðar skýra og styrka ferla hvað varðar hraða innheimtu trygginga.

e) Stofnanir skulu hafa verkferla sem tryggja að öll lagaleg skilyrði varðandi tilkynningu um vanefndir lántaka og hraða innheimtu trygginga séu uppfyllt.

f) Eigi lántaki í fjárhagslegum erfiðleikum eða er í vanskilum skulu stofnanir hafa lagaheimild til þess að selja eða úthluta viðskiptakröfum til þriðja aðila án samþykkis lántakenda.

3. Eftirfarandi kröfur um áhættustýringu skulu uppfylltar:

a) Stofnun skal hafa til staðar traust ferli til að greina útlánaáhættu í tengslum við viðskiptakröfurnar. Slíkt ferli skal fela í sér greiningu á starfsemi og atvinnugrein lántaka og tegundum viðskiptamanna sem lántaki á í viðskiptum við. Þegar stofnun treystir á lántakendur til að ganga úr skugga um útlánaáhættu vegna viðskiptamanna skal hún yfirfara verklag lántakenda til að meta traustleika þeirra og trúverðugleika.

b) Mismunurinn á upphæð áhættuskuldbindingar og virði viðskiptakrafnanna skal endurspegla alla viðeigandi þætti, þ.m.t. kostnað við innheimtu, samþjöppun trygginga einstakra lántaka innan safns viðskiptakrafna og hugsanlega samþjöppunaráhættu hvað varðar heildaráhættuskuldbindingar stofnunarinnar, utan þeirrar áhættu sem stofnunin getur stjórnað samkvæmt almennri aðferðafræði sinni. Stofnanir skulu viðhalda stöðugu eftirlitsferli í samræmi við viðskiptakröfurnar. Einnig skulu þær reglubundið skoða hvort farið er að lánaskilmálum, umhverfistakmörkunum og öðrum lagalegum kröfum.

c) Viðskiptakröfur, sem lántaki leggur að veði, skulu vera fjölbreyttar og ekki ranglega tengdar honum. Ef um verulega jákvæða fylgni er að ræða skulu stofnanir taka tillit til meðfylgjandi áhættu við ákvörðun á tryggingarfé fyrir heildarsafn trygginga.

d) Stofnanir skulu ekki nota viðskiptakröfur frá aðilum tengdum lántaka, þ.m.t. dótturfélögum og starfsmönnum, sem hæfa útlánavörn.

e) Stofnun skal hafa til staðar skjalfest ferli til innheimtu á greiðslum á viðskiptakröfum þegar um greiðsluerfiðleika er að ræða. Stofnanir skulu hafa til staðar nauðsynleg tæki til innheimtu jafnvel þótt þær láti lántaka sína alla jafna um að annast hana.

210. gr.

Kröfur vegna annarra áþreifanlegra trygginga

Áþreifanlegar tryggingar, aðrar en fasteignir, skulu teljast hæfar tryggingar samkvæmt innramatsaðferðinni að uppfylltum öllum eftirtöldum skilyrðum:

a) Tryggingarfyrirkomulagið, þar sem stofnun fær áþreifanlegar tryggingar, skal hafa réttaráhrif og vera fullnustuhæft í öllum viðkomandi lögsagnarumdæmum og skal gera stofnuninni kleift að innleysa andvirði trygginganna innan eðlilegra tímamarka.

b) Með þeirri einu undantekningu sem forgangskröfur sem um getur í b-lið 2. mgr. 209. gr. eru, þá er aðeins fyrsti veðréttur eða veðsetning á kröfurnar leyfð sem hæf trygging og stofnun skal hafa forgang að öllum innleystum ágóða trygginganna á undan öðrum lánveitendum.

c) Stofnanir skulu hafa reglubundið eftirlit með virði trygginganna og að lágmarki árlega. Stofnanir skulu hafa tíðara eftirlit á mörkuðum þar sem aðstæður breytast verulega.

d) Lánasamningurinn skal fela í sér ítarlega lýsingu á tryggingunum og nákvæma skilgreiningu á aðferð og tíðni endurmats.

e) Stofnanir skulu skjalfesta með skýrum hætti í innri útlánastefnu og ferlum, sem aðgengileg eru til skoðunar, þær tegundir áþreifanlegra trygginga sem þær samþykkja og stefnur og verklag sem þær hafa yfir að ráða að því er varðar viðeigandi fjárhæðir hverrar tryggingartegundar um sig í hlutfalli við fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar.

f) Útlánastefnur stofnana skulu, að því er varðar fyrirkomulag viðskipta, ná yfir eftirfarandi:

i) viðeigandi kröfur um tryggingar í hlutfalli við fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar,

ii. getuna til að selja trygginguna með skjótum hætti,

iii. möguleikann á að finna verð eða markaðsvirði með hlutlægum hætti,

iv. hversu oft hægt er að nálgast virði með skjótum hætti, þ.m.t. mat sérfróðs matsaðila,

v. flökt eða ígildi flökts á virði tryggingarinnar.

g) Við mat og endurmat skulu stofnanir taka fullt tillit til hvers konar rýrnunar eða úreldingar tryggingarinnar og veita sérstaka athygli áhrifum tíma á tryggingar sem eru viðkvæmar fyrir tískusveiflum eða dagsetningum.

h) Stofnanir skulu hafa rétt á að skoða tryggingarnar með áþreifanlegum hætti. Þær skulu einnig hafa til staðar stefnur og ferla sem taka til nýtingar þeirra á rétti til að skoða tryggingar með áþreifanlegum hætti,

i) þær tryggingar sem teknar eru sem vörn skulu vera vátryggðar með fullnægjandi hætti og stofnanir skulu hafa innleitt ferli til að fylgjast með því.

211. gr.

Kröfur um að meðhöndla áhættuskuldbindingar vegna leigu sem tryggingar

Stofnanir skulu meðhöndla áhættuskuldbindingar sem stafa af leigusamningum sem tryggingar í formi samskonar eignar og þeirrar sem er leigð að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) uppfylla skal skilyrðin, sem sett eru fram í 208. eða 210. mgr., eftir því sem við á, fyrir þá tegund tryggingar í formi samskonar eignar og þeirrar sem leigð er,

b) leigusali skal hafa til staðar trausta áhættustýringu sem lýtur að því með hvaða hætti hin leigða eign er nýtt, staðsetningu hennar, aldri og áætluðum notkunartíma, þ.m.t. viðeigandi eftirliti með virði tryggingarinnar,

c) leigusali skal hafa lagalegt eignarhald á eigninni og möguleikann á því að nýta rétt sinn til að framfylgja eignarréttinum á skjótan hátt,

d) hafi það ekki þegar verið staðfest með útreikningi á tapi að gefnum vanefndum skal mismunurinn á virði ógreiddrar fjárhæðar og markaðsvirði tryggingarinnar ekki vera svo mikill að hannýki mildun útlánaáhættunnar í tengslum við hinar leigðu eignir.

212. gr.

Kröfur vegna annarrar fjármagnaðrar útlánavarnar

1. Innlán hjá stofnun sem er þriðji aðili eða reiðufjárígildisgerningar og vistaðir hjá henni, skulu geta fengið þá meðhöndlun, sem sett er fram í 1. mgr. 232. gr., að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) krafa lántaka á stofnun sem er þriðji aðili er veðsett eða framseld lánastofnuninni og slík veðsetning eða framsal hafa réttaráhrif og eru fullnustuhæf í viðkomandi lögsagnarumdæmum og eru skilyrðislaus og óafturkallanleg,

b) stofnuninni sem er þriðji aðili er tilkynnt um veðsetninguna eða framsalið,

c) í kjölfar tilkynningarinnar getur stofnun sem er þriðji aðili greitt eingöngu til lánastofnunar, eða annarra aðila með fyrirframsamþykki lánastofnunarinnar.

2. Líftryggingar, sem eru veðsettar lánastofnun, skulu teljast gjaldgengar sem hæfar tryggingar að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) Líftryggingin er veðsett eða framseld lánastofnuninni.

b) Fyrirtækið, sem veitir líftrygginguna, er upplýst um veðsetninguna eða framsalið og má þar af leiðandi ekki greiða hana út samkvæmt skilmálum hennar nema með fyrirframsamþykki lánastofnunarinnar.

c) Lánastofnun er heimilt að afturkalla trygginguna og taka við endurkaupsvirði komi til vanskila lántaka.

d) Lánastofnunin er upplýst um allar hugsanlegar vanefndir tryggingartaka varðandi innborganir samkvæmt tryggingarskilmálunum.

e) Útlánavörnin gildir allan líftíma lánsins. Þegar því verður ekki viðkomið vegna loka tryggingatengsla, áður en lánatengsl falla úr gildi, skal stofnunin sjá til þess að fjárhæðin, sem leidd er af tryggingarsamningi, gegni hlutverki tryggingar fyrir stofnunina til loka lánssamningsins.

f) Veðsetning eða framsal hefur réttaráhrif og er fullnustuhæft í öllum viðkomandi lögsögum við samþykki lánssamningsins.

g) Félagið, sem veitir líftrygginguna, fastsetur endurkaupsvirðið og ekki er hægt að lækka það.

h) Félagið, sem veitir líftrygginguna, skal greiða endurkaupsvirðið fljótt upp þegar farið er fram á það.

i) Ekki er hægt að fara fram á endurkaupsvirðið án fyrirframsamþykkis stofnunarinnar.

j) Félagið, sem veitir líftrygginguna, fellur undir tilskipun 2009/138/EB eða undir eftirlit lögbærra yfirvalda þriðja lands þar sem eftirlits- og lagareglur eru að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem stuðst er við í Sambandinu.

2. undirþáttur

Ófjármögnuð útlánavörn og lánshæfistengd skuldabréf

213. gr.

Kröfur sem eru sameiginlegar tryggingum og lánaafleiðum

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 214. gr. skal útlánavörn vegna tryggingar eða lánaafleiðu teljast hæf sem ófjármögnuð útlánavörn að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) útlánavörnin er bein,

b) umfang útlánavarnarinnar er skýrt skilgreint og óvefengjanlegt,

c) samningur um útlánavörn felur ekki í sér neina skilmála, sem lántaki getur ekki haft bein áhrif á að verði uppfylltir og sem:

i. heimila veitanda útlánavarnarinnar að segja vörninni upp einhliða,

ii. hækka raunverulegan kostnað við vörn vegna rýrnunar lánshæfis hinnar vörðu áhættuskuldbindingar,

iii. gætu komið í veg fyrir að veitandi útlánavarnarinnar væri skuldbundinn til að greiða út á réttum tíma ef upphaflegur loforðsgjafi greiðir ekki gjaldfallnar afborganir eða þegar leigusamningur hefur fallið úr gildi í tengslum við viðurkenningu á tryggðu hrakvirði skv. 7. mgr. 134. gr. og 4. mgr. 166. gr,

iv. gætu heimilað veitanda útlánavarnarinnar að stytta líftíma útlánavarnar,

d) samningurinn um útlánavörn hefur réttaráhrif og er fullnustuhæfur í öllum viðkomandi lögsögum á þeim tíma þegar hann er gerður.

2. Stofnun skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á að hún hafi til staðar kerfi til að stýra hugsanlegri samþjöppun á áhættu sem leiðir af notkun hennar á tryggingum og lánaafleiðum. Stofnun skal á fullnægjandi hátt geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að áætlun hennar hvað varðar notkun á lánaafleiðum og tryggingum verki gagnkvæmt við stjórnun hennar á heildaráhættusniði sínu.

3. Stofnun skal uppfylla allar samnings- og lögbundnar kröfur að því er varðar fullnustuhæfi ófjármagnaðrar útlánavarnar sinnar, í samræmi við þau lög sem gilda um hagsmuni hennar í tengslum við útlánavörnina, og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það.

Stofnun skal hafa látið fara fram fullnægjandi lögfræðilegt mat sem staðfestir fullnustuhæfi ófjármagnaðrar útlánavarnar í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum. Hún skal endurtaka þess háttar mat eins oft og þurfa þykir til að tryggja áframhaldandi fullnustuhæfi.

214. gr.

Bakábyrgðir ríkja og annarra opinberra aðila

1. Stofnunum er heimilt að fara með áhættuskuldbindingarnar, sem um getur í 2. mgr., eins og þær væru varðar með tryggingu sem aðilar sem tilgreindir eru í þeirri málsgrein veita, að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) bakábyrgðin nær yfir alla þætti útlánaáhættu kröfunnar,

b) bæði upphaflega ábyrgðin og bakábyrgðin uppfylla kröfur um ábyrgðir, sem settar eru fram í 213. gr. og 1. mgr. 215. gr., að því undanskildu að ábyrgðin þarf ekki að vera bein,

c) vörnin er traust og ekkert í eldri gögnum gefur vísbendingar um að vernd bakábyrgðarinnar sé ófullnægjandi í samanburði við beina ábyrgð veitta af viðkomandi aðila.

2. Aðferðin, sem sett er fram í 1. mgr., á einnig við um áhættuskuldbindingar sem varðar eru með tryggingu sem er með gagnábyrgð einhverra eftirtalinna aðila:

a) ríkis eða seðlabanka,

b) héraðsstjórna eða staðaryfirvalda,

c) opinbers aðila, ef farið er með kröfur á hann eins og kröfur á ríkið í samræmi við 4. mgr. 116. gr.,

d) fjölþjóðlegs þróunarbanka eða alþjóðstofnunar sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 2. mgr. 117. gr. og 118. gr.,

e) opinbers aðila, ef farið er með kröfur á hann í samræmi við 1. og 2. mgr. 116. gr.

3. Stofnanir skulu einnig beita aðferðinni, sem sett er fram í 1. mgr., á áhættuskuldbindingu sem ekki er með bakábyrgð neins þess aðila sem talinn er upp í 2. mgr. ef gagnábyrgð þeirrar áhættuskuldbindingar er með beinni ábyrgð einhvers þess aðila sem þar er tilgreindur og að uppfylltum skilyrðunum sem tilgreind eru í 1. mgr.

215. gr.

Viðbótarkröfur vegna ábyrgða

1. Ábyrgðir skulu teljast hæf ófjármögnuð útlánavörn að öllum skilyrðunum í 213. gr. uppfylltum og ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) Brjóti mótaðili skilmála láns eða komi til greiðslufalls hefur lánastofnunin sem lánar rétt til að sækja rétt sinn gagnvart ábyrgðarveitanda, með tímanlegum hætti, vegna allra gjaldfallinna krafna í samræmi við veitta ábyrgð og greiðsla frá ábyrgðarveitanda skal ekki vera skilyrt því að lánastofnunin þurfi fyrst að sækja rétt sinn gagnvart loforðsgjafa,

   Sé um ófjármagnaða útlánavörn að ræða, sem verndar veðlán með veði í íbúðarhúsnæði, nægir að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í iii. lið c-liðar 1. mgr. 213. gr. og í fyrstu undirgrein þessa liðar innan 24 mánaða.

b) Ábyrgðin skal vera skilmerkilega skjalfest skuldbinding sem ábyrgðarveitandi tekur á sig.

c) Annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

   i. ábyrgðin nær yfir allar tegundir greiðslna sem loforðsgjafa er gert að greiða í samræmi við kröfuna,

   ii. í þeim tilvikum þegar tilteknar tegundir greiðslna eru undanskildar ábyrgðinni aðlagar lánastofnunin viðurkennt virði ábyrgðarinnar til samræmis við rýrari vernd.

2. Í tilvikum þar sem ábyrgðir eru veittar í tengslum við sameiginleg ábyrgðarkerfi eða veittar eru af eða eru með bakábyrgð aðila, sem tilgreindir eru í 2. mgr. 214. gr., skal litið svo á að kröfurnar í a-lið 1. mgr. þessarar greinar séu uppfylltar ef annaðhvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) lánastofnunin á rétt á að fá bráðabirgðagreiðslu í hendur í tæka tíð frá ábyrgðarveitanda sem uppfyllir bæði eftirtalin skilyrði:

   i. hún endurspeglar sennilegt mat á fjárhæð tapsins, þ.m.t. tap vegna greiðslufalls vaxta og annarra greiðslna, sem lántaki er skuldbundinn til að greiða, og sem líklegt er að lánastofnunin myndi fá,

ii. hún er í samræmi við vernd ábyrgðarinnar,

b) lánastofnunin getur á fullnægjandi hátt sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að áhrif ábyrgðarinnar, sem einnig tekur til taps vegna greiðslufalls vaxtagreiðslna og annarra tegunda greiðslna sem lántakinn hefur skuldbundið sig til að greiða, réttlæti slíka meðferð.

216. gr.

Viðbótarkröfur vegna lánaafleiða

1. Lánaafleiða skal teljast vera hæf ófjármögnuð útlánavörn að öllum skilyrðunum í 213. gr. uppfylltum og ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) lánaatburðirnir, sem tilgreindir eru í lánaafleiðusamningi, fela í sér:

i. vanefndir á greiðslum sem ber að greiða samkvæmt skilmálum undirliggjandi skuldbindingar og eru í gildi á þeim tímapunkti þegar slíkt greiðslufall verður, með greiðslufresti sem er jafnlangur eða skemmri en greiðslufrestur undirliggjandi skuldbindingar,

ii. gjaldþrot, ógjaldfærni eða vangetu loforðsgjafa til að greiða skuldir sínar, eða vanefndir hans eða skriflega viðurkenningu á því að hann geti yfirhöfuð ekki greitt skuldir sínar er þær falla í gjalddaga, sem og hliðstæða atburði,

iii. endurskipulagningu undirliggjandi skuldbindingar, sem hefur í för með sér eftirgjöf eða frestun greiðslu á höfuðstól, vöxtum eða þóknunum, sem veldur útlánatapi,

b) ef lánaafleiður heimila uppgjör með reiðufé:

i. skulu stofnanirnar hafa til staðar traust matsferli til að meta tap með áreiðanlegum hætti,

ii. skal skýrt skilgreindur tímarammi vera fyrir hendi til að meta undirliggjandi skuldbindingu í kjölfar lánaatburðar,

c) sé þess krafist við uppgjör að aðili sem kaupir útlánavörn hafi rétt og getu til að yfirfæra undirliggjandi skuldbindingu til veitanda útlánavarnar skulu skilmálar undirliggjandi skuldbindingar kveða á um að ekki megi neita að veita tilskilið samþykki, sem þörf er á vegna yfirfærslunnar, án gildrar ástæðu,

d) þeir aðilar, sem bera ábyrgð á ákvörðun um hvort lánaatburður hafi átt sér stað, skulu vera skýrt skilgreindir,

e) ákvörðunin um lánaatburð er ekki eingöngu á ábyrgð veitanda útlánavarnarinnar,

f) kaupandi útlánavarnar hefur rétt eða möguleika á að upplýsa veitanda útlánavarnarinnar um það þegar lánaatburður á sér stað.

Feli lánaatburðir ekki í sér endurskipulagningu á undirliggjandi skuldbindingu, eins og lýst er í iii. lið a-liðar, getur útlánavörnin engu að síður talist hæf með fyrirvara um lækkun á virðinu eins og tilgreint er í 2. mgr. 233. gr.,

2. Misræmi milli undirliggjandi skuldbindingar og tilgreindrar skuldbindingar lánaafleiðu eða milli undirliggjandi skuldbindingar og þeirrar skuldbindingar sem notuð er til að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað, er aðeins leyfilegt séu bæði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) tilgreind skuldbinding eða sú skuldbinding, sem er notuð í þeim tilgangi að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað, eftir atvikum, er metin jafn rétthá eða réttlægri undirliggjandi skuldbindingu,

b) undirliggjandi skuldbinding og tilgreind skuldbinding eða sú skuldbinding, sem notuð er í þeim tilgangi að ákvarða hvort lánaatburður hafi átt sér stað, eftir atvikum, deila sama loforðsgjafa og fyrir hendi eru ákvæði sem unnt er að framfylgja samkvæmt lögum, um afleiddar vanefndir eða afleidda gjaldfellingu (e. *cross-default or cross-acceleration clauses*).

217. gr.

Skilyrði þess að geta fallið undir þá meðferð sem sett er fram í 3. mgr. 153. gr.

1. Til að vera hæf fyrir þá meðferð sem sett er fram í 3. mgr. 153. gr., skal útlánavörn sem leiðir af ábyrgð eða lánaafleiðu uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Undirliggjandi skuldbinding er ein af eftirtöldum áhættuskuldbindingum:

i. áhættuskuldbinding fyrirtækis, eins og um getur í 147. gr., að undanskildum vátrygginga- og endurtryggingafélögum,

ii. áhættuskuldbinding vegna héraðsstjórna, staðaryfirvalda eða opinberra aðila sem ekki er farið með eins og áhættuskuldbindingu vegna ríkis eða seðlabanka í samræmi við 147. gr.,

iii. áhættuskuldbinding vegna lítilla eða meðalstórra fyrirtækja, flokkuð sem smásöluáhættuskuldbinding í samræmi við 5. mgr. 147. gr.

b) Undirliggjandi loforðsgjafar eru ekki meðlimir sömu samstæðu og veitandi útlánavarnarinnar.

c) Áhættuskuldbindingin er varin með einum af eftirfarandi gerningum:

i. ófjármögnuðum lánaafleiðum, byggðum á skuldbindingu eins aðila, eða ábyrgðum útgefnum af einum aðila,

ii. afurðum, í körfu, sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila,

iii. afurðum, í körfu, sem byggjast á n-ta vanskilaaðila.

d) Útlánavörnin uppfyllir skilyrðin ,sem sett eru fram í 213., 215. og 216. gr., eftir því sem við á.

e) Áhættuvægið, sem á við áhættuskuldbindinguna áður en meðferðinni sem nefnd er í 3. mgr. 153. gr. er beitt, felur ekki þegar í sér neinn þátt útlánavarnarinnar.

f) Stofnunin hefur rétt til og getur vænst þess að fá greiðslur frá veitanda útlánavarnar án þess að þurfa að hefja málsókn á hendur mótaðila til að fá greitt. Að því marki sem hægt er skal stofnunin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullvissa sig um að veitandi útlánavarnar sé viljugur til að greiða tafarlaust eigi lánaatburður sér stað.

g) Hin keypta útlánavörn ver allt útlánatap sem hinn varði hluti áhættuskuldbindingar verður fyrir og verður af völdum lánaatburða sem tilgreindir eru í samningnum.

h) Ef skipulag útgreiðslna lánavarnarinnar gerir ráð fyrir mögulegu raunuppgjöri þá er réttarvissa um að hægt sé að afhenda lán, skuldabréf eða ábyrgðarskuldbindingu.

i) Ætli stofnun sér að afhenda skuldbindingu, aðra en undirliggjandi áhættuskuldbindingu, skal hún tryggja að skuldbindingin sem afhenda á sé nægjanlega seljanleg svo að stofnunin geti keypt hana til afhendingar í samræmi við samninginn.

j) Skilmálar og skilyrði fyrirkomulags um útlánavörn er lagalega staðfest, skriflega, bæði af veitanda útlánavarnarinnar og stofnuninni.

k) Stofnanir hafa til staðar ferli til að greina óeðlilega fylgni milli lánstrausts veitanda útlánavarnar og loforðsgjafa undirliggjandi skuldbindingar sem stafar af því ef frammistaða beggja er háð sameiginlegum þáttum umfram kerfisbundna áhættuþætti.

l) Sé um vörn gegn þynningaráhættu að ræða skal seljandi keyptra viðskiptakrafna ekki vera hluti af sömu samstæðu og veitandi útlánavarnarinnar.

2. Að því er varðar ii. lið c-liðar í 1. mgr. skal stofnunin beita meðferðinni sem sett er fram í 3. mgr. 153. gr. á þá eign í körfunni sem hefur lægstu fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar.

3. Að því er varðar iii. lið c-liðar í 1. mgr getur fengin vörn eingöngu talist hæf innan þess ramma ef einnig hefur verið fengin hæf vörn vegna (n-1)-tu vanskila eða ef ekki hefur verið staðið í skilum vegna (n-1) eignanna í körfunni. Ef svo er skulu stofnanir beita meðferðinni sem sett er fram í 3. mgr. 153. gr. á þá eign í körfunni sem hefur lægstu fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar.

4. þáttur

Útreikningur á áhrifum mildunar útlánaáhættu

1. undirþáttur

Fjármögnuð útlánavörn

218. gr.

Lánshæfistengd skuldabréf

Fara má með fjárfestingar í lánshæfistengdum skuldabréfum, útgefnum af lánastofnuninni, sem veð í reiðufé í þeim tilgangi að reikna áhrif fjármagnaðrar útlánvarnar í samræmi við þennan undirþátt, að því tilskildu að skuldatryggingin sem er innbyggð í lánshæfistengda skuldabréfið teljist hæf sem ófjármögnuð útlánavörn. Til að ákvarða hvort skuldatrygging sem er innbyggð í lánshæfistengt skuldabréf geti talist hæf ófjármögnuð útlánavörn getur stofnunin metið að skilyrðið í c-lið 6. mgr. 194. gr. sé uppfyllt.

219. gr.

Skuldajöfnun í efnahagsreikningi

Fara skal með útlán og innlán hjá lánastofnun, sem falla undir greiðslujöfnun á efnahagsreikningi, sem tryggingu í reiðufé í þeim tilgangi að reikna út áhrif fjármagnaðrar útlánvarnar vegna þessara útlána og innlána hjá lánastofnuninni, sem falla undir greiðslujöfnun á efnahagsreikningi, sem eru tilgreind í sama gjaldmiðli.

220. gr.

Beiting eftirlitsaðferðar eða aðferðar eigin mats til að jafna flökt í tengslum við rammasamninga um skuldajöfnun

1. Stofnanir skulu við útreikning á „fullleiðréttu áhættuskuldbindingarvirði“ (E*) vegna áhættuskuldbindinga sem falla undir gjaldgengan rammasamning um skuldajöfnun sem nær yfir endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku eða önnur viðskipti á fjármagnsmarkaði, reikna jöfnun flökts, sem þær eiga að beita, annaðhvort með notkun eftirlitsaðferðar eða aðferða eigin mats til að jafna flökt („eigin matsaðferð“), eins og lýst er í 223. til 226. gr., vegna heildaraðferðar fjárhagslegra trygginga.

Við notkun á aðferð eigin mats skulu sömu skilyrði og kröfur gilda og samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga.

2. Til að reikna E* skulu stofnanir:

a) reikna hreina stöðu í hverjum flokki verðbréfa eða hverjum flokki hrávöru með því að draga fjárhæðina í ii. lið frá fjárhæðinni í i. lið:

i. heildarvirði flokks verðbréfa eða hrávöru af sömu tegund sem lánuð er, seld eða afhent samkvæmt rammasamningi um skuldajöfnun,

ii. heildarvirði flokks verðbréfa eða hrávöru af sömu tegund sem fengin er að láni, keypt eða móttekin samkvæmt rammasamningi um skuldajöfnun,

b) reikna hreina stöðu í hverjum gjaldmiðli, öðrum en uppgjörsgjaldmiðli rammasamningsins um skuldajöfnun með því að draga fjárhæðina í ii. lið frá fjárhæðinni í i. lið:

i. summan af heildarvirði verðbréfa, skráðum í þeirri mynt, sem lánuð eru, seld eða afhent samkvæmt rammasamningnum og reiðufé í þeirri mynt sem er lánað eða yfirfært samkvæmt þeim samningi,

ii. fjárhæð heildarvirðis verðbréfa, skráðum í þeirri mynt, sem fengin eru að láni, keypt eða móttekin samkvæmt rammasamningnum og reiðufé í þeirri mynt sem er lánað eða móttekið samkvæmt þeim samningi,

c) beita þeirri jöfnun flökts, sem á við tiltekinn flokk verðbréfa eða stöðu í reiðufé, á það tölugildi jákvæðrar eða neikvæðrar hreinnar stöðu í verðbréfum í þeim flokki,

d) beita jöfnun flökts vegna gjaldmiðlaáhættu á hreina jákvæða eða neikvæða stöðu í hverjum gjaldmiðli, að undanskildum uppgjörsgjaldmiðli rammasamningsins um skuldajöfnun.

3. Stofnanir skulu reikna E* í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E^* = max\left\{0, \left(\sum_i E_i - \sum_i C_i\right) + \sum_j \left|E_j^{sec}\right| \cdot H_j^{sec} + \sum_k \left|E_k^{fx}\right| \cdot H_k^{fx}\right\}$$

þar sem:

E_i = áhættuskuldbindingarvirði hverrar stakrar áhættu-skuldbindingar i samkvæmt samningnum, sem gildir ef útlánavörnin er ekki fyrir hendi, þegar stofnanir reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni eða þegar þær reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni,

C_i = virði verðbréfa í hverjum flokki eða hrávöru af sömu tegund sem fengin er að láni, keypt eða móttekin eða reiðufjár sem fengið er að láni eða móttekið að því er varðar hverja áhættuskuldbindingu i,

E_j^{sec} = hrein staða (jákvæð eða neikvæð) í tilteknum flokki verðbréfa j,

E_k^{fx} = hrein staða (jákvæð eða neikvæð) í tilteknum gjaldmiðli k, öðrum en uppgjörsgjaldmiðli samningsins, reiknuð út skv. b-lið 2. mgr.,

H_j^{sec} = jöfnun flökts sem á við tiltekinn flokk verðbréfs j,

H_k^{fx} = jöfnun flökts vegna gjaldmiðlaáhættu k.

4. Til að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuld-bindinga og vænts taps af endurhverfum viðskiptum eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingum eða -lántöku eða öðrum viðskiptum á fjármagnsmarkaði sem rammasamningur um skuldajöfnun nær yfir skulu stofnanir nota E*, eins og það er reiknað skv. 3. mgr., sem áhættuskuldbindingarvirði vegna áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem leiðir af viðskiptum sem falla undir rammasamninginn um skuldajöfnun að því er varðar 113. gr. staðalaðferðarinnar eða 3. kafla samkvæmt innramatsaðferðinni.

5. Að því er varðar 2. og 3. mgr. þýðir ‘flokkur verðbréfa’ verðbréf sem eru gefin út af sama aðila, hafa sama útgáfudag, sama líftíma og lúta sömu skilmálum og skilyrðum og eru háð sama innlausnartímabili og tekið er fram í 224. og 225. gr., eftir því sem við á.

221. gr.

Notkun eiginlíkansaðferðarinnar í tengslum við rammasamninga um skuldajöfnun

1. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda geta stofnanir notað, sem annan valkost við notkun eftirlitsaðferðar við jöfnun flökts eða aðferðar eigin mats til að jafna flökt við útreikning á fullleiðréttu áhættuskuldbindingarvirði (E*) sem leiðir af notkun á hæfum rammasamningi um skuldajöfnun, sem nær yfir endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulán-veitingar eða -lántöku eða önnur viðskipti tengd fjármagns-markaði, önnur en afleiðuviðskipti, aðferð með eigin líkönum sem tekur tillit til áhrifa fylgni milli verðbréfastaðna, sem eru háðar rammasamningi um skuldajöfnun svo og seljanleika viðkomandi gerninga.

2. Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda geta stofnanir einnig notað eigin líkön sín vegna viðbótarlánveitinga ef viðskiptin eru samkvæmt tvíhliða rammasamningi um skuldajöfnun sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 7. þætti 6. kafla.

3. Stofnun getur kosið að nota eiginlíkansaðferðina óháð því hvort stuðst er við staðalaðferðina eða innramatsaðferðina við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Kjósi stofnun að nota eiginlíkansaðferðina verður hún að gera það vegna allra mótaðila og verðbréfa, að undanskildum lítilvægum verðbréfasöfnum, en þá má nota eftirlitsaðferðina við jöfnun flökts eða aðferð eigin mats eins og mælt er fyrir um í 220. gr.

Stofnanir, sem hafa fengið heimild til að nota eigið áhættumatslíkan skv. 5. kafla í IV. bálki, geta notað eiginlíkansaðferðina. Hafi stofnun ekki fengið slíka heimild getur hún áfram sótt um heimild hjá lögbærum yfirvöldum til að nota eiginlíkansaðferðina með tilliti til þessarar greinar.

4. Lögbær yfirvöld skulu ekki heimila stofnun að nota eiginlíkansaðferðina nema þau séu fullviss um að kerfi stofnunarinnar, sem ætlað er til þess að stjórna áhættu, sem leiðir af viðskiptunum sem rammasamningur um skuldajöfnun gildir um, sé skilvirkt og því sé beitt af heilindum og að eftirtaldar gæðakröfur séu uppfylltar:

a) innra áhættumatslíkanið, sem notað er til að reikna hugsanlegt flökt á verði viðskiptanna, sé rækilega samþætt daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar og nýtist sem grundvöllur þess að framkvæmdastjórn sé greint frá áhættugrunni hennar,

b) stofnunin haldi úti áhættueftirlitsdeild sem uppfyllir allar eftirtaldar kröfur:

   i. hún er óháð viðskiptadeildum og heyrir beint undir framkvæmdastjórn,

   ii. hún skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd áhættustýringarkerfis stofnunarinnar,

   iii. hún skal leggja fram og greina daglegar skýrslur um niðurstöður samkvæmt áhættumatslíkaninu og um viðeigandi ráðstafanir varðandi stöðumörk,

c) stjórnendur, með nægjanlegt vald til að knýja fram lækkun á teknum stöðum og heildaráhættugrunni, fari yfir daglegar skýrslur sem lagðar eru fram af áhættueftirlitsdeild,

d) stofnunin hafi á að skipa nægu starfsfólki í áhættueftirlitsdeild sem hefur færni í notkun þróaðra líkana,

e) stofnunin hafi sett verklagsreglur um vöktun og að tryggt sé að skjalfestum, innri stefnumiðum og eftirlitsaðgerðum sé fylgt að því er varðar heildarrekstur áhættumatskerfisins,

f) líkön stofnunarinnar hafi reynst hæfilega nákvæm við að meta áhættu, samkvæmt afturvirkri prófun á niðurstöðum þeirra með gögnum sem spanna minnst eitt ár,

g) stofnunin láti oft gera strangar álagsprófanir og niðurstöður slíkra prófana séu lagðar fyrir framkvæmdastjórn og endurspeglist í stefnumiðum og takmörkunum sem hún setur,

h) stofnunin láti fara fram óháða endurskoðun á áhættumatskerfi sínu sem lið í reglubundinni innri endurskoðun sinni. Þessi endurskoðun skal fela í sér bæði starfsemi viðskiptadeilda og óháðu áhættueftirlitsdeildarinnar,

i) stofnunin standi fyrir að minnsta kosti árlegri endurskoðun á áhættustýringarferli sínu,

j) eigið líkan uppfylli skilyrðin sem sett eru fram 8. mgr. 292. gr. og 9. mgr. 294. gr.

5. Innra áhættumatslíkan stofnunar skal ná yfir nægilegan fjölda áhættuþátta til að greina allar mikilvægar verðáhættur.

Stofnun getur notað mælifylgni innan áhættuflokka og þvert á áhættuflokka ef kerfið sem hún notar við að mæla fylgni er traust og því sé beitt af heilindum.

6. Stofnanir sem nota eiginlíkansaðferðina skulu reikna E* í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E^* = max\left\{0, \left(\sum_i E_i - \sum_i C_i\right) + mögulegar\ virðisbreytingar\right\}$$

þar sem:

E_i = áhættuskuldbindingarvirði hverrar einstakrar áhættuskuldbindingar i samkvæmt samningnum, sem gildir ef útlánavörnin er ekki fyrir hendi, þegar stofnanir reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni eða þegar þær reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæðir vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni,

C_i = virði verðbréfa, sem fengin eru að láni, keypt eða móttekin, eða reiðufjár sem fengið er að láni eða móttekið að því er varðar hverja slíka áhættuskuldbindingu i.

Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga með notkun eigin líkana skulu stofnanir nota útkomu líkans frá undangengnum viðskiptadegi.

7. Útreikningur á hugsanlegum breytingum virðis, sem um getur í 6. mgr., skal standast eftirtaldar lágmarkskröfur:

a) Hann skal fara fram a.m.k. daglega.

b) Hann skal grundvallast á 99% einhliða öryggisbili.

c) Hann skal grundvallast á innlausnartímabili sem er jafngilt fimm dögum, að undanskildum þeim tilvikum þegar viðskiptin eru önnur en endurhverf verðbréfaviðskipti eða verðbréfalán eða -lántaka þar sem notast skal við jafngildi tíu daga innlausnartímabils.

d) Hann skal grundvallast á skilvirkri athugun aftur í tímann, sem nær yfir að minnsta kosti eitt ár, nema styttra úrtakstímabil sé réttlætanlegt vegna verulegrar aukningar á verðflökti.

e) Að gögn sem notuð eru við útreikninginn séu uppfærð á þriggja mánaða fresti.

Þegar stofnun hefur endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántöku, eða önnur sambærileg viðskipti eða skuldajöfnunarsafn, sem uppfyllir viðmiðin sem sett eru fram í 2., 3. og 4. mgr. 285. gr. skal lágmarkseignartímabilið fært til samræmis við áhættutímabil tryggingarfjárins, sem myndi gilda samkvæmt þessum málsgreinum, ásamt 5. mgr. 285. gr.

8. Til að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps af endurhverfum viðskiptum eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingum eða -lántöku eða öðrum viðskiptum á fjármagnsmarkaði sem rammasamningur um skuldajöfnun nær yfir skulu stofnanir nota E*, eins og það er reiknað skv. 6. mgr., sem áhættuskuldbindingarvirði vegna áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem leiðir af viðskiptum sem falla undir rammasamninginn um skuldajöfnun að því er varðar 113. gr. staðalaðferðarinnar eða 3. kafla samkvæmt innramatsaðferðinni.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) hvað felist í lítilvægum verðbréfasöfnum með tilliti til 3. mgr.,

b) viðmiðin til að ákvarða hvort eigið líkan sé skilvirkt og beitt af heilindum með tilliti til 4. og 5. gr. og rammasamninga um skuldajöfnun.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

222. gr.

Einfalda aðferðin um fjárhagslegar tryggingar

1. Stofnunum er aðeins heimilt að nota einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar þegar þær reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við staðalaðferðina. Stofnun getur ekki bæði notað einfalda aðferð fjárhagslegra trygginga og heildaraðferð fjárhagslegra trygginga nema að því er varðar 1. mgr. 148. gr. og 1. mgr. 150. gr. Stofnanir skulu ekki nota þessa undanþágu á valvísan hátt í þeim tilgangi að ná fram lægri kröfum vegna eiginfjárgrunns eða með tilliti til eftirlitshögunar (e. *regulatory arbitrage*).

2. Samkvæmt einfaldaðri aðferð fjárhagslegra trygginga er hæfri fjárhagslegri tryggingu úthlutað virði sem er jafnt markaðsvirði hennar eins og það er ákvarðað í samræmi við d-lið 4. mgr. 207. gr.

3. Stofnanir skulu veita þeim hlutum áhættuskuldbindingarvirðis, sem tryggðir eru með markaðsvirði hæfrar tryggingar, þá áhættuvog sem þeir myndu veita skv. 2. kafla ef lánastofnunin hefði beina áhættu af tryggingargerningnum. Í því skyni skal virði áhættuskuldbindingar liðar utan efnahagsreiknings, sem skráður er í I. viðauka, jafngilda 100% af virði hans, fremur en af áhættuskuldbindingarvirðinu sem um getur í 1. mgr. 111. gr.

Áhættuvog veðsetta hlutans skal að a.m.k. vera 20%, með fyrirvara um 4. til 6. mgr. Stofnanir skulu veita því sem eftir er af áhættuskuldbindingarvirðinu þá áhættuvog sem yrði beitt á ótryggða áhættuskuldbindingu vegna mótaðila skv. 2. kafla.

4. Stofnanir skulu veita 0% áhættuvog tryggðum hluta áhættuskuldbindingar sem leiðir af endurhverfum viðskiptum og verðbréfalánveitingu eða verðbréfalántöku sem uppfyllir viðmiðin í 227. gr. Sé mótaðili í viðskiptunum ekki mikilvægur markaðsaðili skulu stofnanir veita 10% áhættuvog.

5. Stofnanir skulu veita 0% áhættuvog tryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðis, sem ákvarðað er samkvæmt 6. kafla vegna þeirra afleiðugerninga, sem taldir eru upp í II. viðauka og færðir eru daglega á markaðsvirði, tryggðir með reiðufé eða reiðufjárígildisgerningum þar sem ekki er gjaldmiðlamisvægi.

Stofnanir skulu veita 10% áhættuvog tryggðum hluta áhættuskuldbindingarvirðis þess háttar viðskipta, sem tryggð eru með skuldabréfum útgefnum af ríkinu eða seðlabönkum sem fá 0% áhættuvog skv. 2. kafla.

6. Fyrir önnur viðskipti en þau sem um getur í 4. og 5. mgr. geta stofnanir notað 0% áhættuvog ef áhættuskuldbindingin og tryggingin eru tilgreindar í sama gjaldmiðli og annað eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

a) tryggingin er innlán eða reiðufjárígildisgerningur,

b) tryggingin er í formi skuldabréfa útgefnum af ríki eða seðlabanka sem heimilt er að veita 0% áhættuvog skv. 114. gr. og markaðsvirði hennar hefur verið lækkað um 20%.

7. Að því er varðar 5. og 6. mgr. skulu skuldabréf gefin út af ríki eða seðlabönkum ná til:

a) skuldabréfa útgefnum af héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, sé farið með áhættuskuldbindingar gagnvart þeim sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríki þeirrar lögsögu þar sem þau hafa staðfestu skv. 115. gr.,

b) skuldabréfa gefnum út af fjölþjóðlegum þróunarbönkum, sem fá 0% áhættuvog skv. 2. mgr. 117. gr.,

c) skuldabréfa, gefnum út af alþjóðlegum stofnunum sem hafa fengið 0% áhættuvog skv. 118. gr.,

d) skuldabréfa, gefnum út af opinberum aðilum sem farið er með sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkinu, í samræmi við 4. mgr. 116. gr.

223. gr.

Heildaraðferð fjárhagslegra trygginga

1. Til að taka verðflökt til greina skulu stofnanir beita jöfnun flökts á markaðsvirði tryggingar, eins og lýst er í 224. til 227. gr., við mat á fjárhagslegum tryggingum að því er varðar heildaraðferð fjárhagslegra trygginga.

Þegar trygging er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en undirliggjandi áhættuskuldbinding skulu stofnanir gera leiðréttingu sem endurspeglar gjaldmiðlaflökt til viðbótar við þá jöfnun flökts sem á við tryggginguna eins og lýst er í 224. til 227. gr.

Sé um að ræða OTC-afleiðuviðskipti sem falla undir skuldajöfnunarsamninga, sem lögbær yfirvöld viðurkenna skv. 6. kafla, skulu stofnanir beita jöfnun flökts, sem endurspeglar gjaldmiðlaflökt, þegar misræmi er milli gjaldmiðils tryggingarinnar og uppgjörsgjaldmiðilsins. Jafnvel þegar um marga gjaldmiðla er að ræða í viðskiptunum sem skuldajöfnunarsamningurinn nær yfir skulu stofnanir jafna flökt einu sinni.

2. Stofnanir skulu reikna virði tryggingar sem þær skulu taka tillit til, leiðrétt með tilliti til flökts (C_{VA}) á eftirfarandi hátt:

$$C_{VA} = C \cdot \left(1 - H_C - H_{fx}\right)$$

þar sem:

C = virði tryggingarinnar,

H_C = jöfnun flökts sem á við tryggginguna, eins og hún er reiknuð skv. 224. og 227. gr.,

H_{fx} = jöfnun flökts sem á við gjaldmiðlamisvægi, eins og það er reiknað skv. 224. og 227. gr.

Stofnanir skulu nota formúluna í þessari málsgrein til að reikna virði tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts, fyrir öll viðskipti, nema þau sem falla undir samþykkta rammasamninga um skuldajöfnun, sem ákvæði 220. og 221. gr. gilda um.

3. Stofnanir skulu reikna virði áhættuskuldbindingar sem þær skulu taka tillit til, leiðrétt með tilliti til flökts (EVA) á eftirfarandi hátt:

$$E_{VA} = E \cdot (1 + H_E)$$

þar sem:

E = áhættuskuldbindingarvirðið eins og það yrði ákvarðað skv. 2. eða 3. kafla, eftir því sem við á, ef áhættuskuldbindingin væri ekki tryggð,

H_E = jöfnun flökts, sem á við áhættuskuldbindinguna, eins og hún er reiknuð skv. 224. og 227. gr.

Sé um að ræða viðskipti með OTC-afleiðuviðskipti skulu stofnanir reikna E_{VA} sem hér segir

$$E_{VA} = E.$$

4. Eftirfarandi á við að því er varðar útreikning á E í 3. mgr.:

a) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna skuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni skal áhættuskuldbindingarvirði liðar utan efnahagsreiknings, sem skráður er í I. viðauka, vera 100% af virði hans, fremur en af áhættuskuldbindingarvirðinu sem um getur í 1. mgr. 111. gr.,

b) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni skulu þær reikna áhættuskuldbindingarvirði liða, sem tilgreindir eru í 8. til 10. mgr. 166. gr., með því að nota breytistuðulinn 100% fremur en með breytistuðlum eða hlutföllum sem eru tilgreind í þessum málsgreinum.

5. Stofnanir skulu reikna fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar (E*), að teknu tilliti til bæði flökts og áhættumildandi áhrifa trygginga sem hér segir:

$$E^* = \max\{0, E_{VA} - C_{VAM}\}$$

þar sem:

E_{VA} = er virði áhættuskuldbindingarinnar leiðrétt með tilliti til flökts eins og reiknað er í 3. mgr.,

C_{VAM} = C_{VA} leiðrétt enn frekar með tilliti til alls tímamisræmis í samræmi við ákvæði 5. þáttar,

6. Stofnanir geta reiknað jöfnun flökts annaðhvort með notkun eftirlitsaðferðarinnar við jöfnun flökts, sem um getur í 224. gr., eða aðferðar eigin mats sem um getur í 225. gr.

Stofnun getur kosið að nota eftirlitsaðferð við jöfnun flökts eða aðferð eigin mats við jöfnun flökts óháð því hvort notast er við staðalaðferðina eða við innramatsaðferðina við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

Kjósi stofnun hins vegar að nota aðferð eigin mats skal hún styðjast við hana að því er varðar allar tegundir gerninga, að undanskildum lítilvægum verðbréfasöfnum þar sem henni er heimilt að nota eftirlitsaðferðina við jöfnun flökts.

7. Þegar trygging samanstendur af nokkrum hæfum liðum skulu stofnanir reikna jöfnun flökts (H) sem hér segir:

$$H = \sum_i a_i H_i$$

þar sem:

a_i = hlutfall af virði hæfs liðar i af heildarvirði tryggingarinnar,

H_i = jöfnun flökts sem á við tækan lið *i*.

224. gr.

Jöfnun flökts samkvæmt eftirlitsaðferð í tengslum við heildaraðferð fjárhagslegra trygginga

1. Jöfnun flökts, sem stofnanir skulu nota samkvæmt eftirlitsaðferðinni við jöfnun flökts, að því gefnu að daglegt endurmat fari fram, er sú sem sett er fram í töflum 1 til 4 í þessari málsgrein.

JÖFNUN FLÖKTS

Tafla 1

Lánshæfisþrep sem á við lánshæfismat skuldabréfa	Eftirstöðvatími	Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum sem lýst er í b-lið 1. mgr. 197. gr.			Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum sem lýst er í c- og d-lið 1. mgr. 197. gr.			Jöfnun flökts verðbréfaðra staðna og viðmið h-liðar 1. mgr. 197. gr. uppfyllt		
		20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)
1	≤ 1 ár	0.707	05	0.354	1.414	1	0.707	2.829	2	1.414
	>1 ≤ 5 ár	2.828	2	1.414	5.657	4	2.828	11.314	8	5.657
	> 5 ár	5.657	4	2.828	11.314	8	5.657	22.628	16	11.313
2-3	≤ 1 ár	1.414	1	0.707	2.828	2	1.414	5.657	4	2.828
	>1 ≤ 5 ár	4.243	3	2.121	8.485	6	4.243	16.971	12	8.485
	> 5 ár	8.485	6	4.243	16.971	12	8.485	33.942	24	16.970
4	≤ 1 ár	21.213	15	10.607	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við
	>1 ≤ 5 ár	21.213	15	10.607	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við
	> 5 ár	21.213	15	10.607	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við

Tafla 2

Lánshæfisþrep sem á við lánshæfismat skammtímaskulda-bréfa	Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum, sem lýst er í b-lið 1. mgr. 197. mgr., með skammtímalánshæfismat			Jöfnun flökts skuldabréfa útgefnum af aðilum, sem lýst er í c og d-lið 1. mgr. 197. gr., með skammtímalánshæfismat			Jöfnun flökts verðbréfaðra staðna og viðmið h-liðar 1. mgr. 197. gr. uppfyllt		
	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)
1	0.707	05	0.354	1.414	1	0.707	2.829	2	1.414
2-3	1.414	1	0.707	2.828	2	1.414	5.657	4	2.828

Tafla 3

Aðrar tegundir trygginga eða áhættuskuldbindinga

	20 daga innlausnar-tímabil (%)	10 daga innlausnar-tímabil (%)	5 daga innlausnar-tímabil (%)
Hlutabréf á aðallista, breytanleg skuldabréf á aðallista	21.213	15	10.607
Önnur hlutabréf eða breytanleg skuldabréf í viðurkenndri kauphöll	35.355	25	17.678
Reiðufé	0	0	0
Gull	21.213	15	10.607

Tafla 4

Jöfnun flökts fyrir gjaldmiðlamisvægi

20 daga innlausnartímabil (%)	10 daga innlausnartímabil (%)	5 daga innlausnartímabil (%)
11.314	8	5.657

2. Útreikningur á jöfnun flökts í samræmi við 1. mgr. skal vera með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) að því er varðar tryggðar lánveitingar skal innlausnartímabilið vera 20 viðskiptadagar,

b) að því er varðar endurhverf viðskipti, nema að því marki sem þess háttar viðskipti fela í sér yfirfærslu hrávara eða tryggðra réttinda varðandi tilkall til hrávara, og verðbréfalánveitingar eða -lántöku skal innlausnartímabil vera fimm viðskiptadagar,

c) að því er varðar önnur viðskipti tengdum fjármagnsmarkaði skal innlausnartímabil vera tíu viðskiptadagar.

Ef stofnun er með viðskipti eða skuldajöfnunarsafn sem uppfyllir viðmiðin, sem sett eru fram í 2., 3. og 4. mgr. 285. gr., skal lágmarkseignartímabilið vera í samræmi við áhættutímabil tryggingarfjár sem gildir samkvæmt þessum málsgreinum.

3. Í töflum 1 til 4 í 1. mgr. og í 4. til 6. mgr. er það lánshæfisþrep, sem lánshæfismat skuldabréfs á við, það lánshæfisþrep sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveður að eigi við í samræmi við 2. kafla.

Til að ákvarða það lánshæfisþrep sem á við lánshæfismat skuldabréfs, samkvæmt fyrstu undirgrein, er einnig stuðst við 7. mgr. 197. gr.

4. Að því er varðar óhæf verðbréf eða hrávöru, sem er tekin að láni eða seld í tengslum við endurhverf viðskipti eða verðbréfa- eða hrávöruveitingu eða -lántöku, er jöfnun flökts sú sama og í tilviki hlutabréfa í viðurkenndri kauphöll, en þó ekki á aðallista.

5. Að því er varðar hæf hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu er jöfnun flökts vegið meðaltal leiðréttingar flökts sem myndi eiga við þær eignir sem sjóðurinn hefur fjárfest í, í samræmi við innlausnartímabil viðskiptanna eins og tilgreint er í 2. mgr.

Þekki stofnunin ekki eignirnar sem sjóðurinn hefur fjárfest í skal flöktsjöfnunin vera sú mesta sem myndi eiga við einhverja þeirra eigna sem sjóðurinn hefur rétt til að fjárfesta í.

6. Að því er varðar skuldabréf, sem ekki hafa lánshæfismat, eru útgefin af stofnunum og uppfylla hæfisviðmiðin í 4. mgr. 197. gr., skal jöfnun flökts vera sú sama og vegna skuldabréfa útgefnum af stofnunum eða fyrirtækjum með utanaðkomandi lánshæfismat sem á við 2. eða 3. lánshæfisþrep.

225. gr.

Eigið mat á jöfnun flökts samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga

1. Lögbær yfirvöld skulu heimila stofnunum að nota eigið mat á flökti við útreikning á jöfnun flökts sem beita skal á tryggingar og áhættuskuldbindingar þegar þessar stofnanir uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 2. og 3. mgr. Stofnanir, sem hafa fengið heimild til að nota eigið mat á flökti, skulu ekki hverfa aftur til að nota aðrar aðferðir nema að gefnu tilefni og með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda.

Að því er varðar skuldabréf sem hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem jafngildir fjárfestingarflokki eða er hærra geta stofnanir reiknað út mat á flökti fyrir hvern flokk verðbréfa.

Að því er varðar skuldabréf sem hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem jafngildir lægri flokki en fjárfestingarflokki, og að því er varðar aðrar hæfar tryggingar, skulu stofnanir reikna jöfnun flökts fyrir hvern lið sérstaklega.

Stofnanir, sem nota aðferð eigin mats, skulu meta flökt tryggingа eða gjaldmiðlamisvægi án þess að taka tillit til fylgni milli ótryggðrar áhættuskuldbindingar, tryggingar eða gengis gjaldmiðla.

Við ákvörðun á viðeigandi flokkum skulu stofnanir taka til greina tegund útgefanda verðbréfs, lánshæfismat utanaðkomandi aðila á viðkomandi verðbréfi, eftirstöðvatíma og leiðréttum rauntíma. Mat á flökti skal vera lýsandi að því er varðar þau skuldabréf sem stofnun setur í viðkomandi flokk.

2. Útreikningur á leiðréttingu á flökti skal uppfylla eftirtaldar lágmarkskröfur:

a) Stofnanir skulu grundvalla útreikning á einhliða 99% öryggisbili.

b) Stofnanir skulu grundvalla útreikning á eftirfarandi innlausnartímabilum:

i. 20 viðskiptadögum að því er varðar tryggðar lánveitingar,

ii. fimm viðskiptadögum að því er varðar endurhverf viðskipti nema að því marki sem þess háttar viðskipti fela í sér yfirfærslu hrávara eða tryggðra réttinda varðandi tilkall til hrávara og verðbréfalánveitingar eða lántökur,

iii. 10 viðskiptadögum að því er varðar önnur viðskipti sem tengjast fjármagnsmarkaði.

c) Stofnunum er heimilt að nota tölur til að jafna flökt sem reiknaðar eru út samkvæmt lengra eða styttra innlausnartímabili, kvarðaðar upp eða niður til samræmis við það innlausnartímabil sem sett er fram í b-lið fyrir tegund viðkomandi viðskipta, með notkun formúlu fyrir kvaðratrót af tíma:

$$H_M = H_N \cdot \sqrt{\frac{T_M}{T_N}}$$

þar sem:

T_M = viðeigandi innlausnartímabil,

H_M = jöfnun flökts á grundvelli innlausnartímabils T_M,

H_N = jöfnun flökts á grundvelli innlausnartímabils T_N.

d) Stofnanir skulu taka tillit til illseljanleika eigna af lakari gæðum. Þær skulu kvarða innlausnartímabil upp á við í tilvikum þar sem óvissa er um seljanleika tryggingar. Þær skulu einnig tilgreina eldri gögn þar sem mögulegt flökt kann að vera vanmetið. Tekið skal á þess háttar tilvikum með álagssviðsmynd.

e) Eldra tímabilið, sem stofnanir taka til athugunar til að reikna jöfnun flökts, skal ná yfir eitt ár hið minnsta. Að því er varðar stofnanir sem nota vogunarkerfi eða aðrar aðferðir til meta eldra tímabil skal gilt athugunartímabil vera að lágmarki eitt ár. Lögbær yfirvöld geta einnig gert kröfu um að stofnun reikni út jöfnun flökts hjá sér með því að nota styttra athugunartímabil enda telji þau að veruleg aukning á verðflökti réttlæti það.

f) Stofnanir skulu uppfæra gagnasöfn sín og reikna jöfnun flökts að lágmarki á þriggja mánaða fresti. Þau skulu einnig endurmeta gagnasöfnin þegar verulegar breytingar verða á markaðsverðum.

3. Mat á jöfnun flökts skal uppfylla allar eftirtaldar eigindlegar viðmiðanir:

a) Stofnun skal nota mat á flökti í daglegu ferli áhættustýringar, þ.m.t. í tengslum við innri hættumörk sín.

b) Ef innlausnartímabil sem stofnun notar við daglega áhættustýringu er lengra en það sem sett er fram í þessum þætti, vegna þeirrar tegundar viðskipta sem um ræðir, skal flöktjöfnun stofnunarinnar kvörðuð upp á við í samræmi við formúluna fyrir kvaðratrót af tíma sem sett er fram í c-lið 2. mgr.

c) Stofnun skal hafa til staðar viðurkenndar verklagsreglur til að hafa eftirlit með og tryggja að farið sé eftir skjalfestum stefnum og varúðarráðstöfunum vegna reksturs kerfis hennar til að meta jöfnun flökts og vegna samþættingar á þess háttar mati við áhættustýringarferli.

d) Óháð endurskoðun á því kerfi sem stofnunin notar til að meta jöfnun flökts skal fara fram reglubundið innan ramma innri endurskoðunar stofnunarinnar. Endurskoðun alls þess kerfis, sem notað er við að meta jöfnun flökts og til að samþætta þær leiðréttingar við áhættustýringarferli stofnunarinnar skal fara fram að lágmarki einu sinni á ári. Viðfangsefni þessarar endurskoðunar skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

i. samþættingu mats á jöfnun flökts við daglega áhættustýringu,

ii. sannreyningu á öllum mikilvægum breytingum á ferlinu við mat á jöfnun flökts,

iii. sannprófun á því hversu samkvæmir, tímanlegar og áreiðanlegir þeir gagnagrunnar eru sem notaðir eru við mat á jöfnun flökts og enn fremur hversu óháðir slíkir gagnagrunnar eru,

iv. hversu nákvæmar og viðeigandi forsendur um flökt eru.

226. gr.

Jöfnun flökts samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga kvörðuð upp á við

Stofnun skal beita þeirri jöfnun flökts, sem sett er fram í 224. mgr., þegar um er að ræða daglegt endurmat. Þegar stofnun notar eigið mat á jöfnun flökts í samræmi við 225. gr. skal hún á sama hátt reikna hana út í fyrsta sinn á grundvelli daglegs endurmats. Fari endurmat fram sjaldnar en daglega skulu stofnanir beita meiri jöfnun flökts. Stofnanir skulu reikna endurmat með því að kvarða daglegt endurmat á jöfnun flökts upp á við, með eftirfarandi formúlu kvaðratrótar af tíma:

$$H = H_M \cdot \sqrt{\frac{N_R + (T_M - 1)}{T_M}}$$

þar sem:

H = jöfnun flökts sem skal beita,

H_M = jöfnun flökts þar sem fram fer daglegt endurmat,

N_R = raunverulegur fjöldi viðskiptadaga á milli gerðar endurmats,

T_M = innlausnartímabil sem á við viðkomandi tegund viðskipta.

227. gr.

Skilyrði fyrir því að beita 0% jöfnun flökts samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga

1. Í tengslum við endurhverf viðskipti og verðbréfalán-veitingu eða -lántöku þar sem stofnun notar eftirlitsaðferð við jöfnun flökts skv. 224. gr. eða aðferð eigin mats við jöfnun flökts skv. 225. gr. og þar sem skilyrðin, sem sett eru fram í a til h-lið 2. mgr., eru uppfyllt, geta stofnanir beitt 0% jöfnun flökts í stað þeirra leiðréttinga sem reiknaðar eru út skv. 224. til 226. mgr. Stofnanir, sem nota eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 221. gr., skulu ekki nota aðferðina sem sett er fram í þessari grein.

2. Stofnanir geta beitt 0% jöfnun flökts að uppfylltum öllum eftirtöldum skilyrðum:

a) bæði áhættuskuldbindingin og tryggingin eru reiðufé eða skuldabréf útgefin af ríkinu eða seðlabönkum í skilningi b-liðar, 1. mgr. 197. gr. og uppfylla skilyrði þess að fá 0% áhættuvog skv. 2. kafla,

b) bæði áhættuskuldbindingin og tryggingin eru í sama gjaldmiðli,

c) annaðhvort er líftími viðskipta ekki lengri en einn dagur eða bæði áhættuskuldbindingin og tryggingin eru færðar á markaðsvirði daglega eða endurmetnar daglega,

d) tímabilið frá síðustu færslu á markaðsvirði að þeim tímapunkti sem mótaðili getur ekki lagt fram viðbótar-tryggingu og trygging er innleyst skal ekki vera lengra en fjórir viðskiptadagar,

e) viðskiptin eru gerð upp í uppgjörskerfi sem er viðurkennt fyrir viðkomandi tegund viðskipta,

f) skjalfesting samnings eða viðskipta er hefðbundin skjalfesting fyrir endurhverf viðskipti eða verðbréfalán-veitingu eða -lántöku í viðkomandi verðbréfum,

g) í skjölum sem gilda um viðskiptin kemur fram að ef mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingu um að afhenda reiðufé eða verðbréf eða leggja fram viðbótartryggingu eða vanefnir samning með öðrum hætti séu viðskiptin tafarlaust uppsegjanleg,

h) mótaðilinn er að mati lögbærra yfirvalda talinn vera mikilvægur markaðsaðili.

3. Eftirfarandi aðilar teljast til mikilvægra markaðsaðila sem um getur í h-lið 2. mgr.:

a) aðilar, sem nefndir eru í b-lið 1. mgr. 197. mgr., hafi áhættuskuldbindingar vegna þeirra 0% áhættuvog skv. 2. kafla,

b) stofnanir,

c) önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði í skilningi b- og d-liðar 25. liðar 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, hafi áhættuskuld-bindingar vegna þeirra 20% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni eða sem, í tilviki stofnana sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni, hafa ekki lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða stofnunin metur innanhúss,

d) eftirlitsskyldir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem lúta kröfum um eigið fé eða vogun,

e) eftirlitsskyldir lífeyrissjóðir,

f) viðurkennd stöðustofnunarfyrirtæki.

228. gr.

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga

1. Samkvæmt staðalaðferðinni skulu stofnanir nota E* eins og það er reiknað skv. 5. mgr. 223. gr. sem áhættuskuldbindingarvirði með tilliti til 113. gr. Þegar um er að ræða liði utan efnahagsreiknings, sem taldir eru upp í I. viðauka, skal nota E* sem það virði sem beita skal hlutföllunum í 1. mgr. 111. gr. á til þess að reikna áhættuskuldbindingarvirði.

2. Samkvæmt innramatsaðferðinni skulu stofnanir nota rauntap að gefnum vanefndum (LGD*) sem tap að gefnum vanefndum með tilliti til 3. kafla. Stofnanir skulu reikna LGD* sem hér segir:

$$LGD^* = LGD \cdot \frac{E^*}{E}$$

þar sem:

LGD = það tap að gefnum vanefndum sem myndi eiga við áhættuskuldbindinguna skv. 3. kafla ef hún væri ekki tryggð,

E = áhættuskuldbindingarvirðið skv. 3. mgr. 223. gr.

E* = fullleiðrétt áhættuskuldbindingarvirði skv. 5. mgr. 223. gr.

229. gr.

Matsreglur fyrir aðrar hæfar tryggingar samkvæmt innramatsaðferðinni

1. Að því er varðar fasteignaveð skal óháður matsaðili meta veðið á markaðsvirði eða undir því. Stofnun skal gera kröfu um að óháði matsaðilinn skjalfesti markaðsvirðið á gagnsæjan og skýran hátt.

Í þeim aðildarríkjum sem hafa sett ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum má þó óháður matsaðili meta fasteignina á veðlánsvirði eða undir því. Stofnanir skulu gera kröfu um að óháði matsaðilinn taki ekki tillit til spákaupmennskuþátta þegar veðlánsvirðið er metið og skjalfesti virðið á gagnsæjan og skýran hátt.

Virði veðsins skal vera markaðsvirði eða veðlánsvirði, lækkað til að endurspegla áhrif eftirlits, sem krafist er skv. 3. mgr. 208. gr., og til að taka tillit til allra krafna í fasteignina, sem eru á undan í kröfuröðinni.

2. Virði viðskiptakrafna skal vera fjárhæð útistandandi krafna.

3. Stofnanir skulu meta virði efnislegra veða annarra en fasteigna á markaðsvirði. Að því er varðar þessa grein er markaðsvirðið sú fjárhæð sem metið er að eign myndi seljast á daginn sem matið er gert, í viðskiptum óskyldra aðila, sem eru fúsir til viðskiptanna, í eðlilegum viðskiptum.

230. gr.

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps að því er varðar aðrar hæfar tryggingar samkvæmt innramatsaðferðinni

1. Stofnanir skulu nota tap að gefnum vanefndum (LGD*), reiknað í samræmi við þessa málsgrein og 2. mgr., sem tap að gefnum vanefndum með tilliti til 3. kafla.

Þegar hlutfallið af virði tryggingar (C) á móti áhættuskuldbindingarvirði (E) er lægra en viðmiðunargildið C* sem er lágmarkstryggingarhlutfall áhættuskuldbindingarinnar, eins og mælt er fyrir um í töflu 5, skal tap að gefnum vanefndum* vera gildi taps að gefnum vanefndum sem mælt er fyrir um í 3. kafla vegna ótryggðra áhættuskuldbindinga af hálfu mótaðilans. Að því er þetta varðar skulu stofnanir reikna áhættuskuldbindingarvirði liða, sem fram koma í 8. til 10. mgr. 166. gr., með breytistuðlinum eða hlutfallinu 100%, fremur en með breytistuðlum eða hlutföllum sem eru tilgreind í þessum málsgreinum.

Þegar hlutfallið af virði tryggingar á móti áhættuskuldbindingarvirði fer yfir annað, hærra viðmiðunargildi C**, eins og mælt er fyrir um í töflu 5, skal tap að gefnum vanefndum* vera það sem mælt er fyrir um í töflu 5.

Þegar það hlutfall tryggingar, C**, sem krafist er næst ekki að því er varðar áhættuskuldbindinguna í heild, skulu stofnanir telja áhættuskuldbindinguna vera tvær áhættuskuldbindingar — þann hluta sem uppfyllir skilyrðin um hlutfall tryggingar, C**, og þann hluta sem samsvarar því sem eftir stendur.

2. Í töflu 5 í þessari málsgrein er sett fram viðeigandi tap að gefnum vanefndum* og það hlutfall tryggingar sem krafist er varðandi tryggðan hluta áhættuskuldbindinga.

Tafla 5

Lágmarkstap að gefnum vanefndum fyrir tryggða hluta áhættuskuldbindinga

	Tap að gefnum vanefndum* vegna fortíðar-áhættuskuld-bindingar	Tap að gefnum vanefndum* vegna víkjandi áhættu-skuld-bindinga	Lágmarks-tryggingar-hlutfall áhættuskuld-bindingar (C*)	Lágmarks-tryggingar-hlutfall áhættuskuld-bindingar (C**)
Viðskiptakröfur	35%	65%	0%	125%
Íbúðarhúsnæði/ viðskiptahúsnæði	35%	65%	30%	140%
Aðrar tryggingar	40%	70%	30%	140%

3. Önnur möguleg meðferð en sú sem sett er fram í 1. og 2. mgr. og með fyrirvara um 2. mgr. 124. gr. geta stofnanir veitt 50% áhættuvog þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar, innan þeirra marka sem sett eru fram í d-lið 2. mgr. 125. gr. og d-lið 2. mgr. 126. gr., sem er að fullu tryggður með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði innan yfirráðasvæðis aðildarríkis ef öllum skilyrðunum í 4. mgr. 199. gr. er fullnægt.

231. gr.

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps ef um er að ræða blandaðar tryggingar

1. Stofnun skal reikna virði taps að gefnum vanefndum* sem hún á að nota sem tap að gefnum vanefndum með tilliti til 3. kafla í samræmi við 2. og 3. mgr. að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) stofnanir skulu nota innramatsaðferðina til að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps,

b) áhættuskuldbinding er tryggð bæði með fjárhagslegri tryggingu og annarri hæfri tryggingu.

2. Stofnunum skal skylt að skipta virði áhættuskuldbindingar, leiðréttu með tilliti til flökts, sem fæst með því að beita jöfnun flökts, eins og sett er fram í 5. mgr. 223. gr., á virði áhættuskuldbindingarinnar, niður í hluta til að finna út þann hluta sem tryggður er með hæfri fjárhagslegri tryggingu, hluta sem tryggður er með viðskiptakröfum, hluta sem tryggður er með viðskiptahúsnæði eða íbúðarhúsnæði, hluta sem tryggður er með annarri hæfri tryggingu og ótryggðan hluta, eftir því sem við á.

3. Stofnanir skulu reikna gildi taps að gefnum vanefndum* fyrir hvern hluta áhættuskuldbindingar sem fæst í 2. mgr. sérstaklega í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa kafla.

232. gr.

Önnur fjármögnuð útlánavörn

1. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 212. gr. eru uppfyllt má fara með innlán hjá stofnun sem er þriðji aðili sem ábyrgð veitta af stofnun sem er þriðji aðili.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 212. gr. eru uppfyllt skulu stofnanir fara með þann hluta áhættuskuldbindingarinnar, sem er tryggður með gildandi endurkaupsvirði líftrygginganna, sem eru veðsettar lánastofnuninni, sem hér segir:

a) ef áhættuskuldbindingin fellur undir staðalaðferðina skal hún áhættuvegin með því að nota áhættuvogir sem tilgreindar eru í 3. mgr.,

b) ef áhættuskuldbindingin fellur undir innramatsaðferðina en ekki undir eigið mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum skal tap að gefnum vanefndum fastsett við 40%.

Sé um misvægi gjaldmiðla að ræða skulu stofnanir lækka gildandi endurkaupsvirði, í samræmi við 3. mgr. 233. gr. svo virði útlánavarnarinnar sé gildandi endurkaupsvirði líftryggingarsamningsins.

3. Að því er varðar a-lið 2. gr. skulu stofnanir nota eftirfarandi áhættuvogir á grundvelli þeirrar áhættuvogar sem úthlutuð er ótryggðum forgangsáhættuskuldbindingum vegna fyrirtækisins sem veitir líftrygginguna:

a) áhættuvog 20%, þar sem ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar vegna fyrirtækisins, sem veitir líftrygginguna, fá 20% áhættuvog,

b) áhættuvog 35%, þar sem ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar vegna fyrirtækisins, sem veitir líftrygginguna, fá 50% áhættuvog,

c) áhættuvog 70%, þar sem ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar vegna fyrirtækisins, sem veitir líftrygginguna, fá 100% áhættuvog,

d) áhættuvog 150%, þar sem ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar vegna fyrirtækisins, sem veitir líftrygginguna, fá 150% áhættuvog.

4. Stofnanir geta farið með gerninga, sem endurkeyptir eru samkvæmt beiðni og eru hæfir skv. c-lið 200. gr., sem ábyrgð veitta af útgáfustofnuninni. Virði hæfrar útlánavarnar skal vera sem hér segir:

a) þegar gerningurinn verður endurkeyptur á nafnvirði skal virði varnarinnar vera sú fjárhæð,

b) þegar gerningurinn verður endurkeyptur á markaðsvirði skal virði varnarinnar vera virði gernings, metið á sama hátt og skuldabréfin sem uppfylla skilyrðin í 4. mgr. 197. gr.

2. undirþáttur

Ófjármögnuð útlánavörn

233. gr.

Mat

1. Við útreikning á áhrifum ófjármagnaðrar útlánavarnar í samræmi við þennan undirþátt skal virði ófjármagnaðrar útlánavarnar (G) vera sú fjárhæð sem veitandi útlánavarnarinnar hefur skuldbundið sig til að greiða ef vanskil eða greiðslufall lántaka eða annar tiltekinn lánaatburður á sér stað.

2. Ef um er að ræða lánaafleiður sem ekki fela í sér, sem lánaatburð, endurskipulagningu undirliggjandi skuldbindingar, sem hefur í för með sér eftirgjöf eða frestun greiðslu á höfuðstól, vöxtum eða þóknunum, sem veldur útlánatapi, gildir eftirfarandi:

a) ef fjárhæðin sem veitandi útlánavarnarinnar hefur skuldbundið sig til að greiða er ekki hærri en áhættuskuldbindingarvirðið skulu stofnanir lækka virði útlánavarnarinnar sem reiknað er skv. 1. mgr. um 40%,

b) ef fjárhæðin sem veitandi útlánavarnarinnar hefur skuldbundið sig til að greiða er hærri en áhættuskuldbindingarvirðið skal virði útlánavarnar ekki vera hærra en 60% af áhættuskuldbindingarvirðinu.

3. Ef ófjármögnuð útlánavörn er skráð í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin skulu stofnanir lækka virði útlánavarnar með jöfnun flökts sem hér segir:

$$G^* = G \cdot \left(1 - H_{fx}\right)$$

þar sem:

G* = fjárhæð útlánavarnar leiðrétt fyrir allri gjaldmiðlaáhættu,

G = nafnverð útlánavarnarinnar,

H_{fx} = jöfnun flökts vegna alls gjaldmiðlamisvægis milli útlánavarnarinnar og undirliggjandi skuldbindingar sem ákvörðuð er í samræmi við 4. mgr.

Ef ekkert gjaldmiðlamisvægi er fyrir hendi er H_{fx} jafnt núlli.

4. Stofnanir skulu byggja jöfnun flökts, sem skal nota vegna hvers konar gjaldmiðlamisvægis, á 10 daga innlausnartímabili, að því gefnu að endurmat fari fram daglega, og geta reiknað það á grundvelli eftirlitsaðferðarinnar við jöfnun flökts sem sett er fram í 224. gr. eða aðferðar eigin mats sem sett er fram í 225. gr. Stofnanir skulu kvarða jöfnun flökts upp á við í samræmi við 226. gr.

234. gr.

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps ef um er að ræða vörn að hluta og skiptingu í áhættulög að hluta

Þegar stofnun flytur hluta af áhættu vegna útláns yfir á eitt eða fleiri áhættulög skal beita reglunum í 5. kafla. Stofnanir geta litið svo á að mikilvægismörk greiðslna, sem segja til um að ekki skuli inna af hendi greiðslu ef til taps kemur, jafngildi óafhentum stöðum fyrsta tapsþola og fela í sér lagskipta yfirfærslu áhættu.

235. gr.

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni

1. Að því er varðar 3. mgr. 113. gr. skal reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\max\{0, E - G_A\} \cdot r + G_A \cdot g$$

þar sem:

E = virði áhættuskuldbindingar skv. 111. gr.: að því er þetta varðar skal virði áhættuskuldbindingarinnar í lið utan efnahagsreiknings, sem skráð er í I. viðauka, vera 100% af virði hans fremur en af áhættuskuldbindingarvirðinu sem tilgreint er í 1. mgr. 111. gr.,

G_A = virði útlánavarnarinnar, eins og það er reiknað skv. 3. mgr. 233. gr. (G*), leiðrétt frekar vegna misræmis í líftíma eins og mælt er fyrir um í 5. þætti,

r = áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna loforðsgjafa eins og tilgreint er í 2. kafla,

g = áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna veitanda útlánavarnar eins og tilgreint er í 2. kafla.

2. Ef fjárhæðin sem er varin (G_A) er lægri en áhættuskuldbindingin (E) geta stofnanir ekki notað formúluna, sem tilgreind er í 1. mgr., nema þegar varði og óvarði hlutinn hafa jafnan forgang.

3. Stofnanir geta beitt meðferðinni, sem sett er fram í 4. og 7. mgr. 114. gr., á áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga með ábyrgð ríkis eða seðlabanka, þegar ábyrgðin er skráð í gjaldmiðli lántaka og áhættuskuldbindingin er fjármögnuð í þeim gjaldmiðli.

236. gr.

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps samkvæmt innramatsaðferðinni

1. Að því er varðar þann hluta áhættuskuldbindingarvirðis (E) sem um ræðir, byggt á leiðréttu virði útlánavarnar G_A, geta líkur á vanefndum, að því er varðar 3. kafla 4. þáttar, verið líkur á vanefndum veitanda útlánavarnar eða líkur á vanefndum sem liggja á milli lántakans og ábyrgðarveitandans ef full útskipting er ekki talin nauðsynleg. Sé um að ræða víkjandi áhættuskuldbindingu og ófjármagnaða vörn, sem ekki er víkjandi, geta stofnanir notað tap að gefnum vanefndum sem tengist forgangskröfum, að því er varðar 3. kafla 4. þáttar.

2. Að því er varðar óvarinn hluta áhættuskuldbindingarvirðis (E) skulu líkur á vanefndum vera líkur á vanefndum lántaka, en tap að gefnum vanefndum skal vera tap að gefnum vanefndum undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

3. Að því er þessa grein varðar er G_A virði G*, eins og það er reiknað skv. 3. mgr. 233. gr., og leiðrétt vegna misræmis í líftíma eins og mælt er fyrir um í 5. þætti. E er áhættuskuldbindingarvirðið sem ákvarðað er í samræmi við 5. þátt í 3. kafla. Að því er þetta varðar skulu stofnanir reikna áhættuskuldbindingarvirði liða, sem fram koma í 8. til 10. mgr. 166. gr., með breytistuðlinum eða hlutfallinu 100%, fremur en með breytistuðlum eða hlutföllum sem eru tilgreind í þessum málsgreinum.

5. þáttur

Misræmi í líftíma

237. gr.

Misræmi í líftíma

1. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga verður misræmi líftíma þegar eftirstöðvatími útlánavarnar er styttri en eftirstöðvatími þeirrar áhættuskuldbindingar sem varin er. Ef vörn hefur skemmri eftirstöðvatíma en þrjá mánuði og líftími hennar er styttri en líftími undirliggjandi áhættuskuldbindingar telst sú vörn ekki vera hæf útlánavörn.

2. Ef um er að ræða misræmi í líftíma skal útlánavörnin ekki teljast hæf ef öðru eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a) upphaflegur líftími varnar er styttri en eitt ár,

b) áhættuskuldbindingin er skammtímaáhættuskuldbinding, sem lögbær yfirvöld hafa tilgreint að sé háð lágmarki fyrir líftíma (M), skv. 3. mgr., 162. gr., sem er einn dagur frekar en eitt ár.

238. gr.

Líftími útlánavarnar

1. Virkur líftími undirliggjandi áhættuskuldbindingar skal vera hámarkstíminn sem eftir er áður en loforðsgjafa er ætlað að fullnægja skyldu sinni, þó að hámarki fimm ár. Með fyrirvara um 2. mgr. skal líftími útlánavarnarinnar vera tíminn til þess dags þegar vörnin getur fyrst runnið út eða henni fyrst sagt upp.

2. Þegar seljandi varnarinnar hefur val um að segja henni upp skulu stofnanir telja líftíma varnarinnar vera til þess tíma þegar fyrst er hægt að nýta þann möguleika. Þegar kaupandi varnarinnar hefur val um að segja henni upp og skilmálar samningsins við upphaf varnarinnar fela í sér jákvæða hvatningu til þess að stofnunin segi upp samningnum áður en líftími hans er liðinn skal stofnun telja líftíma varnarinnar vera tíminn til þess dags þegar fyrst er hægt að nýta þann möguleika, annars má stofnunin líta svo á að slíkur möguleiki hafi ekki áhrif á líftíma varnarinnar.

3. Þegar ekki er komið í veg fyrir að lánaafleiða falli úr gildi fyrir lok greiðslufrests, sem krafist er að renni út til að undirliggjandi skuldbinding fari í vanskil vegna þess að greiðslur til stofnana falla niður, skal líftími varnarinnar styttur sem samsvarar greiðslufrestinum.

239. gr.

Mat á vörn

1. Að því er varðar viðskipti sem fjármögnuð útlánavörn nær yfir samkvæmt einföldu aðferðinni um fjárhagslegar tryggingar skal tryggingin ekki teljast vera hæf fjármögnuð útlánavörn ef misræmi er á milli líftíma áhættuskuldbindingarinnar og líftíma varnarinnar.

2. Að því er varða viðskipti sem fjármögnuð útlánavörn nær yfir samkvæmt heildarðaferð fjárhagslegra trygginga skulu stofnanir láta líftíma útlánavarnar og líftíma áhættuskuldbindingarinnar endurspeglast í leiðréttu virði tryggingarinnar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$C_{VAM} = C_{VA} \cdot \frac{t - t^*}{T - t^*}$$

þar sem:

C_{VA} = virði tryggingar eftir jöfnun flökts, eins og tilgreint er í 2. mgr. 223. gr., eða fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, eftir því hvort er lægra,

t = fjöldi ára fram að gjalddaga útlánavarnar, reiknaður í samræmi við 238. gr., eða gildi T, eftir því hvort er lægra,

T = fjöldi ára fram að gjalddaga áhættuskuldbindingar, reiknaður í samræmi við 238. gr., eða fimm ár, eftir því hvort er lægra,

t* = 0,25.

Stofnanir skulu nota C_{VAM} sem C_{VA} leiðrétt frekar vegna misræmis í líftíma, í formúlunni til að reikna fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingarinnar (E*) sem sett er fram í 5. mgr. 223. gr.

3. Að því er varðar viðskipti sem ófjármögnuð útlánavörn nær yfir skulu stofnanir láta líftíma útlánavarnar og líftíma áhættuskuldbindingarinnar endurspeglast í leiðréttu virði tryggingarinnar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$G_A = G^* \cdot \frac{t - t^*}{T - t^*}$$

þar sem:

G_A = G* leiðrétt vegna hvers konar misræmis í líftíma,

G* = fjárhæð varnarinnar, leiðrétt vegna hvers konar gjaldmiðlamisvægis,

t = fjöldi ára fram að gjalddaga útlánavarnar, reiknaður út í samræmi við 238. gr., eða gildi T, eftir því hvort er lægra,

T = fjöldi ára fram að gjalddaga áhættuskuldbindingar, reiknaður út í samræmi við 238 gr., eð fimm ár, eftir því hvort er lægra,

t* = 0,25.

Stofnanir skulu nota G_A sem virði varnarinnar að því er varðar 233. til 236. gr.

6. þáttur

Mildun útlánahættu fyrir körfu áhættuskuldbindinga

240. gr.

Útlánaafleiður sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila

Ef stofnun fær útlánavörn vegna viss fjölda áhættuskuldbindinga samkvæmt skilmálum um að fyrsta greiðslufall á meðal áhættuskuldbindinga skuli orsaka greiðslu og að þessi lánaatburður skuli leiða til uppsagnar á samningum, getur stofnunin breytt útreikningunum á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar og, ef við á, fjárhæð vænts taps vegna áhættuskuldbindingarinnar, sem myndi, ef engin útlánavörn væri fyrir hendi, gefa lægstu fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í samræmi við þennan kafla:

a) að því er varðar stofnanir sem nota staðalaðferðina skal fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar reiknuð samkvæmt henni,

b) að því er varðar stofnanir sem nota innramatsaðferðina skal fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vera samtala áhættuveginnar áhættuskuldbindingar samkvæmt innramatsaðferðinni og 12,5 sinnum fjárhæð áætlaðs taps.

Meðferðin sem sett er fram í þessari grein gildir aðeins ef áhættuskuldbindingarvirðið er minna en eða jafnt og virði útlánavarnarinnar.

241. gr.

Útlánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila

Þegar n-tu vanskil meðal áhættuskuldbindinganna hrinda af stað greiðslu samkvæmt útlánavörninni, getur sú stofnun sem kaupir vörn aðeins fært vörnina við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eins og við á, fjárhæðir vænts taps ef varnar hefur einnig verið aflað vegna 1 til n-1 vanskila eða ef n-1 vanskil hafa þegar átt sér stað. Í slíkum tilvikum geta stofnanir breytt útreikningi á fjárhæð áhættuvegnu áhættuskuldbindingarinnar og, þar sem við á, fjárhæð vænts taps af áhættuskuldbindingunni sem myndi sýna lægstu n-tu fjárhæð áhættuveginnar skuldbindingar í samræmi við þennan kafla, ef útlánavörn er ekki fyrir hendi. Stofnanir skulu reikna n-tu lægstu fjárhæð eins og tilgreint er í a- og b-lið 240. gr.

Meðferðin sem sett er fram í þessari grein gildir aðeins ef áhættuskuldbindingarvirðið er minna en eða jafnt og virði útlánavarnarinnar.

Allar áhættuskuldbindingarnar í körfunni skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 204. gr. og d-lið 1. mgr. 216. gr.

5. KAFLI

Verðbréfun

1. þáttur

Skilgreiningar

242. gr.

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „umframávöxtun“: innheimt fjármagnsgjöld og aðrar þjónustutekjur sem fást greiddar að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar að frádregnum kostnaði og gjöldum,

2) „uppkauparéttur“: samningsbundinn réttur útgefanda til að kaupa aftur eða uppræta verðbréfaðar stöður, áður en allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hafa verið endurgreiddar ef fjárhæð útistandandi áhættuskuldbindinga er komin undir tiltekin mörk,

3) „lausafjárfyrirgreiðsla“: verðbréfuð staða sem leiðir af samningi um fjármögnun til þess að tryggja tímanleika sjóðstreymis til fjárfesta,

4) „K_{IRB}“: 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem hefðu verið reiknaðar út skv. 3. kafla að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, ef þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, auk fjárhæðar vænts taps vegna þessara áhættuskuldbindinga, reiknað samkvæmt þeim kafla,

5) „matsaðferð“: aðferð við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfaðar stöður í samræmi við 261. gr.,

6) „eftirlitsaðferð“: aðferð við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfaðar stöður í samræmi við 262. gr.,

7) „staða án lánshæfismats“: verðbréfuð staða sem hefur ekki fengið fullnægjandi lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eins og um getur í 4. þætti,

8) „staða með lánshæfismati“: verðbréfuð staða sem hefur fengið fullnægjandi lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eins og um getur í 4. þætti,

9) „eignatryggð skammtímaskuldabréfaáætlun“ eða „ABCP áætlun“: verðbréfunaráætlun þar sem útgefnu verðbréfin eru aðallega viðskiptabréf með upphaflegan binditíma til eins árs eða skemur,

10) „hefðbundin verðbréfun“: verðbréfun sem felur í sér efnahagslega yfirfærslu þeirra áhættuskuldbindinga sem verið er að verðbréfa. Þetta skal gert með yfirfærslu eignarhalds á verðbréfuðum áhættuskuldbindingum frá útgáfustofnun til sérstaks verðbréfunaraðila (SSPE) eða með undirþátttöku sérstaks verðbréfunaraðila. Útgefin verðbréf fela ekki í sér greiðsluskuldbindingu upphafsstofnunarinnar,

11) „gerviverðbréfun“: verðbréfun þar sem yfirfærsla á áhættu fer fram með notkun lánaafleiða eða trygginga og áhættuskuldbindingarnar sem verið er að verðbréfa halda áfram að vera áhættuskuldbiningar útgáfustofnunarinnar,

12) „hlaupandi áhættuskuldbinding:“ áhættuskuldbinding þar sem eftirstöðvum viðskiptavina er leyft að sveiflast á grundvelli ákvarðana þeirra um að taka lán og endurgreiða, innan umsaminna marka,

13) „hlaupandi verðbréfun“: verðbréfun þar sem sjálf uppbygging verðbréfunarinnar snýst um áhættuskuldbindingar sem bætt er við eða fjarlægðar úr safni áhættuskuldbindinga óháð því hvort áhættuskuldbindingin er hlaupandi eða ekki,

14) „ákvæðið um hröðun greiðslna“: samningsákvæði í verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga eða hlaupandi verðbréfun eða þar sem gerð er krafa um að stöður fjárfesta verði innleystar fyrir upphaflegan gjalddaga útgefinna verðbréfa, ef skilgreindir atburðir eiga sér stað,

15) „fyrsta áhættulag sem tapast“: lægsta áhættulag í verðbréfun sem er fyrsta lagið til að bera tap sem á sér stað vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og veitir þar með vörn gegn næsta tapi og, þar sem við á, hærra settum áhættulögum.

2. þáttur

Viðurkenning á verulegri yfirfærslu áhættu

243. gr.

Hefðbundin verðbréfun

1. Útgáfustofnun hefðbundinnar verðbréfunar er heimilt að undanskilja verðbréfaðar áhættuskuldbindingar í útreikningi fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga og fjárhæða vænts taps ef annað af eftirfarandi er uppfyllt:

a) talið er að umtalsverð útlánáhætta í tengslum við verðbréfaðar áhættuskuldbindingar hafi verið yfirfærð til þriðju aðila,

b) útgáfustofnunin beitir 1250% áhættuvog á allar verðbréfaðar stöður sem hún heldur í umræddri verðbréfun, eða dregur þessar verðbréfuðu stöður frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 skv. k-lið 1. mgr. 36. gr.

2. Umtalsverð útlánahætta telst hafa verið yfirfærð í eftirfarandi tilvikum:

a) fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga þeirra verðbréfuðu millilagsstaðna, sem útgáfustofnun varðveitir í þessari verðbréfun, eru ekki hærri en 50% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga allra verðbréfaðra millilagsstaðna sem er að finna í þessari verðbréfun,

b) ef engar verðbréfaðar millilagsstöður eru í tiltekinni verðbréfun og útgefandi getur sýnt fram á að áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðra staðna, sem væri háð frádrætti frá almennu eigin fé þáttar 1 eða 1250% áhættuvog, sé umtalsvert hærra en viðunandi mat á væntu tapi vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, heldur stofnun útgefanda ekki meira en 20% af áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðra staðna, sem væru háðar frádrætti frá almennu eigin fé þáttar 1, eða 1250% áhættuvog,

þegar ekki er hægt að réttlæta mögulega lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem útgáfustofnunin næði með þessari verðbréfun, með yfirfærslu samsvarandi útlánaáhættu til þriðju aðila geta lögbær yfirvöld í sérstökum tilvikum ákveðið að umtalsverð útlánaáhætta teljist ekki hafa verið yfirfærð til þriðju aðila.

3. Að því er varðar 2. mgr. eru verðbréfaðar millilagsstöður þær verðbréfuðu stöður sem lægri áhættuvog en 1250% gildir um og hafa minni forgang en staðan í þessari verðbréfun sem hefur mestan forgang og minni forgang en sérhver verðbréfuð staða í þessari verðbréfun sem hefur verið skipað í annað eftirfarandi þrepa í samræmi við 4. þátt:

a) 1. lánshæfisþrep, ef um er að ræða verðbréfaða stöðu sem fellur undir 3. undirþátt 3. þáttar,

b) 1. eða 2. lánshæfisþrep, ef um er að ræða verðbréfaða stöðu sem fellur undir 4. undirþátt 3. þáttar.

4. Annar kostur, auk 2. og 3. mgr. er að lögbær yfirvöld heimili útgáfustofnunum að líta svo á að umtalsverð útlánáhætta hafi verið yfirfærð ef útgáfustofnun getur sýnt fram á við sérhverja verðbréfun að lækkun á kröfum vegna eiginfjárgrunns, sem útgefandinn nær með verðbréfuninni, sé rökstudd með samsvarandi yfirfærslu útlánaáhættu til þriðju aðila.

Leyfi skal eingöngu veitt ef stofnunin uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

a) stofnunin býr yfir tilhlýðilega áhættunæmum stefnum og aðferðum til að meta yfirfærslu á áhættu,

b) stofnunin hefur einnig viðurkennt yfirfærslu á útlánaáhættu til þriðju aðila í hverju tilviki í tengslum við innri áhættustýringu stofnunarinnar og dreifingu innra fjármagns hennar.

5. Til viðbótar kröfunum sem settar eru fram í 1. til 4. mgr. skulu, eftir því sem við á, öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) skjöl um verðbréfunina endurspegla efnahagslegt inntak viðskiptanna,

b) Verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eru settar utan seilingar útgáfustofnunar og lánardrottna hennar, þ.m.t. við gjaldþrot og skiptameðferð. Þetta skal stutt áliti þar til bærs lögfræðings.

c) Útgefin verðbréf fela ekki í sér greiðsluskuldbindingu upphafsstofnunarinnar.

d) Útgáfustofnunin heldur hvorki beinum né óbeinum umráðum yfir yfirfærðu áhættuskuldbindingunni. Útgefandi telst hafa bein umráð yfir yfirfærðu áhættuskuldbindingunni ef hann á rétt á að kaupa yfirfærðar áhættuskuldbindingar aftur af framsalshafanum til þess að innleysa ávinning þeirra eða ef hann er skuldbundinn til að taka aftur á sig yfirfærða áhættu. Áframhaldandi umsýsluréttindi eða -skyldur útgáfustofnunar að því er varðar áhættuskuldbindingarnar skulu ekki einar og sér mynda óbein umráð yfir þeim.

e) Verðbréfuð skjöl uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

i. fyrir utan ákvæði um að greiða afborganir fyrir gjalddaga innihalda þau ekki ákvæði þar sem gerð er krafa um að útgáfustofnunin bæti stöður í verðbréfuninni, þ.m.t. en ekki einskorðað við að breyta undirliggjandi lánaáhættu eða auka ávöxtun sem greiða skal fjárfestum, vegna rýrnunar lánshæfis verðbréfuðu staðnanna,

ii. þau innihalda ekki ákvæði þar sem gert er ráð fyrir aukinni ávöxtun sem greiða skal handhöfum staðnanna í verðbréfuninni, vegna rýrnunar lánshæfis undirliggjandi safns,

iii. í þeim kemur skýrt fram, eftir atvikum, að sérhver kaup eða endurkaup á verðbréfuðum stöðum af hálfu útgefanda eða umsýsluaðila umfram samningsbundnar skuldbindingar hans heyri til undantekninga og megi aðeins fara fram við eðlileg samkeppnisskilyrði,

f) Ef fyrir hendi er uppkauparéttur skal sá réttur einnig uppfylla eftirtalin skilyrði:

i. hann er nýtanlegur að vild útgáfustofnunarinnar,

ii. hann er aðeins nýtanlegur þegar 10% eða minna af upphaflegu virði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna hefur ekki verið greitt niður,

iii. hann er ekki gerður til þess að komast hjá því að tap lendi á stöðum sem ætlað er að endurbæta lánshæfi, eða öðrum stöðum sem fjárfestar halda, og honum er ekki á annan hátt ætlað að endurbæta lánshæfi.

6. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um sérstök tilvik, sem um getur í 2. mgr., þar sem ekki er hægt að réttlæta mögulega lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga með samsvarandi yfirfærslu útlánaáhættu til þriðju aðila og um það þegar stofnanir beita 4. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsvenjum á þessu sviði og skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða framkvæmd aðildarríkjanna á þessum viðmiðunarreglum og veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf fyrir 31. desember 2017 um hvort þörf er á bindandi tæknistöðlum.

244. gr.

Gerviverðbréfun

1. Útgáfustofnun gerviverðbréfunar er heimilt að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, þar sem við á, fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í samræmi við 249. mgr., sé annað af eftirfarandi uppfyllt:

a) umtalsverð útlánaáhætta er talin hafa verið yfirfærð til þriðju aðila, annaðhvort með fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn,

b) útgáfustofnunin beitir 1250% áhættuvog á allar verðbréfaðar stöður sem hún heldur í umræddri verðbréfun, eða dregur þessar verðbréfuðu stöður frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 skv. k-lið 1. mgr. 36. gr.

2. Umtalsverð útlánahætta telst hafa verið yfirfærð sé eitthvert eftirfarandi skilyrða uppfyllt:

a) áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga verðbréfaðra millilagsstaðna, sem útgáfustofnun heldur í þessari verðbréfun, eru ekki hærri en 50% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga allra verðbréfaðra millilagsstaðna sem fyrir hendi eru í þessari verðbréfun,

b) ef engar verðbréfaðar millilagsstöður eru í tiltekinni verðbréfun og útgefandi getur sýnt fram á að áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðra staðna, sem væri háð frádrætti frá almennu eigin fé þáttar 1 eða 1250% áhættuvog, sé umtalsvert hærra en viðunandi mat á væntu tapi vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, heldur stofnun útgefanda ekki meira en 20% af áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðra staðna, sem væru háðar frádrætti frá almennu eigin fé þáttar 1, eða 1250% áhættuvog,

þegar ekki er hægt að réttlæta mögulega lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem útgáfustofnunin næði með þessari verðbréfun, með yfirfærslu samsvarandi útlánaáhættu til þriðju aðila geta lögbær yfirvöld í sérstökum tilvikum ákveðið að umtalsverð útlánaáhætta teljist ekki hafa verið yfirfærð til þriðju aðila.

3. Að því er varðar 2. mgr. eru verðbréfaðar millilagsstöður þær verðbréfuðu stöður sem lægri áhættuvog en 1250% gildir um og hafa minni forgang en staðan í þessari verðbréfun sem hefur mestan forgang og minni forgang en sérhver verðbréfuð staða í þessari verðbréfun sem hefur verið skipað í annað eftirfarandi þrepa í samræmi við 4. þátt:

a) 1. lánshæfisþrep, ef um er að ræða verðbréfaða stöðu sem fellur undir 3. undirþátt 3. þáttar,

b) 1. eða 2. lánshæfisþrep, ef um er að ræða verðbréfaða stöðu sem fellur undir 4. undirþátt 3. þáttar.

4. Annar kostur, auk 2. og 3. mgr. er að lögbær yfirvöld heimili útgáfustofnunum að líta svo á að umtalsverð útlánáhætta hafi verið yfirfærð ef útgáfustofnun getur sýnt fram á við sérhverja verðbréfun að lækkun á kröfum vegna eiginfjárgrunns, sem útgefandinn nær með verðbréfuninni, sé rökstudd með samsvarandi yfirfærslu útlánaáhættu til þriðju aðila.

Leyfi skal eingöngu veitt ef stofnunin uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

a) stofnunin býr yfir tilhlýðilega áhættunæmum stefnum og aðferðum til að meta yfirfærslu á áhættu,

b) stofnunin hefur einnig viðurkennt yfirfærslu á útlánaáhættu til þriðju aðila í hverju tilviki í tengslum við innri áhættustýringu stofnunarinnar og dreifingu innra fjármagns hennar.

5. Til viðbótar kröfunum sem settar eru fram í 1. til 4. mgr. skal yfirfærslan, eftir því sem við á, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) skjöl um verðbréfunina endurspegla efnahagslegt inntak viðskiptanna,

b) útlánavörnin, sem útlánahættan er yfirfærð með, er í samræmi við 2. mgr. 247. gr.,

c) gerningarnir sem notaðir eru til að yfirfæra útlánaáhættu fela ekki í sér skilmála eða skilyrði sem:

i. setja marktæk mikilvægismörk sem fela í sér að undir þeim er útlánavörn ekki hrundið af stað ef lánaatburður á sér stað,

ii. heimila að rifta vörninni vegna rýrnunar á lánshæfi undirliggjandi áhættuskuldbindinga,

iii. gera kröfu um að útgáfustofnunin bæti stöður í verðbréfuninni nema ef um er að ræða ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga,

iv. auka kostnað stofnunarinnar við útlánavörn eða ávöxtun sem greiða skal handhöfum staðnanna í verðbréfuninni vegna rýrnunar lánshæfis undirliggjandi safns,

d) fengin er álitsgerð hjá þar til bærum lögfræðingi til staðfestingar á fullnustuhæfi útlánavarnarinnar í öllum viðkomandi lögsagnarumdæmum,

e) í verðbréfuðu skjölunum skal skýrt tekið fram, eftir atvikum, að sérhver kaup eða endurkaup á verðbréfuðum stöðum af hálfu útgefanda eða umsýsluaðila umfram samningsbundnar skuldbindingar hans megi aðeins fara fram við eðlileg samkeppnisskilyrði,

f) ef fyrir hendi er uppkauparéttur skal sá réttur einnig uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

i. hann er nýtanlegur að vild útgáfustofnunarinnar,

ii. hann er aðeins nýtanlegur þegar 10% eða minna af upphaflegu virði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna hefur ekki verið greitt niður,

iii. hann er ekki gerður til þess að komast hjá því að tap lendi á stöðum sem ætlað er að endurbæta lánshæfi, eða öðrum stöðum sem fjárfestar halda, og honum er ekki á annan hátt ætlað að endurbæta lánshæfi.

6. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um sérstök tilvik, sem um getur í 2. mgr., þar sem ekki er hægt að réttlæta mögulega lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga með samsvarandi yfirfærslu útlánaáhættu til þriðju aðila og um það þegar stofnanir beita 4. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsvenjum á þessu sviði og skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða framkvæmd aðildarríkjanna á þessum viðmiðunarreglum og veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf fyrir 31. desember 2017 um hvort þörf er á bindandi tæknistöðlum.

3. þáttur

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga

1. undirþáttur

Meginreglur

245. gr.

Útreikningur fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga

1. Ef útgáfustofnun hefur flutt verulega útlánaáhættu tengda verðbréfuðum áhættuskuldbindingum í samræmi við 2. þátt getur sú stofnun:

a) undanskilið frá útreikningi sínum á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eftir því sem við á, fjárhæðum vænts taps þær áhættuskuldbindingar sem hún hefur verðbréfað, ef um hefðbundna verðbréfun er að ræða,

b) reiknað fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og, eftir því sem við á, fjárhæðir vænts taps að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar í samræmi við 249. og 250. gr., ef um gerviverðbréfun er að ræða.

2. Ef útgáfustofnun hefur ákveðið að beita 1. mgr. skal hún reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, fyrir þær stöður sem hún kann að hafa í verðbréfuninni.

Ef útgáfustofnun hefur ekki yfirfært verulega útlánahættu eða ákveðið að beita 1. mgr. þarf hún ekki að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna nokkurrar stöðu, sem hún kann að hafa í verðbréfuninni sem um ræðir, heldur halda áfram að fella verðbréfaðar áhættuskuldbindingar inn í útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar.

3. Ef um er að ræða áhættuskuldbindingu vegna mismunandi áhættulaga verðbréfunar skal líta á áhættuskuldbindingu vegna hvers áhættulags sem sérstaka verðbréfaða stöðu. Þeir aðilar, sem veita útlánavörn vegna verðbréfaðra staðna, skulu taldir vera með stöður í þeirri verðbréfun. Verðbréfaðar stöður skulu ná yfir stöður í verðbréfun sem leiða af vaxta- eða gjaldmiðlaafleiðusamningum.

4. Hafi verðbréfuð staða ekki verið dregin frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 skv. k-lið 1. mgr. 36. gr. skal fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar felld inn í heildarfjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar 3. mgr. 92. gr.

5. Fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna skulu reiknaðar með því að beita viðeigandi heildaráhættuvog á áhættuskuldbindingarvirði stöðunnar, reiknað út skv. 246. gr.

6. Heildaráhættuvægið skal reiknað sem summan af því áhættuvægi sem sett er fram í þessum kafla og sérhverri viðbótaráhættu í samræmi við 407. gr.

246. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði

1. Áhættuskuldbindingarvirði skal reiknað sem hér segir:

a) Þegar stofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 3. undirþætti skal áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðrar stöðu í efnahagsreikningi vera bókhaldsvirðið sem eftir stendur þegar sértækar leiðréttingar á útlánahættu hafa farið fram í samræmi við 110. gr.

b) Þegar stofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 4. undirþætti skal áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðrar stöðu í efnahagsreikningi vera bókhaldsvirðið án tillits til þegar sértækrar leiðréttingar á útlánahættu hafa farið fram í samræmi við 110. gr.

c) Þegar stofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 3. undirþætti skal áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðrar stöðu utan efnahagsreiknings vera nafnvirði, að frádreginni sértækri leiðréttingu á útlánaáhættu þeirrar verðbréfuðu stöðu, margfaldað með breytistuðli, eins og mælt er fyrir um í þessum kafla. Breytistuðullinn skal vera 100% nema annað sé tekið fram.

d) Þegar stofnun reiknar fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 4. undirþætti skal áhættuskuldbindingarvirði verðbréfaðrar stöðu utan efnahagsreiknings vera nafnvirði þess margfaldað með breytistuðli eins og mælt er fyrir um í þessum kafla. Breytistuðullinn skal vera 100% nema annað sé tekið fram.

e) Áhættuskuldbindingarvirði vegna útlánaáhættu mótaðila, sem leiðir af afleiðugerningi, sem tilgreindur er í II. viðauka, skal ákvarðað í samræmi við 6. kafla.

2. Þegar stofnun hefur tvær eða fleiri stöður sem skarast í verðbréfun skal hún, að því marki sem þær skarast, aðeins taka til greina í útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga þá stöðu eða hluta af stöðu sem gefur hærri fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Stofnunin getur einnig viðurkennt slíka skörun á sérstökum kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir stöður í veltubókinni og kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir stöður utan veltubókar, að því tilskildu að stofnunin geti reiknað og borið saman kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir viðkomandi stöður. Að því er varðar þessa málsgrein verður skörun þegar stöður, að hluta til eða að öllu leyti, standa fyrir áhættuskuldbindingu vegna sama áhættuþáttar þannig að, að því marki sem skörun á sér stað, aðeins er um að ræða eina áhættuskuldbindingu.

3. Ef c-liður 268. gr. gildir um stöður í eignatryggðum skammtímaskuldabréfum (ABCP), getur stofnunin notað áhættuvog, sem lausafjárfyrirgreiðsla hefur fengið, til þess að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna eignatryggðra skammtímaskuldabréfa, að því tilskildu að 100% af eignatryggðu skammtímaskuldabréfunum séu varin með þessari eða annarri lausafjárfyrirgreiðslu og öll lausafjárfyrirgreiðslan sé jafngild eignatryggðu skammtímaskuldabréfunum þannig að stöðurnar skarist.

Stofnunin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um hvernig hún nýtir sér þessa meðferð.

247. gr.

Viðurkenning á aðferðum til að milda útlánaáhættu verðbréfaðra staðna

1. Stofnun getur viðurkennt fjármagnaða eða ófjármagnaða útlánavörn, að því er varðar verðbréfaða stöðu, í samræmi við 4. kafla og með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum kafla og í 4. kafla.

Hæf fjármögnuð útlánavörn takmarkast við fjárhagslega tryggingu sem er hæf að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skv. 2. kafla, eins og mælt er fyrir um í 4. kafla og viðurkenning er háð því að viðeigandi lágmarkskröfur, eins og þær eru settar fram í 4. kafla, séu uppfylltar.

2. Hæf ófjármögnuð útlánavörn og veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar takmarkast við þá sem eru hæfir skv.4. kafla og viðurkenning er háð því að viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í 4. kafla, séu uppfylltar.

3. Hæfir veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar, sem tilgreindir eru í a- til h-lið í 1. mgr. 201. gr., að undanskildum fullgildum, miðlægum mótaðilum, skulu, þrátt fyrir 2. mgr., hafa lánshæfismat sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur ákvarðað að sé tengt 3. lánshæfisþrepi eða hærra skv. 136. gr. og skal hafa verið tengt 2. lánshæfisþrepi eða hærra á þeim tíma þegar útlánavörnin var fyrst viðurkennd. Stofnanir, sem hafa heimild til að beita innramatsaðferðinni á beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda áhættuvarnar, geta metið hæfi samkvæmt fyrsta málslið út frá samræminu á milli líka á vanefndum veitanda áhættuvarnarinnar og líka á vanefndum tengdum lánshæfisþrepunum sem um getur í 136. gr.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. eru sérstakir verðbréfunaraðilar hæfir sem veitendur útlánavarnar ef þeir eiga eignir sem koma til greina sem hæf fjárhagsleg trygging og þeim fylgja ekki réttindi eða óviss réttur sem er meiri eða jafngildur óvissum rétti stofnunarinnar sem fær ófjármagnaða útlánavörn og allar kröfur um viðurkenningu á fjárhagslegum tryggingum í 4. kafla eru uppfylltar. Í þessum tilvikum skal GA (fjárhæð varnar leiðréttri vegna hvers konar gjaldmiðlamisvægis og misræmis í líftíma í samræmi við ákvæði 4. kafla) takmarkast við markaðsvirði á jöfnun flökts á þessum eignum og (áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna veitanda útlánavarnar eins og tilgreint er í staðalaðferðinni) skal ákvarðað sem áhættuvog, sem er meðaltal áhættuvoga, sem yrði beitt á þessar eignir sem fjárhagslegar tryggingar samkvæmt staðalaðferðinni.

248. gr.

Óbeinn stuðningur

1. Umsýslustofnun eða útgáfustofnun, sem hefur beitt 1. og 2. mgr. 245. gr. við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að því er varðar verðbréfun, eða hefur selt gerninga úr veltubók sinni þannig að hún er ekki lengur skuldbundin til að hafa eiginfjárgrunn til að mæta áhættu vegna þessara gerninga, skal ekki, með það fyrir augum að draga úr mögulegu eða raunverulegu tapi fjárfesta, veita stuðning við

verðbréfunina umfram samningsbundna skyldu sína. Viðskipti teljast ekki veita stuðning ef þau fara fram við eðlileg markaðsskilyrði og tekið er tillit til þeirra við mat á verulegri yfirfærslu á áhættu. Öll slík viðskipti skulu, óháð því hvort þau veita stuðning, tilkynnt lögbærum yfirvöldum og vera háð útlánamati stofnunarinnar og viðurkenningu. Stofnunin skal, við mat á því hvort viðskiptin eru ekki byggð upp á þann hátt að þau veiti stuðning, meta a.m.k. eftirfarandi á fullnægjandi hátt:

a) verð endurkaupanna,

b) eigið fé stofnunarinnar og lausafjárstöðu fyrir og eftir endurkaup,

c) frammistöðu verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna,

d) frammistöðu verðbréfuðu eignanna,

e) áhrif stuðnings á vænt tap sem útgefandi ber miðað við fjárfesta.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur um hvað átt er við með eðlilegum samkeppnisskilyrðum og hvenær viðskipti eru ekki byggð upp til að veita stuðning.

3. Ef útgáfustofnun eða umsýslustofnun fer ekki að ákvæðum 1. mgr. að því er varðar verðbréfun skal þessi stofnun að lágmarki hafa yfir að ráða eiginfjárgrunni vegna allra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar.

2. undirþáttur

Útreikningur útgáfustofnana á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem eru verðbréfaðar í gerviverðbréfun

249. gr.

Almenn meðferð

Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þar sem skilyrðin í 244. mgr. eru uppfyllt, skal útgáfustofnun gerviverðbréfunar, með fyrirvara um 250. mgr., nota viðeigandi aðferðarfræði vegna útreikninga, sem sett er fram í þessum þætti en ekki þá sem sett er fram í 2. kafla. Að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps skv. 3. kafla skal fjárhæð vænts taps að því er varðar slíkar áhættuskuldbindingar vera núll.

Kröfurnar, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein, gilda um allt safn áhættuskuldbindinganna sem verðbréfunin felur í sér. Með fyrirvara um 250. gr. skal útgáfustofnunin reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar öll áhættulög verðbréfunar, í samræmi við ákvæði þessa þáttar, þ.m.t. þau sem tengjast viðurkenningu stofnunarinnar á mildun á útlánaáhættu í samræmi við 247. gr. en í því tilviki er hægt að breyta áhættuvoginni sem notuð er á þá stöðu í samræmi við 4. kafla, með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

250. gr.

Meðferð misræmis í líftíma í gerviverðbréfun

Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga, í samræmi við 249. gr., skal tekið tillit til alls misræmis í líftíma milli útlánavarnarinnar, sem myndar áhættulag og sem yfirfærslu áhættu er náð með, og verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna, sem hér segir:

a) Líftími verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna telst vera lengsti líftíminn meðal þessara áhættuskuldbindinga, með fyrirvara um fimm ára hámark. Líftími útlánavarnarinnar skal ákvarðaður í samræmi við 4. kafla.

b) Útgáfulánastofnun skal líta fram hjá hvers konar misræmi í líftíma við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættulaga, sem fá áhættuvog 1250% samkvæmt þessum þætti. Að því er varðar öll önnur áhættulög skal beita meðferð vegna misræmis í líftíma, sem sett er fram í 4. kafla, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RW^{*} = RW_{SP} \cdot \frac{t - t^{*}}{T - t^{*}} + RW_{Ass} \cdot \frac{T - t}{T - t^{*}}$$

þar sem:

RW* = fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar að því er varðar a-lið 3. mgr. 92. gr.,

RW_{Ass} = fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, ef þær voru ekki verðbréfaðar, reiknaðar hlutfallslega,

RW_{SP} = fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar reiknaðar skv. 249. gr. ef ekkert misræmi í líftíma var til staðar,

T = líftími undirliggjandi áhættuskuldbindinga í árum talið,

t = binditími útlánavarnar í árum talið,

t* = 0,25.

3. undirþáttur

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferð

251. gr.

Áhættuvogir

Með fyrirvara um 252. gr. skal stofnun reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar metinnar verðbréfaðrar stöðu eða endurverðbréfaðrar stöðu með því að beita viðeigandi áhættuvog á áhættuskuldbindingarvirðið.

Viðeigandi áhættuvog skal vera sú áhættuvog, sem mælt er fyrir um í töflu 1, sem lánshæfismatið tengist í samræmi við 4. þátt.

Tafla 1

Lánshæfisþrep	1	2	3	4 (aðeins lánshæfismat annað en skammtímalánshæfismat)	öll önnur lánshæfisþrep
Verðbréfaðar stöður	20%	50%	100%	350%	1250%
Endurverðbréfaðar stöður	40%	100%	225%	650%	1250%

Með fyrirvara um 252. til 255. gr., skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar ómetinnar verðbréfaðrar stöðu með því að nota áhættuvog 1250%.

252. gr.

Útgáfu- og umsýslustofnanir

Að því er varðar útgáfustofnun eða umsýslustofnun, geta fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindinga, reiknaðar að því er varðar verðbréfunarstöður hennar í stakri verðbréfun, verið takmarkaðar við fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindinga, sem væru reiknaðar fyrir verðbréfuðu stöðurnar ef þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, með fyrirvara um að gert sé ráð fyrir að 150% áhættuvog sé beitt á:

a) alla gjaldfallna liði,

b) alla sérlega áhættusama liði meðal verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í samræmi við 128. gr.

253. gr.

Meðferð staðna án lánshæfismats

1. Til þess að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar ómetinnar verðbréfaðrar stöðu getur stofnun notað þá áhættuvog, sem er meðaltal áhættuvoga, sem hún myndi beita á verðbréfuðu stöðurnar, skv. 2. kafla, ef hún ætti þær, margfaldað með þjöppunarhlutfallinu sem um getur í 2. mgr. Að því er þetta varðar skal stofnunin þekkja samsetningu safns þeirra áhættuskuldbindinga sem eru verðbréfaðar á hverjum tímapunkti.

2. Þetta þjöppunarhlutfall skal vera jafnt summu nafnverðs allra laganna deilt með summu nafnverðs áhættulaga sem eru lægri eða jafngild því áhættulagi sem staðan er í þ.m.t. áhættulagsins sjálfs. Áhættuvogin, sem af þessu leiðir, skal ekki vera hærri en 1250% eða lægri en nokkur áhættuvog sem á við metið, hærra sett áhættulag. Geti stofnun ekki ákvarðað áhættuvogir sem verðbréfaðar stöður fengju skv. 2. kafla skal hún beita áhættuvog 1250% á stöðuna.

254. gr.

Meðferð verðbréfaðra staðna í öðru áhættulagi sem tapast, eða ofar, í eignatryggðri skammtímaskuldabréfaáætlun

Með fyrirvara um hagstæðari meðferð vegna lausafjárfyrirgreiðslu án lánshæfismats skv. 255. gr. getur stofnun beitt áhættuvog, sem er hærri en 100%, á verðbréfaðar stöður sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eða hæstu áhættuvog sem stofnun, sem ætti einhverja af verðbréfuðu stöðunum, myndi beita á þær skv. 2. kafla:

a) verðbréfaða staðan skal vera í áhættulagi sem er efnahagslega í annarri tapsstöðu eða betri í verðbréfuninni og fyrsta áhættulagið sem tapast skal endurbæta verulega lánshæfi annars áhættulagsins sem tapast,

b) gæði verðbréfuðu stöðunnar skulu vera jafngild eða betri en 3. lánshæfisþrep samkvæmt staðalaðferðinni,

c) verðbréfaða staðan skal vera í eigu stofnunar sem ekki á stöðu í fyrsta áhættulagi sem tapast.

255. gr.

Meðferð lausafjárfyrirgreiðslu án lánshæfismats

1. Stofnanir geta beitt 50% breytistuðli á nafnverð lausafjárfyrirgreiðslu án lánshæfismats til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði hennar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) gögn vegna lausafjárfyrirgreiðslu skulu með skýrum hætti tilgreina og takmarka þær aðstæður sem nýta má fyrirgreiðsluna við,

b) ekki skal vera mögulegt að nota fyrirgreiðsluna til þess að auka lánshæfi með því að mæta tapi sem þegar hefur átt sér stað þegar dregið er á fyrirgreiðsluna, einkum ekki með því að veita greiðslugetu vegna áhættuskuldbindinga sem eru í vanskilum þegar dregið er á fyrirgreiðslu eða með því að kaupa eignir á verði yfir gangvirði,

c) fyrirgreiðsluna skal ekki nota til að útvega varanlega eða reglulega fjármögnun verðbréfunar,

d) endurgreiðslur ádreginnar fyrirgreiðslu skulu hvorki látnar víkja fyrir kröfum fjárfesta öðrum en kröfum sem eru tilkomnar vegna vaxta- eða gjaldeyrisafleiða, þóknana eða annarra þess háttar greiðslna, né vera með fyrirvara um undanþágur eða frestun,

e) ekki skal vera hægt að nota fyrirgreiðslu eftir að allar mögulegar endurbætur á lánshæfi, sem myndu vera til bóta fyrir lausafjárfyrirgreiðsluna, hafa verið nýttar,

f) fyrirgreiðslan skal fela í sér ákvæði sem leiðir til sjálfvirkrar lækkunar ádraganlegrar fjárhæðar um sem nemur fjárhæð áhættuskuldbindinga í vanskilum, þar sem merking „vanskil“ er í samræmi við 3. kafla eða þar sem safn verðbréfaðra áhættuskuldbindinga samanstendur af metnum gerningum, og sem bindur enda á fyrirgreiðsluna ef meðalgæði safns falla niður fyrir fjárfestingarflokk.

Nota skal hæstu áhættuvogina, sem stofnun, sem ætti verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar, myndi fá þeim skv. 2. kafla.

2. Heimilt er að nota 0% breytingastuðul á nafnverð lausafjárfyrirgreiðslu sem er uppsegjanleg án skilyrða, til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði hennar, að því gefnu að skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. séu uppfyllt og endurgreiðsla ádreginna fjárhæða fyrirgreiðslunnar sé framar öðrum kröfum á það sjóðstreymi sem leiðir af verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum.

256. gr.

Viðbótarkröfur vegna eiginfjárgrunns vegna verðbréfunar hlaupandi áhættuskuldbindinga með ákvæðum um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga

1. Þegar um er að ræða verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga, með ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, skal útgáfustofnunin reikna, í samræmi við þessa grein, viðbótarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar að því er varðar hættuna á að útlánaáhætta hennar aukist í kjölfar þess að ákvæðinu um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er beitt.

2. Stofnunin skal reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar að því er varðar samtölu áhættuskuldbindingarvirðis hlutdeildar útgefanda og hlutdeildar fjárfestis.

Að því er varðar verðbréfanir þar sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar fela í sér hlaupandi áhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar sem ekki eru hlaupandi, skal útgáfustofnunin beita þeirri meðferð sem sett er fram í 3. til 6. mgr. á þann hluta undirliggjandi safns sem felur í sér hlaupandi áhættuskuldbindingar.

Áhættuskuldbindingarvirði hlutdeildar útgefanda skal vera virði áhættuskuldbindingar þess grundvallarhluta (e. *notional part*) safns ádreginna fjárhæða sem seldar eru inn í verðbréfunina, sem ákvarðar, miðað við hlutfall hans af fjárhæð alls safnsins sem selt er inn í fyrirkomulagið, það hlutfall sjóðstreymis frá innheimtum höfuðstól og vöxtum og öðrum tengdum fjárhæðum sem ekki er tiltækt í útgreiðslur til þeirra sem eiga verðbréfaðar stöður í verðbréfuninni. Hlutdeild útgefanda skal ekki vera víkjandi fyrir hlutdeild fjárfestisins. Áhættuskuldbindingarvirði hlutdeildar fjárfestis skal vera áhættuskuldbindingarvirði eftirstandandi grundvallarhluta safns ádreginna fjárhæða.

Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, að því er varðar áhættuskuldbindingarvirði hlutdeildar útgefanda, skal reiknuð sem hlutfallsleg áhættuskuldbinding vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar.

3. Útgefendur eftirfarandi tegunda verðbréfunar eru undanþegnir því að reikna viðbótarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr.:

a) verðbréfana hlaupandi áhættuskuldbindinga, þar sem fjárfestar bera áfram fulla áhættu gagnvart öllum framtíðarádráttum lánþega þannig að áhætta undirliggjandi fyrirgreiðslu skilar sér ekki aftur til útgáfustofnunar, jafnvel eftir að atburður sem kallar á greiðslur afborgana fyrir gjalddaga hefur átt sér stað,

b) verðbréfana þar sem hvers konar ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er aðeins virkjað vegna atburða sem ekki tengjast frammistöðu verðbréfuðu eignanna eða útgáfustofnunarinnar, s.s. mikilvægra breytinga á skattalögum eða reglum.

4. Að því er varðar útgáfustofnun sem fellur undir útreikning á viðbótarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í samræmi við 1. mgr. má samtala fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, að því er varðar stöður hennar í hlutdeild fjárfesta og fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, reiknuðum í samræmi við 1. mgr., ekki vera hærri en hið hærra af:

a) fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, reiknuðum með tilliti til staðna hennar í hlutdeild fjárfesta,

b) fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, sem stofnun, sem ætti þær, myndi reikna með tilliti til verðbréfaðra áhættuskuldbindinga eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar að fjárhæð sem samsvarar hlutdeild fjárfesta.

Frádrátt hreins hagnaðar, ef einhver er, sem kemur til vegna eignfærslu framtíðartekna, eins og gerð er krafa um í 1. mgr. 32. gr., skal telja utan við hámarksfjárhæðina sem nefnd er í undanfarandi undirgrein.

5. Ákvarða skal fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, sem skal reikna út í samræmi við 1. mgr., með því að margfalda áhættuskuldbindingarvirði hlutdeildar fjárfestis með margfeldi viðeigandi breytistuðuls, sem er tilgreindur í 6. til 9. mgr., og áhættuvog sem er það meðaltal áhættuvoga sem ætti við verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar ef þær hefðu ekki verið verðbréfaðar.

Líta ber svo á að ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga sé „stýrt“ þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) útgáfustofnun hefur viðeigandi eiginfjárgrunn-/lausafjáráætlun sem á að tryggja að stofnunin hafi fullnægjandi eiginfjárgrunn og lausafé handbært ef greiða þarf af afborgunum fyrir gjalddaga,

b) á meðan viðskiptin standa yfir skiptast greiðslur vaxta og höfuðstóls, útgjalda, taps og endurheimta, á grundvelli stöðu viðskiptakrafna á einum eða fleiri tímapunktum hvers mánaðar, hlutfallslega á milli hlutdeildar útgefanda og hlutdeildar fjárfestis,

c) endurgreiðslutímabilið telst nægilega langt ef hægt er að endurgreiða, eða færa sem vanskil, 90% heildarskulda (hlutdeild útgáfustofnunar og fjárfestis) sem eru útistandandi við upphaf endurgreiðslutímabilsins,

d) hraði endurgreiðslna er ekki meiri en hann hefði verið með línulegri afborgun á tímabili sem sett er fram í c-lið.

6. Ef um er að ræða verðbréfanir sem falla undir ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga af smásöluáhættuskuldbindingum sem er óráðstafað og eru uppsegjanlegar skilyrðislaust án fyrirvara, skulu stofnanir, þegar greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er hrundið af stað við það að umframávöxtun lækkar að tilteknu marki, bera þriggja mánaða meðaltal umframávöxtunar saman við það stig umframávöxtunar þar sem gerð er krafa um að umframávöxtunin sé geymd.

Ef verðbréfun útheimtir ekki að umframávöxtun sé geymd skal greiðslu umframávöxtunar ljúka við mörk sem eru 4,5 prósentustigum fyrir ofan það stig umframávöxtunar sem hrindir greiðslu afborgana fyrir gjalddaga af stað.

Sá breytistuðull, sem beitt er ákvarðast, af stigi þriggja mánaða raunmeðaltals umframávöxtunar í samræmi við töflu 2.

Tafla 2

	Verðbréfanir sem falla undir stýrt ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga	Verðbréfanir, sem falla undir ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, sem ekki er stýrt
Þriggja mánaða meðaltal umframávöxtunar	Breytistuðull	Breytistuðull
Yfir A stigi	0%	0%
A stig	1%	5%
B stig	2%	15%
C stig	10%	50%
D stig	20%	100%
E stig	40%	100%

þar sem:

a) „A stig“ táknar það stig umframávöxtunar sem er lægra en 133,33% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 100% af því stigi,

b) „B stig“ táknar það stig umframávöxtunar sem er minna en 100% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 75% af því stigi,

c) „C stig“ táknar það stig umframávöxtunar sem er minna en 75% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 50% af því stigi,

d) „D stig“ táknar það stig umframávöxtunar sem er minna en 50% af því stigi sem kallar á geymslu umframávöxtunar en ekki minna en 25% af því stigi,

e) „E stig“ táknar það stig umframávöxtunar sem er minna en 25% af því stigi sem kallar á geymslu.

7. Ef um er að ræða verðbréfanir sem falla undir ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga af smásöluáhættuskuldbindingum, sem er óráðstafað og eru uppsegjanlegar skilyrðislaust án fyrirvara og þar sem greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er hrundið af stað af megindlegu gildi að því er varðar eitthvað annað en þriggja mánaða meðaltal umframávöxtunar, geta stofnanir, með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda, beitt meðferð sem svipar til þeirrar sem mælt er fyrir um í 6. mgr. til ákvörðunar á viðkomandi breytistuðli. Lögbært yfirvald skal veita leyfi ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) þessi meðferð á betur við vegna þess að stofnunin getur fastsett megindlegt gildi, sem í tengslum við megindlega virðið, sem hrindir af stað greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, svarar til þess stigs sem kallar á geymslu umframávöxtunar,

b) þessi meðferð gerir kleift að meta, á jafn varfærin hátt og gert er með útreikningunum í 6. mgr., hættuna á að útlánahættan, sem stofnunin stendur frammi fyrir, aukist í kjölfar þess að ákvæðinu um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga er beitt.

8. Nota skal breytistuðulinn 90% á allar aðrar verðbréfanir sem falla undir stýrt ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga af hlaupandi áhættuskuldbindingum.

9. Nota skal breytistuðulinn 100% á allar aðrar verðbréfanir sem falla undir ákvæði, sem ekki er stýrt, um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga af hlaupandi áhættuskuldbindingum.

257. gr.

Mildun útlánaáhættu vegna verðbréfaðra staðna sem falla undir staðalaðferðina

Þegar útlánavörn er fengin vegna verðbréfaðrar stöðu má breyta útreikningi á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í samræmi við 4. kafla.

258. gr.

Lækkun fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar

Ef verðbréfuð staða fær 1250% áhættuvog, geta stofnanir, í samræmi við k-lið 1. mgr. 36. gr., valið að draga áhættuskuldbindingarvirði stöðu frá almennu eigin fé þáttar 1 í stað þess að telja hana með við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Í þeim tilgangi má útreikningur á áhættuskuldbindingarvirðinu endurspegla hæfa fjármagnaða útlánavörn með þeim hætti sem samræmist 257. gr.

Þegar útgáfustofnun velur þennan kost getur hún dregið fjárhæð, sem samsvarar fjárhæðinni sem dregin er frá í samræmi við k-lið 1. mgr. 36. gr. margfaldaðri með 12,5, frá þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 252. gr., sem þá fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, sem væri á þessum tímapunkti reiknuð fyrir verðbréfuðu stöðurnar hefðu þær ekki verið verðbréfaðar.

4. undirþáttur

Útreikningur á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar samkvæmt innramatsaðferðinni

259. gr.

Stigskipting aðferða

1. Stofnanir skulu nota aðferðirnar í samræmi við eftirfarandi stigskiptingu:

a) Að því er varðar stöðu með lánshæfismat, eða stöðu sem hægt er að nota afleitt mat fyrir, skal nota matsaðferðina, sem sett er fram í 261. mgr., við útreikning á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar.

b) Að því er varðar stöðu án lánshæfismats getur stofnunin beitt eftirlitsaðferðinni, sem sett er fram í 262. mgr., ef hún getur fellt inn í hana mat á líkum á vanefndum og þar sem við á áhættuskuldbindingarvirði og tap að gefnum vanefndum, sem fengið er samkvæmt reglunum um mat á þessum breytum í innramatsaðferðinni í samræmi við 3. þátt. Stofnun, önnur en útgáfustofnunin, má einungis beita eftirlitsaðferðinni að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda sem skal aðeins veitt ef stofnunin uppfyllir skilyrðið sem um getur í fyrsta málslið þessa liðar.

c) Stofnun getur notað innramatsaðferðina, sem um getur í 4. mgr., í staðinn fyrir b-lið og eingöngu fyrir stöður án lánshæfismats í eignatryggðum skammtímaskuldabréfaáætlunum enda hafi lögbær yfirvöld veitt til þess heimild.

d) Í öllum öðrum tilvikum skulu verðbréfaðar stöður, sem eru án lánshæfismats, fá áhættuvog sem er 1250%.

e) Stofnun getur, þrátt fyrir d-lið og með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda fyrirfram, reiknað áhættuvog fyrir stöður án lánshæfismats í eignatryggðum skammtímaskuldabréfaáætlunum í samræmi við 253. eða 254. gr. ef staðan án lánshæfismats er ekki í viðskiptabréfi og fellur undir gildissvið innramatsaðferðarinnar sem leyfi er sótt fyrir. Samanlagt áhættuskuldbindingarvirði, sem farið er með samkvæmt þessari undanþágu, má ekki vera verulegt og í öllum tilvikum undir 10% af uppsöfnuðu áhættuskuldbindingarvirði sem farið er með samkvæmt innramatsaðferðinni. Stofnun skal hætta að nota þessa aðferð ef synjað hefur verið um leyfi fyrir viðkomandi innramatsaðferð.

2. Stofnun skal, að því er varðar notkun afleiddra mata, úthluta stöðum án lánshæfismats afleiddu lánshæfismati sem er jafngilt lánshæfismati metinna viðmiðunarstaðna sem eru hæst settar af þeim stöðum sem eru að öllu leyti lægra settar en umrædd ómetin verðbréfunarstaða og að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) viðmiðunarstöðurnar skulu að öllu leyti vera lægra settar en ómetna verðbréfaða staðan,

b) líftími viðmiðunarstaðnanna skal vera jafn eða lengri en líftími umræddra staðna án lánshæfismats,

c) öll afleidd möt skulu stöðugt uppfærð til þess að endurspegla allar breytingar á lánshæfismati viðmiðunarstaðnanna.

3. Lögbær yfirvöld skulu veita stofnunum leyfi til að nota innramatsaðferðina eins og sett er fram í 4. mgr. að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) Stöður í því viðskiptabréfi, sem gefið er út samkvæmt eignatryggðu skammtímaskuldabréfaáætluninni, skulu vera stöður með lánshæfismat.

b) Innra mat á lánshæfi stöðunnar endurspeglar opinberlega aðgengilega aðferðafræði eins eða fleiri viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja, vegna mats á verðbréfum sem tryggð eru með áhættuskuldbindingum eins og þeim sem eru verðbréfaðar.

c) Meðal utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja, með aðferðafræði sem er endurspegluð í samræmi við b-lið, skulu vera utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa veitt utanaðkomandi mat á viðskiptabréfum útgefnum í samræmi við ABCP áætlunina. Megindlegir þættir, svo sem álagsþættir, sem notaðir eru við mat á stöðu gagnvart tilteknu lánshæfi, skulu vera í það minnsta eins varfærnir og þeir sem notaðir eru í viðeigandi aðferðafræði utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis.

d) Við þróun aðferðafræði innra mats skal stofnun taka til greina viðeigandi birta aðferðafræði viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja sem meta viðskiptabréf sem eru hluti ABCP áætlunar. Stofnunin skal skjalfesta þessi atriði og uppfæra reglulega, eins og lýst er í g-lið.

e) Aðferðafræði stofnunarinnar við innra mat skal taka til matsþrepa. Það skal vera samband á milli þess háttar matsþrepa og lánshæfismata utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja. Þetta samband skal vera skjalfest með skýrum hætti.

f) Nota skal aðferðafræði innramatsaðferðar við innra áhættustýringarferli stofnunar, þ.m.t. við ákvarðanatöku, upplýsingar fyrir stjórnendur og dreifingu innra fjármagns.

g) Innri eða ytri endurskoðendur, utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, eða útlánaeftirlit eða áhættustýring stofnunar skulu reglulega endurskoða ferla innra mats og gæði innra mats á lánshæfi áhættuskuldbindinga stofnunarinnar á ABCP áætlun. Ef innri endurskoðun, útlánaeftirlit eða áhættustýring stofnunar framkvæma endurskoðunina skal viðkomandi deild vera óháð ABCP áætluninni sem og viðskiptavinasamböndum.

h) Stofnun skal fylgjast með frammistöðu innra mats yfir tímabil til þess að meta frammistöðu aðferðafræði við innra mat og skal hún gera viðeigandi breytingar á aðferðafræðinni, ef þörf krefur, ef frammistaða áhættuskuldbindinga er reglubundið frábrugðin því sem innra mat gefur til kynna.

i) Eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlunin skal taka til sölutryggingarstaðla í formi viðmiðunarreglna fyrir útlán og fjárfestingar. Við ákvörðun um kaup á eign skal stjórnandi ABCP áætlunar hafa í huga þá tegund eignar sem keypt er, gerð og peningalegt virði áhættuskuldbindinga sem leiða af aðgangi að lausafjárfyrirgreiðslu og endurbætur á lánshæfi, úthlutun taps og lagalega og fjárhagslega einangrun þeirrar eignar sem er yfirfærð frá aðilanum sem selur eignirnar. Framkvæma skal greiningu á áhættusniði seljanda eignar og skal hún fela í sér greiningu á fyrri og væntri fjárhagslegri frammistöðu, núverandi markaðsstöðu, væntri samkeppnishæfni, vogun, sjóðstreymi, vaxtaþekju og lánshæfismati. Þessu til viðbótar skal framkvæma endurskoðun á sölutryggingarstöðlum, þjónustugetu og innheimtuferli.

j) Í sölutryggingarstöðlum ABCP áætlunar skal tilgreina lágmarkskröfur um eignir, sem einkum:

   i. útiloka kaup á eignum sem eru komnar verulega fram yfir gjalddaga eða eru í vanskilum,

   ii. takmarka of mikla samþjöppun eigna að því er varðar einstaka loforðsgjafa eða landfræðilega staðsetningu,

   iii. takmarka líftíma eigna sem eru keyptar.

k) ABCP áætlun skal hafa innheimtustefnur og ferla þar sem rekstrargeta og lánshæfi þjónustuaðila eru tekin til greina. ABCP áætlun skal draga úr áhættu í tengslum við frammistöðu seljanda og þjónustuaðila með ýmsum aðferðum, svo sem kveikjum (e. *triggers*) byggðum á núverandi lánshæfi sem myndu fyrirbyggja samblöndun sjóða.

l) Heildarmat á tapi á eignasafni sem ABCP áætlun hefur hugsað sér að kaupa skal taka til greina alla mögulega áhættuþætti, svo sem útlána- og þynningaráhættu. Ef umfang endurbóta á lánshæfi af hálfu seljanda byggist aðeins á útlánatengdu tapi, þá skal koma á fót sérstökum varasjóði vegna þynningaráhættu, ef þynningaráhætta er veruleg að því er varðar tiltekið safn áhættuskuldbindinga. Við mælingu á nauðsynlegu stigi endurbóta skal auk þess skoða eldri gögn til nokkurra ára, þ.m.t. tap, vanskil, þynningu, og veltuhraða viðskiptakrafna.

m) Eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlunin skal setja uppbyggingarþætti, s.s. kveikju að innlausn, inn í kaup á áhættuskuldbindingum, til þess að milda hugsanlega rýrnun lánshæfis undirliggjandi verðbréfasafns.

4. Samkvæmt innramatsaðferðinni skal setja stöður án lánshæfismats í eitt af matsþrepunum sem mælt er fyrir um í e-lið 3. mgr. Staðan fær afleitt mat, sem samsvarar lánshæfismati í samræmi við það matsþrep, eins og mælt er fyrir um í e-lið 3. mgr. Sé afleidda matið í fjárfestingarflokki eða hærra, við upphaf verðbréfunar, skal það teljast það sama og viðurkennt lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis að því er varðar útreikning fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar.

5. Stofnanir, sem hafa fengið heimild til að nota innramatsaðferðina, skulu ekki hverfa aftur til notkunar á öðrum aðferðum nema að öllum eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

a) stofnunin hefur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að stofnunin hafi gilda ástæðu til þess að gera það,

b) stofnunin hefur fengið heimild frá lögbæru yfirvaldi fyrir fram.

260. gr.

Hámarksfjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar

Útgáfustofnun, umsýslustofnun, eða annarri stofnun, sem getur reiknað K_{IRB}, er heimilt að takmarka fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, sem reiknaðar eru að því er varðar stöður stofnunar í verðbréfun, við það sem hefði í för með sér kröfu vegna eiginfjárgrunns skv. 3. mgr. 92. gr. sem samsvarar samtölu 8% af fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, sem hefðu orðið til ef verðbréfuðu eignirnar hefðu ekki verið verðbréfaðar og væru á efnahagsreikningi stofnunar, auk fjárhæða vænts taps af þeim áhættuskuldbindingum.

261. gr.

Matsaðferðin

1. Samkvæmt matsaðferðinni skal stofnun reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar metinnar verðbréfaðrar stöðu eða endurverðbréfaðrar stöðu með því að beita viðeigandi áhættuvog á áhættuskuldbindingarvirðið og margfalda niðurstöðuna með 1,06.

Viðeigandi áhættuvog skal vera sú áhættuvog, sem mælt er fyrir um í töflu 4, sem lánshæfismatið tengist í samræmi við 4. þátt.

Tafla 4

Lánshæfisþrep		Verðbréfaðar stöður			Endurverðbréfaðar stöður	
Lánshæfismat annað en skammtíma-lánshæfismat	Skammtíma-lánshæfismat	A	B	C	D	E
1	1	7%	12%	20%	20%	30%
2		8%	15%	25%	25%	40%
3		10%	18%	35%	35%	50%
4	2	12%	20%		40%	65%
5		20%	35%		60%	100%
6		35%	50%		100%	150%
7	3	60%	75%		150%	225%
8		100%			200%	350%
9		250%			300%	500%
10		425%			500%	650%
11		650%			750%	850%
allar aðrar stöður og stöður án lánshæfismats		1250%				

Vogir í dálki C í töflu 4 skal nota þegar verðbréfuð staða er ekki endurverðbréfuð staða og þegar virkur fjöldi verðbréfaðra áhættuskuldbindinga er minni en sex.

Að því er varðar aðrar verðbréfaðar stöður sem ekki eru endurverðbréfaðar stöður, skal nota vogir í dálki B nema staðan sé í efsta áhættulagi verðbréfunar, en þá skal nota vogir í dálki A.

Að því er varðar endurverðbréfaðar stöður skal nota vogina í dálki E, nema endurverðbréfaða staðan sé í efsta áhættulagi endurverðbréfunar og engin undirliggjandi áhættuskuldbindinga sé sjálf endurverðbréfuð áhættuskuldbinding, en í því tilviki skal nota vogina í dálki D.

Þegar tekin er ákvörðun um hvort áhættulag er efsta lag er ekki gerð krafa um að gjaldfallnar fjárhæðir vegna vaxta- eða gjaldmiðlaafleiða, gjaldfallinna þóknana, eða annarra álíka greiðslna, séu teknar til greina.

Við útreikning á virkum fjölda verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu margar áhættuskuldbindingar á einn loforðsgjafa teljast sem ein áhættuskuldbinding. Virkur fjöldi áhættuskuldbindinga er reiknaður út sem hér segir:

$$N = \frac{\left(\sum_i EAD_i\right)^2}{\sum_i EAD_i^2}$$

þar sem EAD_i táknar samanlagt virði áhættuskuldbindinga allra áhættukrafna á i-[ta] loforðsgjafa. Ef sá hluti safns sem tengist stærstu áhættuskuldbindingunni, C_1, er tiltækur, getur lánastofnun reiknað N sem $1/C_1$.

2. Mildun útlánaáhættu vegna verðbréfaðra staðna má færa í samræmi við 1. og 4. mgr. 264. gr. með fyrirvara um skilyrðin í 247. gr.

262. gr.

Eftirlitsaðferð

1. Samkvæmt eftirlitsaðferðinni skal reikna út áhættuvog fyrir verðbréfaða stöðu á eftirfarandi hátt með fyrirvara um 20% neðri mörk fyrir endurverðbréfaðar stöður og 7% fyrir allar aðrar verðbréfaðar stöður:

$$12{,}5 \cdot \frac{S[L+T] - S[L]}{T}$$

þar sem:

$$S[x] = \begin{cases} x, & \text{þegar } x \leq K_{IRBR} \\ K_{IRBR} + K[x] - K[K_{IRBR}] + \left(1 - \exp\left(\frac{\omega \cdot (K_{IRBR} - x)}{K_{IRBR}}\right)\right) \cdot \frac{d \cdot K_{IRBR}}{\omega}, & \text{þegar } x > K_{IRBR} \end{cases}$$

þar sem:

$$h = \left(1 - \frac{K_{IRBR}}{ELGD}\right)^{N}$$

$$c = \frac{K_{IRBR}}{1 - h}$$

$$v = \frac{(ELGD - K_{IRBR}) \cdot K_{IRBR} + 0{,}25 \cdot (1 - ELGD) \cdot K_{IRBR}}{N}$$

$$f = \left(\frac{v + K_{IRBR}^2}{1 - h} - c^2\right) + \frac{(1 - K_{IRBR}) \cdot K_{IRBR} - v}{(1 - h) \cdot \tau}$$

$$g = \frac{(1 - c) \cdot c}{f} - 1$$

$$a = g \cdot c$$

$$b = g \cdot (1 - c)$$

$$d = 1 - (1 - h) \cdot (1 - Beta[K_{IRBR};\ a, b])$$

$$K[x] = (1 - h) \cdot \left((1 - Beta[x;\ a, b]) \cdot x + Beta[x;\ a + 1, b] \cdot c\right)$$

$\tau = 1000$,

$\omega = 20$,

Beta [x; a, b] = uppsafnaðar betadreifingar þar sem færibreyturnar a og b eru metnar við x,

T = T = þykkt þess áhættulags þar sem staðan er, mælt sem hlutfall a) nafnverð áhættulagsins á móti b) summu nafnverðs áhættuskuldbindinga sem hafa verið verðbréfaðar. Að því er varðar afleiðugerninga sem tilgreindir eru í II. viðauka skal samtala núgildandi endurnýjunarkostnaðar og hugsanlegrar framtíðarlánaáhættu, reiknuð í samræmi við 6. kafla, notuð í stað nafnverðs.

K_{IRBR} = hlutfall a) K_{IRB} á móti b) summu áhættuskuldbindingarvirðis þeirra áhættuskuldbindinga sem hafa verið verðbréfaðar og er sett fram sem tugabrot,

L = stig endurbóta á lánshæfi er mælt sem hlutfall nafnverðs allra áhættulaga, sem eru lægri en það áhættulag sem staðan er í, á móti samtölu nafnverðs þeirra áhættuskuldbindinga sem hafa verið verðbréfaðar. Eignfærðar framtíðartekjur skulu ekki hafðar með í mældu L. Gjaldfallnar fjárhæðir mótaðila í afleiðugerningum, sem taldir eru upp í II. viðauka, sem mynda lægra sett áhættulög en umrætt áhættulag, má meta á núverandi endurnýjunarvirði, án hugsanlegra framtíðarlánaáhættu, við útreikning á stigi endurbóta,

N = virkur fjöldi áhættuskuldbindinga, reiknaður í samræmi við 261. gr. Ef um er að ræða endurverðbréfun skal stofnunin líta á fjölda verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í safninu en ekki fjölda undirliggjandi áhættuskuldbindinga í upphaflegu söfnunum þar sem undirliggjandi verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eru upprunnar,

ELGD = áhættuvegið meðaltap að gefnum vanefndum, reiknað sem hér segir:

$$ELGD = \frac{\sum_i \ LGD_i \cdot EAD_i}{\sum_i \ EAD_i}$$

þar sem:

LGD_i = meðaltap að gefnum vanefndum vegna allra áhættuskuldbindinga i–nta loforðsgjafa, þar sem tap að gefnum vanefndum er í samræmi við 3. kafla. Í tilviki endurverðbréfunar skal beita 100% tapi að gefnum vanefndum á verðbréfuðu stöðunum. Þegar vanskila- og þynningaráhætta vegna keyptra viðskiptakrafna eru meðhöndlaðar saman innan verðbréfunar skal ílag taps að gefnum vanefndum vegið meðaltal taps að gefnum vanefndum að því er varðar útlánaáhættu og 75% tap að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu. Vægið skal vera sjálfstæðar eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu.

2. Ef nafnverð stærstu verðbréfuðu áhættuskuldbindingarinnar, C_1, er ekki hærra en 3% af samtölu nafnverðs verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna þá skal stofnun, í samræmi við eftirlitsaðferðina, setja tap að gefnum vanefndum sem 50% ef um er að ræða verðbréfanir, sem eru ekki endurverðbréfanir, og N sama sem annaðhvort:

$$N = \left(C_1 \cdot C_m + \left(\frac{C_m - C_1}{m - 1}\right) \cdot max\{1 \ - m \cdot C_1, 0\}\right)^{-1}$$

$$N = \frac{1}{C_1}$$

þar sem:

C_m = hlutfall samtölu nafnverðs stærstu „m“ áhættuskuldbindinganna á móti samtölu nafnverðs þeirra skuldbindinga sem eru verðbréfaðar. Stofnun getur ákvarðað stig „m“.

Að því er varðar verðbréfanir sem efnislega eru allar smásöluáhættuskuldbindingar geta stofnanir, með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda, notað eftirlitsaðferð með einföldunum: h = 0 og v = 0, að því tilskildu að virkur fjöldi áhættuskuldbindinganna sé ekki lágur og að áhættuskuldbindingarnar séu ekki mjög samþjappaðar.

3. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um það þegar stofnanir beita 2. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsvenjum á þessu sviði og skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur.

4. Mildun útlánaáhættu vegna verðbréfaðra staðna má færa í samræmi við 2. til 4. mgr. 264. gr. með fyrirvara um skilyrðin í 247. gr.

263. gr.

Lausafjárfyrirgreiðsla

1. Að því er varðar útreikning á áhættuskuldbindingarvirði ómetinnar verðbréfaðrar stöðu í formi lausafjárfyrirgreiðslu má nota breytistuðulinn 0% á nafnverð lausafjárfyrirgreiðslu sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 255. gr.

2. Þegar ekki er mögulegt fyrir stofnun að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, getur stofnun, í undantekningartilvikum og með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, beitt tímabundið þeirri aðferð sem sett er fram í 3. mgr. við útreikning á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna ómetinnar verðbréfaðrar stöðu í formi lausafjárfyrirgreiðslu, sem uppfyllir skilyrðin í 1. mgr. 255. gr. Stofnanir tilkynna lögbærum yfirvöldum um það þegar þær beita fyrsta málslið ásamt rökstuðningi og hversu lengi þær hyggjast gera það.

Útreikningur á áhættuveginni áhættuskuldbindingu skal alla jafnan ekki teljast vera mögulegur ef stofnunin getur ekki notað afleitt mat, innramatsaðferðina og eftirlitsaðferðina.

3. Heimilt er að nota hæstu áhættuvog, sem verðbréfaðar áhættuskuldbindingar fengju skv. 2. kafla, hefðu þær ekki verið verðbréfaðar, á verðbréfaða stöðu í formi lausafjárfyrirgreiðslu sem uppfyllir skilyrðin í 1. mgr. 255. gr. Við ákvörðun á áhættuskuldbindingarvirði stöðunnar skal nota breytistuðul 100%.

264. gr.

Mildun útlánaáhættu vegna verðbréfaðra staðna sem falla undir innramatsaðferðina

1. Þegar fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eru reiknaðar með matsaðferð, er heimilt að breyta áhættuskuldbindingarvirði eða áhættuvog vegna verðbréfaðrar stöðu, sem útlánavörn hefur verið fengin fyrir, í samræmi við ákvæði 4. kafla eins og þau eiga við um útreikning á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindinga skv. 2. kafla.

2. Þegar um fulla útlánavörn er að ræða þar sem fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eru reiknaðar með því að nota eftirlitsaðferðina gilda eftirfarandi kröfur:

a) Stofnunin skal ákvarða „virka áhættuvog“ stöðu. Það skal gert með því að deila í fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar stöðunnar með áhættuskuldbindingarvirði hennar og margfalda útkomuna með 100.

b) Þegar um fjármagnaða útlánavörn er að ræða skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu með því að margfalda fjárhæð áhættuskuldbindingar í stöðu, leiðréttri vegna varnar, (E* eins og hún er reiknuð skv. 4. kafla, að því er varðar útreikning fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skv. 2. kafla þar sem fjárhæð verðbréfaðrar stöðu telst vera E) með virkri áhættuvog.

c) Þegar um ófjármagnaða útlánavörn er að ræða skal reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu með því að margfalda fjárhæð varnar, leiðréttri vegna hvers konar gjaldmiðlamisvægis og misræmis í líftíma (GA) í samræmi við ákvæði 4. kafla með áhættuvog veitanda útlánavarnarinnar og bæta síðan þessu við fjárhæðina sem fæst með því að margfalda fjárhæð verðbréfuðu stöðunnar, að frádregnu GA, með virkri áhættuvog.

3. Þegar um vörn að hluta er að ræða þar sem fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar eru reiknaðar með því að nota eftirlitsaðferðina gilda eftirfarandi kröfur:

a) Ef mildun útlánaáhættu nær yfir fyrsta tap eða hlutfallslegt tap á verðbréfaðri stöðu er stofnuninni heimilt að beita 2. mgr.

b) Í öðrum tilvikum skal stofnunin fara með verðbréfaða stöðu sem tvær eða fleiri stöður þar sem sá hluti sem hefur minna lánshæfi telst vera óvarði hlutinn. Við útreikning á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna þessarar stöðu, skulu ákvæði 262. gr. gilda með fyrirvara um þá breytingu að „T “ sé leiðrétt fyrir e* að því er varðar fjármagnaða útlánavörn og fyrir T-g að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn, þar sem e* merkir hlutfall E* af samanlagðri grundvallarfjárhæð undirliggjandi safns, þar sem E* er leiðrétt fjárhæð áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu, reiknuð út í samræmi við ákvæði 4. kafla eins og þau eiga við um útreikning fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar skv. 2. kafla, að því gefnu að fjárhæð verðbréfaðrar stöðu sé E, og g sé hlutfall nafnverðs útlánavarnar, leiðrétt fyrir gjaldmiðlamisvægi og misræmi í líftíma í samræmi við ákvæði 4. kafla, af samtölu fjárhæða áhættuskuldbindingar verðbréfuðu staðnanna. Í tilviki ófjármagnaðrar útlánavarnar skal beita áhættuvog veitanda útlánavarnarinnar á þann hluta stöðunnar sem ekki fellur innan hins leiðrétta virðis T.

4. Í því tilviki þegar lögbær yfirvöld hafa í tengslum við ófjármagnaða útlánavörn veitt stofnun heimild til að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna sambærilegrar beinnar áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnarinnar, í samræmi við 3. kafla, skal fastsetja áhættuvægi g vegna áhættuskuldbindingar gagnvart veitanda útlánavarnarinnar í samræmi við 235. gr. eins og tilgreint er í 3. kafla.

265. gr.

Viðbótarkröfur vegna eiginfjárgrunns vegna verðbréfunar hlaupandi áhættuskuldbindinga með ákvæðum um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga

1. Til viðbótar við fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sem útgáfustofnun reiknar út að því er varðar verðbréfaðar stöður skal hún reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar samkvæmt þeirri aðferðafræði, sem sett er fram í 256. mgr. þegar hún selur hlaupandi áhættuskuldbindingar inn í verðbréfun sem felur í sér ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga.

2. Með fyrirvara um 256. gr. skal áhættuskuldbindingarvirði af hlutdeild útgáfustofnunar vera samtala eftirfarandi liða:

a) áhættuskuldbindingarvirðis þess grundvallarhluta safns ádreginna fjárhæða, sem seldar eru inn í verðbréfun, þar sem hlutfall þess gagnvart fjárhæð alls þess safns, sem selt var inn í gerninginn ákvarðar hlutfall sjóðstreymis vegna höfuðstóls- og vaxtatekna og annarra tengdra fjárhæða sem ekki eru tiltækar til að nota sem greiðslur til þeirra sem eiga verðbréfaðar stöður í verðbréfuninni,

b) áhættuskuldbindingarvirðis þess hluta safns óádreginna fjárhæða lánalína, þar sem ádregnar fjárhæðir hafa verið seldar inn í verðbréfunina, þar sem hlutfall hans af heildarfjárhæð þess háttar óádreginna fjárhæða er það sama og hlutfall áhættuskuldbindingarvirðis, sem lýst er í a-lið, af áhættuskuldbindingarvirði safns ádreginna fjárhæða sem seldar eru inn í verðbréfun.

Hlutdeild útgefanda skal ekki vera víkjandi fyrir hlutdeild fjárfestisins.

Áhættuskuldbindingarvirði hlutdeildar fjárfesta skal vera áhættuskuldbindingarvirði grundvallarhluta safns ádreginna fjárhæða, sem ekki falla undir a-lið, auk áhættuskuldbindingarvirðis þess hluta safns óádreginna fjárhæða lánalína, þar sem ádregnar fjárhæðir hafa verið seldar inn í verðbréfun, sem falla ekki undir b-lið.

3. Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar í tengslum við áhættuskuldbindingarvirði í hlutdeild útgefanda í samræmi við a-lið 2. mgr. skal reiknuð sem hlutfallsleg áhættuskuldbinding vegna verðbréfaðra ádreginna fjárhæða áhættuskuldbindinga, eins og þær hefðu ekki verið verðbréfaðar, og hlutfallsleg áhættuskuldbinding vegna óádreginna fjárhæða lánalína þar sem ádregnar fjárhæðir hafa verið seldar inn í verðbréfunina.

266. gr.

Lækkun fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar

1. Heimilt er að lækka fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu, sem hefur fengið 1250% áhættuvog, um 12,5 sinnum fjárhæð hvers konar sértækrar leiðréttingar á útlánaáhættu, sem stofnunin gerir í samræmi við 110. gr., að því er varðar verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar. Að því marki sem sértækar breytingar á útlánahættu eru teknar til greina í þessum tilgangi skal ekki taka þær til greina að því er varðar útreikningana sem mælt er fyrir um í 159. gr.

2. Heimilt er að lækka fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar verðbréfaðrar stöðu um 12,5 sinnum fjárhæð hvers konar sértækrar leiðréttingar á útlánaáhættu í samræmi við 110. gr., sem stofnun gerir að því er varðar stöðuna.

3. Eins og kveðið er á um í k-lið 1. mgr. 36. gr. geta stofnanir, að því er varðar verðbréfaða stöðu sem hefur 1250% áhættuvog, valið, frekar en að telja stöðuna með við útreikning á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, dregið áhættuskuldbindingarvirði stöðunnar frá eiginfjárgrunni með fyrirvara um eftirfarandi:

a) áhættuskuldbindingarvirði stöðu má finna út frá fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar að teknu tilliti til allra lækkana sem gerðar eru í samræmi við 1. og 2. mgr.,

b) útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði má endurspegla hæfa fjármagnaða útlánavörn á þann hátt sem er í samræmi við aðferðafræðina sem lýst er í 247. og 264. mgr.,

c) er heimilt að fara með stöðuna eins og tvær stöður með L jafnt og KIRBR að því er varðar þá stöðu sem er hærra sett, sé eftirlitsformúluaðferðin notuð til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og L < KIRBR og [L+T] > KIRBR.

4. Þegar stofnun nýtir valmöguleikann, sem nefndur er í 3. mgr., getur hún dregið 12,5 falda fjárhæðina, sem dregin er frá í samræmi við þá málsgrein, frá þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 260. gr. sem þá fjárhæð sem áhættuvegin áhættuskuldbinding, að því er varðar stöður hennar í verðbréfun, getur takmarkast við.

4. þáttur

Lánshæfismat frá þriðja aðila

267. gr.

Notkun utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á lánshæfismati

Stofnanir geta ekki notað lánshæfismat til að ákvarða áhættuvog verðbréfaðrar stöðu nema utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafi gefið það út eða áritað það í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

268. gr.

Kröfur sem lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis verður að uppfylla

Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar, í samræmi við 3. þátt, skulu stofnanir ekki nota lánshæfismat viðurkennds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis nema að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) Enginn mismunur skal vera á tegundum greiðslna sem endurspeglast í lánshæfismatinu og tegundum greiðslna sem stofnunin á rétt á samkvæmt samningnum sem liggur að baki verðbréfuðu stöðunni sem um ræðir.

b) Utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki skal birta tap- og sjóðstreymisgreiningu ásamt því hve næmt matið er fyrir breytingum á undirliggjandi forsendunum, þ.m.t. frammistöðu eignasafns, ásamt lánshæfismati, aðferðum, aðferðafræði, forsendum og helstu atriðum sem liggja að baki matinu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009. Upplýsingar, sem aðeins eru gerðar aðgengilegar takmörkuðum fjölda aðila, skulu ekki teljast hafa verið birtar opinberlega. Lánshæfismatið skal fellt inn í færslufylki utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis.

c) Lánshæfismatið skal ekki byggt, að hluta til eða að öllu leyti, á ófjármögnuðum stuðningi frá stofnuninni sjálfri. Í slíku tilviki skal stofnunin líta á viðkomandi stöðu til útreiknings á fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar fyrir þessa stöðu í samræmi við 3. þátt, eins og hún væri ómetin.

Utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er skuldbundin til að birta útskýringar á því hvernig afrakstur af eignum í safni hefur áhrif á mat hennar á lánshæfi.

269. gr.

Notkun lánshæfismats

1. Stofnun getur tilnefnt eitt eða fleiri utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki til að annast lánshæfismat sem nota skal við útreikning á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar hennar samkvæmt þessum kafla („tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“).

2. Stofnun skal nota lánshæfismat, að því er varðar verðbréfaðar stöður sínar, með samræmdum hætti og ekki á valvísan hátt, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) Stofnun má ekki nota lánshæfismat utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis fyrir stöður sínar í sumum áhættulögum og annars utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis fyrir stöður sínar í öðrum áhættulögum innan sömu verðbréfunar, hvort sem fyrra utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækið hefur metið þær eða ekki.

b) Þegar staða hefur fengið tvö lánshæfismöt frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, skal stofnunin nota það lánshæfismat sem er óhagstæðara.

c) Þegar staða hefur fengið fleiri en tvö lánshæfismöt frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, skal nota þau tvö lánshæfismöt sem eru hagstæðust. Ef tvö hagkvæmustu lánshæfismötin eru mismunandi, skal nota það af þessum tveimur sem er síður hagkvæmt.

d) Stofnunin skal ekki taka virkan þátt í því að fara fram á að óhagstæðara matið sé afturkallað.

3. Þegar útlánavörn, sem metin er hæf skv. 4. kafla, er veitt beint til sérstaks verðbréfunaraðila og sú vörn endurspeglast í lánshæfismati tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis á stöðu, má nota áhættuvogina sem á við það lánshæfismat. Ef vörnin er ekki talin hæf skv. 4. kafla. skal lánshæfismatið ekki viðurkennt. Þegar útlánavörn er ekki veitt til sérstaks verðbréfunaraðila heldur beint til verðbréfaðrar stöðu skal ekki viðurkenna lánshæfismatið.

270. gr.

Vörpun

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða, fyrir öll utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, við hvaða lánshæfisþrep, sem sett eru fram í þessum kafla, skuli tengja viðeigandi lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki. Við þessar ákvarðanir skal gæta hlutlægni og samkvæmni og þær skulu framkvæmdar í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal greina á milli þeirrar hlutfallslegu áhættu sem hvert mat lýsir.

b) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa í huga megindlega þætti svo sem vanefnda- og/eða tapshlutföll og fyrri frammistöðu sérhvers utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis við að meta lánshæfi fyrir mismunandi eignaflokka.

c) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa í huga eigindlega þætti, s.s. mismunandi gerðir viðskipta sem metnar eru af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, aðferðafræði þess og inntak lánshæfismatsins, einkum hvort það byggist á væntu tapi eða fyrsta tapi í evrum (e. *first Euro loss*) og greiðslu vaxta á tilskildum tíma eða lokagreiðslu á vöxtum.

d) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leitast við að tryggja að verðbréfaðar stöður, sem fá sömu áhættuvog á grundvelli lánshæfismata utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja, hafi sama áhættuvægi. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa í huga að leiðrétta ákvörðun sína að því er varðar það lánshæfisþrep sem tiltekið lánshæfismat skal tengjast, eins og við á.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. júlí 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. KAFLI

Útlánaáhætta mótaðila

1. þáttur

Skilgreiningar

271. gr.

Ákvörðun á áhættuskuldbindingarvirði

1. Stofnun skal ákvarða áhættuskuldbindingarvirði afleiðugerninga, sem um getur í II. viðauka, í samræmi við þennan kafla.

2. Stofnun er heimilt að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði endurhverfra viðskipta, lánveitinga eða lántöku vegna verðbréfa eða hrávöru, gnóttsamninga og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa í samræmi við þennan kafla í staðinn fyrir að nota 4. kafla.

272. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þennan kafla og VI. bálk þessa hluta skulu eftirfarandi skilgreiningar eiga við:

Almenn hugtök

1) „Útlánaáhætta mótaðila“ eða „CCR“: hættan á að mótaðili að viðskiptum lendi í vanskilum áður en að lokauppgjöri sjóðstreymis viðskiptanna kemur.

Tegundir viðskipta

2) „Gnóttsamningar“: viðskipti þar sem mótaðili skuldbindur sig til að afhenda verðbréf, hrávöru eða fjárhæð erlends gjaldeyris gegn reiðufé, öðrum fjármálagerningum eða hrávörum, eða öfugt, á uppgjörs- eða afhendingardegi sem tilgreindur er í samningi og er seinni en samkvæmt markaðsstaðli fyrir þessa tegund viðskipta eða fimm viðskiptadögum eftir daginn sem stofnunin verður aðili að viðskiptunum, eftir því hvort kemur á undan.

3) „Viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa“: viðskipti þar sem stofnun hækkar lánafyrirgreiðslu í tengslum við kaup eða sölu verðbréfa eða það að halda þeim eða eiga viðskipti með þau. Viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa fela ekki í sér önnur lán sem eru tryggð með tryggingum í formi verðbréfa.

Skuldajöfnunarsafn, áhættuvarnasöfn og tengd hugtök

4) „Skuldajöfnunarsafn“: flokkur viðskipta á milli stofnunar og eins mótaðila sem fellur undir tvíhliða skuldajöfnunarsamning sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum og viðurkenndur skv. 7. þætti og 4. kafla.

Fara skal með öll viðskipti, sem ekki falla undir tvíhliða skuldajöfnunarsamning, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum og viðurkenndur skv. 7. þætti, sem sjálfstætt skuldajöfnunarsafn að því er varðar þennan kafla.

„Samkvæmt eiginlíkansaðferðinni sem sett er fram í 6. þætti má fara með öll skuldajöfnunarsöfn með einn mótaðila sem eitt skuldajöfnunarsafn ef neikvætt hermt markaðsvirði einstakra skuldajöfnunarsafna er haft 0 við mat á væntri áhættuskuldbindingu (hér á eftir nefnd „EE“).

5) „Áhættustaða“: áhættutala sem er úthlutað á viðskipti, samkvæmt staðlaðri aðferð sem sett er fram í 5. þætti, eftir fyrirfram ákveðinni reikniforskrift.

6) „Áhættuvarnarsafn“: flokkur áhættustaðna vegna viðskipta innan staks skuldajöfnunarsafns þar sem einungis jöfnuður þessara áhættustaðna er notaður til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði samkvæmt stöðluðu aðferðinni sem er sett fram í 5. þætti.

7) „Samkomulag um tryggingarfé“: samningur eða ákvæði samnings sem kveða á um að einn mótaðili skuli veita öðrum mótaðila tryggingu þegar áhættuskuldbinding þess mótaðila gagnvart fyrri mótaðilanum fer yfir tilgreint mark.

8) „Viðmiðunarmörk tryggingarfjár“: hæsta fjárhæð sem útistandandi áhættuskuldbinding má nema áður en einn aðili hefur rétt til að kalla eftir tryggingu.

9) „Áhættutímabil tryggingarfjár“: tímabilið frá síðustu skiptum á tryggingu vegna skuldajöfnunarsafns viðskipta við mótaðila í vanskilum þar til búið er að gera viðskiptin upp og markaðsáhættan sem eftir stendur er áhættuvarin á ný.

10) „Virkur líftími samkvæmt eiginlíkansaðferðinni, vegna skuldajöfnunarsafns sem hefur lengri líftíma en eitt ár“: hlutfall summu væntrar áhættuskuldbindingar á líftíma viðskiptanna í skuldajöfnunarsafninu, afvaxtaðrar með áhættulausum vöxtum, á móti summu væntrar áhættuskuldbindingar á einu ári í skuldajöfnunarsafni, afvaxtaðrar með áhættulausum vöxtum.

Heimilt er að aðlaga þennan virka binditíma svo hann endurspegli framlengingaráhættu með því að skipta út væntri áhættuskuldbindingu fyrir virka vænta áhættuskuldbindingu vegna spátímabila sem eru skemmri en eitt ár.

11) „Skuldajöfnun milli afurða“: það að láta viðskipti í mismunandi afurðaflokkum tilheyra sama skuldajöfnunarsafni samkvæmt reglum um skuldajöfnun milli afurða sem settar eru fram í þessum kafla.

12) „Gildandi markaðsvirði“ (hér á eftir nefnt „CMV“): að því er varðar 5. þátt, hreint markaðsvirði eignasafns viðskipta innan skuldajöfnunarsafns þar sem bæði jákvætt og neikvætt markaðsvirði er notað til að reikna út CMV.

Dreifing

13) „Dreifing markaðsvirðis“: spá um líkindadreifingu hreins markaðsvirðis viðskipta innan skuldajöfnunarsafns fyrir ákveðinn dag í framtíðinni (spátímabilið), að gefnu innleystu markaðsvirði þessara viðskipta á degi spárinnar.

14) „Dreifing áhættuskuldbindinga“: spá um líkindadreifingu markaðsvirðis þar sem spátilvik um neikvætt markaðsvirði eru látin jafngilda núlli.

15) „Áhættuhlutlaus dreifing“: dreifing markaðsvirðis eða áhættuskuldbindinga á tímabili í framtíðinni, reiknuð með því að nota gildi sem leiða má af markaði, s.s. afleitt flökt.

16) „Raundreifing“: dreifing markaðsvirðis eða áhættuskuldbindinga á tímabili í framtíðinni, reiknuð út með því að nota sögulegt virði eða innleyst, s.s. flökt sem reiknað er út frá fyrri verð- eða gengisbreytingum.

Mælikvarðar og breytingar á áhættuskuldbindingu

17) „Gildandi áhættuskuldbinding“: núll eða, ef hærra reynist, markaðsvirði viðskipta eða eignasafns viðskipta innan skuldajöfnunarsafns við mótaðila, sem myndi glatast við vanskil mótaðila að því gefnu að ekkert endurheimtist af virði þessara viðskipta við ógjaldfærni eða félagsslit.

18) „Hámarksáhættuskuldbinding“: hátt hundraðsmark dreifingar áhættuskuldbindinga á tilteknum degi í framtíðinni fyrir gjalddaga lengstu viðskiptanna í skuldajöfnunarsafninu.

19) „Vænt áhættuskuldbinding“ (hér á eftir nefnd „EE“): meðaltal dreifingar áhættuskuldbindinga á tilteknum degi í framtíðinni fyrir gjalddaga þeirra viðskipta í skuldajöfnunarsafninu sem hafa lengstan líftíma.

20) „Virk vænt áhættuskuldbinding á ákveðnum degi“ (hér á eftir nefnd „virk EE“): hæsta vænta áhættuskuldbinding sem liggur fyrir þann dag eða fyrr. Einnig má skilgreina hana fyrir ákveðinn dag sem vænta áhættuskuldbindingu á þeim degi eða virka vænta áhættuskuldbindingu fyrir þann dag, eftir því hvort er hærra.

21) „Vænt jákvæð áhættuskuldbinding“ (hér á eftir nefnd „EPE“): vegið meðaltal væntra áhættuskuldbindinga yfir tíma, þar sem vægið er það hlutfall heildartímabilsins sem hver vænt áhættuskuldbinding stendur fyrir.

Við útreikninga á kröfu vegna eiginfjárgrunns skulu stofnanir taka meðaltal fyrsta ársins eða, ef allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins eru með skemmri gildistíma en eitt ár, á tímabilinu þar til samningurinn sem hefur lengstan gildistíma innan skuldajöfnunarsafnsins hefur fallið í gjalddaga.

22) „Virk vænt jákvæð áhættuskuldbinding“ (hér á eftir nefnd „virk EPE“): vegið meðaltal virkrar væntrar áhættuskuldbindingar á fyrsta ári skuldajöfnunarsafns eða, ef allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins hafa skemmri líftíma en eitt ár, á tímabili þess samnings í skuldajöfnunarsafninu sem hefur lengstan líftíma, þar sem vægið er það hlutfall heildartímabilsins sem hver vænt áhættuskuldbinding stendur fyrir.

Útlánaáhætta mótaðila (CCR)

23) „Framlengingaráhætta“: sú fjárhæð sem EPE er vanmetin um þegar þess er vænst að viðskipti við mótaðila muni eiga sér stað á áframhaldandi grundvelli.

Við útreikning á EPE er ekki tekið tillit til þeirrar viðbótaráhættuskuldbindingar sem myndast við þau framtíðarviðskipti.

24) „Mótaðili“: að því er varðar 7. þátt, sérhver lögaðili eða einstaklingur sem gerist aðili að skuldajöfnunarsamningi og hefur tilskilið hæfi til samningsgerðar.

25) „Samkomulag um samning um skuldajöfnun milli afurða“: tvíhliða samkomulaga milli stofnunar og mótaðila sem myndar eina lagalega skuldbindingu (byggða á skuldajöfnun viðkomandi viðskipta) sem nær yfir alla tvíhliða rammasamninga og viðskipti sem tilheyra mismunandi afurðaflokkum sem heyra undir samninginn.

Með „mismunandi afurðaflokkum“ er í þessari skilgreiningu átt við:

a) endurhverf viðskipti, verðbréfa- og hrávörulánveitingar og -lántökur,

b) viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa,

c) samningana, sem taldir eru upp í II. viðauka,

26) „Greiðsluleggur“: greiðsla sem samþykkt er í viðskiptum með OTC-afleiður með línulegt áhættusnið þar sem samið er um að fjármálagerningur skuli látinn af hendi gegn greiðslu.

Ef um er að ræða viðskipti þar sem samið er um að greiðsla skuli látin af hendi gegn greiðslu skulu greiðsluleggirnir tveir samanstanda af samningsbundum vergum greiðslum, þ.m.t. grundvallarfjárhæð viðskiptanna.

2. þáttur

Aðferðir við að reikna áhættuskuldbindingarvirði

273. gr.

Aðferðir við að reikna áhættuskuldbindingarvirði

1. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði vegna samninga sem tilgreindir eru í II. viðauka á grundvelli einna þeirra aðferða, sem settar eru fram í 3. til 6. þætti, í samræmi við þessa grein.

Stofnun, sem telst ekki hæf til að fá þá meðhöndlun, sem sett er fram í 94. gr., skal ekki nota aðferðina sem sett er fram í 4. þætti. Stofnun skal ekki nota aðferðina, sem sett er fram í 4. þætti, til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði vegna samninganna sem skráðir eru í 3. lið II. viðauka. Stofnunum er heimilt að nota samhliða aðferðirnar, sem settar eru fram í 3. til 6. þætti, að staðaldri innan samsteypu. Stakri stofnun er ekki heimilt að nota samhliða aðferðirnar, sem settar eru fram í 3. til 6. þætti, að staðaldri heldur skal þeim vera heimilt að nota samhliða aðferðirnar, sem settar eru fram í 3. og 5. þætti, ef ein aðferðanna er notuð í þeim tilvikum sem lýst er í 6. mgr. 282. gr.

2. Stofnunun er heimilt, ef lögbær yfirvöld leyfa það í samræmi við 1. og 2. mgr. 283, að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði fyrir eftirfarandi liði með því að nota eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 6. þætti:

a) samningana, sem taldir eru upp í II. viðauka,

b) endurhverf viðskipti,

c) viðskipti í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru,

d) viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa,

e) gnóttsamninga.

3. Ef stofnun kaupir lánaafleiðuvörn gegn áhættuskuldbindingu utan veltubókar eða gegn markaðsáhættu utan veltubókar eða gegn mótaðilaáhættu er henni heimilt að reikna kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir varða áhættuskuldbindingu í samræmi við annaðhvort:

a) 233. til 236. gr.,

b) í samræmi við 3. mgr. 153. gr. eða 183. gr. þegar leyfi hefur verið veitt í samræmi við 143. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði fyrir útlánaáhættu mótaðila vegna þessara lánaafleiða má vera núll nema stofnun noti aðferðina í ii. lið í h-liðar 2. mgr. 299. gr.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. getur stofnun, við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna útlánaáhættu mótaðila valið, með samræmdum hætti, að telja með allar útlánaafleiður sem ekki eru í veltubók og keyptar eru sem vörn vegna áhættuskuldbindingar utan veltubókar eða gegn áhættuskuldbindingu vegna útlánaáhættu mótaðila ef útlánavörnin er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð.

5. Ef stofnun fer með skuldatryggingu, seldri af stofnun, sem útlánavörn sem sú stofnun veitir og er háð kröfu vegna eiginfjárgrunns vegna útlánaáhættu fyrir alla undirliggjandi grundvallarfjárhæð, er áhættuskuldbindingarvirði þeirra vegna útlánaáhættu mótaðila utan veltubókar haft núll.

6. Samkvæmt öllum aðferðum sem settar eru fram í 3. til 6. þætti samsvarar áhættuskuldbindingarvirði vegna tiltekins mótaðila samanlögðu áhættuskuldbindingarvirði sem er reiknað út fyrir hvert skuldajöfnunarsafn hjá þeim mótaðila.

Fyrir tiltekinn mótaðila skal virði áhættuskuldbindingar vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns OTC afleiðugerninga, sem tilgreindir eru í II. viðauka, reiknað í samræmi við þennan kafla, vera hærra en núll og mismunur á samtölu áhættuskuldbindingarvirðis allra skuldajöfnunarsafna vegna mótaðilans og samtölu CVA vegna þess mótaðila sem stofnunin hefur reiknað inn sem niðurfærslu. Leiðrétting á útlánavirði skal reikna án tillits til samsvarandi leiðréttingar á innlánavirði sem eignuð er eigin útlánaáhættu fyrirtækisins sem og hefur þegar verið undanskilin frá eiginfjárgrunni skv. c-lið 1. mgr. 33. gr.

7. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði sem verður til vegna gnóttsamninga með því að nota einhverja þeirra aðferða, sem settar eru fram í 3. til 6. þætti, án tillits til þeirra aðferða sem stofnunin hefur valið við meðhöndlun OTC-afleiða og endurhverfra viðskipta, viðskipta í tengslum við lántöku eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa. Við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna gnóttsamninga má stofnun, sem notar aðferðina sem sett er fram í 3. kafla nota áhættuvog, samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 2. kafla, að staðaldri og án tillits til mikilvægis slíkra staðna.

8. Að því er varðar aðferðirnar sem settar eru fram í 3. og 4. þætti skal stofnun innleiða aðferðafræði, sem notuð er á samræmdan hátt, til að ákvarða grundvallarfjárhæð mismunandi tegunda afurða og skal tryggja að nafnverðsfjárhæðin, sem tekið er mið af, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem í samningnum felst. Þegar gert er ráð fyrir því í samningnum að greiðsluflæði margfaldist verður stofnunin að leiðrétta grundvallarfjárhæðina svo tekið sé tillit til áhrifa margföldunarinnar á áhættusamsetningu samningsins.

Að því er varðar aðferðirnar sem settar eru fram í 3. til 6. þætti skal fara með viðskipti þar sem fylgniáhætta hefur verið greind í samræmi við 2., 4., 5. og 6. mgr. 291. gr., eins og við á.

3. þáttur

Markaðsvirðisaðferð

274. gr.

Markaðsvirðisaðferð

1. Til þess að ákvarða núgildandi endurnýjunarkostnað allra samninga með jákvætt virði skulu stofnanir meta samninga á núgildandi markaðsvirði.

2. Til þess að ákvarða hugsanlega framtíðarlánaáhættu skulu stofnanir margfalda grundvallarfjárhæðir eða undirliggjandi virði með prósentutölunum í töflu 1 og í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflu 1, á sama hátt og samninga um aðrar hrávörur en góðmálma,

b) að því er varðar samninga sem fela það í sér að höfuðstól er skipt margsinnis, skal margfalda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum,

c) að því er varðar samninga sem eru gerðir til að gera upp áhættuskuldbindingar, sem eru útistandandi eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxtasamninga, sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og hafa eftirstöðvatíma sem er lengri en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera lægra en 0,5%.

Tafla 1

Eftirstöðvatími	Vaxta-samningar	Samningar er varða gjaldeyr-isgengi og gull	Hlutabréfa-samningar	Samningar er varða aðra góðmálma en gull	Samningar er varða aðrar hrávörur en góðmálma
Eitt ár eða minna	0%	1%	6%	7%	10%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	0,5%	5%	8%	7%	12%
Meira en fimm ár	1,5%	7,5%	10%	8%	15%

3. Stofnun er heimilt að nota prósentutöluna í töflu 2 fyrir samninga sem varða aðrar hrávörur en gull, sem um getur í 3. lið II. viðauka, í staðinn fyrir prósentutöluna í 1. töflu, að því tilskildu að stofnunin fylgi rýmkuðu binditímaaðferðinni sem sett er fram í 361. gr. fyrir þessa samninga.

Tafla 2

Eftirstöðvatími	Eðalmálmar (fyrir utan gull)	Ódýrir málmar	Landbún-aðarafurðir (mjúkar hrávörur)	Annað, þ.á m. orkuframleiðsluvörur
Eitt ár eða minna	2%	2,5%	3%	4%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	5%	4%	5%	6%
Meira en fimm ár	7,5%	8%	9%	10%

4. Samtala núgildandi endurnýjunarkostnaðar og hugsanlegrar framtíðarlánaáhættu er áhættuskuldbindingarvirðið.

4. þáttur

Aðferð upprunalegrar áhættu

275. gr.

Aðferð upprunalegrar áhættu

1. Áhættuskuldbindingarvirði er grundvallarfjárhæð hvers gernings margfaldað með prósentutölunum sem settar eru fram í töflu 3.

Tafla 3

Upphaflegur lánstími	Vaxtasamningar	Samningar er varða gjaldeyrisgengi og gull
Eitt ár eða minna	0,5%	2%
Meira en eitt ár, en ekki yfir tvö ár	1%	5%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	1%	3%

2. Til að reikna áhættuskuldbindingarvirði vegna vaxtasamninga getur stofnun valið að nota annaðhvort upphaflegan líftíma eða eftirstöðvatíma.

5. þáttur

Stöðluð aðferð

276. gr.

Stöðluð aðferð

1. Stofnunum er einungis heimilt að nota stöðluðu aðferðina til að reikna áhættuskuldbindingarvirði fyrir OTC-afleiður og gnóttsamninga.

2. Þegar stofnanir beita stöðluðu aðferðinni skulu þær reikna áhættuskuldbindingarvirðið sérstaklega fyrir hvert skuldajöfnunarsafn sem hér segir:

$$Áhættuskuldbindingarvirði = \beta \cdot max\left\{CMV - CMC, \sum_j \left|\sum_i RPT_{ij} - \sum_l RPC_{lj}\right| \cdot CCRM_j\right\}$$

þar sem:

CMV = gildandi markaðsvirði verðbréfasafns viðskipta innan skuldajöfnunarsafns við mótaðila án tillits til trygginga, þar sem:

$$CMV = \sum_i CMV_i$$

þar sem:

CMV_i = gildandi markaðsvirði viðskipta,

CMC = gildandi markaðsvirði tryggingarinnar sem er úthlutað á skuldajöfnunarsafn, þar sem:

$$CMC = \sum_l CMC_l$$

þar sem:

CMC_l = gildandi markaðsvirði tryggingar l,

i = stuðull fyrir viðskipti,

l = stuðull fyrir tryggingu,

j = stuðull fyrir flokk áhættuvarnarsafns.

Áhættuvarnarsöfn í þessum tilgangi samsvara áhættuþáttum og fyrir þá er hægt að jafna út áhættustöður með gagnstæð formerki til að fá út hreina áhættustöðu sem áhættuskuldbindingin er svo metin út frá.

RPT_{ij} = áhættustaða vegna viðskipta i að því er varðar áhættuvarnarsafn j,

RPC_{lj} = áhættustaða vegna tryggingar l að því er varðar áhættuvarnarsafn j,

$CCRM_j$ = CCR margfaldari sem er settur fram í töflu 5, að því er tekur til áhættuvarnarsafns j,

β = 1,4.

3. Að því er varðar útreikning skv. 2. mgr.:

a) trygging sem fengin er frá mótaðila skal hafa jákvætt formerki og tilkynnt trygging gagnvart mótaðila skal hafa neikvætt formerki,

b) eingöngu trygging, sem kemur til greina skv. 197., 198. gr. og d-lið 2. mgr. 299. gr., skal notuð með tilliti til stöðluðu aðferðarinnar,

c) stofnun er heimilt að líta fram hjá vaxtaáhættu vegna greiðsluleggja með styttri eftirstöðvatíma en eitt ár,

d) stofnun er heimilt að meðhöndla viðskipti sem samanstanda af tveimur greiðsluleggjum, sem eru gefnir upp í sama gjaldmiðli sem ein heildarviðskipti. Meðferð vegna greiðsluleggja gildir um heildarviðskiptin.

277. gr.

Viðskipti með línulegt áhættusnið

1. Stofnanir skulu tengja viðskipti með línulegt áhættusnið við áhættustöðu í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) viðskipti með línulegt áhættusnið, þar sem hið undirliggjandi er hlutabréf (þ.m.t. hlutabréfavísitölur), gull, aðrir eðalmálmar eða aðrar hrávörur, skulu tengd við áhættustöðu í viðkomandi hlutabréfi (eða hlutabréfavísitölu) eða hrávöru og vaxtaáhættustöðu vegna greiðsluleggjarins,

b) viðskipti með línulegt áhættusnið, þar sem undirliggjandi gerningur er skuldagerningur, skulu tengd við vaxtaáhættustöðu vegna skuldagerningsins og aðra vaxtaáhættustöðu vegna greiðsluleggjarins,

c) viðskipti með línulegt áhættusnið, sem mæla fyrir um skipti greiðslu gegn greiðslu, þ.m.t. framvirk gjaldeyrisviðskipti, skulu tengd við vaxtaáhættustöðu fyrir hvern greiðslulegg.

Ef greiðsluleggur eða undirliggjandi skuldagerningur, í tengslum við viðskipti sem fjallað er um í a-, b- eða c-lið, er gefinn upp í erlendum gjaldmiðli er greiðsluleggurinn eða undirliggjandi gerningur einnig tengdur aftur við áhættustöðu í þeim gjaldeyri.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal stærð áhættustöðu vegna viðskipta með línulegt áhættusnið vera raunveruleg grundvallarfjárhæð (markaðsverð margfaldað með magni) undirliggjandi fjármálagerninga eða hrávara umreiknuð í gjaldmiðil ríkis stofnunarinnar með margföldun með viðeigandi gengi, að undanskildum skuldagerningum.

3. Stærð áhættustöðu, að því er varðar skuldagerninga og greiðsluleggi, skal vera raunveruleg grundvallarfjárhæð útistandandi bókfærðra greiðslna (þ.m.t. grundvallarfjárhæðin) umreiknuð í gjaldmiðil heimaaðildarríkis stofnunarinnar, margfölduð með leiðréttum rauntíma skuldagerningsins eða greiðsluleggs, eftir því sem við á.

4. Stærð áhættustöðu vegna skuldatryggingar skal vera grundvallarfjárhæð viðmiðunarskuldagernings, margfölduð með eftirstöðvatíma skuldatryggingarinnar.

278. gr.

Viðskipti sem ekki eru með línulegt áhættusnið

1. Stofnanir skulu ákvarða stærð áhættustöðu vegna viðskipta sem eru ekki með línulegt áhættusnið í samræmi við eftirfarandi málsgreinar.

2. Stærð áhættustöðu vegna OTC-afleiðu með ólínulegt áhættusnið, þ.m.t. valréttir og skiptiréttir, þar sem hið undirliggjandi er ekki skuldagerningur eða greiðsluleggur, skal vera jöfn deltajafngildi raunverulegrar grundvallarfjárhæðar fjármálagerningsins sem er undirliggjandi í viðskiptunum í samræmi við 1. mgr. 280. gr.

3. Stærð áhættustöðu vegna OTC-afleiðu með ólínulegt áhættusnið, þ.m.t. valréttir og skiptiréttir, þar sem hið undirliggjandi er skuldagerningur eða greiðsluleggur, skal vera jöfn deltajafngildi raunverulegrar grundvallarfjárhæðar fjármálagerningsins eða greiðsluleggsins, margfaldað með leiðréttum rauntíma skuldagerningsins eða greiðsluleggsins, eftir því sem við á.

279. gr.

Meðferð tryggинga

Til að ákvarða stöðuáhættu skulu stofnanir fara með tryggingar sem hér segir:

a) fara skal með tryggingu frá mótaðila sem skuldbindingu gagnvart mótaðilanum samkvæmt afleiðusamningi (skortstöðu) sem er á gjalddaga þegar útreikningurinn fer fram,

b) fara skal með tilkynnta tryggingu sem lögð er fram hjá mótaðila sem kröfu gagnvart mótaðilanum (gnóttstöðu) sem er á gjalddaga þegar útreikningurinn fer fram.

280. gr.

Útreikningur á stöðuáhættu

1. Stofnun skal ákvarða stærð og formerki stöðuáhættu á eftirfarandi hátt:

a) vegna allra gerninga annarra en skuldagerninga:

i. sem raunverulega grundvallarfjárhæð þegar um er að ræða viðskipti sem eru með línulegt áhættusnið,

ii. sem deltajafngildi grundvallarfjárhæðar, $P_{ref} \cdot \frac{\partial V}{\partial p}$, ef um er að ræða viðskipti með ólínulegt áhættusnið,

þar sem:

P_{ref} = verð undirliggjandi gernings, tilgreint í viðmiðunargjaldmiðli,

V = virði fjármálagerningsins (að því er varðar valrétt, er virðið valréttarverð),

p = verð undirliggjandi gernings, tilgreint í sama gjaldmiðli og V,

b) vegna fjármálagerninga og greiðsluleggja allra viðskipta:

i. sem raunverulega grundvallarfjárhæð, margfaldaða með leiðréttum rauntíma þegar um er að ræða viðskipti sem eru með línulegt áhættusnið,

ii. sem deltajafngildi í grundvallarfjárhæð margfaldað með leiðréttum rauntíma, $\frac{\partial V}{\partial r}$, ef um er að ræða viðskipti með ólínulegt áhættusnið,

þar sem:

V = virði fjármálagerningsins (að því er varðar valrétt, er það valréttarverð),

r = vaxtastig.

Ef V er tilgreint í gjaldmiðli öðrum en viðmiðunargjaldmiðli skal umreikna afleiðuna yfir í viðmiðunargjaldmiðil með margföldun með viðeigandi gengi.

2. Stofnanir skulu flokka stöðuáhættur í áhættuvarnarsöfn. Algildi fjárhæðar samtölu, sem verður til, er reiknað fyrir hvert áhættuvarnarsafn. Hrein stöðuáhætta skal vera niðurstaða þess útreiknings og reiknuð með tilliti til 2. mgr. 276. gr. sem hér segir:

$$\left| \sum_i RPT_{ij} - \sum_l RPC_{lj} \right|$$

281. gr.

Vaxtaáhættustöður

1. Til að reikna vaxtaáhættustöður skulu stofnanir beita eftirfarandi ákvæðum.

2. Að því er varðar vaxtaáhættustöður vegna eftirfarandi:

a) tryggingа í formi peningainnlána sem tekið er við frá mótaðila,

b) greiðsluleggja,

c) undirliggjandi skuldagerninga,

þar sem 1,60% fjármagnskostnaður eða lægri á við í hverju tilviki, samkvæmt töflu 1 í 336. gr., skulu stofnanir skipa þessum stöðum í eitt sex áhættuvarnarsafna fyrir hvern gjaldmiðil, eins og tilgreint er í töflu 4.

Tafla 4

	Viðmiðunarvextir (sem taka mið af ríkisvöxtum)	Viðmiðunarvextir (sem taka mið af öðrum vöxtum)
Líftími	< 1 ár	< 1 ár
	>1 ≤ 5 ár	> 5 ár
	>1 ≤ 5 ár	> 5 ár

3. Að því er varðar vaxtaáhættustöður vegna undirliggjandi skuldagerninga eða greiðsluleggja þar sem vextir eru tengdir viðmiðunarvöxtum, sem endurspegla almenna markaðsvexti, skal eftirstöðvatíminn vera lengd tímabilsins fram að næsta endurmati vaxta. Í öllum öðrum tilvikum er hann það sem eftir lifir af líftíma undirliggjandi skuldagernings eða, að því er varðar greiðslulegg, það sem eftir lifir af líftíma viðskiptanna.

282. gr.

Áhættuvarnarsöfn

1. Stofnanir skulu koma á áhættuvarnarsöfnum í samræmi við 2. til 5. mgr.

2. Eitt áhættuvarnarsafn skal vera fyrir hvern útgefanda viðmiðunarskuldagernings sem liggur til grundvallar skuldatryggingu.

Með eignakörfur skuldatrygginga, sem byggjast á því hver eignakarfanna sé sú „n-ta til að lenda í vanskilum“, skal farið sem hér segir:

a) Fjárhæð áhættustöðu í viðmiðunarskuldagerningi í eignakörfu, sem er undirliggjandi í skuldatryggingu, sem er sú „n-ta til að lenda í vanskilum“, skal vera raunveruleg grundvallarfjárhæð viðmiðunarskuldagernings, margfölduð með leiðréttum rauntíma afleiðu, sem er sú „n-ta til að lenda í vanskilum“, með hliðsjón af breytingu á áhættuálagi viðmiðunarskuldagernings.

b) Eitt áhættuvarnarsafn skal vera fyrir hvern viðmiðunarskuldagerning í eignakörfu sem liggur til grundvallar skuldatryggingu sem er sú „n-ta til að lenda í vanskilum. Áhættustöður vegna mismunandi skuldatrygginga, sem eru þær „n-tu til að lenda í vanskilum“, skulu ekki teljast til sama áhættuvarnarsafns.

c) CCR margfaldari, sem á við hvert áhættuvarnarsafn, sem stofnað er til vegna einhvers viðmiðunarskuldagernings afleiðu, sem er n-ta til að lenda í vanskilum skal vera sem hér segir:

i. 0,3% fyrir viðmiðunarskuldagerninga, sem hafa lánshæfismat frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, sem er jafngilt 1. til 3. lánshæfisþrepi.

ii. 0,6% fyrir aðra skuldagerninga.

3. Að því er varðar vaxtaáhættustöður vegna:

a) Peningainnleggs, sem mótaðili leggur fram sem tryggingu, þegar sá mótaðili hefur ekki útistandandi skuldbindingar með lága sérstaka áhættu.

b) Undirliggjandi skuldagerninga, þar sem 1,60% fjármagnskostnaður eða hærri á við samkvæmt töflu 1 í 336. gr.

Fyrir hvern útgefanda skal vera eitt áhættusafn.

Þegar greiðsluleggur líkir eftir slíkum skuldagerningi skal einnig vera eitt áhættuvarnarsafn fyrir hvern útgefanda viðmiðunarskuldagerningsins.

Stofnunum er heimilt að skipa í sama áhættuvarnarsafn áhættustöðum, sem verða til vegna skuldagerninga ákveðins útgefanda, eða vegna viðmiðunarskuldagerninga sama útgefanda, sem greiðsluleggir líkja eftir, eða sem eru undirliggjandi í skuldatryggingu.

4. Undirliggjandi fjármálagerningum, öðrum en skuldagerningum, skal einungis skipað í sömu áhættuvarnarsöfn, ef þeir eru sams konar eða áþekkir gerningar. Í öllum öðrum tilvikum skal skipa þeim í aðgreind áhættuvarnarsöfn.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu stofnanir ákvarða hvort undirliggjandi gerningar eru áþekkir í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) Að því er varðar hlutabréf eru undirliggjandi gerningar frá sama útgefanda áþekkir. Fara skal með hlutabréfavísitölu sem aðgreindan útgefanda.

b) Að því er varðar eðalmálma er undirliggjandi áþekkt ef það er úr sama málmi. Fara skal með vísitölu eðalmálma sem aðgreindan eðalmálm.

c) Að því er varðar raforku er hið undirliggjandi áþekkt ef afhendingarréttur og skyldur vísa til sama tímabils á eða utan hámarksálagstíma, innan hvers 24 stunda tímabils.

d) Að því er varðar hrávöru er undirliggjandi áþekkt ef það er sama hrávara. Fara skal með hrávöruvísitölu sem aðgreinda hrávöru.

5. CCR margfaldarar (hér á eftir nefndir CCRM) vegna mismunandi flokka áhættuvarnarsafna eru settir fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 5

	Flokkar áhættuvarnarsafna	CCRM
1.	Vextir	0,2%
2.	Vextir fyrir áhættustöður vegna viðmiðunarskuldagernings, sem liggur til grundvallar skuldatryggingu og þar sem 1,60% fjármagnskostnaður eða lægri á við samkvæmt töflu 1 í 2. kafla í bálki IV.	0,3%
3.	Vextir fyrir áhættustöður vegna skuldagernings eða viðmiðunarskuldagernings þar sem yfir 1,60% fjármagnskostnaður á við samkvæmt töflu 1 í 2. kafla í bálki IV.	0,6%
4.	Gengi gjaldmiðla	2,5%
5.	Raforka	4%
6.	Gull	5%
7.	Hlutabréf	7%
8.	Eðalmálmar (aðrir en gull)	8,5%
9.	Önnur hrávara (að undanskildum eðalmálmum og raforku)	10%
10.	Undirliggjandi gerningar OTC-afleiða sem eru ekki í neinum ofangreindra flokka	10%

Undirliggjandi gerningum OTC-afleiða, eins og um getur í 10. lið í töflu 5 skal skipað í aðgreind áhættuvarnarsöfn að því er varðar hvern flokk undirliggjandi gernings.

6. Að því er varðar viðskipti sem ekki eru með línulegt áhættusnið eða vegna greiðsluleggja og viðskipta með undirliggjandi skuldagerninga, sem stofnunin getur ekki ákvarðað deltastuðul eða leiðréttan rauntíma fyrir, eftir því sem við á, með líkani gernings, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt að nota skuli til að ákvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu, skulu lögbær yfirvöld annaðhvort ákvarða stærð áhættustaðna og viðkomandi CCRMj varfærnislega eða gera kröfu um að stofnunin noti aðferðina sem sett er fram í 3. þætti. Ekki skal færa inn skuldajöfnun (þ.e. áhættuskuldbindingarvirði skal ákvarða líkt og til væri skuldajöfnunarsafn sem einungis samanstæði af viðkomandi viðskiptum).

7. Stofnun skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að áður en viðskipti eru færð í áhættuvarnarsafn séu þau tryggð með skuldajöfnunarsamningi, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum, og uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í 7. þætti.

8. Stofnun, sem notar tryggingu til að milda útlánaáhættu sína vegna mótaðila skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að tryggingin uppfylli staðlana um lögfræðilega vissu sem settir eru fram í 4. kafla, áður en áhrif tryggingarinnar eru færðar inn í útreikning hennar.

6. þáttur

Eiginlíkansaðferð

283. gr.

Leyfi til að nota eiginlíkansaðferð

1. Að því tilskildu að lögbær yfirvöld hafi fullvissu um að stofnun hafi fullnægt kröfunni í 2. mgr. skulu þau heimila þeirri stofnun að nota eiginlíkansaðferðina (IMM) til að reikna áhættuskuldbindingarvirði vegna einhverra eftirtalinna viðskipta:

a) Viðskiptanna í a-lið 2. mgr. 273. gr.

b) Viðskiptanna í b-,c- og d-lið 2. mgr. 273. gr.

c) Viðskiptanna í a- til d-lið 2. mgr. 273. gr.

Hafi stofnun leyfi til að nota eiginlíkansaðferðina til að reikna áhættuskuldbindingarvirði vegna einhverra þeirra viðskipta sem um getur í a- til c-lið í fyrstu undirgrein getur hún einnig notað hana vegna viðskiptanna í e-lið 2. mgr. 273. gr.

Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr. í 273. gr. er stofnun heimilt að velja að beita ekki þessari aðferð á áhættuskuldbindingar sem eru lítilvægar að stærð og áhættu. Í slíkum tilvikum skal stofnun beita einni aðferðanna, sem settar eru fram í 3. til 5. þætti, á þessar áhættuskuldbindingar ef viðeigandi kröfur fyrir hverja aðferð eru uppfylltar.

2. Lögbær yfirvöld skulu einungis heimila stofnunum að nota eiginlíkansaðferðina fyrir útreikninga, sem um getur í 1. mgr., ef stofnunin hefur fært sönnur á að hún fari að kröfunum sem settar eru fram í þessum þætti og lögbær yfirvöld hafa gengið úr skugga um að kerfin, sem stofnanir hafa til að stjórna útlánaáhættu mótaðila, séu skilvirk og þeim beitt á tilhlýðilegan hátt.

3. Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnunum að framkvæma í takmarkaðan tíma eiginlíkansaðferðina raðbundið á ólíkar tegundir viðskipta. Á þessu tímabili þar sem framkvæmdin er í áföngum geta stofnanir notað aðferðirnar, sem settar eru fram í 3. eða 5. þætti, fyrir viðskiptategundir sem þeir nota ekki eiginlíkansaðferðina á.

4. Stofnun skal nota aðferðirnar, sem settar eru fram í 3. eða 5. þætti, fyrir öll viðskipti með OTC-afleiður og fyrir gnóttsamninga ef hún hefur ekki fengið leyfi skv. 1. mgr. til þess að beita eiginlíkansaðferðinni á þá.

Heimilt er að nota báðar þessar aðferðir sameinaðar að staðaldri innan samstæðu. Eingöngu er heimilt að nota þessar aðferðir saman hjá stofnun ef önnur þeirra er notuð vegna tilvikanna sem sett eru fram í 6. mgr. 282. gr.

5. Stofnun, sem hefur fengið heimild til að nota eiginlíkansaðferðina í samræmi við 1. mgr., skal ekki hverfa aftur til notkunar á aðferðunum, sem settar eru fram í 3. eða 5. þætti, nema lögbært yfirvald heimili slíkt. Lögbær yfirvöld skulu veita slíka heimild ef stofnunin hefur til þess gildar ástæður.

6. Ef stofnun uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum þætti skal hún tilkynna lögbæru yfirvaldi um það og gera eitt af eftirtöldu:

a) leggja fram áætlun til lögbæra yfirvaldsins um skjótar úrbætur,

b) sýna lögbæru yfirvaldi fram á það með fullnægjandi hætti að það hafi lítil áhrif að uppfylla ekki kröfurnar.

284. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði

1. Ef stofnun hefur heimild í samræmi við 1. mgr. 283. gr. til að beita eiginlíkansaðferðinni til að reikna áhættuskuldbindingarvirði sumra eða allra viðskipta, sem um getur í þeirri málsgrein, skal hún reikna áhættuskuldbindingarvirði þessara viðskipta á stigi skuldajöfnunarsafns.

Líkanið sem stofnunin notar í því skyni skal:

a) tilgreina spá um dreifingu breytinga á markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins, sem rekja má til breytinga á viðeigandi markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi gjaldmiðla, o.s.frv.,

b) reikna áhættuskuldbindingarvirði fyrir skuldajöfnunarsafnið á hverjum tilteknum degi í framtíðinni að gefnum sameiginlegum breytingum á markaðsbreytum.

2. Til þess að líkanið endurspegli áhrif tryggingarfjár skal líkanið fyrir virði tryggingarinnar uppfylla megindlegar og eigindlegar kröfur fyrir eiginlíkansaðferðina í samræmi við þennan þátt og stofnunin getur eingöngu fellt inn í spár sínar um dreifingu breytinga á markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins hæfa fjárhagslega tryggingu sem um getur í 197. gr., 198. gr. og c- og d-lið 2. mgr. 299. gr.

3. Krafa vegna eiginfjárgrunns vegna útlánaáhættu mótaðila í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna mótaðila, sem stofnun notar eiginlíkansaðferðina á, skal samsvara hærri fjárhæð af eftirfarandi:

a) kröfu vegna eiginfjárgrunns vegna þessara áhættuskuldbindinga, sem reiknuð er á grundvelli virkrar EPE þar sem notaðar eru gildandi markaðsupplýsingar,

b) kröfu vegna eiginfjárgrunns vegna þessara áhættuskuldbindinga, sem reiknuð er á grundvelli virkrar EPE þar sem notuð er álagskvörðun fyrir allar áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem þeir nota eiginlíkansaðferðina á.

4. Að undanskildum mótaðilum sem talið er að hafi sértæka fylgniáhættu, sem falla undir gildissvið 4. og 5. mgr. 291. gr. skulu stofnanir reikna áhættuskuldbindingarvirði sem margfeldi alfa (α) sinnum virk EPE sem hér segir:

$$\textit{Áhættuskuldbindingarvirði} = \alpha \cdot \textit{virk EPE}$$

þar sem:

α = 1.4, unless competent authorities require a higher α or permit institutions to use their own estimates in accordance with paragraph 9;

virk EPE skal reiknuð með því að meta vænta áhættuskuldbindingu (EEt) sem meðaláhættu á ákveðnum degi í framtíðinni t, þar sem meðaltal er tekið af mögulegu framtíðarvirði viðkomandi þátta markaðsáhættu.

Líkanið metur vænta áhættu sem röð ákveðinna dagsetninga í framtíðinni, t1, t2, t3 o.s.frv.

5. Virk EE skal reiknuð út endurkvæmt sem:

$$Virk\ EE_{tk} = max\ \{Virk\ EE_{tk-1}, EE_{tk}\}$$

þar sem:

gildandi dagsetning er merkt sem t_0,

Virk EE_{t0} jafngildir gildandi áhættu.

6. Virk EPE er meðaltal virkrar EE á fyrsta ári framtíðaráhættuskuldbindingar. Ef allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins hafa líftíma skemmri en eitt ár skal vænt jákvæð áhætta vera meðaltal væntrar áhættu þar til allir samningar innan skuldajöfnunarsafnsins falla í gjalddaga. Virk EPE skal reiknuð sem vegið meðaltal virkrar EE:

$$Virk\ EPE = \frac{1}{min\{1\ ár, líftími\}} \cdot \sum_{k=1}^{min\ \{1\ ár, líftími\}} Virk\ EE_{tk} \cdot \Delta\ t_k$$

þar sem vogirnar $\Delta t_k = t_k - t_{k-1}$ gera ráð fyrir tilvikum þar sem framtíðaráhættuskuldbinding er reiknuð á dögum sem ekki eru með jöfnu millibili.

7. Stofnanir skulu reikna vænta áhættuskuldbindingu eða hámarksáhættuskuldbindingu á grundvelli dreifingar áhættuskuldbindinga sem gerir ráð fyrir þeim möguleika að áhættuskuldbindingar séu ekki normaldreifðar.

8. Stofnun er heimilt að nota aðferð fyrir dreifingu sem er reiknuð með líkaninu sem er varfærnari en α margfaldað með virkri EPE samkvæmt jöfnunni í 4. mgr. fyrir hvern mótaðila.

9. Þrátt fyrir 4. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að nota eigið mat á alfa þar sem:

a) alfa skal jafngilda hlutfalli innri fjár út frá fullri hermun áhættuskuldbindinga vegna allra mótaðila (teljari) og innri fjár byggðu á EPE (nefnari),

b) í nefnaranum skal vænt jákvæð áhætta notuð sem væri hún föst útistandandi fjárhæð.

Þegar alfa er metið í samræmi við þessa málsgrein skal það ekki vera lægra en 1,2.

10. Til þess að meta alfa skv. 9. mgr. skal stofnun tryggja að teljari og nefnari séu reiknuð á samræmdan máta með tilliti til aðferða við líkanasmíði, lýsinga á breytum og samsetningar verðbréfasafns. Aðferðin sem er notuð til að meta α skal byggð á aðferð stofnunarinnar í tengslum við innra fé, vera vel skjalfest og með fyrirvara um sjálfstæða sannreyningu. Að auki skal stofnun endurskoða mat sitt á alfa a.m.k. ársfjórðungslega og oftar þegar samsetning verðbréfasafnsins er breytileg eftir tímabilum. Stofnun skal einnig meta líkansáhættuna.

11. Stofnun skal sýna fram á, með fullnægjandi hætti að mati innlendra yfirvalda, að innra mat þeirra á alfa endurspegli í teljara mikilvægar orsakir fylgni í dreifingu markaðsvirðis viðskipta eða verðbréfasafna viðskipta mismunandi mótaðila. Innra mat á alfa skal taka mið af sundurgreinanleika verðbréfasafna.

12. Við eftirlit með notkun á mati skv. 9. mgr. skulu lögbær yfirvöld taka tillit til verulegra breytinga á mati á alfa sem leiðir mögulega af rangri greiningu á líkönum sem eru notuð fyrir teljara einkum ef um er að ræða íhvolfun.

13. Ef við á skal flökt og fylgni markaðsáhættuþátta sem notað er í sameiginlegri smíði líkana á markaðs- og lánsáhættu vera skilyrt við útlánaáhættuþætti til að endurspegla mögulega aukningu á flökti eða fylgni við niðursveiflu í hagkerfinu.

285. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði fyrir skuldajöfnunarsöfn sem falla undir samkomulag um tryggingarfé

1. Ef skuldajöfnunarsafnið er háð samkomulagi um tryggingarfé og daglegu mati á markaðsvirði skal stofnun reikna virka EPE eins og sett er fram í þessari málsgrein. Ef líkanið endurspeglar áhrif tryggingarfjár við mat á væntri áhættuskuldbindingu, er stofnun heimilt að nota vænta áhættuskuldbindingu samkvæmt líkaninu beint í jöfnuna í 5. mgr. 284. gr., með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu veita slíka heimild ef þau sannreyna að líkanið endurspeglar á tilhlýðilegan hátt áhrif endurtryggingarfjár við mat á væntri áhættuskuldbindingu. Stofnun sem hefur ekki fengið slíkt leyfi skal beita eftirfarandi ráðstöfunum fyrir virkar EPE:

a) virka EPE, án tillits til mögulegra trygginga sem haldið er eða lagðar eru fram sem tryggingafé, að viðbættri hvers konar tryggingu sem lögð hefur verið fram gagnvart mótaðila óháð daglegu mati og ákvörðun um tryggingarfé eða gildandi áhættuskuldbindingu,

b) viðbót, sem endurspeglar hugsanlega aukningu áhættuskuldbindingar á áhættutímabili tryggingarfjárins að viðbættu því sem hærra er af:

   i. gildandi áhættuskuldbindingu, að meðtöldum öllum tryggingum sem haldið er eða lagðar hafa verið fram, aðrar en þær tryggingar sem kallað er eftir eða sem ágreiningur er um,

   ii. stærstu hreinni áhættuskuldbindingu, þ.m.t. trygging samkvæmt samkomulagi um tryggingarfé sem myndi ekki leiða af sér að kallað væri eftir tryggingu. Þessi fjárhæð skal endurspegla allar gildandi viðmiðunarfjárhæðir, lágmarksfjárhæðir millifærslu, óháðar fjárhæðir og upphaflegt tryggingarfé samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé.

Að því er varðar b-lið skulu stofnanir reikna viðbótina sem vænta jákvæða breytingu á daglegum útreikningum á virði viðskiptanna á áhættutímabili tryggingarfjár. Breytingar á virði tryggingar skulu metnar með því að beita eftirlitsaðferð við jöfnun flökts, í samræmi við 4. kafla 4. þáttar eða aðferð eigin mats á jöfnun flökts, samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga, en ekki skal gera ráð fyrir neinum greiðslum trygginga á áhættutímabili tryggingarfjár. Áhættutímabil tryggingarfjár fellur undir lágmarkstímabilin sem sett eru fram í 2. til 5. mgr.

2. Að því er varðar viðskipti sem eru háð daglegum útreikningum á tryggingarfé og mati á markaðsvirði skal áhættutímabil tryggingarfjár, sem er notað til að smíða líkön af áhættuskuldbindingarvirðinu með tilliti til samkomulags um tryggingarfé, ekki vera styttra en:

a) fimm viðskiptadagar vegna skuldajöfnunarsafna sem samanstanda eingöngu af endurhverfum viðskiptum, lánveitingu eða lántöku vegna verðbréfa eða hrávöru og viðbótarlánveitinga,

b) tíu viðskiptadagar vegna allra annarra skuldajöfnunarsafna.

3. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. skulu vera með fyrirvara um eftirfarandi undanþágur:

a) Fyrir öll skuldajöfnunarsöfn, þar sem fjöldi viðskipta fer yfir 5000 á tilteknum tímapunkti á ársfjórðungi, skal áhættutímabil fyrir næsta ársfjórðung á eftir ekki vera styttra en 20 viðskiptadagar. Þessi undanþága gildir ekki um viðskiptastöður stofnana.

b) Að því er varðar skuldajöfnunarsöfn sem taka til einna eða fleiri viðskipta sem annaðhvort varða óseljanlega tryggingu eða OTC-afleiðu, sem ekki er hægt að skipta út auðveldlega, skal áhættutímabil tryggingarfjár ekki vera styttra en 20 viðskiptadagar.

Stofnun skal ákvarða hvort trygging er óseljanleg eða hvort ekki sé hægt að skipta auðveldlega út OTC-afleiðum við erfiðar markaðsaðstæður, sem einkennast af því að ekki eru að staðaldri fyrir hendi virkir markaðir þar sem mótaðili fengi, innan tveggja daga eða skemur, mismunandi verðskrár sem hefðu ekki áhrif á markaðinn eða samsvaraði verði sem endurspeglaði undirverð (þegar um er að ræða tryggingu) eða yfirverð (þegar um er að ræða OTC-afleiðu).

Stofnun skal meta hvort viðskipti eða verðbréf sem hún hefur til tryggingar eru samþjöppuð hjá tilteknum mótaðila og hvort stofnunin gæti skipt á þessum viðskiptum eða verðbréfum ef þessi mótaðili fer skyndilega af markaðinum.

4. Ef stofnun hefur átt aðild að fleiri deilumálum en einum vegna veðkalla í tengslum við tiltekið skuldjöfnunarsafn á tveimur næstliðnu ársfjórðungum, sem hafa varað lengur en yfirstandandi áhættutímabil tryggingarfjár, skv. 2. og 3. mgr., skal stofnunin nota áhættutímabil tryggingarfjár sem er a.m.k. tvisvar sinnum lengra en tímabilið sem tilgreint er í 2. og 3. mgr. fyrir það skuldajöfnunarsafn á næstu tveimur ársfjórðungum þar á eftir.

5. Að því er varðar endurmat með N daga millibili skal áhættutímabil tryggingarfjár vera að minnsta kosti jafnlangt og tímabilið, sem tilgreint er í 2. og 3. Mgr., F, að viðbættum N dögum að frádregnum einum degi. Þ.e:

$$\textit{áhættutímabil trygginagjár} = F + N - 1$$

6. Ef eigið líkan nær yfir áhrif tryggingarfjár á breytingar á markaðsvirði skuldajöfnunarsafns skal stofnunin reikna tryggingu, aðra en reiðufé í sama gjaldmiðli, sem sjálfa áhættuskuldbindinguna, ásamt áhættuskuldbindingunni í útreikningum sínum á áhættuskuldbindingarvirði vegna OTC-afleiða og fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

7. Ef stofnunin getur ekki reiknað tryggingu með áhættuskuldbindingunni skal hún, við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði vegna OTC-afleiða og fjármögnunarviðskipta með verðbréf, ekki taka tillit til áhrifa tryggинga, fyrir utan reiðufé í sama gjaldmiðli og sjálf áhættuskuldbindingin, nema hún noti annaðhvort jöfnun flökts sem uppfyllir skilyrði fyrir heildaraðferð fjárhagslegra tryggинga ásamt eigin mati á jöfnun flökts eða jöfnun flökts samkvæmt eftirlitsaðferð í samræmi við 4. kafla.

8. Stofnun, sem notar eiginlíkansaðferðina, skal í útreikningi sínum ekki taka mið af áhrifum af lækkun áhættuskuldbindingarvirðis sem leiðir af ákvæði í tryggingarsamningi þar sem gerð er krafa um að trygging sé fengin ef lánshæfi mótaðila rýrnar.

286. gr.

Stjórnun útlánaáhættu mótaðila - stjórnunarstefnur, aðferðir og kerfi

1. Stofnun skal koma á fót og viðhalda stjórnunarramma fyrir útlánaáhættu mótaðila sem samanstendur af:

a) Stjórnunarstefnum, aðferðum og kerfum til að tryggja auðkenningu, mat, stjórnun, samþykki og innri skýrslugerð vegna útlánaáhættu mótaðila.

b) Málsmeðferðarreglum til að tryggja að farið sé að þessum stjórnunarstefnum, aðferðum og kerfum.

Þessar stjórnunarstefnur, aðferðir og kerfi skulu vera skilvirk og þeim beitt af heilindum og vera skjalfest. Skjalahald skal ná yfir útskýringar á aðferðum við athuganir, sem byggjast á reynslu, sem eru notaðar til að mæla útlánaáhættu mótaðila.

2. Stjórnunarrammi vegna útlánaáhættu mótaðila, sem gerð er krafa um í 1. mgr., skal taka tillit til markaðs- og seljanleikaáhættu, lagalegrar áhættu og rekstraráhættu sem hægt er að tengja við útlánaáhættu mótaðila. Einkum skal þessi rammi tryggja að stofnunin fari að eftirfarandi meginreglum:

a) hún skal ekki hefja viðskipti við mótaðila án þess að meta lánstraust hans,

b) hún skal taka tilhlýðilegt tillit til útlánaáhættu við og fyrir uppgjör,

c) hún skal stjórna þessum áhættum eins vel og við verður komið á stigi mótaðilans með því að leggja saman áhættuskuldbindingar vegna mótaðila og aðra lánaáhættu sem og með tilliti til fyrirtækisins í heild.

3. Stofnun, sem notar eiginlíkansaðferðina, skal sýna opinberum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að stjórnunarrammi vegna útlánaáhættu mótaðila taki mið af lausafjáráhættu í tengslum við alla eftirfarandi þætti:

a) hugsanleg innkomin veðköll í tengslum við breytingar á síðari kröfum um tryggingarfé eða öðrum gerðum tryggingarfjár, s.s. upphaflegu tryggingafé eða sjálfstæðu tryggingafé (e. *independent margin*), verði markaðurinn fyrir verulegum áföllum,

b) hugsanlegar innkomnar kröfur um að skila aftur umframtryggingu sem mótaðilar hafa lagt fram,

c) kröfur sem leiðir af mögulegri lækkun á eigin ytra mati hennar á lánshæfi.

Stofnun skal sjá til þess að eðli og tímabil endurnotkunar á tryggingu séu í samræmi við lausafjárþörf hennar og tefli ekki í tvísýnu getu hennar til þess að leggja fram eða skila aftur tryggingu án tafar.

4. Stjórn og framkvæmdastjórn stofnunar skulu eiga virka aðild í og sjá til þess að fullnægjandi fjármagni sé veitt til stjórnunar á útlánaáhættu mótaðila. Framkvæmdastjórn skal með formlegum hætti komast að raun um takmarkanir og forsendur líkansins sem er notað og þeim áhrifum sem þær geta haft á áreiðanleika niðurstöðunnar. Framkvæmdastjórn skal einnig gera sér ljósa óvissuna í markaðsumhverfi og rekstrarþáttum og skilja hvernig hún endurspeglast í líkaninu.

5. Daglegar skýrslur, sem eru teknar saman um áhættuskuldbindingar stofnunar vegna útlánaáhættu mótaðila, skulu endurskoðaðar í samræmi við b-lið 2. mgr. 287. gr. á vettvangi nægilega háttsettra stjórnenda sem hafa bæði umboð til þess að lækka stöður sem einstakir lánastjórar eða víxlarar taka og draga úr heildaráhættuskuldbindingu stofnunarinnar vegna mótaðila.

6. Stjórnunarrammi stofnunar vegna útlánaáhættu mótaðila, sem komið er á í samræmi við 1. mgr., skal notaður í tengslum við innri útlána- og viðskiptatakmarkanir. Útlána- og viðskiptatakmarkanir skulu því tengjast áhættumatslíkani stofnunarinnar á þann hátt sem er stöðugur yfir lengra tímabil og vel skiljanlegur lánastjórnendum, víxlurum og framkvæmdastjórn. Stofnanir skulu hafa yfir að ráða formlegu ferli til þess að tilkynna brot á áhættutakmörkunum á viðeignandi stjórnunarstigi.

7. Mat stofnunar á útlánaáhættu mótaðila skal fela í sér mat á daglegri notkun lánalína og notkun þeirra innan dagsins. Stofnunin skal mæla gildandi áhættu bæði með og án tillits til trygginga. Stofnunin skal reikna út og fylgjast með hámarksáhættu eða mögulegri framtíðaráhættuskuldbindingu á stigi verðbréfasafns og mótaðila, með öryggisbili sem stofnunin kýs. Stofnunin skal taka til greina stórar eða samþjappaðar stöður, þ.m.t. eftir hópum tengdra mótaðila, atvinnugreinum og mörkuðum.

8. Stofnun skal koma á og viðhalda venjubundnu og ströngu álagsprófanakerfi. Framkvæmdastjórn skal endurskoða niðurstöður álagsprófana reglulega, og a.m.k. ársfjórðungslega, og skulu þær endurspeglast í stefnumiðum og takmörkunum vegna útlánaáhættu mótaðila sem stjórnin eða framkvæmdastjórn setur. Þar sem álagsprófanir leiða í ljós sérstakt varnarleysi gagnvart tilteknum aðstæðum, skal stofnunin grípa til skjótra ráðstafana til að stjórna þessari áhættu.

287. gr.

Stjórnskipulag við stjórnun útlánaáhættu mótaðila

1. Stofnun, sem notar eiginlíkansaðferðina, skal koma á og viðhalda:

a) áhættueftirlitsdeild sem er í samræmi við 2. mgr.,

b) tryggingastjórnunardeild í samræmi við 3. mgr.

2. Áhættueftirlitsdeildin skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd á stjórnun útlánaáhættu mótaðila, þ.m.t. upphaflegri og áframhaldandi sannreyningu líkansins og skal annast eftirfarandi aðgerðir og uppfylla eftirtaldar kröfur:

a) Hún skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd á CCR stjórnunarkerfi stofnunarinnar.

b) Hún skal leggja fram og greina daglegar skýrslur um niðurstöður samkvæmt áhættumatslíkani stofnunarinnar. Slík greining skal fela í sér mat á tengslunum milli mælistærða fyrir áhættuskuldbindingar vegna mótaðila og viðskiptatakmarkanir.

c) Hún skal hafa eftirlit með traustleika ílagsgagna og leggja fram og greina skýrslur um niðurstöður samkvæmt áhættumatslíkani stofnunarinnar, þ.m.t. mat á tengslum milli mælikvarða áhættugrunns og láns- og viðskiptatakmarkana.

d) Hún skal vera óháð deildum sem bera ábyrg á að hefja, endurskoða eða stunda viðskipti með áhættuskuldbindingar og laus við ótilhlýðileg áhrif.

e) Hún skal hafa nægilegu starfsliði á að skipa.

f) Hún skal heyra beint undir framkvæmdastjórn stofnunarinnar.

g) Vinna hennar skal vera nátengd daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar.

h) Framlegð hennar skal vera óaðskiljanlegur hluti skipulags, eftirlits- og stjórnunarferlis með útlána- og heildaráhættusniði stofnunarinnar.

3. Tryggingastjórnunardeildin skal annast eftirfarandi störf og verkefni:

a) útreikning og umsjón með veðköllum, meðferð deilumála vegna veðkalla og ítarlega daglega skýrslugjöf um óháðar fjárhæðir, upphaflegt tryggingarfé og síðari kröfur um tryggingarfé,

b) eftirlit með áreiðanleika gagna sem notuð eru vegna veðkalla og tryggja að þau séu samræmd og reglulega borin saman við viðeigandi gagnaheimildir hjá stofnuninni,

c) skráningu á því að hve miklu leyti tryggingar eru endurnotaðar og allar breytingar á réttindum stofnunarinnar á tryggingum eða í tengslum við tryggingar sem hún reiðir fram,

d) skýrslugjöf til rétts stjórnunarstigs vegna þeirra tegunda eignaveða sem eru endurnotuð og skilyrðum fyrir slíkri endurnotkun, þ.m.t. viðkomandi gerningi, lánshæfi og líftíma,

e) eftirlit með samþjöppun einstakra tegunda eignaveða sem stofnunin samþykkir,

f) reglulega upplýsingagjöf til framkvæmdastjórnar, a.m.k. á þriggja mánaða fresti, um stjórnun trygginga, þ.m.t. þær tryggingar sem tekið er á móti og lagðar eru fram, sem og um umfang deilumála vegna veðkalla hversu lengi þau hafa staðið yfir og ástæður fyrir þeim. Innri gagnaskil skulu einnig endurspegla þróun þessara talna.

4. Framkvæmdastjórn skal veita nægu fjármagni til tryggingastjórnunardeildarinnar, sbr. b-lið 1. mgr., til að tryggja að kerfi hennar nái fullnægjandi rekstrarframmistöðu, sem mælist með tímanlegum og nákvæmum veðköllum stofnunarinnar og skjótum viðbrögðum stofnunarinnar við veðköllum mótaðila. Framkvæmdastjórn skal sjá til þess að deildin hafi yfir nægu starfsliði að ráða til að meðhöndla veðköll og ágreining á skjótan hátt, jafnvel þegar alvarleg kreppa er á markaði, og til að gera stofnuninni kleift að takmarka fjölda stórra ágreiningsmála sem orsakast af umfangi viðskipta.

288. gr.

Úttekt á stjórnunarkerfi fyrir útlánaáhættu mótaðila

Stofnun skal framkvæma sjálfstæða úttekt á stjórnunarkerfi sínu fyrir útlánaáhættu mótaðila með reglulegu millibili í ferli innri endurskoðunar. Þessi úttekt skal taka bæði til starfsemi eftirlitsdeildarinnar og tryggingastjórnunardeildarinnar sem um getur í 287. gr. og skal a.m.k. beinast að eftirfarandi atriðum:

a) fullnægjandi skráningu gagna um stjórnunarkerfi og ferli fyrir útlánaáhættu mótaðila, sem um getur í 286. gr.,

b) skipulagi eftirlitsdeildar fyrir útlánaáhættu mótaðila sem um getur í a-lið 1. mgr. 287. gr.,

c) skipulagi tryggingstjórnunardeildarinnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 287. gr.,

d) samþættingu mælikvarða fyrir útlánaáhættu mótaðila við daglega áhættustýringu,

e) samþykktarferli fyrir áhættuverðlagningarlíkön og matskerfi sem eru notuð bæði í framlínudeildum og bakvinnslu,

f) sannreyningu marktækra breytinga í matsferlinu fyrir útlánaáhættu mótaðila,

g) því að hve miklu leyti áhættumatslíkanið greinir útlánaáhættu mótaðila,

h) traustleika upplýsingakerfis fyrir stjórnendur,

i) áreiðanleika og heilleika gagna um útlánaáhættu mótaðila,

j) því að hve miklu leyti tekið er mið af lagaskilmálum í tryggingar- og skuldajöfnunarsamningum við mat á áhættuskuldbindingarvirði,

k) sannprófun á samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika gagnaheimilda, sem notaðar eru til að keyra líkön, þ.m.t. óhæði slíkra gagnaheimilda,

l) því hversu nákvæmar og viðeigandi forsendur um flökt og fylgni eru,

m) áreiðanleika útreikninga á mati og umbreytingu áhættu,

n) sannprófun á nákvæmni líkansins með tíðum afturvirkum prófunum eins og sett er fram í b- til e-lið í 1. mgr. 293. gr.,

o) því að hve miklu leyti deildirnar sem annast eftirlit með útlánaáhættu mótaðila og stjórnun trygginga hlíta reglufestum kröfum.

289. gr.

Notkunarpróf

1. Stofnanir skulu sjá til þess að dreifing áhættuskuldbindinga sem reiknuð er með líkaninu sem notað er til að reikna virka EPE sé nátengd daglegu stjórnunarferli stofnunarinnar fyrir útlánaáhættu mótaðila og að niðurstaða líkansins sé tekin til greina í ferlinu við lánssamþykki, stjórnun útlánaáhættu mótaðila, dreifingu innra fjármagns og stjórnarhætti stofnunarinnar.

2. Stofnunin skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að hún hafi í a.m.k. eitt ár fyrir samþykki lögbærra yfirvalda til að nota eiginlíkansaðferðina, sbr. 283. gr., notað líkan til að reikna út dreifingu áhættuskuldbindinga, sem útreikningar væntrar jákvæðrar áhættu byggja á, og að líkanið uppfylli í stórum dráttum kröfurnar sem eru settar fram í þessum þætti.

3. Líkanið sem notað er til að reikna dreifingu áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu mótaðila skal vera hluti af stjórnunarramma fyrir útlánaáhættu mótaðila sem kveðið er á um í 286. gr. Þessi rammi skal ná yfir mat á notkun lánalína, með því að leggja saman áhættuskuldbindingar vegna mótaðila og aðrar lánaáhættur, og dreifingu innra fjármagns.

4. Til viðbótar við væntа jákvæða áhættu skal stofnun mæla og stjórna gildandi áhættuskuldbindingum. Stofnunin skal mæla gildandi áhættuskuldbindingu bæði með og án tillits til trygginga, eftir því sem við á. Notkunarprófið er fullnægjandi ef stofnun mælir útlánaáhættu mótaðila með öðrum hætti, s.s. hámarksáhættu á grundvelli dreifingar áhættuskuldbindinga sem reiknuð er með sama líkani og notað er til að reikna út væntа jákvæða áhættu.

5. Stofnun skal hafa kerfisgetu til að áætla væntа áhættu daglega ef nauðsyn krefur nema hún sýni lögbærum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að áhættuskuldbindingar hennar vegna útlánaáhættu mótaðila réttlæti fátíðari útreikninga. Stofnunin skal áætla væntа áhættu í samræmi við tímapunkta á tímasniði spátímabila sem endurspeglar framtíðarsjóðstreymi og líftíma samninganna á viðunandi hátt og á þann hátt sem er í samræmi við mikilvægi og samsetningu áhættuskuldbindinganna.

6. Mæla skal áhættu, fylgjast með henni og stýra á gildistíma allra samninga í skuldajöfnunarsafninu og ekki einungis á fyrsta árinu. Stofnunin skal búa yfir verklagsreglum til að auðkenna og stjórna áhættum vegna mótaðila þar sem áhættuskuldbindingin fer fram yfir eins árs spátímabil. Spáð hækkun áhættuskuldbindingar skal færð í líkanið sem stofnunin notar til að ákvarða innra fé.

290. gr.

Álagsprófanir

1. Stofnun skal hafa heildstæða álagsprófanaáætlun vegna útlánaáhættu mótaðila, sem einnig er notuð til að meta kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna útlánaáhættu mótaðila, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 10. mgr.

2. Hún skal gera kleift að greina hugsanlega atburði eða framtíðarbreytingar á efnahagsaðstæðum sem gætu haft óæskileg áhrif á lánaáhættur stofnunar og mat á getu stofnunarinnar til að takast á við slíkar breytingar.

3. Álagsmatið, samkvæmt áætluninni, skal borið saman við áhættumörk og stofnunin skal líta á það sem hluta af ferlinu sem er sett fram í 81. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

4. Áætlunin skal gefa heildstæða mynd af viðskiptum og sameina áhættuskuldbindingar fyrir allar tegundir útlánaáhættu mótaðila í tengslum við tiltekna mótaðila innan hæfilegra tímamarka sem gera kleift að framkvæma álagsprófun reglubundið.

5. Í henni skal gera ráð fyrir að álagsprófun vegna áhættuskuldbindinga sé framkvæmd, a.m.k. einu sinni í mánuði, á helstu þáttum markaðsáhættu, s.s. vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfum, áhættuálagi og hrávöruverði, vegna allra mótaðila stofnunarinnar til að greina og gera stofnuninni kleift, ef þörf er á, að draga úr mikilli samþjöppun í tilgreindum stefnutengdum áhættum (e. *directional risks*). Álagsprófun vegna áhættuskuldbindingar, þ.m.t. einn þáttur áhættuskuldbindingar, margir þættir og veruleg áhættuskuldbinding sem ekki tengist stefnu, og sameiginleg álagsprófun á áhættuskuldbindingu og lánstrausti skal framkvæmd vegna staks mótaðila, hópa mótaðila og samanlagðrar útlánaáhættu mótaðila innan stofnunar.

6. Hún skal a.m.k. ársfjórðungslega nota margþátta sviðsmyndir álagsprófunar og meta verulegar áhættur, sem ekki tengist stefnu, þ.m.t. áhættu vegna ávöxtunarferils og grundvallaráhættur (e. *basis risks*). Margþátta álagspróf skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi sviðsmyndir þar sem eftirfarandi kemur fyrir:

a) verulegir efnahagslegir erfiðleikar eða alvarlegir atburðir á markaði,

b) lausafjárstaða markaða hefur almennt séð versnað verulega,

c) stór fjármálamilliliður innleysir stöður.

7. Það hversu áfall undirliggjandi áhættuþátta er alvarlegt skal vera í samræmi við markmið álagsprófsins. Við mat á gjaldþoli undir álagi skal áfall undirliggjandi áhættuþátta vera nógu alvarlegt til þess að ná yfir sögulega óvenjuleg markaðsumhverfi og óvenjulegar en trúverðugar erfiðar markaðsaðstæður. Álagspróf skulu meta áhrif slíkra áfalla á eiginfjárgrunn, kröfur vegna eiginfjárgrunns og tekjur. Að því er varðar daglega vöktun eignasafnsins, áhættuvörn og stjórnun á samþjöppun skal prófunaráætlunin einnig taka mið af sviðsmyndum sem eru ekki jafn alvarlegar og sennilegri.

8. Áætlunin skal fela í sér ákvæði, eftir því sem við á, um öfug álagspróf til að greina óvenjulegar en trúverðugar sviðsmyndir sem gætu leitt til verulega neikvæðra niðurstaðna. Í öfugum álagsprófum skal taka mið af áhrifum verulegra frávika frá línuleika í eignasafninu.

9. Framkvæmdastjórninni skal reglubundið, a.m.k. ársfjórðungslega, gerð grein fyrir niðurstöðum álagsprófunar samkvæmt áætluninni. Skýrslur og greiningar á niðurstöðunum skulu ná yfir stærstu áhrif á stigi mótaðila í öllu eignasafninu, mikilvæga samþjöppun innan hluta eignasafnsins (í sama iðnaði eða svæði) og þróun sem einkennir viðkomandi eignasafn og mótaðila.

10. Framkvæmdastjórnin skal gegna forystuhlutverki við að fella álagsprófunina inn í áhættustýringarramma og áhættumenningu stofnunarinnar og sjá til þess að niðurstöður séu þýðingarmiklar og notaðar til að stjórna útlánaáhættu mótaðila. Niðurstöður álagsprófunar vegna umtalsverðra áhættuskuldbindinga skulu metnar á grundvelli viðmiðunarreglna sem veita vísbendingu um áhættusækni stofnunarinnar og lagðar eru fram fyrir framkvæmdastjórnina til umfjöllunar og meðferðar þegar óhófleg eða samþjöppuð áhætta greinist.

291. gr.

Fylgniáhætta

1. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

a) „almenn fylgniáhætta“: verður til þegar líkur á vanefndum mótaðila eru tengdar á jákvæðan hátt við almenna þætti markaðsáhættu,

b) „sértæk fylgniáhætta“: verður til þegar framtíðaráhættuskuldbinding vegna ákveðins mótaðila hefur jákvæða fylgni við líkur á vanefndum mótaðilans vegna eðlis viðskipta við mótaðilann. Stofnun skal teljast óvarin fyrir sértækri fylgniáhættu ef talið er að framtíðaráhættuskuldbinding vegna ákveðins mótaðila verði mikil þegar líkur á vanefndum mótaðila eru einnig miklar.

2. Stofnun skal taka tilhlýðilegt tillit til áhættuskuldbindinga sem leiða til verulegrar sértækrar og almennrar fylgniáhættu.

3. Til þess að greina almenna fylgniáhættu skal stofnun móta álagsprófun og sviðsmyndagreiningu sem sýna greinilega þá áhættuþætti sem tengjast á neikvæðan hátt lánstrausti mótaðila. Slík prófun skal taka mið af alvarlegum áföllum sem geta orðið ef tengsl milli áhættuþátta hafa breyst. Stofnun skal hafa eftirlit með almennri fylgniáhættu eftir vöru, svæði, atvinnugrein eða öðrum flokkum sem skipta máli fyrir viðskipti hennar.

4. Stofnun skal viðhalda verklagsreglum til að greina, hafa eftirlit með og stjórna tilvikum sértækrar fylgniáhættu fyrir hvern lögaðila sem hefst við upphaf viðskipta og heldur áfram á líftíma viðskiptanna.

5. Stofnanir skulu reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu mótaðila í tengslum við viðskipti, þar sem sértæk fylgniáhætta hefur verið greind, og þar sem fyrir hendi eru lagaleg tengsl milli mótaðila og útgefanda þess sem er undirliggjandi OTC-afleiðunni eða þess sem er undirliggjandi í viðskiptunum, sem um getur í b-, c- og d-lið 2. mgr. 273. gr. í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) gerningar þar sem sértæk fylgniáhætta er fyrir hendi skulu ekki felldir inn í sama skuldajöfnunarsafn og önnur viðskipti mótaðila og fara skal með þá sem aðskilið skuldajöfnunarsafn,

b) innan slíkra aðskilinna skuldajöfnunarsafna samsvarar áhættuskuldbindingarvirðið fyrir skuldatryggingu gagnvart einum aðila öllu væntu tapi á virði þess sem eftir er af gangvirði undirliggjandi gerninga sem byggist á þeirri forsendu að undirliggjandi útgefandi sé í skiptameðferð,

c) tap að gefnum vanefndum fyrir stofnun sem notar aðferðina, sem sett er fram í 3. kafla, skal vera 100% fyrir slík skiptiviðskipti,

d) gildandi áhættuvirði fyrir stofnun, sem notar aðferðina, sem sett er fram í 2. kafla, skal vera hið sama og ótryggðra viðskipta,

e) að því er varðar öll önnur viðskipti sem varða einn aðila í hvers konar slíku aðskildu skuldajöfnunarsafni skal útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði vera í samræmi við forsenduna um skyndilega vanskilaáhættu (e. *jump-to-default*) þessara undirliggjandi skuldbindinga þar sem útgefandi er lagalega tengdur mótaðilanum. Fyrir viðskipti sem varða körfu nafna eða vísitölu skal nota skyndilega vanskilaáhættu vegna viðkomandi undirliggjandi skuldbindinga þegar útgefandinn er lagalega tengdur mótaðilanum ef áhættan er verulega mikil,

f) að því marki að notaður sé gildandi útreikningur á markaðsáhættu fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna aukinnar vanskila- og tilfærsluáhættu, eins og sett er fram í 4. þætti 5. kafla í IV. bálki, sem þegar inniheldur forsendu um tap að gefnum vanefndum, skal tapið að gefnum vanefndum í reiknireglunni sem notuð er vera 100%.

6. Stofnanir skulu láta framkvæmdastjórn og viðeigandi nefnd stjórnarinnar í té reglulegar skýrslur bæði um sértæku og almennu fylgniáhættuna og þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að stýra þessari áhættu.

292. gr.

Heilleiki líkanagerðarinnar

1. Stofnun skal tryggja heilleika líkanagerðarinnar, sem sett er fram í 284. gr., með því að samþykkja a.m.k. eftirfarandi ráðstafanir:

a) líkanið skal endurspegla skilmála og lýsingu viðskipta á tímanlegan, alhliða og varkáran máta,

b) þessi skilyrði skulu fela í sér a.m.k. grundvallarfjárhæðir í samningi, líftíma, viðmiðunareignir, samkomulag um tryggingarfé og skuldajöfnunarsamninga,

c) þessir skilmálar og lýsingar skulu geymd í gagnagrunni sem gerð er formleg úttekt á með reglubundnum hætti,

d) ferli fyrir viðurkenningu á skuldajöfnunarfyrirkomulagi sem útheimtir umsagnir frá löglærðu starfsfólki til að sannreyna að skuldajöfnun eftir þessu fyrirkomulagi sé framfylgjanlegt samkvæmt lögum,

e) óháð eining, skal færa sannprófunina, sem gerð er krafa um í d-lið, inn í gagnagrunninn sem um getur í c-lið,

f) innri endurskoðun skal fara fram á flutningi gagna, sem varða skilmála og lýsingu viðskipta, yfir til líkansins fyrir vænta jákvæða áhættu,

g) fyrir hendi skal vera formlegt afstemmingarferli milli líkansins og gagnaheimildakerfa til að sannreyna stöðugt að skilmálar og lýsingar viðskipta endurspeglist rétt, eða a.m.k. varfærnislega, í væntri jákvæðri áhættu.

2. Nota skal gildandi markaðsupplýsingar til að reikna út gildandi áhættuskuldbindingar. Stofnun getur kvarðað líkan sitt fyrir vænta jákvæða áhættu með því að nota annaðhvort eldri markaðsgögn eða undirskilin markaðsgögn til þess að búa til breytur yfir undirliggjandi tilviljunarkennd ferli á borð við skrið, flökt og fylgni. Ef stofnun notar eldri gögn skal hún nota gögn sem ná yfir a.m.k. þriggja ára tímabil. Uppfæra skal gögn a.m.k. ársfjórðungslega, eða oftar ef þörf er á, til þess að endurspegla markaðsaðstæður.

Til þess að reikna virka EPE, þar sem notuð er álagskvörðun, skal stofnun kvarða virka EPE með því að nota annaðhvort gögn sem ná yfir þrjú ár, sem taka til álagstímabils vegna vanskilaáhættuálags mótaðila hennar eða óbein markaðsgögn frá slíku álagstímabili.

Stofnanir skulu í þessu skyni taka mið af kröfunum í 3., 4. og 5. mgr.

3. Stofnun skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti, a.m.k. ársfjórðungslega, að álagstímabilið, sem notað var við útreikningana samkvæmt þessari málsgrein, svari til tímabils þar sem fram kemur hækkuð skuldatrygging eða annað áhættuálag (s.s. lán eða fyrirtækjaskuldabréf) fyrir dæmigert úrval mótaðila með áhættuálag sem viðskipti eru höfð með. Hafi stofnun ekki undir höndum fullnægjandi gögn um áhættuálag vegna mótaðila skal hún eigna honum sérstök áhættuálagsgögn sem grundvölluð eru á svæðum, innra mati og tegund viðskipta.

4. Líkan væntrar jákvæðrar áhættu vegna allra mótaðila skal nota gögn, annaðhvort söguleg eða afleidd, sem ná yfir gögn frá áhættuálagstímabili og skal nota slík gögn á þann hátt sem er í samræmi við aðferðina sem notuð er til að kvarða líkan væntrar jákvæðrar áhættu við gildandi gögn.

5. Til þess að meta skilvirkni álagskvörðunar fyrir virka vænta jákvæða áhættu skal stofnunin mynda nokkur viðmiðunareignasöfn sem eru viðkvæm fyrir helstu áhættuþáttum sem stofnunin stendur frammi fyrir. Áhættuskuldbinding vegna þessara viðmiðunareignasafna skal reiknuð með því að nota a) álagsaðferð sem byggist á gildandi markaðsvirði og líkanabreytur sem eru kvarðaðar með hliðsjón af erfiðum markaðsaðstæðum og b) áhættuskuldbindingar sem myndast á álagstíma, en með því að nota aðferðina sem sett er fram í þessum þætti (markaðsvirði í lok álagstíma, flökt og fylgni frá þriggja ára álagstímabilinu).

Lögbær yfirvöld skulu gera kröfu um að stofnun aðlagi álagskvörðun ef áhættuskuldbindingar vegna þessara viðmiðunareignasafna eru verulega frábrugðin hvert öðru.

6. Stofnun skal fella líkanið undir sannreyningarferli, sem skýrt er kveðið á um í stefnum og verklagsreglum hennar. Þetta sannreyningarferli skal:

a) tilgreina þá tegund prófunar sem þörf er á til að tryggja heilleika líkansins og skilgreina við hvaða skilyrði forsendur undirliggjandi líkans eru ekki við hæfi, sem leitt getur til vanmats á væntri jákvæðri áhættu,

b) fela í sér úttekt á því hversu yfirgripsmikið líkanið er.

7. Stofnun skal fylgjast með viðeigandi áhættu og hafa yfir að ráða ferlum til að aðlaga mat sitt á virkri væntri jákvæðri áhættu þegar sú áhætta verður umtalsverð. Til að fara að þessari málsgrein skal stofnunin:

a) bera kennsl á og stjórna áhættuskuldbindingum sínum vegna sértækrar fylgniáhættu sem myndast, eins og tilgreint er í b-lið 1. mgr. 291, og áhættuskuldbindingum vegna almennrar fylgniáhættu sem myndast eins og tilgreint er í a-lið 1. mgr. 291. gr.,

b) að því er varðar áhættuskuldbindingar með áhættusnið sem hækkar eftir eitt ár, reglulega bera mat á viðeigandi virði skuldbindingarinnar yfir eitt ár saman við sama virði áhættuskuldbindingarinnar á líftíma áhættuskuldbindingarinnar,

c) að því er varðar áhættuskuldbindingar með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár, reglulega bera endurnýjunarkostnað (gildandi áhættuskuldbindingu) saman við raunverulegt áhættusnið áhættuskuldbindinga og vista gögn sem gera slíkan samanburð mögulegan.

8. Stofnun skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að áður en viðskipti eru færð í skuldajöfnunarsafn séu þau tryggð með skuldajöfnunarsamningi, sem er framfylgjanlegur samkvæmt lögum, og uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 7. þætti.

9. Stofnun sem notar tryggingu til að milda útlánaáhættu mótaðila skal hafa innri verklagsreglur til að sannreyna að tryggingin uppfylli staðlana um lögfræðilega vissu sem settir eru fram í 4. kafla, áður en áhrif tryggingarinnar eru færðar inn í útreikning hennar.

10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsvenjum á þessu sviði og skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur um beitingu þessarar greinar.

293. gr.

Kröfur um áhættustýringarkerfi

1. Stofnun skal fara að eftirfarandi kröfum:

a) Hún skal uppfylla gæðakröfurnar sem settar eru fram í 5. kafla IV. bálki þriðja hluta.

b) Hún skal með reglubundnum hætti standa fyrir áætlun um afturvirka prófun þar sem áhættuaðgerðir, samkvæmt líkaninu, eru bornar saman við raunverulegar áhættuaðgerðir sem og hugsanlegar breytingar sem byggjast á óbreyttum stöðum við raunverulegar aðgerðir.

c) Hún skal annast upphaflega sannreyningu og áframhaldandi reglubundna endurskoðun á líkani sínu til að reikna áhættuskuldbindingu vegna mótaðila og áhættuaðgerðir sem líkanið reiknar. Sannreyning og endurskoðun skulu vera óháðar þróun líkansins.

d) Stjórnin og framkvæmdastjórnin skulu taka þátt í eftirliti með áhættu og sjá til þess að nægum fjármunum sé varið til eftirlits með útlánaáhættu og útlánaáhættu mótaðila. Í þessu skyni skulu daglegar skýrslur, sem teknar eru saman af óháðri áhættueftirlitsdeild, sem komið er á fót í samræmi við a-lið 1. mgr. 287. gr., endurskoðaðar á vettvangi háttsettra stjórnenda sem hafa nægilegt umboð til þess að bæði lækka stöður sem einstakir víxlarar taka og draga úr áhættuskuldbindingu stofnunarinnar í heild.

e) Innra áhættumatslíkanið fyrir áhættuskuldbindingu skal samþætt daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar.

f) Áhættumatskerfið skal notað í tengslum við innri takmarkanir á viðskiptum og áhættuskuldbindingum. Í þessu tilliti skulu takmarkanir á áhættuskuldbindingu tengjast áhættumatslíkani stofnunarinnar á þann hátt sem er stöðugur yfir lengra tímabil og vel skiljanlegur víxlurum, lánastjórnendum og framkvæmdastjórn.

g) Stofnun skal sjá til þess að áhættustýringarkerfi hennar sé vandlega skráð. Einkum skal hún viðhalda skjalfestu safni innri stefna, stjórntækja og verklagsreglna er varða rekstur áhættumatskerfisins og fyrirkomulag til að tryggja að farið sé að þessum stefnum.

h) Óháð endurskoðun á áhættumatskerfinu skal fara fram með reglulegu millibili í tengslum við innri endurskoðun stofnunarinnar. Þessi endurskoðun skal fela í sér bæði starfsemi viðskiptadeilda og óháðu áhættueftirlitsdeildarinnar. Úttekt á heildaráhættustýringarferlinu skal fara fram með reglulegu millibili (og eigi sjaldnar en einu sinni á ári) og skal fjalla sérstaklega um alla liði sem um getur í 288. gr.

i) Áframhaldandi sannreyning líkana til að reikna útlánaáhættu mótaðila, þ.m.t. afturvirk prófun, skal fara fram reglubundið og vera í höndum stjórnenda sem hafa fullnægjandi heimildir til þess að ákveða til hvers konar aðgerða skuli gripið til lagfæra galla á líkönunum.

2. Lögbær yfirvöld skulu taka mið af því að hve miklu leyti stofnun uppfyllir kröfurnar í 1. mgr. þegar alfastigið er ákveðið eins og sett er fram í 4. mgr. 284. gr. Eingöngu þær stofnanir sem uppfylla þessar kröfur til fulls geta fengið að beita lágmarksmargfeldisstuðlinum.

3. Stofnun skal skjalfesta ferlið fyrir upphaflega og áframhaldandi sannreyningu á mótaðilaáhættulíkani sínu og reikna áhættumat, sem líkanið leiðir í ljós, sundurliðað á þann hátt að þriðja aðila sé gert kleift að endurgera bæði greininguna og áhættumatið. Þessi skjöl skulu hafa að geyma upplýsingar um hversu oft afturvirk prófun fer fram og hugsanlega önnur áframhaldandi sannreyning, hvernig sannreyning fer fram með tilliti til gagnaflæðis og eignasafna og greininga sem eru notaðar.

4. Stofnun skal skilgreina viðmiðin, sem notuð eru til að meta mótaðilaáhættulíkönin og líkön sem leggja til gögn við útreikning á áhættuskuldbindingu, og viðhalda skráðri stefnu sem lýsir ferli þar sem óviðunandi niðurstaða er greind og úrbætur gerðar.

5. Stofnun skal skilgreina hvernig dæmigert eignasafn mótaðila er byggt upp í því skyni að sannreyna mótaðilaáhættulíkanið og áhætturáðstafanir sínar.

6. Við sannreyningu á mótaðilaáhættulíkönum og áhætturáðstöfunum þeirra sem skila spá um dreifingu skal taka mið af fleiri en einni tölfræðilegri athugun á spá um dreifingu.

294. gr.

Kröfur um sannreyningu

1. Stofnun skal sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar og er það liður í upphaflegri og áframhaldandi sannreyningu á mótaðilaáhættulíkani hennar og áhættumati:

a) Stofnunin skal láta fara fram afturvirka prófun með því að nota eldri gögn um hreyfingar á markaðsáhættuþáttum áður en lögbær yfirvöld veita heimild í samræmi við 1. mgr. 283. gr. Í þessari afturvirku prófun skal skoða nokkra tiltekna spátímaramma, sem ná yfir a.m.k. eitt ár, í tengslum við ýmsar gerðir upphafsdagsetninga og sem taka til margs konar markaðsskilyrða.

b) Stofnun, sem notar aðferðina sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 285. gr., skal reglubundið sannreyna líkan sitt til að prófa hvort raunverulegar gildandi áhættuskuldbindingar séu í samræmi við spár fyrir öll tímabil tryggingarfjár á einu ári. Ef einhver viðskipti í skuldajöfnunarsafninu eru með styttri líftíma en eitt ár og skuldajöfnunarsafnið hefur hærra næmi fyrir áhættuþættina án þessara viðskipta skal sannreyningin taka mið af því.

c) Hún skal framkvæma afturvirka prófun á niðurstöðum mótaðilaáhættulíkans síns og viðeigandi áhættumati líkansins sem og spám um markaðsáhættuþætti. Að því er varðar veðtryggð viðskipti skulu spátímarammarnir, sem teknir eru til athugunar, taka til þeirra sem endurspegla dæmigerð áhættutímabil tryggingarfjár sem notuð eru í tengslum við veðtryggð viðskipti eða viðskipti sem samkomulag um tryggingafé gildir um.

d) Ef sannreyning á líkaninu bendir til þess að virk EPE er vanmetin skal stofnunin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að lagfæra galla á líkaninu.

e) Hún skal prófa verðlagningarlíkön, sem eru notuð til að reikna áhættuskuldbindingu vegna mótaðila fyrir ákveðna sviðsmynd um framtíðaráföll í markaðsáhættuþáttum, og skal það vera liður í upphaflegu og áframhaldandi sannreyningarferli. Verðlagningarlíkön fyrir valrétti skulu taka mið af ólínuleika virðis valréttar með tilliti til markaðsáhættuþátta.

f) Mótaðilaáhættulíkanið skal greina upplýsingar um einstök viðskipti sem nauðsynlegar eru til þess að leggja saman áhættuskuldbindingar á stigi skuldajöfnunarsafnsins. Stofnun skal sannreyna að viðskiptunum sé skipað í viðeigandi skuldajöfnunarsafn innan líkansins.

g) Mótaðilaáhættulíkanið skal einnig taka til upplýsinga um einstök viðskipti til að greina áhrif tryggingarfjár. Líkanið skal taka tillit til bæði núgildandi fjárhæða tryggingarfjár og tryggingarfjár sem myndi ganga á milli mótaðila í framtíðinni. Slíkt líkan skal taka til greina tegund samkomulags um tryggingarfé, einhliða eða tvíhliða, tíðni veðkalla, áhættutímabil tryggingarfjár, lágmarksviðmiðunarmörk ótryggðrar áhættuskuldbindingar sem stofnunin tekur gilda, og lágmarksfjárhæð millifærslu. Slíkt líkan skal annaðhvort meta breytingar á markaðsvirði veittrar tryggingar eða beita reglunum sem eru settar fram í 4. kafla.

h) Sannreyningarferlið fyrir líkanið skal ná yfir kyrrstæða, eldri afturvirka prófun á dæmigerðum eignasöfnum mótaðila. Stofnun skal framkvæma slíkar afturvirkar prófanir með reglulegu millibili á nokkrum dæmigerðum eignasöfnum mótaðila, raunverulegum eða áætluðum. Þessi dæmigerðu eignasöfn skulu valin á grundvelli næmi þeirra gagnvart mikilvægum áhættuþáttum og samsetningum áhættuþátta sem stofnunin stendur frammi fyrir.

i) Stofnun skal láta fara fram afturvirka prófun, sem ætlað er að prófa lykilforsendur mótaðilaáhættulíkansins og viðkomandi áhættumat, þ.m.t. útreiknuð tengsl milli sömu áhættuþátta á mismunandi tímabilum og útreiknuð tengsl milli áhættuþátta.

j) Virkni mótaðilaáhættulíkana og áhættumat á því skal háð viðeigandi afturvirkri prófun. Með afturvirkri prófunaráætlun skal vera hægt að greina lélega virkni líkana fyrir vænta jákvæða áhættu í tengslum við áhættumat.

k) Stofnun skal sannreyna mótaðilaáhættulíkan sitt og hvers konar áhættumat fyrir tímabil sem samsvara líftíma viðskipta, sem áhættuskuldbinding er reiknuð fyrir, með því að nota eiginlíkansaðferðina í samræmi við 283. gr.

l) Stofnun skal reglubundið prófa verðlagningarlíkön sem notuð eru til að reikna áhættuskuldbindingu vegna mótaðila með hliðsjón af viðeigandi óháðum viðmiðunum sem skal vera liður í áframhaldandi sannreyningarferli fyrir líkanið.

m) Áframhaldandi sannreyning á mótaðilaáhættulíkaninu og viðeigandi áhættumat skal taka til mats á því hvort það hafi skilað nægilega góðum árangri nýlega.

n) Stofnunin metur, sem lið í upphaflegu og áframhaldandi sannreyningarferli, hversu oft breytur fyrir mótaðilaáhættulíkanið eru uppfærðar.

o) Með upphaflegri og áframhaldandi sannreyningu á mótaðilaáhættulíkani skal meta að hve miklu leyti útreikningur á áhættuskuldbindingu með tilliti til mótaðila og skuldajöfnunarsafns á við.

2. Heimilt er að nota aðra aðferð sem er varfærnari en sú sem notuð er til að reikna tilskilið áhættuskuldbindingarvirði vegna mótaðila í stað alfa margfaldað með virkri EPE með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbærra yfirvalda. Hlutfallslegt varfærnistig verður metið þegar lögbær yfirvöld veita fyrst samþykki og við reglubundna eftirlitsskoðun á líkönum fyrir vænta jákvæða áhættu. Stofnun skal reglulega sannreyna varfærniþáttinn. Áframhaldandi mat á virkni líkansins skal ná yfir alla mótaðila sem líkanið er notað á.

3. Bendi afturvirkar prófanir til þess að líkanið sé ekki nægilega nákvæmt skulu lögbær yfirvöld afturkalla samþykki sitt fyrir líkaninu eða krefjast þess að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að líkanið verði bætt sem fyrst.

7. þáttur

Samningsbundin skuldajöfnun

295. gr.

Viðurkenning á að samningsbundin skuldajöfnun dragi úr áhættu

Stofnanir mega líta svo á að einungis eftirfarandi tegundir samningsbundinnar skuldajöfnunar dragi úr áhættu, í samræmi við 298. gr., ef lögbær yfirvöld hafa viðurkennt skuldajöfnunarsamninginn í samræmi við 296. gr. og ef stofnunin uppfyllir allar kröfurnar sem settar eru fram í 297. gr.:

a) tvíhliða samningar um skuldskeytingu milli stofnunar og mótaðila hennar þar sem gagnkvæmar kröfur og skuldbindingar eru sjálfkrafa sameinaðar á þann hátt að þessi skuldskeyting festi eina ákveðna hreina fjárhæð í hvert sinn sem skuldskeyting á sér stað og skapi þannig einn nýjan samning, sem fellir alla eldri samninga úr gildi og allar skuldbindingar milli samningsaðila samkvæmt þessum samningum og eru bindandi fyrir þá,

b) aðrir tvíhliða samningar milli stofnunar og mótaðila hennar,

c) samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða fyrir stofnanir sem hafa fengið samþykki til að nota aðferðina sem er sett fram í 6. þætti vegna viðskipta sem falla undir gildissvið þeirrar aðferðar. Lögbær yfirvöld skulu láta Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni í té skrá yfir hvers konar samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða sem hefur verið samþykkt.

Skuldajöfnun milli viðskipta, sem aðilar sömu samstæðu gera, er ekki viðurkennd að því er varðar útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.

296. gr.

Viðurkenning á samkomulagi um samningsbundna skuldajöfnun

1. Lögbær yfirvöld skulu því aðeins viðurkenna samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun að skilyrðin í 2. mgr. og, ef við á 3. mgr., séu uppfyllt.

2. Hvers konar samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun, sem tiltekin stofnun notar til að reikna áhættuskuldbindingarvirði í þessum hluta, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Stofnunin verður að hafa gert samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun við mótaðila sinn sem skapar eina ákveðna lagaskyldu, sem tekur til allra viðskipta þar í, þannig að hún eigi einungis heimtingu á að taka við, eða beri skylda til að greiða, hreina fjárhæð jákvæðs og neikvæðs markaðsvirðis umræddra viðskipta, komi til þess að mótaðili lendi í vanskilum.

b) Stofnunin verður að hafa komið á framfæri við lögbær yfirvöld skriflegu og rökstuddu lagalegu áliti þess efnis að verði skuldajöfnunarsamningurinn vefengdur, muni kröfur og skuldbindingar stofnunarinnar ekki vera umfram það sem um getur í a-lið. Lagalegt álit skal vísa til gildandi laga:

i. í landinu þar sem mótaðilinn hefur réttarstöðu lögaðila,

ii. ef erlent útibú fyrirtækis er viðriðið málið, sem er staðsett í öðru landi en þar sem fyrirtækið hefur réttarstöðu lögaðila, skal einnig vísað til laga þess lands þar sem útibúið er,

iii. í því landi þar sem lögin eru sem gilda um tiltekin viðskipti samkvæmt skuldajöfnunarsamningnum,

iv. í landinu þar sem lögin eru sem gilda um hvern þann samning eða samkomulag sem þarf að vera fyrir hendi til að unnt sé að framkvæma samninginn um skuldajöfnun,

c) Útlánaáhættu gagnvart hverjum mótaðila er safnað saman til að fá út eina lagalega áhættuskuldbindingu þvert á viðskipti við hvern mótaðila. Tekið skal tillit til þessa samsafns að því er varðar lánamörk og innra fé.

d) Samningurinn skal ekki hafa að geyma nein ákvæði sem, komi til vanskila hjá mótaðila, heimila mótaðila sem ekki er í vanskilum, að inna aðeins takmarkaðar eða alls engar greiðslur af hendi til bús vanskilaaðilans, jafnvel þótt vanskilaaðilinn eigi hreina kröfu (þ.e. útgönguákvæði).

Ef lögbær yfirvöld eru ekki fullviss um að samningsbundin skuldajöfnun sé gild og framfylgjanleg að lögum í hverju því landi, sem um getur í b-lið, skal ekki litið svo á að samkomulagið um samningsbundna skuldajöfnun dragi úr áhættu neins mótaðila. Lögbær yfirvöld skulu veita hvert öðru viðeigandi upplýsingar.

3. Lagalegt álit, sem um getur í b-lið, getur verið samið með vísan til tegundar samningsbundinnar skuldajöfnunar. Til viðbótar skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt vegna samkomulags um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða:

a) hrein fjárhæð, sem um getur í a-lið í 2. mgr. skal vera hrein fjárhæð jákvæðs og neikvæðs lokavirðis allra einstakra tvíhliða rammasamninga sem falla þar undir og jákvæðs og neikvæðs markaðsvirðis (e. *mark-to-market value*) einstakra viðskipta („hrein fjárhæð milli afurða“),

b) skriflegt og rökstutt lagalegt álit, sem um getur í b-lið 2. mgr., varðar gildi og framfylgd alls samkomulagsins um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða samkvæmt skilmálum hans og áhrifum fyrirkomulags skuldajöfnunar á mikilvæg ákvæði einstakra tvíhliða rammasamninga sem falla þar undir.

297. gr.

Skuldbindingar stofnana

1. Stofnun skal koma á og viðhalda aðferðum til að tryggja að lagagildi og framfylgd samningsbundinnar skuldajöfnunar hennar sé endurskoðuð í ljósi breytinga á lögum í viðkomandi löndum sem um getur í b-lið 2. mgr. 296. gr.

2. Stofnunin skal varðveita öll nauðsynleg gögn sem varða samningsbundna skuldajöfnun í skrám sínum.

3. Stofnun skal reikna áhrif skuldajöfnunar inn í mat sitt á samanlagðri útlánaáhættu hvers mótaðila og skal stjórna útlánaáhættu mótaðila á grundvelli áhrifa af slíku mati.

4. Þegar um er að ræða samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða, sem um getur í 295. gr., skal stofnunin viðhalda verklagsreglum skv. c-lið 2. mgr. 296. gr. til að ganga úr skugga um að öll viðskipti sem telja á með í skuldajöfnunarsafni falli undir lagalegt álit sem um getur í b-lið 2. mgr. 296. gr.

Að teknu tilliti til samkomulags um samningsbundna skuldajöfnun milli afurða skal stofnunin halda áfram að fullnægja kröfum um viðurkenningu á tvíhliða skuldajöfnun og kröfunum í 4. kafla um viðurkenningu á mildun útlánaáhættu, eftir því sem við á, með tilliti til hvers einstaks tvíhliða rammasamnings og viðskipta.

298. gr.

Áhrif viðurkenningar á að skuldajöfnun dragi úr áhættu

1. Eftirfarandi meðferð gildir um samkomulag um samningsbundna skuldajöfnun:

a) Að því er varðar 5. og 6. þátt skal skuldajöfnun vera færð eins og þar er tilgreint.

b) Að því er varðar samninga um skuldskeytingu má vega einstakar hreinar fjárhæðir sem fastsettar eru í slíkum samningum í stað viðkomandi heildarfjárhæða.

Við beitingu á 3. þætti mega stofnanir taka tillit til samninga um skuldskeytingu þegar þær reikna:

i. núgildandi endurnýjunarkostnað í áfanga sem um getur í 1. mgr. 274. gr.,

ii. reiknuð höfuðstólsfjárhæð eða virði undirliggjandi gerninga sem um getur í 2. mgr. 274. gr.

Við beitingu 4. þáttar mega stofnanir taka tillit til samnings um skuldskeytingu, þegar þær reikna grundvallarfjárhæð sem um getur í 1. mgr. 275. gr., til að reikna út reiknaða höfuðstólsfjárhæð. Í slíkum tilvikum skulu stofnanir nota hlutföllin í töflu 3.

c) Þegar um er að ræða aðra skuldajöfnunarsamninga skulu stofnanir beita 3. þætti sem hér segir:

i. núgildandi endurnýjunarkostnað, sem um getur í 1. mgr. 274. gr., fyrir þá samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning skal reikna með því að taka tillit til þess áætlaða, hreina endurnýjunarkostnaðar sem leiðir af samningnum; í þeim tilvikum þar sem skuldajöfnun leiðir til hreinnar skuldbindingar fyrir stofnunina, sem reiknar hreina endurnýjunarkostnaðinn, skal gildandi endurnýjunarkostnaður reiknaður sem „núll“,

ii. lækka skal töluna fyrir hugsanlega framtíðarlánaáhættu, sem um getur í 2. mgr. 274. gr. vegna allra samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning, samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$PCE_{red} = 0.4 \cdot PCE_{gross} + 0.6 \cdot NGR \cdot PCE_{gross}$$

þar sem:

PCE_{red} = lækkaða talan fyrir hugsanlega framtíðarlánaáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og falla innan löggilts tvíhliða skuldajöfnunarsamnings,

PCE_{gross} = samtala fyrir hugsanlega framtíðarlánaáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og falla innan löggilts tvíhliða greiðslujöfnunarsamnings og reiknaðir með því að margfalda reiknaða höfuðstólsfjárhæð með hundraðshlutunum sem eru gefnir upp í töflu 1,

NGR = nettó/brúttóhlutfall reiknað sem hlutfallstala hreins endurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem falla undir löggiltan tvíhliða skuldajöfnunarsamning við tiltekinn mótaðila (teljari) og hreins endurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem falla undir löggiltan tvíhliða skuldajöfnunarsamning við þann mótaðila (nefnari).

2. Við útreikning á hugsanlegri framtíðarlánaáhættu, samkvæmt formúlunni sem sett er fram í 1. mgr., mega stofnanir fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem falla undir greiðslujöfnunarsamninginn, eins og þeir væru einn samningur með grundvallarfjárhæð sem jafngildir hreinum tekjum.

Þegar 1. mgr. 275. mgr. er beitt mega stofnanir fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem falla undir skuldajöfnunarsamning, eins og þeir væru einn samningur, með grundvallarfjárhæð sem jafngildir hreinum tekjum og margfalda reiknaðar höfuðstólsfjárhæðir með hundraðshlutunum sem tilgreindir eru í töflu 3.

Að því er varðar þessa málsgrein eru nákvæmlega samsvarandi samningar framvirkir gjaldeyrissamningar eða svipaðir samningar þar sem reiknuð grundvallarfjárhæð jafngildir sjóðstreymi ef þetta sjóðstreymi kemur til greiðslu á sama gildisdegi og að öllu leyti í sama gjaldmiðli.

3. Að því er varðar alla aðra samninga sem falla undir skuldajöfnunarsamning má lækka viðeigandi hundraðshluta til samræmis við það sem fram kemur í töflu 6:

Tafla 6

Upphaflegur lánstími	Vaxtasamningar	Gjaldeyrissamningar
Eitt ár eða minna	0,35%	1,50%
Meira en eitt ár en ekki yfir tvö ár	0,75%	3,75%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	0,75%	2,25%

4. Þegar um er að ræða vaxtasamninga geta stofnanir, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið á milli upphaflegs líftíma eða eftirstöðvatíma.

8. þáttur

Liðir í veltubók

299. gr.

Liðir í veltubók

1. Að því er varðar beitingu þessarar greinar skal II. viðauki taka til tilvísunar í afleiðugerninga vegna yfirfærslu á útlánaáhættu eins og greint er frá í 8. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB.

2. Þegar stofnanir reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga liða í veltubók skulu þær fylgja eftirfarandi meginreglum:

a) Þegar um er að ræða lánaafleiður sem eru heildarskiptasamningar og lánaafleiður sem eru skuldatryggingar, skal, til þess að reikna hugsanlega framtíðarlánaáhættu samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 3. þætti, margfalda nafnverð gerningsins með eftirfarandi hundraðshlutum:

   i. 5% ef tilgreinda skuldbindingin er af þeirri gerð að hún teldist vera fullgildur liður í skilningi 2. kafla í IV. bálki þriðja hluta ef hún leiddi til beinnar áhættuskuldbindingar fyrir stofnunina,

   ii. 10% ef tilgreinda skuldbindingin er af þeirri gerð að hún teldist ekki vera fullgildur liður í skilningi 2. kafla í IV. bálki þriðja hluta ef hún leiddi til beinnar áhættuskuldbindingar fyrir stofnunina.

   Þegar um er að ræða stofnun, með áhættuskuldbindingu sem stafar af skuldatryggingu og myndar gnóttstöðu í undirliggjandi gerningi, skal vera heimilt að nota töluna 0% að því er varðar hugsanlega framtíðarlánaáhættu, nema skuldatryggingin sé með fyrirvara um uppgjör við ógjaldfærni þess aðila sem ber áhættu sem stafar af skiptasamningnum og myndar skortstöðu í undirliggjandi gerningi, jafnvel þótt undirliggjandi gerningur sé ekki í vanskilum.

   Ef lánaafleiðan veitir vörn í tengslum við „n-ta vanskilaðila“ meðal nokkurra undirliggjandi skuldbindinga skal stofnun ákvarða hvaða hundraðshluta, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, verður beitt, með vísan til skuldbindingarinnar með n-ta lægsta lánshæfi, sem teldist fullgildur liður, í skilningi 2. kafla í IV. bálki þriðja hluta, ef stofnunin myndi stofna til hennar.

b) Stofnanir skulu ekki nota einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar sem sett er fram í 222. gr. fyrir viðurkenningu á áhrifum fjárhagslegrar tryggingar.

c) Þegar um er að ræða endurhverf viðskipti og verðbréfa- eða hrávörulántökur eða verðbréfa- eða hrávörulánveitingar, sem eru bókaðar í veltubókina, mega stofnanir viðurkenna sem gilda tryggingu alla fjármálagerninga og hrávörur sem teljast hæfar til að vera skráðar í veltubókina.

d) Stofnanir mega, að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna OTC-afleiðugerninga sem eru bókaðir í veltubókina, einnig viðurkenna hrávörur, sem eru hæfar til að vera í veltubókinni, sem gilda tryggingu.

e) Við útreikninga til að jafna flökt þegar slíkir fjármálagerningar eða hrávörur, sem eru ekki hæfar skv. 4. kafla, eru lánaðar, seldar eða veittar, eða teknar að láni, keyptar eða tekið er við þeim sem tryggingu eða á annan hátt í slíkum viðskiptum og ef stofnunin notar eftirlitsaðferðina til að jafna flökt skv. 4. kafla 3. þáttar skulu stofnanir fara með slíka gerninga og hrávörur á sama hátt og hlutabréf utan aðalvísitölu sem eru skráð í viðurkenndri kauphöll.

f) Ef stofnun notar aðferð til að jafna flökt sem byggist á eigin mati, skv. 4. kafla í 3. þætti, að því er varðar fjármálagerninga eða hrávörur, sem eru ekki hæfar skv. 4. kafla, skal hún reikna leiðréttingu á flökti fyrir hvern lið sérstaklega. Ef stofnun hefur fengið samþykki fyrir að nota eiginlíkansaðferðina, sem er skilgreind í 4. kafla, getur hún einnig beitt þessari aðferð í veltubókinni.

g) Í tengslum við viðurkenningu á rammasamkomulagi um skuldajöfnun, sem tekur til endurhverfra viðskipta verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða verðbréfa- eða hrávörulántöku eða annarra viðskipta á fjármagnsmarkaði, skal stofnun eingöngu viðurkenna skuldajöfnun þvert á stöður í veltubókinni og utan veltubókar þegar skuldajöfnuðu viðskiptin uppfylla eftirfarandi skilyrði:

   i. öll viðskipti eru færð á markaðsvirði daglega,

   ii. alla liði, sem fengnir eru að láni, keyptir eða tekið er á móti í viðskiptunum, má viðurkenna sem hæfa fjárhagslega tryggingu skv. 4. kafla án þess að beita c- til f-lið í þessari málsgrein.

h) ef lánaafleiða sem er í veltubókinni er hluti innri áhættuvarnar og útlánavörnin er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við 204. gr. geta stofnanir beitta annarri eftirfarandi aðferða:

   i. farið með hana sem um sé að ræða mótaðilaáhættu vegna stöðunnar í þessari lánaafleiðu,

   ii. að telja með, við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna útlánaáhættu mótaðila, á samræmdan hátt allar útlánaafleiður sem eru í viðskiptabókinni og mynda hluta af innri áhættuvörn eða eru keyptar sem vörn gegn áhættuskuldbindingu vegna mótaðila ef útlánavörnin er viðurkennd sem hæf skv. 4. kafla.

9. þáttur.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægs mótaðila

300. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þennan þátt er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gjaldþrotsvarinn“: merkir í tengslum við eignir viðskiptavinar að til staðar sé virkt fyrirkomulag sem tryggir að eignirnar verði ekki tiltækar lánveitendum miðlægs mótaðila eða stöðustofnunaraðila ef til ógjaldfærni þess miðlæga mótaðila eða stöðustofnunaraðila kemur, eftir því sem við á, eða að eignirnar verði ekki tiltækar stöðustofnunaraðila til að mæta tapi sem hann varð fyrir í kjölfar vanefnda annars viðskiptavinar eða viðskiptavina en þeirra sem létu eignirnar í té,

2) „viðskipti tengd miðlægum mótaðila“: samningur eða viðskipti sem um getur í 1. mgr. 301. gr., á milli viðskiptavinar og stöðustofnunaraðila , sem tengjast beint samningi eða viðskiptum sem um getur í þeirri málsgrein á milli þess stöðustofnunaraðila og miðlægs mótaðila,

3) „stöðustofnunaraðili“: stöðustofnunaraðili eins og hann er skilgreindur í 14. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 648/2012,

4) „viðskiptavinur“: viðskiptavinur eins og hann er skilgreindur í 15. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða fyrirtæki sem hefur komið á fót óbeinu greiðslujöfnunarfyrirkomulagi við stöðustofnunaraðila í samræmi við 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

301. gr.

Efnislegt gildissvið

1. Þessi þáttur gildir um eftirfarandi samninga og viðskipti svo fremi sem þau séu útistandandi hjá miðlægum mótaðila:

a) samninga sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiður,

b) endurhverf viðskipti,

c) viðskipti í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru,

d) gnóttsamninga,

e) viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa.

2. Stofnanir geta valið hvort þær beita annarri tveggja eftirfarandi meðferða á samninga og viðskipti sem eru útistandandi hjá fullgildum miðlægum mótaðila sem getið er um í 1. mgr.:

a) meðferðina fyrir viðskiptastöður og áhættuskuldbindingar sem stafa af framlögum í vanskilasjóð sem sett er fram í 306. gr., að frátalinni meðferðinni sem sett er fram í b-lið 1. mgr. þeirrar greinar, og í 307. gr., eftir því sem við á,

b) meðferðina sem sett er fram í 310. gr.

3. Stofnanir skulu beita meðferðinni sem sett er fram í 306. gr., að frátalinni meðferðinni sem sett er fram í a-lið 1. mgr. þeirrar greinar, og í 309. gr., eftir því sem við á, á samninga og viðskipti sem eru útistandandi hjá miðlægum mótaðila, sem ekki er fullgildur, og talin upp í 1. mgr. þessarar greinar.

302. gr.

Vöktun á áhættuskuldbindingum vegna miðlægra mótaðila

1. Stofnanir skulu vakta áhættuskuldbindingar sínar vegna miðlægra mótaðila og setja verklagsreglur um reglubundna upplýsingagjöf varðandi áhættuskuldbindingarnar til framkvæmdastjórnar og viðeigandi nefndar eða nefnda stjórnar.

2. Stofnanir skulu meta, með viðeigandi sviðsmyndagreiningu og álagsprófunum, hvort fjárhæð eiginfjárgrunns á móti áhættuskuldbindingum vegna miðlægs mótaðila, þ.m.t. hugsanlegar framtíðarlánaáhættu vegna lána, áhættuskuldbindingar vegna framlaga í vanskilasjóð og, ef stofnunin er í hlutverki stöðustofnunaraðila, áhættuskuldbindingar sem stafa af samningsbundnu fyrirkomulagi eins og mælt er fyrir um í 304. gr., tengist innbyggðum áhættum áhættuskuldbindinganna á fullnægjandi hátt.

303. gr.

Meðferð á áhættuskuldbindingum stöðustofnunaraðila vegna miðlægra mótaðila

Ef stofnun gegnir hlutverki stöðustofnunaraðila, annaðhvort í eigin þágu eða sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila, skal hún reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi áhættuskuldbindingar sínar vegna miðlægs mótaðila í samræmi við 2. og 3. mgr. 301. gr.

304. gr.

Meðferð á áhættuskuldbindingum stöðustofnunaraðila vegna viðskiptavina

1. Ef stofnun gegnir hlutverki stöðustofnunaraðila og gegnir sem slík hlutverki fjármálamilliliðar á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila skal hún reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskipti sín við viðskiptavininn tengd miðlægum mótaðila í samræmi við 1.-8. þátt þessa kafla og VI. þátt þriðja hluta, ef við á.

2. Taki stofnun í hlutverki sínu sem stöðustofnunaraðili þátt í samningsbundnu fyrirkomulagi með viðskiptavini annars stöðustofnunaraðila sem í samræmi við 5. og 6. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 greiðir fyrir flutningi staðna og trygginga, sem um getur í b-lið 2. mgr. 305. gr. þessara reglugerðar, fyrir þann viðskiptavin og það samningsbundna fyrirkomulag leiðir til ábyrgðarskuldbindingar fyrir stofnunina má stofnunin fá þeirri ábyrgðarskuldbindingu áhættuskuldbindingarvirðið núll.

3. Í hlutverki sínu sem stöðustofnunaraðili má stofnun nota styttra áhættutímabil tryggingafjár þegar hún reiknar út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi áhættuskuldbindingar sínar vegna viðskiptavinar í samræmi við eiginlíkansaðferðina. Það áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnun notar skal ekki vera styttra en fimm dagar.

4. Í hlutverki sínu sem stöðustofnunaraðili má stofnun margfalda vanefnda áhættuskuldbindingu sína (EAD) með tölustærð þegar hún reiknar út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi áhættuskuldbindingar sínar vegna viðskiptavinar í samræmi við markaðsvirðisaðferðina, staðlaða aðferð eða aðferð upprunalegrar áhættu. Stofnanirnar mega nota eftirfarandi tölustærðir:

a) 0,71 fyrir fimm daga áhættutímabil tryggingarfjár,

b) 0,77 fyrir sex daga áhættutímabil tryggingarfjár,

c) 0,84 fyrir sjö daga áhættutímabil tryggingarfjár,

d) 0,89 fyrir átta daga áhættutímabil tryggingarfjár,

e) 0,95 fyrir níu daga áhættutímabil tryggingarfjár,

f) 1 fyrir tíu daga áhættutímabil tryggingarfjár, eða lengra.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina það áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir mega nota að því er varðar 3. og 4. Gr.

Við mótun þessara draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin beita eftirfarandi meginreglum:

a) hún skal skilgreina áhættutímabil tryggingarfjár fyrir hverja tegund samninga og viðskipta sem um getur í 1. Mgr. 301. gr.,

b) áhættutímabil tryggingarfjár, sem skilgreind eru í a-lið, skulu endurspegla uppgjörstímabil samninganna og viðskiptanna sem um getur í þeim lið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

305. gr.

Meðferð áhættuskuldbindinga viðskiptavina

1. Ef stofnun er viðskiptavinur skal hún reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskipti sín við stöðustofnunaraðilann tengd miðlægum mótaðila í samræmi við 1.-8. þátt þessa kafla og VI. þátt þriðja hluta, ef við á.

2. Ef stofnun er viðskiptavinur má hún, án þess að hafa áhrif á aðferðina sem tilgreind er í 1. mgr., reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskiptastöður sínar vegna viðskipta við stöðustofnunaraðila sinn tengd miðlægum mótaðila í samræmi við 306. gr. að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) Að stöður og eignir stofnunarinnar tengdar viðskiptunum séu afmarkaðar og aðgreindar, bæði að því er varðar stöðustofnunaraðilann og miðlægan mótaðila, frá stöðum og eignum bæði stöðustofnunaraðilans og annarra viðskiptavina þess stöðustofnunaraðila og séu vegna þeirrar afmörkunar og aðgreiningar gjaldþrotsvarðar ef til vanefnda eða ógjaldfærni stöðustofnunaraðilans eða eins eða fleiri viðskiptavina hans kemur.

b) Að lög, reglugerðir, reglur og samningsbundið fyrirkomulag sem gildir um eða er bindandi fyrir þá stofnun eða miðlæga mótaðilann greiði fyrir flutningi staðna viðskiptavinarins tengdum þessum samningum og viðskiptum og samsvarandi trygginga til annars stöðustofnunaraðila innan viðeigandi áhættutímabils tryggingafjár ef til vanefnda eða ógjaldfærni upphaflega stöðustofnunaraðilans kemur. Við slíkar aðstæður skal flytja stöður viðskiptavinarins og tryggginguna á markaðsvirði nema viðskiptavinurinn fari fram á að gera stöðuna upp á markaðsvirði.

c) Að stofnunin búi yfir óháðu, skriflegu og rökstuddu, lagalegu áliti þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ef til vefengingar kæmi myndu viðeigandi dómstólar og stjórnvöld álíta að viðskiptavinurinn ætti ekki að bera tap vegna ógjaldfærni stöðustofnunaraðila síns eða nokkurs viðskiptavinar stöðustofnunaraðila síns samkvæmt lögum lögsögu stofnunarinnar, stöðustofnunaraðila hennar og miðlæga mótaðilans, lögum sem gilda um viðskipti og samninga sem stofnunin gerir upp í gegnum miðlæga mótaðilann, lögum sem gilda um tryggingarnar og lögum sem gilda um alla samninga eða samkomulag sem þörf er á til að uppfylla skilyrðin í b-lið.

d) Miðlægi mótaðilinn er fullgildur miðlægur mótaðili.

3. Ef stofnun sem er viðskiptavinur er ekki varin tapi í því tilviki að stöðustofnunaraðili og annar viðskiptavinur stöðustofnunaraðilans lenda saman í vanskilum, en öll önnur skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. eru uppfyllt, má viðskiptavinurinn, án þess að hafa áhrif á skilyrðin sem tilgreind eru í 2. mgr., reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskiptastöður sínar vegna viðskipta við stöðustofnunaraðila sinn tengd miðlægum mótaðila í samræmi við 306. gr., með fyrirvara um að 2% áhættuvog í a-lið 1. mgr. þeirrar greinar sé skipt út fyrir 4% áhættuvog.

4. Ef stofnun sem er viðskiptavinur hefur aðgang að þjónustu miðlægs mótaðila í gegnum óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, má stofnunin aðeins beita þeirri meðferð sem sett er fram í 2. eða 3. mgr. ef skilyrði hvorrar málsgreinar eru uppfyllt á öllum stigum keðju milliliða.

306. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar viðskiptastöður

1. Stofnun skal beita eftirfarandi meðferð á viðskiptastöður sínar hjá miðlægum mótaðilum:

a) hún skal nota 2% áhættuvog á áhættuskuldbindingarvirði allra viðskiptastaðna sinna hjá fullgildum miðlægum mótaðila,

b) hún skal nota áhættuvogina sem notuð er í staðalaðferðinni á útlánaáhættu, sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 107. gr., á allar viðskiptastöður hjá miðlægum mótaðila, sem ekki er fullgildur,

c) ef stofnun kemur fram sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila og skilmálar viðskiptanna tengdum miðlæga mótaðilanum kveða á um að stofnuninni beri ekki skylda til að endurgreiða viðskiptavininum tap vegna breytinga á virði þeirra viðskipta ef miðlægi mótaðilinn lendir í vanskilum, er áhættuskuldbindingarvirði viðskiptanna við miðlæga mótaðilann sem samsvara viðskiptunum tengdum miðlæga mótaðilanum jafnt og núll.

2. Ef eignir sem lagðar eru fram sem trygging til miðlægs mótaðila eða stöðustofnunaraðila eru gjaldþrotsvarðar ef til ógjaldfærni miðlæga mótaðilans, stöðustofnunaraðilans eða eins eða fleiri annarra viðskiptavina stöðustofnunaraðilans kemur, má stofnun, þrátt fyrir 1. mgr., fá áhættuskuldbindingum útlánaáhættu mótaðilans áhættuskuldbindingarvirðið núll.

3. Stofnun skal reikna út áhættuskuldbindingarvirði viðskiptastaðna sinna hjá miðlægum mótaðila í samræmi við 1.–8. þátt þessa kafla, eftir því sem við á.

4. Stofnun skal reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna viðskiptastaðna hjá miðlægum mótaðilum að því er varðar 3. mgr. 92. gr. sem summu áhættuskuldbindingarvirðis viðskiptastaðna sinna hjá miðlægum mótaðilum, reiknaða í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar, margfaldaða með áhættuvoginni sem ákvörðuð er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

307. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar forfjármagnað framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila

Stofnun í hlutverki stöðustofnunaraðila skal beita eftirfarandi meðferð á áhættuskuldbindingar sínar sem stafa af framlagi hennar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila:

a) hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi forfjármagnað framlag í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 308. gr.,

b) hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi forfjármagnað framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, sem ekki er fullgildur, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 309. gr.

308. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar forfjármagnað framlag í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila

1. Áhættuskuldbindingarvirði forfjármagnaðs framlags stofnunar í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila (DFi) skal vera inngreidd fjárhæð stofnunar eða markaðsvirði eigna sem hún lætur af hendi, lækkað um þá fjárhæð framlagsins sem fullgildur miðlægur mótaðili hefur þegar notað til að mæta tapi sínu í kjölfar vanskila eins eða fleiri stöðustofnunaraðila sinna.

2. Stofnun skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns (K_i) til að mæta áhættuskuldbindingu sem verður til vegna forfjármagnaðs framlags hennar (DF) á eftirfarandi hátt:

$$K_i = \left(1 + \beta \cdot \frac{N}{N - 2}\right) \cdot \frac{DF_i}{DF_{CM}} \cdot K_{CM}$$

þar sem:

β = samþjöppunarþátturinn sem miðlægi mótaðinn hefur tilkynnt stofnuninni um,

N = sá fjöldi stöðustofnunaraðila sem miðlægi mótaðinn hefur tilkynnt stofnuninni um,

DF_{CM} = summa forfjármagnaðra framlaga allra stöðustofnunaraðila miðlæga mótaðilans sem miðlægi mótaðinn hefur tilkynnt stofnuninni um,

K_{CM} = summa krafna vegna eiginfjárgrunns allra stöðustofnunaraðila miðlægs mótaðila reiknuð út í samræmi við viðeigandi formúlu sem tilgreind er í 3 mgr. $\left(\sum_i K_i\right)$.

3. Stofnanir skulu reikna K_{CM} sem hér segir:

a) ef $K_{CCP} \leq DF_{CCP}$ skal stofnunin nota eftirfarandi formúlu:

$$K_{CM} = c_1 \cdot DF^*_{CM};$$

b) ef $DF_{CCP} < K_{CCP} \leq DF^*$ skal stofnunin nota eftirfarandi formúlu:

$$K_{CM} = c_2 \cdot (K_{CCP} - DF_{CCP}) + c_1 \cdot (DF^* - K_{CCP});$$

c) ef $DF^* < K_{CCP}$ skal stofnunin nota eftirfarandi formúlu:

$$K_{CM} = c_2 \cdot \mu \cdot (K_{CCP} - DF*) + c_2 \cdot DF^*_{CM}$$

þar sem:

DF_{CCP} = forfjármagnað fjármagn sem miðlægi mótaðinn hefur tilkynnt stofnuninni um,

K_{CCP} = áætlað fjármagn sem miðlægi mótaðinn hefur tilkynnt stofnuninni um,

DF* = $DF_{CCP} + DF^{*}_{CM}$;

DF^{*}_{CM} = $DF_{CM} - 2 \cdot \overline{DF}_{i}$;

$\overline{DF_i}$ = meðaltal forfjármagnaðs framlags, $\frac{1}{N} \cdot DF_{CM}$, sem miðlægi mótaðinn hefur tilkynnt stofnuninni um,

c_1 = fjármagnsþáttur sem jafngildir $\max\left\{\frac{1{,}6\%}{\left(\frac{DF_*}{K_{CCP}}\right)^{0.3}}, 0{,}16\%\right\}$

c_2 = fjármagnsþáttur sem jafngildir 100%,

μ = 1,2.

4. Stofnun skal reikna út áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sem verða til vegna forfjármagnaðs framlags stofnunar, að því er varðar 3. mgr. 92. gr., sem kröfur vegna eiginfjárgrunns (K_i) reiknaðar í samræmi við 2. mgr. margfaldaðar með 12,5.

5. Ef K_{CCP} er jafnt og núll skulu stofnanir nota gildið 0,16% fyrir c1 að því er varðar útreikninginn í 3. mgr.

309. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar forfjármögnuð framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, sem ekki er fullgildur, og að því er varðar ófjármögnuð framlög til miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur

1. Stofnun skal nota eftirfarandi formúlu til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns (K_i) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af forfjármögnuðum framlögum hennar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur (DF) og af ófjármögnuðum framlögum (UC) til slíks miðlægs mótaðila.

$$K_i = c_2 \cdot \mu \cdot (DF_i + UC_i)$$

ef c_2 og μ eru skilgreind eins og í 3. mgr. 308. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. merkja ófjármögnuð framlög, framlög sem stofnun í hlutverki stöðustofnunaraðila hefur skuldbundið sig til, samkvæmt samningi, að veita miðlægum mótaðila eftir að miðlægi mótaðilinn hefur tæmt vanskilasjóð sjóð sinn til að mæta tapi sem hann varð fyrir í kjölfar vanskila eins eða fleiri stöðustofnunaraðila sinna.

3. Stofnun skal reikna út áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sem verða til vegna forfjármagnaðs framlags stofnunar, að því er varðar 3. mgr. 92. gr., sem kröfur vegna eiginfjárgrunns (K_i) reiknaðar í samræmi við 1. mgr. margfaldaðar með 12,5.

310. gr.

Fráviksútreikningur á kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna fullgilds miðlægs mótaðila

Stofnun skal nota eftirfarandi formúlu til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns (K_i) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af viðskiptastöðum hennar og viðskiptavina hennar (TE) og forfjármögnuðum framlögum (DF_i) í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila:

$$K_i = 8\% \cdot min[2\% \cdot TE_i + 1\,250\% \cdot DF_i; 20\% \cdot TE_i]$$

311. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila sem hætta að uppfylla viss skilyrði

1. Stofnun skal beita meðferðinni sem sett er fram í þessari grein ef öðru eða báðum eftirfarandi skilyrða hefur verið fullnægt:

a) stofnunin hefur fengið frá miðlægum mótaðila tilkynningu, sem krafa er gerð um í j-lið ii. liðar 50. gr. b í reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þess efnis að miðlægur mótaðili hafi hætt að reikna út K_{CCP},

b) að stofnuninni hafi, í kjölfar opinberrar tilkynningar eða orðsendingar frá lögbæru yfirvaldi miðlægs mótaðila sem stofnunin notar eða frá miðlæga mótaðilanum sjálfum, orðið kunnugt um að miðlægi mótaðilinn muni ekki lengur uppfylla skilyrðin fyrir starfsleyfi eða viðurkenningu, eftir því sem við á.

2. Hafi einungis skilyrðið í a-lið 1. mgr. verið uppfyllt skal lögbært yfirvald stofnunarinnar ganga úr skugga um ástæður þess að miðlægi mótaðilinn hefur hætt útreikningum á K_{CCP}.

Telji lögbært yfirvald ástæðurnar sem um getur í fyrstu undirgrein vera gildar má það heimila stofnunum í sínu aðildarríki að beita meðferðinni sem sett er fram í 310. gr. á viðskiptastöður sínar og framlög í vanskilasjóð til þess miðlæga mótaðila. Veiti það slíkt leyfi skal það upplýsa um ástæður ákvörðunar sinnar.

Telji lögbært yfirvald ástæðurnar sem um getur í fyrstu undirgrein ekki vera gildar skulu allar stofnanir í aðildarríki þess, án tillits til meðferðarinnar sem þær völdu í samræmi við 2. mgr. 301. gr., beita meðferðinni sem sett er fram í a- til b-lið 3. mgr. þessarar greinar.

3. Hafi skilyrðið í b-lið 1. mgr. verið uppfyllt án tillits til þess hvort skilyrðið í a-lið þeirrar málsgreinar hefi verið uppfyllt, skal stofnun, innan þriggja mánaða frá þeim aðstæðum sem um getur í b-lið þeirrar málsgreinar eða fyrr ef lögbært yfirvald stofnunarinnar fer fram á það, aðhafast eins og hér segir að því er varðar áhættuskuldbindingar sínar vegna þess miðlæga mótaðila:

a) hætta að beita meðferðinni sem hún valdi í samræmi við 2. mgr. 301. gr.,

b) beita meðferðinni sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 306. gr. á viðskiptastöður sínar vegna þess miðlæga mótaðila,

c) beita meðferðinni sem sett er fram í 309. gr. á forfjármögnuð framlög sín í vanskilasjóð þess miðlæga mótaðila og á ófjármögnuð framlög sín til þess miðlæga mótaðila,

d) fara með aðrar áhættuskuldbindingar en þær sem taldar eru upp í b- og c-lið vegna þess miðlæga mótaðila sem áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis í samræmi við staðalaðferðina fyrir útlánaáhættu eins og um getur í 2. kafla.

III. BÁLKUR

KRÖFUR VEGNA EIGINFJÁRGRUNNS AÐ ÞVÍ ER VARÐAR REKSTRARÁHÆTTU

1. KAFLI

Almennar meginreglur sem gilda um notkun mismunandi aðferða

312. gr.

Leyfi og tilkynning

1. Til að geta notað staðalaðferðina skulu stofnanir uppfylla forsendurnar sem settar eru fram í 320. gr. auk þess að uppfylla almenna áhættustýringarstaðla sem settir eru fram í 74. og 85. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Stofnanir skulu upplýsa lögbær yfirvöld áður en þau nota staðalaðferðina.

Lögbær yfirvöld skulu heimila stofnunum að nota annan viðeigandi mælikvarða fyrir viðskiptasvið innan viðskiptabankastarfsemi og fyrirtækjabankaþjónusta ef skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 319. gr. og 320. gr. eru uppfyllt.

2. Lögbær yfirvöld skulu heimila stofnunum að nota þróaðar mæliaðferðir byggðar á þeirra eigin matskerfum fyrir rekstraráhættu ef allar eigindlegar og megindlegar kröfur sem um getur í 321. og 322. gr., eftir því sem við á, eru uppfylltar og ef stofnanirnar uppfylla almenna áhættustýringarstaðla sem settir eru fram í 74. og 85. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og II. þætti 3. kafla VII. bálks þeirrar tilskipunar.

Stofnanir skulu einnig sækja um leyfi frá eigin lögbæru yfirvöldum ef þær hyggjast framkvæma verulegar viðbætur og breytingar á þessum þróuðu mæliaðferðum. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita leyfið ef stofnanir myndu halda áfram að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein í kjölfar þessara verulegu viðbóta og breytinga.

3. Stofnanir skulu upplýsa lögbær yfirvöld um allar breytingar á líkönum þeirra fyrir þróaða mæliaðferð.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) matsaðferðafærðin sem lögbær yfirvöld skulu nota til að ákveða hvort stofnanir fái leyfi til að nota þróuðu mæliaðferðina,

b) forsendur mats á mikilvægi viðbóta og breytinga á þróuðu mæliaðferðinni,

c) fyrirkomulag tilkynninganna sem krafa er gerð um í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

313. gr.

Horfið aftur til einfaldari aðferða

1. Stofnanir sem nota staðalaðferðina skulu ekki hverfa aftur til grundvallaraðferðarinnar (e. *Basic Indicator Approach*) nema að uppfylltum skilyrðum 3. mgr.

2. Stofnanir sem nota þróuðu mæliaðferðina skulu ekki hverfa aftur til staðalaðferðarinnar eða grundvallaraðferðarinnar nema að uppfylltum skilyrðum 3. mgr.

3. Stofnun má aðeins hverfa aftur til einfaldari aðferðar að því er varðar rekstraráhættu ef bæði eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) stofnunin hefur sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það með fullnægjandi hætti að ekki sé fyrirhugað að nota einfaldari aðferð til að draga úr rekstraráhættu tengdri kröfum stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns, að þessi notkun sé nauðsynleg vegna eðlis stofnunarinnar og þess hversu flókin hún er og að notkunin myndi ekki hafa skaðleg áhrif á gjaldþol stofnunarinnar eða getu hennar til stýra rekstraráhættu á skilvirkan máta,

b) stofnunin hefur fengið heimild frá lögbæru yfirvaldi fyrir fram.

314. gr.

Samþætt notkun mismunandi aðferða

1. Stofnanir mega nota samsetningu aðferða að því tilskildu þær fái til þess leyfi frá lögbærum yfirvöldum. Lögbær yfirvöld mega veita slíkt leyfi ef kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 4. mgr., eftir því sem við á, eru uppfylltar.

2. Stofnun má nota þróuðu mæliaðferðina ásamt annaðhvort grundvallaraðferðinni eða staðalaðferðinni, að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) sú samsetning aðferða sem stofnunin notar nær yfir allar rekstraráhættur hennar og lögbær yfirvöld samþykkja aðferðafræðina sem stofnunin notar til að fjalla um mismunandi starfsemi, landfræðilegar staðsetningar, rekstrarform að lögum eða aðra viðeigandi skiptingu sem ákvörðuð er innan stofnunarinnar,

b) forsendurnar sem settar eru fram í 320. gr. og kröfurnar sem settar eru fram í 321. og 322. gr. eru uppfylltar að því er varðar þann hluta starfseminnar sem staðalaðferðin og þróaða mæliaðferðin, eftir því sem við á, ná yfir.

3. Að því er varðar stofnanir sem óska eftir að nota þróuðu mæliaðferðina ásamt annaðhvort grundvallaraðferðinni eða staðalaðferðinni skulu lögbær yfirvöld setja eftirfarandi viðbótarskilyrði fyrir veitingu leyfis:

a) að umtalsverður hluti af rekstraráhættum stofnunar sé greindur með þróaðri mæliaðferð þann dag sem henni er fyrst beitt,

b) að stofnun skuldbindi sig til að beita þróuðu mæliaðferðinni á meginhluta starfsemi sinnar innan tímaramma sem var lagður fyrir lögbær yfirvöld hennar og samþykktur af þeim.

4. Stofnun má óska eftir leyfi frá lögbærum yfirvöldum til að nota samsetningu af grundvallaraðferðinni og staðalaðferðinni í undantekningartilvikum eingöngu, svo sem vegna nýlegra kaupa á nýjum rekstri sem kann að útheimta umbreytingarfrest að því er varðar beitingu staðalaðferðarinnar.

Lögbært yfirvald skal einungis veita slíkt leyfi ef stofnun hefur skuldbundið sig til að beita staðalaðferðinni innan tímaramma sem lagður var fyrir lögbæra yfirvaldið og samþykktur af því.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) forsendurnar sem lögbær yfirvöld skulu nota þegar þau meta aðferðafræðina sem um getur í a-lið 2. mgr.,

b) forsendurnar sem lögbær yfirvöld skulu nota þegar þau ákveða hvort setja skuli viðbótarskilyrðin sem um getur í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. KAFLI

Grundvallaraðferð

315. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns

1. Samkvæmt grundvallaraðferðinni jafngildir krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu 15% af þriggja ára meðaltali viðeigandi mælikvarða eins og sett er fram í 316. gr.

Stofnanir skulu reikna út þriggja ára meðaltal viðeigandi mælikvarða á grundvelli þriggja síðustu tólf mánaða athugana við lok fjárhagsársins. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir mega stofnanir nota eigið mat.

2. Hafi stofnun verið rekin í minna en þrjú ár má hún nota eigin áætlun við útreikning á viðeigandi mælikvarða, að því tilskildu að hún noti söguleg gögn um leið og þau verða fáanleg.

3. Geti stofnun sannað fyrir lögbæru yfirvaldi sínu að notkun þriggja ára meðaltals til a reikna út viðeigandi mælikvarða vegna samruna, yfirtöku eða sölu eigna eða starfsemi myndi leiða til hlutdrægs mats, að því er varðar kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi rekstraráhættu, má lögbært yfirvald heimila stofnun að breyta útreikningnum á þann hátt að hann taki tillit til slíkra atburða og skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina þar um á viðeigandi hátt. Við slíkar aðstæður má lögbært yfirvald einnig, að eigin frumkvæði, fara fram á að stofnun breyti útreikningi sínum.

4. Sé viðeigandi mælikvarði neikvæður eða jafn núlli, að því er varðar tiltekna athugun, skulu stofnanir ekki taka tillit til þeirrar tölu við útreikning á þriggja ára meðaltali. Stofnanir skulu reikna þriggja ára meðaltal sem summu jákvæðra talna, deilt með fjölda jákvæðra talna.

316. gr.

Viðeigandi mælikvarði

1. Að því er varðar stofnanir sem beita reiknings-skilastöðlum sem komið er á með tilskipun 86/635/EBE, á grundvelli reikningshaldsflokka í rekstrarreikningi stofnana skv. 27. gr. þeirrar tilskipunar, er summa þáttanna sem taldir eru upp í töflu 1 í þessari málsgrein viðeigandi mælikvarði. Stofnanir skulu telja hvern þátt, ásamt jákvæðu eða neikvæðu formerki sínu, með í samtölunni.

Tafla 1

1 Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur

2 Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld

3 Tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum/föstum vöxtum

4 Umboðslaun/þóknunartekjur

5 Greidd umboðslaun/þóknunargjöld

6 Hreinn hagnaður eða hreint tap af fjármálastarfsemi

7 Aðrar rekstrartekjur

Stofnanir skulu aðlaga þessa þætti til að endurspegla eftirfarandi fyrirvara:

a) Stofnanir skulu reikna út viðeigandi mælikvarða áður en hugsanlegar varúðarniðurfærslur og rekstrarkostnaður er dreginn frá. Stofnanir skulu telja til rekstrarkostnaðar þóknanir sem greiddar eru fyrir útvistunarþjónustu veitta af þriðja aðila sem er ekki móður- eða dótturfélag stofnunarinnar eða dótturfélag móðurfélagsins sem einnig er móðurfélag stofnunarinnar. Stofnanir mega nota kostnað vegna útvistunar á þjónustu sem þriðju aðilar veita til að lækka viðeigandi mælikvarða ef fyrirtæki sem er háð reglum samkvæmt þessari tilskipun, eða jafngildum henni, innheimtir kostnaðinn.

b) Stofnanir skulu ekki nota eftirfarandi þætti við útreikning á viðeigandi mælikvarða:

   i. innleystan hagnað/tap af sölu á liðum utan veltubókar,

   ii. tekjur af óvenjulegum eða óreglulegum liðum,

   iii. tekjur af tryggingum.

c) Þegar endurmat á viðskiptaliðum er hluti af rekstrarreikningnum, mega stofnanir telja endurmatið með. Þegar stofnanir beita 2. mgr. 36. gr. tilskipunar 86/635/EBE skulu þær telja með endurmat sem bókfært er í rekstrarreikning.

2. Þegar stofnanir beita reikningsskilastöðlum sem eru ólíkir þeim sem komið var á með tilskipun 86/635/EBE skulu þær reikna viðeigandi mælikvarða út á grundvelli gagna sem endurspegla best þá skilgreiningu sem sett er fram í þessari grein.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða aðferðafræðina við að reikna út viðeigandi mælikvarða sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2017.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. KAFLI

Staðalaðferð

317. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns

1. Samkvæmt staðalaðferðinni skulu stofnanir skipta starfsemi sinni á viðskiptasviðin sem sett eru fram í töflu 2 í 4. mgr. og í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 318. gr.

2. Stofnanir skulu reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi rekstraráhættu sem þriggja ára meðaltal summu árlegra krafna vegna eiginfjárgrunns fyrir öll viðskiptasviðin sem um getur í töflu 2 í 4. mgr. Árleg krafa hvers viðskiptasviðs vegna eiginfjárgrunns jafngildir margfeldi samsvarandi beta-stuðuls, sem um getur í þeirri töflu, og þess hluta viðeigandi mælikvarða sem varpað er á viðkomandi viðskiptasvið.

3. Á tilteknu ári mega stofnanir jafna neikvæðum kröfum vegna eiginfjárgrunns, sem stafa af neikvæðum hluta viðeigandi mælikvarða á tilteknu viðskiptasviði, á móti jákvæðum kröfum vegna eiginfjárgrunns á öðrum viðskiptasviðum án takmarkana. Sé samanlögð krafa vegna eiginfjárgrunns fyrir öll viðskiptasvið á tilteknu ári hins vegar neikvæð skulu stofnanir nota gildið núll sem teljara fyrir það ár.

4. Stofnanir skulu reikna út þriggja ára meðaltal summunnar sem um getur í 2. mgr. á grundvelli þriggja síðustu tólf mánaða athugana við lok fjárhagsársins. Ef endurskoðaðar tölur liggja ekki fyrir mega stofnanir nota eigið mat.

Geti stofnun sannað fyrir lögbæru yfirvaldi sínu að notkun þriggja ára meðaltals til að reikna út viðeigandi mælikvarða vegna samruna, yfirtöku eða sölu eigna eða starfsemi myndi leiða til hlutdrægs mats, að því er varðar kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi rekstraráhættu, má lögbært yfirvald leyfa stofnunum að breyta útreikningnum á þann hátt að hann taki tillit til slíkra atburða og skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina þar um á viðeigandi hátt. Við slíkar aðstæður má lögbært yfirvald einnig, að eigin frumkvæði, fara fram á að stofnun breyti útreikningi sínum.

Hafi stofnun verið rekin í minna en þrjú ár má hún nota eigin áætlun við útreikning á viðeigandi mælikvarða, að því tilskildu að hún noti söguleg gögn um leið og þau verða fáanleg.

Tafla 2

Viðskiptasvið	Skrá yfir starfsemi	Hundraðshluti (beta-stuðull)
Fjármál fyrirtækja	Sölutrygging fjármálagerninga eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli Þjónusta tengd sölutryggingu Fjárfestingarráðgjöf Ráðgjöf til fyrirtækja um fjármagnsuppbyggingu, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim Fjárfestingarrannsóknir og fjármálagreining og önnur form almennra ráðlegginga sem tengjast viðskiptum með fjármálagerninga	18%

Viðskiptasvið	Skrá yfir starfsemi	Hundraðshluti (betastuðull)
Markaðsviðskipti	Viðskipti fyrir eigin reikning Peningamiðlun Móttaka og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina Umsjón með útboði fjármálagerninga án fastrar skuldbindingar Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga	18%
Verðbréfamiðlun (smásala) (Starfsemi sem snýr að einstaklingum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði 123. gr. að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga)	Móttaka og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina Umsjón með útboði fjármálagerninga án fastrar skuldbindingar	12%
Fyrirtækjabankaþjónusta	Móttaka innlána og endurgreiðanlegra fjármuna Útlánastarfsemi Fjármögnunarleiga Ábyrgðir og skuldbindingar	15%
Viðskiptabankastarfsemi (Starfsemi sem snýr að einstaklingum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði 123. gr. að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga)	Móttaka innlána og endurgreiðanlegra fjármuna Útlánastarfsemi Fjármögnunarleiga Ábyrgðir og skuldbindingar	12%
Greiðslu- og uppgjörsþjónusta	Þjónusta við millifærslu peninga, Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla	18%
Umboðsþjónusta	Varsla og umsýsla fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina, þ.m.t. varsla og tengd þjónusta, s.s. stýring reiðufjár/trygginga	15%
Eignastýring	Stýring eignasafna Stýring verðbréfasjóða (UCITS) Önnur eignastýring	12%

318. gr.

Meginreglur um kortlagningu viðskipta

1. Fjármálafyrirtæki skulu þróa og skjalfesta sértækar reglur og viðmið við kortlagningu viðeigandi mælikvarða fyrir núverandi viðskiptasvið og starfsemi innan ramma staðalaðferðar sem settur er fram í 317. gr. Þær skulu endurskoða og aðlaga þessar reglur og viðmið eins og við á fyrir nýja eða breytta starfsemi og áhættu.

2. Stofnanir skulu beita eftirfarandi meginreglum við kortlagningu viðskiptasviða:

a) stofnanir skulu kortleggja alla starfsemi ítarlega undir viðskiptasvið sem ekki skarast,

b) stofnanir skulu fella alla starfsemi sem ekki er hægt að kortleggja beint innan ramma viðskiptasviða, en sem telst hliðarstarfsemi við starfsemi sem fellur undir rammann, undir það viðskiptasvið sem hún styður. Ef hliðarstarfsemin styður við fleiri en eitt viðskiptasvið ber stofnunum að nota hlutlæga viðmiðun við kortlagningu,

c) ef ekki er hægt að kortleggja ákveðna starfsemi undir viðskiptasvið skal stofnun nota það viðskiptasvið sem hefur hæsta hlutfallið, sama viðskiptasvið gildir jafnframt um alla hliðarstarfsemi sem því tengist,

d) stofnanir mega nota eigin verðlagningaraðferðir til að úthluta viðeigandi mælikvarða á milli viðskiptasviða. Kostnað sem fellur til á einu viðskiptasviði og hægt er að eigna öðru viðskiptasviði má endurúthluta því viðskiptasviði sem hann tilheyrir.

e) kortlagning starfsemi í viðskiptasvið vegna eigin fjár til að mæta rekstraráhættu skal vera í samræmi við flokka sem stofnanir nota vegna útlána- og markaðsáhættu,

f) framkvæmdastjórn er ábyrg fyrir reglum um kortlagningu undir eftirliti stjórnar stofnunarinnar,

g) stofnanir skulu láta gera óháð endurmat á kortlagningarferlinu.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina skilyrði beitingar meginreglna um kortlagningu viðskiptasviða sem kveðið er á um í þessari grein.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2017.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

319. gr.

Óhefðbundin staðalaðferð

1. Samkvæmt óhefðbundnu staðalaðferðinni skulu stofnanir beita eftirfarandi að því er varðar viðskiptasviðin „viðskiptabankastarfsemi“ og „fyrirtækjabankaþjónusta“:

a) viðeigandi mælikvarði er staðlaður tekjumælikvarði sem jafngildir nafnverði lána og fyrirframgreiðslna margfölduðu með 0,035,

b) lánin og fyrirframgreiðslurnar samanstanda af samtölu ádreginna fjárhæða í samsvarandi lánasöfnum. Að því er varðar viðskiptasviðið „fyrirtækjabankaþjónusta“ skulu stofnanir einnig telja til nafnverðs lána og fyrirframgreiðslna verðbréf sem haldið er utan veltubókar.

2. Svo stofnun hljóti leyfi til að nota óhefðbundnu staðalaðferðina skal hún uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) að minnsta kosti 90% tekna hennar skulu stafa af viðskiptabankastarfsemi eða fyrirtækjabankaþjónustu,

b) umtalsverður hluti af viðskiptabankastarfsemi eða fyrirtækjabankaþjónustu samanstendur af lánum með miklum líkum á vanefndum,

c) óhefðbundna staðalaðferðin veitir viðeigandi grundvöll til útreiknings á kröfu hennar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu.

320. gr.

Forsendur staðalaðferðarinnar

Forsendurnar sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 312. gr. eru eftirfarandi:

a) Stofnun skal búa yfir vandlega skráðu kerfi vegna mats og stjórnunar rekstraráhættu og skal ábyrgð innan kerfisins vera skýr. Hún skal tilgreina áhættuskuldbindingar sínar vegna rekstraráhættu og fylgjast með viðeigandi gögnum um rekstraráhættu, þ.m.t. gögnum um verulegt tap. Kerfið skal sæta reglubundinni óháðri endurskoðun af hendi innri eða ytri aðila sem hefur þá kunnáttu sem nauðsynleg er til að framkvæma slíka endurskoðun.

b) Matskerfi stofnunarinnar fyrir rekstraráhættu skal vera kyrfilega samþætt áhættustýringarferli stofnunarinnar. Niðurstaða þess skal vera óaðskiljanlegur hluti ferlisins við að vakta og hafa eftirlit með rekstraráhættusniði stofnunarinnar.

c) Stofnun skal sjá um framkvæmd kerfis um skýrslugjöf til framkvæmdastjórnar, sem skilar skýrslum um rekstraráhættu til viðkomandi starfssviða stofnunarinnar. Stofnun skal búa yfir verklagsreglum til að grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt upplýsingum í skýrslum til stjórnarinnar.

4. KAFLI

Þróaðar mæliaðferðir

321. gr.

Eigindlegar kröfur

Eigindlegu kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 312. gr. eru eftirfarandi:

a) innra matskerfi stofnunar fyrir rekstraráhættu skal vera kyrfilega samþætt daglegu áhættustýringarferli hennar,

b) stofnunin skal hafa sjálfstæða áhættustýringardeild vegna rekstraráhættu,

c) stofnun skal viðhafa reglubundna skýrslugjöf um áhættuskuldbindingar vegna rekstraráhættu og taps sem verður og hafa verklagsreglur um viðeigandi aðgerðir til úrbóta,

d) áhættustýringarkerfi stofnunar skal vera vandlega skjalfest, stofnun skal búa yfir starfsvenjum til að tryggja reglufylgni og stefnur um hvernig skuli tekið á því þegar reglum er ekki fylgt,

e) stofnun skal láta stjórnunarferli sín og matskerfi vegna rekstraráhættu sæta reglubundinni endurskoðun af hálfu innri eða ytri endurskoðenda,

f) sannreyningarferli stofnunar skal starfrækt á traustan og skilvirkan máta,

g) gagnaflæði og ferli sem tengjasat áhættumatskerfi stofnunar skulu vera gagnsæ og aðgengileg.

322. gr.

Megindlegar kröfur

1. Megindlegu kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 312. gr. ná yfir kröfur sem tengjast því ferli, innri gögnum, ytri gögnum, sviðsmyndagreiningu, viðskiptaumhverfi og þáttum innra eftirlits sem mælt er fyrir um í 2. eða 6. mgr., eftir því sem við á.

2. Kröfur sem varða ferli eru eftirfarandi:

a) Stofnun skal reikna út kröfu sína vegna eiginfjárgrunns eins og hún samanstandi bæði af væntu tapi og óvæntu tapi nema væntu tapi sé mætt á fullnægjandi hátt með innri viðskiptaháttum hennar. Mat á rekstraráhættu skal greina atburði í hala dreifingarinnar með mögulegar alvarlegar afleiðingar og standast kröfur um fjárhagslegt heilbrigði sem eru sambærilegar við 99,9% öryggisbil á eins árs tímabili.

b) Matskerfi stofnunar vegna rekstraráhættu skal fela í sér notkun innri gagna, ytri gagna, sviðsmyndagreiningar og þátta sem endurspegla viðskiptaumhverfið og innri eftirlitskerfi eins og þau eru sett fram í 3.–6. mgr. Stofnun skal búa yfir vandlega skjalfestri aðferð við að vega notkun þessara fjögurra þátta í heildarmatskerfi sínu vegna rekstraráhættu.

c) Áhættumatskerfi stofnunar skal greina meginhvata þeirrar áhættu sem hefur áhrif á lögun hala dreifingar áætlaðs taps.

d) Stofnun má einungis taka tillit til fylgni í tapi vegna rekstraráhættu á milli einstakra mata á rekstraráhættu ef kerfi hennar til að mæla fylgni eru traust, framkvæmd af heilindum og taka tillit til óvissu varðandi slíkt mat á fylgni, einkum á álagstímum. Stofnun skal sannreyna forsendur sínar fyrir fylgni með viðeigandi megindlegum og eigindlegum aðferðum.

e) Hættustjórnunarkerfi stofnunar skal vera samræmt innbyrðis og forðast að margtelja eigindlegt mat eða aðferðir til mildunar áhættu sem viðurkenndar eru á öðrum sviðum þessarar reglugerðar.

3. Kröfur sem varða innri gögn eru eftirfarandi:

a) Stofnun skal grundvalla innra mat sitt á rekstraráhættu á fimm ára sögulegu athugunartímabili, hið minnsta. Þegar stofnun færir sig í fyrsta sinn yfir í þróaða mæliaðferð má hún nota þriggja ára athugunartímabil.

b) Stofnun skal vera fær um að kortleggja innri gögn sín um sögulegt tap inn á viðskiptasviðin, sem skilgreind eru í 317. gr., og inn á atburðategundir, sem skilgreindar eru í 324. gr., og láta lögbærum yfirvöldum þessi gögn í té, óski þau eftir þeim. Í undantekningartilvikum má stofnun úthluta tapatburðum sem hafa áhrif á alla stofnunina á aukaviðskiptasviðið „liðir fyrirtækis“. Stofnun skal búa yfir skjalfestum, hlutlægum viðmiðunum við að dreifa tapi á tilgreind viðskiptasvið og tegundir atburða. Stofnun skal skrá tap vegna rekstraráhættu, sem tengist útlánaáhættu og sem stofnunin hefur í fortíð haft með í innri gagnagrunnum fyrir útlánaáhættu í gagnagrunnum fyrir rekstraráhættu, og tilgreina það sérstaklega. Slíkt tap skal ekki falla undir kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi rekstraráhættu, svo fremi að stofnuninni sé gert að halda áfram að fara með það sem útlánaáhættu að því er varðar útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns. Stofnun skal fella rekstraráhættutap, sem tengist markaðsáhættum, undir kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi rekstraráhættu.

c) Innri gögn stofnunar um tap skulu vera alhliða og veita upplýsingar um alla mikilvæga starfsemi og áhættuskuldbindingar vegna allra viðeigandi undirkerfa og landfræðilegra staðsetninga. Stofnun skal geta rökstutt að öll undanskilin starfsemi eða áhættuskuldbindingar, bæði einar sér og til samans, myndu ekki hafa veruleg áhrif á heildaráhættumatið. Stofnun skal skilgreina viðeigandi lágmarksviðmiðunarmörk taps að því er varðar innri gagnasöfnun um tap.

d) Fyrir utan upplýsingar um bruttófjárhæðir taps skal stofnun safna upplýsingum varðandi dagsetningu tapsatburðar, allar endurheimtur bruttófjárhæða taps, auk lýsandi upplýsinga um hvata eða orsakavalda tapsatburðar.

e) Stofnun skal hafa sértækar viðmiðanir fyrir dreifingu gagna um tap sem verður til vegna tapsatburðar á miðlægu starfssviði eða starfsemi sem nær yfir fleiri en eitt viðskiptasvið, svo og vegna tengdra tapsatburða til lengri tíma.

f) Stofnun skal hafa skjalfestar verklagsreglur til að meta viðvarandi mikilvægi sögulegra gagna um tap, þ.m.t. aðstæður þar sem heimilt er að nota matsákvörðun, skölun eða aðrar leiðréttingar, að hvaða marki þetta er heimilt og hver hefur vald til að taka ákvarðanir þar að lútandi.

4. Skilyrði sem varða ytri gögn eru eftirfarandi:

a) Matskerfi stofnunarinnar fyrir rekstraráhættu skal notast við viðeigandi ytri gögn, einkum ef ástæða er til að ætla að stofnunin verði fyrir fátíðu en mögulega alvarlegu tapi. Stofnun skal búa yfir kerfisbundnu ferli til að ákvarða við hvaða aðstæður nota skuli ytri gögn og ákvarða þá aðferðafræði sem nota skal til að fella gögnin inn í matskerfi sitt.

b) Stofnun skal reglubundið endurskoða skilyrði og starfsvenjur að því er varðar ytri gögn, skjalfesta þær og láta fara fram reglubundna óháða endurskoðun á þeim.

5. Stofnun skal nota sviðsmyndagreiningu byggða á sérfræðiáliti ásamt ytri gögnum við mat á áhættu gagnvart mjög alvarlegum atburðum. Stofnun skal sífellt sannreyna og endurmeta slíkt mat með samanburði við raunverulegt tap til að tryggja réttmæti þess.

6. Skilyrði sem varða viðskiptaumhverfi og þætti innra eftirlits eru eftirfarandi:

a) Áhættumatsaðferð stofnunar sem nær til fyrirtækisins í heild skal ná til grundvallarþátta viðskiptaumhverfis og innra eftirlits sem geta breytt rekstraráhættusniði hennar.

b) Stofnun skal rökstyðja valið á hverjum þætti sem þýðingarmiklum orsakavaldi áhættu, á grundvelli reynslu og mats sérfræðinga á viðkomandi rekstrarsviðum.

c) Stofnun skal geta rökstutt fyrir lögbærum yfirvöldum næmni áhættumatsins fyrir breytingum á þáttunum og hlutfallslegu vægi hinna ýmsu þátta. Auk þess að greina breytingar á áhættu vegna úrbóta í áhættueftirliti skal áhættumatsrammi stofnunar einnig ná til hugsanlegrar áhættuaukningar vegna þess að starfsemi verður flóknari eða umfang viðskipta eykst.

d) Stofnun skal skjalfesta áhættumatsramma sinn og láta fara fram óháða endurskoðun á honum innan stofnunarinnar og af hálfu lögbærra yfirvalda. Stofnun skal til lengri tíma sannreyna og endurmeta ferlið og niðurstöðurnar með samanburði við raunverulegt innra tap og viðeigandi ytri gögn.

323. gr.

Áhrif trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu

1. Lögbær yfirvöld skulu leyfa stofnunum að færa áhrif trygginga, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í 2.–5. mgr., og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu, geti stofnunin sýnt fram á að markverðum áhættumildunaráhrifum sé náð.

2. Veitanda tryggingar skal heimilað að veita tryggingu eða endurtryggingu og hann skal hafa lágmarksmat, frá viðurkenndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, á getu sinni til að greiða kröfur, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin telur vera í samræmi við 3. lánshæfisþrep eða ofar, í samræmi við reglur um áhættuvogun áhættuskuldbindinga vegna stofnana skv. 2. kafla II. bálks.

3. Tryggingin og tryggingarammi stofnunarinnar skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) Upphaflegur gildistími vátryggingarsamningsins er ekki skemmri en eitt ár. Að því er varðar samninga þar sem innan við eitt ár er eftir af gildistímanum skal stofnunin grípa til viðeigandi frádraga (e. *haircuts*) sem endurspegla hvernig eftirstöðvatími samningsins styttist smám saman, sem nemur allt að 100% skerðingu vegna samninga með eftirstöðvatíma sem er 90 dagar eða styttri,

b) Vátryggingarsamningurinn hefur að lágmarki 90 daga uppsagnarfrest.

c) Vátryggingarsamningurinn felur ekki í sér undanþágur eða takmarkanir, sem orsakast af eftirlitsaðgerðum eða, ef stofnun verður ógjaldfær, sem koma í veg fyrir að skiptastjóri eða slitastjóri stofnunar fái upp í kostnað vegna skaða sem stofnun hefur orðið fyrir eða útgjalda sem hún hefur stofnað til nema um sé að ræða atburði sem eiga sér stað eftir að skiptameðferð eða slitameðferð er hafin að því er varðar stofnunina. Vátryggingarsamningurinn má hins vegar undanskilja sektir, févíti eða refsibætur sem stafa af aðgerðum af hálfu lögbærra yfirvalda.

d) Útreikningurinn á áhættumildun skal endurspegla tryggingaverndina á gagnsæjan hátt í tengslum við og í samræmi við raunverulegar líkur á tapi og áhrifin af tapi sem notuð eru við heildarákvörðun eigin fjár til að mæta rekstraráhættu.

e) Vátryggingin er veitt af þriðja aðila. Í tilviki trygginga í gegnum bundin (e. *captive*) eða tengd félög skal áhættuskuldbindingin yfirfærð til óháðs þriðja aðila sem uppfyllir skilyrðin um hæfi sem sett eru fram í 2. mgr.

f) Ramminn um færslu trygginga er vel rökstuddur og skjalfestur.

4. Aðferðafræðin við færslu trygginga skal, með afföllum og frádrögum fjárhæða varðandi tryggingarfjárhæðina, ná yfir alla eftirfarandi þætti:

a) Eftirstöðvatíma vátryggingarsamnings, ef hann er skemmri en eitt ár.

b) Uppsagnarskilmála vátryggingar, ef uppsagnarfrestur er skemmri en eitt ár.

c) Óvissu um greiðslu auk hvers konar misræmis á gildissviði vátryggingarsamninga.

5. Lækkun krafna vegna eiginfjárgrunns sem leiðir af færslu trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu má ekki vera umfram 20% af kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi rekstraráhættu áður en tillit er tekið til aðferða til að milda áhættu.

324. gr.

Flokkun tapatburða

Tegundir tapatburða sem um getur í b-lið 3. mgr. 322. gr. eru eftirfarandi:

Tafla 3

Tegund atburðar	Skilgreining
Innri svik	Tap vegna aðgerða sem ætlaðar eru til að svíkja út fé, draga sér eignir eða sniðganga reglur, lög eða stefnu fyrirtækis, að undanskildum atburðum er varða fjölbreytileika/mismunun, sem varða a.m.k. einn innri aðila
Ytri svik	Tap vegna aðgerða þriðja aðila, sem ætlaðar eru til að svíkja út fé, draga sér eignir eða sniðganga lög
Starfsmannamál og öryggi á vinnustað	Tap vegna aðgerða sem brjóta í bága við vinnu-, heilsu- eða öryggislöggjöf eða -samkomulag, vegna greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns, eða vegna atburða tengdum fjölbreytileika/mismunun
Viðskiptavinir, afurðir og viðskiptahættir	Tap vegna þess að skyldur gagnvart tilteknum viðskiptavinum (þ.m.t. fjárvörslu- eða hæfiskröfur) eru ekki uppfylltar, óviljandi eða sökum vanrækslu, eða vegna eðlis eða gerðar afurðar
Tjón á áþreifanlegum eignum	Tap vegna taps eða tjóns á áþreifanlegum eignum vegna náttúruhamfara eða annarra atburða
Röskun á viðskiptum og kerfisbilanir	Tap vegna röskunar á viðskiptum eða vegna kerfisbilana
Framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar	Tap sökum misheppnaðrar úrvinnslu viðskipta eða vinnslustjórnunar vegna tengsla við mótaðila í viðskiptum og seljendur

IV. BÁLKUR

KRÖFUR VEGNA EIGINFJÁRGRUNNS AÐ ÞVÍ ER VARÐAR MARKAÐSÁHÆTTU

1. KAFLI

Almenn ákvæði

325. gr.

Útreikningur á kröfum samstæðu

1. Með fyrirvara um 2. mgr. og einungis í þeim tilgangi að reikna út hreinar stöður og kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þennan bálk á samstæðugrunni mega stofnanir nota stöður í einni stofnun eða fyrirtæki til að vega á móti stöðum í annarri stofnun eða fyrirtæki.

2. Stofnanir mega einungis beita 1. mgr. að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda, sem skal veitt ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) að skiptingu eiginfjárgrunns innan samstæðunnar sé fullnægjandi,

b) að reglur, lagareglur eða samningar, sem gilda um þessar stofnanir, tryggi gagnkvæman fjárhagsstuðning innan samstæðunnar.

3. Séu fyrirtæki staðsett í þriðju löndum skulu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt, til viðbótar við skilyrðin í 2. mgr.:

a) að slík fyrirtæki hafi hlotið starfsleyfi í þriðja landi og annaðhvort fullnægi skilgreiningunni á lánastofnun eða séu viðurkennd verðbréfafyrirtæki í þriðja landi,

b) að slík fyrirtæki hlíti, á einingargrundvelli, reglum um kröfur vegna eiginfjárgrunns jafngildum þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

c) að engar reglugerðir séu til í viðkomandi þriðju löndum sem geta haft veruleg áhrif á flutninga sjóða innan samstæðunnar.

2. KAFLI

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáhættu

1. þáttur

Almennt ákvæði og tilteknir gerningar

326. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáhættu

Krafa stofnunar vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu skal vera summa krafna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar almenna og sértæka áhættu staðna hennar í skulda- og hlutabréfagerningum. Farið skal með verðbréfaðar stöður í veltubók sem skuldagerninga.

327. gr.

Útreikningur á hreinni stöðu

1. Tölugildi gnótt- (skort-) staðna stofnunar umfram skort- (gnótt-) stöður í sömu hlutabréfum, skuldabréfum og breytanlegum verðbréfum og sams konar stöðluðum framvirkum samningum, valréttum, kaupréttum og vörðum kaupréttum skal vera hrein staða hennar í hverjum þessara mismunandi gerninga. Við útreikning á hreinni stöðu skal farið með stöður í afleiðugerningum eins og mælt er fyrir um í 328. og 330. gr. Við útreikning á eiginfjárkröfum vegna sértækrar áhættu skv. 336. gr. skulu eignarhlutir stofnunarinnar í eigin skuldagerningum ekki taldir með.

2. Ekki skal jafna breytanlegu verðbréfi á móti samsvarandi stöðu í undirliggjandi gerningi nema lögbær yfirvöld samþykki aðferð sem tekur mið af líkum þess að ákveðnu breytanlegu verðbréfi sé breytt eða geri kröfu um eigið fé til að standa undir tapi sem breyting gæti haft í för með sér. Tilkynna skal slíkar aðferðir eða kröfur vegna eiginfjárgrunns til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsvenjum á þessu sviði og skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur.

3. Daglega skal reikna allar hreinar stöður, án tillits til formerkja og á gildandi stundargengi, yfir í reikningsskilagjaldmiðil stofnunarinnar áður en þær eru lagðar saman.

328. gr.

Staðlaðir framvirkir vaxtasamningar og framvirkir samningar

1. Fara skal með staðlaða framvirka vaxtasamninga, framvirka vaxtasamninga (FRA) og framvirkar skuldbindingar um að kaupa eða selja skuldagerninga sem samsetningar á gnótt- og skortstöðum. Þannig skal fara með gnóttstöðu í stöðluðum, framvirkum vaxtasamningum sem samsetningu af láni, sem fellur í gjalddaga á afhendingardegi staðlaða, framvirka samningsins, og eignarhlut með sama gjalddaga og undirliggjandi gerningur eða undirliggjandi grundvallarfjárhæð umrædds staðlaðs, framvirks samnings. Eins er farið með seldan framvirkan vaxtasamning sem gnóttstöðu með gjalddaga á uppgjörsdegi, að viðbættu samningstímabilinu, og sem skortstöðu með gjalddaga á uppgjörsdegi. Bæði lánið og eignarhlutann skal setja í fyrsta flokkinn sem tilgreindur er í töflu 1 í 336. gr. til þess að reikna kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu vegna staðlaðra, framvirkra vaxtasamninga. Fara skal með framvirka skuldbindingu um að kaupa skuldagerning sem samsetningu af láni sem fellur í gjalddaga á afhendingardegi og gnótt- (nú-) stöðu í sjálfum skuldagerningnum. Lántökuna skal setja í fyrsta flokkinn sem tilgreindur er í töflu 1 í 336. gr. vegna sértækrar áhættu og skuldagerninginn í þann dálk sem við á í sömu töflu.

2. Að því er varðar þessa grein er „gnóttstaða“ staða sem stofnun hefur ákveðið að gefi af sér tiltekna vexti, sem hún fær síðar, og „skortstaða“ staða sem stofnun hefur ákveðið að gefi af sér tiltekna vexti sem hún greiðir síðar.

329. gr.

Valréttir og kaupréttir

1. Að því er þennan kafla varðar skal fara með valrétti og kauprétti, sem byggjast á vöxtum, skuldagerningum, hlutabréfum, hlutabréfavísitölum, stöðluðum framvirkum samningum, skiptasamningum og erlendum gjaldmiðli, eins og um væri að ræða stöður sem hafa sama verðgildi og fjárhæð undirliggjandi gernings, sem valrétturinn vísar til, margfaldaðar með deltastuðlinum. Framangreindum stöðum má jafna á móti hvaða stöðu sem er í sams konar undirliggjandi verðbréfum eða afleiðum. Nota skal deltastuðul viðkomandi kauphallar. Að því er varðar OTC-valrétti, eða ef deltastuðull er ekki fáanlegur frá viðkomandi kauphöll, má stofnun reikna deltastuðulinn út sjálf með viðeigandi líkani, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda. Veita ber leyfið ef líkanið skilar viðunandi mati á tíðni breytinga á verðgildi valréttarins eða kaupréttarins að því er varðar minniháttar breytingar á markaðsverði undirliggjandi gernings.

2. Stofnanir skulu endurspegla á fullnægjandi hátt í kröfum vegna eiginfjárgrunns aðrar áhættur en deltastuðulsáhættu, sem tengjast valréttunum.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem skilgreindar eru aðferðir til að endurspegla í kröfum vegna eiginfjárgrunns aðrar áhættur en betastuðulsáhættu, sem um getur í 2. mgr., með þeim hætti sem er í samræmi við umfang starfsemi stofnana tengdri valréttum og kaupréttum og það hve flókin hún er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Áður en að gildistöku tæknistaðlanna sem um getur í 3. mgr. kemur mega lögbær yfirvöld halda áfram að beita gildandi landsbundinni meðferð, hafi lögbær yfirvöld beitt þeim aðferðum fyrir 31. desember 2013.

330. gr.

Skiptasamningar

Með hliðsjón af vaxtaáhættu skal fara með skiptasamninga á sama hátt og gerninga innan efnahagsreiknings. Því skal fara með vaxtaskiptasamning, sem stofnunin fær breytilega vexti af og greiðir fasta vexti af, eins og um væri að ræða jafngilda gnóttstöðu í gerningi með breytilegum vöxtum og binditíma sem er jafn langur og tímabilið þar til nýir vextir verða ákveðnir og skortstöðu í gerningi með föstum vöxtum með sama binditíma og vaxtaskiptasamningurinn sjálfur.

331. gr.

Vaxtaáhætta tengd afleiðugerningum

1. Stofnunum sem meta afleiðugerninga sem um getur í 328.–330. gr. á markaðsviðri og stýra vaxtaáhættu tengdri þeim, á grundvelli núvirts greiðsluflæðis, er heimilt að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda að nota næmilíkön til að reikna út stöðurnar sem um getur í þeim greinum og er þeim heimilt að nota þau fyrir skuldabréf sem eru greidd upp á því sem eftir er af lánstímanum en ekki í einni lokagreiðslu höfuðstóls. Veita ber leyfið ef líkönin mynda stöður sem hafa sömu næmi gagnvart vaxtabreytingum og undirliggjandi greiðsluflæði. Þetta næmi skal metið með hliðsjón af óháðum hreyfingum á völdum punktum á ávöxtunarferlinum með að minnsta kosti einn næmipunkt í hverjum binditímaflokki sem sýndur er í töflu 2 í 339. gr. Stöðurnar skulu taldar með við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns í tengslum við almenna áhættu vegna skuldagerninga.

2. Stofnanir sem nota ekki líkönin í 1. gr. mega jafna stöðum í afleiðugerningum, sem um getur í 328.–330. gr., á móti hver annarri að fullu ef þær uppfylla að minnsta kosti eftirfarandi skilyrði:

a) stöðurnar hafa sama verðgildi og eru tilgreindar í sama gjaldmiðli,

b) viðmiðunarvextir (fyrir stöður með breytilega vexti) eða vaxtamiðar (fyrir stöður með fasta vexti) eru samsvarandi,

c) næsta dagsetning fyrir ákvörðun vaxta, eða vaxtatíminn sem eftir er þegar um er að ræða stöður með fasta vaxtamiða, samsvara eftirfarandi takmörkum:

   i. minna en einn mánuður þangað til: sama dag,

   ii. einn mánuður til eitt ár þangað til: innan sjö daga,

   iii. meira en eitt ár þangað til: innan 30 daga.

332. gr.

Lánaafleiður

1. Við útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns í tengslum við almenna og sértæka áhættu vegna aðilans sem tekur á sig útlánaáhættuna („seljanda varnarinnar“) skal, nema annað sé tekið fram, nota grundvallarfjárhæð lánaafleiðusamningsins. Þrátt fyrir fyrsta málslið má stofnun velja að skipta grundvallarfjárhæð út fyrir grundvallarfjárhæð auk nettóbreytingar á markaðsvirði lánaafleiðunnar frá upphafi viðskipta, þar sem neikvæð nettóbreyting frá sjónarhóli seljanda varnarinnar ber neikvætt formerki. Við útreikning á eiginfjárkröfu í tengslum við sértæka áhættu, nema að því er varðar heildarskiptasamninga, skal nota líftíma lánaafleiðusamningsins frekar en líftíma skuldbindingarinnar. Stöður eru ákvarðaðar sem hér segir:

a) heildarskiptasamningur myndar gnóttstöðu í almennri áhættu tilgreindu skuldbindingarinnar og skortstöðu í almennri áhættu ríkisskuldabréfs með binditíma sem er jafn langur og tímabilið þar til nýir vextir verða ákveðnir og sem fá 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks. Hún myndar einnig gnóttstöðu í sértækri áhættu tilgreindu skuldbindingarinnar.

b) Skuldatrygging (e. *credit default swap*) myndar ekki stöðu að því er varðar almenna áhættu. Að því er varðar sérstaka áhættu skal stofnunin skrá gervignóttstöðu í skuldbindingu tilgreinda aðilans nema afleiðan hafi verið metin af óháðum aðila og uppfylli skilyrði fullgilds skuldaliðar, en í því tilviki skal skrá gnóttstöðu í afleiðunni. Ef greiða þarf álag eða vexti af afurðinni skal setja það sjóðstreymi fram sem grundvallarfjárhæðir í ríkisskuldabréfum.

c) Lánshæfistengt skuldabréf gagnvart einum aðila (e. *single name*) myndar gnóttstöðu í almennri áhættu skuldabréfsins sjálfs, sem vaxtaafurð. Að því er varðar sértæka áhættu myndast gervignóttstaða í skuldbindingu tilgreinda aðilans. Frekari gnóttstaða myndast í útgefanda skuldabréfsins. Ef lánshæfistengda skuldabréfið hefur fengið ytra mat og uppfyllir skilyrði fullgilds skuldaliðar þarf aðeins að skrá eina gnóttstöðu með sértækri áhættu skuldabréfsins.

d) Auk gnóttstöðu í sértækri áhættu útgefanda skuldabréfsins myndar lánshæfistengt skuldabréf gagnvart mörgum aðilum (e. *multiple name*), sem veitir hlutfallslega vörn, stöðu í sérhverjum tilgreindum aðila og er samanlagðri grundvallarfjárhæð samningsins úthlutað á mismunandi stöður eftir því hve stóran hluta af heildargrundvallarfjárhæðinni hver áhættuskuldbinding vegna tilgreinds aðila myndar. Ef unnt er að velja fleiri en eina skuldbindingu tilgreinds aðila er það skuldbindingin með hæstu áhættuvogina sem ákvarðar sértæku áhættuna.

e) Lánaafleiða sem byggist á fyrsta vanskilaaðila (e. *first-asset-to-default credit derivative*) myndar stöðu fyrir grundvallarfjárhæðina í skuldbindingu hvers tilgreinds aðila. Ef hámarksgreiðsla vegna skuldaviðburðar (e. *credit event*) er lægri en krafa vegna eiginfjárgrunns samkvæmt aðferðinni í fyrsta málslið þessa liðar má líta á hámarksfjárhæð greiðslunnar sem kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu.

Lánaafleiða sem byggist á n-ta vanskilaaðila (e. *n-th-asset-to-default credit derivative*) myndar stöðu fyrir grundvallarfjárhæðina í skuldbindingu hvers tilgreinds aðila að frádregnum n-1 tilgreindum aðilum með lægstu kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu. Ef hámarksgreiðsla vegna skuldaviðburðar (e. *credit event*) er lægri en krafa vegna eiginfjárgrunns samkvæmt aðferðinni í fyrsta málslið þessa liðar má líta á þá fjárhæð sem kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu.

Ef lánaafleiða sem byggist á n-ta vanskilaaðila hefur verið metin af óháðum aðila skal seljandi varnarinnar reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu með hliðsjón af matinu á afleiðunni og beita viðkomandi áhættuvogum verðbréfunar, eftir því sem við á.

2. Að því er varðar aðilann sem yfirfærir útlánaáhættu („kaupandi varnarinnar“) eru stöðurnar ákvarðaðar sem spegilmynd af seljanda varnarinnar, að undanskildu lánshæfistengdu skuldabréfi (sem leiðir ekki af sér skortstöðu í útgefandanum). Við útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir kaupanda varnarinnar skal nota grundvallarfjárhæð lánaafleiðusamningsins. Þrátt fyrir fyrsta málslið má stofnun velja að skipta grundvallarfjárhæð út fyrir grundvallarfjárhæð auk nettóbreytingar á markaðsvirði lánaafleiðunnar frá upphafi viðskipta, þar sem neikvæð nettóbreyting frá sjónarhóli seljanda varnarinnar ber neikvætt formerki. Ef um er að ræða kauprétt ásamt verðaukningu (e. *step-up*) á tilteknum tíma skal sá tímapunktur teljast gjalddagi varnarinnar.

3. Lánaafleiður í samræmi við 1. eða 3. mgr. 338. gr. skulu einungis taldar með við ákvörðun á kröfu vegna eiginfjárgrunns í tengslum við sértæka áhættu í samræmi við 4. mgr. 338. gr.

333. gr.

Verðbréf seld samkvæmt endurhverfum verðbréfakaupum eða lánuð

Sá sem framselur verðbréf, eða tryggð réttindi sem tengjast eignarhaldi á verðbréfum, í endurhverfum verðbréfakaupum og sá sem lánar verðbréf í verðbréfalánveitingu skal telja þessi verðbréf með við útreikning á kröfu sinni vegna eiginfjárgrunns samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að slík verðbréf séu stöður í veltubók.

2. þáttur

Skuldagerningar

334. gr.

Hreinar stöður í skuldagerningum

Hreinar stöður skulu flokkaðar í samræmi við gjaldmiðilinn sem þær eru tilgreindar í og krafa vegna eiginfjárgrunns varðandi almenna og sértæka áhættu er reiknuð í hverjum gjaldmiðli fyrir sig.

1. undirþáttur

Sértæk áhætta

335. gr.

Hámark á kröfu vegna eiginfjárgrunns að því varðar hreina stöðu

Stofnun má takmarka kröfu vegna eiginfjárgrunns í tengslum við sértæka áhættu hreinnar stöðu í skuldagerningum við mesta mögulega tap tengt vanskilaáhættu. Að því er varðar skortstöður má reikna þetta hámark út sem breytingu á virði sökum þess að gerningurinn eða, ef við á, undirliggjandi aðilar verða skyndilega án vanskilaáhættu.

336. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar skuldagerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Stofnunin skal færa hreinar stöður sínar í veltubókinni í gerningum sem eru ekki verðbréfaðar stöður eins og þær eru reiknaðar í samræmi við 327. gr., í viðeigandi flokka í töflu 1 á grundvelli útgefanda eða loforðsgjafa þeirra, ytra eða innra lánshæfismats og þess sem eftir lifir af binditíma og síðan margfalda þær með þeim vogum sem taflan sýnir. Hún skal leggja saman vegnar stöður sínar, sem beiting þessarar greinar skilar, án tillits til þess hvort þær eru gnótt- eða skortstöður, til að reikna út kröfu sína vegna eiginfjárgrunns á móti sértækri áhættu.

Tafla 1

Flokkar	Krafa vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu
Skuldabréf sem myndu fá 0% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu.	0%
Skuldabréf sem myndu fá 20% eða 50% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu og aðrir fullgildir liðir samkvæmt skilgreiningu í 4. mgr.	0,25% (tíminn, sem eftir er til lokagjalddaga, er 6 mánuðir eða styttri) 1,00% (tíminn, sem eftir er til lokagjalddaga, er lengri en 6 mánuðir til og með 24 mánuðir) 1,60% (tíminn, sem eftir er til lokagjalddaga, er lengri en 24 mánuðir)
Skuldabréf sem myndu fá 100% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu.	8,00%
Skuldabréf sem myndu fá 150% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinn fyrir útlánaáhættu.	12,00%

2. Að því er varðar stofnanir sem beita innramatsaðferðinni á þann flokk áhættuskuldbindinga sem útgefandi skuldagerningsins tilheyrir skal útgefandi áhættuskuldbindingarinnar, til að uppfylla skilyrði fyrir áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu sem um getur í 1. mgr., hafa innra mat með líkur á vanefndum sem eru jafnar eða lægri en þær sem tengjast viðeigandi lánshæfisþrepi samkvæmt staðalaðferðinni.

3. Stofnanir mega reikna út kröfur varðandi sértæka áhættu fyrir skuldabréf sem uppfylla skilyrði fyrir 10% áhættuvog í samræmi við meðferðina sem sett er fram í 4., 5. og 6. mgr. 129. gr. sem helminginn af viðeigandi kröfu vegna eiginfjárgrunns í tengslum við sértæka áhættu, að því er varðar annan flokkinn í töflu 1.

4. Aðrir fullgildir liðir eru:

a) gnótt- og skortstöður í eignum sem ekki hafa hlotið lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki og sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   i. viðkomandi stofnun telur þær vera nægilega auðseljanlegar,

   ii. fjárfestingargæði þeirra eru, samkvæmt mati stofnunarinnar, að minnsta kosti jöfn fjárfestingargæðum eignanna sem um getur í annarri línu í töflu 1,

   iii. þær eru skráðar á að minnsta kosti einum skipulegum markaði í aðildarríki eða á kauphöll í þriðja landi, að því tilskildu að kauphöllin sé viðurkennd af lögbærum yfirvöldum í viðkomandi aðildarríki,

b) gnótt- og skortstöður í eignum, útgefnum af stofnunum sem lúta kröfum vegna eiginfjárgrunns sem eru settar fram í þessari reglugerð, sem hlutaðeigandi stofnun telur nægilega auðseljanlegar og af fjárfestingargæðum sem eru, samkvæmt mati stofnunarinnar, að minnsta kosti jöfn fjárfestingargæðum eignanna sem um getur í annarri línu í töflu 1,

c) verðbréf útgefin af stofnunum sem teljast af sama eða betra lánshæfi en þær stofnanir sem tengjast 2. lánshæfisþrepi samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu áhættuskuldbindinga vegna stofnana og heyra undir reglu- og eftirlitsfyrirkomulag sambærilegt því sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB.

Stofnanir, sem nýta sér a- eða b-lið, skulu búa yfir skjalfestri aðferðafræði til að meta hvort eignir uppfylla kröfurnar í þeim liðum og skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um þessa aðferðafræði.

337. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar verðbréfaða gerninga

1. Að því er varðar gerninga í veltubókinni, sem eru verðbréfaðar stöður, skal stofnunin vega hreinar stöður sínar, eins og þær eru reiknaðar út í samræmi við 1. mgr. 327. gr., með eftirfarandi:

a) 8%af áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni eins og hún er sett fram í 3. þætti 5. kafla II. bálks, að því er varðar verðbréfaðar stöður sem myndu falla undir staðalaðferðina fyrir útlánaáhættu utan veltubókar hjá sömu stofnun,

b) 8% af áhættuvog samkvæmt innramatsaðferðinni eins og hún er sett fram í 3. þætti 5. kafla II. bálks, að því er varðar verðbréfaðar stöður sem myndu heyra undir innramatsaðferðina utan veltubókar hjá sömu stofnun.

2. Nota má eftirlitsformúluaðferðina, sem sett er fram í 262. gr., ef stofnunin getur unnið mat á líkum á vanefndum og, eftir atvikum, áhættuskuldbindingarvirði og tapi að gefnum vanefndum til að nota við eftirlitsformúluaðferðina samkvæmt reglunum um mat á þessum færibreytum í innramatsaðferðinni í samræmi við 3. kafla II. bálks.

Stofnun, önnur en útgáfulánastofnun, sem gæti notað aðferðina fyrir sömu verðbréfuðu stöðu utan veltubókar má einungis nota þá aðferð með leyfi lögbærra yfirvalda, sem skulu veita það ef stofnunin uppfyllir skilyrði fyrstu undirgreinar.

Einnig má ákvarða mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum til að nota við eftirlitsformúlaðferðina á grundvelli mats sem leiðir af aðferð stofnunar við að reikna út kröfu vegna aukinnar áhættu (e. *IRC approach*) ef hún hefur hlotið leyfi til að nota eigið líkan vegna sértækrar áhættu skuldagerninga. Síðastnefnda valmöguleikann má einungis nota með leyfi lögbærra yfirvalda, sem þau skulu veita ef umrætt mat uppfyllir megindlegar kröfur um innramatsaðferðina sem sett er fram í 3.kafla II. bálks.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gefa út viðmiðunarreglur um notkun mats á líkum að gefnum vanefndum og tapi að gefnum vanefndum þegar matið er byggt á aðferð við að reikna út kröfu vegna aukinnar áhættu.

3. Að því er varðar verðbréfaðar stöður sem falla undir viðbótaráhættuvog í samræmi við 407. gr. skal nota 8% af heildaráhættuvog.

Að undanskildum verðbréfuðum stöðum sem farið er með í samræmi við 4. mgr. 388. gr. skal stofnun leggja saman vegnar stöður sínar, sem beiting þessarar greinar skilar (án tillits til þess hvort þær eru gnótt- eða skortstöður) til að reikna út kröfu sína vegna eiginfjárgrunns á móti sértækri áhættu.

4. Þrátt fyrir aðra undirgrein 3. gr. skal stofnunin leggja saman hreinar vegnar gnóttstöður annars vegar og hreinar vegnar skortstöður hins vegar, fyrir umbreytingartímabil sem lýkur 31. desember 2014. Sú þessara fjárhæða sem hærri er segir til um kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sérstaka áhættu. Stofnunin skal þó, ársfjórðungslega, skýra lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis frá heildarsummu hreinna veginna gnótt- og skortstaðna sinna, sundurliðaðri eftir tegundum undirliggjandi eigna.

5. Ef útgáfulánastofnun hefðbundinnar verðbréfunar uppfyllir ekki skilyrði fyrir verulegri yfirfærslu áhættu í 243. gr. skal hún við útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns samkvæmt þessari grein taka með verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar í stað verðbréfaðra staðna sinna vegna þeirrar verðbréfunar.

Ef útgáfulánastofnun gerviverðbréfunar uppfyllir ekki skilyrði fyrir verulegri yfirfærslu áhættu í 244. gr. skal hún við útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns samkvæmt þessari grein taka með verðbréfaðar áhættuskuldbindingar vegna þessarar verðbréfunar, en ekki nokkra útlánavörn sem fæst fyrir verðbréfaða eignasafnið.

338. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar fylgniviðskiptasafnið

1. Fylgniviðskiptasafn samanstendur af verðbréfuðum stöðum og lánaafleiðum sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) stöðurnar eru hvorki endurverðbréfaðar stöður né valréttir á áhættulag verðbréfunar, né annars konar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem ekki veita hlutfallslegan ágóða af ávinningi af áhættulagi verðbréfunar,

b) allir viðmiðunargerningar eru annað eftirfarandi:

   i. gerningar gagnvart einum aðila, þ.m.t. lánaafleiður, gagnvart einum aðila, þar sem markaður er fyrir hendi fyrir kaup- og söluviðskipti með þá,

   ii. vísitölur sem átt eru viðskipti með og sem byggja á viðkomandi tilgreindum aðilum.

Litið er svo á að markaður fyrir kaup og sölu sé fyrir hendi ef fyrir liggja óháð kaup- og sölutilboð, sem lögð eru fram í góðri trú, svo að unnt sé að ákvarða sanngjarnt verð miðað við síðasta söluverð, eða gildandi, samkeppnishæfa verðskrá, innan eins dags og gera upp á verði, sem þannig er myndað, innan tiltölulega skamms tíma í samræmi við viðskiptavenjur.

2. Stöður sem miða við eitthvað af eftirfarandi skulu ekki vera hluti af fylgniviðskiptasafni:

a) undirliggjandi gerninga sem mögulegt er að setja í flokkinn „smásöluáhættuskuldbindingar “eða flokkinn „áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum“ samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu stofnunar utan veltubókar,

b) kröfu á sérstakan verðbréfunaraðila, sem tryggð er, beint eða óbeint, með stöðu sem sjálf myndi ekki uppfylla skilyrði til að vera í fylgniviðskiptasafninu í samræmi við 1. mgr. og þessa málsgrein.

3. Stofnun getur talið með í fylgniviðskiptasafni stöður sem hvorki eru verðbréfaðar stöður né lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila heldur stöður sem verja aðrar stöður í safninu, að því tilskildu að virkur kaup- og sölumarkaður eins og lýst er í síðustu undirgrein 1. mgr. sé til staðar fyrir gerninginn eða undirliggjandi gerninga.

4. Stofnun skal ákvarða þá fjárhæð eftirfarandi fjárhæða sem hærri er sem kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu fyrir fylgniviðskiptasafnið:

a) heildarkröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu sem myndi aðeins gilda um hreinar gnóttstöður í fylgniviðskiptasafninu,

b) heildarkröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu sem myndi aðeins gilda um hreinar skortstöður í fylgniviðskiptasafninu.

2. undirþáttur

Almenn áhætta

339. gr.

Útreikningur almennrar áhættu með hliðsjón af binditíma

1. Til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns á móti almennri áhættu skal vega allar stöður miðað við binditíma eins og útskýrt er í 2. mgr. til að finna út þá fjárhæð eiginfjárgrunns sem þarf á móti þeim. Lækka skal kröfuna þegar um er að ræða vegna stöðu samhliða gagnstæðri, veginni stöðu í sama binditímaflokki. Einnig er heimilt að lækka kröfuna þegar gagnstæðu vegnu stöðurnar eru í mismunandi binditímaflokkum og fer lækkunin bæði eftir því hvort báðar stöðurnar eru á sama svæði eða ekki og hvaða svæði þær heyra undir.

2. Stofnunin skal setja hreinar stöður sínar í viðeigandi binditímaflokka í 2. eða 3. dálki, eftir því sem við á, í töflu 2 í 4. mgr. Hún skal gera það á grundvelli þess sem eftir lifir af binditíma þegar um er að ræða gerninga með föstum vöxtum og á grundvelli þess tíma þar til vextirnir eru ákveðnir á ný þegar um er að ræða gerninga með vöxtum sem breytast fyrir lokagjalddaga. Hún skal einnig greina á milli skuldagerninga með 3% vaxtamiða eða meira og þeirra sem eru með vaxtamiðum undir 3% og setja þá í 2. eða 3. dálk í töflu 2. Hún skal síðan margfalda hvern þeirra með voginni fyrir viðkomandi binditímaflokk í 4. dálki í töflu 2.

3. Síðan skal stofnunin reikna samtölu veginna gnóttstaðna og samtölu veginna skortstaðna í hverjum binditímaflokki. Fjárhæð hinna fyrri, sem eru jafnaðar gagnvart hinum síðari í tilteknum binditímaflokki, skal vera jöfnuð, vegin staða í þeim flokki, en það sem eftir verður af gnótt- eða skortstöðu skal vera ójöfnuð, vegin staða í sama flokki. Síðan er samtala jafnaðra, veginna staðna í öllum flokkum reiknuð.

4. Stofnunin skal reikna samtölur ójafnaðra, veginna gnóttstaðna fyrir flokka á hverju svæði í töflu 2 til að finna ójafnaða, vegna gnóttstöðu fyrir hvert svæði. Á sama hátt skal reikna samtölu ójafnaðra, veginna skortstaðna fyrir hvern flokk á sérstöku svæði til að finna út ójafnaða, vegna skortstöðu fyrir það svæði. Sá hluti ójafnaðrar, veginnar gnóttstöðu á tilteknu svæði sem er jafnaður með ójafnaðri veginni skortstöðu fyrir sama svæði skal vera jafnaða, vegna staðan fyrir það svæði. Sá hluti ójafnaðrar, veginnar gnóttstöðu eða ójafnaðrar, veginnar skortstöðu fyrir svæði sem ekki er hægt að jafna á þennan hátt skal vera ójafnaða, vegna staðan fyrir það svæði.

Tafla 2

Svæði	Binditímaflokkur		Vog (í%)	Vaxtabreytingar sem gengið er út frá (í%)
	3% vaxtamiði eða meira	Vaxtamiði undir 3%		
Eitt	0 ≤1 mánuður	0 ≤1 mánuður	0,00	—
	> 1 ≤ 3 mánuðir	> 1 ≤ 3 mánuðir	0,20	1,00
	> 3 ≤ 6 mánuðir	> 3 ≤ 6 mánuðir	0,40	1,00
	> 6 ≤ 12 mánuðir	> 6 ≤ 12 mánuðir	0,70	1,00
Tvö	> 1 ≤ 2 ár	> 1,0 ≤ 1,9 ár	1,25	0,90
	> 2 ≤ 3 ár	> 1,9 ≤ 2,8 ár	1,75	0,80
	> 3 ≤ 4 ár	> 2,8 ≤ 3,6 ár	2,25	0,75
Þrjú	> 4 ≤ 5 ár	> 3,6 ≤ 4,3 ár	2,75	0,75
	> 5 ≤ 7 ár	> 4,3 ≤ 5,7 ár	3,25	0,70
	> 7 ≤ 10 ár	> 5,7 ≤ 7,3 ár	3,75	0,65
	> 10 ≤ 15 ár	> 7,3 ≤ 9,3 ár	4,50	0,60
	> 15 ≤ 20 ár	> 9,3 ≤ 10,6 ár	5,25	0,60
	> 20 ár	> 10,6 ≤ 12,0 ár	6,00	0,60
		> 12,0 ≤ 20,0 ár	8,00	0,60
		> 20 ár	12,50	0,60

5. Fjárhæð ójafnaðrar, veginnar gnótt- eða skortstöðu á svæði eitt, sem er jöfnuð með ójafnaðri, veginni skort- eða gnóttstöðu á svæði tvö, er síðan jöfnuð vegin staða á milli svæða eitt og tvö. Á sama hátt skal reikna þann hluta ójafnaðrar, veginnar stöðu á svæði tvö sem eftir er og ójafnaðrar, veginnar stöðu á svæði þrjú til að reikna út jafnaða, vegna stöðu milli svæða tvö og þrjú.

6. Stofnuninni er heimilt að snúa röðinni í 5. mgr. við þannig að reiknuð sé jöfnuð, vegin staða milli svæða tvö og þrjú áður en staðan milli svæða eitt og tvö er reiknuð út.

7. Afganginn af ójafnaðri, veginni stöðu á svæði eitt skal síðan jafna við afganginn á svæði þrjú eftir að það síðarnefnda hefur verið jafnað við svæði tvö til þess að finna jafnaða, vegna stöðu milli svæða eitt og þrjú.

8. Eftir að reikningsaðferðunum þremur í 5., 6. og 7. mgr. hefur verið beitt skal leggja afgangsstöður saman.

9. Krafa stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns skal reiknuð sem samtala eftirfarandi þátta:

a) 10% af samtölu jafnaðra, veginna staðna í öllum binditímaflokkum,

b) 40% af jafnaðri, veginni stöðu á svæði eitt,

c) 30% af jafnaðri, veginni stöðu á svæði tvö,

d) 30% af jafnaðri, veginni stöðu á svæði þrjú,

e) 40% af jafnaðri, veginni stöðu á milli svæða eitt og tvö og á milli svæða tvö og þrjú,

f) 150% af jafnaðri, veginni stöðu á milli svæða eitt og þrjú,

g) 100% af ójöfnuðum, vegnum stöðum sem eftir eru.

340. gr.

Útreikningur almennrar áhættu með hliðsjón af rauntíma

1. Stofnanir mega nota aðferð við að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar almenna áhættu vegna skuldagerninga sem endurspeglar rauntíma, í stað aðferðarinnar sem lýst er í 339. gr., að því tilskildu að stofnanir geri það með samræmdum hætti.

2. Samkvæmt rauntímaaðferðinni, sem um getur í 1. mgr., skal stofnunin taka markaðsvirði hvers skuldagernings með föstum vöxtum og síðan reikna ávöxtun hans fram að gjalddaga, sem er fólgnir forvextir þess gernings. Þegar um er ræða gerninga með breytilegum vöxtum skal stofnunin taka markaðsverð hvers gernings og síðan reikna ávöxtun hans út frá þeirri forsendu að höfuðstóllinn falli í gjalddaga þegar næst verður hægt að breyta vöxtunum.

3. Stofnunin skal síðan reikna leiðréttan rauntíma hvers skuldagernings á grundvelli eftirfarandi formúlu:

$$leiðréttur\ rauntími = \frac{D}{1 + R}$$

þar sem:

D = rauntími reiknaður út með eftirfarandi formúlu:

$$D = \frac{\sum_{t=1}^{M} \frac{t \cdot C_t}{(1 + R)^t}}{\sum_{t=1}^{M} \frac{C_t}{(1 + R)^t}}$$

þar sem:

R = ávöxtun fram að gjalddaga,

C_t = greiðsla í reiðufé á tíma t,

M = ávöxtun fram að gjalddaga,

Gera skal leiðréttingu á útreikningi leiðrétts rauntíma vegna skuldagerninga sem eru háðir fyrirframgreiðsluáhættu. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gefa út viðmiðunarreglur um hvernig skuli beita slíkum leiðréttingum.

4. Stofnunin skal síðan setja skuldagerningana á viðeigandi svæði í töflu 3. Hún skal gera það á grundvelli leiðrétts rauntíma hvers gernings.

Tafla 3

Svæði	Leiðréttur rauntími (í árum)	Áætlaðir vextir (breytingar í%)
Eitt	> 0 ≤ 1,0	1,0
Tvö	> 1,0 ≤ 3,6	0,85
Þrjú	> 3,6	0,7

5. Stofnunin skal síðan reikna vegna stöðu hvers gernings á grundvelli rauntíma með því að margfalda markaðsvirði hans með leiðréttum rauntíma og áætlaðri vaxtabreytingu fyrir gerning með þessum sama leiðrétta rauntíma (sjá 3. dálk í töflu 3).

6. Stofnunin skal reikna gnótt- og skortstöður sínar, sem vegnar eru á grundvelli rauntíma, á hverju svæði. Fjárhæð gnóttstaðna, sem er jöfnuð á móti skortstöðum innan hvers svæðis, er jöfnuð, vegin staða á grundvelli rauntíma fyrir það svæði.

Stofnunin skal síðan reikna ójafnaða stöðu, sem vegin er á grundvelli rauntíma, fyrir hvert svæði. Hún skal síðan beita aðferðunum sem mælt er fyrir um að því er varðar ójafnaðar, vegnar stöður í 5.–8. mgr. 339. gr.

7. Krafa stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns skal því næst reiknuð sem samtala eftirfarandi þátta:

a) 2% af jafnaðri stöðu, sem er vegin á grundvelli rauntíma, fyrir hvert svæði,

b) 40% af jafnaðri stöðu, sem er vegin á grundvelli rauntíma, á milli svæða eitt og tvö og á milli svæða tvö og þrjú,

c) 150% af jafnaðri stöðu, sem er vegin á grundvelli rauntíma, á milli svæða eitt og þrjú,

d) 100% af þeim ójöfnuðu stöðum, vegnum á grundvelli rauntíma, sem eftir eru.

3. þáttur

Hlutabréf

341. gr.

Hreinar stöður í hlutabréfagerningum

1. Stofnunin skal leggja allar hreinar gnóttstöður sínar og allar hreinar skortstöður sínar saman sérstaklega í samræmi við 327. gr. Samtala tölugilda þessara tveggja talna skal vera verg heildarstaða hennar.

2. Stofnunin skal reikna sérstaklega fyrir hvern markað muninn á milli samtölu hreinna gnóttstaðna og hreinna skortstaðna. Samtala tölugilda þessa mismunar skal vera hrein heildarstaða hennar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem skilgreina hugtakið „markaður “sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

342. gr.

Sértæk áhætta hlutabréfagerninga

Stofnun skal margfalda verga heildarstöðu sína með 8% til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns á móti sértækri áhættu.

343. gr.

Almenn áhætta hlutabréfagerninga

Krafa vegna eiginfjárgrunns á móti almennri áhættu skal vera hrein heildarstaða stofnunar margfölduð með 8%.

344. gr.

Hlutabréfavísitölur

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum með lista yfir þær hlutabréfavísitölur sem geta fallið undir annan málslið 4. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. Áður en að gildistöku tæknistaðlanna sem um getur í þriðju undirgrein kemur mega stofnanir halda áfram að beita meðferðinni sem sett er fram í annarri undirgrein 4. mgr., hafi lögbær yfirvöld beitt þeirri aðferð fyrir 1. janúar 2014.

3. Staðlaða, framvirka samninga, sem tengdir eru hlutabréfavísitölu, sambærileg deltavegin skjöl, sem svara til valréttar byggðum á stöðluðum, framvirkum samningum, sem tengdir eru hlutabréfavísitölu, og hlutabréfavísitölur, sem hér á eftir er vísað til í heild sem „staðlaðra, framvirkra samninga sem eru tengdir hlutabréfavísitölu“, er heimilt að sundurliða í stöður í sérhverjum þeim hlutabréfum sem vísitalan samanstendur af. Fara má með þessar stöður sem undirliggjandi stöður í hlutabréfunum sem um ræðir og heimilt er að jafna þær á móti gagnstæðum stöðum í undirliggjandi hlutabréfunum sjálfum. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um það hvernig þær nota þá aðferð.

4. Ef staðlaður, framvirkur samningur, sem er tengdur hlutabréfavísitölu, er ekki sundurliðaður í undirliggjandi stöður skal fara með hann eins og hann væri stakt hlutabréf. Þó er heimilt að líta fram hjá sértækri áhættu vegna þessa staka hlutabréfs ef viðskipti eru með umræddan, staðlaðan framvirkan samning, sem er tengdur hlutabréfavísitölu, í kauphöll og hann miðast við viðeigandi, nægilega fjölbreytta vísitölu.

4. þáttur

Sölutrygging

345. gr.

Lækkun hreinna staðna

1. Ef um er að ræða sölutryggingu skulda- eða hlutabréfagerninga er stofnun heimilt að nota eftirfarandi aðferð við að reikna kröfur sínar vegna eiginfjárgrunns. Í fyrsta lagi skal hún reikna hreinar stöður með því að draga frá sölutryggingarstöður sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á, á grundvelli formlegs samkomulags. Því næst skal stofnunin lækka hreinar stöður um lækkunarþættina í töflu 4 og reikna út kröfur sínar vegna eiginfjárgrunns með því að nota hinar lækkuðu sölutryggingarstöður.

Tafla 4

0. virkur dagur:	100%
1. virkur dagur:	90%
2. til 3. virkur dagur:	75%
4. virkur dagur:	50%
5. virkur dagur:	25%
eftir 5. virkan dag:	0%.

„0. virkur dagur“: sá virki dagur þegar stofnunin verður skilyrðislaust skuldbundin til að taka við þekktu magni verðbréfa gegn umsömdu verði.

2. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um hvernig þær nýta sér 1. mgr.

5. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir sértæka áhættu að því er varðar stöður sem eru áhættuvarðar með lánaafleiðum

346. gr.

Afsláttur vegna áhættuvarna með lánaafleiðum

1. Veita skal afslátt vegna áhættuvarna með lánaafleiðum, í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 2. til 6. mgr.

2. Stofnanir skulu fara með stöðuna í lánaafleiðunni sem aðra „hliðina“ og áhættuvörðu stöðuna, sem hefur sama nafnverð eða, eftir atvikum, sömu grundvallarfjárhæð, sem hina „hliðina“.

3. Veita skal fullan afslátt þegar virði beggja hliða stöðu hreyfist ávallt hvort í sína áttina og nokkurn veginn í jafn miklum mæli. Þetta á við í eftirfarandi aðstæðum:

a) báðar hliðar samanstanda af nákvæmlega eins gerningum eða

b) gnóttstaða í handbæru fé er áhættuvarin af heildarskiptasamningi (eða öfugt) og það er fullkomið samræmi á milli tilgreindu skuldbindingarinnar og undirliggjandi áhættuskuldbindingar (þ.e. stöðunnar í handbæru fé), gjalddagi skiptasamningsins sjálfs getur verið annar en gjalddagi undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

Við þessar aðstæður skal á hvoruga hlið stöðunnar gera kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértækrar áhættu.

4. Beita skal 80% lækkun þegar gildi beggja hliða hreyfast ávallt hvort í sína áttina og fullkomið samræmi ríkir varðandi tilgreinda skuldbindingu, gjalddaga bæði tilgreindrar skuldbindingar og lánaafleiðu sem og gjaldmiðil undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Að auki skulu lykilþættir lánaafleiðusamningsins ekki verða til þess að verðbreytingar á lánaafleiðunni víki verulega frá verðbreytingum á stöðunni í handbæru fé. Að því marki sem yfirfærsla á áhættu á sér stað við viðskiptin skal beita 80% lækkun vegna sértækrar áhættu á þá hlið færslunnar sem hefur hærri kröfu vegna eiginfjárgrunns, en kröfur vegna sértækrar áhættu á hinni hliðinni skulu vera núll.

5. Að frátöldum þeim aðstæðum sem lýst er í 3. og 4. mgr. skal veita afslátt að hluta til í eftirfarandi tilvikum:

a) Staðan fellur undir b-lið 3. mgr. en misræmi er milli tilgreindrar skuldbindingar og undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Stöðurnar uppfylla þó eftirfarandi kröfur:

   i. tilgreinda skuldbindingin er metin jafn rétthá eða réttlægri undirliggjandi skuldbindingu,

   ii. undirliggjandi skuldbinding og tilgreind skuldbinding deila sama loforðsgjafa og í þeim eru ákvæði, sem unnt er að framfylgja samkvæmt lögum, um afleiddar vanefndir eða afleidda gjaldfellingu (e. *cross-default or cross-acceleration*),

b) Staðan fellur undir a-lið 3. mgr. eða 4. mgr. en misræmi ríkir varðandi gjaldmiðil eða líftíma á milli útlánavarnarinnar og undirliggjandi eignar. Taka skal tillit til slíks gjaldmiðlamisvægis í kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu.

c) Staðan fellur undir 4. mgr. en það er eignamisræmi á milli stöðunnar í handbæru fé og lánaafleiðunnar. Undirliggjandi eignin er þó talin með í (afhendingarbærum) skuldbindingum í gögnunum um lánaafleiðuna.

Svo veita megi afslátt að hluta til gildir einungis sú krafa vegna eiginfjárgrunns sem hærri er, í stað þess að leggja saman kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu fyrir hvora hlið færslunnar.

6. Við allar aðstæður sem ekki falla undir 3.–5. mgr. skal reikna kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu fyrir báðar hliðar stöðunnar sérstaklega.

347. gr.

Afsláttur vegna áhættuvarna með lánaafleiðum sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila og n-ta vanskilaaðila

Ef um er að ræða lánaafleiður sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila og lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila gildir eftirfarandi meðferð um afslátt sem veita skal í samræmi við 346. gr.:

a) þegar stofnun fær útlánavörn vegna nokkurra tilgreindra aðila, sem liggja til grundvallar lánaafleiðu, með þeim skilmálum að fyrstu vanskil meðal eignanna hrindi af stað greiðslu og að sá lánaatburður felli samninginn úr gildi, getur stofnunin lækkað sértæka áhættu vegna þess tilgreinda aðila sem er með lægstu prósentukröfuna vegna sértækrar áhættu á meðal tilgreindra aðila samkvæmt töflu 1 í 336. gr.,

b) þegar n-tu vanskil á meðal áhættuskuldbindinga hrinda af stað greiðslu samkvæmt skilmálum útlánavarnarinnar getur kaupandi varnarinnar aðeins lækkað sértæka áhættu ef vörn hefur einnig verið útveguð vegna 1 til n-1 vanskila eða þegar n-1 vanskil hafa þegar átt sér stað. Í þeim tilvikum skal fylgja aðferðafræðinni sem sett er fram í a-lið um lánaafleiður sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila, með nauðsynlegum breytingum vegna afurða sem byggjast á n-ta vanskilaaðila.

6. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu

348. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði í þessum þætti skal 32% krafa vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér sértæka og almenna áhættu, gilda um stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Með fyrirvara um 353. gr., ásamt breyttri gullmeðferð sem um getur í 4. mgr. 352. gr. og b-lið 2. mgr. 367. gr., skulu stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu vera háðar kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér sértæka og almenna áhættu, og gjaldmiðlaáhættu sem nemur 40%.

2. Útreikningur á hreinni stöðu milli undirliggjandi fjárfestinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og annarra staðna stofnunarinnar er ekki heimilaður nema annað sé tekið fram 350. gr.

349. gr.

Almennar viðmiðanir um sjóði um sameiginlega fjárfestingu

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu skulu eiga kost á aðferðinni sem um getur í 350. gr., ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lýsing eða jafngilt skjal sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal innihalda allt eftirfarandi:

   i. flokka eigna sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta í,

   ii. hlutfallsleg mörk og aðferðir við að reikna þau út, ef fjárfestingarmörk eiga við,

   iii. hámark vogunar, ef vogun er heimiluð,

   iv. stefnu um að takmarka mótaðilaáhættu sem stafar af viðskiptum með OTC-fjármálaafleiður eða endurhverfum viðskiptum eða viðskiptum í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum, séu slík viðskipti heimil,

b) að skýrt sé frá starfsemi sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í hálfsárs- og ársskýrslum til að unnt sé að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á reikningsskilatímabilinu,

c) að hlutabréf eða einingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skulu vera daglega innleysanlegar í handbæru fé úr eignum fyrirtækisins, að beiðni handhafa einingarinnar,

d) að fjárfestingar í sjóði um sameiginlega fjárfestingu séu aðgreindar frá eignum stjórnanda sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,

e) að fyrir liggi fullnægjandi áhættumat á sjóði um sameiginlega fjárfestingu af hálfu stofnunarinnar sem fjárfestir,

f) sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal stjórnað í samræmi við tilskipun 2009/65/EB eða jafngilda löggjöf.

350. gr.

Sértækar aðferðir vegna sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Ef stofnun fær daglega vitneskju um undirliggjandi fjárfestingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu má hún nota þær undirliggjandi fjárfestingar til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér sértæka og almenna áhættu. Samkvæmt slíkri aðferð skal fara með stöður í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem stöður í undirliggjandi fjárfestingum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Heimilt er að skuldajafna milli staðna í undirliggjandi fjárfestingum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og annarra staðna stofnunarinnar, svo fremi að stofnunin ráði yfir nægjanlegum fjölda hlutabréfa eða eininga til að gera ráð fyrir innlausn/myndun í skiptum fyrir undirliggjandi fjárfestingar.

2. Stofnanir mega reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér sértæka og almenna áhættu, að því er varðar stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að gera ráð fyrir stöðum sem svara til þeirra staðna sem eru nauðsynlegar til að líkja eftir samsetningu og þróun utanaðkomandi vísitölu eða fastrar hluta- eða skuldabréfakörfu, sem um getur í a-lið, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) tilgangurinn með umboði sjóðs um sameiginlega fjárfestingu er að líkja eftir samsetningu og þróun utanaðkomandi vísitölu eða fastrar hluta- eða skuldabréfakörfu,

b) unnt er að sýna glögglega fram á að lágmarki 0,9 fylgistuðul á milli daglegrar ávöxtunar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og vísitölunnar eða körfu hlutabréfa eða skuldabréfa sem hann fylgir, á tímabili sem er ekki styttra en sex mánuðir.

3. Ef stofnun fær ekki daglega upplýsingar um undirliggjandi fjárfestingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu getur stofnunin reiknað kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu, sem felur í sér sértæka og almenna áhættu, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

a) Ráð er fyrir því gert að sjóður um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti í fyrstu eins mikið og umboð hans leyfir í þeim eignaflokkum sem kalla á hæstu kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu annars vegar og almenna áhættu hins vegar og haldi síðan áfram að fjárfesta í lækkandi röð þar til hámarki heildarfjárfestinga hefur verið náð. Farið verður með stöðuna í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem beina eignarhlutdeild í hinni áætluðu stöðu.

b) Þegar stofnanir reikna kröfu sína vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka áhættu annars vegar og almenna áhættu hins vegar skulu þær hafa hliðsjón af því hámarki óbeinnar áhættu sem þær gætu hlotið með því að taka skuldsettar stöður í gegnum sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu, með því að auka hlutfallslega stöðuna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu upp að hámarki áhættu gagnvart þeim undirliggjandi fjárfestingarliðum sem af umboðinu leiða.

c) Ef samanlögð krafa vegna eiginfjárgrunns varðandi sértæka og almenna áhættu, í samræmi við þessa málsgrein, er hærri en krafa um eiginfjárgrunn sem um getur í 1. mgr. 348. gr. skal takmarka hana við það hámark.

4. Stofnanir geta falið eftirfarandi þriðju aðilum að reikna út og greina frá kröfum vegna eiginfjárgrunns varðandi stöðuáhættu að því er varðar stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir 1.–4. mgr. í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla:

a) vörsluaðili sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeim vörsluaðila,

b) hvað varðar aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir þær viðmiðanir sem fram koma í a-lið 3. mgr. 132. gr.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal staðfesta réttan útreikning.

3. KAFLI

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu

351. gr.

Lágmarkshlutfall og vog að því er varðar gjaldmiðlaáhættu

Ef samtala hreinnar heildargjaldeyrisstöðu stofnunar og hreinnar gullstöðu hennar, reiknuð í samræmi við aðferðina sem er sett fram í 352. gr., þ.m.t. vegna staðna í erlendum gjaldeyri og gulli sem kröfur vegna eiginfjárgrunns eru reiknaðar fyrir með eigin líkani, fer yfir 2% af samanlögðum eiginfjárgrunni stofnunar, skal hún reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu. Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu skal vera samtala hreinnar heildargjaldeyrisstöðu stofnunar og hreinnar gullstöðu hennar í reikningsskilagjaldmiðlinum, margfölduð með 8%.

352. gr.

Útreikningur á hreinni heildargjaldeyrisstöðu

1. Hrein opin staða stofnunar í hverjum gjaldmiðli (þ.m.t. reikningsskilagjaldmiðli) og í gulli skal reiknuð út sem samtala eftirfarandi þátta (jákvæð eða neikvæð):

a) nettónústöðu (þ.e. allir eignaliðir að frádregnum skuldaliðum, þ.m.t. áfallnir vextir, í viðkomandi gjaldmiðli eða, að því er gull varðar, nettónústaða í gulli),

b) hreinnar framvirkrar stöðu, sem er allar fjárhæðir sem tekið verður við að frádregnum öllum fjárhæðum sem greiddar verða samkvæmt framvirkum gjaldeyris- og gullviðskiptum, þ.m.t. staðlaðir, framvirkir gjaldeyris- og gullsamningar og höfuðstóll gjaldeyrisskiptasamninga sem ekki er talinn með í nústöðunni,

c) óafturkallanlegra ábyrgða og svipaðra gerninga sem víst er að verði innheimtar og líklegt er að endurheimtist ekki,

d) hreins deltajafngildis, eða delta grundvallaðs jafngildis, alls valréttar í erlendum gjaldmiðli og gulli,

e) markaðsvirðis annars valréttar.

Nota skal deltastuðul viðkomandi kauphallar að því er varðar d-lið. Að því er varðar OTC-valrétti, eða ef deltastuðull er ekki fáanlegur frá viðkomandi kauphöll, má stofnun reikna deltastuðulinn út sjálf með viðeigandi líkani, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda. Veita ber leyfið ef líkanið skilar viðunandi mati á tíðni breytinga á verðgildi valréttarins eða kaupréttarins að því er varðar minniháttar breytingar á markaðsverði undirliggjandi gernings.

Stofnunin má telja með hreinar framtíðartekjur/-gjöld sem enn eru ekki áfallin en eru þegar áhættuvarin að fullu ef hún gerir það með samræmdum hætti.

Stofnunin má sundurliða hreinar stöður í samsettum gjaldmiðlum niður í hlutaðeigandi gjaldmiðla samkvæmt gildandi uppgefnum verðum.

2. Með fyrirvara um heimild lögbærra yfirvalda má við útreikning á hreinum, opnum gjaldeyrisstöðum undanskilja allar stöður sem stofnun hefur tekið beinlínis til að verja sig fyrir skaðlegum áhrifum gengis á hlutföll sín í samræmi við 1. mgr. 92. gr. Slíkar stöður skulu ekki vera tengdar veltubókarviðskiptum eða kerfisbundnar í eðli sínu og skulu lögbær yfirvöld samþykkja allar breytingar á skilyrðum þess að undanskilja þær. Beita má sömu meðferð, með fyrirvara um sömu skilyrði, á stöður stofnunar sem tengjast liðum sem þegar hafa verið dregnir frá við útreikning á eiginfjárgrunni.

3. Stofnun má nota hreint núvirði við útreikning á hreinni opinni stöðu í hverjum gjaldmiðli og í gulli að því tilskildu að stofnunin noti aðferðina með samræmdum hætti.

4. Hreinar skort- og gnóttstöður í hverjum gjaldmiðli, öðrum en reikningsskilagjaldmiðlinum, og hreinar gnótt- eða skortstöður í gulli skulu umreiknaðar á dagsgengi yfir í reikningsskilagjaldmiðilinn. Þær skulu síðan lagðar saman hverjar í sínu lagi þannig að þær myndi samtölu hreinna skortstaðna og samtölu hreinna gnóttstaðna. Sú þessara tveggja samtalna sem hærri reynist skal vera samtala hreinnar gjaldeyrisstöðu stofnunarinnar.

5. Stofnanir skulu endurspegla á fullnægjandi hátt í kröfum vegna eiginfjárgrunns aðrar áhættur en deltastuðulsáhættu, sem tengjast valréttunum.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem skilgreindar eru aðferðir til að endurspegla í kröfum vegna eiginfjárgrunns aðrar áhættur en betastuðulsáhættu, með þeim hætti sem er í samræmi við umfang starfsemi stofnana tengdri valréttum og það hve flókin hún er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Áður en að gildistöku tæknistaðlanna sem um getur í fyrstu undirgrein kemur mega lögbær yfirvöld halda áfram að beita gildandi landsbundinni meðferð, hafi lögbær yfirvöld beitt þeim aðferðum fyrir 31. desember 2013.

353. gr.

Gjaldmiðlaáhætta sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Að því er varðar 352. gr., hvað snertir sjóði um sameiginlega fjárfestingu, skal taka tillit til raunverulegrar gjaldeyrisstöðu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu.

2. Stofnanir mega nota skýrslur eftirfarandi þriðju aðila um gjaldeyrisstöður sjóðs um sameiginlega fjárfestingu:

a) varðveislustofnunar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun,

b) hvað varðar aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu, skýrslur rekstrarfélaga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir þær viðmiðanir sem fram koma í a-lið 3. mgr. 132. gr.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal staðfesta réttan útreikning.

3. Ef stofnun hefur ekki vitneskju um gjaldeyrisstöður sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal gengið út frá því að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu hafi fjárfest eins mikið í erlendum gjaldeyri og umboð hans leyfir og skulu stofnanir, að því er varðar veltubókarstöður, taka tillit til hámarks óbeinnar áhættu sem það hefði í för með sér ef þær tækju skuldsettar stöður í gegnum sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu, þegar þær reikna kröfu sína vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldmiðlaáhættu. Þetta skal gert með því að auka hlutfallslega stöðuna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu upp að hámarksáhættu gagnvart undirliggjandi fjárfestingarliðum sem stafa af umboði til fjárfestinga. Fara skal með áætlaða stöðu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í erlendum gjaldeyri sem sérstakan gjaldmiðil samkvæmt meðferð fjárfestinga í gulli, með fyrirvara um að heildargnóttstaða sé lögð saman við opna heildargnóttstöðu í erlendum gjaldeyri og að heildarskortstaða sé lögð saman við opna heildarskortstöðu í erlendum gjaldeyri, ef fyrir liggur hvort fjárfestingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eru skortstöður eða gnóttstöður. Engin skuldajöfnun er heimil milli slíkra staðna áður en útreikningurinn fer fram.

354. gr.

Gjaldmiðlar með nána fylgni

1. Stofnanir mega uppfylla lægri kröfur vegna eiginfjárgrunns á móti stöðum í gjaldmiðlum með nána fylgni. Tveir gjaldmiðlar teljast einungis hafa nána fylgni ef líkur á tapi — reiknað á grundvelli gagna um daglegt gengi næstliðinna þriggja eða fimm ára — á jafnháum stöðum með gagnstæð formerki í slíkum gjaldmiðlum næstu 10 virka daga, sem er í hæsta lagi 4% af verðgildi viðkomandi jafnaðrar stöðu (metið í reikningsskilagjaldmiðlinum), eru a.m.k. 99%, ef miðað er við þriggja ára athugunartímabil, og 95%, ef miðað er við fimm ára athugunartímabil. Krafa vegna eiginfjárgrunns í tengslum við jafnaða stöðu í tveimur gjaldmiðlum með nána fylgni skal vera 4% margfölduð með verðgildi jöfnuðu stöðunnar.

2. Við útreikning á kröfum þessa kafla mega stofnanir líta framhjá stöðum í gjaldmiðlum, sem falla undir lagalega bindandi samninga á milli ríkja um að takmarka sveiflur á þeim miðað við aðra gjaldmiðla sem falla undir sama samning. Stofnanir skulu reikna út jafnaðar stöður sínar í slíkum gjaldmiðlum og fella þær undir kröfu vegna eiginfjárgrunns sem er ekki lægri en helmingurinn af leyfilegu hámarksfráviki sem kveðið er á um í milliríkjasamningnum, sem um ræðir, að því er viðkomandi gjaldmiðla varðar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum með lista yfir þá gjaldmiðla sem geta fallið undir meðferðina sem um getur 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Reikna má kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar jafnaðar stöður í gjaldmiðlum aðildarríkja, sem taka þátt í öðru stigi efnahags- og myntbandalagsins, sem 1,6% af verðgildi slíkra jafnaðra staðna.

5. Einungis skal fella ójafnaðar stöður í gjaldmiðlum sem um getur í þessari grein inn í hreina, opna heildarstöðu í samræmi við 4. mgr. 352. gr.

6. Ef daglegt gengi tveggja gjaldmiðla á undangengnum þremur til fimm árum — á jafnháum stöðum með gagnstæð formerki í tveimur gjaldmiðlum næstu 10 virka daga — sýnir að gjaldmiðlarnir tveir hafi fullkomlega jákvæða fylgni og að stofnunin geti alltaf átt von á núll gengismun í viðkomandi viðskiptum, getur stofnunin, að fengnu skýru leyfi lögbærra yfirvalda sinna, notað 0% kröfu vegna eiginfjárgrunns til loka ársins 2017.

4. KAFLI

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu

355. gr.

Val á aðferð fyrir hrávöruáhættu

Stofnanir skulu reikna kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu með einni þeirra aðferða sem um getur í 359., 360. eða 361. gr., með fyrirvara um 356.–358. gr.

356. gr.

Minniháttar hrávöruviðskipti

1. Stofnun sem á minniháttar viðskipti með landbúnaðarhrávörur má ákvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi áþreifanlegar hrávörubirgðir sínar í lok hvers árs vegna næsta árs ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) hún hefur yfir að ráða, árið um kring, eiginfjárgrunni vegna þessarar áhættu sem nemur a.m.k. meðaltalskröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar þá áhættu, samkvæmt varfærnu mati fyrir komandi ár,

b) hún metur, með varfærnum hætti, vænt flökt fyrir töluna sem reiknuð er út skv. a-lið,

c) meðalkrafa hennar vegna eiginfjárgrunns fyrir þessa áhættu nemur ekki meira en 5% af eiginfjárgrunni hennar eða einni milljón evra og vænt hámarkskrafa vegna eiginfjárgrunns, að teknu tilliti til flöktsins sem metið er í samræmi við b-lið, nemur ekki meiru en 6,5% af eiginfjárgrunni hennar,

d) stofnunin metur á áframhaldandi grundvelli hvort það mat sem fram fer skv. a- og b-lið er enn í samræmi við raunveruleikann.

2. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um hvernig þær nýta sér valkostinn sem kveðið er á um í 1. mgr.

357. gr.

Stöður í hrávörum

1. Allar stöður í hrávörum eða hrávöruafleiðum skulu tilgreindar í stöðluðum mælieiningum. Stundargengi hverrar hrávöru skal tilgreint í reikningsskilagjaldmiðlinum.

2. Stöður í gulli eða gullafleiðum teljast háðar gjaldmiðlaáhættu og skal fara með þær í samræmi við 3. eða 5. kafla, eftir því sem við á, við útreikning á hrávöruáhættu.

3. Að því er varðar 1. mgr. 360. gr. skal hrein staða stofnunar í hverri hrávöru vera sú upphæð sem gnóttstöður hennar nema umfram skortstöður hennar, eða öfugt, í sömu hrávöru og sams konar stöðluðum, framvirkum hrávörusamningum, valréttum og kaupréttum. Fara skal með afleiðugerninga sem stöður undirliggjandi hrávöru, eins og mælt er fyrir um í 358. gr.

4. Við útreikning á stöðu í hrávöru skal fara með eftirfarandi stöður sem stöður í sömu hrávöru:

a) stöður í mismunandi undirflokkum hrávöru, ef undirflokkarnir geta komið í stað hvers annars innbyrðis,

b) stöður í sambærilegum hrávörum ef um er að ræða nánar staðgönguvörur og ef hægt er að sýna fram á með góðu móti að fylgnin sé minnst 0,9 milli verðhreyfinga á tímabili sem nær yfir eitt ár hið minnsta.

358. gr.

Sérstakir gerningar

1. Fella skal framvirka hrávöruviðskiptasamninga og framvirkar skuldbindingar um að kaupa eða selja einstakar hrávörur inn í matskerfið sem grundvallarfjárhæðir með tilliti til stöðluðu mælieiningarinnar og setja þeim binditíma með vísan til lokadagsetningar.

2. Fara ber með hrávöruskiptasamninga, þar sem önnur hlið viðskiptanna er fast verð og hin markaðsverð hverju sinni, sem röð staðna sem eru jafnar grundvallarfjárhæð samningsins, þar sem ein staða samsvarar einni greiðslu af skiptasamningnum og er felld inn í binditímaflokkana í 1. mgr. 395. gr., ef við á. Stöðurnar teljast gnóttstöður ef stofnunin greiðir fast verð og fær breytilegt verð, en skortstöður ef stofnunin fær fast verð og greiðir breytilegt verð. Hrávöruviðskiptasamningar, þar sem hliðar viðskiptanna eru í mismunandi hrávörum, skulu færðir í viðeigandi flokka vegna binditímaaðferðarinnar.

3. Að því er þennan kafla varðar skal fara með valrétti og kauprétti í hrávöru eða í hrávöruafleiðum eins og um væri að ræða stöður að sama verðgildi og fjárhæð undirliggjandi gernings, sem valrétturinn vísar til, margfaldaðar með deltastuðlinum. Síðari stöðurnar má jafna á móti hvaða samsvarandi stöðu sem er í sams konar undirliggjandi hrávöru eða hrávöruafleiðu. Nota skal deltastuðul viðkomandi kauphallar. Að því er varðar OTC-valrétti, eða ef deltastuðull er ekki fáanlegur frá viðkomandi kauphöll, má stofnun reikna deltastuðulinn út sjálf með viðeigandi líkani, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda. Veita ber leyfið ef líkanið skilar viðunandi mati á tíðni breytinga á verðgildi valréttarins eða kaupréttarins að því er varðar minniháttar breytingar á markaðsverði undirliggjandi gernings.

Stofnanir skulu endurspegla á fullnægjandi hátt í kröfum vegna eiginfjárgrunns aðrar áhættur en deltastuðulsáhættu, sem tengjast valréttunum.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem skilgreindar eru aðferðir til að endurspegla í kröfum vegna eiginfjárgrunns aðrar áhættur en betastuðulsáhættu, með þeim hætti sem er í samræmi við umfang starfsemi stofnana tengdri valréttum og það hve flókin hún er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Áður en að gildistöku tæknistaðlanna sem um getur í fyrstu undirgrein kemur mega lögbær yfirvöld halda áfram að beita gildandi landsbundinni meðferð, hafi lögbær yfirvöld beitt þeim aðferðum fyrir 31. desember 2013.

5. Ef stofnun gegnir öðru eftirfarandi hlutverka skal hún telja viðkomandi hrávörur með við útreikning á kröfu sinni vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu:

a) hún framselur hrávörur eða tryggð réttindi sem tengjast eignarhaldi á hrávörum í endurhverfum verðbréfakaupum,

b) hún er lánveitandi hrávara í samningi um hrávörulán-veitingu.

359. gr.

Binditímaaðferð

1. Stofnanirnar skulu nota sérstaka binditímaaðferð í samræmi við töflu 1 fyrir hverja hrávöru. Allar stöður í þeirri hrávöru skulu settar í viðeigandi binditímaflokka. Áþreifanlegar birgðir skulu settar í fyrsta binditímaflokkinn frá 0 og til og með einum mánuði.

Tafla 1

Binditímaflokkur (1)	Vaxtaálag (í%) (2)
0 ≤1 mánuður	1,50
> 1 ≤ 3 mánuðir	1,50
> 3 ≤ 6 mánuðir	1,50
> 6 ≤ 12 mánuðir	1,50
> 1 ≤ 2 ár	1,50
> 2 ≤ 3 ár	1,50
> 3 ár	1,50

2. Skuldajafna má stöður í sömu hrávöru og setja þær í viðeigandi binditímaflokka samkvæmt hreinni stöðu, að því er varðar eftirfarandi:

a) stöður í samningum sem falla í gjalddaga á sama degi,

b) stöður í samningum með binditíma sem lýkur með innan við tíu daga millibili ef verslað er með samningana á mörkuðum með daglega afhendingartíma.

3. Stofnunin skal því næst reikna samtölu gnóttstaðna og samtölu skortstaðna í hverjum binditímaflokki. Fjárhæðir þeirra fyrrnefndu, sem eru jafnaðar á móti þeim síðarnefndu í tilteknum binditímaflokki, skulu teljast jafnaðar stöður í þeim flokki, en eftirstöðvar gnótt- eða skortstöðu teljast ójöfnuð staða sama flokks.

4. Sá hluti ójafnaðrar gnóttstöðu í tilteknum binditímaflokki sem er jafnaður á móti ójafnaðri skortstöðu, eða öfugt, í lengri binditímaflokki er jöfnuð staða á milli tveggja binditímaflokka. Sá hluti ójafnaðrar gnótt- eða skortstöðu, sem ekki er unnt að jafna með þessum hætti, er ójafnaða staðan.

5. Krafa stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hverja hrávöru skal reiknuð á grundvelli viðeigandi binditímaaðferðar sem samtala eftirtalinna þátta:

a) samtölu jafnaðra gnótt- og skortstaðna, margfaldaðri með viðeigandi vaxtaálagi, sem tilgreint er í öðrum dálki í töflu 1 fyrir hvern binditímaflokk, og með stundargengi hrávörunnar,

b) jafnaðrar stöðu milli tveggja binditímaflokka fyrir hvern binditímaflokk, sem ójöfnuð staða er flutt í, margfaldaðri með 0,6%, sem er fjármögnunarálagið, og með stundargengi hrávörunnar,

c) eftirstöðva ójafnaðra staðna, margfölduðum með 15%, sem er framvirkt álag, og með stundargengi hrávörunnar.

6. Heildarkrafa stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu skal reiknuð sem samtala krafna vegna eiginfjárgrunns sem eru reiknaðar út fyrir hverja hrávöru í samræmi við 5. mgr.

360. gr.

Einfölduð aðferð

1. Krafa stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hverja hrávöru skal reiknuð sem samtala eftirfarandi þátta:

a) 15% hreinu stöðunnar, gnóttstöðu eða skortstöðu, margfaldað með stundargengi hrávörunnar,

b) 3% vergu stöðunnar, gnóttstöðu auk skortstöðu, margfaldað með stundargengi hrávörunnar.

2. Heildarkrafa stofnunarinnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu skal reiknuð sem samtala krafna vegna eiginfjárgrunns sem eru reiknaðar út fyrir hverja hrávöru í samræmi við 1. mgr.

361. gr.

Rýmkuð binditímaaðferð

Stofnanir mega nota minnsta vaxtaálag, fjármögnunarálag og framvirkt álag sem fram kemur í töflu 2 hér að neðan í stað þess álags sem tilgreint er í 359. gr., að því tilskildu að stofnanir:

a) stundi veruleg hrávöruviðskipti,

b) búi yfir nægilega vel dreifðu hrávörusafni,

c) séu ekki enn komnar í aðstöðu til þess að beita eigin líkönum við útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi hrávöruáhættu.

Tafla 2

	Eðal-málmar (fyrir utan gull)	Ódýrir málmar	Landbúna ðarafurðir (mjúkar hrávörur)	Annað, þ.á m. orkuframleiðsluvörur
Vaxtaálag (%)	1,0	1,2	1,5	1,5
Fjármögnunarálag (%)	0,3	05	0,6	0,6
Framvirkt álag (%)	8	10	12	15

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um það hvernig þær nota þessa grein og færa um leið sönnur á viðleitni sína til að koma í framkvæmd eigin líkani í þeim tilgangi að reikna út kröfu vegna eiginfárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu.

5. KAFLI

Notkun eigin líkana við útreikning eiginfjárkröfu

1. þáttur

Leyfi og kröfur vegna eiginfjárgrunns

362. gr.

Sértæk áhætta og almenn áhætta

Skipta má stöðuáhættu vegna skuldagernings eða hlutabréfagernings, sem viðskipti eru með, í tvo þætti að því er þennan kafla varðar. Annar þáttur stöðuáhættunnar er sértæk áhætta sem felur í sér hættuna á verðbreytingu á viðkomandi gerningi vegna þátta sem tengjast útgefanda hans eða, þegar um er að ræða afleiðu, útgefanda undirliggjandi gerningsins. Þáttur almennrar áhættu skal fela í sér hættuna á verðbreytingu á gerningnum sem á sér stað, ef um er að ræða skuldagerning eða skuldaafleiðu, sem viðskipti eru með, vegna breytinga á vaxtastigi eða, ef um er að ræða hlutabréf eða hlutabréfaafleiðu, vegna umtalsverðrar hreyfingar á hlutabréfamarkaði sem er óháð séreinkennum einstakra verðbréfa.

363. gr.

Leyfi til að nota eigin líkön

1. Að undangenginni staðfestingu lögbærra yfirvalda á að stofnun hlíti kröfunum í 2., 3. og 4. þætti, eftir því sem við á, skulu þau veita henni leyfi til að reikna út kröfur sínar vegna eiginfjárgrunns varðandi einn eða fleiri eftirfarandi áhættuflokka með því að nota eigið líkan sitt í stað aðferðanna í 2.–4. kafla, eða ásamt þeim:

a) almenna áhættu hlutabréfagerninga,

b) sértæka áhættu hlutabréfagerninga,

c) almenna áhættu skuldagerninga,

d) sértæka áhættu skuldagerninga,

e) gjaldmiðlaáhættu,

f) hrávöruáhættu.

2. Hafi stofnun ekki fengið leyfið sem um getur í fyrstu málsgrein til að nota eigin líkön sín vegna ákveðinna áhættuflokka skal hún halda áfram að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 2., 3. og 4. kafla, eftir því sem við á. Gerð er krafa um leyfi frá lögbærum yfirvöldum til að nota eigin líkön að því er varðar hvern áhættuflokk og skal það einungis veitt ef eigið líkan nær yfir umtalsverðan hluta staðna sem tilheyra ákveðnum áhættuflokki.

3. Þörf er á sérstöku leyfi frá lögbærum yfirvöldum vegna verulegra breytinga á notkun eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota, framlengingar á notkun eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota, einkum vegna viðbótaráhættuflokka, og upphaflegs útreiknings á vágildi við erfiðar aðstæður.

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar aðrar framlengingar og breytingar á notkun þeirra eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) forsendur mats á mikilvægi viðbóta og breytinga á notkun eigin líkana,

b) matsaðferðafærðin sem lögbær yfirvöld skulu nota til að ákveða hvort stofnanir fái leyfi til að nota eigin líkön,

c) forsendur þess að sá hluti staðna sem fellur undir eigið líkan innan áhættuflokks, teljist umtalsverður, eins og um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

364. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns þegar eigin líkön eru notuð

1. Sérhver stofnun sem notar eigið líkan skal uppfylla, auk krafna vegna eiginfjárgrunns sem reiknaðar eru út í samræmi við 2., 3. og 4. kafla vegna áhættuflokka þar sem ekki hefur verið veitt leyfi til notkunar eigin líkans, kröfu vegna eiginfjárgrunns sem gefin er upp sem samtala a- og b-liðar:

a) það eftirfarandi verðgilda sem hærra er:

   i. vágildistölu frá fyrri degi, reiknuð út í samræmi við 1. mgr. 365. gr. (VaR_{t-1}),

   ii. meðaltal daglegs mats á vágildi í samræmi við 1. mgr. 365. gr. á hverjum undanfarinna sextíu viðskiptadaga (VaR_{avg}), margfaldað með margfeldisstuðlinum (m_c) í samræmi við 366. gr.,

b) það eftirfarandi verðgilda sem hærra er:

   i. síðustu tiltæku vágildistölu við erfiðar aðstæður, reiknaða út í samræmi við 2. mgr. 365. gr. ($sVaR_{t-1}$), og

   ii. meðaltal vágildistalna við erfiðar aðstæður undanfarna sextíu viðskiptadaga ($sVaR_{avg}$), reiknað í samræmi við þá aðferð og tíðni sem tilgreind er 2. mgr. 365. gr. og margfaldað með margfeldisstuðlinum (m_s) í samræmi við 366. gr.

2. Stofnanir sem nota eigið líkan til að reikna út kröfur sínar vegna eiginfjárgrunns fyrir sértæka áhættu skuldagerninga skulu uppfylla viðbótarkröfu vegna eiginfjárgrunns sem gefin er upp sem samtala a- og b-liða:

a) krafa vegna eiginfjárgrunns reiknuð út í samræmi við 337. og 338. gr. vegna sértækrar áhættu verðbréfaðra staðna og lánaafleiða sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, í veltubókinni, að undanskildum þeim sem falla undir kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu fylgniviðskiptasafnsins í samræmi við 5. þátt og, eftir atvikum, kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu í samræmi við 2. kafla 6. þáttar, að því er varðar þær stöður í sjóði um sameiginlega fjárfestingu þar sem hvorki skilyrði 1. mgr. 350. gr. né 2. mgr. 350. gr. eru uppfyllt,

b) það eftirfarandi verðgilda sem hærra er:

   i. nýjasta talan yfir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu (e. *migration risk*), reiknuð í samræmi við 3. þátt,

   ii. meðaltal þessarar tölu næstliðnar 12 vikur.

3. Stofnanir með fylgniviðskiptasafn sem uppfyllir kröfur 1.–3. mgr. 338. gr. mega uppfylla kröfu vegna eiginfjárgrunns á grundvelli 377. gr. í stað 4. mgr. 388. gr., sem samsvarar því af eftirfarandi sem hæst er:

a) nýjustu áhættutölu vegna fylgniviðskiptasafns, reiknaðri í samræmi við 5. þátt,

b) meðaltali þessarar tölu næstliðnar 12 vikur,

c) 8% af þeirri kröfu vegna eiginfjárgrunns sem á tíma útreiknings nýjustu áhættutölu sem um getur í a-lið yrði reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 338. gr., að því er varðar þær stöður sem falla undir eigið líkan vegna fylgniviðskiptasafnsins.

2. þáttur

Almennar kröfur

365. gr.

Útreikningur á vágildi og vágildi við erfiðar aðstæður

1. Útreikningur á vágildistölum, sem um getur í 364. gr., skal standast eftirfarandi kröfur:

a) daglegan útreikning vágildistölu,

b) einhliða 99% öryggisbil,

c) tíu daga eignartímabil,

d) að minnsta kosti eins árs athugunartímabil í raun, nema styttra athugunartímabil sé réttlætanlegt vegna verulegrar aukningar á verðflökti,

e) uppfærslu gagnasafns a.m.k. mánaðarlega.

Stofnun má nota vágildistölur, reiknaðar samkvæmt eignartímabilum sem eru styttri en tíu dagar en sem umreiknast hlutfallslega í tíu daga með viðeigandi aðferðafræði sem lýtur reglubundinni endurskoðun.

2. Auk þess skal stofnun a.m.k. vikulega reikna út „álagsvágildi“ fyrir gildandi eignasafn, í samræmi við kröfurnar í fyrstu málsgrein, þar sem ílög í vágildislíkanið eru kvörðuð við söguleg gögn frá samfelldu tólf mánaða tímabili verulegra fjárhagserfiðleika sem á við eignasafn stofnunarinnar. Stofnunin skal endurskoða val slíkra sögulegra gagna a.m.k. árlega og tilkynna lögbærum yfirvöldum um niðurstöðuna. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með starfsvenjum við útreikning vágildis við erfiðar aðstæður og skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur um slíkar starfsvenjur.

366. gr.

Lögboðin afturvirk prófun og margföldunarstuðlar

1. Niðurstöður útreikninganna í 365. gr. skulu kvarðaðar upp um margföldunarstuðlana (m_c) and (m_s).

2. Hver margföldunarstuðlanna (m_c) and (m_s) skal vera a.m.k. summan af 3 og samleggjanda á bilinu 0 til 1 í samræmi við töflu 1. Samleggjandinn fer eftir fjölda yfirskota á næstliðnum 250 viðskiptadögum, samkvæmt afturvirkri prófun stofnunarinnar á vágildistölunni eins og hún er sett fram í 1. mgr. 365. gr.

Tafla 1

Fjöldi yfirskota	samleggjandi
Færri en 5	0,00
5	0,40
6	0,50
7	0,65
8	0,75
9	0,85
10 eða fleiri	1,00

3. Stofnanir skulu daglega telja yfirskot á grundvelli afturvirkrar prófunar með raunverulegum og hugsanlegum breytingum á verðgildi eignasafnsins. Yfirskot er eins dags breyting á verðgildi eignasafnsins sem fer fram úr viðkomandi eins dags vágildistölu samkvæmt líkani stofnunarinnar. Í þeim tilgangi að ákvarða samleggjandann skal fjöldi yfirskota metinn að lágmarki ársfjórðungslega og samsvara hærra gildinu fyrir fjölda yfirskota samkvæmt hugsanlegum eða raunverulegum breytingum á verðgildi verðbréfasafnsins.

Afturvirk prófun á hugsanlegum breytingum á verðgildi eignasafnsins skal byggjast á samanburði á verðgildi eignasafnsins í dagslok og verðgildi þess í lok næsta dags, miðað við óbreyttar stöður.

Afturvirk prófun á raunverulegum breytingum á verðgildi eignasafnsins skal byggja á samanburði á verðgildi eignasafnsins í dagslok og verðgildi þess í lok næsta dags, að undanskildum þóknunum, umboðslaunum og hreinum vaxtatekjum.

4. Lögbær yfirvöld mega, í einstökum tilvikum, takmarka samleggjarann við þann sem stafar af yfirskotum samkvæmt hugsanlegum breytingum, svo fremi að ekki megi rekja fjölda yfirskota samkvæmt raunverulegum breytingum til veikleika í eigin líkani.

5. Í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast stöðugt með því að margföldunarstuðullinn sé réttur skulu stofnanir tilkynna lögbærum yfirvöldum, eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en innan fimm viðskiptadaga, um yfirskot sem áætlun þeirra um afturvirkar prófanir þeirra leiða í ljós.

367. gr.

Kröfur um áhættumat

1. Öll eigin líkön sem notuð eru til að reikna út eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu, gjaldmiðlaáhættu og hrávöruáhættu og öll eigin líkön fyrir fylgniviðskipti skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) líkanið skal greina alla mikilvæga verðáhættu á nákvæman hátt,

b) líkanið skal greina nógu marga áhættuþætti, eftir umsvifum stofnunarinnar á viðkomandi mörkuðum. Ef áhættuþáttur er tekinn með í verðmatslíkani stofnunar en ekki í áhættumatslíkanið skal stofnunin geta réttlætt, á fullnægjandi hátt að mati lögbærs yfirvalds, að sá þáttur sé undanskilinn. Áhættumatslíkanið skal greina ólínuleg einkenni valrétta og annarra afurða auk fylgniáhættu og grundvallaráhættur. Ef notaðir eru áætlaðir áhættuþættir skal sýnt fram á góðan fyrri árangur staðna sem haldið er í raun.

2. Öll eigin líkön sem notuð eru til að reikna út eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu, gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) Líkanið skal taka til tiltekins safns áhættuþátta sem svara til vaxtaprósentu hvers gjaldmiðils sem stofnunin hefur í vaxtanæmum stöðum innan eða utan efnahagsreiknings. Stofnunin skal byggja ávöxtunarferlana á einhverri þeirra aðferða sem almennt eru viðurkenndar. Að því er varðar stöður þar sem vaxtaáhætta er veruleg í helstu gjaldmiðlum og á stærstu mörkuðunum skal skipta ávöxtunarferlinum í að minnsta kosti sex mismunandi binditímabil svo unnt sé að greina sveiflur í flökti vaxtanna á ávöxtunarferlinum. Líkanið skal einnig greina áhættu vegna hreyfinga sem fela ekki í sér fullkomna fylgni á milli mismunandi ávöxtunarferla.

b) Líkanið skal taka til áhættuþátta sem eiga við um gull og einstaka gjaldmiðla sem stöður stofnunarinnar eru reiknaðar í. Að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal taka tillit til raunverulegra gjaldeyrisstaðna slíkra sjóða. Stofnanir geta notað skýrslugjöf þriðja aðila um gjaldeyrisstöðu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu ef nægilega tryggt er að skýrslan sé rétt. Ef stofnun er ekki kunnugt um gjaldeyrisstöður sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal þessi staða meðhöndluð sérstaklega í samræmi við 3. mgr. 353. gr.

c) Líkanið skal taka til að minnsta kosti eins sérstaks áhættuþáttar fyrir hvern hlutabréfamarkað þar sem stofnunin hefur verulegar stöður.

d) Líkanið skal taka til að minnsta kosti eins sérstaks áhættuþáttar fyrir hverja þá hrávöru sem stofnunin hefur verulegar stöður í. Líkanið skal einnig greina áhættu vegna hreyfinga, sem ekki hafa fullkomna fylgni, milli áþekkra, en þó ekki nákvæmlega eins, hrávörutegunda og áhættunnar gagnvart breytingum á framvirku verði sem á rætur að rekja til misræmis í binditíma. Einnig skal það taka mið af einkennum markaðarins, einkum afhendingartíma og því svigrúmi sem víxlurum er veitt til þess að loka stöðum.

e) Eigið líkan stofnunarinnar skal meta á varfærinn hátt áhættuna sem leiðir af stöðum sem eru ekki mjög seljanlegar og stöðum með takmarkað verðgagnsæi samkvæmt raunhæfum markaðssviðsmyndum. Að auki skal eigið líkan uppfylla lágmarksgagnastaðla. Hæfilegrar varfærni skal gætt í áætlun gilda og aðeins skal nota þau ef tiltæk gögn eru ófullnægjandi eða ef þau endurspegla ekki raunverulegan óstöðugleika stöðu eða eignasafns.

3. Í sérhverju eigin líkani sem stofnanir nota í merkingu þessa kafla mega þær aðeins nota mælifylgni innan áhættuflokka og á milli áhættuflokka ef aðferð stofnunarinnar við að mæla fylgni er traust og henni beitt af heilindum.

368. gr.

Eigindlegar kröfur

1. Öll eigin líkön að því er varðar þennan kafla skulu vera skilvirk og þeim beitt af heilindum og skal einkum öllum eftirfarandi eigindlegum kröfum framfylgt:

a) Öll eigin líkön sem notuð eru til að reikna út eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu, gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu skulu vera nátengd daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar og skal skýrslugjöf um áhættugrunn til framkvæmdastjórnar grundvölluð á því.

b) Stofnunin skal hafa áhættueftirlitsdeild sem er óháð viðskiptadeildum og heyrir beint undir framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Deildin skal sjá um hönnun og framkvæmd eigin líkana sem notuð eru að því er varðar þennan kafla. Deildin skal framkvæma upphaflega og áframhaldandi sannreyningu eigin líkana sem notuð eru að því er varðar þennan kafla og bera ábyrgð á áhættustjórnunarkerfinu í heild. Deildin skal taka saman eða greina daglegar skýrslur um niðurstöður eigin líkana sem notuð eru við útreikning eiginfjárkröfu vegna stöðuáhættu, gjaldmiðlaáhættu og hrávöruáhættu, og um viðeigandi ráðstafanir sem grípa skal til með tilliti til viðskiptatakmarkana.

c) Stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjórn hennar skulu taka virkan þátt í áhættueftirlitinu og daglegar skýrslur áhættueftirlitsdeildarinnar lagðar fyrir háttsetta stjórnendur sem hafa bæði umboð til þess að lækka stöður, sem einstakir víxlarar (e. traders) hafa tekið fyrir, og áhættugrunn stofnunarinnar í heild.

d) Stofnunin skal hafa á að skipa nægu starfsfólki sem er faglært í meðferð flókinna eigin líkana, þ.m.t. líkana sem notuð eru að því er varðar þennan kafla, á sviði veltuviðskipta, áhættueftirlits, endurskoðunar og bakvinnslu.

e) Stofnunin skal hafa sett verklagsreglur um vöktun og að tryggt sé að skjalfestum, innri stefnumiðum og eftirlitsaðgerðum sé fylgt að því er varðar heildarrekstur eigin líkana hennar, þ.m.t. þeim sem notuð eru að því er varðar þennan kafla.

f) Öll eigin líkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla skulu hafa sýnt fram á nægilega nákvæmni við að mæla áhættu.

g) Stofnunin skal oft láta gera strangar álagsprófanir, þ.m.t. öfug álagspróf, sem ná yfir öll eigin líkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla og skulu þau lögð fyrir framkvæmdastjórnina og endurspeglast í þeim stefnum og mörkum sem hún setur. Þessu ferli er einkum ætlað að taka á lausafjárskorti á mörkuðum við álagsaðstæður, samþjöppunaráhættu, einstefnumörkuðum, ófyrirsjáanlegri áhættu og skyndilegri vanskilaáhættu (e. jump-to-default), frávikum frá línuleika framleiðsluvara, stöðum í miklu tapi (e. deep out-of-the-money), stöðum sem eru háðar verðmun og annarri áhættu sem eigin líkön greina ekki á tilhlýðilegan hátt. Þau áföll sem notuð eru skulu endurspegla eðli eignasafnanna og þann tíma sem það getur tekið að koma upp vörnum gegn áhættum eða stýra þeim við erfiðar markaðsaðstæður.

h) Stofnunin skal láta fara fram, sem lið í reglubundinni innri endurskoðun sinni, óháða endurskoðun á eigin líkönum, þ.m.t. þau sem notuð eru að því er varðar þennan kafla.

2. Endurskoðunin sem um getur í h-lið fyrstu málsgreinar skal bæði taka til starfsemi viðskiptadeilda og sjálfstæðrar áhættueftirlitsdeildar. Stofnunin skal að minnsta kosti árlega láta fara fram endurskoðun á áhættustýringarferli sínu í heild. Í slíkri endurskoðun skal athuga eftirfarandi:

a) hvort skráning gagna um áhættustýringarkerfið og ferli þess og skipulag áhættueftirlitsdeildarinnar er fullnægjandi,

b) samþættingu áhættumats við daglega áhættustýringu og heilleika upplýsingastjórnunarkerfisins,

c) ferlið sem stofnunin fylgir við að samþykkja áhættuverðlagningarlíkön og matskerfi sem bæði starfsmenn í framlínu og bakvinnslu nota,

d) að hve miklu leyti áhætta greinist með áhættumatslíkaninu og sannreyningu mikilvægra breytinga í áhættumatsferlinu,

e) hversu áreiðanleg og fullnægjandi stöðugögn eru, hversu nákvæmar og viðeigandi forsendur um flökt og fylgni eru, og hversu nákvæmir útreikningar um virðismat og áhættunæmi eru,

f) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til þess að meta samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika þeirra gagnalinda sem notaðar eru til að keyra eigin líkön, þ.m.t. hversu óháðar slíkar gagnalindir eru,

g) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til að meta afturvirkar prófanir sem fara fram til að meta nákvæmni líkananna.

3. Eftir því sem aðferðir og bestu starfsvenjur þróast skulu stofnanir beita þeim nýju aðferðum og starfsvenjum á öll eigin líkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla.

369. gr.

Innri sannreyning

1. Stofnanir skulu koma á fót vinnsluferlum til að tryggja að aðilar, sem hafa tilskilin starfsréttindi og eru óháðir þróunarferlinu, sannreyni öll eigin líkön þeirra, sem notuð eru að því er varðar þennan kafla, á fullnægjandi hátt til að tryggja að þau séu skilvirk og greini á fullnægjandi hátt allar áhættur sem skipta máli. Sannreyningin skal framkvæmd við upphaflega þróun eigin líkansins og þegar gerðar eru verulegar breytingar á eigin líkani. Eining skal framkvæma sannreyninguna með reglulegu millibili en einkum ef orðið hafa verulegar skipulagsbreytingar á markaðnum eða breytingar á samsetningu verðbréfasafnsins sem gætu leitt til þess að eigið líkan væri ekki lengur fullnægjandi. Stofnanir skulu nýta sér framfarir í þróun aðferða og bestu starfsvenja fyrir innri sannreyningu. Sannreyning eigin líkans skal ekki einskorðast við afturvirka prófun heldur skal hún einnig a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) prófanir til að sýna fram á að allar forsendur, sem gengið er út frá innan eigin líkans, eigi við og vanmeti ekki eða ofmeti áhættuna,

b) stofnanir skulu, auk lögboðinnar áætlunar um afturvirka prófun, annast eigin sannreyningarpróf á eigin líkani í tengslum við áhættur og skipulag verðbréfasafna sinna,

c) notkun áætlaðra eignasafna til að tryggja að eigið líkan geti greint sérstaka skipulagsþætti sem geta komið upp, t.d. verulegar grundvallaráhættur og samþjöppunaráhættu.

2. Stofnunin skal athuga hæfni stofnunar til að framkvæma afturvirka prófun bæði á raunverulegum og áætluðum breytingum á verðgildi eignasafnsins.

3. þáttur

Sérstakar kröfur um líkanasmíð fyrir sértæka áhættu

370. gr.

Kröfur um smíði líkana fyrir sértæka áhættu

Eigið líkan sem notað er til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu og eigið líkan fyrir fylgniviðskipti skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Það skýrir sögulegar verðbreytingar í eignasafninu.

b) Það greinir samþjöppun að því er varðar umfang og breytingar á samsetningu eignasafnsins.

c) Það getur tekið á óhagstæðu umhverfi.

d) Það er sannreynt með afturvirkri prófun sem miðar að því að meta hvort sértæk áhætta greinist nægilega vel. Ef stofnanir framkvæma slíka afturvirka prófun á grundvelli viðeigandi undirsafna eignasafna skulu þau valin með samræmdum hætti.

e) Það greinir grundvallaráhættu í tengslum við aðila og skal einkum vera næmt fyrir verulegum, sérkennandi mun á stöðum sem eru sambærilegar en ekki alveg eins.

f) Það greinir áhættu vegna ófyrirsjáanlegra atburða.

371. gr.

Útilokanir frá líkönum fyrir sértæka áhættu

1. Stofnun má velja að útiloka frá útreikningi á kröfu sinni vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu, með notkun eigin líkans, þær stöður þar sem hún uppfyllir þegar kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu í samræmi við e-lið 1. mgr. 332. gr. eða 337. gr. að undanskildum stöðum sem falla undir aðferðin sem um getur í 377. gr.

2. Stofnun má velja að greina ekki vanskila- og tilfærsluáhættu skuldagerninga, sem verslað er með, í eigin líkan ef hún greinir þá áhættu samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 4. þætti.

4. þáttur

Eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

372. gr.

Krafa um að hafa eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

Stofnun sem notar eigið líkan til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu skuldagerninga, sem viðskipti eru með, skal einnig hafa eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu (e. IRC model) til að taka með í reikninginn vanskila- og tilfærsluáhættur staðna sinna í veltubók sem aukast í tengslum við áhættur sem felast í mati á vágildi eins og tilgreint er í 1. mgr. 365. gr. Stofnunin skal sýna fram á að eigið líkan hennar uppfylli eftirfarandi staðla að því gefnu að áhættustigið sé stöðugt, og leiðrétt eftir því sem við á til að endurspegla áhrif lausafjárstöðu, samþjöppunar, áhættuvarna og verðs valréttar:

a) eigið líkan veitir markvissa sundurgreiningu á áhættu og nákvæmt og samræmt mat á aukinni vanskila- og tilfærsluáhættu,

b) mat eigin líkans á hugsanlegu tapi er nauðsynlegur hluti af áhættustýringu stofnunarinnar,

c) markaðs- og stöðugögn sem notuð eru í eigin líkan eru ný og háð viðeigandi gæðamati,

d) kröfurnar í 3. mgr. 367. gr., 368. gr., 1. mgr. 369. gr. og b-, c-, e- og f-liðum 370. gr. eru uppfylltar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um kröfurnar í 373.–376. gr.

373. gr.

Umfang eigin líkans fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

Eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu skal ná yfir allar stöður sem falla undir kröfu vegna eiginfjárgrunns, þ.m.t. þær sem fá 0% eiginfjárkröfu vegna sértækrar áhættu skv. 336. gr., en skal ekki ná yfir verðbréfaðar stöður og lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila.

Með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda má stofnun velja að láta líkanið, með samræmdum hætti, ná yfir allar stöður í skráðum hlutabréfum og afleiðum sem byggja á skráðum hlutabréfum. Leyfið skal veitt ef slíkt fyrirkomulag er í samræmi við það hvernig stofnunin mælir og stýrir áhættu innan stofnunarinnar.

374. gr.

Færibreytur eigin líkans fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

1. Stofnanir skulu nota eigið líkan til að reikna út tölu sem mælir tap vegna vanskila og tilfærslu innra eða ytra mats við 99,9% öryggisbil á eins árs tímabili. Stofnanir skulu reikna þessa tölu út minnst vikulega.

2. Fylgniforsendur skulu studdar greiningu á hlutlægum gögnum á heildsteyptum forsendum. Þetta eigið líkan skal endurspegla samþjöppun útgefenda nægilega vel. Endurspegla skal einnig samþjöppun sem getur orðið innan og þvert á afurðaflokka við erfiðar aðstæður.

3. Eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu skal endurspegla áhrif fylgni milli vanskila- og tilfærsluatburða. Ekki skal endurspegla áhrif af dreifingu á milli vanskila- og tilfærsluatburða annars vegar og annarra áhættuþátta hins vegar.

4. Eigið líkan skal byggjast á þeirri forsendu að áhættustig á viðkomandi eins árs tímabili haldist stöðugt, en það felur í sér að einstakar stöður eða stamstæður staðna í veltubókinni, sem hafa lent í vanskilum eða tilfærslu á seljanleikatímabilinu, séu endurstilltir í lok seljanleikatímabilsins til þess að ná aftur upphaflega áhættustiginu. Stofnun getur hins vegar valið að nota með samræmdum hætti forsendu um stöðuga áhættu til eins árs.

5. Ákvarða skal seljanleikatímabilið í samræmi við þann tíma sem þarf til að selja stöðuna eða áhættuverja alla verulega viðeigandi verðáhættu við erfiðar markaðsaðstæður, sérstaklega að teknu tilliti til stærðar stöðunnar. Seljanleikatímabilið skal endurspegla raunverulega starfsvenju og reynslu bæði á tímum kerfisbundinna og sérstakra erfiðleika. Meta skal seljanleikatímabilið samkvæmt varfærnum forsendum og það skal vera nægilega langt til þess að sala eða áhættuvörn hafi í sjálfu sér ekki veruleg áhrif á verðið sem salan eða vörnin færi fram á.

6. Við ákvörðun viðeigandi seljanleikatímabils vegna stöðu eða samstæðu staðna skal lágmarkstímabilið vera þrír mánuðir.

7. Við ákvörðun viðeigandi seljanleikatímabils fyrir stöðu eða samstæðu staðna skal taka tillit til innri stefnu stofnunar í tengslum við virðisleiðréttingar og meðferð langvarandi staðna. Ef stofnun ákvarðar seljanleikatímabil fyrir samstæður staðna frekar en einstakar stöður, skal skilgreina viðmiðanir fyrir skilgreiningu á samstæðum staðna með þeim hætti að þær endurspegli á markvissan hátt mismunandi seljanleika. Seljanleikatímabil skulu vera lengri fyrir stöður sem eru samþjappaðar, til samræmis við að lengri tíma tekur að losa slíkar stöður. Seljanleikatímabil fyrir vöruhús verðbréfana (e. *securitisation warehouse*) skal endurspegla tímann sem það tekur að byggja upp, selja og verðbréfa eignirnar, eða tímann sem tekur að áhættuverja verulega áhættuþætti, við erfiðar markaðsaðstæður.

375. gr.

Áhættuvarnir færðar í eigin líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

1. Fella má áhættuvarnir inn í eigið líkan stofnunar við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáhættu. Heimilt er að skuldajafna stöður ef gnótt- og skortstöður vísa til sama fjármálagernings. Áhrif áhættuvarnar eða áhættudreifingar í tengslum við gnótt- og skortstöður í mismunandi gerningum eða mismunandi verðbréfum sama loforðsgjafa, auk gnótt- og skortstaðna í mismunandi útgefendum, má aðeins færa með því að gera ítarlega grein fyrir vergum gnótt- og skortstöðum í mismunandi gerningum. Stofnanir skulu endurspegla áhrif verulegrar áhættu sem gæti komið til á tímabilinu milli gildistíma áhættuvarnarinnar og seljanleikatímabilsins auk mögulegrar mikilvægrar grunnáhættu áhættuvarnaráætlana eftir afurð, forgangsröð í fjármagnsuppbyggingu, innra eða ytra mati, gildistíma, útgáfualdri (e. vintage) og öðrum mismun á gerningunum. Stofnun skal aðeins endurspegla áhættuvörn að því marki sem unnt er að viðhalda henni jafnvel þótt loforðsgjafi nálgist lánshæfisatburð eða annan atburð.

2. Að því er varðar stöður sem eru áhættuvarðar með öflugri áhættuvarnaráætlun, má skrá endurstillingu áhættuvarnar innan seljanleikatímabils vörðu stöðunnar að því tilskildu að stofnunin:

a) kjósi að setja endurstillingu áhættuvarnarinnar fram með samræmdum hætti að því er varðar viðkomandi samstæðu staðna í veltubókinni,

b) sýni fram á að endurstillingin leiði til betra áhættumats,

c) sýni fram á að markaðir fyrir gerningana sem notaðir eru til áhættuvarnar séu nægilega virkir til þess að hægt sé að framkvæma slíka endurstillingu, jafnvel á erfiðum tímum. Krafan vegna eiginfjárgrunns skal endurspegla aðra eftirstæða áhættu vegna öflugra áhættuvarnaráætlana.

376. gr.

Sérstakar kröfur vegna eigin líkans fyrir vanskila- og tilfærsluáhættu

1. Eigið líkan til að greina aukna vanskila- og tilfærsluáhættu skal endurspegla ólínuleg áhrif valrétta, samsettra lánaafleiða og annarra staðna sem hegða sér marktækt með ólínulegum hætti með tilliti til verðbreytinga. Stofnunin skal einnig taka tilhlýðilegt tillit til umfangs líkansáhættu sem er innbyggð í verðmat og mat á verðlagsáhættu í tengslum við slíkar afurðir.

2. Eigið líkan skal byggt á gögnum sem eru hlutlæg og ný.

3. Við óháða endurskoðun og sannreyningu á eigin líkani sem notað er að því er varðar þennan kafla, þ.m.t. að því er varðar áhættumatskerfið, skal stofnun einkum gera eftirfarandi:

a) Sannreyna að aðferð við líkanasmíðina að því er varðar fylgni og verðbreytingar sé viðeigandi með tilliti til eignasafns stofnunarinnar, þ.m.t. val á vægi kerfisbundinna áhættuþátta.

b) Framkvæma fjölbreytt álagspróf, þ.m.t. næmisgreiningu og sviðsmyndagreiningu, til þess að meta eigindlegt og megindlegt réttmæti eigin líkans, einkum með tilliti til þess hvernig samþjöppun er meðhöndluð. Slík próf skulu ekki takmarkast við atburði sem hafa átt sér stað.

c) Beita viðeigandi megindlegri sannreyningu, þ.m.t. viðeigandi eigin viðmiðunum líkana.

4. Eigið líkan skal vera í samræmi við áhættustýringaraðferðir stofnunar við að greina, mæla og stýra viðskiptaáhættu.

5. Stofnanir skulu skjalfesta eigin líkön sín þannig að fylgniforsendur og aðrar forsendur líkans séu gagnsæjar lögbærum yfirvöldum.

6. Eigið líkan skal meta á varfærinn hátt áhættuna sem leiðir af stöðum sem eru ekki mjög seljanlegar og stöðum með takmarkað verðgagnsæi samkvæmt raunhæfum markaðssviðsmyndum. Að auki skal eigið líkan uppfylla lágmarksgagnastaðla. Hæfilegrar varfærni skal gætt í áætlun gilda og aðeins má nota þau ef tiltæk gögn eru ófullnægjandi eða ef þau endurspegla ekki raunverulegan óstöðugleika stöðu eða verðbréfasafns.

5. þáttur

Eigið líkan vegna fylgniviðskipta

377. gr.

Kröfur vegna eigin líkans fyrir fylgniviðskipti

1. Lögbær yfirvöld skulu veita stofnunum, sem mega nota eigið líkan vegna sértækrar áhættu skuldagerninga og sem uppfylla kröfurnar í 2.–6. mgr. þessarar greinar og í 1. og 3. mgr. 367. gr., 368. gr., 1. mgr. 369. gr. og a-, b-, c-, e- og f-lið 370. gr., heimild til að nota eigið líkan að því er varðar kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir fylgniviðskiptasafn í stað kröfu vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 338. gr.

2. Stofnanir skulu nota þetta eigið líkan til að reikna út tölu sem mælir á fullnægjandi hátt alla verðáhættu miðað við 99,9% öryggisbil fyrir eins árs tímabil, að gefnum forsendum um stöðugt áhættustig, og er leiðrétt eftir því sem við á til að endurspegla áhrif seljanleika, samþjöppunar, áhættuvarna og verð valréttar. Stofnanir skulu reikna þessa tölu út minnst vikulega.

3. Eftirfarandi áhætta skal greind á fullnægjandi hátt með líkaninu sem um getur í 1. mgr.:

a) uppsöfnuð áhætta vegna margra vanskila, þ.m.t. röðun vanskila í afurðum sem skipt er í áhættulög eignasafns,

b) áhætta vegna áhættuálags, þ.m.t. gamma og kross-gamma áhrif,

c) flökt áætlaðrar fylgni, þ.m.t. víxlverkun milli álags og fylgni,

d) grundvallaráhætta, þ.m.t. hvort tveggja af eftirfarandi:

i. grundvallaráhætta á milli álags á vísitölu og álags á einstaka aðila í vísitölunni,

ii. grundvallaráhætta á milli áætlaðrar fylgni vísitölu og sérsniðinna verðbréfasafna,

e) flökt endurheimtarhlutfalls, þar sem endurheimtarhlutfallið hefur tilhneigingu til að hafa áhrif á verð lagskiptra hluta verðbréfana,

f) að því marki sem heildaráhættumat tekur til ávinnings af öflugri áhættuvörn, hættu á að áhættuvörn sígi og mögulegs kostnaðar við að endurstilla slíka áhættuvörn,

g) allar aðrar mikilvægar verðáhættur staðna í fylgniviðskiptasafninu.

4. Stofnun skal nota næg markaðsgögn innan líkansins sem um getur í 1. mgr. til að tryggja að hún uppfylli megináhættu þessara áhættuskuldbindinga í innri aðferð sinni í samræmi við kröfur þessarar greinar. Hún skal geta sýnt lögbæru yfirvaldi fram á, með bakprófunum eða öðrum viðeigandi leiðum, að líkan hennar geti á viðeigandi hátt útskýrt sögulegar verðbreytingar þessara afurða.

Stofnunin skal hafa viðeigandi stefnur og verklagsreglur til að aðskilja þær stöður, sem hún hefur leyfi til að fella inn í kröfu vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þessa grein, frá öðrum stöðum sem hún hefur ekki leyfi til að gera hið sama við.

5. Að því er varðar eignasafn allra staðna sem felldar eru inn í líkanið sem um getur í 1. mgr. skulu stofnanir reglulega beita fyrirframákveðnum álagssviðsmyndum. Slíkar álagssviðsmyndir skulu skoða áhrif álags hvað varðar vanskilahlutfall, endurheimtarhlutfall, áhættuálag, fylgni og aðra viðeigandi áhættuþætti, á fylgniviðskiptasafnið. Stofnunin skal beita slíkum álagssviðsmyndum að lágmarki vikulega og gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu um niðurstöðurnar eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, þ.m.t. samanburð við kröfu stofnunar vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þessa grein. Tilkynna skal lögbærum yfirvöldum tímanlega um öll tilvik þar sem niðurstöður álagsprófa eru verulega umfram kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar fylgniviðskiptasafnið. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um notkun álagssviðsmynda fyrir fylgniviðskiptasafnið.

6. Eigið líkan skal meta á varfærinn hátt áhættuna sem leiðir af stöðum sem eru ekki mjög seljanlegar og stöðum með takmarkað verðgagnsæi samkvæmt raunhæfum markaðssviðsmyndum. Að auki skal eigið líkan uppfylla lágmarksgagnastaðla. Hæfilegrar varfærni skal gætt í áætlun gilda og aðeins má nota þau ef tiltæk gögn eru ófullnægjandi eða ef þau endurspegla ekki raunverulegan óstöðugleika stöðu eða verðbréfasafns.

V. BÁLKUR

KRÖFUR VEGNA EIGINFJÁRGRUNNS AÐ ÞVÍ ER VARÐAR UPPGJÖRSÁHÆTTU

378. gr.

Uppgjörs-/afhendingaráhætta

Þegar um er að ræða viðskipti þar sem skuldagerningar, hlutabréf, erlendir gjaldmiðlar og hrávörur, að undanskildum endurhverfum verðbréfakaupum og -sölu og verðbréfa- eða hrávörulánveitingum og verðbréfa- eða hrávörulántökum, eru óuppgerð eftir að afhendingarfrestur er runninn út skal stofnunin reikna út verðmismuninn sem hún stendur frammi fyrir.

Verðmunurinn er reiknaður út sem mismunur á umsömdu uppgjörsverði fyrir viðkomandi skuldagerning, hlutabréf, erlendan gjaldmiðil eða hrávöru og gildandi markaðsvirði þar sem mismunurinn kann að hafa í för með sér tap fyrir stofnunina.

Stofnunin skal margfalda þann verðmun með viðeigandi stuðli í hægri dálki töflu 1 hér á eftir til að reikna út kröfu sína vegna eiginfjárgrunns að því er varðar uppgjörsáhættu.

Tafla 1

Fjöldi virkra daga eftir tilskilinn uppgjörsdag	(%)
5 – 15	8
16 – 30	50
31 – 45	75
46 eða fleiri	100

379. gr.

Ófrágengin viðskipti

1. Eignfjárgrunnur stofnunarinnar skal vera eins og fram kemur í töflu 2 þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) hún hefur greitt fyrir verðbréfin, erlendu gjaldmiðlana eða hrávörurnar áður en hún tók við þeim eða hefur látið af hendi verðbréf, erlenda gjaldmiðla eða hrávörur áður en hún fékk greiðslu fyrir þau,

b) einn eða fleiri dagar hafa liðið síðan greiðsla eða afhending fór fram, þegar um er að ræða viðskipti yfir landamæri.

Tafla 2

Meðferð eigin fjár vegna ófrágenginna viðskipta

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur	4. dálkur
Tegund viðskipta	Að fyrstu samningsbundnu greiðslu eða afhendingu	Frá fyrstu samningsbundnu greiðslu eða afhendingu þar til fjórum dögum eftir aðra samningsbundnu greiðslu eða afhendingu	Frá 5 virkum dögum eftir aðra samningsbundnu greiðslu eða afhendingu þar til viðskiptunum lýkur
Ófrágengin viðskipti	Engin eiginfjárkrafa	Farið með sem áhættuskuldbindingu	Farið með sem 1250% áhættuskuldbindingu

2. Að því er varðar áhættuvog á áhættuskuldbindingar í ófrágengnum viðskiptum, sem farið er með skv. 3. dálki í töflu 2, mega stofnanir, sem nota innramatsaðferðina sem er sett fram í 3. kafla II. þáttar þriðja hluta, ákvarða líkur á vanefndum (PD) mótaðila, sem ekki hafa aðra áhættuskuldbindingu utan veltubókar hjá þeim, á grundvelli ytra mats mótaðilans. Stofnanir, sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (LGD), mega nota það tap að gefnum vanefndum sem sett er fram í 1. mgr. 161. gr. á áhættuskuldbindingar í ófrágengnum viðskiptum sem farið er með skv. 3. dálki í töflu 2, að því tilskildu að þær beiti því á allar slíkar áhættuskuldbindingar. Á hinn bóginn getur stofnun, sem notar innramatsaðferðina, sem er sett fram í 3.kafla II. þáttar þriðja hluta, notað áhættuvogir staðalaðferðarinnar eins og um getur í 2. kafla II. þætti þriðja hluta, að því tilskildu að hún beiti þeim á allar slíkar áhættuskuldbindingar eða geti fengið öllum slíkum áhættuskuldbindingum 100% áhættuvog.

Ef fjárhæð jákvæðrar áhættuskuldbindingar, sem stafar af ófrágengnum viðskiptum, er ekki veruleg geta stofnanir fengið þessum áhættuskuldbindingum 100% áhættuvog nema krafist sé 1250% áhættuvogar í samræmi við 4. dálk í töflu 1 í 1. mgr.

3. Í stað þess að beita 1250% áhættuvog á áhættuskuldbindingar í ófrágengnum viðskiptum samkvæmt 4. dálki í töflu 2 í 1. mgr. má stofnun draga yfirfært virði að viðbættri gildandi jákvæðri áhættuskuldbindingu frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við k-lið 1. mgr. 36. gr.

380. gr.

Undanþága

Þegar um er að ræða allsherjarbilun í uppgjörskerfi, stöðustofnunarkerfi eða hjá miðlægum mótaðila geta lögbær yfirvöld fallið frá kröfum vegna eiginfjárgrunns, sem eru reiknaðar eins og segir í 378. og 379. gr., þar til bætt hefur verið úr ástandinu. Í því tilviki ber ekki að líta svo á að mótaðili, sem lætur hjá líða að gera upp viðskipti, hafi ekki staðið í skilum að því er varðar útlánaáhættu.

VI. BÁLKUR

KRÖFUR VEGNA EIGINFJÁRGRUNNS AÐ ÞVÍ ER VARÐAR LEIÐRÉTTINGARÁHÆTTU VEGNA ÚTLÁNAVIRÐI (CVA-áhætta)

381. gr.

Merking leiðréttingar á útlánavirði

Að því er varðar þennan þátt og 6. kafla II. þáttar merkir „leiðrétting á útlánavirði“ eða „CVA“ aðlögun verðbréfasafns viðskiptanna við mótaðila að miðmarkaðsvirði (e. mid-market valuation). Leiðréttingin endurspeglar markaðsvirði útlánaáhættu mótaðila gagnvart stofnuninni en endurspeglar ekki markaðsvirði útlánaáhættu stofnunarinnar gagnvart mótaðilanum.

382. gr.

Gildissvið

1. Stofnun skal reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu í samræmi við þennan bálk vegna allra OTC-afleiðugerninga í allri atvinnustarfsemi sinni nema lánaafleiður sem viðurkennt er að lækki fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna útlánaáhættu.

2. Stofnun skal fella fjármögnunarviðskipti með verðbréf inn í útreikning á þeim eiginfjárgrunni sem krafa er gerð um í 1. mgr. ef lögbært yfirvald ákvarðar að CVA-áhætta stofnunarinnar vegna þeirra viðskipta sé veigamikil.

3. Viðskipti við fullgildan, miðlægan mótaðila og viðskipti viðskiptavinar við stöðustofnunaraðila, þegar stöðustofnunaraðilinn kemur fram sem milliliður á milli viðskiptavinarins og fullgilds, miðlægs mótaðila og viðskiptin leiða til viðskiptastöðu stöðustofnunaraðilans vegna fullgilda, miðlæga mótaðilans, eru undanskilin kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu.

4. Eftirfarandi viðskipti skulu undanskilin kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu:

a) viðskipti við ófjárhagslega mótaðila eins og þeir eru skilgreindir í 9. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi, ef viðskiptin fara ekki yfir efri mörk viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar eins og tilgreint er í 3. og 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar,

b) viðskipti innan samstæðu eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 nema aðildarríkin samþykki landslög sem krefjast formgerðarlegrar aðgreiningar innan bankasamstæðu, en í þeim tilvikum mega lögbær yfirvöld krefjast þess að þau viðskipti innan samstæðu á milli formgerðarlega aðgreindra stofnana séu felld inn í kröfur vegna eiginfjárgrunns,

c) viðskipti við mótaðila sem um getur í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og með fyrirvara um umbreytingarákvæðin sem sett eru fram í 1. mgr. 89. gr. þeirrar reglugerðar þar til þau umbreytingarákvæði falla úr gildi,

d) viðskipti við mótaðila sem um getur í 4. og 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og viðskipti við mótaðila sem 4. mgr. 114. gr. og 2. mgr. 115. gr. þessarar reglugerðar tiltekur að fái 0% áhættuvog fyrir áhættuskuldbindingar vegna þeirra mótaðila.

Undanþágan frá CVA-kröfunni að því er varðar þau viðskipti er um getur í c-lið þessarar málsgreinar, sem eiga sér stað á umbreytingartímabilinu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skal gilda á samningstíma viðskiptanna.

Að því er varðar a-lið, þegar stofnun hættir að vera undanþegin með því að fara yfir undanþágumörkin eða vegna þess að undanþágumörkum er breytt, skulu útistandandi samningar áfram vera undanþegnir þar til kemur að uppgjörsdegi þeirra.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal láta fara fram endurskoðun fyrir 1. janúar 2015 og á tveggja ára fresti þaðan í frá, í ljósi þróunar alþjóðareglna og þ.m.t. á hugsanlegri aðferðafræði við kvörðun og viðmiðunarmörk að því er varðar beitingu krafna vegna CVA-áhættu gagnvart ófjárhagslegum mótaðilum með staðfestu í þriðja landi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samstarfi við Evrópsku eftirlitsstofnunina á verðbréfamarkaði semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum innan sex mánaða frá dagsetningu endurskoðunarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

383. gr.

Þróuð aðferð

1. Stofnun sem hefur leyfi til að nota eigið líkan fyrir sértæka áhættu skuldagerninga í samræmi við d-lið 1. mgr. 363. gr. skal, að því er varðar öll viðskipti þar sem hún hefur leyfi til að nota eiginlíkansaðferðina til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði vegna áhættuskuldbindingar tengdrar útlánaáhættu mótaðila í samræmi við 283. gr., ákvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu með því að gera líkan af áhrifum breytinga í áhættuálagi mótaðila á CVA allra mótaðila viðskiptanna, að teknu tilliti til CVA-áhættuvarna sem eru hæfar í samræmi við 386. gr.

Stofnun skal nota eigið líkan sitt til að ákvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu sem tengist skuldastöðum sem viðskipti eru með og skal nota 99% öryggisbil og tíu daga jafngilt eignartímabil. Eigið líkan skal notað á þann hátt að það líki eftir breytingum á áhættuálagi mótaðila, en sýni ekki næmi CVA fyrir breytingum á öðrum markaðsþáttum, þ.m.t. breytingum á virði viðmiðunareignar, hrávöru, gjaldmiðils eða vaxta afleiðu.

Reikna skal kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu vegna hvers mótaðila í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$CVA = LGD_{MKT} \cdot \sum_{i=1}^{T} \max\left\{0, \exp\left(-\frac{s_{i-1} \cdot t_{i-1}}{LGD_{MKT}}\right) - \exp\left(-\frac{s_i \cdot t_i}{LGD_{MKT}}\right)\right\} \cdot \frac{EE_{i-1} \cdot D_{i-1} + EE_i \cdot D_i}{2}$$

þar sem:

t_i = tímapunktur i-nta endurmats, talið frá t_0=0;

t_T = lengsti samningsbundni binditíminn í skuldajöfnunarsöfnunum við mótaðilann,

s_i = er áhættuálag mótaðila á eftirstöðvatíma ti, notað til að reikna út CVA mótaðilans. Liggi skuldatryggingarálag mótaðilans fyrir skal stofnunin nota það álag. Liggi slíkt skuldatryggingarálag ekki fyrir skal stofnun nota áætlað álag sem er viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans.

LGD_{MKT} = tap að gefnum vanefndum mótaðilans skal byggt á álagi markaðsgernings mótaðilans ef gerningur mótaðila er til staðar. Liggi gerningur mótaðila ekki fyrir skal nota áætlað álag sem er viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans.

Fyrsti þáttur samtölunnar stendur fyrir nálgun á jaðarlíkum þess, leitt af markaði, að vanskil eigi sér stað á milli tíma t_{i-1} og t_i,

EE_i = vænt áhættuskuldbinding vegna mótaðila á endurmatstíma ti, ef áhættuskuldbindingar mismunandi skuldajöfnunarsafna vegna slíks mótaðila er bætt við og ef lengsti binditími hvers skuldajöfnunarsafns ræðst af lengsta samningsbundna binditíma innan skuldajöfnunarsafnsins. Stofnun skal beita meðferðinni sem sett er fram í 3. málsgrein ef um er að ræða viðskipti sem samkomulag um tryggingafé gildir um, ef stofnun notar mælikvarðann fyrir vænta jákvæða áhættu sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 285. gr. fyrir viðskipti sem samkomulag um tryggingafé gildir um,

D_i = vanskilaáhættulaus afvöxtunarþáttur á tíma ti, þar sem D_0 =1.

2. Við útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu vegna mótaðila skal stofnun byggja öll inntaksgögn í eigið líkan vegna sértækrar áhættu skuldagerninga á eftirfarandi formúlum (eftir því hver þeirra á við):

a) sé líkanið byggt á fullu endurmati skal nota formúluna í 1. mgr. beint,

b) ef líkanið byggir á áhættuálagsnæmni fyrir ákveðna eftirstöðvatíma skal stofnun byggja hverja áhættuálagsnæmni („Regulatory CS01“) á eftirfarandi formúlu:

$$Regulatory\ CS01_i = 0.0001 \cdot t_i \cdot \exp\left(-\frac{s_i \cdot t_i}{LGD_{MKT}}\right) \cdot \frac{EE_{i-1} \cdot D_{i-1} - EE_{i+1} \cdot D_{i+1}}{2}$$

Að því er varðar síðasta tímabilið i=T er samsvarandi formúla

$$Regulatory\ CS01_T = 0.0001\ \cdot t_T \cdot\ \exp\left(-\frac{s_T \cdot t_T}{LGD_{MKT}}\right) \cdot \frac{EE_{T-1} \cdot D_{T-1} + EE_T \cdot D_T}{2}$$

c) ef líkanið notast við áhættuálagsnæmni fyrir sambærilegum hliðrunum á áhættuálagi skal stofnun nota eftirfarandi formúlu:

$$Regulatory\ CS01 = 0.0001 \cdot \sum_{i=1}^{T}\left(t_i \cdot\ \exp\left(-\frac{s_i \cdot t_i}{LGD_{MKT}}\right) - t_{i-1} \cdot\ \exp\left(-\frac{s_{i-1} \cdot t_{i-1}}{LGD_{MKT}}\right)\right) \cdot \frac{EE_{i-1} \cdot D_{i-1} + EE_i \cdot D_i}{2}$$

d) ef líkanið notast við annars stigs næmni (e. second-order sensitivities) fyrir hliðrunum í áhættuálagi (e. spread gamma), skal viðkomandi gamma reiknað út á grundvelli formúlunnar í 1. mgr.

3. Stofnun sem notar mælikvarðann fyrir vænta jákvæða áhættu á tryggðar OTC-afleiður sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 285. gr. skal, við ákvörðun krafna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu í samræmi við 1. mgr., gera hvort tveggja eftirfarandi:

a) reikna með stöðugu EE sniði,

b) hafa EE jafnt virkri væntri áhættuskuldbindingu eins og hún er reiknuð skv. b-lið 1. mgr. 285. gr. að því er varðar binditíma sem er jafn því sem lengra er af eftirfarandi:

   i. helmingi lengsta binditímans í skuldajöfnunarsafninu,

   ii. reiknuðum vegnum meðalbinditíma allra viðskipta innan skuldajöfnunarsafnsins.

4. Stofnun sem hefur leyfi lögbærs yfirvalds í samræmi við 283. gr. til að nota eiginlíkansaðferðina til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði í tengslum við meginhluta starfsemi sinnar, en sem notar aðferðirnar sem um getur í 3., 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks fyrir smærri eignasöfn og sem hefur leyfi til að nota innra líkan markaðsáhættu fyrir sértæka áhættu skuldagerninga í samræmi við d-lið 1. mgr. 363. gr. má, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu í samræmi við 1. mgr. fyrir skuldajöfnunarsöfn utan eiginlíkansaðferðarinnar. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita þetta leyfi ef stofnun notar aðferðirnar sem settar eru farm í 3., 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks vegna takmarkaðs fjölda smærri eignasafna.

Að því er varðar útreikning samkvæmt undanfarandi undirgrein og ef eiginlíkansaðferðin skilar ekki væntu áhættuskuldbindingarsniði skal stofnun gera hvort tveggja eftirfarandi:

a) reikna með stöðugu EE sniði,

b) hafa EE jafnt áhættuskuldbindingarvirðinu eins og það er reiknað út samkvæmt aðferðunum sem um getur í 3., 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks, eða eiginlíkansaðferðinni að því er varðar binditíma sem jafngildir því sem hærra er af:

   i) helmingi lengsta binditímans í skuldajöfnunarsafninu,

   ii) reiknuðum vegnum meðalbinditíma allra viðskipta innan skuldajöfnunarsafnsins.

5. Stofnun skal ákvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu í samræmi við 1. mgr. 364. gr. og 365. og 367. gr. sem samtölu vágildis án erfiðra aðstæðna og álagsvágildis, sem reiknuð skal á eftirfarandi máta:

a) Að því er varðar vágildi án erfiðra aðstæðna skal nota gildandi kvörðunarfæribreytur vegna áhættuskuldbindinga eins og fram kemur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 292. gr.

b) Að því er varðar álagsvágildi skal nota EE-snið mótaðila í framtíðinni með álagskvörðun eins og sett er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 292. gr. Álagstímabilið fyrir færibreytur áhættuálagsins skal vera það eins árs tímabil, innan þess þriggja ára álagstímabils sem notað er vegna færibreyta áhættuskuldbindinga, þar sem álagið er mest.

c) Fjölgun, sem liggur til grundvallar útreikningi á kröfum vegna eiginfjárgrunns sem byggir á vágildi og álagsvágildi í samræmi við 1. mgr. 364. gr. mun gilda um þennan útreikning. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með samkvæmni í eftirlitsheimildum til að nota hærri margföldunarstuðla en þrefaldan margföldunarstuðul við útreikning á vágildi og álagsvágildi í tengslum við CVA-áhættukröfuna. Lögbær yfirvöld sem nota margföldunarstuðul sem er hærri en þrír skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skriflegan rökstuðning.

d) Framkvæma skal útreikninginn a.m.k. mánaðarlega og EE gildið sem notað er skal reiknað út jafn oft. Eigi útreikningur sér stað sjaldnar en daglega skulu stofnanir nota þriggja mánaða meðaltal að því er varðar útreikninginn sem tilgreindur er í ii. lið a-liðar og ii. lið b-liðar 1. mgr. 364. gr.

6. Stofnunin skal nota aðferðina sem sett er fram í 384. gr. til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu fyrir áhættuskuldbindingar vegna mótaðila ef samþykkt eigið líkan stofnunarinnar fyrir sértæka áhættu skuldagerninga skilar ekki áætluðu álagi sem er viðeigandi að því er tekur til lánshæfismat, atvinnugreinar og svæðis mótaðilans.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint nánar:

a) hvernig samþykkt eigið líkan stofnunarinnar fyrir sértæka áhættu skuli ákvarða áætlað álag skuldagerninga í þeim tilgangi að auðkenna si og LGDMKT sem um getur í 1. mgr.,

b) fjöldi og stærð eignasafna sem uppfylla viðmiðunina um takmarkaðan fjölda smærri eignasafna sem um getur í 4. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

384. gr.

Stöðluð aðferð

1. Stofnun sem reiknar ekki út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu fyrir mótaðila sína í samræmi við 383. gr. skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns eignasafns að því er varðar CVA-áhættu vegna hvers mótaðila í samræmi við eftirfarandi formúlu, með tilliti til CVA-áhættuvarna sem eru hæfar í samræmi við 386. gr.:

$$K = 2.33 \cdot \sqrt{h} \cdot \sqrt{\left(\sum_i 0.5 \cdot w_i \cdot \left(M_i \cdot EAD_i^{total} - M_i^{hedge} \cdot B_i\right) - \sum_{ind} W_{ind} \cdot M_{ind} \cdot B_{ind}\right)2 + \sum_i 0.75 \cdot w_i^2 \cdot \left(M_i \cdot EAD_i^{total} - M_i^{hedge} \cdot B_I\right)2}$$

þar sem:

h = eins árs áhættutímabil (í árum talið); h = 1,

w_i = vog sem á við mótaðila „i“ .

Mótaðili „i“ skal fá eina af sex vogum wi á grundvelli lánshæfismats frá tilnefndu utanaðkomandi tilnefnt lánshæfismatsfyrirtæki, eins og sett er fram í töflu 1. Að því er varðar mótaðila þar sem ekki liggur fyrir lánshæfismat á frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfisfyrirtæki:

a) skal stofnun sem notar nálgunina í 3. kafla II. bálki fá innra mati mótaðilans eitt af utanaðkomandi lánshæfismötum,

b) skal stofnun sem notar nálgunina í 2. kafla II. bálki úthluta þessum mótaðila wi=1,0%. Noti stofnun hins vegar 128. gr. til að áhættuvega áhættuskuldbindingar útlánaáhættu mótaðila vegna þessa mótaðila skal nota wi=3,0),

EAD_i^{total} = heildarvirði útlánaáhættu mótaðila hjá mótaðila „i“ (þegar öll skuldajöfnunarsöfn eru lögð saman), þ.m.t. áhrif tryggинga í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3. til 6. þætti 6. kafla II. bálks eftir því sem við á um útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu mótaðila vegna þess mótaðila. Stofnun sem notar eina af aðferðunum sem settar eru fram í 3. og 4. þætti 6. kafla II. bálks má nota EAD_i^{total} sem fullleiðrétt áhættuskuldbindingarvirði í samræmi við 5. mgr. 223. gr.

Að því er varðar stofnun sem notar ekki aðferðina sem sett er fram í 6. þætti 6. kafla II. bálks skal áhættuskuldbindingin afvöxtuð með eftirfarandi stuðli:

$$\frac{1 - e^{-0,05 \cdot M_i}}{0.05 \cdot M_i}$$

B_i = grundvallarfjárhæð keyptra áhættuvarna í formi skuldatrygginga gagnvart einum aðila (lagðar saman ef um fleiri en eina stöðu er að ræða) sem snerta mótaðila „i“ og eru notaðar til að verja CVA-áhættu.

Sú grundvallarfjárhæð skal afvöxtuð með eftirfarandi stuðli:

$$\frac{1 - e^{-0,05 \cdot M_i^{hedge}}}{0.05 \cdot M_i^{hedge}}$$

B_{ind} = er fullt grundvallarvirði einnar eða fleiri vísitöluskuldatryggingar (e. index credit default swap) sem er keypt sem vörn og notuð til að verja CVA-áhættu.

Sú grundvallarfjárhæð skal afvöxtuð með eftirfarandi stuðli:

$$\frac{1 - e^{-0,05 \cdot M_{ind}}}{0.05 \cdot M_{ind}}$$

w_{ind} = er vog sem á við vísitöluvarnir (e. index hedges).

Stofnun skal ákvarða w_{ind} með því að reikna út vegið meðaltal wi sem á við einstaka þætti vísitölunnar,

M_i = virkur binditími viðskiptanna við mótaðila „i“.

Að því er varðar stofnun sem notar aðferðina sem sett er fram í 6. þætti 6. kafla II. bálks skal M_i reiknað út í samræmi við g-lið 2. mgr. 162. gr. Hins vegar skal M_i í þeim tilgangi ekki takmarkað við að hámarki fimm ár heldur lengsta eftirstæða, samningsbundna binditíma í skuldajöfnunarsafninu.

Að því er varðar stofnun sem notar ekki aðferðina sem sett er fram í 6. þætti 6. kafla II. bálks er $M_i$reiknaður veginn meðalbinditími eins og um getur í b-lið 2. mgr. 162. gr. Hins vegar skal M_i í þeim tilgangi ekki takmarkað við að hámarki fimm ár heldur lengsta eftirstæða, samningsbundna binditíma í skuldajöfnunarsafninu.

M_i^{hedge} = binditími áhættuvarnarinnar með grundvallarfjárhæð B_i (virði $M_i^{hedge}B_i$ skal lagt saman ef stöðurnar eru nokkrar),

M_{ind} = binditími vísitöluvarnarinnar.

Ef um er að ræða fleiri en eina vísitöluvarnarstöðu er M_{ind} binditími veginn samkvæmt útreikningi (e. notional-weighted maturity).

2. Ef mótaðili er talinn með í vísitölu sem skuldatrygging, notuð til að verja útlánaáhættu mótaðila, byggir á má stofnun draga þá grundvallarfjárhæð sem rekja má til þess mótaðila, í samræmi við vog hans sem tilgreinds aðila, frá grundvallarfjárhæð vísitöluskuldatryggingarinnar og fara með hana sem vörn gagnvart einum aðila (Bi) fyrir mótaðilann með líftíma byggðan á líftíma vísitölunnar.

Tafla 1

Lánshæfisþrep	Vægi w_i
1	0,7%
2	0,8%
3	1,0%
4	2,0%
5	3,0%
6	10,0%

385. gr.

Önnur aðferð en CVA-aðferðin til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns

Í stað 384. gr. mega stofnanir sem nota aðferð upprunalegrar áhættu eins og mælt er fyrir um í 275. gr., að því er varðar gerninga sem um getur í 382. gr. og með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda, nota margfeldisstuðulinn 10 á framkomnar áhættuvegnar áhættuskuldbindingar fyrir útlánaáhætta mótaðila vegna þessara áhættuskuldbindinga í stað þess að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu.

386. gr.

Hæfar áhættuvarnir

1. Áhættuvarnir skulu einungis teljast hæfar áhættuvarnir að því er varðar útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu í samræmi við 383. og 384. gr. ef þær eru notaðar í þeim tilgangi að milda CVA-áhættu, þeim stýrt sem slíkum og ef þær eru eitt eftirfarandi:

a) skuldatrygging gagnvart einum aðila eða annar sambærilegur áhættuvarnargerningur sem vísar beint til mótaðilans,

b) vísitöluskuldatrygging, að því tilskildu að grundvöllurinn á milli álags einstaks mótaðila og álags áhættuvarna vísitöluskuldatrygginga endurspeglist nægilega í vágildinu og álagsvágildinu, að mati lögbærra yfirvalda.

Krafan í b-lið um að grundvöllurinn á milli álags einstaks mótaðila og álags áhættuvarna vísitöluskuldatrygginga endurspeglist í vágildinu og álagsvágildinu skal einnig eiga við um tilvik þar sem álag mótaðilans er áætlað.

Þegar stofnun áætlar gildi fyrir mótaðila skal hún leggja til grundvallar sanngjarnar tímaraðir úr dæmigerðum hópi áþekkra aðila með álag sem liggur fyrir.

Ef grundvöllurinn á milli álags einstaks mótaðila og álags áhættuvarna vísitöluskuldatrygginga endurspeglast ekki nægilega vel að mati lögbærra yfirvalda skal stofnun einungis endurspegla 50% af grundvallarfjárhæð vísitöluvarna í vágildinu og álagsvágildinu.

Óheimilt er að áhættuverja áhættuskuldbindingar um of með skuldatryggingum gagnvart einum aðila samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 383. gr.

2. Stofnun skal ekki endurspegla aðrar gerðir áhættuvarna fyrir mótaðilaáhættu í útreikningi krafna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu. Einkum eru skuldatryggingar sem skipt er í áhættulög eða skuldatryggingar sem byggjast á einum vanskilaaðila og lánshæfistengd skuldabréf ekki hæfar áhættuvarnir í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu.

3. Hæfar áhættuvarnir sem eru taldar með í útreikningi á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu skulu hvorki taldar með í útreikningi á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu sem sett er fram í IV. bálki né farið með þær sem mildun útlánaáhættu nema vegna útlánaáhætta mótaðila fyrir sama eignasafn viðskipta.

4. HLUTI

STÓRAR ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR

387. gr.

Efni

Stofnanir skulu hafa eftirlit með og stjórna stórum áhættuskuldbindingum sínum í samræmi við þennan hluta.

388. gr.

Undantekningar frá gildissviði

Þessi hluti skal ekki gilda um verðbréfafyrirtæki sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 96. gr.

Þessi hluti skal ekki gilda um samstæðu á grundvelli stöðu hennar ef samstæðan telur aðeins verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 95. gr. eða 1. mgr. 96. gr. og félög í viðbótarstarfsemi og ef samstæðan telur ekki lánastofnanir.

389. gr.

Skilgreining

Að því er varðar þennan hluta merkir „áhættuskuldbindingar“ sérhver eign eða liður utan efnahagsreiknings sem um getur í 2. kafla II. bálki þriðja hluta, án þess að áhættuvogum eða áhættuvægi sé beitt.

390. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Áhættuskuldbindingar sem myndast vegna liðanna sem um getur í II. viðauka skulu reiknaðar út í samræmi við eina þeirra aðferða sem greint er frá í 6. kafla II. bálks þriðja hluta.

2. Stofnanir sem hafa leyfi til að nota eiginlíkansaðferðina í samræmi við 283. gr. mega nota eiginlíkansaðferðina til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði vegna endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántaka, viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa og gnóttsamninga.

3. Stofnanirnar skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir veltubókarviðskipti sín í samræmi við 299. gr. 2. kafla. IV. bálks þriðja hluta og V. bálk þriðja hluta og, eins og við á, 5. kafla IV. bálks þriðja hluta, skulu reikna áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptavina sem myndast í veltubókinni með því að leggja saman eftirfarandi þætti:

a) jákvæðan mismun á gnóttstöðum stofnunar umfram skortstöður hennar í öllum fjármálagerningum sem viðkomandi viðskiptavinur gefur út, þar sem hrein staða í hverjum gerningi er reiknuð í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla IV. bálks þriðja hluta.

b) hreina áhættuskuldbindingu, þegar um er að ræða sölutryggingu skulda- eða hlutabréfagernings,

c) áhættuskuldbindingar vegna viðskipta, samninga og samkomulags, sem um getur í 229. gr. og 378.–380. gr., við hlutaðeigandi viðskiptavin, þegar slíkar áhættuskuldbindingar eru reiknaðar á þann hátt sem mælt er fyrir um í þeim greinum, að því er varðar útreikning á virði áhættuskuldbindinga.

Í b-lið er hrein áhættuskuldbinding reiknuð með því að draga frá sölutryggingarstöður, sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir eða sem þriðji aðili hefur skuldbundið sig til að tryggja sölu á, á grundvelli formlegs samnings, og lækkuð með þeim þáttum sem tilgreindir eru í 345. gr.

Að því er varðar b-lið skulu stofnanir koma á fót kerfi til að hafa eftirlit með og stjórna sölutryggingaráhættuskuldbindingum sínum á tímabilinu milli upphaflegrar skuldbindingar og næsta viðskiptadags, með hliðsjón af eðli áhættunnar sem tekin er á viðkomandi mörkuðum.

Að því er varðar c-lið skal 3.kafli, II. bálks þriðja hluta undanskilinn tilvísuninni í 299. gr.

4. Heildaráhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptavina skulu reiknaðar með því að leggja saman áhættuskuldbindingar í og utan veltubókar.

5. Reikna skal áhættuskuldbindingar vegna hóps tengdra viðskiptavina með því að leggja saman áhættuskuldbindingar vegna einstaka viðskiptavina í hópnum.

6. Eftirfarandi skal ekki teljast til áhættuskuldbindinga:

a) ef um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu tvo viðskiptadaga eftir greiðslu,

b) ef um er að ræða viðskipti vegna kaupa eða sölu á verðbréfum, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu fimm viðskiptadaga eftir greiðslu eða afhendingu verðbréfanna, eftir því hvort er fyrr,

c) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti eða uppgjör fjármálagerninga, uppgjör og vörsluþjónustu, seinkaða móttöku fjármögnunar og aðrar áhættuskuldbindingar vegna starfsemi viðskiptavinar sem varir ekki lengur en til næstkomandi viðskiptadags,

d) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti, áhættuskuldbindingar innan dags gagnvart stofnunum sem veita þá þjónustu,

e) áhættuskuldbindingar dregnar frá eiginfjárgrunni í samræmi við 36., 56. og 66. gr.

7. Til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, að því er varðar viðskiptavini þegar stofnun hefur áhættuskuldbindingar vegna þeirra fyrir tilstilli viðskipta sem um getur í m- og o-lið 112. gr. eða annarra viðskipta þar sem til staðar er áhættuskuldbinding gagnvart undirliggjandi eignum, skal stofnun meta undirliggjandi áhættuskuldbindingar sínar með tilliti til efnahagslegs inntaks í skipulagi viðskiptanna og áhættu sem er innbyggð í skipulag sjálfra viðskiptanna, til þess að ákvarða hvort þau mynda viðbótaráhættuskuldbindingu.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) skilyrði og aðferðir sem notuð eru til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina að því er varðar tegundir áhættuskuldbindinga sem um getur í 7. mgr.,

b) skilyrðin sem valda því að skipulag viðskiptanna sem um getur í 7. mgr. telst ekki mynda viðbótaráhættuskuldbindingu, fari viðskiptin fram við þau skilyrði.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

391. gr.

Skilgreining á stofnun að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar

Í þeim tilgangi að reikna út virði áhættuskuldbindinga í samræmi við þennan hluta skal heitið „stofnun“ ná yfir einkafyrirtæki eða opinbert fyrirtæki, að meðtöldum útibúum þess, sem myndi falla undir skilgreininguna á heitinu „stofnun“, hefði það staðfestu í Sambandinu, og sem hefur fengið starfsleyfi í þriðja landi sem beitir jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum og beitt er í Sambandinu.

392. gr.

Skilgreining á stórum áhættuskuldbindingum

Áhættuskuldbinding lánastofnunar vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina telst stór áhættuskuldbinding ef virði hennar nemur 10% eða meira af hæfu fjármagni hennar.

393. gr.

Geta til að greina stórar áhættuskuldbindingar og stýra þeim

Stofnun skal búa yfir traustum stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og fullnægjandi innra eftirlitskerfi til að greina, stýra, hafa eftirlit með, gefa skýrslur um og skrá allar stórar áhættuskuldbindingar og síðari breytingar á þeim í samræmi við þessa reglugerð.

394. gr.

Upplýsingaskylda

1. Stofnun skal senda lögbærum yfirvöldum eftirfarandi upplýsingar um allar stórar áhættuskuldbindingar, þ.m.t. stórar áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar beitingu 1. mgr. 395. gr.:

a) auðkenni viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef stofnunin hefur stóra áhættuskuldbindingu vegna hans,

b) áhættuskuldbindingarvirðið áður en tekið er tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, ef við á,

c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,

d) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 395. gr.

Ef lánastofnun heyrir undir 3. kafla II. bálks þriðja hluta skulu 20 stærstu áhættuskuldbindingar hennar á samstæðugrunni, að undanskildum þeim sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 395. gr., gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum.

2. Stofnun skal veita lögbærum yfirvöldum eftirfarandi upplýsingar, til viðbótar við að veita þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr., í tengslum við 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni vegna stofnana og í tengslum við 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni vegna óeftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði, þ.m.t. stórar áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar beitingu 1. mgr. 395. gr.:

a) auðkenni viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef stofnunin hefur stóra áhættuskuldbindingu vegna hans,

b) áhættuskuldbindingarvirðið áður en tekið er tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, ef við á,

c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,

d) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 395. gr.,

e) vænt afköst áhættuskuldbindingarinnar, talin í þeirri fjárhæð sem fellur í gjalddaga innan mánaðar samtals í allt að eitt ár, ársfjórðungslega samtals í allt að þrjú ár og árlega eftir það.

3. Skýrslugjöf skal framkvæmd að minnsta kosti einu sinni á ári.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) samræmt form skýrslugjafarinnar sem um getur í 3. mgr. sem skal vera í réttu hlutfalli við eðli og umfang starfsemi stofnunarinnar og það hversu flókin hún er, ásamt leiðbeiningum um notkun formsins,

b) tíðni og dagsetningar skýrslugjafarinnar sem um getur í 3. mgr.,

c) þær upplýsingatæknilausnir sem nota skal við skýrslugjöfina sem um getur í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

395. gr.

Takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum

1. Stofnun skal ekki stofna til áhættuskuldbindingar, eftir að hún hefur tekið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef virði hennar er yfir 25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar. Ef viðkomandi viðskiptavinur er stofnun eða ef ein eða fleiri stofnanir eru innan hóps tengdra viðskiptavina, skal virðið ekki vera umfram 25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar eða 150 milljónum evra, eftir því hvort er hærra, að því tilskildu að heildarvirði áhættuskuldbindinga, eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., vegna allra tengdra viðskiptavina, sem ekki eru stofnanir, fari ekki yfir 25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar.

Ef fjárhæðin 150 milljónir evra er hærri en sem nemur 25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar skal virði áhættuskuldbindingarinnar, að teknu tilliti til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., ekki fara yfir hæfileg mörk með tilliti til hæfs fjármagns stofnunarinnar. Stofnunin skal ákvarða þau mörk í samræmi við stefnur og verklagsreglur sem um getur í 81. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, til að takast á við og stýra samþjöppunaráhættu. Mörkin skulu ekki fara yfir 100% af hæfu fjármagni stofnunarinnar.

Lögbær yfirvöld mega setja lægri mörk en 150 milljónir evra og skulu þau upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um það.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, með tilliti til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr. sem og niðurstöður þróunar á sviði skuggabankastarfsemi og stórra áhættuskuldbindinga í Sambandinu og á alþjóðavettvangi, gefa út viðmiðunarreglur fyrir 31. desember 2014 til að setja hæfileg heildarmörk á slíkar áhættuskuldbindingar eða strangari einstök mörk á áhættuskuldbindingar vegna skuggabankaaðila sem stunda bankastarfsemi utan skipulegs ramma.

Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semur þessar viðmiðunarreglur skal hún taka til athugunar hvort aukatakmarkanir kunni að hafa verulega skaðleg áhrif á áhættusnið stofnana með staðfestu í Sambandinu, á lánveitingar til raunhagkerfisins eða á stöðugleika og skipulagt hlutverk fjármálamarkaða.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal eigi síðar en 31. desember 2015 meta hversu viðeigandi það er og hvaða áhrif það hefur að setja takmarkanir á áhættuskuldbindingar vegna skuggabankaaðila sem stunda bankastarfsemi utan skipulegs ramma, með tilliti til þróunar í Sambandinu og á alþjóðavettvangi á sviði skuggabankastarfsemi og stórra áhættuskuldbindinga sem og á sviði mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403.gr. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf um takmarkanir á áhættuskuldbindingar skuggabankaaðila sem stunda bankastarfsemi utan skipulegs ramma.

3. Með fyrirvara um 396. gr. skal stofnun ávallt virða viðeigandi mörk sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. Fara má með eignir sem mynda kröfur eða aðrar áhættuskuldbindingar vegna viðurkennds verðbréfafyrirtækis í þriðja landi á sama hátt og sett er fram í 1. mgr.

5. Heimilt er að fara yfir mörkin sem mælt er fyrir um í þessari grein, að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók stofnunar, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) áhættuskuldbinding utan veltubókar, vegna viðkomandi viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, fer ekki yfir mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., en þessi mörk eru reiknuð með hliðsjón af hæfu fjármagni þannig að umframfjárhæðin sé eingöngu í veltubókinni,

b) stofnunin uppfyllir viðbótarkröfu vegna eiginfjárgrunns í tengslum við umframfjárhæðina, að því er varðar mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. sem eru reiknuð í samræmi við 397.–398. gr.,

c) ef 10 dagar eða færri hafa liðið frá því umframfjárhæð varð til má áhættuskuldbinding í veltubók vegna viðkomandi viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, ekki fara yfir 500% af hæfu fjármagni stofnunarinnar,

d) umframfjárhæðir sem varað hafa lengur en tíu daga mega samanlagt ekki fara yfir 600% af hæfu fjármagni stofnunarinnar.

Í hverju tilviki þegar farið er yfir mörkin skal stofnun án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um umframfjárhæðina og nafn viðkomandi viðskiptavinar og, eftir atvikum, nafn hóps tengdra viðskiptavina.

6. Að því er varðar þessa málsgrein merkja skipulagsráðstafanir ráðstafanir samþykktar af aðildarríki og framkvæmdar af viðkomandi lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis áður en réttargerð, sem samræmir slíkar ráðstafanir með skýrum hætti, öðlast gildi og sem krefjast þess að lánastofnanir með starfsleyfi í því aðildarríki lækki áhættuskuldbindingar sínar vegna ýmissa lögaðila, með hliðsjón af starfsemi þeirra, án tillits til þess hvar starfsemin er staðsett, með það fyrir augum að vernda innstæðueigendur og viðhalda fjármálastöðugleika.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og f-lið 1. mgr. 400. gr. mega lögbær yfirvöld, þegar aðildarríki samþykkja landslög sem krefjast þess að gripið sé til skipulagsráðstafana innan bankasamstæðu, gera kröfu um að stofnanir bankasamstæðunnar með innstæður tryggðar með innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi (1), eða jafngildu innstæðutryggingakerfi í þriðja landi, beiti takmörkun á stórar áhættuskuldbindingar sem er undir 25% en þó ekki lægri en 15% á milli 28. júní 2013 og 30. júní 2015 og lægri en 10% frá 1. júlí 2015, á undirsamstæðugrunni í samræmi við 5. mgr. 11. gr., á áhættuskuldbindingar innan samstæðu ef þessar áhættuskuldbindingar samanstanda af áhættuskuldbindingum vegna aðila sem tilheyrir ekki sömu undirsamstæðu að því er varðar skipulagsráðstafanirnar.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) allir aðilar sem tilheyra sömu undirsamstæðu að því er varðar skipulagsráðstafanir teljast vera einn viðskiptavinur eða hópur tengdra viðskiptavina,

b) lögbær yfirvöld beita samræmdum takmörkunum á áhættuskuldbindingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Beiting aðferðarinnar skal ekki hafa áhrif á skilvirkt eftirlit á samstæðugrunni og hvorki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á heild eða hluta fjármálakerfisins í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild né mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.

7. Áður en lögbær yfirvöld samþykkja skipulagsráðstafanirnar eins og um getur í 6. mgr., varðandi stórar áhættuskuldbindingar, skulu þau tilkynna ráðinu, framkvæmdastjórninni, viðkomandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni a.m.k. tveimur mánuðum fyrir birtingu ákvörðunar um samþykkt skipulagsráðstafananna og leggja fram viðeigandi megindleg og eigindleg gögn um öll eftirfarandi atriði:

a) umfang þeirrar starfsemi sem fellur undir skipulagsráðstafanirnar,

b) útskýringu á því hvers vegna drög að slíkum ráðstöfunum teljast viðeigandi, gagnleg og hófleg til að vernda innstæðueigendur,

c) mat á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af ráðstöfununum á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar aðildarríkinu.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framkvæmdargerð til að samþykkja eða hafna fyrirhuguðum landsráðstöfunum sem um getur í 7. mgr. og aðhefst hún í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 7. mgr. veita ráðinu, framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt á þeim atriðum sem um getur í þeirri málsgrein. Hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum er einnig heimilt að veita ráðinu, framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt á þeim atriðum sem um getur í þeirri málsgrein.

Að teknu fullu tilliti til þess álits sem um getur í annarri undirgrein og liggi til þess sterk rök að ráðstafanirnar hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn sem vegi þyngra en ávinningurinn af fjármálastöðugleika skal framkvæmdastjórnin innan tveggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar, hafna fyrirhuguðum landsráðstöfunum. Að öðrum kosti skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar landsráðstafanir til tveggja ára upphafstímabils og heimilt er að breyta ráðstöfununum eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal einungis hafna fyrirhuguðum landsráðstöfunum ef hún telur að fyrirhugaðar landsráðstafanir hafi í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild og myndi þar með hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins eða frjálsra fjármagnsflutninga í samræmi við ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Mat framkvæmdastjórnarinnar skal taka tillit til álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og taka til greina þau rök sem lögð eru fram í samræmi við 7. mgr.

(1) Stjtíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 5.

Áður en ráðstafanirnar falla úr gildi er lögbærum yfirvöldum heimilt að leggja til nýjar ráðstafanir til að framlengja gildistímabilið um tvö ár í senn. Í því tilviki skulu þau tilkynna það framkvæmdastjórninni, ráðinu, hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Samþykki nýju ráðstafananna skal háð ferlinu sem sett er fram í þessari grein. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á 458. gr.

396. gr.

Reglufylgni við kröfur um stórar áhættuskuldbindingar

1. Fari áhættuskuldbindingar í undantekningartilviki yfir mörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 395. gr. skal stofnunin án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um virði áhættuskuldbindingarinnar og mega þau, ef gilt tilefni er til, veita stofnuninni ákveðinn tíma til að fara að mörkunum.

Ef fjárhæðin 150 milljónir evra, sem um getur í 1. mgr. 395. gr., á við geta lögbær yfirvöld í hverju tilviki fyrir sig heimilað að farið sé yfir mörkin við 100% af hæfu fjármagni stofnunarinnar.

2. Ef stofnun er leyst undan því skv. 1. mgr. 7. gr. að fara, ein og sér eða á undirsamstæðugrunni, að skyldunum í þessum hluta, eða ef ákvæðum 9. gr. er beitt þegar um er að ræða móðurstofnanir í aðildarríki, skal gera ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi áhættudreifingu innan samstæðunnar.

397. gr.

Útreikningur á viðbótarkröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar í veltubókinni

1. Umframfjárhæðin sem um getur í b-lið 5. mgr. 395. gr. skal reiknuð með því að velja þá þætti heildaráhættuskuldbindingar í veltubókinni vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, er um ræðir, sem útheimta hæstar kröfur vegna sérstakrar áhættu í 2. kafla IV. bálks þriðja hluta og/eða kröfur í 299. gr. og V. bálki þriðja hluta og samanlagt jafngilda fjárhæð umframfjárhæðarinnar sem um getur í a-lið 5. mgr. 395. gr.

2. Ef umframfjárhæðin hefur ekki verið til lengur en í tíu daga skal viðbótareiginfjárkrafan vera 200% af kröfunum sem um getur í 1.mgr., vegna þessara þátta.

3. Frá því 10 dögum eftir að umframfjárhæðin verður til skal þáttum umframfjárhæðarinnar, völdum í samræmi við 1. mgr., raðað í viðeigandi línu í dálki 1 í töflu 1 í hækkandi röð eftir kröfum vegna sértækrar áhættu í 2. Kafla IV. bálks þriðja hluta og/eða kröfum í 299. gr. og V. bálki þriðja hluta. Viðbótarkrafan vegna eiginfjárgrunns skal jafngilda heildarfjárhæð krafnanna vegna sérstakrar áhættu í 2. kafla IV. bálks þriðja hluta og/eða krafnanna vegna þessara þátta í 299. gr. og V bálki þriðja hluta, margfaldað með samsvarandi stuðli í 2. dálki í töflu 1.

Tafla 1

1. dálkur: Farið yfir mörkin (á grundvelli hundraðshluta hæfs fjármagns)	2. dálkur: Stuðlar
Allt að 40%	200%
Frá 40% til 60%	300%
Frá 60% til 80%	400%
Frá 80% til 100%	500%
Frá 100% til 250%	600%
Yfir 250%	900%

398. gr.

Ferli til að koma í veg fyrir að stofnanir sniðgangi viðbótarkröfu vegna eiginfjárgrunns

Stofnanir skulu ekki af ásettu ráði sniðganga viðbótarkröfur vegna eiginfjárgrunns, settar fram í 397. gr., sem þær yrðu annars að uppfylla vegna áhættuskuldbindinga sem eru yfir mörkunum í 1. mgr. 395. gr., þegar þessar áhættuskuldbindingar hafa varað lengur en í tíu daga, með því að flytja umræddar áhættuskuldbindingar tímabundið í annað félag, hvort sem það er innan sömu samstæðu eða ekki, og/eða með því að takast á hendur sýndarviðskipti til að fella áhættuskuldbindinguna niður meðan á tíu daga tímabilinu stendur og mynda nýja áhættuskuldbindingu.

Stofnanir skulu nota kerfi sem tryggja að tilfærsla, sem hefur þau áhrif sem um getur í fyrstu undirgrein, sé þegar í stað tilkynnt lögbærum yfirvöldum.

399. gr.

Hæfar aðferðir til mildunar útlánaáhættu

1. Að því er varðar 400–403. gr. skal hugtakið „ábyrgð“ ná yfir lánaafleiður skv. 4. kafla II. bálks þriðja hluta, aðrar en lánshæfistengd skuldabréf.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar, þar sem viðurkenning á fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn er heimil skv. 400.–403. gr., skal hún háð því að farið sé að kröfum um hæfi og öðrum kröfum sem settar eru fram í 4. kafla II. bálks þriðja hluta.

3. Ef lánastofnun reiðir sig á 2. mgr. 401. gr. skal viðurkenning á fjármagnaðri útlánavörn vera háð viðeigandi kröfum skv. 3. kafla II. bálks þriðja hluta. Að því er varðar þennan hluta skal stofnun ekki taka tillit til þeirra trygginga sem um getur í 5.–7. mgr. 199. gr. nema það sé heimilt skv. 402. gr.

4. Stofnanir skulu kanna áhættuskuldbindingar sínar vegna útgefenda trygginga, veitenda ófjármagnaðrar útlánavarnar og undirliggjandi eigna skv. 7. mgr. 390. gr. svo ítarlega sem unnt er með tilliti til hugsanlegrar samþjöppunar og grípa til aðgerða, eftir því sem við á, og gefa skýrslu um mikilvægar niðurstöður til lögbærs yfirvalds síns.

400. gr.

Undanþágur

1. Eftirfarandi tegundir áhættuskuldbindinga skulu undanþegnar beitingu 1. mgr. 395. gr.:

a) Eignaliðir sem fela í sér kröfur á ríkisstjórnir, seðlabanka eða opinbera aðila sem, ótryggðir, fengju 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

b) Eignaliðir sem fela í sér kröfur á alþjóðastofnanir eða fjölþjóðlega þróunarbanka sem, ótryggðir, fengju 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

c) Eignaliðir sem fela í sér kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóðlegra þróunarbanka eða opinberra aðila, þar sem ótryggðar kröfur á aðilann sem leggur fram ábyrgðina fengju 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

d) Aðrar áhættuskuldbindingar sem rekja má til, eða eru með ábyrgð ríkisstjórna, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóðlegra þróunarbanka eða opinberra aðila, þar sem ótryggðar kröfur á aðilann sem rekja má áhættuskuldbindinguna til eða sem ábyrgðist hana fengju 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

e) eignaliði, sem fela í sér kröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta, og aðrar áhættuskuldbindingar vegna þessara héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eða ábyrgðir, sem þau veita, þar sem kröfur fengju 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

f) Áhættuskuldbindingar vegna mótaðila, sem um getur í 6. og 7. mgr. 113. gr., ef þeim yrði úthlutað 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta. Áhættuskuldbindingar sem uppfylla ekki þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. eða ekki, skal farið með sem áhættuskuldbindingar vegna þriðja aðila.

g) Eignaliðir og aðrar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með veði í formi innlána hjá viðkomandi lánastofnun eða stofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar.

h) Eignaliðir og aðrar áhættuskuldbindingar sem eru tryggðar með veði í formi innlánsskírteina útgefnum af lánastofnuninni eða stofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar og eru til vörslu hjá annarri hvorri þeirra.

i) Áhættuskuldbindingar vegna ónotaðra lánsheimilda sem flokkaðar eru sem áhættulítill liður utan efnahagsreiknings í I. viðauka, svo fremi að samningur hafi verið gerður við viðkomandi viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina, þar sem kveðið er á um að einungis megi draga á heimildina ef fullvíst er að ekki verði farið yfir mörkin skv. 1. mgr. 395. gr.

j) Viðskiptastaða miðlægra mótaðila og framlag í vanskilasjóð miðlægra mótaðila.

k) Áhættuskuldbindingar vegna innistæðutryggingarkerfa samkvæmt tilskipun 94/19/EB sem leiðir af fjármögnun þessara kerfa, ef stofnunum, sem eru aðilar að kerfinu, ber lagaleg eða samningsbundin skylda til að fjármagna kerfið.

Reiðufé sem er móttekið samkvæmt lánshæfistengdu skuldabréfi, sem stofnunin gefur út, og lán og innlán mótaðila hjá stofnuninni, sem falla undir skuldajöfnunarsamning innan efnahagsreiknings sem er viðurkenndur skv. 4. kafla II. bálks þriðja hluta, teljast falla undir g-lið.

2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja eftirfarandi áhættuskuldbindingar:

a) sértryggð skuldabréf samkvæmt skilgreiningu í 1., 3. og 6. mgr. 129. gr.,

b) eignaliði, sem fela í sér kröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 20% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta, og aðrar áhættuskuldbindingar vegna þessara héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eða ábyrgðir, sem þau veita, þar sem kröfur fengju 20% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

c) áhættuskuldbindingar stofnunar, þ.m.t. hlutdeild eða annars konar eignarhald, við móðurfélag hennar, við önnur dótturfélög þess móðurfélags eða eigin dótturfélög, að því tilskildu að þau félög séu undir því eftirliti á samstæðugrunni sem haft er með lánastofnuninni sjálfri í samræmi við þessa reglugerð, tilskipun 2002/87/EB eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi; farið skal með þær tegundir áhættuskuldbindinga, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. eða ekki, sem áhættuskuldbindingu vegna þriðja aðila,

d) eignaliði sem fela í sér kröfur á og aðrar áhættuskuldbindingar, þ.m.t. hlutdeild eða annars konar eignarhald, vegna héraðs- eða svæðislánastofnana sem lánastofnunin er tengd innan tengslanets í samræmi við ákvæði laga eða reglna og sem hafa samkvæmt þessum ákvæðum greiðslujöfnunarhlutverki að gegna innan kerfisins,

e) eignaliði sem fela í sér kröfur á lánastofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, sem stofnað er til af hálfu lánastofnana, þar sem ein þeirra starfar ekki á samkeppnisgrundvelli og veitir eða ábyrgist lán samkvæmt áætlunum um lagasetningu eða samþykktum sínum, til að styðja við tiltekna geira atvinnulífsins samkvæmt einhvers konar eftirliti stjórnvalda og takmörkunum á notkun lánanna, að því tilskildu að viðkomandi áhættuskuldbindingar stafi af þess háttar útlánum sem eru framlánuð lánþegunum fyrir milligöngu lánastofnana eða af ábyrgðum þess konar lána,

f) eignaliði, sem fela í sér kröfur á stofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, að því tilskildu að þessar áhættuskuldbindingar feli ekki í sér eiginfjárgrunn slíkra stofnana, vari ekki lengur en næstkomandi viðskiptadag og séu ekki tilgreindar í einhverjum af helstu viðskiptagjaldmiðlum,

g) eignaliði, sem fela í sér kröfur á seðlabanka í formi bindiskyldu sem er í vörslu viðkomandi seðlabanka og tilgreind í gjaldmiðli viðkomandi ríkis,

h) eignaliði sem fela í sér kröfur á ríkisstjórnir í formi lögbundinna krafna um lausafjárstöðu í ríkisskuldabréfum, sem tilgreind eru og fjármögnuð í gjaldmiðli viðkomandi ríkis, að því tilskildu að lánshæfismat þessara ríkisstjórna, sem utanaðkomandi tilnefnt lánshæfismatsfyrirtæki gefur út samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, sé í fjárfestingarflokki (e. *investment grade*),

i) 50% af bankaábyrgðum, með litla eða miðlungsáhættu, utan efnahagsreiknings og af þeim ónotuðu lánsheimildum, með litla eða miðlungsáhættu, sem um getur í I. viðauka og, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, 80% af tryggingum öðrum en lánatryggingum sem hafa lagalegan eða stjórnsýslulegan grundvöll og gagnkvæm ábyrgðarkerfi með stöðu lánastofnunar veita aðilum sínum,

j) tryggingar sem krafist er samkvæmt lögum og notaðar eru þegar veðlán, sem fjármagnað er með útgáfu veðskuldabréfa, er greitt til veðlánstaka fyrir lokaskráningu veðs í þinglýsingarbók, að því tilskildu að tryggingin sé ekki notuð til að draga úr áhættu við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga,

k) eignaliði sem fela í sér kröfur á og aðrar áhættuskuldbindingar vegna viðurkenndra kauphalla.

3. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að veita undanþáguna sem kveðið er á um í 2. mgr. ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) sérstakt eðli áhættuskuldbindingarinnar, mótaðilans eða tengslanna á milli stofnunarinnar og mótaðilans eyða eða draga úr áhættunni við áhættuskuldbindinguna og

b) bregðast má við eftirstandandi samþjöppunaráhættu með öðrum jafn áhrifaríkum leiðum, s.s. fyrirkomulaginu, ferlunum og kerfunum sem kveðið er á um í 81. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvort þau hyggjast nota einhverjar af þeim undanþágum sem kveðið er á um í 2. mgr., í samræmi við a- og b-lið þessarar málsgreinar, og hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um þetta.

401. gr.

Útreikningur á áhrifum af notkun aðferða til mildunar útlánaáhættu

1. Við útreikning á virði áhættuskuldbindinga, með tilliti til 1. mgr. 395. gr., getur stofnun notað „fullleiðrétt virði áhættuskuldbindingar“, eins og það er reiknað skv. 4. kafla II. bálks í þriðja hluta, að teknu tilliti til mildunar útlánaáhættu, jöfnunar flökts og misræmis í binditíma (E*).

2. Stofnun sem hefur heimild til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum vegna flokks áhættuskuldbindinga, skv. 3. kafla II. bálks í þriðja hluta, er heimilt, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, að viðurkenna áhrif fjárhagslegrar tryggingar við útreikning á virði áhættuskuldbindingar að því er varðar 1. mgr. 395. gr.

Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita leyfið sem um getur í undanfarandi undirgrein ef stofnunin getur áætlað áhrif fjárhagslegrar tryggingar á áhættuskuldbindingar burt séð frá öðrum þáttum tengdum tapi að gefnum vanefndum.

Matið sem stofnunin gerir skal vera nothæft til að lækka virði áhættuskuldbindingar í þeim tilgangi að fara að ákvæðum 395. gr.

Ef stofnun er heimilt að nota eigið mat á áhrifum fjárhagslegrar tryggingar skal hún gera það á grundvelli sem samræmist aðferðinni sem valin er við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þessa reglugerð.

Stofnanir, sem heimilt er að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum vegna flokks áhættuskuldbindinga, skv. 3. kafla II. bálks í þriðja hluta, sem reikna ekki út virði áhættuskuldbindinga með aðferðinni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, er heimilt að nota heildaraðferð fjárhagslegra trygginga (e. Financial Collateral Comprehensive Method) eða aðferðina, sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 403. gr., vegna útreiknings á virði áhættuskuldbindinga.

3. Stofnun, sem notar heildaraðferð fjárhagslegra trygginga eða er heimilt að nota aðferðina, sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, við útreikninga á virði áhættuskuldbindinga að því er varðar 1. mgr. 395. gr., skal gera reglubundin álagspróf á samþjöppun útlánaáhættu sinnar, þ.m.t. í tengslum við söluvirði allra trygginga sem hafa verið teknar.

Þessi reglubundnu álagspróf sem um getur í fyrstu undirgrein skulu taka til áhættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á markaðsaðstæðum og gætu haft neikvæð áhrif á nægjanleika eiginfjárgrunns stofnunarinnar og áhættur sem stafa af innlausn veðs við álagsaðstæður.

Álagsprófin sem gerð eru skulu vera nægjanleg og viðeigandi fyrir mat á slíkri áhættu.

Fari svo að slíkt reglubundið álagspróf gefi til kynna lægra söluvirði tryggingar, sem hefur verið tekin, en heimilt væri að taka tillit til samkvæmt heildaraðferð fjárhagslegra trygginga eða þeirri aðferð sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, eins og við á, skal virði tryggingar, sem heimilt er að viðurkenna við útreikning á virði áhættuskuldbindinganna, að því er varðar 1. mgr. 395. gr., lækkað til samræmis við það.

Áætlanir stofnananna, sem um getur í fyrstu undirgrein, um meðhöndlun samþjöppunaráhættu skulu fela í sér:

a) stefnur og verklagsreglur sem taka á áhættum sem stafa af misræmi í líftíma milli áhættuskuldbindinga og allrar útlánaverndar þessara áhættuskuldbindinga,

b) stefnur og verklagsreglur, fari svo að álagspróf gefi til kynna lægra söluvirði tryggingar en tekið er tillit til við notkun heildaraðferðar fjárhagslegrar tryggingar eða þeirrar aðferðar sem lýst er í 2. mgr.,

c) stefnur og verklagsreglur sem tengjast samþjöppunaráhættu sem stafar af beitingu aðferða til mildunar útlánaáhættu, einkum stórrar óbeinnar lánaáhættu, t.d. vegna eins útgefanda verðbréfa, sem eru samþykktar sem trygging.

402. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna veðlána

1. Við útreikning á virði áhættuskuldbindingar, að því er varðar 395. gr., er stofnun heimilt að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er fulltryggð með fasteign, í samræmi við 1. mgr. 125. gr., um þann hluta markaðsvirðis eða veðlánsvirðis viðkomandi eignar sem veðsettur er en þó ekki um meira en 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 35% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði í samræmi við 2. mgr. 124. gr.,

b) áhættuskuldbindingin eða hluti áhættuskuldbindingarinnar sé fulltryggður með:

   i. veði í íbúðarhúsnæði eða

   ii. íbúðarhúsnæði sem um hefur verið gerður kaupleigusamningur sem kveður á um að leigusalinn haldi fullu eignarhaldi á íbúðarhúsnæðinu og leigutakinn hefur ekki enn nýtt forkaupsrétt sinn,

c) kröfurnar í 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar.

2. Við útreikning á virði áhættuskuldbindingar, að því er varðar 395. gr., er stofnun heimilt að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er fulltryggð með fasteign, í samræmi við 1. mgr. 126. gr., um þann hluta markaðsvirðis eða veðlánsvirðis viðkomandi eignar sem veðsettur er en þó ekki um meira en 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 50% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði í samræmi við 2. mgr. 124. gr.,

b) áhættuskuldbindingin sé fulltryggð með:

   i. veði í skrifstofum eða öðru viðskiptahúsnæði, eða

   ii. skrifstofum eða öðru viðskiptahúsnæði og áhættuskuldbindingum sem tengjast eignaleigusamningum,

c) kröfurnar í a-lið 2. mgr. 126. gr., 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar,

d) viðskiptahúsnæðið sé fullbyggt.

3. Stofnun getur farið með áhættuskuldbindingu mótaðila, sem leiðir af endurhverfri verðbréfasölu þar sem stofnunin hefur keypt frá mótaðilanum óháðan veðrétt í fasteign þriðja aðila, sem fleiri einstakar skuldbindingar vegna hvers og eins þessara þriðju aðila, að því gefnu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) mótaðilinn sé stofnun,

b) áhættuskuldbindingin sé fulltryggð með veði í fasteign þessara þriðju aðila sem stofnunin hefur keypt og stofnunin geti gengið að þessum lénum,

c) stofnunin hafi gengið úr skugga um að kröfurnar í 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar,

d) stofnunin verði rétthafi krafnanna sem mótaðilinn á gagnvart þriðju aðilunum ef til vanskila, ógjaldfærni eða félagsslita mótaðilans kæmi,

e) stofnunin tilkynni lögbærum yfirvöldum í samræmi við 394. gr. um heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga vegna sérhverrar annarrar stofnunar sem farið er með í samræmi við þessa málsgrein.

Að því er þetta varðar skal stofnunin líta svo á að hún eigi áhættuskuldbindingu vegna hvers og eins þessara þriðju aðila sem nemur þeirri fjárhæð sem krafa mótaðilans á viðkomandi þriðja aðila hljóðar upp á í staðinn fyrir samsvarandi fjárhæð áhættuskuldbindingar vegna mótaðilans. Eftirstöðvar áhættuskuldbindingarinnar vegna mótaðilans, ef einhverjar eru, skal áfram farið með sem áhættuskuldbindingu vegna mótaðilans.

403. gr.

Staðgönguaðferð

1. Ef þriðji aðili tryggir áhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hún er tryggð með veði, sem þriðji aðili gefur út, er stofnun heimilt að:

a) líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar, sem er tryggður, sem áhættuskuldbindingu vegna ábyrgðaraðila fremur en vegna viðskiptavinar, að því tilskildu að ótryggð áhættuskuldbinding vegna útgefanda tryggingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar vegna viðskiptavinarins skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

b) líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar, sem er tryggður með veði í markaðsvirði viðurkenndrar tryggingar, sem áhættuskuldbindingu vegna þriðja aðila fremur en vegna viðskiptavinar, að því tilskildu að áhættuskuldbindingin sé tryggð með veði og tryggður hluti áhættuskuldbindingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar vegna viðskiptavinarins skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

Stofnun skal ekki nota þá aðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar ef um er að ræða misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingar og binditíma áhættuvarnar.

Að því er varðar þennan hluta er stofnun aðeins heimilt að nota bæði heildaraðferð fjárhagslegrar tryggingar og þá meðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, ef leyfilegt er að nota bæði heildaraðferð fjárhagslegrar tryggingar og einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar að því er varðar a-lið 92. gr.

2. Þegar stofnun beitir a-lið 1. mgr.:

a) ef ábyrgðin er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin skal fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, sem telst vera tryggð, reiknuð út í samræmi við ákvæðin um meðferð gjaldmiðilsmisræmis vegna ófjármagnaðrar útlánavarnar sem sett er fram í 4. kafla II. bálks í þriðja hluta,

b) skal fara með misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og binditíma varnarinnar í samræmi við ákvæðin um meðferð misræmis í binditíma sem kveðið er á um í 4. kafla II. bálks í þriðja hluta,

c) má viðurkenna vörn að hluta í samræmi við meðferðina sem er sett fram í 4. kafla II. bálks í þriðja hluta.

FIMMTI HLUTI

ÁHÆTTA VEGNA YFIRFÆRÐAR ÚTLÁNAÁHÆTTU

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI UM ÞENNAN HLUTA

404. gr.

Gildissvið

Beita skal ákvæðum II. og III. bálks á nýjar verðbréfanir sem gefnar eru út hinn 1. janúar 2011 eða síðar. Ákvæðum II. og III. bálks skal beita á gildandi verðbréfanir eftir 31. desember 2014 ef nýjum undirliggjandi áhættuskuldbindingum er bætt við eða skotið inn í staðinn fyrir aðrar eftir þann dag.

II. BÁLKUR

KRÖFUR TIL FJÁRFESTASTOFNANA

405. gr.

Óráðstöfuð hlutdeild útgefanda

1. Stofnun skal, þó ekki þegar hún er í hlutverki útgefanda, umsýsluaðila eða upphaflegs lánveitanda, því aðeins bera útlánaáhættu verðbréfaðrar stöðu í veltubók sinni eða utan veltubókar að útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi hafi greint stofnuninni sérstaklega frá því að hann muni ávallt halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild, sem skal í hverju tilviki fyrir sig ekki vera minni en 5%.

Einungis eitt af eftirtöldu getur fallið undir það að halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild, í minnsta lagi 5%:

a) að halda eftir minnst 5% af nafnvirði hvers áhættulags sem er selt eða yfirfært til fjárfestanna,

b) þegar um verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga (e. *securitisation of revolving exposures*) er að ræða, að halda eftir hlutdeild útgefanda sem er minnst 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

c) að halda eftir áhættuskuldbindingum, sem valdar eru með slembiúrtaki, að jafngildi minnst 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, ef þess konar áhættuskuldbindingar hefðu annars verið verðbréfaðar í verðbréfuninni, að því tilskildu að fjöldi hugsanlegra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sé ekki undir 100 í upphafi,

d) að halda eftir áhættulagi fyrsta taps og, ef nauðsyn krefur, öðrum áhættulögum með sama eða strangara áhættusniði en þau sem eru yfirfærð eða seld til fjárfesta og með gjalddaga sem er ekki á undan gjalddaga þeirra, sem eru yfirfærð eða seld til fjárfesta, þannig að það sem er haldið eftir sé samtals minnst 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna,

e) að halda eftir áhættuskuldbindingu fyrsta taps sem nemur í minnsta lagi 5% af hverri verðbréfaðri áhættuskuldbindingu í verðbréfuninni.

Hrein, fjárhagsleg hlutdeild er metin í upphafi og skal viðhalda henni á áframhaldandi grundvelli. Hrein, fjárhagsleg hlutdeild, þ.m.t. stöður, vextir eða áhættuskuldbindingar, sem er haldið eftir, skal ekki falla undir neins konar mildun útlánaáhættu eða skortstöðu eða annars konar áhættuvörn og skal ekki seld. Hrein, fjárhagsleg hlutdeild skal ákvarðast af grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings.

Ekki skal vera unnt að beita hlutdeildarkröfum gagnvart fleiri en einum aðila í hverju tilviki verðbréfunar.

2. Ef móðurlánastofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, innan Evrópusambandsins, eða eitt dótturfélaga þeirra sem í hlutverki útgefanda eða umsýsluaðila verðbréfaðar áhættuskuldbindingar frá mörgum lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum eða öðrum fjármálastofnunum, sem falla undir eftirlit á samstæðugrunni, má uppfylla kröfurnar, sem um getur í 1. mgr., á grundvelli samstæðu viðkomandi móðurlánastofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfseminni, innan Evrópusambandsins.

Aðeins skal beita fyrstu undirgrein ef lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnanir, sem stofnuðu til verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna, hafa skuldbundið sig til að fara að kröfum sem settar eru fram í 408. gr. og afhenda, tímanlega, útgefanda eða umsýsluaðila og móðurlánastofnun, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, innan Evrópusambandsins, þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla kröfurnar sem um getur í 409. gr.

3. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru áhættuskuldbindingar eftirfarandi aðila eða eru tryggðar að öllu leyti, skilyrðislaust og óafturkræft með ábyrgð þeirra:

a) ríkisstjórna eða seðlabanka,

b) héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila innan aðildarríkja,

c) stofnana, sem fá úthlutað 50% eða lægri áhættuvog, skv. 2. kafla II. bálks í þriðja hluta,

d) fjölþjóðlegra þróunarbanka.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um viðskipti sem byggð eru á skýrri, gagnsærri og aðgengilegri vísitölu, þar sem undirliggjandi viðmiðunareiningar eru eins og þær sem mynda vísitölu eininga sem mikil viðskipti eru með, eða eru framseljanleg verðbréf af öðrum toga en verðbréfaðar stöður.

406. gr.

Áreiðanleikakönnun

1. Áður en stofnanir verða óvarðar fyrir áhættu vegna verðbréfunar, og eins og við á eftir það, skulu þær, að því er varðar hverja einstaka verðbréfaða stöðu sína, geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að þær hafi yfirgripsmikla og ítarlega þekkingu á og hafi komið í framkvæmd formlegum stefnum og verklagsreglum, sem eiga við veltubók og viðskipti utan veltubókar og eru í samræmi við áhættusnið fjárfestinga þeirra í verðbréfuðum stöðum, við greiningu og skjalfestingu:

a) á birtum upplýsingum, skv. 1. mgr. 405. gr., frá útgefendum, umsýsluaðilum eða upphaflegum lánveitendum til að tilgreina hreina, fjárhagslega hlutdeild sem þær viðhalda á áframhaldandi grundvelli í verðbréfuninni,

b) á áhættueinkennum einstakra verðbréfaðra staðna,

c) á áhættueinkennum áhættuskuldbindinganna sem eru undirliggjandi í verðbréfuðu stöðunni,

d) á orðspori og tapreynslu af fyrri verðbréfunum útgefanda eða umsýsluaðila í viðkomandi flokkum áhættuskuldbindinga sem eru undirliggjandi í verðbréfuðu stöðunni,

e) á yfirlýsingum og birtum upplýsingum útgefanda eða umsýsluaðila, eða umboðsaðila eða ráðgjafa þeirra, varðandi áreiðanleikakönnun á verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum og, eftir atvikum, á gæðum tryggинga vegna verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna,

f) eftir atvikum, á aðferðum og hugtökum, sem virðismat á tryggingum vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga byggist á, og stefnum, sem útgefandi eða umsýsluaðili hrindir í framkvæmd til þess að tryggja óhæði matsaðila,

g) á öllum kerfislægum þáttum verðbréfunar sem geta haft veruleg áhrif á árangur af verðbréfaðri stöðu stofnunarinnar, s.s. samningsbundinni forgangsröðun til greiðslu (e. contractual waterfalls) og kveikjum (e. triggers) í tengslum við slíkar greiðslur, endurbætt lánshæfi, bættum seljanleika, markaðsvirðiskveikjum og sérstökum, samningsbundnum skilgreiningum á vanefndum.

Stofnanir skulu reglulega framkvæma eigin álagsprófanir sem henta verðbréfuðum stöðum þeirra. Í því skyni geta stofnanir stuðst við fjárhagsleg líkön sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafa þróað, að því tilskildu að stofnanir geti sýnt fram á, sé þess krafist, að þær hafi, áður en fjárfest var, gætt þess eins og tilhlýðilegt var, að sannreyna þær forsendur sem við eiga og uppbyggingu líkana og skilið aðferðafræði, forsendur og niðurstöður.

2. Stofnanir skulu, nema þegar þær eru í hlutverki útgefanda eða umsýsluaðila eða upphaflegs lánveitanda, koma á viðeigandi formlegu ferli að því er varðar veltubók og viðskipti utan veltubókar og samrýma það áhættusniði fjárfestinga þeirra í verðbréfuðum stöðum, til þess að fylgjast á áframhaldandi grundvelli og tímanlega með upplýsingum um árangur af þeim áhættuskuldbindingum sem eru undirliggjandi í verðbréfuðum stöðum. Í þessu felst, eftir því sem við á, tegund áhættuskuldbindingar, hlutfall lána sem eru komin meira en 30, 60 og 90 daga fram yfir gjalddaga, vanskilahlutfall, hlutfall fyrirframgreiðslu, útlán þar sem gengið er að veði, tegund tryggingar og notkun og tíðnidreifing lánshæfiseinkunna eða annarra mælikvarða á lánstraust undirliggjandi áhættuskuldbindinga, atvinnugrein og landfræðilega fjölbreytni, tíðnidreifingu lánshlutfalla með vikmörkum sem auðvelda fullnægjandi næmnigreiningu. Ákvarðist undirliggjandi áhættuskuldbindingarnar sjálfar af verðbréfuðum stöðum skulu stofnanir ekki aðeins hafa upplýsingar, sem settar eru fram í þessari undirgrein, um áhættulög verðbréfunar, svo sem nafn útgefanda og lánshæfi, heldur einnig um einkenni og árangur af þeim söfnum sem eru undirliggjandi í þessum áhættulögum verðbréfunar.

Stofnanir skulu einnig beita sömu greiningarstöðlum á hlutdeildir eða sölutryggingar í verðbréfunarútgáfum, sem keyptar eru af þriðja aðila, hvort sem slíkum hlutdeildum eða sölutryggingum er haldið í veltubók stofnananna eða utan veltubókar þeirra.

407. gr.

Viðbótaráhættuvog

Ef stofnun uppfyllir ekki kröfurnar í 405., 406. eða 409. gr. í veigamiklum atriðum vegna vanrækslu eða aðgerðaleysis stofnunarinnar skulu lögbær yfirvöld koma á aukinni hlutfallslegri áhættuvog sem er minnst 250% af áhættuvoginni (mest 1250%) og gilda skal um viðeigandi verðbréfaðar stöður á þann hátt sem tilgreindur er í 6. mgr. 245. gr. eða 3. mgr. 337. gr., eftir því sem við á. Viðbótaráhættuvogin skal fara stighækkandi með hverju broti á skilyrðum áreiðanleikakönnunar.

Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til undanþága tiltekinna verðbréfana sem kveðið er á um í 3. mgr. 405. gr. með því að lækka þá áhættuvog sem annars væri úthlutað samkvæmt þessari grein að því er varðar verðbréfun sem fellur undir 3. mgr. 405. gr.

III. BÁLKUR

KRÖFUR TIL UMSÝSLU- OG ÚTGÁFUSTOFNANA

408. gr.

Viðmiðanir við lánveitingar

Umsýslu- og útgáfustofnanir skulu beita sömu traustu og vel skilgreindu viðmiðunum vegna lánveitinga í samræmi við kröfur 79. gr. tilskipunar 2013/36/ESB á áhættuskuldbindingar er skulu verðbréfaðar og þær beita á áhættuskuldbindingar sem haldið skal utan veltubókar þeirra. Í þessu skyni skulu útgáfustofnanir og umsýslustofnanir nota sömu aðferðir við samþykki og, ef við á, breytingar, endurnýjun og endurfjármögnun lána.

Ef þær kröfur sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar eru ekki uppfylltar skal útgáfustofnun ekki beita 1. mgr. 245. gr. og þeirri útgáfustofnun skal ekki heimilt að undanskilja verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar við útreikning á eiginfjárkröfum samkvæmt þessari reglugerð.

409. gr.

Upplýsingagjöf til fjárfesta

Stofnanir sem koma fram sem umsýsluaðili, útgefandi eða upphaflegur lánveitandi skulu greina fjárfestum frá umfangi skuldbindinga sinna skv. 405. mgr. til að viðhalda hreinni fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfuninni. Umsýslu- og útgáfustofnanir skulu tryggja að væntanlegir fjárfestar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta að því er varðar lánshæfi og árangur af einstökum undirliggjandi áhættuskuldbindingum, sjóðstreymi og tryggingar að baki verðbréfuðum áhættuskuldbindingum, sem og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera ítarlega og vel ígrundaða álagsprófun á sjóðstreymi og virði tryggинga að baki áhættuskuldbindingum. Í þeim tilgangi skulu mikilvæg og viðeigandi gögn skilgreind við upphaf verðbréfunar og síðan, eftir því sem við á, í samræmi við eðli verðbréfunar.

410. gr.

Samræmd skilyrði fyrir beitingu

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal árlega gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um ráðstafanir sem lögbær yfirvöld gera til að tryggja að stofnanir fari að kröfunum í II. og III. bálki.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint nánar:

a) kröfurnar í 405. og 406. gr. sem eiga við stofnanir sem taka áhættu vegna verðbréfunar,

b) hlutdeildarkrafan, þ.m.t. skilyrðin fyrir að halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild eins og um getur í 405. gr. og umfang hlutdeildar,

c) kröfur um áreiðanleikakönnun í 406. gr. fyrir stofnanir sem verða óvarðar fyrir verðbréfaðri stöðu, og

d) kröfurnar í 408. og 409. gr. sem eiga við umsýslu- og útgáfustofnanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að auðvelda samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar framkvæmd 407. gr., þ.m.t. þær ráðstafanir sem gera skal ef ekki er staðið við skuldbindingar um áreiðanleikakönnun og áhættustýringu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. HLUTI

SELJANLEIKI

I. BÁLKUR

SKILGREININGAR OG KRAFA UM LAUSAFJÁRÞEKJU

411. gr.

Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðskiptavinur á fjármálamarkaði“: viðskiptavinur sem hefur eina eða fleiri gerðir starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB að meginstarfsemi, eða er eitt af eftirfarandi:

a) lánastofnun,

b) verðbréfafyrirtæki,

c) sérstakur verðbréfunaraðili,

d) sjóður um sameiginlega fjárfestingu,

e) fjárfestingarfyrirkomulag sem ekki er opið,

f) vátryggingafélag,

g) eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

2) „smásöluinnlán“: skuld við einstakling eða lítið/meðalstórt fyrirtæki ef viðkomandi myndi uppfylla skilyrði flokks smásöluáhættuskuldbindinga samkvæmt staðal- eða innramatsaðferð fyrir útlánaáhættu, sem og skuld við fyrirtæki sem telst hæft til þeirrar meðferðar sem um getur í 4. mgr. 153. gr. og ef samanlögð innlán allra slíkra fyrirtækja á samstæðugrunni fara ekki yfir eina milljóna evra.

412. gr.

Krafa um lausafjárþekju

1. Stofnanir skulu eiga lausafjáreignir, þar sem heildarfjárhæð virði þeirra nær yfir útstreymi lausafjár að frádregnu innstreymi lausafjár við erfiðar aðstæður til að tryggja að stofnanirnar viðhaldi viðeigandi varaforða lausafjár sem nægir til að mæta hugsanlegu misræmi milli innstreymis og útstreymis lausafjár við mjög erfiðar aðstæður á þrjátíu daga tímabili. Á erfiðum tímum er stofnunum heimilt að nota lausafjáreignir sínar til að mæta hreinu útstreymi lausafjár.

2. Stofnanir skulu ekki telja innstreymi lausafjár og lausafjáreignir tvöfalt.

3. Stofnanir geta notað lausafjáreignir sem um getur í 1. mgr. til að uppfylla skuldbindingar sínar við álagsaðstæður, eins og tilgreint er í 414. gr.

4. Ákvæðin sem sett eru fram í II. bálki skulu eingöngu gilda í þeim tilgangi að tilgreina gagnaskilakvaðir sem settar er fram í 415. gr.

5. Aðildarríki geta viðhaldið eða tekið upp ákvæði landslaga á sviði lausafjárkrafna áður en lágmarkskrafa um bindingu vegna kröfu um lausafjárþekju er tilgreind og tekin upp að fullu innan Sambandsins í samræmi við 460. gr. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld geta krafið stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi, eða hlutmengi þessara stofnana, um að viðhalda hærri kröfum um lausafjárþekju, allt að 100%, þar til bindandi lágmarkskrafa upp á 100% er tekin upp að fullu í samræmi við 460. gr.

413. gr.

Trygg fjármögnun

1. Stofnanir skulu tryggja að langtíma skuldbindingar séu uppfylltar nægilega vel með fjölbreytilegum gerningum fyrir trygga fjármögnun, bæði við venjulegar og erfiðar aðstæður.

2. Ákvæðin sem sett eru fram í III. bálki skulu eingöngu gilda í þeim tilgangi að tilgreina gagnaskilakvaðir sem settar eru fram í 415. gr.

3. Aðildarríki geta viðhaldið eða tekið upp ákvæði landslaga á sviði tryggrar fjármögnunar áður en lágmarkskrafa um bindingu vegna hreinnar kröfu um trygga fjármögnun er tilgreind og tekin upp innan Sambandsins í samræmi við 510. gr.

414. gr.

Reglufylgni við lausafjárkröfur

Ef stofnun uppfyllir ekki, eða væntir þess að uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í 412. gr. eða almennu skuldbindinguna sem sett er fram í 1. mgr. 413. gr., þ.m.t. við erfiðar aðstæður, skal hún tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum um það og leggja fram áætlun, án ástæðulausrar tafar, til lögbærra yfirvalda um hvernig hún muni skjótt fara að 412 gr. eða 1. mgr. 413. gr. Þar til reglum er fylgt á ný skal stofnun í lok hvers viðskiptadags gefa skýrslu um liðina sem um getur í II. eða III. bálki, eins og við á, nema lögbær yfirvöld heimili að skýrslur séu gefnar sjaldnar og að skýrslufrestur sé lengri. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita slíkar heimildir á grundvelli stöðu hverrar stofnunar fyrir sig og að teknu tilliti til umfangs starfsemi stofnunarinnar og þess hversu flókin hún er. Þau skulu fylgjast með framkvæmd áætlunar um skjóta reglufylgni og gera kröfu um skjótari reglufylgni ef við á.

II. BÁLKUR

SKÝRSLUGJÖF UM LAUSAFJÁRSTÖÐU

415. gr.

Kvöð um skýrslugjöf og skýrslusnið

1. Stofnanir skulu gera skýrslu í sameiginlegum gjaldmiðli, án tillits til raunverulegs gjaldmiðils þeirra, til lögbærra yfirvalda um þá liði sem um getur í II. og III. bálki og þætti þeirra, þ.m.t. samsetningu lausafjáreigna, í samræmi við 416. gr. Stofnanir skulu gefa skýrslu um liðina sem settir eru fram í II. bálki og III. viðauka þar til kröfurnar um lausafjárþekju í 6. hluta eru tilgreindar að fullu og framkvæmdar sem lágmarkskrafa í samræmi við 460. gr. Stofnanir skulu gera skýrslu um liðina í III. bálki. Tíðni skýrslugjafar skal vera eigi sjaldnar en mánaðarlega vegna liða sem um getur í II. bálki og III. viðauka og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega vegna liða sem um getur í III. bálki.

Skýrslusniðin skulu ná yfir allar nauðsynlegar upplýsingar og gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni kleift að meta hvort bundinn hafi verið endir á tryggðar lánveitingar og skiptasamninga þar sem lausaeigna sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 416. gr. hefur verið aflað á móti tryggingum sem uppfylla ekki kröfurnar í 1. mgr. 416. gr.

2. Stofnun skal gefa aðskilda skýrslu til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins um liðina sem um getur í 1. mgr. í neðangreindum gjaldmiðli þegar hún hefur:

a) samanlagðar skuldbindingar í gjaldmiðli sem er frábrugðinn reikningsskilagjaldmiðli skv. 1. mgr., sem nemur eða fer yfir 5% af heildarskuldbindingum stofnunarinnar eða einstakrar lausafjárundirsamstæðu, eða

b) mikilvægt útibú í samræmi við 51. gr. tilskipunar 2013/36/ESB í gistiaðildarríki sem notar annan gjaldmiðil en reikningsskilagjaldmiðil skv. 1. mgr. þessarar greinar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) Samræmt form og upplýsingatæknilausnir með tilheyrandi leiðbeiningum fyrir tíðni ásamt upphafs- og greiðsludagsetningum. Skýrslusnið og -tíðni skal vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin mismunandi starfsemi stofnunarinnar er og skal ná yfir skýrslugjöfina sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr.

b) Viðbótarbreytur vegna eftirlits með lausafé sem þörf er á, til að lögbær yfirvöld öðlist ítarlega yfirsýn yfir snið lausafjáráhættu, í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi stofnunarinnar er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013 að því er varðar liðina sem tilgreindir eru í a-lið og eigi síðar en 1. janúar 2014 að því er varðar liðina sem tilgreindir eru í b-lið.

Þar til bindandi kröfur um lausafjárstöðu eru teknar upp að fullu, geta lögbær yfirvöld haldið áfram að safna upplýsingum með eftirlitstækjum í þeim tilgangi að fylgjast með reglufylgni við núgildandi landsstaðla um lausafjárstöðu.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu, samkvæmt beiðni, veita lögbærum yfirvöldum og seðlabanka gistiaðildarríkisins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni einstakar skýrslur tímanlega og með rafrænum hætti, í samræmi við þessa grein.

5. Lögbær yfirvöld sem annast eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu, samkvæmt beiðni, veita eftirfarandi yfirvöldum bæði tímanlega og með rafrænum hætti allar skýrslur sem stofnunin leggur fram, í samræmi við samræmd skýrslusnið sem um getur í 3. mgr.:

a) lögbærum yfirvöldum og seðlabönkum þeirra gistiaðildarríkja sem hafa, í samræmi við 51. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, mikilvæg útibú móðurstofnunarinnar eða stofnana sem stjórnað er af sama móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði,

b) lögbærum yfirvöldum sem hafa heimilað dótturstofnunum móðurstofnunarinnar eða stofnana sem stjórnað er af sama móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði og seðlabanka sama aðildarríkis,

c) Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni,

d) Seðlabanka Evrópu.

6. Lögbær yfirvöld, sem hafa heimilað stofnun sem er dótturstofnun móðurstofnunar eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði, skal veita lögbærum yfirvöldum sem annast eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, seðlabanka aðildarríkis þar sem stofnunin hefur starfsleyfi og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, bæði tímanlega og með rafrænum hætti allar skýrslur sem stofnunin leggur fram, í samræmi við samræmd skýrslusnið sem um getur í 3. mgr.

416. gr.

Skýrslugjöf um lausafjáreignir

1. Stofnanir skulu skrá eftirfarandi sem lausfjáreignir nema það sé undanþegið í 2. mgr. og einungis ef lausafjáreignirnar uppfylla skilyrðin í 3. mgr.:

a) Reiðufé og áhættuskuldbindingar vegna seðlabanka að því marki sem taka má þessar áhættuskuldbindingar út á erfiðum tímum. Að því er varðar innlán hjá seðlabönkum skulu lögbæra yfirvaldið og seðlabankinn miða að því að komast að samkomulagi varðandi það að hvaða marki draga má á bindiskyldu á erfiðum tímum.

b) Aðrar framseljanlegar eignir sem eru afar auðseljanlegar og hafa afar mikið lánshæfi.

c) Framseljanlegar eignir sem mynda kröfur á eftirfarandi aðila eða þeir ábyrgjast:

   i. ríkisstjórn aðildarríkis, landsvæði með fjárhagslegt sjálfræði til að afla og innheimta skatta, eða þriðja land í gjaldmiðli ríkisstjórnar eða héraðsstjórnar þess, ef stofnunin stofnar til lausafjáráhættu í því aðildarríki eða þriðja landi sem hún ver með því að eiga þessar lausafjáreignir,

   ii. seðlabanka og opinbera aðila sem ekki tilheyra ríkisstjórninni, í gjaldmiðli þess seðlabanka og opinbera aðila,

   iii. Alþjóðagreiðslubankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og fjölþjóðlega þróunarbanka,

   iv. Evrópska fjármálastöðugleikasjóðinn og evrópska stöðugleikakerfið.

d) Framseljanlegar eignir sem eru auðseljanlegar og hafa mikið lánshæfi.

e) Loforð um lánafyrirgreiðslu sem seðlabankar veita innan ramma peningamálastefnu að því marki sem þessar fyrirgreiðslur eru ekki tryggðar með lausafjáreignum og að undanskildum lausafjárstuðningi í neyð.

f) Lágmarksinnstæður, samkvæmt lögum eða reglum, hjá svæðislánastofnun og önnur tiltæk lausafjármögnun, samkvæmt reglum eða samningum, frá svæðislánastofnuninni eða stofnunum sem eru aðilar að tengslanetinu sem um getur í 7. mgr. 113. gr, eða uppfylla skilyrði um undanþáguna í 10. gr., ef viðkomandi lánastofnun tilheyrir tengslaneti í samræmi við ákvæði laga eða reglna.

Á meðan beðið er lýsingar á samræmdri skilgreiningu, í samræmi við 460. gr., á því hvað telst auðseljanlegt og afar auðseljanlegt og mikið lánshæfi og afar mikið lánshæfi, skulu stofnanir sjálfar ákvarða í viðeigandi gjaldmiðli yfirfæranlegar eignir sem auðseljanlegar eða afar auðseljanlegar og með mikið eða afar mikið lánshæfi. Á meðan beðið er lýsingar á samræmdri skilgreiningu mega lögbær yfirvöld, með hliðsjón af viðmiðununum í 3., 4. og 5. mgr. 509. gr., veita almennar leiðbeiningar sem stofnanir skulu fylgja til að greina eignir sem eru auðseljanlegar eða afar auðseljanlegar og hafa mikið eða afar mikið lánshæfi. Njóti slíkra leiðbeininga ekki við skulu stofnanir nota gagnsæjar og hlutlægar viðmiðanir í þessu skyni, þ.m.t. allar eða sumar þeirra viðmiðana sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. 509. gr.

2. Eftirfarandi skal ekki teljast til lausafjáreigna:

a) eignir útgefnar af lánastofnun, nema þær uppfylli eitt af eftirfarandi skilyrðum:

i. þær eru skuldabréf sem teljast hæf til þeirrar meðferðar sem um getur í 4. eða 5. mgr. 129. gr. eða eignatryggðir gerningar sé sýnt fram á að þeir séu af hæsta lánshæfi eins og staðfest er af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni samkvæmt viðmiðununum í 3., 4. og 5. mgr. 509. gr.,

ii. þær eru skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB aðrar en þær sem um getur í i-lið þessa liðs,

iii. lánastofnunin er stofnuð af ríkisstjórn eða héraðsstjórn aðildarríkis og er sú stjórn skuldbundin til að vernda fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar og viðhalda lífvænleika hennar allan hennar líftíma; eða a.m.k. 90% af lánum sem stofnunin veitir eru tryggð beint eða óbeint af þeirri stjórn og eignin er aðallega notuð til að fjármagna stuðningslán sem veitt eru án tillits til samkeppnis- eða hagnaðarsjónarmiða til að styðja við opinbera stefnu þeirrar stjórnar,

b) eignir sem stofnuninni eru veittar sem trygging samkvæmt endurhverfum verðbréfakaupum og fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og sem stofnunin heldur einungis til mildunar útlánaáhættu og sem stofnunin má ekki nota, samkvæmt lögum og samningum,

c) eignir gefnar út af einhverju eftirfarandi:

i. verðbréfafyrirtæki,

ii. vátryggingafélag,

iii. eignarhaldsfélagi á fjármálasviði,

iv. blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi,

v. öðrum aðila sem hefur eina eða fleiri gerðir þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB að meginstarfsemi.

3. Í samræmi við 1. mgr. skulu stofnanir skrá eignir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði sem lausafjáreignir:

a) þær eru veðbandslausar eða eru tiltækar innan tryggingasafna sem nota skal til að afla frekari fjármögnunar, samkvæmt lánalínum til stofnunarinnar sem samið hefur verið um en eru enn ófjármagnaðar,

b) þær eru ekki gefnar út af stofnuninni sjálfri eða móður- eða dótturstofnunum hennar eða annarri dótturstofnun móðurstofnana hennar eða móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði,

c) markaðsaðilar eru almennt sammála um verð þeirra og er auðveldlega hægt að sjá það á markaði, eða auðveldlega er hægt að reikna út verð þeirra eftir formúlu sem byggir á inntaksgögnum, sem eru aðgengileg öllum, og er ekki háð sterkum forsendum eins og dæmigert er fyrir afleiðutengdar eða framandi afurðir (e. *structured or exotic products*),

d) þær eru hæf trygging fyrir staðlaðar lausafjáraðgerðir seðlabanka í aðildarríki, eða seðlabanka í þriðja landi ef lausafjáreignunum er haldið til að mæta lausafjárútstreymi í gjaldmiðli þess þriðja lands,

e) þau eru skráð í viðurkenndri kauphöll eða hægt er að versla með þau í beinni sölu eða með einföldum endurhverfum verðbréfakaupum á viðurkenndum endurkaupamörkuðum. Meta skal þessi viðmið sérstaklega fyrir hvern markað.

Skilyrðin sem um getur í c-, d- og e-lið fyrstu undirgreinar skulu ekki gilda um eignirnar sem um getur í a-, e- og f-lið 1. mgr.

Skilyrðið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar skal ekki gilda í tilviki lausafjáreigna sem haldið er til að mæta lausafjárútstreymi ef skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir er afar þröng. Ef um er að ræða lausafjáreignir sem gefnar eru upp í erlendum gjaldmiðli þriðja lands skal þessi undanþága gilda og einungis gilda ef lögbær yfirvöld þriðja lands beita sömu eða jafngildri undanþágu.

4. Þar til lýsing á bindindi lausafjárkröfu liggur fyrir í samræmi við 460. gr. og í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir, þrátt fyrir að ákvæði 1., 2. og 3. málsgreinar, gefa skýrslu um:

a) aðrar seljanlegar eignir, sem teljast ekki hæfar tryggingar í seðlabanka, svo sem hlutabréf og gull, byggt á gagnsærri og hlutlægri viðmiðun, þ.m.t. viðmiðanirnar sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. 509. gr.,

b) aðrar seljanlegar eignir, sem teljast hæfar tryggingar í seðlabanka, svo sem eignatryggðir gerningar með hæsta lánshæfi eins og staðfest er af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni samkvæmt viðmiðununum í 3., 4. og 5. mgr. 509. gr.,

c) aðrar eignir sem teljast hæfar tryggingar í seðlabanka, en eru óseljanlegar, svo sem skuldakröfur (e. *credit claims*) eins og staðfest er af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni samkvæmt viðmiðununum í 3., 4. og 5. mgr. 509. gr.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með lista yfir gjaldmiðla sem uppfylla kröfurnar sem um getur í þriðju undirgrein 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Áður en að gildistöku tæknistaðlanna sem um getur í þriðju undirgrein kemur mega stofnanir halda áfram að beita meðferðinni sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr., hafi lögbær yfirvöld beitt þeirri aðferð fyrir 1. janúar 2014.

6. Fara má með hlutabréf eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir upp að 500 milljónum evra í eignasafni lausafjáreigna hverrar stofnunar að því tilskildu að kröfurnar í 3. mgr. 132. gr. séu uppfylltar og að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti aðeins í lausafjáreignum eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir utan afleiðugerninga til mildunar vaxta-, útlána- eða gjaldmiðilsáhættu.

Notkun (eða hugsanleg notkun) sjóðs um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja áhættur leyfilegra fjárfestinga skal ekki koma í veg fyrir að sá sjóður um sameiginlega fjárfestingu sé hæfur. Ef virði hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu er ekki reglulega fært á markaðsvirði af þeim þriðju aðilum sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 418. gr. og lögbært yfirvald er ekki fullvisst um að stofnun hafi þróað trausta hugmyndafræði og aðferðir fyrir verðmat eins og um getur í fyrsta málslið 4. mgr. 418. gr., skal ekki fara með sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir.

7. Ef lausafjáreign hættir að vera hæf í forða lausafjáreigna má stofnun engu að síður halda áfram að telja hana til lausafjáreigna í 30 almanaksdaga í viðbót. Ef lausafjáreign í sjóði um sameiginlega fjárfestingu hættir að vera hæf til meðferðarinnar sem sett er fram í 6. mgr., má engu að síður telja hlutabréfin og hlutdeildarskírteinin í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu til lausafjáreigna í 30 almanaksdaga í viðbót, að því tilskildu að eignirnar fari ekki yfir 10% af heildareignum sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

417. gr.

Rekstrarlegar kröfur um forða lausafjáreigna

Stofnunin skal einungis skrá sem lausafjáreignir þann forða lausafjáreigna sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) Þær eru hæfilega dreifðar. Dreifingar er ekki þörf með tilliti til eigna sem samsvara a-, b- og c-lið 1. mgr. 416. gr.

b) Lagalega séð og í reynd er mögulegt hvenær sem er innan næstu 30 daga að innleysa þær auðveldlega með beinni sölu eða með einföldum endurhverfum verðbréfakaupum á viðurkenndum endurkaupamörkuðum til mæta skuldbindingum sem falla í gjalddaga. Lausafjáreignir sem um getur í c-lið 1. mgr. 416. gr. sem haldið er í þriðju löndum, þar sem um er að ræða takmarkanir á yfirfærslu eða sem eru tilgreindar í gjaldmiðli sem ekki er hægt að skipta, skulu einungis teljast tiltækar að því marki sem þær samsvara útstreymi í viðkomandi þriðja landi eða gjaldmiðli nema stofnunin geti sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hún hafi varið þá gjaldmiðilsáhættu sem af leiðir.

c) Lausafjáreignum er stjórnað af lausafjárstýringarsviði.

d) Hluta lausafjáreignanna, nema þær sem um getur í a-, c-, e og f-lið 1. mgr. 416. gr., er reglulega og minnst árlega komið í verð með beinni sölu eða með einföldum endurhverfum verðbréfakaupum á samþykktum endurkaupamarkaði í eftirfarandi tilgangi:

   i. til að rannsaka aðgang þessara eigna að markaði,

   ii. til að rannsaka skilvirkni aðferða innlausnar eigna,

   iii. til að rannsaka það hve nothæfar eignirnar eru,

   iv. til að lágmarka hættuna af áhrifum neikvæðra merkja á erfiðum tímum.

e) Heimilt er að verja verðáhættur sem tengjast eignunum, en lausafjáreignir eru háðar viðeigandi innra fyrirkomulagi sem tryggir að þær séu aðgengilegar fyrir fjárstýringuna þegar þörf krefur og sérstaklega að þær séu ekki notaðar í öðrum aðgerðum sem standa yfir, þ.m.t.:

   i. áhættuvörnum og öðrum viðskiptaáætlunum,

   ii. því að endurbæta lánshæfi í afleiðutengdum viðskiptum,

   iii. því að mæta öðrum rekstrarkostnaði.

f) Gjaldmiðillinn sem lausafjáreignirnar eru gefnar upp í er í samræmi við úthlutun lausafjárútstreymis eftir gjaldmiðli eftir að innflæði er dregið frá.

418. gr.

Virðismat lausafjáreigna

1. Skráð virði lausafjáreignar skal vera markaðsvirði hennar, með fyrirvara um viðeigandi frádrög (e. haircuts) sem endurspegla a.m.k. gildistíma, útlána- og lausafjáráhættu og dæmigerð frádrög vegna endurhverfra verðbréfakaupa á tímum þegar erfiðleikar ríkja á markaði. Frádrögin skulu ekki nema minna en 15% að því er varðar eignirnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 416. gr. Ef stofnunin ver verðáhættuna sem eigninni tengist skal hún taka tillit til þess sjóðstreymis sem hlýst af hugsanlegu uppgjöri varnarinnar.

2. Hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eins og um getur í 6. mgr. 416. gr. skulu háð frádrögum, með tilliti til undirliggjandi eigna eins og hér segir:

a) 0% vegna eigna sem um getur í a-lið 1. mgr. 416. gr.,

b) 5% vegna eigna sem um getur í b-, og c-lið 1. mgr. 416. gr.,

c) 20% vegna eigna sem um getur í d-lið 1. mgr. 416. gr.

3. Gagnsæisaðferðin, sem um getur í 2. mgr., skal gilda sem hér segir:

a) ef stofnuninni er kunnugt um undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu má hún hafa hliðsjón af þeim við flokkunina skv. a- til d-lið 1. mgr. 416. gr.,

b) ef stofnuninni er ekki kunnugt um undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu skal gert ráð fyrir að sjóðurinn fjárfesti, að því marki sem umboð hans heimilar, í lækkandi röð í þeim tegundum eigna sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. 416. gr. þar til mörkum hámarksfjárfestingar er náð.

4. Stofnanir skulu þróa trausta hugmyndafræði og aðferðir til að reikna út og gefa skýrslu um markaðsvirði og frádrög vegna hlutabréfa og hlutdeildarskírteina í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Aðeins þegar stofnanir geta sýnt fram á með fullnægjandi hætti, að mati lögbærs yfirvalds, að vægi áhættuskuldbindingarinnar réttlæti ekki þróun þeirrar eigin hugmyndafræði mega stofnanir reiða sig á eftirfarandi þriðju aðila til að reikna út og gefa skýrslu um frádrög vegna hlutabréfa og hlutdeildarskírteina í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. mgr.:

a) varðveislustofnunar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun,

b) hvað varðar aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir þær viðmiðanir sem fram koma í a-lið 3. mgr. 132. gr.

Utanaðkomandi endurskoðandi skal staðfesta að útreikningur varðveislustofnunarinnar eða sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu sé réttur.

419. gr.

Gjaldmiðlar með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta hve aðgengilegar lausafjáreignirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 416. gr. eru stofnunum, í þeim gjaldmiðlum sem eiga við fyrir stofnanir með staðfestu í Sambandinu.

2. Ef réttlætanlegar þarfir fyrir lausafjáreignir í ljósi krafnanna í 412. gr. eru meiri en nemur þeim lausafjáreignum sem eru tiltækar í ákveðnum gjaldmiðli skulu ein eða fleiri af eftirfarandi undanþágum gilda:

a) þrátt fyrir f-lið 417. gr. má tilgreindur gjaldmiðill lausafjáreigna vera í ósamræmi við úthlutun lausafjárútstreymis eftir gjaldmiðli eftir að innflæði er dregið frá,

b) að því er varðar gjaldmiðil aðildarríkis eða þriðja lands mega, í stað þeirra lausafjáreigna sem krafist er, koma lánalínur frá seðlabanka þess aðildarríkis eða þriðja lands, sem eru bundnar samkvæmt óafturkallanlegum samningi til næstu 30 daga og verðlagðar með sanngjörnum hætti, óháð fjárhæðinni sem dregið hefur verið á, að því tilskildu að lögbær yfirvöld þess aðildarríkis eða þriðja lands geri hið sama og að í aðildarríkinu eða þriðja landinu ríki sambærileg upplýsingaskylda.

3. Undanþágurnar sem gilda í samræmi við 2. mgr. skulu vera í öfugu hlutfalli við það hve tiltækar viðkomandi eignir eru. Réttlætanlegar þarfir stofnana skulu metnar með tilliti til getu þeirra til að minnka, með traustri lausafjárstýringu, þörfina fyrir þessar lausafjáreignir og eignarhlut annarra markaðsaðila í þessum eignum.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum með lista yfir þá gjaldmiðla sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreinir undanþágurnar sem um getur í 2. mgr. þ.m.t. skilyrðin fyrir beitingu þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

420. gr.

Útflæði lausafjár

1. Á meðan beðið er lýsingar á lausafjárkröfu í samræmi við 460. gr. skulu þau lausafjárútstreymi sem til stendur að skrá ná yfir:

a) útistandandi fjárhæð vegna smásöluinnlána eins og hún er sett fram í 421. gr.,

b) útistandandi fjárhæðir annarra skuldbindinga sem falla í gjalddaga, sem útgáfustofnanir eða veitandi fjármögnunarinnar getur kallað eftir að verði greiddar út, eða sem eru bundnar þeirri skilyrðislausu væntingu veitanda fjármögnunarinnar að stofnunin endurgreiði á næstu 30 dögum eins og sett er fram í 422. gr.,

c) viðbótarútstreymi sem um getur í 423. gr.,

d) þá hámarksfjárhæð sem hægt er að nota á næstu 30 dögum af ónotuðum bindandi lánsheimildum og lausafjárfyrirgreiðslu, eins og sett er fram í 424. gr.,

e) viðbótarútstreymi sem matið leiðir í ljós í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reglulega meta líkur á og hugsanlegt magn lausafjárútstreymis á næstu 30 dögum að því er varðar afurðir eða þjónustu sem 422., 423. og 424. gr. ná ekki til og sem þær bjóða eða ábyrgjast eða sem hugsanlegir kaupendur myndu telja tengjast stofnunum, þ.m.t., en ekki takmarkað við, lausafjárútstreymi sem stafar af samningsbundnu fyrirkomulagi svo sem öðrum skuldbindingum utan efnahagsreiknings og skuldbindingar vegna óvæntrar fjármögnunar, þ.m.t., en ekki takmarkað við, bindandi fjármögnunarfyrirgreiðslur, ónotuð lán og fyrirframgreiðslur til heildsölumótaðila, samþykkt veðlán sem ekki hafa verið nýtt, kreditkort, yfirdráttur, ráðgerð útstreymi tengd endurnýjun eða framlengingu nýrra smásölueða heildsölulána, ráðgerðar afleiðuskuldir og afurðir tengdar viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings, eins og um getur í 429. gr. og í I. viðauka. Þetta útstreymi skal metið samkvæmt forsendunni um sameinaða sviðsmynd sérstakra erfiðleika og erfiðleika sem ná til alls markaðarins.

Við matið skulu stofnanir taka sérstaklega til greina alvarlegan skaða á orðspori sem gæti stafað af því að slíkum afurðum eða þjónustu er ekki veittur lausafjárstuðningur. Stofnanir skulu eigi sjaldnar en árlega gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu um þær afurðir og þjónustu þar sem líkur á og hugsanlegt magn lausafjárútstreymis sem um getur í fyrstu undirgrein er verulegt og skulu lögbær yfirvöld ákvarða úthlutun útstreymis. Lögbær yfirvöld mega beita allt að 5% útstreymishlutfalli að því er varðar afurðir tengdar viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings, eins og um getur í 429. gr. og I. viðauka.

Lögbær yfirvöld skulu minnst árlega gefa Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skýrslu um þær tegundir afurða og þjónustu þar sem þær hafa ákvarðað útstreymi á grundvelli skýrslna frá stofnunum. Þau skulu í þeirri skýrslu einnig útskýra aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða útstreymið.

421. gr.

Útstreymi í tengslum við smásöluinnlán

1. Stofnanir skulu gefa sérstaka skýrslu um fjárhæð smásöluinnlána sem falla undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB eða jafngilt innstæðutryggingakerfi í þriðja landi og margfalda með a.m.k. 5% ef innstæðan er annað eftirfarandi:

a) hluti af viðurkenndum tengslum, sem þýðir að úttekt er mjög ólíkleg,

b) geymd á óbundnum reikningi, þ.m.t. reikningar sem laun eru reglulega lög inn á.

2. Stofnanir skulu margfalda önnur smásöluinnlán sem ekki er getið um í 1. mgr. með a.m.k. 10%.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, fyrir 1. janúar 2014, gefa út viðmiðunarreglur, að teknu tilliti til hegðunar staðbundinna innstæðueigenda samkvæmt ráðleggingum lögbærra yfirvalda, um viðmiðanir til að ákvarða skilyrði beitingar 1. og 2. mgr. í tengslum við greiningu smásöluinnlána sem eru háð öðru útstreymi og skilgreiningar á þessum afurðum að því er varðar þennan bálk. Þessar viðmiðunarreglur skulu hafa hliðsjón af líkunum á því að þessi innlán leiði til útstreymis lausafjár á næstu 30 dögum. Útstreymið skal metið samkvæmt forsendunni um sameinaða sviðsmynd sérstakra erfiðleika og erfiðleika sem ná til alls markaðarins.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skulu stofnanir margfalda smásöluinnlán sem þær hafa tekið í þriðju löndum með hærri hundraðshluta en mælt er fyrir um í þessum málsgreinum ef sambærileg upplýsingaskylda þriðja lands kveður á um slíkan hundraðshluta.

5. Stofnanir mega undanskilja frá útreikningi útstreymis ákveðna vel afmarkaða flokka smásöluinnlána svo framarlega sem stofnunin beitir eftirfarandi til hins ítrasta í hverju tilviki fyrir sig á allan flokk þessara innlána, nema fyrir liggi rökstuðningur um erfiðar aðstæður einstakra innstæðueigenda:

a) innstæðueigandinn má ekki taka innstæðuna út innan 30 daga, eða

b) taki innstæðueigandi innstæðuna út innan 30 daga skal hann greiða sekt sem felur í sér niðurfellingu vaxta frá því innstæðan er tekin út og til gjalddaga samkvæmt samningi auk verulegrar sektar sem þarf ekki að vera hærri en nemur þeim vöxtum sem greiða skal fyrir tímann frá því innstæðan er lögð inn og þar til hún er tekin út.

422. gr.

Útstreymi og aðrar skuldbindingar

1. Stofnanir skulu margfalda skuldbindingar sem stafa af eigin rekstrarútgjöldum stofnunarinnar með 0%.

2. Stofnanir skulu margfalda skuldbindingar sem stafa af tryggðum lánveitingum og viðskiptum á fjármagnsmarkaði eins og skilgreint er í 3. lið 192. gr. með:

a) 0% upp að virði lausafjáreignanna í samræmi við 418. gr. ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu teljast hæfar sem lausafjáreignir í samræmi við 416. gr.

b) 100% fyrir ofan virði lausafjáreignanna í samræmi við 418. gr. ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu teljast hæfar sem lausafjáreignir í samræmi við 416. gr.

c) 100% ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu ekki teljast hæfar sem lausafjáreignir í samræmi við 416. gr., fyrir utan viðskipti sem falla undir d- og e-lið þessarar málsgreinar.

d) 25% ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu ekki teljast hæfar sem lausafjáreignir í samræmi við 416. gr. og lánveitandinn er ríkisstjórn, opinber aðili aðildarríkisins þar sem lánastofnunin hefur starfsleyfi eða hefur komið á fót útibúi, eða fjölþjóðlegur þróunarbanki. Takmarka skal opinbera aðila sem hljóta þessa meðferð við þá sem hafa 20% áhættuvog eða lægri í samræmi við 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

e) 0% ef lánveitandinn er seðlabanki.

3. Stofnanir skulu margfalda skuldbindingar sem stafa af innstæðum sem þarf að viðhalda:

a) af innstæðueiganda til að fá greiðslujöfnun, vörslu eða reiðufjárstýringu eða aðra sambærilega þjónustu hjá stofnuninni,

b) í tengslum við almenna verkaskiptingu innan stofnanaverndarkerfis, sem uppfyllir kröfurnar í 7. mgr. 113. gr., eða sem lágmarksinnstæðu, samkvæmt lögum eða reglum, annars aðila sem er meðlimur í sama stofnanaverndarkerfi,

c) af innstæðueiganda í tengslum við viðurkennd rekstrartengsl önnur en þau sem um getur í a-lið,

d) af innstæðueiganda til að fá greiðslujöfnun og þjónustu svæðislánastofnunar og ef lánastofnunin tilheyrir tengslaneti í samræmi við ákvæði laga og reglna,

um 5% í tilviki a-liðar að því marki sem þær falla undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB eða jafngilt innstæðutryggingakerfi í þriðja landi og um 25% í öðrum tilvikum.

Innstæður lánastofnana hjá svæðislánastofnunum sem teljast vera lausafjáreignir í samræmi við f-lið 1. mgr. 416. gr. skal margfalda með 100% útstreymishlutfalli.

4. Greiðslujöfnun, varsla og reiðufjárstýring eða önnur sambærileg þjónusta sem um getur í a- og d-lið 3. mgr. nær aðeins til slíkrar þjónustu að því marki sem hún er veitt í tengslum við viðurkennd tengsl sem innstæðueigandinn reiðir sig verulega á. Hún skal ekki einungis felast í millibankaviðskiptum og viðskiptaþjónustu við fagfjárfesta og stofnunin skal hafa sönnunargagn þess efnis að viðskiptavinurinn geti ekki tekið út fjárhæðir sem lagalega falla í gjalddaga innan 30 daga tímabils án þess að það skaði starfsemina.

Á meðan beðið er samræmdrar skilgreiningar á viðurkenndum rekstrartengslum eins og um getur í c-lið skulu stofnanir sjálfar útbúa viðmiðanir til að greina viðurkennd rekstrartengsl þar sem þær hafa sannanir um að viðskiptavinurinn geti ekki tekið út fjárhæðir sem lagalega falla í gjalddaga innan 30 daga tímabils án þess að það stofni starfseminni í hættu og skulu þær gefa skýrslu um þessar viðmiðanir til lögbærra yfirvalda. Á meðan samræmdrar skilgreiningar nýtur ekki við mega lögbær yfirvöld veita almennar leiðbeiningar sem stofnunum ber að fara eftir við að greina innstæður sem innstæðueigendur viðhalda í tengslum við viðurkennd rekstrartengsl.

5. Stofnanir skulu margfalda skuldbindingar sem stafa af innstæðum viðskiptavina sem eru ekki viðskiptavinir á fjármálamarkaði að því marki sem þær falla ekki undir 3. og 4. mgr. um 40% og margfalda fjárhæð þessara skuldbindinga sem falla undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB eða jafngild innstæðutryggingakerfi í þriðja landi um 20%.

6. Stofnanir skulu taka tillit til út- og innstreymis sem vænst er innan 30 daga tímabils vegna samninga sem um getur í II. viðauka við alla mótaðila, á hreinum grunni, og margfalda þá með 100% ef um hreint útstreymi er að ræða. Hreinn grunnur skal einnig merkja án trygginga til viðtöku sem eru hæfar sem lausafjáreignir samkvæmt 416. gr.

7. Stofnanir skulu gefa sérstaka skýrslu um aðrar skuldbindingar sem ekki falla undir 1.–5. mgr.

8. Lögbær yfirvöld mega veita leyfi til að nota lægra útstreymishlutfall í hverju tilviki fyrir sig fyrir þær skuldbindingar sem um getur í 7. mgr., að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) innstæðueigandinn er:

   i. móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða önnur dótturstofnun sömu móðurstofnunar,

   ii. tengdur stofnuninni með tengslum í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

   iii. stofnun sem fellur innan sama stofnanaverndarkerfis sem uppfyllir kröfur 7. mgr. 113. gr.,

   iv. svæðisstofnunin eða meðlimur í tengslaneti sem uppfyllir kröfurnar í d-lið 2. mgr. 400. gr.,

b) ástæða er til að búast við minna útstreymi innan næstu 30 daga, jafnvel samkvæmt sameinaðri sviðsmynd sérstakra erfiðleika og erfiðleika sem ná til alls markaðarins,

c) innstæðueigandinn notar sambærilegt samhverft eða hófsamara innstreymi þrátt fyrir 425. gr.,

d) stofnunin og innstæðueigandinn hafa staðfestu í sama aðildarríki.

9. Lögbær yfirvöld mega fella niður skilyrðin sem sett eru fram í d-lið 8. mgr. ef b-lið 1. mgr. 20. gr. er beitt. Í því tilviki þarf auk þess að uppfylla hlutlægar viðmiðanir eins og sett er fram í framseldu gerðinni sem um getur í 460. gr. Ef heimilt er að nota slíkt minna útstreymi skulu lögbær yfirvöld upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um árangur ferlisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 20. gr. Lögbær yfirvöld skulu reglulega endurskoða uppfyllingu skilyrða fyrir þess háttar minna útstreymi.

10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar aukalegu hlutlægu viðmiðanirnar sem um getur í 9. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

423. gr.

Viðbótarútstreymi

1. Trygging önnur en eignir sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 416. gr., sem stofnun leggur fram vegna samninga sem um getur í II. viðauka og lánaafleiða, skal vera með fyrirvara um 20% viðbótarútstreymi.

2. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um alla samninga sem gengist er undir þar sem samningsskilyrði leiða, innan 30 daga eftir verulega hnignun lánshæfi stofnunarinnar, til lausafjárútstreymis eða þarfar fyrir viðbótartryggingu. Ef lögbær yfirvöld telja slíka samninga mikilvæga í tengslum við hugsanlegt lausafjárútstreymi stofnunarinnar skulu þau gera kröfu um að stofnunin bæti viðbótarútstreymi við þá samninga sem samsvarar þörfinni fyrir viðbótartryggingu sem stafar af verulegri hnignun í lánshæfi stofnunarinnar, s.s. lækkun ytra lánshæfismats um þrjú þrep. Stofnunin skal reglulega endurskoða umfang þessarar verulegu hnignunar í ljósi þess hvað skiptir máli samkvæmt samningunum sem hún hefur gengist undir og tilkynna lögbærum yfirvöldum um niðurstöðu endurskoðunarinnar.

3. Stofnanir skulu bæta við viðbótarútstreymi sem samsvarar tryggingarþörfinni sem myndi leiða af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti, fjármögnunarviðskipti og aðra mikilvæga samninga stofnunarinnar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða skilyrði beitingar í tengslum við skilninginn á mikilvægi og aðferðum við mælingu þessa viðbótarútstreymis.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Stofnunin skal bæta við viðbótarútstreymi sem samsvarar markaðsvirði verðbréfa eða annarra eigna sem seldar eru skortsölu og afhenda ber innan 30 daga tímabilsins nema stofnunin eigi verðbréf til að afhenda eða hafi fengið þau lánuð á kjörum sem kveða á um að þeim verði skilað að afloknu 30 daga tímabilinu og verðbréfin eru ekki hluti af lausafjáreignum stofnunarinnar.

5. Stofnunin skal bæta við viðbótarútstreymi sem samsvarar:

a) umframtryggingum stofnunarinnar sem mótaðilinn getur kallað eftir hvenær sem er samkvæmt samningi,

b) tryggingum sem komið er að því að skila til mótaðila,

c) tryggingum sem samsvara eignum sem myndu teljast hæfar sem lausafjáreignir að því er varðar 416. gr. og hægt er að skipta út fyrir eignir sem samsvara eignum sem myndu ekki teljast hæfar sem lausafjáreignir að því er varðar 416. gr. án samþykkis stofnunarinnar.

6. Innstæður, mótteknar sem tryggingar, skulu ekki teljast skuldbindingar að því er varðar 422. gr. en munu falla undir ákvæði þessara greinar eftir atvikum.

424. gr.

Útstreymi frá lánsheimildum og lausafjárfyrirgreiðslu

1. Stofnanir skulu gefa skýrslu um útstreymi frá bindandi lánsheimildum og bindandi lausafjárfyrirgreiðslum, sem ákvarða skal sem hundraðshluta af þeirri hámarksfjárhæð sem nýta má innan næstu 30 daga. Heimilt er að meta þessa hámarksfjárhæð, sem nýta má, án allra lausafjárkrafna á grundvelli 2. mgr. 420. gr. vegna viðskiptafjármögnunar liða utan efnahagsreiknings og án virðis trygginga, í samræmi við 418. gr., sem leggja skal fram ef stofnun getur endurnotað tryggingunga og ef tryggingin er í formi lausafjáreigna í samræmi við 416. gr. Tryggingin sem veita skal má ekki vera eign sem mótaðili heimildarinnar/fyrirgreiðslunnar eða einhver aðili henni tengdur hefur gefið út. Ef stofnunin hefur aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum skal ákvarða þá hámarksfjárhæð sem nýta má vegna lánsheimilda og lausafjárfyrirgreiðslna sem þá hámarksfjárhæð sem mætti nýta að teknu tilliti til eigin skuldbindinga mótaðilans eða fyrirframskilgreindrar samningsbundinnar áætlunar um lánsnýtingu sem fellur í gjalddaga innan næstu 30 daga.

2. Sú hámarksfjárhæð sem nýta má af ónotuðum bindandi lánsheimildum og ónotuðum bindandi lausafjárfyrirgreiðslum innan næstu 30 daga skal margfölduð með 5% ef þær uppfylla skilyrði flokks smásöluáhættuskuldbindinga samkvæmt staðal- eða innramatsaðferð fyrir útlánaáhættu.

3. Sú hámarksfjárhæð sem nýta má af ónotuðum bindandi lánsheimildum og ónotuðum bindandi lausafjárfyrirgreiðslum innan næstu 30 daga skal margfölduð með 10% ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þær uppfylla ekki skilyrði flokks smásöluáhættuskuldbindinga samkvæmt staðal- eða innramatsaðferð fyrir útlánaáhættu,

b) þær hafa verið veittar viðskiptavinum sem ekki eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði,

c) þær hafa ekki verið veittar í þeim tilgangi að endurfjármagna viðskiptavininn í þeim tilvikum þegar hann getur ekki uppfyllt fjármögnunarþörf sína á fjármálamörkuðum.

4. Bundin fjárhæð lausafjárfyrirgreiðslu, sem veitt hefur verið sérstökum verðbréfunaraðila (e. SSPE) til að gera slíkum sérstökum verðbréfunaraðila kleift að kaupa eignir aðrar en verðbréf frá viðskiptavinum sem ekki eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði, skal margfölduð með 10% að því marki sem hún er umfram fjárhæð eigna sem þegar hafa verið keyptar af viðskiptavinum og ef sú hámarksfjárhæð sem nýta má er samkvæmt samningi takmörkuð við þá fjárhæð eigna sem þegar hafa verið keyptar.

5. Stofnanir skulu gefa skýrslu um þá hámarksfjárhæð sem nýta má af öðrum ónotuðum bindandi lánsheimildum og ónotuðum bindandi lausafjárfyrirgreiðslum innan næstu 30 daga. Þetta gildir einkum um eftirfarandi:

a) lausafjárfyrirgreiðslur sem stofnunin hefur veitt sérstökum verðbréfunaraðilum öðrum en þeim sem um getur í b-lið 3. mgr.,

b) samþykktir sem kveða á um að stofnuninni beri að kaupa eða skipta eignum frá sérstökum verðbréfunaraðila,

c) lausafjárfyrirgreiðslur/lánsheimildir veittar lánastofnunum,

d) lausafjárfyrirgreiðslur/lánsheimildir veittar fjármálastofnunum og verðbréfafyrirtækjum.

6. Þrátt fyrir 5. mgr. mega stofnanir sem eru settar á fót og styrktar af ríkisstjórn eða héraðsstjórn a.m.k. eins aðildarríkis einnig beita meðferðunum sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. á lánsheimildir og lausafjárfyrirgreiðslur sem stofnunum eru veittar í þeim tilgangi einum að fjármagna beint eða óbeint stuðningslán sem uppfylla skilyrði flokks áhættuskuldbindinga sem um getur í þeim málsgreinum. Þrátt fyrir d-lið 2. mgr. 425. gr. mega stofnanir nota samhverft inn- og útstreymi ef þessi stuðningslán eru veitt í gegnum aðra stofnun í hlutverki milliliðar (gegnumstreymislán (e. *pass through loans*)). Skulu þessi stuðningslán einungis standa til boða aðilum sem eru ekki viðskiptavinir á fjármálamarkaði án tillits til samkeppnis- eða hagnaðarsjónarmiða til að styðja opinbera stefnu Sambandsins og/eða ríkisstjórn eða héraðsstjórn þess aðildarríkis. Einungis skal vera mögulegt að nýta slíkar lausafjárfyrirgreiðslur/lánsheimildir í kjölfar fyrirsjáanlegrar eftirspurnar eftir stuðningsláni og ekki umfram fjárhæðina, sem sótt er um, í tengslum við síðari skýrslugjöf um notkun greiddra fjármuna.

425. gr.

Innstreymi

1. Stofnanir skulu gefa skýrslu um innstreymi lausafjár. Takmörkuð lausafjárinnstreymi skulu vera lausafjárinnstreymi takmörkuð við 75% af lausafjárútstreymi. Stofnanir mega undanskilja lausafjárinnstreymi frá innstæðum í öðrum stofnunum sem uppfylla skilyrði fyrir meðferðina sem sett er fram í 6. og 7. mgr. 113. gr. frá þessari takmörkun. Stofnanir mega undanskilja lausafjárinnstreymi gjaldfallinna fjárhæða frá lántakendum og skuldabréfafjárfestum sem tengjast veitingu veðlána fjármögnuðum með skuldabréfum sem uppfylla skilyrði fyrir meðferðinni sem sett er fram í 4., 5. eða 6. mgr. 129. gr., eða skuldabréfum eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB, frá þessari takmörkun. Stofnanir mega undanskilja innstreymi frá stuðningslánum sem stofnanirnar hafa veitt. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki þess lögbæra yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti á einingargrunni má stofnunin að hluta eða öllu leyti undanskilja innstreymi ef veitandinn er móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða önnur dótturstofnun sömu móðurstofnunar eða tengdur stofnuninni með tengslum í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

2. Lausafjárinnstreymi skal mælt næstu 30 daga. Það skal einungis samanstanda af innstreymi frá áhættuskuldbindingum sem ekki eru fallnar í gjalddaga og sem stofnunin hefur ekki ástæðu til að ætla að verði vanefndar innan 30 daga tímabilsins. Gerð skal tæmandi skýrsla um lausafjárinnstreymi þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir eftirfarandi innstreymi:

a) Gjaldfallnar fjárhæðir frá viðskiptavinum sem ekki eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði að því er varðar afborgun af höfuðstól skulu lækkaðar um 50% af virði þeirra eða um samningsbundnar skuldbindingar gagnvart þessum viðskiptavinum um að veita fjármögnun, eftir því hvort er hærra. Þetta á ekki við um gjaldfallnar fjárhæðir frá tryggðum lánveitingum og viðskiptum á fjármagnsmarkaði, eins og skilgreint er í 3. lið 192. gr., sem eru tryggð með lausafjáreignum í samræmi við 416. gr. eins og um getur d-lið þessarar málsgreinar.

   Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessa liðar mega stofnanir sem hafa tekið á sig skuldbindingu sem um getur í 6. mgr. 424. gr. svo þær geti greitt stuðningslán til endanlegs viðtakanda taka tillit til innstreymis upp að fjárhæð þess útstreymis sem þær nota í samsvarandi skuldbindingu til að veita þessi stuðningslán.

b) Taka skal fullt tillit til gjaldfallinna fjárhæða frá viðskiptafjármögnunarviðskiptum sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 162. gr. með eftirstöðvatíma allt að 30 dögum, sem innstreymis.

c) Taka skal tillit til eigna með óskilgreinda lokadagsetningu samkvæmt samningi, með 20% innstreymi að því tilskildu að samningurinn heimili bankanum að draga sig til baka og krefjast greiðslu innan 30 daga.

d) Ekki skal taka tillit til gjaldfallinna fjárhæða frá tryggðum lánveitingum og viðskiptum á fjármagnsmarkaði eins og skilgreint er í 3. lið 192. gr. ef þær eru tryggðar með lausafjáreignum eins og skilgreint er í 1. mgr. 416. gr. upp að virði lausafjáreignanna, án frádraga, og taka skal tillit þeirra að fullu að því er varðar gjaldfallnar fjárhæðir sem eftir standa.

e) Ef stofnunin sem skuldar gjaldfallnar fjárhæðir fer með þær í samræmi við 3. og 4. mgr. 422. gr. skal margfalda þær fjárhæðir með samsvarandi samhverfu innstreymi.

f) Gjaldfallnar fjárhæðir frá stöðum í hlutabréfagerningum mikilvægrar vísitölu að því gefnu að ekki sé um að ræða tvítalningu við lausafjáreignir.

g) Ekki skal taka tillit til ónýttra lánsheimilda, lausafjárfyrirgreiðslna og annarra skuldbindinga sem gengist hefur verið í.

3. Út- og innstreymi sem vænst er innan 30 daga tímabils vegna samninga sem um getur í II. viðauka við alla mótaðila skal endurspegla á hreinum grunni og margfalda með 100% ef um hreint innstreymi er að ræða. Hreinn grunnur skal einnig merkja án trygginga til viðtöku sem eru hæfar sem lausafjáreignir samkvæmt 416. gr.

4. Þrátt fyrir g-lið 2. mgr. mega lögbær yfirvöld veita leyfi til að nota meira innstreymi í hverju tilviki fyrir sig vegna lánsheimilda og lausafjárfyrirgreiðslna að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) ástæða er til að ætla að innstreymi verði meira, jafnvel þegar saman fara sérstakir erfiðleikar veitandans og erfiðleikar sem ná til alls markaðarins,

b) Mótaðilinn er móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða önnur undirstofnun sömu móðurstofnunar eða tengd stofnuninni með tengslum í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða meðlimur í sama stofnanaverndarkerfi sem um getur í 7. mgr. 113. gr. þessarar reglugerðar eða svæðisstofnunin eða meðlimur í tengslaneti sem fellur undir undanþágu sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar.

c) Mótaðilinn notar sambærilegt samhverft eða hófsamara útstreymi þrátt fyrir 422.,423. og 424. gr.

d) Stofnunin og mótaðilinn hafa staðfestu í sama aðildarríki.

5. Lögbær yfirvöld mega fella niður skilyrðið sem sett er fram í d-lið 4. mgr. ef b-lið 1. mgr. 20. gr. er beitt. Í því tilviki þarf auk þess að uppfylla hlutlægar viðmiðanir eins og sett er fram í framseldu gerðinni sem um getur í 460. gr. Ef heimilt er að nota slíkt meira innstreymi skulu lögbær yfirvöld upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um árangur ferlisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 20. gr. Lögbær yfirvöld skulu reglulega endurskoða uppfyllingu skilyrða fyrir þess háttar meira innstreymi.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar aukalegu hlutlægu viðmiðanirnar sem um getur í 5. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Stofnanir skulu ekki gefa skýrslu um innstreymi frá lausafjáreignum sem skýrsla er gefin um í samræmi við 416. gr. að undanskildum gjaldföllnum greiðslum í tengslum við eignirnar sem ekki endurspeglast í markaðsvirði eignanna.

8. Stofnanir skulu ekki gefa skýrslu um innstreymi frá nýjum skuldbindingum sem gengist er í.

9. Stofnanir skulu aðeins taka tillit til lausafjárinnstreymis, sem tekið verður á móti í þriðju löndum, ef um millifærslutakmarkanir er að ræða, eða sem eru tilgreindar í gjaldmiðli sem ekki er hægt að skipta, að því marki sem það samsvarar útstreymi í þriðja landinu eða viðkomandi gjaldmiðli, eftir því sem við á.

426. gr.

Uppfærsla framtíðarlausafjárkrafna

Eftir að framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð til að tilgreina lausafjárkröfur í samræmi við 460. gr. má Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 421. gr., 422. gr., fyrir utan 8., 9. og 10. mgr. þeirrar greinar, og 424. gr. til að taka til greina alþjóðlega samþykkta staðla.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu málsgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

III. BÁLKUR

SKÝRSLUGJÖF UM TRYGGA FJÁRMÖGNUN

427. gr.

Liðir sem veita trygga fjármögnun

1. Stofnanir skulu gefa skýrslu um eftirfarandi liði og þætti þeirra, í samræmi við skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í 1. mgr. 415. gr. og samræmt skýrslusnið sem um getur í 3. mgr. 415. gr., svo kleift sé að meta tiltækileika tryggrar fjármögnunar:

a) eftirfarandi eiginfjárgrunnur, eftir frádrátt eftir því sem við á:

   i. fjármagnsgerningar þáttar 1,

   ii. fjármagnsgerningar þáttar 2,

   iii. önnur forgangshlutabréf og fjármagnsgerningar umfram hámarksfjárhæð þáttar 2, með virkan binditíma sem er eitt ár eða lengri,

b) eftirfarandi skuldbindingar sem ekki eru taldar með í a-lið:

   i. smásöluinnlán sem uppfylla skilyrði meðferðarinnar sem sett er fram í 1. mgr. 421. gr.,

   ii. smásöluinnlán sem uppfylla skilyrði meðferðarinnar sem sett er fram í 2. mgr. 421. gr.,

   iii. innlán sem uppfylla skilyrði meðferðarinnar sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 422. gr.,

   iv. innlán, af þeim innlánum sem um getur í iii. lið, sem falla undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB eða jafngilt innstæðutryggingakerfi í innstæðutryggingu þriðja lands samanber 1. mgr. 421. gr.,

v. innlán, af þeim innlánum sem um getur í iii. lið, sem falla undir b-lið 3. mgr. 422. gr.,

vi. innlán, af þeim innlánum sem um getur í iii. lið, sem falla undir d-lið 3. mgr. 422. gr.,

vii. innlagðar fjárhæðir sem ekki falla undir i., ii. eða iii. lið ef aðrir en viðskiptavinir á fjármálamarkaði leggja þær inn,

viii. öll fjármögnun fengin hjá viðskiptavinum á fjármálamarkaði,

ix. hvort í sínu lagi vegna fjárhæða sem falla undir vii. lið og viii. lið: fjármögnun fengin með tryggðum lánveitingum og viðskiptum á fjármagnsmarkaði eins og skilgreint er í 3. lið 192. gr.:

— tryggð með eignum sem myndu teljast hæfar sem lausafjáreignir í samræmi við 416. gr.,

— tryggð með annars konar eignum,

x. skuldbindingar sem stafa af útgefnum verðbréfum sem uppfylla skilyrði meðferðarinnar sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. eða eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

xi. eftirtaldar aðrar skuldbindingar sem stafa af útgefnum verðbréfum sem ekki falla undir a-lið:

— skuldbindingar sem stafa af útgefnum verðbréfum með virkan binditíma sem er eitt ár eða lengri,

— skuldbindingar sem stafa af útgefnum verðbréfum með virkan binditíma sem styttri en eitt ár,

xii. allar aðrar skuldbindingar.

b) eftirfarandi skuldbindingar sem ekki

2. Eftir atvikum skal öllum liðum skipað í einhvern eftirfarandi fimm flokka eftir því hvað næst fer gjalddaga þeirra og því hvenær fyrst má kalla eftir þeim samkvæmt samningi:

a) innan þriggja mánaða,

b) frá þremur mánuðum til sex mánaða,

c) frá sex mánuðum til níu mánaða,

d) frá níu mánuðum til 12 mánaða,

e) eftir 12 mánuði.

428. gr.

Liðir sem krefjast stöðugrar fjármögnunar

1. Ef eftirfarandi liðir eru ekki dregnir frá eiginfjárgrunni skal gefa sérstaka skýrslu um þá til lögbærra yfirvalda svo unnt sé að meta þarfir fyrir stöðuga fjármögnun:

a) þær eignir sem myndu teljast hæfar lausafjáreignir í samræmi við 416. gr., sundurliðaðar eftir tegund eignar,

b) eftirfarandi verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem ekki falla undir a-lið:

i. eignir sem uppfylla skilyrði 1. lánshæfisþreps skv. 122. gr.,

ii. eignir sem uppfylla skilyrði 2. lánshæfisþreps skv. 122. gr.,

iii. aðrar eignir,

c) hlutabréfatengd verðbréf eininga sem ekki eru fjármálafyrirtæki skráð í mikilvægri vísitölu í viðurkenndri kauphöll,

d) önnur hlutabréfatengd verðbréf,

e) gull,

f) aðrir góðmálmar,

g) óendurnýjanleg lán og viðskiptakröfur, og á aðskilinn máta þau óendurnýjanlegu lán og viðskiptakröfur þar sem lántakendur eru:

i. einstaklingar aðrir en einstaklingsfyrirtæki og sameignarfélög,

ii. lítil og meðalstór fyrirtæki sem uppfylla skilyrði flokks áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni eða innramatsaðferðinni vegna útlánaáhættu eða fyrirtæki sem uppfyllir skilyrði meðferðarinnar sem sett er fram í 4. mgr. 153. gr. og ef samanlögð innstæða þessa viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina er undir 1 milljón evra,

iii. ríki, seðlabankar og opinberir aðilar,

iv. viðskiptavinir sem ekki er getið um í i. og ii. lið fyrir utan viðskiptavini á fjármálamarkaði,

v. viðskiptavinir sem ekki er getið um í i., ii. og iii. lið sem eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði og þar af á aðskilinn máta þeir sem eru lánastofnanir og aðrir viðskiptavinir á fjármálamarkaði,

h) óendurnýjanleg lán og viðskiptakröfur sem um getur í g-lið og þar af aðskilið þau lán og kröfur sem eru:

i. tryggðar með viðskiptahúsnæði,

ii. tryggðar með íbúðarhúsnæði,

iii. fjármagnaðar með bundnu mótframlagi (gegnumstreymi (e. *pass-through*)) með skuldabréfum sem uppfylla skilyrði meðferðarinnar sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. eða með skuldabréfum eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

i) afleiðukröfur,

j) annars konar eignir,

k) ónýttar bundnar lánafyrirgreiðslur sem geta talist bera meðaláhættu eða meðaláhættu/litla áhættu samkvæmt I. viðauka.

2. Eftir atvikum skal öllum liðum skipað í einhvern þeirra fimm flokka sem lýst er í 2. mgr. 427. gr.

SJÖUNDI HLUTI

VOGUN

429. gr.

Útreikningur á vogunarhlutfalli

1. Stofnanir skulu reikna út vogunarhlutfall sitt í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 2.–11. mgr.

2. Vogunarhlutfallið skal reiknað sem mælistærð fjármagns stofnunar, deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar þeirrar stofnunar og skal gefin upp í hundraðshlutum.

Stofnanir skulu reikna út vogunarhlutfall sem einfalt meðaltal mánaðarlegs vogunarhlutfalls á ársfjórðungi.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal mælistærð fjármagns vera eiginfjárþáttur 1.

4. Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar er summa virðis áhættuskuldbindinga allra eigna og liða utan efnahagsreiknings sem ekki eru frádregnir við ákvörðun á mælistærð fjármagns sem um getur í 3. mgr.

Þar sem stofnanir fela í sér aðila á fjármálamarkaði og eiga verulegan eignarhlut, í samræmi við 43. gr., í samsteypu þeirra í samræmi við viðeigandi reikningsskilaramma, en ekki í samstæðureikningsskilum þeirra í samræmi við 2. kafla II. bálks í 1. hluta, skulu þær ekki ákvarða virði áhættuskuldbindingar fyrir verulegan eignarhlut í samræmi við a-lið 5. mgr. þessarar greinar heldur sem fjárhæð sem er fengin með því að margfalda fjárhæðina sem skilgreind er í a-lið þessarar undirgreinar með þeim stuðli sem skilgreindur er í b-lið þessarar undirgreinar:

a) summa virðis áhættuskuldbindinga allra áhættuskuldbindinga aðilans á fjármálamarkaði þar sem verulegur eignarhlutur er til staðar,

b) að því er varðar allar beinar-, óbeinar- og gervieignarhlutdeildir stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum aðila á fjármálamarkaði í þætti 1, heildarfjárhæð slíkra liða sem ekki er dregin frá skv. 47. gr. og b-liður 1. mgr. 48. gr. deilt með heildarfjárhæð slíkra liða.

5. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði eigna í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) áhættuskuldbindingarvirði eigna, að undanskildum samningum sem skráðir eru í II. viðauka og lánaafleiður, merkir áhættuskuldbindingarvirði í samræmi við fyrsta málslið 1. mgr. 111. gr.,

b) áþreifanlegar eða fjárhagslegar tryggingar, ábyrgðir eða mildun útlánaáhættu, sem keypt er, skal ekki nota til að lækka áhættuskuldbindingarvirði eigna,

c) ekki skal skuldajafna útlán með innlánum.

6. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði samninga, sem taldir eru upp í II. viðauka, og lánaafleiða, þ.m.t. utan efnahagsreiknings, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 274. gr.

Við ákvörðun áhættuskuldbindingarvirðis samninga, sem taldir eru upp í II. viðauka, skulu stofnanir taka tillit til áhrifa samninga um skuldskeytingu og annarra skuldajöfnunarsamninga, að undanskildum samningum um skuldajöfnun milli afurða, í samræmi við 295. gr.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. mega stofnanir einungis nota aðferðina sem sett er fram í 275. gr. til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði samninga sem taldir eru upp í 1. og 2. lið II. viðauka ef þær nota þá aðferð einnig til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði þessara samninga í þeim tilgangi að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns sem sett er fram í 92. gr.

8. Við ákvörðun hugsanlegrar framtíðar lánaáhættu lánaafleiða skulu stofnanir beita þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 299. gr. á allar lánaafleiður sínar, ekki einungis þær sem eru færðar í veltubók.

9. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulántaka eða verðbréfa- eða hrávörulánveitinga, gnóttsamninga og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa eða hrávara, þ.m.t. utan efnahagsreiknings, í samræmi við 1.–3. mgr. 220. gr. og 222. gr. og skulu taka tillit til áhrifa rammasamkomulags um skuldajöfnun, að undanskildum samningum um skuldajöfnun milli afurða, í samræmi við 206. gr.

10. Stofnanir ákvarða áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings, að undanskildum liðum sem um getur í 6. og 9. mgr. þessarar greinar, í samræmi við 1. mgr. 111. gr., með fyrirvara um eftirfarandi breytingar á breytistuðlum sem taldir eru upp í þeirri grein:

a) breytistuðullinn sem nota skal á nafnvirði vegna ónotaðra lánsheimilda, sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er og um getur í a- og b-lið 4. liðar í I. viðauka, er 10%,

b) breytistuðullinn að því er varðar viðskiptafjármögnun liða utan efnahagsreiknings með litla eða miðlungsáhættu, sem um getur í a-lið 3. mgr. I. viðauka, og útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings sem tengjast liðum utan efnahagsreiknings, sem um getur í i. lið b-liðar 3. liðar I. viðauka, er 20%,

c) breytistuðullinn að því er varðar viðskiptafjármögnun liða utan efnahagsreiknings með miðlungsáhættu, sem um getur í a-lið 2. liðar og i. lið b-liðar 2. liðar í I. viðauka, og útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings sem tengjast liðum utan efnahagsreiknings, sem um getur í ii. lið b-liðar 2. liðar I. viðauka, er 50%,

d) breytistuðull að því er varðar alla aðra liði utan efnahagsreiknings sem taldir eru upp í I. viðauka er 100%.

11. Ef góðar reikningsskilavenjur viðkomandi lands viðurkenna fjárvörslueignir í efnahagsreikningi í samræmi við 10. gr. tilskipunar 86/635/EBE, má undanskilja þær eignir frá heildaráhættuskuldbindingu í tengslum við vogunarhlutfallið, að því tilskildu að þær uppfylli skilyrði afskráningar sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum (IAS) 39, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og, ef við á, skilyrði fyrir afskráningu sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum (IFRS) 10, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

430. gr.

Skýrslugjafarkrafa

1. Stofnanir skulu leggja fram fyrir lögbær yfirvöld allar nauðsynlegar upplýsingar um vogunarhlutfallið og þætti þess í samræmi við 429. gr. Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til þessara upplýsinga þegar þau takast á við endurskoðun eftirlitsyfirvalda sem um getur í 97. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Stofnanir skulu einnig leggja fram upplýsingar fyrir lögbær yfirvöld sem krafist er að því er varðar undirbúning skýrslnanna sem um getur í 511. gr.

Lögbær yfirvöld skulu leggja fram upplýsingarnar sem þau fá frá stofnunum fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina þegar hún biður um að þau annist endurskoðunina sem um getur í 511. gr.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að ákvarða staðlað skýrslugjafarsnið, leiðbeiningar um notkun þess háttar sniðs, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar og upplýsingatæknilausnir, að því er varðar skýrslugjafarskylduna sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

ÁTTUNDI HLUTI

UPPLÝSINGAGJÖF STOFNANA

I. BÁLKUR

ALMENNAR MEGINREGLUR

431. gr.

Gildissvið krafna um upplýsingagjöf

1. Stofnanir skulu birta opinberlega upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í II. bálki, með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í 432. gr.

2. Leyfi sem lögbær yfirvöld veita skv. þriðja hluta vegna gerninga og aðferða sem um getur í III. bálki skulu falla undir opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem þar er mælt fyrir um.

3. Stofnanir skulu samþykkja formlega stefnu til að fara að kröfunum um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í þessum hluta og hafa markað stefnu um mat á því hvort upplýsingagjöfin sé viðeigandi, þ.m.t. sannprófun og tíðni birtingar hennar. Stofnanir skulu einnig marka stefnu um mat á því hvort upplýsingagjöfin gefi markaðsaðilum ítarlega mynd af áhættusniði þeirra.

Ef upplýsingarnar gefa markaðsaðilum ekki ítarlega mynd af áhættusniðinu, skulu stofnanir birta opinberlega nauðsynlegar upplýsingar til viðbótar við þær sem krafist er samkvæmt 1. mgr. Þess skal þó aðeins krafist að þær birti upplýsingar sem skipta máli og teljast ekki vera eign stofnunar eða trúnaðarmál í samræmi við 432. gr.

4. Stofnanir skulu, sé þess óskað, útskýra ákvarðanir sínar um mat fyrir litlum og meðalstórum fyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem sækja um lán og veita skriflegar útskýringar þegar um það er beðið. Umsýslukostnaður við útskýringarnar skal vera í réttu hlutfalli við stærð lánsins.

432. gr.

Upplýsingar sem ekki skipta máli, eru eign stofnunar eða trúnaðarupplýsingar

1. Stofnanir mega sleppa einni eða fleiri upplýsingagjöfum sem taldar eru upp í II. bálki ef upplýsingarnar sem veittar eru með slíkri upplýsingagjöf eru ekki taldar mikilvægar, nema vegna upplýsingagjafar sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 435, gr., 437. gr. og 450. gr.

Upplýsingar í upplýsingagjöf skulu teljast mikilvægar ef úrfelling þeirra eða rangfærsla gæti breytt eða haft áhrif á mat eða ákvörðun notanda sem reiðir sig á þessar upplýsingar í þeim tilgangi að taka fjárhagslegar ákvarðanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gefa út leiðbeiningar fyrir 31. desember 2014 um hvernig stofnanir eiga að beita mikilvægi í tengslum við kröfur um upplýsingagjöf í II. bálki.

2. Stofnanir geta einnig sleppt einum eða fleiri liðum upplýsinga sem innifaldir eru í upplýsingagjöfinni sem talin er upp í II. og III. bálki ef þeir liðir innihalda upplýsingar sem taldar eru eign stofnunarinnar eða trúnaðarupplýsingar í samræmi við annan og þriðja undirlið, að undanskilinni upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í 437. gr. og 450. gr.

Upplýsingar skulu teljast eign stofnunar ef birting upplýsinga opinberlega myndi grafa undan samkeppnisstöðu hennar. Þetta getur átt við upplýsingar um afurðir eða kerfi ef fjárfestingar stofnunar í þeim gætu rýrnað við að upplýsingunum yrði miðlað til samkeppnisaðila.

Upplýsingar skulu teljast trúnaðarupplýsingar ef til staðar eru skyldur gagnvart viðskiptavinum eða önnur tengsl við mótaðila, sem fela í sér þagnarskyldu stofnunar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út leiðbeiningar fyrir 31. desember 2014 um hvernig stofnanir eiga að beita eign eða trúnaðarupplýsingum í tengslum við kröfur um upplýsingagjöf í II. og III. bálki.

3. Í þeim undantekningartilvikum sem um getur í 2. mgr. skal viðkomandi stofnun tilgreina, þegar hún birtir upplýsingar sínar, að tilteknir upplýsingaliðir séu ekki birtir, ástæður þess að þeir eru ekki birtir og birta almennari upplýsingar um efni krafnanna um upplýsingagjöf, nema flokka eigi þær sem eign lánastofnunarinnar eða sem trúnaðarmál.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. koma ekki í veg fyrir bótaábyrgð vegna vanrækslu á birtingu mikilvægra upplýsinga.

433. gr.

Tíðni upplýsingagjafar

Stofnanir skulu birta þá upplýsingagjöf sem krafist er í þessum hluta árlega hið minnsta.

Árleg upplýsingagjöf skal birt í tengslum við birtingardag reikningsskila.

Stofnanir skulu meta þörfina á að birta sumar eða allar upplýsingar oftar en árlega í ljósi viðkomandi eiginleika starfsemi þeirra, svo sem stærðar viðskipta, umfangs starfseminnar, starfsemi í mismunandi löndum, þátttöku á ólíkum fjármálasviðum og þátttöku á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og í greiðslu-, uppgjörs- og greiðslujöfnunarkerfum. Matið skal sérstaklega gefa gaum að mögulegri þörf á tíðari upplýsingagjöf vegna upplýsinga sem mælt er fyrir um í 437. gr. og c- til f-lið 438. gr., og upplýsinga um áhættugrunn og önnur atriði sem hafa tilhneigingu til að breytast mjög hratt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út leiðbeiningar fyrir 31. desember 2014 um að stofnanir meti tíðari upplýsingagjöf um II. og III. bálk.

434. gr.

Aðferð við upplýsingagjöf

1. Stofnanir geta ákvarðað viðeigandi upplýsingamiðil, birtingarstað og aðferðir við sannprófun til þess að fara með árangursríkum hætti að upplýsingakröfunum sem mælt er fyrir um í þessum hluta. Að því marki sem það er mögulegt, skal birta allar upplýsingar í einum miðli eða á einum stað. Ef svipaðar upplýsingar eru gefnar upp í tveimur eða fleiri miðlum, skal tilvísun í þær upplýsingar sem samsvara hver annarri í hinum miðlinum fylgja með í hverjum miðli fyrir sig.

2. Líta má svo á að með samsvarandi upplýsingagjöf af hálfu stofnana, til að uppfylla reikningsskilakröfur, skráningarkröfur eða aðrar kröfur, sé farið að þessum hluta. Ef upplýsingar er ekki að finna í reikningsskilunum skulu stofnanir tilgreina með ótvíræðum hætti í reikningsskilunum hvar þær er að finna.

II. BÁLKUR

TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VARÐANDI GAGNSÆI OG BIRTINGU UPPLÝSINGA

435. gr.

Markmið og stefnur við áhættustýringu

1. Stofnanir skulu birta markmið sín og stefnur fyrir áhættustýringu fyrir hvern sérstakan flokk áhættu, þ.m.t. áhættu sem um getur í þessum bálki. Þessi upplýsingagjöf skal fela í sér:

a) áætlanirnar og vinnsluferli til að stýra þessum áhættum,

b) gerð og skipulag starfssviðs viðkomandi áhættustýringar, þ.m.t. upplýsingar um yfirvald þess og stofnsamþykkt, eða annarra viðeigandi ráðstafana,

c) gildissvið og eiginleika áhættuskýrslugjafar- og matskerfa,

d) stefnur vegna áhættuvarnar og áhættumildunar og áætlanir og vinnsluferli vegna eftirlits með áframhaldandi skilvirkni áhættuvarna og mildunar,

e) yfirlýsingu sem stjórnin samþykkir um hvort fyrirkomulag áhættustýringar sé fullnægjandi af hendi stofnunarinnar og sem veitir fullvissu fyrir því að áhættustjórnunarkerfi sem komið er á séu fullnægjandi með tilliti til sniðs og áætlunar stofnunarinnar,

f) gagnorða áhættuyfirlýsingu sem stjórnin samþykkir og lýsir gagnort heildaráhættusniði stofnunarinnar sem tengist starfsstefnu hennar. Þessi yfirlýsing skal fela í sér lykil hlutföll og tölur sem veita utanaðkomandi hagsmunaaðilum ítarlega yfirsýn yfir áhættustjórnun stofnunarinnar, þ.m.t. hvernig áhættusnið stofnunarinnar spilar við áhættuþolið sem stjórnin ákvarðar.

2. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar, þ.m.t. reglulegar uppfærslur að lágmarki árlega, um fyrirkomulag stjórnarhátta:

a) fjölda stjórnarstaða sem aðilar í stjórninni gegna,

b) ráðningarstefnu fyrir val á aðilum í stjórnina og raunþekkingu þeirra, færni og sérþekkingu,

c) stefnu um fjölbreytileika, með tilliti til vals á aðilum í stjórnina, almenn markmið hennar og viðeigandi markmið sem sett eru fram í þeirri stefnu og að hvaða marki náðst hefur að uppfylla þessi almennu og sértæku markmið,

d) hvort stofnunin hefur, eða hefur ekki, komið á fót sérstakri áhættunefnd og hve oft áhættunefndin hefur hist,

e) lýsingu á flæði upplýsinga um áhættu til stjórnarinnar.

436. gr.

Gildissvið

Stofnunin skal birta eftirfarandi upplýsingar um gildissvið krafna í þessari reglugerð í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB:

a) heiti stofnunarinnar sem fellur undir kröfur þessarar reglugerðar,

b) yfirlit mismunar á samstæðugrundvelli að því er varðar reikningsskil og varfærni, með stuttri lýsingu á hlutaðeigandi einingum og útskýringu á því hvort þær eru:

i. að fullu samsteyptar,

ii. hlutfallslega samsteyptar,

iii. dregnar frá eiginfjárgrunni, eða

iv. hvorki samsteyptar né dregnar frá,

c) allar núverandi eða fyrirsjáanlegar lagalegar hömlur eða aðrar hindranir fyrir skjótri millifærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skuldbindinga á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess,

d) samanlagða fjárhæð þess sem skortir upp á að raunverulegur eiginfjárgrunnur uppfylli lágmarkið í öllum dótturfyrirtækjum sem ekki falla undir samstæðuna ásamt nafni eða nöfnum slíkra dótturfyrirtækja,

e) þær aðstæður sem liggja til grundvallar notkunar ákvæðanna í 7. og 9. gr., ef við á.

437. gr.

Eiginfjárgrunnur

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um eiginfjárgrunn sinn:

a) fulla samrýmingu liða í almennu eigin fé þáttar 1, liða í viðbótareiginfé þáttar 1, liða í þætti 2 og sía og frádráttar sem beitt er skv. 32.–35 gr., 36., 56., 66. og 79. gr. við eiginfjárgrunn stofnunarinnar og efnahagsreikning í endurskoðuðum reikningsskilum stofnunarinnar,

b) lýsingu á helstu eiginleikum almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2, sem stofnunin gefur út,

c) heildarskilmála og skilyrði allra eiginfjárgrunnsgerninga almenns þáttar 1 og gerninga í viðbótareiginfé þáttar 1 og þáttar 2,

d) aðskilda upplýsingagjöf um eðli og fjárhæðir eftirfarandi:

i. hverja varfærnissíu sem beitt er skv. 32.–35. gr.,

ii. sérhver frádráttur sem gerður er skv. 36., 56. og 66. gr.,

iii. liðir sem ekki eru dregnir frá í samræmi við 47., 48., 56., 66. og 79. gr.,

e) lýsingu á öllum takmörkunum sem beitt er á útreikninga á eiginfjárgrunni í samræmi við þessa reglugerð og gerningum, varfærnissíum og frádrætti sem þessar takmarkanir gilda um,

f) ef stofnanir gefa upp eiginfjárhlutfall sem reiknað er með því að nota þætti eiginfjárgrunns sem ákvarðaðir eru á grundvelli sem er annar en sá sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal gefa ítarlega skýringu á grundvellinum sem notaður er til að reikna út þau eiginfjárhlutföll.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum með það fyrir augum að tilgreina samræmd snið fyrir upplýsingagjöf skv. a-, b-, d- og e-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

438. gr.

Eiginfjárkröfur

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar það að stofnanir fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 92. gr. þessarar reglugerðar og í 73. gr. tilskipunar 2013/36/ESB:

a) Samantekt á aðferð stofnunarinnar til að meta hvort innra fjármagn veitir fullnægjandi stuðning við starfsemi hennar í nútíð og framtíð.

b) Niðurstöðu innra matsferlis fyrir eiginfjárþörf, þ.m.t. samsetningu viðbótarkrafna vegna eiginfjárgrunns sem byggja á eftirlitsferli eins og um getur í a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, að beiðni viðkomandi lögbærs yfirvalds.

c) 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 112. gr., að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 2. kafla þriðja hluta II. bálks.

d) 8% af fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindingar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 147. gr., að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 3. kafla þriðja hluta II. bálks. Þessi krafa á við um hvern flokk áhættuskuldbindinga sem mismunandi fylgni í 1.–4. mgr. 154. gr. samsvarar, að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga. Að því er varðar flokk hlutabréfaáhættu á þessi krafa við um:

   i. sérhverja aðferð sem kveðið er á um í 155. gr.,

   ii. áhættuskuldbindingar sem viðskipti eru með á skipulegum markaði, áhættuskuldbindingar vegna óskráðra hlutabréfa í vel dreifðum eignasöfnum, og aðrar áhættuskuldbindingar,

   iii. áhættuskuldbindingar sem eru háðar eftirlitsfyrirkomulagi að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns,

   iv. áhættuskuldbindingar sem eru háðar ákvæðum sem mæla fyrir um að eldri reglur gildi að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns.

e) Kröfur vegna eiginfjárgrunns sem eru reiknaðar út í samræmi við b- og c-lið 3. mgr. 92. gr.

f) Kröfur vegna eiginfjárgrunns sem eru reiknaðar út í samræmi við 2., 3. og 4. kafla í III. bálki þriðja hluta, og birtar sérstaklega.

Stofnanirnar sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 5. mgr. 153. gr. eða 2. mgr. 155. gr. skulu birta áhættuskuldbindingarnar sem úthlutað er í hvern flokk í 1. töflu í 5. mgr. 153. gr. eða á hverja áhættuvog sem um getur í 2. mgr. 155. gr.

439. gr.

Áhættuskuldbinding vegna útlánaáhættu mótaðila

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um áhættu stofnunarinnar vegna mótaðilaáhættu eins og um getur í 6. kafla II. bálks í þriðja hluta:

a) Umfjöllun um aðferðafræðina sem notuð er við ákvörðun innra fjármagns og lánamarka vegna útlánaáhættu mótaðila.

b) Umfjöllun um stefnur til að afla trygginga og stofna varasjóð vegna útlána.

c) Umfjöllun um stefnur að því er varðar fylgniáhættu.

d) Umfjöllun um áhrif fjárhæða tryggingar sem stofnun myndi þurfa að leggja fram ef lánshæfismat hennar lækkaði.

e) Jákvætt vergt gangvirði samninga, jákvæð áhrif skuldajöfnuðar, jöfnuð núverandi lánaáhætta, þær tryggingar sem eru til staðar og hrein lánaáhætta afleiða. Hrein lánaáhætta afleiða er áhættuskuldbinding afleiðuviðskipta að teknu tilliti til bæði ávinnings af skuldajöfnunarsamningum, sem eru framfylgjanlegir samkvæmt lögum, og tryggingarráðstafana.

f) Ráðstafanir vegna virðis áhættuskuldbindingar samkvæmt aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. þætti í 6. kafla II. bálks í þriðja hluta eftir því hver aðferðanna á við.

g) Grundvallarfjárhæð lánaafleiðuvarna og dreifing núverandi lánaáhættu eftir tegundum áhættuskuldbindinga.

h) Grundvallarfjárhæðir afleiðuviðskipta, aðgreindar eftir notkun fyrir eigið lánasafn stofnunarinnar, svo og í milligöngustarfsemi hennar, þ.m.t. dreifing lánaafleiðuafurða sem notaðar eru, sundurliðaðar nánar eftir vörnum sem eru keyptar og seldar innan hvers afurðahóps, og

i) mat á α ef stofnunin hefur hlotið leyfi lögbærra yfirvalda til að meta α.

440. gr.

Eiginfjáraukar

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við að þær fari að kröfunum um sveiflujöfnunarauka sem um getur í 4. kafla VII. bálks í tilskipun 2013/36/ESB:

a) landfræðilega dreifingu lánaáhættu sem á við um útreikning á sveiflujöfnunarauka hennar,

b) fjárhæð tilgreinds sveiflujöfnunarauka stofnunarinnar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina birtingarkröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

441. gr.

Vísbendingar um hnattrænt kerfislægt mikilvægi

1. Stofnanir tilgreindar sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu í samræmi við 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu árlega veita upplýsingar um gildi vísa sem notaðir eru til að ákvarða stig stofnananna í samræmi við aðferðafræðina við tilgreiningu sem um getur í þeirri grein.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina samræmd snið og dagsetningu að því er varðar birtingu upplýsinga sem um getur í 1.mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka tillit til alþjóðlegra staðla þegar hún mótar þessa tæknilegu staðla.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. júlí 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

442. gr.

Leiðréttingar á útlánaáhættu

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar áhættu stofnunarinnar vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu:

a) Skilgreiningarnar fyrir „gjaldfallinn“ og „virðisrýrnun“, eins og þær koma fyrir í reikningsskilum.

b) Lýsingu á nálgunum og aðferðum sem notaðar eru við ákvörðun á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu.

c) Heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga eftir jöfnun reikninga og án þess að taka tillit til áhrifa mildunar útlánahættu, og meðalfjárhæð áhættuskuldbindinga yfir tímabilið sem er sundurliðuð eftir mismunandi flokkum áhættuskuldbindinga.

d) Landfræðilega dreifingu áhættuskuldbindinga, þar sem mikilvæg svæði eru sundurliðuð eftir mikilvægum flokkum áhættuskuldbindinga, og sundurliðað frekar ef við á.

e) Dreifingu áhættuskuldbindinga eftir atvinnugrein eða tegund mótaðila, sundurliðuð eftir flokkum áhættuskuldbindinga, þ.m.t. tilgreining á áhættuskuldbindingum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og sundurliðuð frekar ef við á.

f) Sundurliðun eftirstöðvatíma allra áhættuskuldbindinga eftir flokkum áhættuskuldbindinga, sundurliðað frekar ef við á.

g) Fjárhæð, raðað eftir mikilvægum atvinnugreinum eða tegundum mótaðila:

   i. áhættuskuldbindinga sem hafa rýrnað að virði og áhættuskuldbindinga sem eru gjaldfallnar, hvort í sínu lagi,

   ii. sértækrar og almennrar leiðréttingar á útlánaáhættu,

   iii. gjöld vegna sértækra og almennra leiðréttinga á útlánaáhættu á reikningsskilatímabilinu.

h) Fjárhæð áhættuskuldbindinga sem hafa rýrnað að virði og gjaldfallinna áhættuskuldbindinga, aðgreint, sundurliðað eftir mikilvægum landfræðilegum svæðum, þ.m.t. ef því verður við komið, fjárhæðir sértækra og almennra leiðréttinga á útlánaáhættu er tengjast hverju landfræðilegu svæði.

i) Samrýming breytinga í sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindinga sem hafa rýrnað að virði, sýnt aðgreint. Upplýsingarnar skulu samanstanda af:

   i. lýsingu á gerðum sértækra og almennra leiðréttinga á útlánaáhættu,

   ii. upphafsstöðum,

   iii. fjárhæðum sem voru bókaðar á móti leiðréttingum á útlánaáhættu á reikningsskilatímabilinu,

   iv. fjárhæðunum sem lagðar eru til hliðar eða bakfærðar vegna áætlaðs taps á áhættuskuldbindingum á reikningsskilatímabilinu, aðrar leiðréttingar, þ.m.t. þær sem ráðast af gengismun, sameiningu fyrirtækja, kaupum og sölu dótturfyrirtækja og færslum á milli leiðréttinga á útlánaáhættu,

   v. lokastöðum.

Sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu og innheimtar fjárhæðir sem eru færðar beint inn í rekstrarreikning skulu birtar sérstaklega.

443. gr.

Veðbandalausar eignir

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út leiðbeiningar sem tilgreina upplýsingagjöf veðbandalausra eigna, með tilliti til tilmæla evrópska kerfisáhætturáðsins 2012/2 frá 20. desember 2012 um fjármögnun lánastofnana ([1]) og einkum tilmæli D - Gagnsæi á markaði varðandi kvaðir á eignum, fyrir 30. júní 2014. Samþykkja skal þessar viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

([1]) Stjtíð. ESB C 119, 25.4.2013, bls. 1.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina birtingu upplýsinga um virði hvers flokks áhættuskuldbindinga, samkvæmt efnahagsreikningi, sundurliðað eftir gæðum eigna, og heildarfjárhæð veðbandalauss virðis, samkvæmt efnahagsreikningi, að teknu tilliti til tilmæla evrópska kerfisáhætturáðsins 2012/2 og háð því að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taki til greina í skýrslu sinni að slíkar viðbótarupplýsingar gefi áreiðanlegar og mikilvægar upplýsingar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2016.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

444. gr.

Notkun á utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum

Að því er varðar lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga, í samræmi við 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta, skulu eftirfarandi upplýsingar birtar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 112. gr.:

a) nöfn tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjanna og útflutningslánastofnananna og ástæðurnar fyrir breytingum,

b) þeir flokkar áhættuskuldbindinga sem hvert utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki og útflutningslánastofnun er notuð fyrir,

c) lýsing á ferlinu sem beitt er við yfirfærslu lánshæfismats útgefanda og útgáfu yfir á liði sem ekki eru í veltubókinni,

d) tengsl ytra mats hvers tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eða útflutningslánastofnunar við lánshæfisþrepin sem mælt er fyrir um í 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta, að teknu tilliti til þess að ekki þarf að birta þessar upplýsingar ef stofnunin fylgir stöðluðum tengslum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin birtir, og

e) virði áhættuskuldbindinga og virði áhættuskuldbindinga eftir mildun útlánaáhættu í tengslum við hvert lánshæfisþrep sem lýst er í 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta, ásamt því sem dregið er frá eiginfjárgrunni.

445. gr.

Markaðsáhætta

Stofnanir sem reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við b- og c-lið 3. mgr. 92 gr. skulu birta þær kröfur sérstaklega fyrir hverja áhættu sem um getur í þeim ákvæðum. Auk þess skal birta sérstaklega kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sérstaka vaxtaáhættu verðbréfaðra staðna.

446. gr.

Rekstraráhætta

Stofnanir skulu birta upplýsingar um aðferðir við mat á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því varðar rekstraráhættu sem stofnunin uppfyllir, lýsingu á aðferðunum sem settar eru fram í 2. mgr. 312. gr., ef stofnunin notar þær, þ.m.t. umfjöllun um viðkomandi innri og ytri þætti sem tekið er mið af í matsaðferð stofnunarinnar og, þegar um notkun að hluta er að ræða, umfang og gildissvið mismunandi aðferða.

447. gr.

Hlutabréfastöður sem ekki eru í veltubók

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um hlutabréfastöður sem ekki eru í veltubókinni:

a) skiptingu áhættuskuldbindinga á grundvelli markmiða þeirra, þ.m.t. vegna verðhækkunarágóða og stefnu, og yfirlit yfir reikningsaðferðir og matsaðferðir sem notaðar eru, þ.m.t. lykilforsendur og starfsvenjur sem hafa áhrif á mat og allar meiriháttar breytingar á þessum starfsvenjum,

b) virði í efnahagsreikningi, gangvirði og, að því er varðar þær sem verslað er með á skipulegum markaði, samanburður við markaðsvirði þar sem það er verulega frábrugðið gangvirðinu,

c) tegundir, eðli og fjárhæðir áhættuskuldbindinga sem viðskipti eru með í kauphöll, áhættuskuldbindingar vegna óskráðra hlutabréfa í vel dreifðu verðbréfasafni, og aðrar áhættuskuldbindingar,

d) uppsafnaðan innleystan hagnað eða tap sem verður til vegna sölu og félagsslita á tímabilinu, og

e) heildarfjárhæð óinnleysts hagnaðar eða taps, dulinn heildarhagnaður eða -tap samkvæmt endurmati, og hver þessara fjárhæða sem innifaldar eru í almennu eigin fé þáttar 1.

448. gr.

Áhættuskuldbinding vegna vaxtaáhættu í stöðum sem ekki eru meðtaldar í veltubók

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um vaxtaáhættu sína vegna þeirra staðna sem ekki eru í veltubókinni:

a) eðli vaxtaáhættunnar og lykilforsendur (þ.m.t. forsendur er varða fyrirframgreiðslu lána og hegðun innlána án gildistíma), og tíðni mælinga á vaxtaáhættu,

b) breytingar á tekjum, fjárhagslegu virði eða öðrum viðeigandi mælikvarða sem stjórnendur nota vegna vaxtaskella (upp og niður) í samræmi við aðferð stjórnarinnar við að mæla vaxtaáhættu, sundurliðað eftir gjaldmiðli.

449. gr.

Áhættuskuldbinding vegna verðbréfaðra staðna

Stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 5. kafla II. bálks í þriðja hluta eða kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 337. eða 338. gr. skulu birta aðskilið eftirfarandi upplýsingar, þar sem við á, vegna staðna í veltubók og utan veltubókar:

a) lýsingu á markmiðum stofnunarinnar vegna verðbréfunarstarfsemi,

b) eðli annars konar áhættu þ.m.t. lausafjáráhætta sem er innbyggð í verðbréfuðum eignum,

c) tegund áhættu að því er varðar forgang undirliggjandi verðbréfaðra staðna og að því er varðar eignir sem eru undirliggjandi í þessum síðari verðbréfuðu stöðum, sem aflað er og haldið í tengslum við endurverðbréfunarstarfsemi,

d) mismunandi hlutverk sem stofnun hefur í verðbréfunarferlinu,

e) upplýsingar um umfang þátttöku stofnunar í hlutverkunum sem um getur í d-lið,

f) lýsingu á ferlum sem eru til staðar til að fylgjast með breytingum á útlána- og markaðsáhættu verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þ.m.t. hvernig hegðun undirliggjandi eigna hefur áhrif á verðbréfaðar áhættuskuldbindingar, og lýsingu á því hvernig þessi ferli eru frábrugðin ferlum fyrir endurverðbréfaðar áhættuskuldbindingar,

g) lýsingu á stefnu stofnunar sem gildir um notkun áhættuvarna og ófjármagnaðra varna til þess að milda áhættu vegna óafhentra verðbréfaðra og endurverðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þ.m.t. tilgreining á helstu mótaðilum í áhættuvörn eftir viðkomandi gerð áhættugrunns,

h) aðferðir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem stofnun beitir í verðbréfunarstarfsemi sinni, þ.m.t. þær tegundir verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem hver aðferð á við,

i) tegundir sérstakra verðbréfunaraðila sem stofnunin, í hlutverki umsýsluaðila, notar til að verðbréfa áhættuskuldbindingar þriðja aðila, þ.m.t. hvort og með hvaða hætti og að hvaða marki stofnunin hefur áhættuskuldbindingar vegna þessara sérstöku verðbréfunaraðila, aðgreindar eftir áhættuskuldbindingum í og utan efnahagsreiknings, auk skrár yfir einingar sem stofnunin stýrir eða veitir ráðgjöf og sem fjárfesta annaðhvort í verðbréfuðum stöðum sem lánastofnunin hefur verðbréfað eða í sérstökum verðbréfunaraðilum í umsýslu stofnunarinnar,

j) samantekt á reikningsskilaaðferðum stofnunarinnar vegna verðbréfunarviðskipta, þ.m.t.:

i) hvort viðskiptin séu meðhöndluð sem sala eða fjármögnun,

ii. færslur vegna söluágóða,

iii. aðferðir, helstu forsendur, ílag og breytingar frá fyrra tímabili við mat á verðbréfuðum stöðum,

iv. hvernig farið er með gerviverðbréfun ef hún fellur ekki undir aðrar reikningsskilaaðferðir,

v. hvernig eignir sem bíða verðbréfunar eru metnar og hvort þær séu færðar í veltubók stofnunar eða utan veltubókar hennar,

vi. stefnur við færslu skuldbindinga í efnahagsreikningi að því er varðar ráðstafanir sem gætu valdið því að stofnun þurfi að leggja fram fjárstuðning vegna verðbréfaðra eigna,

k) nöfn utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana sem notaðar eru vegna verðbréfunar og tegundir áhættuskuldbindinga sem hver stofnun er notuð fyrir,

l) eftir atvikum, lýsingu á innramatsaðferðinni eins og hún er sett fram í 3. þætti, 5. kafla II. bálks í þriðja hluta, þ.m.t. uppbygging innra matsferlis og tengsl milli innra mats og utanaðkomandi mats, notkun innra mats í öðrum tilgangi en útreiknings á eiginfjárþörf samkvæmt innramatsaðferðarinni, eftirlitskerfi vegna innri matsferla að meðtalinni umfjöllun um óhæði, ábyrgð og endurskoðun á innri matsferlum, tegundir áhættuskuldbindinga sem innra mati er beitt á og álagsþættir sem eru notaðir til að ákvarða að hvaða marki lánshæfi skal endurbætt, eftir tegund áhættuskuldbindingar,

m) útskýringu á umtalsverðum breytingum á birtingu megindlegra upplýsinga í n- til q-lið frá síðasta skýrslutímabili,

n) eftirfarandi upplýsingar sundurliðaðar eftir tegund áhættuskuldbindingar og aðgreindar eftir því hvort þær eru í veltubók eða utan:

i. heildarfjárhæð útistandandi áhættuskuldbindinga sem stofnun hefur verðbréfað, aðgreind í hefðbundnar verðbréfanir og gerviverðbréfanir og verðbréfanir þar sem stofnun er aðeins umsýsluaðili,

ii. samanlögð fjárhæð verðbréfaðra staðna í efnahagsreikningi sem stofnun heldur eða hefur keypt og verðbréfaðra áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings,

iii. samanlögð fjárhæð eigna sem bíða verðbréfunar,

iv. að því er varðar verðbréfaða fyrirgreiðslu sem fellur undir meðferð sem leyfir greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, samtölu ádreginna áhættuskuldbindinga sem tengjast hagsmunum útgefanda og fjárfesta eftir því sem við á, samtölu eiginfjárkrafna stofnunar vegna hagsmuna útgefanda og samtölu eiginfjárkrafna stofnunar vegna hluta fjárfesta í ádregnum fjárhæðum og óádregnum lánalínum,

v. fjárhæð verðbréfaðra staðna sem eru dregnar frá eiginfjárgrunni eða fá áhættuvog 1250%,

vi. samantekt á verðbréfunarstarfsemi á yfirstandandi tímabili, þ.m.t. fjárhæð þeirra áhættuskuldbindinga sem voru verðbréfaðar og hagnaður eða tap sem fært er við sölu,

o) eftirfarandi upplýsingar, aðgreindar að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók og utan veltubókar:

i. samanlögð fjárhæð verðbréfaðra staðna sem er haldið eða hafa verið keyptar og tengdar eiginfjárkröfur, flokkað eftir verðbréfuðum og endurverðbréfuðum áhættuskuldbindingum og sundurliðað enn frekar í markvissan fjölda flokka áhættuvoga eða eiginfjárkrafna, fyrir hverja aðferð sem beitt er við útreikning á eiginfjárkröfum,

ii. samanlögð fjárhæð endurverðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem er haldið eða hafa verið keyptar, flokkuð eftir áhættu fyrir og eftir áhættuvörn/tryggingu og áhættuskuldbindingar vegna fjárhagslegra ábyrgðaraðila, flokkuð eftir lánshæfisflokki eða nafni ábyrgðaraðila,

p) að því er varðar áhættuskuldbindingar utan veltubókar og áhættuskuldbindingar sem stofnun hefur verðbréfað, fjárhæð verðbréfaðra eigna sem hafa rýrnað/eru gjaldfallnar og tap sem stofnun hefur fært á yfirstandandi tímabili, í báðum tilvikum flokkað eftir tegund áhættuskuldbindingar,

q) að því er varðar veltubók, samtölu útistandandi áhættuskuldbindinga sem stofnun hefur verðbréfað og eru með fyrirvara um eiginfjárkröfu vegna markaðsáhættu, flokkaðar í hefðbundna verðbréfun/gerviverðbréfun og eftir tegund áhættuskuldbindingar,

r) eftir atvikum, hvort stofnunin hefur veitt stuðning í skilningi skilmála 1. mgr. 248. gr. og áhrif á eiginfjárgrunn.

450. gr.

Launakjarastefna

1. Stofnanir skulu birta a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um launakjarastefnu og -venjur stofnunar vegna þeirra flokka starfsfólks sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið hennar:

a) upplýsingar um ákvarðanatökuferlið sem fylgt er þegar launakjarastefnan er mótuð, ásamt fjölda funda sem aðalstofnunin sem hefur umsjón með starfskjörum heldur á fjárhagsárinu, þ.m.t., ef við á, upplýsingar um samsetningu og umboð launakjaranefndar, utanaðkomandi ráðgjafa sem veitt hefur þjónustu við mótun launakjarastefnunnar og hlutverk hlutaðeigandi hagsmunaaðila,

b) upplýsingar um tengsl milli launa og árangurs,

c) mikilvægustu einkenni á fyrirkomulagi launakjarakerfis, þ.m.t. upplýsingar um viðmiðanir sem notaðar eru við mat á frammistöðu og áhættuleiðréttingu, stefnu varðandi frestun og forsendur ávinnslu,

d) hlutföllin milli fastra og breytilegra launakjara sem sett eru í samræmi við g-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

e) upplýsingar um árangursviðmiðanir sem réttur til hlutabréfa, valréttar eða breytilegra þátta launakjara byggist á,

f) helstu breytur og rökstuðningur fyrir breytilegu kerfi og annarri umbun sem ekki er í reiðufé,

g) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launakjör, flokkaðar eftir rekstrarsviði,

h) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launakjör, flokkaðar eftir framkvæmdastjórn og starfsfólki sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið stofnunar, þar sem eftirfarandi er tilgreint:

i. fjárhæðir launakjara á viðkomandi fjárhagsári, skipt í föst og breytileg launakjör, og fjölda viðtakenda,

ii. fjárhæðir og tegundir breytilegra launakjara, skipt í reiðufé, hlutabréf, hlutabréfatengda gerninga og aðrar tegundir,

iii. fjárhæðir útistandandi frestaðra launakjara, skipt í hluta sem er áunninn og hluta sem er ekki áunninn,

iv. fjárhæðir frestaðra launakjara sem veittar eru á fjárhagsárinu, greiddar út og lækkaðar í samræmi við mat á frammistöðu,

v. greiðslur vegna nýráðninga og samningsrofs á fjárhagsárinu, og fjöldi viðtakenda slíkra greiðslna,

vi. fjárhæðir greiðslna vegna samningsrofs sem veittar eru á fjárhagsárinu, fjöldi viðtakenda og hæsta einstaka úthlutun til eins aðila,

i) fjölda einstaklinga sem fá eina milljón evra eða meira í laun á fjárhagsári, sundurliðað í 500 000 evra launaþrep vegna launa á bilinu 1 milljón evra til 5 milljónir evra og sundurliðað í 1 milljónar evra launaþrep vegna launa sem eru 5 milljónir evra og hærri,

j) heildarlaun fyrir hvern aðila í stjórninni eða framkvæmdastjórninni, fari aðildarríki eða lögbært yfirvald fram á það.

2. Vegna stofnana sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangi hennar og hversu flókin hún er, skulu tölulegar upplýsingar sem um getur í þessari grein einnig vera aðgengilegar almenningi á sviði aðila stjórnar stofnunarinnar.

Stofnanir skulu fara að kröfunum sem settar eru fram í þessari grein með hætti sem á við stærð þeirra, innra skipulag og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangi hennar og hversu flókin hún er og án þess að hafa áhrif á tilskipun 95/46/EB.

451. gr.

Vogun

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um vogunarhlutfall sem reiknað er út í samræmi við 429. gr. og stjórnun á hættu á of mikilli vogun:

a) vogunarhlutfallið og hvernig stofnunin beitir 2. og 3 .mgr. 499. gr.,

b) sundurliðun á heildarmælistærð áhættuskuldbindingar ásamt samrýmingu þeirrar stærðar við viðeigandi upplýsingagjöf í birtum reikningsskilum,

c) eftir atvikum, fjárhæð afskráðra fjárvörslueigna í samræmi við 11. mgr. 429. gr.,

d) lýsingu á ferlinu sem notað er til að stýra hættunni á of mikilli vogun,

e) lýsingu á þáttunum sem höfðu áhrif á vogunarhlutfallið á tímabilinu sem uppgefið vogunarhlutfall vísar til.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða samræmt snið fyrir birtingu upplýsinga vegna upplýsinga sem vísað er til í 1. mgr. og leiðbeiningar um hvernig skuli nota slíkt snið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI FYRIR NOTKUN TILTEKINNA GERNINGA EÐA AÐFERÐAFRÆÐI

452. gr.

Notkun innramatsaðferðarinnar vegna útlánaáhættu

Stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) Leyfi lögbærra yfirvalda á aðferðinni eða samþykktri umbreytingu.

b) Skýringu og endurskoðun á:

i. uppbyggingu innri matskerfa og tengsl milli innra mats og ytra mats,

ii. notkun á innra mati til annars en útreikninga á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 3. kafla II. bálks í þriðja hluta,

iii. ferlinu við að stýra og færa mildun á útlánaáhættu,

iv. eftirlitskerfi vegna matskerfa, þ.m.t. lýsing á sjálfstæði, ábyrgð og endurskoðun matskerfa.

c) Lýsingu á innra matsferlinu, gerð sérstaklega fyrir hvern eftirfarandi flokka áhættuskuldbindinga:

i. ríki og seðlabanka,

ii. stofnanir,

iii. fyrirtæki, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, sértæk útlán og keyptar viðskiptakröfur á fyrirtæki,

iv. smásölu, að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga sem mismunandi fylgni í 1.–4. mgr. 153. gr. samsvarar,

v. hlutabréf.

d) Virði áhættuskuldbindingar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 147. gr. Áhættuskuldbindingar á ríkisstjórnir og seðlabanka, stofnanir og fyrirtæki þar sem stofnanir nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga skulu birtar aðskilið frá áhættuskuldbindingum sem stofnunin notar ekki slíkt mat fyrir.

e) Til að mögulegt sé að sundurgreina útlánaáhættu skulu stofnanir, að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga ríkisstjórna og seðlabanka, stofnana, fyrirtækja og hlutabréfa, og yfir nægjanlega mörg þrep loforðsgjafa (þ.m.t. vanskil) fyrir markvissa aðgreiningu útlánaáhættu, birta:

i. áhættuskuldbindingar samtals, þ.m.t. samtölu útistandandi lána og virði áhættuskuldbindinga vegna ónotaðra skuldbindinga, að því er varðar flokkana ríkisstjórnir og seðlabankar, stofnanir og fyrirtæki, og fyrir útistandandi fjárhæð að því er varðar flokkinn hlutabréf,

ii. áhættuvog sem er meðaltal veginna áhættuskuldbindinga,

iii. fjárhæð ónotaðra skuldbindinga og virðis áhættuskuldbindinga, sem er meðaltal veginna áhættuskuldbindinga, fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga, að því er varðar stofnanir sem nota eigið mat á breytistuðlum við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga.

f) Að því er varðar flokk smásöluáhættuskuldbindinga og hvern flokk eins og þeir eru settir fram í iv. lið c-liðar, annaðhvort upplýsingarnar sem settar eru fram í e-lið (á grundvelli safna, ef við á), eða greiningu á áhættuskuldbindingum (útistandandi lán og virði áhættuskuldbindinga fyrir ónotaðar skuldbindingar) á móti nægilega mörgum þrepum vænts taps fyrir markvissa aðgreiningu á útlánaáhættu (á grundvelli safna, ef við á).

g) Raunverulegar tilgreindar leiðréttingar á útlánaáhættu á næstliðnu tímabili fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga (að því er varðar smásölu, fyrir hvern flokk eins og þeir eru settir fram í iv. lið c-liðar) og hvernig þær eru frábrugðnar fyrri reynslu.

h) Lýsingu á þáttunum sem höfðu áhrif á tapreynslu á næstliðnu tímabili (var vanskilahlutfall stofnunar t.d. hærra en að meðaltali, eða tap hennar að gefnum vanefndum og breytistuðlar hærri en að meðaltali).

i) Mat stofnunarinnar á móti raunverulegri niðurstöðu yfir lengra tímabil. Það skal a.m.k. ná yfir upplýsingar um mat á tapi á móti raunverulegu tapi í hverjum flokki áhættuskuldbindinga (að því er varðar smásölu, fyrir hvern flokk eins og þeir eru settir fram í iv.-lið c-liðar) á tímabili sem er nægjanlega langt til að markvisst mat fari fram á árangri innra matsferlisins fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga (að því er varðar smásölu, fyrir hvern af flokkunum eins og þeir eru settir fram í iv.-lið c-liðar). Eftir því sem við á skulu stofnanir sundurliða þetta nánar til að veita greiningu á líkum á vanefndum og, að því er varðar stofnanir sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og/eða breytistuðlum, niðurstöðu taps að gefnum vanefndum og breytistuðla á móti mati sem veitt er í upplýsingunum um megindlegt áhættumat hér að ofan.

j) Að því er varðar alla flokka áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 147. gr. og fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem ólík fylgni í 1.–4. mgr. 154. gr. samsvarar:

i. áhættuvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum og líka á vanefndum í prósentum fyrir hverja viðkomandi landfræðilega staðsetningu lánaáhætta, að því er varðar lánastofnanir sem nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga,

ii. áhættuvegið meðaltal á líkum á vanefndum í prósentum fyrir hverja viðkomandi landfræðilega staðsetningu lánaáhætta, að því er varðar stofnanir sem nota ekki eigið tap að gefnum vanefndum.

Að því er varðar c-lið, skal lýsingin innihalda tegundir áhættuskuldbindinga sem falla undir áhættuskuldbindingaflokkinn, skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna mats og sannreyningar á líkum á vanskilum og, ef við á, á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðlum, þ.m.t. forsendur sem notaðar eru til að leiða út þessar breytur og lýsingarnar á mikilvægum frávikum frá skilgreiningunni á vanskilum, eins og hún er sett fram í 178. gr., þ.m.t. yfirgripsmeiri hlutar sem slík frávik hafa áhrif á.

Að því er varðar j-lið merkir viðeigandi landfræðileg staðsetning lánaáhættu áhættuskuldbinding í aðildarríkjum þar sem stofnunin hefur fengið leyfi og aðildarríkjum eða þriðju löndum þar sem stofnanir stunda starfsemi í gegnum útibú eða dótturfélag.

453. gr.

Notkun á aðferðum til mildunar útlánaáhættu

Stofnunin sem beitir aðferðum til mildunar útlánaáhættu skal birta eftirfarandi upplýsingar:

a) stefnur og ferli fyrir, ásamt upplýsingum um að hvaða marki aðilinn notar skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings,

b) stefnur og ferli vegna mats og stýringar á tryggingum,

c) lýsingu á helstu gerðum trygginga sem stofnunin tekur við,

d) helstu gerðir ábyrgðaraðila og mótaðila lánaafleiða og lánshæfi þeirra,

e) upplýsingar um samþjöppun markaðs- eða útlánaáhættu innan þeirrar mildunar á útlánaáhættu sem gripið er til,

f) aðskilið fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga, að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við staðalaðferðina eða innramatsaðferðina, en veita ekki eigið mat á tapi að gefnum vanefndum eða breytistuðlum að því er varðar áhættuskuldbindingaflokkinn, heildarvirði áhættuskuldbindinga (að aflokinni skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings, ef við á) sem er varinn — eftir beitingu jöfnunar flökts — með hæfri fjárhagslegri tryggingu, og öðrum hæfum tryggingum,

g) aðskilið fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga, að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við staðalaðferðina eða innramatsaðferðina, heildaráhættuskuldbinding (að aflokinni skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings, ef við á) sem er varin með ábyrgðum eða lánaafleiðum. Þessi krafa gildir um allar aðferðirnar sem fram koma í 155. gr., að því er varðar flokk áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa.

454. gr.

Notkun þróuðu mæliaðferðarinnar vegna rekstraráhættu

Stofnanir, sem nota þróuðu mæliaðferðirnar, sem eru settar fram í 321.–324. gr. við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu, skulu birta lýsingu á notkun trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu í því skyni að draga úr áhættunni.

455. gr.

Notkun á líkönum fyrir innrimarkaðsáhættu

Stofnanir sem reikna úr fjármagnsþörf sína í samræmi við 363. gr. skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrir hvert undirsafn:

i. einkenni líkananna sem notuð eru,

ii. eftir atvikum, vegna eigin líkana fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir fylgniviðskipti, þær aðferðir sem notaðar eru og þær áhættur sem mældar eru með eigin líkani, þ.m.t. lýsing á aðferð stofnunar við að ákvarða seljanleikatímabil (e. liquidity horizons), aðferðir sem notaðar eru til að ná fram mati á eigin fé sem er í samræmi við kröfur um fjárhagslegt heilbrigði og aðferðir við sannreyningu líkansins,

iii. lýsingu á álagsprófunum sem beitt er á undirsafnið,

iv. lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru við afturvirkt eftirlit og sannreyningu á nákvæmni og samkvæmni eigin líkana og ferla við gerð líkananna,

b) gildissvið leyfis lögbærra yfirvalda,

c) lýsingu á því að hvaða marki og með hvaða aðferðum skuli fara að kröfunum sem settar eru fram í 104. og 105. gr.,

d) hæsta, lægsta og meðaltal eftirfarandi:

i) daglegt mat á vágildi á skýrslutímabilinu og við lok tímabilsins,

ii) daglegt mat á vágildi við erfiðar aðstæður á skýrslutímabilinu og við lok tímabilsins,

iii) áhættutölur fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir sértæka áhættu fylgniviðskiptasafns á reikningsskilatímabilinu og eins og þær eru við lok tímabilsins,

e) þætti kröfu vegna eiginfjárgrunns eins og tilgreint er í 364. gr.,

f) vegið meðaltal seljanleikatímabils fyrir hvert undirsafn sem eigin líkön fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir fylgniviðskipti ná yfir,

g) samanburð daglegra mælinga vágildis í dagslok við eins dags breytingar á verðgildi verðbréfasafnsins við lok næsta viðskiptadags ásamt greiningu mikilvægra yfirskota á reikningsskilatímabilinu.

NÍUNDI HLUTI

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

456. gr.

Framseldar gerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 462. gr., sem varða eftirfarandi mál:

a) nánari útlistun á skilgreiningunum sem settar eru fram í 4., 5., 142., 153., 192., 242., 272., 300., 381. og 411. gr., til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar,

b) nánari útlistun á skilgreiningunum sem settar eru fram í 4., 5., 142., 153., 192., 242., 272., 300., 381. og 411. gr., til að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum, við beitingu þessarar reglugerðar,

c) breytingu á skránni yfir flokka áhættuskuldbindinga í 112. og 147. gr. til að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum,

d) fjárhæð sem tilgreind er í c-lið 123. gr., a-lið 5. mgr. 147. gr., 4. mgr. 153. gr og 4. mgr. 162. gr., til að taka megi tillit til áhrifa verðbólgu,

e) skrá og flokkun liða utan efnahagsreiknings í I. og II. viðauka, til að taka megi þróun á fjármálamörkuðum til greina,

f) leiðréttingu á flokkum verðbréfafyrirtækja í 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 96. gr. svo að tekið sé mið af þróuninni á fjármálamörkuðum,

g) nánari útlistun á kröfunum sem mælt er fyrir um í 97. gr. til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar,

h) breytingu á kröfum vegna eiginfjárgrunns eins og þær eru settar fram í 301.–311. gr. í þessari reglugerð og í greinum 50a–50d í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til að taka megi tillit til þróunar eða breytinga á alþjóðlegum stöðlum fyrir áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila,

i) nánari útlistun á skilmálunum sem um getur í undanþágunum í 400. gr.,

j) breytingu á mælistærð fjármagns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar fyrir vogunarhlutfallið sem um getur í 2. mgr. 429. gr. til að leiðrétta hvaða annmarka sem koma í ljós á grundvelli skýrslugjafar sem um getur í 1. mgr. 430. gr. áður en stofnunum ber að birta vogunarhlutfallið, eins og sett er fram í a-lið 1. mgr. 451. gr.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu og leggja fram skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 1. janúar 2015. Skýrslan skal m.a. meta:

a) meðhöndlun CVA áhættu sem sjálfstæðrar kröfu samanborið við sem samþætts hluta markaðsáhættunnar,

b) gildissvið CVA áhættu að meðtalinni undanþágunni í 482. gr.,

c) hæfa áhættuvörn,

d) útreikning á eiginfjárkröfum fyrir CVA áhættu.

Á grundvelli þeirrar skýrslu og þar sem niðurstöður eru þess efnis að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar skal framkvæmdastjórnin einnig hafa heimild til að samþykkja framselda gerð í samræmi við 462. gr. til að breyta 381. gr., 1.–3. mgr. 382. gr. og 383.–386. gr. að því er varðar þessa þætti.

457. gr.

Tæknilegar breytingar og leiðréttingar

Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að gera tæknilegar breytingar og leiðréttingar á veigalitlum þáttum í eftirfarandi ákvæðum, til að taka megi tillit til þróunar á nýjum fjármálaafurðum eða -starfsemi, til að gera breytingar sem taka tillit til þróunar eftir samþykki þessarar reglugerðar í öðrum lagagerðum Sambandsins um fjármálaþjónustu, þ.m.t. reikningsskilastaðlar byggðir á reglugerð (EB) nr. 1606/2002:

a) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu sem mælt er fyrir um í 111.–134. gr. og í 143.–191. gr.,

b) áhrifum mildunar á útlánaáhættu í samræmi við 193.–241. gr.,

c) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar verðbréfun sem mælt er fyrir um í 243.–266. gr.,

d) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu mótaðila í samræmi við 272.–311. gr.,

e) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu sem mælt er fyrir um í 315.–324. gr.,

f) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu sem mælt er fyrir um í 325.–377. gr.,

g) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar uppgjörsáhættu sem mælt er fyrir um í 378. og 379. gr.,

h) kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu sem mælt er fyrir um í 383., 384. og 386. gr.,

i) annar hluti og 99. gr., einungis í kjölfar þróunar í reikningsskilastöðlum eða -kröfum sem taka mið af löggjöf Sambandsins.

458. gr.

Þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta sem greinist hjá aðildarríki

1. Aðildarríki skulu tilnefna yfirvald sem hefur umsjón með beitingu þessarar greinar. Það yfirvald skal vera lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald.

2. Ef yfirvaldið sem ákvarðað er í samræmi við 1. mgr. greinir breytingar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu í fjármálakerfinu sem gætu hugsanlega haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið í ákveðnu aðildarríki og sem það yfirvald telur að betra sé að taka á með strangari landsráðstöfunum skal yfirvaldið tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um það og leggja fram viðeigandi megindleg og eigindleg sönnunargögn um allt eftirfarandi:

a) breytingar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu,

b) ástæður þess að slíkar breytingar gætu verið ógn við fjárhagslegan stöðugleika á landsvísu,

c) rök fyrir því hvers vegna 124. og 164. gr. þessarar reglugerðar og 101., 103., 104., 105., 133. og 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB taka ekki með fullnægjandi hætti á þeirri þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem greinist, með tilliti til skilvirkni þessara ráðstafana,

d) drög að landsbundnum ákvæðum fyrir stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi, eða hlutmengi þessara stofnana, sem ætlað er að takmarka breytingar á styrkleika áhættu og varðandi:

i. stærð eiginfjárgrunns, sem mælt er fyrir um í 92. gr.,

ii. kröfurnar vegna stórra áhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um í 392. gr. og 395.–403. gr.,

iii. kröfur um opinbera birtingu, sem mælt er fyrir um í 431.–455. gr.,

iv. stærð verndunarauka sem mælt er fyrir um í 129. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

v. kröfur varðandi lausafjárstöðu, sem mælt er fyrir um í sjötta hluta,

vi. áhættuvogir til að nota á eignabólur í íbúðarhúsnæði- og atvinnuhúsnæðisgeiranum, eða

vii. áhættuskuldbindingar innan fjármálageirans,

e) útskýringu á því hvers vegna drög að ráðstöfunum, sem yfirvaldið ákvarðar, í samræmi við 1. mgr., að séu viðeigandi, skilvirk og í réttu hlutfalli til að takast á við ástandið, og

f) mat á líklegum jákvæðum eða neikvæðum áhrifum draganna að ráðstöfunum á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Þegar yfirvöldum, sem ákvörðuð eru í samræmi við 1. mgr., er heimilað að beita landsráðstöfunum í samræmi við þessa grein skulu þau veita viðkomandi lögbæru yfirvöldum eða tilnefndum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum allar viðeigandi upplýsingar.

4. Ráðinu er veitt heimild, með auknum meirihluta atkvæða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, til að samþykkja framkvæmdargerð til að hafna drögum að landsráðstöfunum sem um getur í d-lið 2. mgr.

Evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. veita ráðinu, framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt á þeim atriðum sem um getur í þeirri málsgrein.

Að teknu fullu tilliti til þess álits sem um getur í annarri undirgrein og liggi til þess sterk og nákvæm rök að ráðstafanirnar hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn sem vegi þyngra en ávinningurinn af fjármálastöðugleika, sem leiðir til þess að minni þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta greinist, má framkvæmdastjórnin innan eins mánaðar leggja til við ráðið framkvæmdargerð til að hafna drögum að landsráðstöfunum.

Komi tillaga framkvæmdastjórnarinnar ekki fram innan þess eins mánaðar tímabils má hlutaðeigandi aðildarríki strax samþykkja drög að landsráðstöfunum til allt að tveggja ára tímabils eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrr.

Ráðið skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdastjórnarinnar innan eins mánaðar frá móttöku hennar og færa rök fyrir því að það hafnar eða hafnar ekki drögunum að landsráðstöfunum.

Ráðið skal einungis hafna drögum að landsráðstöfunum ef það telur að eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða séu ekki uppfyllt:

a) breytingarnar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu eru með þeim hætti að þær ógna fjármálastöðugleika á landsvísu,

b) 124. og 164. gr. þessarar reglugerðar og 101., 103., 104., 105., 133. og 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB taka ekki með fullnægjandi hætti á þeirri þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem greinist, með tilliti til skilvirkni þessara ráðstafana,

c) drögin að landsráðstöfunum henta betur til að taka á þeirri þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem greinist og hafa ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda þar með hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins,

d) málefnið varðar einungis eitt aðildarríki og

e) enn hefur ekki verið tekið á áhættunum með öðrum ráðstöfunum í þessari reglugerð eða í tilskipun 2013/36/ESB.

Mat ráðsins skal taka tillit til álits evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og byggt á sönnunargögnum sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr. af hálfu yfirvaldsins sem ákvarðað er í samræmi við 1. mgr.

Komi framkvæmdargerð ráðsins um að hafna drögum að landsráðstöfunum ekki fram innan eins mánaðar frá því að framkvæmdastjórnin tekur við tillögunni má aðildarríkið samþykkja ráðstafanir til að beita þeim á tímabili sem varir allt að tvö ár eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrr.

5. Önnur aðildarríki mega viðurkenna ráðstafanirnar sem settar eru í samræmi við þessa grein og beita þeim á útibú sem hafa landsbundið starfsleyfi og staðsett eru í aðildarríki sem hefur heimild til að beita ráðstöfununum.

6. Ef aðildarríki viðurkenna ráðstafanirnar sem settar eru í samræmi við þessa grein skulu þau tilkynna það ráðinu, framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og evrópska kerfisáhætturáðinu og aðildarríkinu sem hefur heimild til að beita ráðstöfununum.

7. Þegar aðildarríki ákveður hvort það viðurkennir ráðstafanirnar sem settar eru í samræmi við þessa grein skulu þau taka tillit til viðmiðanna sem sett eru í 4. gr.

8. Það aðildarríki sem hefur heimild til að beita ráðstöfununum má biðja evrópska kerfisáhætturáðið um að gefa út tilmæli eins og um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 til eins eða fleiri aðildarríkja sem viðurkenna ekki ráðstafanirnar.

9. Áður en heimildin sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. rennur út skal aðildarríkið, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurskoða ástandið og má samþykkja, í samræmi við aðferðin sem um getur í 4. mgr., nýja ákvörðun um framlengingu gildistímabils landsráðstafananna í eitt ár til viðbótar í hvert skipti. Eftir fyrstu framlenginguna skal framkvæmdastjórnin, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurskoða ástandið a.m.k. árlega.

10. Þrátt fyrir aðferðina sem sett er fram í 3.–9. mgr. skal aðildarríkjum heimilt að auka áhættuvogirnar umfram það sem kveðið er á um í þessari reglugerð um allt að 25% að því er varðar áhættuskuldbindingar sem fjallað er um í vi. og vii. lið d-liðar 2. mgr. þessarar greinar og lækka mörkin fyrir stórar áhættuskuldbindingar sem kveðið er á um í 395. gr. um allt að 15% í allt að tvö ár eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrr, að því tilskildu að skilyrðin og tilkynningarskyldan í 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt.

459. gr.

Varfærniskröfur

Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr., til að setja, í eitt ár, strangari varfærniskröfur fyrir áhættuskuldbindingar ef nauðsynlegt er til að taka á breytingum í styrkleika eindarvarúðar- og þjóðhagsvarúðaráhættum sem orsakast af markaðsþróun í Sambandinu eða utan Sambandsins, sem hafa áhrif á öll aðildarríki, og ef gerningar þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB nægja ekki til að taka á þessum áhættum, einkum að gefnum tilmælum eða áliti evrópska kerfisáhætturáðsins eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, varðandi:

a) stærð eiginfjárgrunns, sem mælt er fyrir um í 92. gr.,

b) kröfurnar vegna stórra áhættuskuldbindinga, sem mælt er fyrir um í 392. gr. og 395.–403. gr.,

c) kröfur um opinbera birtingu, sem mælt er fyrir um í 431.–455. gr.

Framkvæmdastjórnin, með aðstoð evrópska kerfisáhætturáðsins skal a.m.k. árlega leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um markaðsþróun sem mögulega krefst beitingar þessarar greinar.

460. gr.

Lausafé

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að tilgreina í smáatriðum almenna kröfu sem sett er fram í 1. mgr. 412. gr. Framselda gerðin, sem samþykkt er í samræmi við þessa málsgrein, skal byggð á þeim liðum sem skýrsla er gefin um í samræmi við II. bálk sjötta hluta og III. viðauka, tilgreina við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld verða að setja lánastofnunum ákveðin mörk varðandi inn- og útstreymi til að greina sértækar áhættur sem þær eru berskjaldaðar gagnvart og virða viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 2. mgr.

2. Krafan um lausafjárþekju sem um getur í 412. gr. skal innleidd í samræmi við eftirfarandi áfanga:

a) 60% af kröfunni um lausafjárþekju árið 2015,

b) 70% frá og með 1. janúar 2016,

c) 80% frá og með 1. janúar 2017,

d) 100% frá og með 1. janúar 2018.

Í þessum tilgangi skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þeirra skýrslna sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 509. gr. og alþjóðlegra staðla sem þróaðir eru af alþjóðlegum nefndum sem og sérstakra aðstæðna í Sambandinu.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldu gerðina, sem um getur í 1. mgr. fyrir 30. júní 2014. Hún skal öðlast gildi fyrir 31. desember 2014, en henni skal ekki beitt fyrri 1. janúar 2015.

461. gr.

Endurskoðun áfanga kröfunnar um lausafjárþekju

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fyrir 30. júní 2016, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um hvort breyta skuli áföngum innleiðingar kröfunnar um lausafjárþekju eins og tilgreint er í 2. mgr. 460. gr. Slík greining skal taka tilhlýðilegt tillit til þróunar markaðar og alþjóðareglna sem og sérstakra aðstæðna í Sambandinu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í skýrslu sinni einkum meta frestaða innleiðingu 100% bindandi lágmarksstaðals, þar til 1. janúar 2019. Skýrslan skal taka tillit til ársskýrslnanna sem um getur í 1. mgr. 509. gr., viðeigandi markaðsgagna og tilmæla allra lögbærra yfirvalda.

2. Ef nauðsyn krefur til að taka á markaðsþróun og annarri þróun skal framkvæmdastjórninni veitt heimild til að samþykkja framselda gerð í samræmi við 462. gr. til að breyta áföngunum sem tilgreindir eru í 460. gr. og fresta til 2019 innleiðingu 100% bindandi lágmarksstaðals fyrir kröfu um lausafjárþekju sem sett er fram í 1. mgr. 412. gr. og beita árið 2018 90% bindandi lágmarksstaðli fyrir kröfu um lausafjárþekju.

Í þeim tilgangi að meta nauðsyn frestunar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til skýrslunnar og matsins sem um getur í 1. mgr.

Framseld gerð sem samþykkt er í samræmi við þessa grein skal ekki beitt fyrr en 1. janúar 2018 og skal öðlast gildi fyrir 30. júní 2017.

462. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Heimildirnar til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 456.–460. gr., skulu veittar til óákveðins tíma frá og með 28. júní 2013.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 456.–460. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 456.–460. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

463. gr.

Andmæli gegn tæknilegum eftirlitsstöðlum

Hafi framkvæmdastjórnin samþykkt tæknilegan eftirlitsstaðal, samkvæmt þessari reglugerð, sem er sams konar og drögin að tæknilega eftirlitsstaðlinum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fram, skulu Evrópuþingið og ráðið hafa einn mánuð frá tilkynningardegi til andmæla þessum tæknilega eftirlitsstaðli. Þetta tímabil skal framlengt um einn mánuð að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, má framlengja tímabilið, þegar Evrópuþingið og ráðið geta mótmælt þeim tæknilega eftirlitsstaðli, eftir því sem við á, um einn mánuð.

464. gr.

Evrópska bankanefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku bankanefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB ([1]). Nefnd sú skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

TÍUNDI HLUTI

UMBREYTINGARÁKVÆÐI, SKÝRSLUR, ENDURSKOÐANIR OG BREYTINGAR

I. BÁLKUR

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

1. KAFLI

Kröfur vegna eiginfjárgrunns, óinnleystur hagnaður og tap sem metið er á gangvirði og frádráttur

1. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns

465. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns

1. Þrátt fyrir a- og b-lið 1. mgr. 92. gr. skulu eftirfarandi kröfur vegna eiginfjárgrunns gilda á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014:

a) eiginfjárhlutfall almenns eigin fjár þáttar 1, sem er á bilinu 4% til 4,5%,

b) hlutfall eiginfjárþáttar 1, sem er á bilinu 5,5% til 6%.

([1]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 36.

2. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta eiginfjárhlutföll almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárþáttar 1 á þeim bilum sem tilgreind eru í 1. mgr. sem stofnanir skulu að lágmarki uppfylla.

466. gr.

Fyrsta beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Þrátt fyrir 2. mgr. 24. gr. skulu lögbær yfirvöld heimila stofnunum sem krafðar eru um að beita mati á eignum og liðum utan efnahagsreiknings og ákvörðun á eiginfjárgrunni í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eftir því sem við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 í fyrsta sinn, frest í 24 mánuði til framkvæmdar á nauðsynlegu innra ferli og tæknilegum kröfum.

2. þáttur

Óinnleystur hagnaður og tap metið á gangvirði

467. gr.

Óinnleyst tap metið á gangvirði

1. Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. skulu stofnanir á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017 einungis taka með í útreikningum á liðum almenns eigin fjár þáttar 1, þann hundraðshluta óinnleysts taps sem tengist eignum eða skuldum sem metnar eru á gangvirði og fram koma í efnahagsreikningi, að undanskildum þeim sem um getur í 33. gr. og öllu öðru óinnleystu tapi sem fram kemur í rekstrarreikningi.

2. Viðeigandi hlutfall að því er varðar 1. mgr. skal falla innan eftirfarandi bila:

a) 20%–100% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 40%–100% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 60%–100% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 og

d) 80%–100% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær yfirvöld, í tilvikum þar sem slíkri meðferð var beitt fyrir 1. janúar 2014, heimilað stofnunum að telja ekki með í liðum í eiginfjárgrunni óinnleystan hagnað eða tap á áhættuskuldbindingum vegna ríkisstjórna sem flokkaðar eru í "til sölu" flokknum í IAS-staðli 39, sem ESB styður.

Beita skal meðferðinni sem sett er fram í annarri undirgrein þar til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt reglugerð á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, þar sem hún styður alþjóðlega reikningsskilastaðalinn sem kemur í stað IAS-staðals 39.

3. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta viðeigandi hlutfall á bilunum sem tilgreind eru í a- til d-lið 2. mgr.

468. gr.

Óinnleystur hagnaður metinn á gangvirði

1. Þrátt fyrir 35. gr. skulu stofnanir á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017 fjarlægja úr liðum almenns eigin fjár þáttar 1, liði þar sem viðkomandi hlutfall óinnleysts hagnaðar sem tengist eignum eða skuldum, sem metnar eru á gangvirði og fram koma í efnahagsreikningi, að undanskildum þeim sem vísað er til í 33. gr. og alls annars óinnleysts hagnaður að undanskildum þeim er tengist fjárfestingareignum sem koma fram í rekstrarreikningi. Eftirstæð fjárhæð sem af þessu stafar skal ekki fjarlægð úr liðum almenns eigin fjár þáttar 1.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal viðeigandi hlutfall vera 100% á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og eftir þann dag falla innan eftirfarandi bila:

a) 60%–100% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

b) 40%–100% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

c) 20%–100% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

Frá 1. janúar 2015, þegar lögbært yfirvald krefur stofnanir skv. 467. gr. um að telja með í útreikningi á almennu eigin fé þáttar 1100% af óinnleystu tapi þeirra, metnu á gangvirði, geta lögbær yfirvöld einnig heimilað stofnunum að telja með í þeim útreikningi 100% af óinnleystum hagnaði á gangvirði.

Frá 1. janúar 2015, þar sem lögbært yfirvald krefur stofnanir skv. 467. gr. um að telja með í útreikningi á almennu eigin fé þáttar 1, hlutfall af óinnleystu tapi metið á gangvirði, skal það lögbæra yfirvald ekki setja fram viðeigandi hlutfall óinnleysts hagnaðar skv. 2. mgr. þessarar greinar sem verður hlutfall óinnleysts hagnaðar sem talinn er með í útreikningi á eigin fá þáttar 1 sem er umfram viðeigandi hlutfall óinnleysts taps sem ákveðið er í samræmi við 467. gr.

3. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta viðeigandi hlutfall óinnleysts hagnaðar á bilunum sem tilgreind eru í a- til c-lið 2. mgr. sem er fjarlægt úr almennu eigin fé þáttar 1.

4. Þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 33. gr. skulu stofnanir, á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2017, ekki telja með í eiginfjárgrunni sínum viðeigandi hlutfall, eins og tilgreint er í 478. gr., hagnaðar og taps á gangvirði vegna afleiðuskulda sem stafa af breytingum á eigin lánshæfi stofnunarinnar. Hlutfallið sem er beitt á tap á gangvirði sem stafar af breytingum á eigin lánshæfi stofnunarinnar skal ekki vera umfram hlutfallið sem beitt er á hagnað á gagnvirði sem stafar af breytingum á eigin lánshæfi stofnunarinnar.

3. þáttur

Frádráttur

1. undirþáttur

Frádráttur frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1

469. gr.

Frádráttur frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. skal eftirfarandi gilda, á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017:

a) stofnanir skulu draga frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 viðeigandi hlutfall sem tilgreint er í 478. gr. af fjárhæðunum sem þarf að draga frá skv. a- til h-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskildum frestuðum skattinneignum sem byggja á framtíðararðsemi og koma til vegna tímabundins mismunar,

b) stofnanir skulu beita viðkomandi ákvæðum sem mælt er fyrir um í 472. gr. á eftirstæðar fjárhæðir liða sem þarf að draga frá skv. a- til h-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskildum frestuðum skattinneignum sem byggja á framtíðararðsemi og koma til vegna tímabundins mismunar,

c) stofnanir skulu draga frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 viðeigandi hlutfall, sem tilgreint er í 478. gr., af heildarfjárhæð sem krafist er að sé frádegin skv. c- og i-liðum 1. mgr. 36. gr. eftir beitingu 470. gr.,

d) stofnanir skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 5. eða 11. mgr. 472. gr., eins og við á, á eftirstæða heildarfjárhæð liða sem krafist er að verði dregnir frá skv. c- og i-lið 1. mgr. 36. gr. eftir beitingu 470. gr.

2. Stofnanir skulu ákvarða þann hluta eftirstæðrar heildarfjárhæðar sem um getur í d-lið 1. Mgr., sem fellur undir 5. Mgr. 472. Gr., með því að deila fjárhæðinni sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með fjárhæðinni sem tilgreind er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð frestaðra skattinneigna sem eru háðar framtíðararðsemi og stafa af tímabundnum mismun sem um getur í a-lið 2. Mgr. 470. Gr.,

b) summa fjárhæðanna sem um getur í a- og b-lið 2. Mgr. 470. Gr.

3. Stofnanir skulu ákvarða þann hluta eftirstæðrar heildarfjárhæðar sem um getur í d-lið 1. Mgr., sem fellur undir 11. Mgr. 472. Gr., með því að deila upp í fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með fjárhæðinni sem tilgreind er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð beinnar og óbeinnar eignarhlutdeildar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem um getur í b-lið 2. mgr. 470. gr.,

b) summa fjárhæðanna sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 470. gr.

470. gr.

Undanþágur frá því að draga frá liði í almennu eigin fé þáttar 1

1. Að því er þessa grein varðar, skulu viðeigandi liðir almenns eigin fjár þáttar 1 saman standa af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1, reiknað út eftir beitingu ákvæðanna í 32.–35. gr. og að gerðum frádrætti skv. 36. gr. (1. mgr., a–h-liður, ii.–v liður k-liðar, l-liður), að undanskildum frestuðum skattinneignum sem byggja á framtíðararðsemi og verða til vegna tímabundins mismunar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 48. gr. skulu stofnanir á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2017 ekki draga frá liði sem taldir eru upp í a- og b-lið þessarar málsgreinar, sem samanlagt samsvara eða eru lægri en 15% af viðkomandi liðum stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1:

a) frestaðar skattinneignir sem eru háðar framtíðararðsemi og stafa af tímabundnum mismun og samanlagt samsvara eða eru lægri en 10% af viðkomandi liðum stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1:

b) eigi stofnun verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði: bein og óbein eignarhlutdeild og gervieignarhlutdeild stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þess aðila í þætti 1 sem samanlagt samsvara eða eru lægri en 10% af viðkomandi liðum í almennu eigin fé þáttar 1.

3. Þrátt fyrir 4. mgr. 48. gr. skulu liðirnir sem undanþegnir eru frá frádrætti skv. 2. mgr. þessarar greinar, fá áhættuvog 250%. Liðirnir sem um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar skulu falla undir kröfurnar í IV. bálki þriðja hluta, eins og við á.

471. gr.

Undanþága frá frádrætti hlutdeildar í eigin fé í vátryggingarfélögum frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 49. gr. er lögbærum yfirvöldum á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2022 heimilt að leyfa stofnunum að draga ekki frá hlutdeild í eigin fé í vátryggingafélögum, endurtryggingafélögum og eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-, c- og e-lið 1. mgr. 49. gr.,

b) lögbær yfirvöld telja áhættustjórnun og aðferðir við fjármálagreiningu sem stofnunin samþykkir sérstaklega til að hafa eftirlit með fjárfestingu í fyrirtækinu eða eignarhaldsfélagi, viðunandi,

c) hlutdeild í eigin fé sem stofnunin á í vátryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði er ekki meiri en 15% af almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem sá vátryggingaraðili gefur út, þann 31. desember 2012 og á tímabilinu frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2022,

d) fjárhæð hlutdeildar í eigin fé sem ekki er dregið frá er ekki hærri en fjárhæðin í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 í vátryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eins og hún er þann 31. desember 2012.

2. Hlutdeildir í eigin fé sem ekki eru dregnar frá skv. 1. mgr. skulu teljast áhættuskuldbindingar og hafa 370% áhættuvog.

472. gr.

Liðir sem ekki eru dregnir frá almennu eigin fé þáttar 1

1. Þrátt fyrir undanþágu frá c-lið 1. mgr. 33. gr. og a- til i- liðar 1. mgr. 36. gr., á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017, skulu stofnanir beita þessari grein á eftirstæðar fjárhæðir liða sem um getur í 4. mgr. 468. gr. og í b- og d-lið 1. mgr. 469. gr., eftir því sem við á.

2. Eftirstæðar fjárhæðir virðisleiðréttinga á afleiðuskuldum sem koma til vegna eigin útlánaáhætta stofnunar skulu ekki dragast frá.

3. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðum fjárhæðum taps á núverandi fjárhagsári, sem um getur í a-lið 1. mgr. 36. gr.:

a) tap sem skiptir máli er dregið frá liðum í þætti 1,

b) tap sem ekki skiptir máli er ekki dregið frá.

4. Stofnanir skulu draga eftirstæðar fjárhæðir óefnislegra eigna sem um getur í b-lið 1. mgr. 36. gr frá liðum í þætti 1.

5. Eftirstæð fjárhæð frestaðra skattinneigna sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. skal ekki dregin frá og skal fá 0% áhættuvog.

6. Eftirstæð fjárhæð liðanna sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr. skal dregin frá helmingi liðanna í þætti 1 og helmingi liðanna í þætti 2.

7. Eftirstæð fjárhæð eigna skilgreinds réttindatengds lífeyrissjóðs sem um getur í e-lið 1. mgr. 36. gr. skal ekki dregin frá neinum þætti eiginfjárgrunns og skal talin með í liðum almenns eigin fjár þáttar 1 að því marki sem sú fjárhæð hefði verið færð sem upphaflegur eiginfjárgrunnur í samræmi við landsbundnar lögleiðingarráðstafanir vegna a- til ca-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

8. Stofnanir skulu beita eftirfarandi á eftirstæða fjárhæð hlutdeilda í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem um getur í f-lið 1. mgr. 36. gr.:

a) fjárhæð beinnar hlutdeildar er dregin frá liðum í þætti 1,

b) fjárhæð óbeinna hlutdeilda og gervieignarhlutdeilda, þ.m.t. eigin almennir eiginfjárgrunnsgerningar stofnunarinnar í þætti 1 sem henni gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi eða ófyrirséðrar samningsbundinnar skyldu, er ekki dregin frá og er með fyrirvara um áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks í þriðja hluta og um kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

9. Stofnanir skulu beita eftirfarandi á eftirstæðar fjárhæðir eignarhlutdeildar aðila á fjármálamarkaði í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 þar sem stofnunin hefur krosseignarhald með þeim aðila sem um getur í g-lið 1. mgr. 36. gr.:

a) ef stofnun á ekki verulegan eignarhlut í þeim aðila á fjármálamarkaði, skal fara með fjárhæð eignarhlutdeildar hennar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þess aðila í þætti 1 eins og hún falli undir h-lið 1. mgr. 36. gr.,

b) ef stofnun á verulegan eignarhlut í þeim aðila á fjármálamarkaði, skal fara með fjárhæð eignarhlutdeildar hennar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þess aðila í þætti 1 eins og hún falli undir i-lið 1. mgr. 36. gr.

10. Stofnanir skulu beita eftirfarandi á eftirstæðar fjárhæðir liða sem um getur í h-lið 1. mgr. 36. gr.:

a) fjárhæðirnar sem krafist er að verði dregnar frá, sem tengjast beinni eignarhlutdeild, eru dregnar að hálfu frá liðum úr þætti 1 og að hálfu frá liðum úr þætti 2,

b) fjárhæðirnar sem tengjast óbeinum hlutdeildum og gervieignarhlutdeildum eru ekki dregnar frá og fá áhættuvogir í samræmi við 2. eða 3. kafla í II. bálki þriðja hluta og falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

11. Stofnanir skulu beita eftirfarandi á eftirstæðar fjárhæðir liða sem um getur í i-lið 1. mgr. 36. gr.:

a) fjárhæðirnar sem krafist er að verði dregnar frá, sem tengjast beinni eignarhlutdeild, eru dregnar að hálfu frá liðum úr þætti 1 og að hálfu frá liðum úr þætti 2,

b) fjárhæðirnar sem tengjast óbeinum hlutdeildum og gervieignarhlutdeildum eru ekki dregnar frá og fá áhættuvogir í samræmi við 2. eða 3. kafla í II. bálki þriðja hluta og falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

473. gr.

Innleiðing á breytingum á IAS-staðli 19

1. Þrátt fyrir 481. gr. geta lögbær yfirvöld á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2018 heimilað stofnunum, sem gera reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, að bæta við eigið fé sitt í almennu eigin fé þáttar 1 viðeigandi fjárhæð í samræmi við 2. eða 3. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á, margfaldað með þeim stuðli sem beitt er í samræmi við 4. mgr.

2. Viðeigandi fjárhæð skal reiknuð út með því að draga fjárhæðina sem fengin er í samræmi við b-lið frá fjárhæðinni sem fengin er í samræmi við a-lið:

a) stofnanir skulu ákvarða virði eigna skilgreindra réttindatengdra lífeyrissjóða eða -kerfa, eftir því sem við á, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 ([1])eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 1205/2011 ([2]). Stofnanir skulu svo draga virði skuldbindinga undir sömu sjóðum eða kerfum, sem ákvarðað er í samræmi við sömu reikningsskilareglur, frá virði þessara eigna,

b) stofnanir skulu ákvarða virði eigna skilgreindra lífeyrissjóða eða -kerfa, eftir því sem við á, samkvæmt reglunum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1126/2008. Stofnanir skulu svo draga virði skuldbindinga undir sömu sjóðum eða kerfum, sem ákvarðað er í samræmi við sömu reikningsskilareglur, frá virði þessara eigna.

3. Fjárhæðin sem ákvörðuð er í samræmi við 2. mgr. skal takmörkuð við fjárhæðina sem ekki er krafist að verði dregin frá eiginfjárgrunni, fyrir 1. janúar 2014, samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum í tilskipun 2006/48/EB, að því leyti sem þær landsbundnu lögleiðingarráðstafanir væru hæfar fyrir meðferðina sem sett er fram í 481. gr. þessarar reglugerðar, í viðkomandi aðildarríki.

4. Eftirfarandi stuðlar eiga við:

a) 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 0,8 á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 0,6 á tímabilinu frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

d) 0,4 á tímabilinu frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017,

e) 0,2 á tímabilinu frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018.

5. Stofnanir skulu birta virði eigna og skuldbindinga í samræmi við 2. mgr. í birtum reikningsskilum sínum.

2. undirþáttur

Frádráttur frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1

474. gr.

Frádráttur frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1

Þrátt fyrir 56. gr., skal eftirfarandi gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017:

a) stofnanir skulu draga frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1 viðeigandi hlutfall sem tilgreint er í 478. gr. frá fjárhæðum sem krafist er að séu frádregnar skv. 56. gr.,

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1205/2011 frá 22. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 7 (Stjtíð ESB L 305, 23.11.2011, bls. 16).

b) stofnanir skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 475. gr. á eftirstæðar fjárhæðir liðanna sem krafist er að séu dregnar frá skv. 56. gr.

475. gr.

Liðir sem ekki eru dregnir frá liðum viðbótareiginfjár þáttar 1

1. Þrátt fyrir 56. gr., á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017, skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein gilda um eftirstæðar fjárhæðir sem um getur í b-lið 474. gr.

2. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðri fjárhæð liðanna sem um getur í a-lið 56. gr.:

a) beint eignarhald á eigin viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 er dregið frá liðum þáttar 1 á bókfærðu virði,

b) óbeinar hlutdeildir og gervieignarhlutdeildir í eigin viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, þ.m.t. eigin viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 sem stofnuninni gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi eða ófyrirséðrar samningsbundinnar skyldu, eru ekki dregnar frá og eru áhættuvegnar í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks í þriðja hluta og falla undir kröfurnar í IV. bálki í þriðja hluta, eftir því sem við á.

3. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðri fjárhæð liðanna sem um getur í b-lið 56. gr.:

a) ef stofnun á ekki verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði sem það á í krosseignarhaldi við, skal fara með fjárhæð beinnar, óbeinnar og gervieignarhlutdeildar hennar í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 þess aðila eins og hún falli undir c-lið 56. gr.,

b) ef stofnunin á verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði sem það á í krosseignarhaldi við, skal fara með fjárhæð beinnar, óbeinnar og gervieignarhlutdeildar hennar í viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 þess aðila eins og hún falli undir d-lið 56. gr.

4. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðri fjárhæð liðanna sem um getur í c- og d-lið 56. gr.:

a) fjárhæðin sem varðar beina hlutdeild sem krafist er að sé dregin frá í samræmi við c- og d-lið 56. gr. er dregin að helmingi af liðum úr þætti 1 og að helmingi af liðum úr þætti 2,

b) fjárhæðin sem varðar óbeina- og gervieignarhlutdeild sem krafist er að sé dregin frá í samræmi við c- og d-lið 56. gr. skal ekki dregin frá og skal fá viðeigandi áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta og falla undir kröfurnar í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

3. undirþáttur

Frádráttur frá liðum í þætti 2

476. gr.

Frádráttur frá liðum í þætti 2

Þrátt fyrir 66. gr., skal eftirfarandi gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017:

a) stofnanir skulu draga frá liðum í þætti 2 viðeigandi hlutfall sem tilgreint er í 478. gr. frá fjárhæðum sem krafist er að séu frádregnar skv. 66. gr.,

b) stofnanir skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 477. gr. á eftirstæðar fjárhæðir sem krafist er að séu dregnar frá skv. 66. gr.

477. gr.

Frádráttur frá liðum í þætti 2

1. Þrátt fyrir 66. gr., á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017, skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein gilda um eftirstæðar fjárhæðir sem um getur í b-lið 476. gr.

2. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðri fjárhæð liða sem um getur í a-lið 66. gr.:

a) beint eignarhald á eigin gerningum undir þætti 2 er dregið frá liðum í þætti 2 á bókfærðu virði,

b) óbein hlutdeild og gervieignarhlutdeild í eigin gerningum undir þætti 2, þ.m.t. eigin gerningum undir þætti 2 sem stofnuninni gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi eða ófyrirséðrar samningsbundinnar skyldu, er ekki dregin frá og hefur áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks í þriðja hluta og fellur undir kröfurnar í IV. bálki í þriðja hluta, eftir því sem við á.

3. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðri fjárhæð liðanna sem um getur í b-lið 66. gr.:

a) ef stofnun á ekki verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði í krosseignarhaldi, skal fara með fjárhæð beinnar, óbeinnar og gervieignarhlutdeildar hennar í gerningum þess aðila undir þætti 2 eins og hún falli undir c-lið 66. gr.,

b) ef stofnunin á verulegan eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði í krosseignarhaldi, skal fara með fjárhæð beinnar, óbeinnar og gervieignarhlutdeildar hennar í gerningum þess aðila á fjármálamarkaði undir þætti 2 eins og hún falli undir d-lið 66. gr.

4. Stofnanir skulu beita eftirfarandi gagnvart eftirstæðri fjárhæð liðanna sem um getur í c- og d-lið 66. gr.:

a) fjárhæðin sem varðar beina hlutdeild sem krafist er að sé dregin frá í samræmi við c- og d-lið 66. gr. er dregin að hálfu frá liðum úr þætti 1 og að hálfu frá liðum úr þætti 2,

b) fjárhæðin sem varðar óbeina hlutdeild og gervieignar-hlutdeild sem krafist er að sé dregin frá í samræmi við c- og d-lið 66. gr. er ekki dregin frá og fær viðeigandi áhættuvog samkvæmt 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta og kröfunum í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

4. undirþáttur

Viðeigandi hlutföll vegna frádráttar

478. gr.

Viðeigandi hlutföll vegna frádráttar frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1, í viðbótareiginfé þáttar 1 og í þætti 2

1. Viðeigandi hlutföll að því er varðar 4. mgr. 468. gr., a- og c-liði 1. mgr. 469. gr., a-lið 474. gr. og a-lið 476. gr. skulu falla innan eftirfarandi bila:

a) 20%–100% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 40%–100% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 60%–100% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

d) 80%–100% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að því er varðar liði sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. sem eru til staðar fyrir 1. janúar 2014, skal viðeigandi hlutfall að því er varðar c-lið 1. mgr. 469. gr. falla innan eftirfarandi bila:

a) 0%–100% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 10%–100% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 20%–100% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

d) 30%–100% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017,

e) 40%–100% á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2018,

f) 50%–100% á tímabilinu 1. janúar 2019 til 31. desember 2019,

g) 60%–100% á tímabilinu 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,

h) 70%–100% á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,

i) 80%–100% á tímabilinu 1. janúar 2022 til 31. desember 2022,

j) 90%–100% á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2023.

3. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta viðeigandi hlutfall á bilunum sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. fyrir hvern eftirfarandi frádrátta:

a) staka frádrætti sem gerð er krafa um skv. a- til h-lið l-liðar 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni frestaðri skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,

b) samanlagða fjárhæð frestaðrar skattinneignar sem byggir á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun og liðunum sem um getur í i-lið 1. mgr. 36. gr. sem gerð er krafa um að sé dregin frá skv. 48. gr.,

c) sérhvern frádrátt sem gerð er krafa um skv. b- til d-liðar 56. gr.,

d) sérhvern frádrátt sem gerð er krafa um skv. b- til d-liðar 66. gr.

4. þáttur

Hlutdeild minnihluta og gerningar í viðbótareiginfé þáttar 1 og þáttar 2 sem dótturfélög gefa út

479. gr.

Færsla gerninga og liða, sem ekki uppfylla skilyrði hlutdeildar minnihluta, í almennt eigið fé þáttar 1 hjá samstæðu

1. Þrátt fyrir II. bálk annars hluta, á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017, skulu lögbær yfirvöld ákvarða, í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar, færslu í eignfjárgrunn samstæðu þá liði sem myndu uppfylla skilyrði samstæðuvarasjóðs í samræmi við innlendar lögleiðingar-ráðstafanir vegna 65. gr. tilskipunar 2006/48/EB sem af einhverri eftirfarandi ástæðna uppfylla ekki skilyrði eigin fjár þáttar 1 hjá samstæðu:

a) gerningurinn uppfyllir ekki skilyrði almennra eiginfjár-grunnsgerninga þáttar 1 og tengt óráðstafað eigið fé og yfirverðsreikningar hlutafjár uppfylla af þessum sökum ekki skilyrði liða í almennu eigin fé þáttar 1 hjá samstæðu,

b) liðirnir uppfylla ekki skilyrði vegna ákvæða 2. mgr. 81. gr.,

c) liðirnir uppfylla ekki skilyrði vegna þess að dótturfélag er ekki stofnun eða aðili sem samkvæmt viðeigandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

d) liðirnir uppfylla ekki skilyrði vegna þess að dótturfélag er ekki að fullu fellt inn í samstæðureikninginn samkvæmt 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.

2. Viðeigandi hlutfall liðanna sem um getur í 1. mgr. sem hefðu uppfyllt skilyrði samstæðuvarasjóðs í samræmi við innlendar lögleiðingarráðstafanir vegna 65. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði sem almennt eigið fé þáttar 1 hjá samstæðu.

3. Að því er varðar 2. mgr. skulu viðeigandi hlutföll falla innan eftirfarandi bila:

a) 0%–80% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 0%–60% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 0%–40% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

d) 0%–20% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

4. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta viðeigandi hlutfall á bilunum sem tilgreind eru í 3. mgr.

480. gr.

Færsla hlutdeilda minnihluta og fullgilds viðbótareiginfjár þáttar 1 og eiginfjárþáttar 2, í eiginfjárgrunn samstæðu

1. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 84. gr., b-lið 1. mgr. 85. gr. og b-lið 1. mgr. 87. gr. skulu hlutföllin sem um getur í þessum greinum vera margfölduð með viðeigandi stuðli, á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu viðeigandi stuðlar falla innan eftirfarandi bila:

a) 0,2–1 á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 0,4–1 á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 0,6–1 á tímabilinu frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 og

d) 0,8–1 á tímabilinu frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

3. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta viðeigandi stuðla á bilunum sem tilgreind eru í 2. mgr.

5. þáttur

Viðbótarsíur og -frádráttur

481. gr.

Viðbótarsíur og -frádráttur

1. Þrátt fyrir 32. til 36. gr, 56. gr. og 66. gr. skulu stofnanir á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017 gera breytingar til að telja með eða draga frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1, liðum í þætti 1, liðum í þætti 2 eða liðum eiginfjárgrunns, viðeigandi hlutfall af síum eða frádrætti sem krafist er samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum vegna 57. gr., 61. gr., 63. gr., 63. gr. a, 64. gr. og 66. gr tilskipunar 2006/48/EB og vegna 13. og 16. gr. tilskipunar 2006/49/EB og sem ekki er krafist í samræmi við annan hluta þessarar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir i-lið 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 49. gr. geta lögbær yfirvöld á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 krafið stofnanir um eða heimilað þeim að beita aðferðunum sem um getur í 1. mgr. 49. gr. þegar skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 49. gr. eru ekki uppfyllt, frekar en frádráttinn sem krafist er skv. 1. mgr. 36. gr. Í slíkum tilvikum skal hlutfall eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunnsgerningum aðila á fjármálamarkaði, sem móðurfélag á verulegan eignarhlut í sem ekki er krafist að sé dregin frá í samræmi við 1. mgr. 49. gr., ákvarðað í samræmi við viðeigandi hlutfall sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Fjárhæðin sem ekki er dregin frá skal vera með fyrirvara um kröfurnar í 4. mgr. 49. gr., eftir því sem við á.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal viðeigandi hlutfall falla innan eftirfarandi bila:

a) 0%–80% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 0%–60% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 0%–40% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

d) 0%–20% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.

4. Að því er varðar 2. mgr. skal viðeigandi hlutfall falla innan 0% og 50% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014.

5. Fyrir hverja síu eða hvern frádrátt sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákvarða og birta viðeigandi hlutföll á bilunum sem tilgreind eru í 3. og 4. mgr.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina skilyrðin sem lögbær yfirvöld skulu nota til að ákvarða hvort breytingar á eiginfjárgrunni, eða þáttum í honum, í samræmi við landsbundnar lögleiðingarráðstafanir vegna tilskipunar 2006/48/EB eða tilskipunar 2006/49/EB sem ekki eru innifaldar í öðrum hluta þessarar reglugerðar skuli gerðar, hvað þessa grein varðar, á liðum almenns eigin fjár þáttar 1, liðum viðbótareiginfjár þáttar 1, liðum þáttar 1, liðum þáttar 2 eða eiginfjárgrunni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

482. gr.

Gildissvið vegna afleiðuviðskipta við lífeyrissjóði

Að því er varðar þau viðskipti sem um getur í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og gerð eru með lífeyriskerfi í huga, eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar reglugerðar, skulu stofnanir ekki reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar CVA-áhættu, eins og kveðið er á um í c-lið 4. mgr. 382. gr. þessarar reglugerðar.

2. KAFLI

Beiting eldri reglna á fjármagnsgerninga

1. þáttur

Gerningar sem teljast ríkisaðstoð

483. gr.

Beiting eldri reglna á gerninga um ríkisaðstoð

1. Þrátt fyrir ákvæði 26. til 29. gr., 51. gr., 52. gr. 62. og 63. gr., á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017, gildir þessi grein um eiginfjárgerninga og liði ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) Gerningarnir voru gefnir út fyrir 1. janúar 2014.

b) Gerningarnir voru gefnir út í tengslum við endurfjármögnun samkvæmt reglum um ríkisaðstoð. Að því leyti sem einkaaðilar skrá sig fyrir hluta gerninganna verða þeir að vera útgefnir fyrir 30. júní 2012 og í tengslum við þá hluta sem aðildarríkið skráir sig fyrir.

c) Framkvæmdastjórnin taldi gerningana samrýmast innri markaðinum skv. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Í þeim tilvikum þar sem bæði aðildarríki og einkafjárfestar skrá sig fyrir gerningunum og ef gerningar sem aðildarríki skráir sig fyrir eru innleystir að hluta, skulu eldri reglur gilda um samsvarandi hluta af gerningunum sem einkaaðilar skrá sig fyrir, í samræmi við 484. gr. Þegar allir gerningarnir sem skráðir eru af aðildarríki hafa verið innleystir skulu eldri reglur gilda um eftirstandandi gerninga sem einkafjárfestar skrá sig fyrir, í samræmi við 484. gr.

2. Gerningar sem uppfylla skilyrði í samræmi við innlendar lögleiðingarráðstafanir vegna a-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði sem almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1, þrátt fyrir annað eftirfarandi:

a) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 28. gr. þessarar reglugerðar eru ekki uppfyllt,

b) gerningarnir voru gefnir út af fyrirtæki sem vísað er til í 27. gr. þessarar reglugerðar og skilyrðin sem mælt er fyrir um í 28. gr. þessarar reglugerðar, eða, eftir atvikum, í 29. gr. þessarar reglugerðar, eru ekki uppfyllt.

3. Gerningar sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar sem uppfylla ekki skilyrði landsbundinna lögleiðingarráðstafana vegna a-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunngerninga þáttar 1, þrátt fyrir að kröfurnar í a- eða b-lið 2 mgr. þessarar greinar séu ekki uppfylltar, að því tilskildu að kröfurnar í 8. mgr. þessarar greinar séu uppfylltar.

Gerningar sem uppfylla skilyrði almenns eigin fjár þáttar 1 samkvæmt fyrstu undirgrein geta ekki uppfyllt skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða gerninga þáttar 2 skv. ákvæðum 5. eða 7. mgr.

4. Gerningar sem uppfylla skilyrði í samræmi við landbundnar lögleiðingarráðstafanir vegna liðar ca í 57. gr. og 1. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, þrátt fyrir að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1 mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfyllt.

5. Gerningar sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar sem uppfylla ekki skilyrði landsbundinna lögleiðingarráðstafana vegna ca-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, þrátt fyrir að kröfurnar 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfylltar, að því tilskildu að kröfurnar í 8. mgr. þessarar greinar séu uppfylltar.

Gerningar sem uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 samkvæmt fyrstu undirgrein geta ekki uppfyllt skilyrði almennra eiginfjárgerninga þáttar 1 eða gerninga undir þætti 2 skv. ákvæðum 3. eða 7. mgr.

6. Liðir sem uppfylla skilyrði í samræmi við landsbundnar lögleiðingarráðstafanir vegna f-, g- eða h-liðar 57. gr. og vegna 1. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2 þrátt fyrir að ekki sé getið um liðina í 62. gr. þessarar reglugerðar, eða skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfyllt.

7. Gerningar sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, sem uppfylla ekki skilyrði í samræmi við landsbundnar lögleiðingarráðstafanir vegna f-, g- eða h-liðar 57. gr. og vegna 1. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB skulu uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2 þrátt fyrir að ekki sé getið um liðina í 62. gr. þessarar reglugerðar, eða skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfyllt, að því gefnu að skilyrðin í 8. mgr. séu uppfyllt.

Gerningar sem uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2 samkvæmt fyrstu undirgrein geta ekki uppfyllt skilyrði almennra eiginfjárgrunngerninga þáttar 1 eða viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skv. ákvæðum 3. eða 5. mgr.

8. Gerningar sem um getur í 3., 5. og 7. mgr. geta einungis uppfyllt skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga sem um getur í þessum málsgreinum þar sem skilyrði í a-lið 1. mgr. eru uppfyllt og þegar þeir eru gefnir út af stofnunum sem eru skráðar í aðildarríki sem fellur undir efnahagslega viðreisnaráætlun og útgáfa þessara gerninga er samþykkt eða telst hæf samkvæmt þeirri áætlun.

2. þáttur

Gerningar sem ekki teljast ríkisaðstoð

1. undirþáttur

Beiting eldri reglna á hæfi og takmarkanir

484. gr.

Hæfi til að eldri reglur gildi um liði sem uppfylla skilyrði eiginfjárgrunns samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum vegna tilskipunar 2006/48/EB

1. Þessi grein skal aðeins gilda um gerninga og liði sem voru gefnir út á eða fyrir 31. desember 2011 og teljast hæfir sem eiginfjárgrunnur fyrir 31. desember 2011 og eru ekki þeir sem um getur í 1. mgr. 483. gr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 26. til 29. gr., 51. gr, 52. gr., 62. og 63. gr skal þessi grein frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021.

3. Með fyrirvara um 485. gr. þessarar reglugerðar og takmörkunina sem tilgreind er í 2. mgr. 486. gr., skal hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar 86/635/EBE og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár sem teljast hæfir sem upprunalegur eiginfjárgrunnur samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum að því er varðar a-lið 57. gr. í tilskipun 2006/48/EB, teljast uppfylla skilyrði liða í almennu eigin fé þáttar 1, þrátt fyrir að skilyrði sem mælt er fyrir um í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfyllt.

4. Með fyrirvara um takmörkunina sem tilgreind er í 3. mgr. 486. gr. þessarar reglugerðar, skulu gerningar og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár sem teljast hæfir sem upprunalegur eiginfjárgrunnur samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum skv. lið ca í 57. gr. og 8. og 9. mgr. 154. gr. í tilskipun 2006/48/EB, uppfylla skilyrði liða viðbótareiginfjár þáttar 1, þrátt fyrir að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfyllt.

5. Með fyrirvara um takmarkanirnar sem tilgreindar eru í 4. mgr. 486. gr. þessarar reglugerðar skulu liðir og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár, sem töldust hæfir samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum að því er varðar e-, f-, g- eða h-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, teljast uppfylla skilyrði liða undir þætti 2, þrátt fyrir að þeir liðir séu ekki taldir með í 62. gr. þessarar reglugerðar eða að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. þessarar reglugerðar séu ekki uppfyllt.

485. gr.

Hæfi yfirverðsreikninga hlutafjár sem tengjast liðum sem uppfylla skilyrði eiginfjárgrunns samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum vegna tilskipunar 2006/48/EB, til að falla undir almennt eigið fé þáttar 1

1. Þessi grein skal aðeins gilda um gerninga sem voru gefnir út fyrir 31. desember 2010 og eru ekki þeir sem um getur í 1. mgr. 483. gr.

2. Yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar 86/635/EBE, sem uppfyllir skilyrði upprunalegs eiginfjárgrunns samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum í a-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB, skulu uppfylla skilyrði liða í almennu eigin fé þáttar 1 ef þeir uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i- og j-lið 28. gr. þessarar reglugerðar.

486. gr.

Takmörkun á beitingu eldri reglna á liði í almennu eigin fé þáttar 1, í viðbótareiginfé þáttar 1 og í þætti 2

1. Frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021 skal takmarka að hvaða marki gerningar og liðir sem um getur í 484. gr. uppfylli skilyrði sem eiginfjárgrunnur, í samræmi við þessa grein.

2. Fjárhæð liðanna sem um getur í 3. mgr. 484. gr. sem skulu uppfylla skilyrði liða í almennu eigin fé þáttar 1, er takmörkuð við viðeigandi hlutfall samanlagðra fjárhæða sem tilgreindar eru í a- og b-liðum þessarar málsgreinar:

a) nafnverð hlutafjár sem um getur í 3. mgr. 484. gr. sem var útgefið þann 31. desember 2012,

b) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast liðunum sem um getur í a-lið.

3. Fjárhæð liðanna sem um getur í 4. mgr. 484. gr. sem skulu uppfylla skilyrði liða viðbótareiginfjár þáttar 1, er takmörkuð við viðeigandi hlutfall, margfaldað með niðurstöðunni þegar summa fjárhæðanna sem tilgreindar eru í c- til f-lið þessarar málsgreinar eru dregnar frá summu fjárhæðanna sem tilgreindar eru í a- og b-lið þessarar málsgreinar:

a) nafnverð gerninga sem um getur í 4. mgr. 484. gr. sem enn voru í gildi þann 31. desember 2012,

b) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í a-lið,

c) fjárhæð gerninganna sem um getur í 4. mgr. 484. gr. sem þann 31. desember 2012 fóru fram úr takmörkunum sem tilgreind eru í landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum að því er varðar a-lið 1. mgr. 66. gr. og 1. mgr. a í 66. gr. í tilskipun 2006/48/EB,

d) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í c-lið,

e) nafnverð gerninga sem um getur í 4. mgr. 484. gr. sem voru í gildi þann 31. desember 2012 en uppfylla ekki skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skv. 4. mgr. 489. gr.,

f) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í e-lið.

4. Fjárhæð liðanna sem um getur í 5. mgr. 484. gr. sem skulu uppfylla skilyrði liða undir þætti 2, er takmörkuð við viðeigandi hlutfall niðurstöðunnar þegar summa fjárhæðanna sem tilgreindar eru í e- til h-lið þessarar málsgreinar eru dregnar frá summu fjárhæðanna sem tilgreindar eru í a- til d-lið þessarar málsgreinar:

a) nafnverð gerninga sem um getur í 5. mgr. 484. gr. sem enn voru í gildi þann 31. desember 2012,

b) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í a-lið,

c) nafnverð víkjandi láns sem er enn í gildi þann 31. desember, lækkað með fjárhæðinni sem krafist er samkvæmt landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum að því er varðar c-lið 3. mgr. 64. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

d) nafnverð liða sem um getur í 5. mgr. 484. gr., annarra en gerninga og víkjandi lána sem um getur í a- og c-lið þessarar málsgreinar, sem voru í gildi þann 31. desember 2012,

e) fjárhæð gerninganna sem um getur í 5. mgr. 484. gr. sem voru í gildi þann 31. desember 2012 og fóru fram úr takmörkunum sem tilgreindar eru í landsbundnum lögleiðingarráðstöfunum að því er varðar a-lið 1. mgr. 66. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

f) yfirverðsreikningar hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í e-lið,

g) nafnverð gerninga sem um getur í 5. mgr. 484. gr. sem voru í gildi þann 31. desember 2012 og sem uppfylla ekki skilyrði liða undir þætti 2 skv. 4. mgr. 490. gr.,

h) yfirverðsreikningum hlutafjár sem tengjast gerningunum sem um getur í g-lið.

5. Að því er þessa grein varðar, skulu viðeigandi hlutföll sem um getur í 2. til 4. mgr. falla innan eftirfarandi bila:

a) 60%–80% á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 40%–70% á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 20%–60% á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016,

d) 0%–50% á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017,

e) 0%–40% á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2018,

f) 0%–30% á tímabilinu 1. janúar 2019 til 31. desember 2019,

g) 0%–20% á tímabilinu 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,

h) 0%–10% á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,

6. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða og birta viðeigandi hlutföll á bilunum sem tilgreind eru í 5. mgr.

487. gr.

Liðir sem eru undanskildir frá beitingu eldri reglna í liðum almenns eigin fjár þáttar 1 eða liðum viðbótareiginfjár þáttar 1 í öðrum þáttum eiginfjárgrunns

1. Þrátt fyrir ákvæði 51., 52. 62. og 63. gr. er stofnunum heimilt frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021 að fara með sem liði sem um getur í 4. mgr. 484. gr. hlutafé og tengda yfirverðsreikninga hlutafjár, sem um getur í 3. mgr. 484. gr. sem eru undanþegnir frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 því þeir fara yfir viðeigandi hlutfall sem tilgreint er í 2. mgr. 486. gr., að því marki sem það að telja þetta hlutafé og tengda yfirverðsreikninga hlutafjár með, fer ekki yfir viðeigandi takmörkun á hlutfalli sem um getur í 3. mgr. 486. gr.

2. Þrátt fyrir 51., 52., 62. og 63. gr. er stofnunum heimilt frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021 að fara með eftirfarandi sem liði, sem um getur í 5. mgr. 484. gr., að því marki að það að telja þá með fari ekki yfir viðeigandi takmörkun á hlutfalli sem um getur í 4. mgr. 486. gr:

a) hlutafé og tengda yfirverðsreikninga hlutafjár, sem um getur í 3. mgr. 484. gr., sem eru undanþegnir frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1 vegna þess að þeir eru umfram viðeigandi hlutfall sem tilgreint er í 2. mgr. 486. gr.,

b) gerningana og tengda yfirverðsreikninga hlutafjár, sem um getur í 4. mgr. 484. gr. sem eru umfram viðeigandi hlutfall sem um getur í 3. mgr. 486. gr.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina skilyrðin til að meðhöndla eiginfjárgrunnsgerninga sem um getur í 1. og 2. mgr. eins og þeir falli undir 4. eða 5. mgr. 486. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

488. gr.

Afskriftir á liðum sem eldri reglum er beitt á eins og þeir væru liðir undir þætti 2

Liðirnir sem um getur í 5. mgr. 484. gr. sem uppfylla skilyrði liða undir þætti 2 sem um getur í 5. mgr. 484. gr. eða 4. mgr. 486. gr., skulu falla undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 64. gr.

2. undirþáttur

Skráning gerninga með kauprétt og hvata til innlausnar í liði viðbótareiginfjár þáttar 1 og liði undir þætti 2

489. gr.

Blandaðir gerningar með kauprétt og hvata til innlausnar

1. Þrátt fyrir 51. gr. og 52. gr. skulu gerningar, sem um getur í 4 mgr. 484 gr. og eru með skilmála og skilyrði sem fela í sér kauprétt með hvata til að stofnunin innleysi þá, falla undir þessa grein frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021.

2. Gerningarnir teljast uppfylla skilyrði þess að vera viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar fyrir 1. janúar 2013,

b) stofnunin nýtti ekki kaupréttinn,

c) skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 52. gr. er fullnægt frá og með 1. janúar 2013.

3. Gerningarnir skulu uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 með skertri færslu í samræmi við 4. mgr. 484. gr. fram að lokadegi virks binditíma þeirra og eftir það skulu þeir uppfylla skilyrði liða í viðbótareiginfé þáttar 1 án takmarkana, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar þann 1. janúar 2013 eða síðar,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma gerninganna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. eru uppfyllt frá og með lokadegi virks binditíma gerninganna.

4. Gerningarnir skulu ekki uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og skulu ekki falla undir 4. mgr. 484. gr. frá 1. janúar 2014 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar milli 31. desember 2011 og 1. janúar 2013,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma gerninganna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. eru ekki uppfyllt frá lokadegi virks binditíma gerninganna.

5. Gerningarnir skulu uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 með skertri færslu í samræmi við 4. mgr. 484. gr. fram að lokadegi virks binditíma þeirra og eftir það skulu þeir ekki uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar þann 1. janúar 2013 eða síðar,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma gerninganna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. eru ekki uppfyllt frá lokadegi virks binditíma gerninganna.

6. Gerningarnir skulu uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 í samræmi við 4. mgr. 484. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar 31. desember 2011 eða fyrr,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma gerninganna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. voru ekki uppfyllt frá lokadegi virks binditíma gerninganna.

490. gr.

Liðir undir þætti 2 með hvata til innlausnar

1. Þrátt fyrir 62. gr. og 63. gr. og á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021 skulu liðir sem um getur í 5 mgr. 484 gr. sem uppfylltu skilyrði landsbundinna lögleiðingarráðstafana í f- eða h-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB og eru með skilmála og skilyrði sem fela í sér kauprétt með hvata til að stofnunin innleysi þá, falla undir þessa grein.

2. Liðirnir skulu uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar fyrir 1. janúar 2013,

b) stofnunin nýtti ekki kaupréttinn,

c) skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 63. gr. er fullnægt frá og með 1. janúar 2013.

3. Liðirnir skulu uppfylla skilyrði liða undir þætti 2 í samræmi við 5. mgr. 484. gr. fram að lokadegi virks binditíma þeirra og eftir það skulu þeir uppfylla skilyrði liða undir þætti 2 án takmarkana, að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar þann 1. janúar 2013 eða síðar,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma liðanna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. eru uppfyllt frá lokadegi virks binditíma liðanna.

4. Liðirnir skulu ekki uppfylla skilyrði liða undir þætti 2 frá 1. janúar 2014 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar milli 31. desember 2011 og 1. janúar 2013,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma liðanna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. eru uppfyllt frá lokadegi virks binditíma liðanna.

5. Liðirnir skulu uppfylla skilyrði liða undir þætti 2 með skertri færslu þeirra í samræmi við 5. mgr. 484. gr. fram að lokadegi virks binditíma þeirra og eftir það skulu þeir ekki uppfylla skilyrði liða undir þætti 2, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar þann 1. janúar 2013 eða síðar,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma,

c) skilyrðin sem sett eru fram í 63. gr. eru ekki uppfyllt frá lokadegi virks binditíma liðanna.

6. Liðirnir skulu uppfylla skilyrði liða undir þætti 2 í samræmi við 5. mgr. 484. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin gat einungis nýtt kauprétt sinn með hvata til innlausnar 31. desember 2011 eða fyrr,

b) stofnunin nýtti ekki kauprétt sinn á lokadegi virks binditíma liðanna,

c) skilyrðin sem mælt er fyrir um í 63. gr. eru uppfyllt frá lokadegi virks binditíma liðanna.

491. gr.

Virkur binditími

Að því er varar 489. og 490. gr. skal virkur binditími ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

a) dagur fyrsta kaupréttar með hvata til innlausnar sem á sér stað þann 1. janúar 2013 eða síðar, að því er varðar liðina sem um getur í 3. og 5. mgr. þessara greina,

b) dagur fyrsta kaupréttar með hvata til innlausnar sem á sér stað milli 31. desember 2011 og 1. janúar 2013, að því er varðar liðina sem um getur í 4. mgr. þessara greina,

c) dagur fyrsta kaupréttar með hvata til innlausnar sem á sér stað fyrir 31. desember 2011, að því er varðar liðina sem um getur í 6. mgr. þessara greina.

3. KAFLI

Umbreytingarákvæði vegna birtingar upplýsinga um eiginfjárgrunn

492. gr.

Birting upplýsinga um eiginfjárgrunn

1. Stofnanir skulu beita þessari grein á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021.

2. Frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2015 skulu stofnanir birta upplýsingar um það að hvaða marki almennt eigið fé þáttar 1 og eiginfjárþáttur 1 er umfram kröfurnar sem mælt er fyrir um í 465. gr.

3. Frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2017 skulu stofnanir birta eftirfarandi viðbótarupplýsingar um eiginfjárgrunn sinn:

a) eðli og áhrif einstakra sía og frádráttar, sem beitt er í samræmi við 467. til 470. gr., 474., 476. og 479. gr., á almennt eigið fé þáttar 1, viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþátt 2 og eiginfjárgrunn,

b) fjárhæðir hlutdeilda minnihluta og gerninga í viðbótareiginfé þáttar 1 og þáttar 2, ásamt tengdu óráðstöfuðu eigin fé og yfirverðsreikningum hlutafjár, gefnum út af dótturfélögum sem talin eru með í samanlögðu almennu eigin fé þáttar 1, viðbótareiginfé þáttar 1, eiginfjárþætti 2 og eiginfjárgrunni í samræmi við 4. þátt 1. kafla,

c) áhrif á almennt eigið fé þáttar 1, viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþátt 2 og eiginfjárgrunn einstakra sía og frádráttar sem beitt er í samræmi við 481. gr.,

d) eðli og fjárhæð liða sem uppfylla skilyrði liða bókfærðs almenns eigin fjár þáttar 1, liða í þætti 1 og þætti 2 samkvæmt beitingu undanþáganna sem tilgreindar eru í 2. þætti 2. kafla.

4. Frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2021 skulu stofnanir birta upplýsingar um fjárhæðir gerninga sem uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2 samkvæmt beitingu 484. gr.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina samræmd snið fyrir birtingu upplýsinga sem gerðar eru í samræmi við þessa grein. Sniðin skulu fela í sér liðina sem taldir eru upp í a-, b-, d- og e-lið 1. mgr. 437. gr., eins og henni var breytt með 1. og 2. kafla í þessum bálki.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. KAFLI

Stórar áhættuskuldbindingar, kröfur vegna eiginfjárgrunns, vogun og Basel I lágmarkið

493. gr.

Umbreytingarákvæði fyrir stórar áhættuskuldbindingar

1. Ákvæði þau um stórar áhættuskuldbindingar sem mælt er fyrir um í 387.–403. gr. skulu ekki gilda um fjarfestingarfyrirtæki sem hafa eingöngu að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og sem tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta [1] gilti ekki um þann 31. desember 2006. Þessi undanþága gildir til 31. desember 2017 eða til þess dags þegar allar breytingar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ganga í gildi, eftir því hvort er á undan.

2. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. desember 2015, á grundvelli samráðs við almenning og í ljósi umræðna við lögbær yfirvöld, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um:

a) viðeigandi fyrirkomulag varfærniseftirlits með verðbréfafyrirtækjum sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við hrávöruafleiðurnar eða hrávörusamningana sem eru tilgreindir í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

b) hversu æskilegt það er að breyta tilskipun 2004/39/EB til að búa til nýjan flokk verðbréfafyrirtækja sem hafa eingöngu að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem eru tilgreindir í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og varða orkuframboð.

Á grundvelli skýrslunnar getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu að breytingu á þessari reglugerð.

3. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. 400. gr. geta aðildarríki, vegna umbreytingartímabils þar til réttargerð öðlast gildi í kjölfar endurskoðunar í samræmi við 507. gr., en ekki síðar en 31. desember 2028, undanþegið eftirfarandi áhættuskuldbindingar að fullu eða að hluta frá beitingu ákvæða 1. mgr. 395. gr.:

a) sértryggð skuldabréf skv. 1., 3. og 6. mgr. 129. gr.,

b) eignaliði, sem fela í sér kröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 20% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta, og aðrar áhættuskuldbindingar vegna þessara héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eða ábyrgðir, sem þau veita, þar sem kröfur fengju 20% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

[1] Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27.

c) áhættuskuldbindingar stofnunar, þ.m.t. hlutdeildir eða annars konar eignarhald, við móðurfélag hennar, við önnur dótturfélög þess móðurfélags eða eigin dótturfélög, svo fremi að þau félög séu undir því eftirliti á samstæðugrundvelli sem haft er með stofnuninni sjálfri í samræmi við þessa reglugerð, tilskipun 2002/87/EB eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi. Áhættuskuldbindingar sem uppfylla ekki þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. þessarar reglugerðar eða ekki, skal farið með sem áhættuskuldbindingar vegna þriðja aðila,

d) eignaliði sem fela í sér kröfur á héraðs- eða svæðislánastofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, þ.m.t. hlutdeildir eða annars konar eignarhald, sem lánastofnunin í samræmi við ákvæði laga eða reglna tilheyrir í tengslaneti, og sem hafa samkvæmt þessum ákvæðum greiðslujöfnunarhlutverki að gegna innan tengslanetsins,

e) eignaliði sem fela í sér kröfur á lánastofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, sem stofnað er til af hálfu lánastofnana, þar sem ein þeirra starfar ekki á samkeppnisgrundvelli og veitir eða ábyrgist lán samkvæmt áætlunum um lagasetningu eða samþykktum sínum, til að styðja við tiltekna geira atvinnulífsins samkvæmt einhvers konar eftirliti stjórnvalda og takmörkunum á notkun lánanna, að því tilskildu að viðkomandi áhættuskuldbindingar stafi af þess háttar útlánum sem eru framlánuð lánþegunum fyrir milligöngu lánastofnana eða af ábyrgðum þess konar lána,

f) eignaliði, sem fela í sér kröfur á stofnanir og aðrar áhættuskuldbindingar þeirra, að því tilskildu að þessar áhættuskuldbindingar feli ekki í sér eiginfjárgrunn slíkra stofnana, vari ekki lengur en næstkomandi viðskiptadag og séu ekki tilgreindar í einhverjum af helstu viðskiptagjaldmiðlum,

g) eignaliði, sem fela í sér kröfur á seðlabanka í formi bindiskyldu sem er í vörslu viðkomandi seðlabanka og tilgreind í gjaldmiðli viðkomandi ríkis,

h) eignaliði sem fela í sér kröfur á ríkisstjórnir í formi lögbundinna krafna um lausafjárstöðu í ríkisskuldabréfum, sem tilgreind eru og fjármögnuð í gjaldmiðli viðkomandi ríkis, að því tilskildu að lánshæfismat þessara ríkisstjórna, sem utanaðkomandi tilnefnt lánshæfismatsfyrirtæki gefur út samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, sé í fjárfestingarflokki (e. *investment grade*),

i) 50% af bankaábyrgðum, með litla eða miðlungsáhættu, utan efnahagsreiknings og af þeim ónotuðu lánsheimildum, með litla eða miðlungsáhættu, sem um getur í I. viðauka og, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, 80% af tryggingum öðrum en lánatryggingum sem hafa lagalegan eða stjórnsýslulegan grundvöll og gagnkvæm ábyrgðarkerfi með stöðu lánastofnunar veita aðilum sínum,

j) tryggingar, sem krafist er samkvæmt lögum og notaðar eru þegar veðlán, sem fjármagnað er með útgáfu veðskuldabréfa, er greitt til veðlánstaka fyrir lokaskráningu veðs í þinglýsingarbók, að því tilskildu að tryggingin sé ekki notuð til að draga úr áhættu við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga,

k) eignaliði sem fela í sér kröfur á og aðrar áhættuskuldbindingar vegna viðurkenndra kauphalla.

494. gr.

Umbreytingarákvæði fyrir hæft fjármagn

Þrátt fyrir ákvæði ii-lið a-liðar og ii-lið b-liðar 1. mgr. 4. gr., getur hæft fjármagn innihaldið eiginfjárþátt 2 allt að eftirfarandi fjárhæðum:

a) 100% af eiginfjárþætti 1 á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014,

b) 75% af eiginfjárþætti 1 á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015,

c) 50% af eiginfjárþætti 1 á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

495. gr.

Meðferð á fjárhæðum áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinni

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. kafla þriðja hluta geta lögbær yfirvöld þar til 31. desember 2017 undanþegið frá innramatsaðferðinni tiltekna flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa, sem stofnanir og dótturfyrirtæki stofnana í Evrópusambandinu í því aðildarríki áttu þann 31. desember 2007. Lögbært yfirvald skal birta flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem njóta ávinnings af þessari meðferð, í samræmi við 143. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Undanþegna staðan skal metin sem fjöldi hlutabréfanna hinn 31. desember 2007 og öll viðbótarhlutabréf sem eru bein afleiðing þessarar eignarhlutdeildar, að því gefnu að þau auki ekki við hlutfallslegan eignarhluta í fjárfestingarfélagi.

Ef hlutfallslegur eignarhluti í tiltekinni eignarhlutdeild eykst við kaup skal sá hluti eignarhlutdeildarinnar sem telst umframhluti ekki falla undir undanþáguna. Undanþágan skal heldur ekki gilda um eignarhlutdeildir sem hún tók upphaflega til en sem hafa verið seldar og síðan keyptar aftur.

Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem falla undir þetta ákvæði skulu vera með fyrirvara um eiginfjárkröfur sem reiknaðar eru út í samræmi við staðalaðferðina skv. 2. kafla II. bálks í þriðja hluta og kröfurnar sem settar eru fram í IV. bálki í þriðja hluta, eftir því sem við á.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um framkvæmd þessarar málsgreinar.

2. Við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar 4. mgr. 114. gr. skal fram til 31. desember 2017 nota sömu áhættuvog í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórna eða seðlabanka aðildarríkja, sem eru tilgreindar í og fjármagnaðar með gjaldmiðli hvaða aðildarríkis sem er, og yrði notuð á slíkar áhættuskuldbindingar tilgreindar í og fjármagnaðar með gjaldmiðli ríkis þeirra.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina með hvaða skilyrðum lögbær yfirvöld skulu veita undanþáguna sem um getur í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

496. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértryggð skuldabréf

1. Þar til 31. desember 2017 er lögbærum yfirvöldum heimilt að falla frá, að fullu eða að hluta, 10% hámarkinu vegna forgangseininga sem gefnar eru út af frönskum Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnunum sem mælt er fyrir um í d- og f-lið 1. mgr. 129. gr., að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að verðbréfaðar áhættuskuldbindingar með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði séu útgefnar af aðila innan sömu samstæðu og útgefandi sértryggða skuldabréfsins er aðili að, eða af einingu sem tengist sömu miðlægu stofnun og útgefandi sértryggða skuldabréfsins tengist, þar sem sú sameiginlega aðild að samstæðu eða tengsl skulu ákvörðuð á sama tíma og hlutir sem njóta forréttinda eru gerðir að tryggingu fyrir sértryggðum skuldabréfum,

b) að aðili innan sömu samstæðu og útgefandi sértryggða skuldabréfsins er aðili að, eða eining sem tengist sömu miðlægu stofnun og útgefandi sértryggða skuldabréfsins, haldi einn stöðu síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni að því er varðar þessa hluti sem njóta forréttinda.

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 129. gr. og fram til 31. desember 2014 skulu ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar stofnunarinnar, sem uppfylltu skilyrði 20% áhættuvogar samkvæmt landslögum fyrir 28. júní 2013, teljast uppfylla skilyrði fyrir 1. lánshæfisþrep

3. Að því er varðar c-lið 5. mgr. 129. gr. og fram að 31. desember 2014 skulu ótryggðar forgangsáhættuskuldbindingar stofnunarinnar, sem uppfylltu skilyrði 20% áhættuvogar samkvæmt landslögum fyrir 29. júní 2013, teljast uppfylla skilyrði fyrir 20% áhættuvog.

497. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila

1. Þar til 15 mánuðum eftir gildistökudag síðasta tæknilega eftirlitsstaðalsins sem um getur í 16, 25., 26., 29., 34., 41., 42., 44., 45., 47. og 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða þar til ákvörðun hefur verið tekin samkvæmt 14. gr. þeirrar reglugerðar um viðurkenningu miðlæga mótaðilans, eftir því hvor dagurinn er á undan, má stofnun líta á þann miðlæga mótaðila sem fullgildan miðlægan mótaðila, að því tilskildu miðlægi mótaðilinn hafi starfsleyfi í staðfestuaðildarríki sínu til að veita stöðustofnunarþjónustu í samræmi við landslög þess aðildarríkis áður en allir tæknilegu eftirlitsstaðlarnir í 5., 8. til 11., 16., 18., 25., 26., 29., 34., 41., 42., 44., 45., 46., 47., 49., 56. og 81. gr. þessarar reglugerðar hafa verið samþykktir.

2. Þar til 15 mánuðum eftir gildistökudag síðasta tæknilega eftirlitsstaðalsins sem um getur í 16., 26., 29., 34., 41., 42., 44., 45., 47. og 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða þar til ákvörðun hefur verið tekin samkvæmt 25. gr. þeirrar reglugerðar um viðurkenningu miðlæga mótaðilans sem hefur staðfestu í þriðja landi, eftir því hvor dagurinn er á undan, má stofnun líta á þann miðlæga mótaðila sem fullgildan miðlægan mótaðila.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerð skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, til að framlengja umbreytingarákvæði í 1. og 2. mgr. þessarar greinar um sex mánuði til viðbótar, við sérstakar aðstæður ef það er nauðsynlegt og sanngjarnt til að forðast truflanir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

4. Ef miðlægur mótaðili á ekki vanskilasjóð og hefur ekki gert bindandi samkomulag við stöðustofnunaraðila sína sem gerir honum kleift að nota allar eða hluta upphafstrygginga frá stöðustofnunaraðilum sínum eins og þær væru forfjármagnað framlag skal stofnun, fram til loka frestsins sem skilgreindur eru í 1. og 2. mgr. og framlengdur skv. 3. mgr., eftir því sem við á, skipta réttu formúlunni til útreiknings á kröfu vegna eiginfjárgrunns (K_i) í 2. mgr. 308. gr. út fyrir eftirfarandi formúlu:

$$K_i = \left(1 + \beta \cdot \frac{N}{N - 2}\right) \cdot \frac{IM_i}{IM} \cdot K_{CM}$$

þar sem

IM = upphafstryggingar sem uppgjörsaðili i tilkynnir miðlægum mótaðila

IM = heildarfjárhæð upphafstryggingar sem miðlægi mótaðilinn hefur tilkynnt stofnuninni um.

498. gr.

Undanþága fyrir seljendur hrávöru

1. Ákvæði þau um kröfur vegna eiginfjárgrunns sem sett eru fram í þessari reglugerð skulu ekki gilda um verðbréfafyrirtæki sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og sem tilskipun 93/22/EBE gilti ekki um þann 31. desember 2006.

Þessi undanþága skal gilda til 31. desember 2017 eða til þess dags þegar allar breytingar samkvæmt 2. og 3. mgr. ganga í gildi, eftir því hvort er á undan.

2. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. desember 2015, á grundvelli samráðs við almenning og í ljósi umræðna við lögbær yfirvöld, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um:

a) viðeigandi fyrirkomulag varfærniseftirlits með verðbréfafyrirtækjum sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við hrávöruafleiðurnar eða hrávörusamningana sem eru tilgreindir í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

b) hversu æskilegt það er að breyta tilskipun 2004/39/EB til að búa til nýjan flokk fjárfestingafyrirtækja sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem eru tilgreindir í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB sem varðar orkuframboð þ.m.t. rafmagn, kol, gas og olíu.

3. Á grundvelli skýrslunnar, sem um getur í 2. mgr., getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur að breytingum á þessari reglugerð.

499. gr.

Vogun

1. Þrátt fyrir ákvæði 429. gr. og 430. gr., á tímabilinu milli 1. janúar 2014 og 31. desember 2021, skulu stofnanir reikna út og gefa skýrslu um vogunarhlutfallið með því að nota hvort tveggja eftirfarandi sem mælistærð fjármagns:

a) eiginfjárþátt 1,

b) eiginfjárþátt 1, með fyrirvara um undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. kafla þessa bálks.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 451. gr. geta stofnanir valið hvort þær birti upplýsingarnar um vogunarhlutfallið, byggt á annað hvort annarri eða báðum skilgreiningunum á mælistærð fjármagns sem tilgreindar eru í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar. Ef stofnanir breyta ákvörðun sinni um hvaða vogunarhlutfall þær birta upplýsingar um skal fyrsta birting sem á sér stað eftir slíka breytingu innihalda samrýmingu á upplýsingunum um öll vogunarhlutföll sem upplýsingar hafa verið birtar um allt til breytingarinnar.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 429. gr., á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2017, geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að reikna út vogunarhlutfall í lok ársfjórðungs ef þau álíta að stofnanir hafi ekki nægilega góð gögn til að reikna út vogunarhlutfall sem er meðaltal mánaðarlegs vogunarhlutfalls yfir ársfjórðung.

500. gr.

Umbreytingarákvæði – Basel I lágmark

1. Stofnanir, sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 3. kafla II. bálks þriðja hluta, og stofnanir, sem nota þróaðar mæliaðferðir, eins og þær eru tilgreindar í 4. kafla III. bálks þriðja hluta, við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns í tengslum við rekstraráhættu skulu uppfylla báðar eftirfarandi kröfur til 31. desember 2017:

a) eiginfjárgrunnur þeirra skal vera eins og krafist er í 92. gr.,

b) eiginfjárgrunnur þeirra skal öllum stundum vera að lágmarki eða meiri en 80% af lágmarksheildarfjárhæð eiginfjárgrunns sem stofnuninni væri skylt að bera, skv. 4. gr. tilskipunar 93/6/EBE eins og sú tilskipun ásamt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]) stóðu fyrir 1. janúar 2007.

2. Með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda getur krafa um eiginfjárgrunn, sem skal ætíð vera a.m.k. 80% af þeim eiginfjárgrunni sem stofnuninni yrði gert að hafa skv. 92. gr., komið í stað þeirrar fjárhæðar, sem um getur í b-lið 1. mgr., þar sem fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga eru reiknaðar út í samræmi við þriðja hluta (2. kafla II. bálks) og þriðja hluta (2. eða 3. kafla III. bálks), eftir því sem við á, í stað þriðja hluta (3. kafla II. bálks) eða þriðja hluta (4. kafla III. bálks), eftir því sem við á.

3. Lánastofnun má því aðeins beita 2. mgr. að hún hafi byrjað að beita innramatsaðferðinni eða þróuðu mæliaðferðunum við útreikning á eiginfjárkröfum sínum 1. janúar 2010 eða síðar.

4. Kröfunum í b-lið 1. mgr. skal fullnægt á grundvelli fjárhæða eiginfjárgrunns sem hafa að fullu verið aðlagaðar þannig að þær endurspegli muninn á útreikningi á eigin fé samkvæmt tilskipun 93/6/EBE og tilskipun 2000/12/EB, eins og þær stóðu fyrir 1. janúar 2007, og útreikningi á eiginfjárgrunni samkvæmt þessari reglugerð en munurinn verður til við aðgreinda meðferð á væntu tapi og óvæntu tapi skv. 3. kafla II. bálks þriðja hluta þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, p. 1.

5. Lögbær yfirvöld geta, að höfðu samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, fallið frá beitingu b-liðar 1. mgr. gagnvart stofnunum að því tilskildu að öllum kröfum varðandi innramatsaðferðina, sem fram koma í þriðja hluta (6. þætti 3. kafla II. bálks), eða viðurkenndum viðmiðunum varðandi notkun þróuðu mæliaðferðarinnar, sem fram kemur í 4. kafla III. bálks þriðja hluta, eftir því sem við á, hafi verið fullnægt.

6. Eigi síðar en 1. janúar 2017 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um það hvort rétt sé að framlengja beitingu Basel I lágmarksins fram yfir 31. desember 2017 til að tryggja að fyrir hendi sé öryggiskerfi fyrir eigin líkön, þar sem tekið er tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og alþjóðlega viðurkenndra staðla. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

501. gr.

Frádráttur eiginfjárkrafna vegna útlánaáhættu sem tengist áhættukröfum á lítil og meðalstór fyrirtæki

1. Margfalda skal eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu sem tengist áhættukröfum á lítil og meðalstór fyrirtæki með stuðlinum 0,7619.

2. Við beitingu þessarar greinar:

a) Skal áhættukrafan annaðhvort talin með í smásölu- eða fyrirtækjaflokkum eða tryggð með veði í fasteign. Áhættukröfur sem eru komnar í vanskil skulu undanskildar.

b) Eru lítil og meðalstór fyrirtæki skilgreind í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]). Af þeim viðmiðunum sem eru skráð í 2. gr. viðaukans við þau tilmæli skal einungis hafa hliðsjón af ársveltu.

c) Skal heildarfjárhæðin, sem viðkomandi viðskiptavinur eða hópur tengdra viðskiptavina, skuldar lánastofnuninni og móðurfyrirtækinu og dótturfyrirtækjum þess, þ.m.t. allar áhættuskuldbindingar í vanskilum, að frátöldum kröfum eða ábyrgðarkröfum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði, ekki fara yfir 1,5 milljón evra svo lánastofnuninni sé kunnugt um. Stofnunin skal grípa til réttmætra ráðstafana til að afla sér þessarar vitneskju.

3. Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu á þriggja mánaða fresti um heildarfjárhæð áhættukrafna á lítil og meðalstór fyrirtæki í samræmi við 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. júní 2016, gefa skýrslu um áhrif eiginfjárkrafna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á lánveitingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og einstaklinga og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að því er 4. mgr. varðar, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um eftirtalin atriði:

a) greiningu á þróun hvað varðar lánveitingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og skilyrðin sem þau þurfa að uppfylla á því tímabili sem um getur í 4. mgr.,

b) greiningu á raunverulegri áhættu tengdri litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Sambandinu yfir heilt hagsveiflutímabil,

c) samkvæmni milli eiginfjárkrafna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hvað varðar útlánaáhættu, sem tengist áhættuskuldbindingum á lítil og meðalstór fyrirtæki, og niðurstaðna greiningarinnar skv. a- og b-lið.

II. BÁLKUR

SKÝRSLUGJÖF OG ENDURSKOÐUN

502. gr.

Áhrif eiginfjárkrafna á hagsveifluna

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, evrópska kerfisáhætturáðið og aðildarríkin og að teknu tilliti til álits Seðlabanka Evrópu, fylgjast reglubundið með því hvort þessi reglugerð hafi í heild, ásamt tilskipun 2013/36/ESB, veruleg áhrif á hagsveifluna og skal, í ljósi þeirrar athugunar, íhuga hvort þörf sé á ráðstöfunum til úrbóta.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. desember 2013, skýrslu um það hvort og þá hvernig á að samstilla aðferðafræði stofnana, sem vinna samkvæmt innramatsaðferðinni, með það í huga að gera líkari eiginfjárkröfur, jafnframt því að draga úr líkum á sveifluaukningu.

Á grundvelli þessarar greiningar og að teknu tilliti til álits Seðlabanka Evrópu skal framkvæmdastjórnin taka saman tveggja ára skýrslu og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt viðeigandi tillögum. Við gerð skýrslunnar skal taka viðeigandi tillit til framlags lántakenda og lánveitenda.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu c-liðar 1. mgr. 33. gr. og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

Með hliðsjón af brottfall c-liðar 1. mgr. 33. gr. og hugsanlegri beitingu hennar á vettvangi Sambandsins skal með endurskoðuninni einkum tryggja að fullnægjandi verndarráðstafanir séu fyrir hendi svo að tryggja megi fjárhagslegan stöðugleika innan allra aðildarríkja.

503. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns í tengslum við áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu, ásamt viðeigandi tillögum, um það hvort sú áhættuvog, sem mælt er fyrir um í 129. gr., og kröfur um eiginfjárgrunn í tengslum við sértæka áhættu í 3. mgr. 336. gr. séu fullnægjandi hvað varðar alla þá gerninga sem uppfylla skilyrði til þessarar meðferðar og hvort viðmiðanir í 129. gr. eigi við.

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

2. Í skýrslunni og tillögunum, sem um getur í 1. mgr., skal hafa hliðsjón af:

a) því að hvaða marki gerður er nægilegur greinarmunur á breytilegu lánshæfi sértryggðra skuldabréfa og veðum þeim til tryggingar í eiginfjárkröfum samkvæmt núverandi reglum um sértryggð skuldabréf, þ.m.t. hversu breytileikinn er mikill í aðildarríkjum,

b) gagnsæi á markaði fyrir sértryggð skuldabréf og að hvaða marki þetta auðveldar fjárfestum heildstæða innri greiningu hvað varðar útlánaáhættu sértryggðra skuldabréfa og veð þeim til tryggingar og aðgreiningu eigna við ógjaldfærni útgefanda, þ.m.t. mildandi áhrif af undirliggjandi ströngum lagaramma aðildarríkis í samræmi við 129. gr. þessarar reglugerðar og 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB um heildarlánshæfi sértryggðra skuldabréfa og áhrif þeirra á það gagnsæi sem fjárfestum er nauðsynlegt og

c) að hvaða marki útgáfa sértryggðra skuldabréfa hefur áhrif á útlánaáhættu sem aðrir kröfuhafar útgáfustofnunarinnar standa frammi fyrir.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2013, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um það hvort líta skuli á lán með veði í flugvélum (e. aircraft liens) og lán til íbúðarhúsnæðis, sem er tryggt með ábyrgðaryfirlýsingu en ekki skráðu fasteignaveði, sem veðhæfa eign við tilteknar kringumstæður í samræmi við 129. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, endurskoða hvort undanþágurnar, sem settar eru fram í 496. gr., eigi við og hvort viðeigandi sé að rýmka sambærilega meðferð þannig að hún nái yfir aðrar tegundir sértryggðra skuldabréfa. Í ljósi þeirrar endurskoðunar getur framkvæmdastjórnin samþykkt, ef við á, framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að gera undanþáguna varanlega eða lagt fram tillögu að nýrri löggjöf þannig að hún taki til annarra tegunda sértryggðra skuldabréfa.

504. gr.

Fjármagnsgerningar sem opinber yfirvöld skrá sig fyrir í neyðartilvikum

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu, ásamt viðeigandi tillögum, um það hvort nauðsynlegt sé að breyta eða fella niður þá meðferð sem sett er fram í 31. gr.

505. gr.

Endurskoðun langtímafjármögnunar

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu, ásamt viðeigandi tillögum, um það hvort kröfur þessarar reglugerðar eigi við í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja fullnægjandi fjármögnun allra tegunda langtímafjárfestingar í efnahagskerfinu, þ.m.t. bráðnauðsynleg verkefni tengd innviðum í Sambandinu á sviði flutninga-, orku- og fjarskiptamála.

506. gr.

Útlánaáhætta – skilgreining á vanskilum

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2017, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um hvernig það að breyta 90 daga vanskilum í 180 daga vanskil, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 178. gr., hefur áhrif á fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga og hvort rétt sé að beita þessu ákvæði eftir 31. desember 2019.

Á grundvelli skýrslunnar getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu að nýrri löggjöf með breytingu á þessari reglugerð.

507. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu j-liðar 1. mgr. 400. gr. og 2. mgr. 400. gr., þ.m.t. hvort aðildarríkin hafa rétt til að taka ákvörðun um beitingu þeirra undanþága sem fram koma í 2. mgr. 400 gr., og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

Að því er varðar hugsanlegt afnám ákvörðunarvalds aðildarríkis skv. c-lið 2. mgr. 400. gr. og mögulega beitingu þess á vettvangi Sambandsins skal við endurskoðunina einkum taka tillit til skilvirkni áhættustýringar samstæðu og á sama tíma tryggja að fullnægjandi verndarráðstafanir séu fyrir hendi til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika innan allra aðildarríkja þar sem eining innan samstæðu er skráð.

508. gr.

Umfang beitingar

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu II. bálks fyrsta hluta og 6. og 7. mgr. 113. gr. og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar 31. desember 2015, gefa skýrslu um það hvort og þá hvernig krafa varðandi lausafjárþekju, sem mælt er fyrir um í sjötta hluta, skuli gilda um verðbréfafyrirtæki og skal, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og í ljósi viðræðna við lögbær yfirvöld, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um viðeigandi fyrirkomulag á varfærniseftirliti með verðbréfafyrirtækjum og þeim fyrirtækjum sem um getur í 4. gr (b- og c-lið 2. liðar 1. mgr.). Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

509. gr.

Kröfur varðandi lausafjárstöðu

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með og meta þær skýrslur sem gerðar eru í samræmi við 1. mgr. 415. gr. hver sem gjaldmiðillinn og hvert sem viðskiptalíkanið er. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið, endanlega notendur utan fjármálamarkaða, bankakerfið, lögbær yfirvöld og seðlabanka innan seðlabankakerfis Evrópu, tilkynna framkvæmdastjórninni árlega og í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 2013 um það hvort almenn krafa varðandi lausafjárþekju í sjötta hluta, sem byggist á þeim liðum sem gefa skal skýrslu um í samræmi við II. bálk sjötta hluta og III. viðauka, sé líkleg til að hafa verulega skaðleg áhrif á starfsemi og áhættulýsingu stofnana með staðfestu í Sambandinu eða á stöðugleika og eðlilega starfsemi fjármálamarkaða eða á efnahagslífið og stöðugleika í lánveitingum banka, með sérstakri áherslu á lánveitingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á fjármögnun viðskipta, þ.m.t. lánveitingar innan ramma opinberra kerfa greiðsluvátrygginga vegna útflutnings.

Í skýrslunni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal taka tilhlýðilegt tillit til markaða og þróunar á alþjóðlegu regluverki, auk samspils kröfu varðandi lausafjárþekju og annarra varfærniskrafna samkvæmt þessari reglugerð, s.s. áhættuþekjuhlutfalls fjármagns eins og það er sett fram í 92. gr. og vogunarhlutfalls.

Evrópuþingið og ráðið skulu fá tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi skýrsluna sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í þeirri skýrslu, sem um getur í 1. mgr., einkum meta eftirfarandi þætti:

a) Innleiðingu kerfa til að takmarka virði lausafjárinnstreymis, einkum með það í huga að ákvarða viðeigandi innstreymismörk og skilyrði fyrir beitingu þeirra, með hliðsjón af mismunandi viðskiptalíkönum, þ.m.t. gegnumstreymisfjármögnun (e. *pass-through financing*), kröfukaup, eignaleigustarfsemi, sértryggð skuldabréf, fasteignaveð, útgáfa sértryggðra skuldabréfa, og að hvaða marki breyta skal eða fella niður þessi mörk til að taka tillit til sérkenna sérstakrar fjármögnunar.

b) Kvörðun inn- og útstreymis sem um getur í II. bálki sjötta hluta, einkum skv. 7. mgr. 422. gr. og 2. mgr. 425. gr.

c) Innleiðingu kerfa sem takmarka gildissvið krafna varðandi lausafjárþekju við tiltekna flokka lausafjár, einkum þegar viðeigandi lágmarkshlutfall lausafjár, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 416. gr., er metið í tengslum við heildarlausafjáreignir, prófun á 60% viðmiðunarmörkum og með hliðsjón af þróun regluverks á alþjóðavettvangi. Ekki skal reikna eignir, sem eru fengnar að láni og gjaldfallnar eða heimilt er að innkalla innan 30 almanaksdaga, nema því aðeins að eignirnar hafi fengist gegn tryggingu sem uppfyllir einnig skilyrði skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. 416. gr.

d) Innleiðingu sérstakra lægri útstreymishlutfalla og/eða hærri innstreymishlutfalla að því er varðar streymi innan samstæðu, þar sem tilgreint er með hvaða skilyrðum slíkt sérstakt inn- eða útstreymishlutfall er réttlætt út frá varfærnissjónarmiðum og sett fram ítarlegt yfirlit yfir aðferðafræði þar sem stuðst er við hlutlægar viðmiðanir og breytur í því skyni að ákvarða umfang innstreymis og útstreymis milli stofnana og mótaðila þegar þeir hafa ekki staðfestu í sama aðildarríki.

e) Kvörðun nýtingarhlutfalls sem á við um ónotuð bindandi lán og ónotaðar lausafjárfyrirgreiðslur sem falla undir 3. og 5. mgr. 424. gr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum gera prófun á 100% nýtingarhlutfalli.

f) Skilgreiningu á smásöluinnlánum í 2. lið 411. gr., einkum hvort ráðlegt sé að koma á viðmiðunarmörkum hvað varðar innlán einstaklinga.

g) Þörfina á því að koma á nýjum flokki fyrir smásöluinnlán með lægra útstreymi í ljósi sérkenna slíkra innlána sem kann að réttlæta lægra útstreymishlutfall og með hliðsjón af þróun á alþjóðavettvangi.

h) Undanþágur frá kröfum um samsetningu lausafjár, sem krafist er að stofnanirnar hafi, þegar sameiginleg og rökstudd lausafjárþörf stofnananna í tilteknum gjaldmiðli er umfram það lausafé sem aðgengilegt er og þau skilyrði sem gilda um slíkar undanþágur.

i) Skilgreiningu á fjármálaafurðum, sem samrýmast Sharia-lögum og eru settar fram sem valkostur fyrir banka sem starfa í samræmi við þau lög hvað varðar fjármuni sem myndu teljast lausafé að því er varðar 416. gr.

j) Skilgreiningu á álagsaðstæðum, þ.m.t. meginreglur varðandi nýtingu lausafjárforða og nauðsynleg viðbrögð eftirlitsaðila, sem gerir stofnunum kleift að nýta lausafé sitt til að mæta útstreymi lausafjár, og hvernig skuli fara með tilvik þar sem reglum er ekki fylgt.

k) Skilgreiningu á rekstrarsambandi sem komið hefur verið á við viðskiptavin utan fjármálamarkaðar eins og um getur í c-lið 3. mgr. 422. gr.

l) Kvörðun útstreymismarka sem gilda um millibankaviðskipti og viðskiptaþjónustu við fagfjárfesta eins og um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 422. gr.

m) Kerfi um að beita áfram eldri reglum um ríkistryggð skuldabréf, sem hafa verið gefin út til lánastofnana sem þáttar í stuðningsráðstöfunum ríkisins með samþykki ESB varðandi ríkisaðstoð, svo sem skuldabréf sem eignastýringarfyrirtækið NAMA á Írlandi og spænska eignastýringarfyrirtækið á Spáni gefa út í því skyni að færa lélegar eignir af efnahagsreikningi lánastofnana sem afar auðseljanlegar eignir með afar mikið lánshæfi a.m.k. fram í desember 2023.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu, eigi síðar en 31. desember 2013, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um viðeigandi samræmdar skilgreiningar á því hvað teljast vera auðseljanlegar og afar auðseljanlegar framseljanlegar eignir með mikið eða afar mikið lánshæfi að því er 416. gr. varðar og viðeigandi skerðingu að því er varðar eignir sem myndu teljast lausafjáreignir með tilliti til 416. gr., að frátöldum eignum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 416. gr.

Evrópuþingið og ráðið skulu fá tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi skýrsluna.

Í skýrslunni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal einnig fjallað um:

a) aðra eignaflokka, einkum verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði, sem teljast auðseljanlegar eignir með mikið lánshæfi,

b) aðra flokka veðhæfra verðbréfa eða lána seðlabanka, t.d. skuldabréf og viðskiptabréf sveitarfélaga, og

c) aðrar veðhæfar en framseljanlegar eignir utan seðlabanka, t.d. hlutabréf skráð á viðurkenndum verðbréfamarkaði, gull, stórir vísitölutengdir hlutabréfagerningar, skuldabréf með ábyrgð, sértryggð skuldabréf, fyrirtækjaskuldabréf og sjóði sem byggjast á þessum eignum.

4. Í skýrslunni, sem um getur í 3. mgr., skal taka til skoðunar hvort og þá að hvaða marki telja skuli loforð um lánafyrirgreiðslu, sem um getur í e-lið 1. mgr. 416. gr., til lausafjár í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi og með hliðsjón af evrópskum sérkennum, þ.m.t. á hvern hátt peningamálastefna er framkvæmd í Sambandinu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum kanna hvort og í hvaða mæli eftirfarandi viðmiðanir eiga við í tengslum við slíkar skilgreiningar:

a) lágmarksmagn viðskipta með eignirnar,

b) lágmarksmagn útistandandi eigna,

c) gagnsæjar upplýsingar um verðlagningu og í kjölfar viðskipta,

d) lánshæfisþrep sem um getur í 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

e) heimildir um verðstöðugleika,

f) meðalmagn verslunar og meðalstærð viðskipta,

g) hámarksverðbil kaup- og sölutilboðs,

h) hversu langur tími er til gjalddaga,

i) lágmarksveltuhlutfall.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal enn fremur gefa skýrslu um eftirfarandi atriði eigi síðar en 31. janúar 2014:

a) samræmdar skilgreiningar á auðseljanlegum og afar auðseljanlegum eignum með mikið og afar mikið lánshæfi,

b) hugsanlegar ófyrirséðar afleiðingar af skilgreiningu á lausafé á framkvæmd peningastefnuaðgerðar og að hvaða marki:

i. skrá yfir lausafé, sem er ótengd skrá yfir veðhæfar eignir seðlabanka, kann að vera stofnunum hvatning til að leggja fram veðhæfar eignir, sem falla ekki undir skilgreininguna á lausafé, í endurfjármögnunaraðgerðum,

ii. setning reglna um lausafé kann að draga úr áhuga stofnana á að lána eða taka fé að láni á ótryggðum peningamarkaði sem kann að leiða til gagnrýni á það markmið að nota millibankadagvexti í evrum (EONIA) við framkvæmd peningamálastefnunnar,

iii. innleiðing kröfu varðandi lausafjárþekju kann að gera seðlabönkum það erfiðara að tryggja verðstöðugleika með því að nota fyrirliggjandi ramma og gerninga peningamálastefnunnar,

c) kröfur um starfrækslu vegna eignarhlutdeildar í lausafjáreignum, eins og um getur í b- til f-lið 417. gr., í samræmi við þróun alþjóðareglna.

510. gr.

Kröfur varðandi trygga nettófjármögnun

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu, á grundvelli þeirra liða sem tilkynna skal um í samræmi við III. bálk sjötta hluta, um það hvort og hvernig rétt væri að tryggja að stofnanir noti trygga fjármögnun, þ.m.t. mat á áhrifum á viðskipti og áhættulýsingar á stofnunum sem hafa staðfestu í Sambandinu eða áhrifum á fjármálamarkaði eða efnahagslífið og útlánastarfi, með sérstakri áherslu á lánveitingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á viðskiptafjármögnun, þ.m.t. lánveitingar innan ramma opinberra vátryggingakerfa vegna útflutnings og líkana fyrir gegnumstreymisfjármögnun, þ.m.t. veðlán með jafnháu mótframlagi. Einkum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin greina áhrif tryggrar fjármögnunar á fyrirkomulag endurfjármögnunar í ólíkum líkönum fyrir bankastarfsemi í Sambandinu.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einnig, eigi síðar en 31. desember 2015, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu, á grundvelli liða sem tilkynna skal um í samræmi við III. bálk sjötta hluta og í samræmi við samræmt skýrslusnið sem um getur í a-lið 3. mgr. 415. gr. og að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið, um þá aðferðafræði sem notuð er til að ákvarða fjárhæð tryggrar fjármögnunar, sem stendur stofnunum til boða og þær þurfa á að halda, og um viðeigandi samræmdar skilgreiningar til að reikna út kröfur varðandi trygga fjármögnun, þar sem eftirtalin atriði eru einkum könnuð:

a) flokkar og vægi að því er varðar trygga fjármögnun í 1. mgr. 427. gr.,

b) flokkar og vægi í tengslum við ákvörðun krafna varðandi trygga fjármögnun í 1. mgr. 428. gr.,

c) aðferðafræði skal fela í sér hvetjandi og letjandi þætti, eftir því sem við á, til að hvetja til enn tryggari langtímafjármögnunar eigna, atvinnustarfsemi, fjárfestinga og fjármögnunar stofnana,

d) hvort nauðsynlegt sé að þróa ólíka aðferðafræði fyrir ólíkar tegundir stofnana.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, ef við á og með tilliti til þeirra skýrslna, sem um getur í 1. og 2. mgr. og með fullu tilliti til fjölbreytileikans í bankageira Sambandsins, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf um það hvernig tryggt verður að stofnanir noti trygga fjármögnun.

511. gr.

Vogun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið, á grundvelli niðurstaðna í þeirri skýrslu sem um getur í 3. mgr., skýrslu um áhrif og skilvirkni vogunarhlutfalls.

2. Ef við á skal fylgja skýrslunni tillaga að nýrri löggjöf um innleiðingu viðeigandi fjölda þrepa fyrir vogunarhlutfall, sem gerð yrði krafa um að stofnanir innan ólíkra viðskiptalíkana fylgi, með tillögu um fullnægjandi kvörðun þessara þrepa og hvers kyns viðeigandi aðlaganir á fjármagnsmælingu og mælingu á heildaráhættu, eins og um getur í 429. gr., ásamt hver kyns tengdum sveigjanleikaráðstöfunum ef nauðsyn krefur, þ.m.t. viðeigandi breytingar á 458. gr. til að innleiða vogunarhlutfall innan ramma ráðstafana sem fram koma í þeirri grein.

3. Að því er 1. mgr. varðar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu, eigi síðar en 31. október 2016, um a.m.k. eftirtalda þætti:

a) hvort sá rammi um vogunarhlutfall, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og 87. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sé viðeigandi tæki til að draga, með fullnægjandi hætti og í nauðsynlegum mæli, úr hættu á of mikilli vogun af hálfu stofnananna,

b) greina viðskiptalíkön sem endurspegla heildaráhættusnið stofnananna og innleiða aðgreind þrep vogunarhlutfalls fyrir þessi viðskiptalíkön,

c) hvort þær kröfur, sem mælt er fyrir um í 76. og 87. gr. tilskipunar 2013/36/ESB í samræmi við 73. og 97. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, til að takast á við hættu á of mikilli vogun dugi til að tryggja trausta áhættustjórnun stofnananna og, ef svo er ekki, hvaða frekari ráðstafanir þarf að gera til að tryggja að þessum markmiðum verði náð,

d) hvort og þá hvaða breytingar á útreikningsaðferðinni, sem um getur í 429. gr., væru nauðsynlegar til að tryggja að unnt sé að nota vogunarhlutfall sem viðeigandi vísi að því er varðar hættu stofnunar á of mikilli vogun,

e) hvort, í tengslum við útreikning á heildaráhættu vegna vogunarhlutfalls, virði áhættuskuldbindingar í samningum, sem taldir eru upp í II. viðauka og er ákvörðuð með aðferð upprunalegrar áhættu, er í veigamiklum atriðum ólík virði áhættuskuldbindingar sem er ákvörðuð með markaðsvirðisaðferðinni,

f) hvort það að nota annað hvort eiginfjárgrunn eða almennt eigið fé þáttar 1 sem fjármagnsmælingu vogunarhlutfalls gæti átt betur við í því skyni að rekja hættu á of mikilli vogun og, í því tilviki, hver væri viðeigandi kvörðun vogunarhlutfallsins,

g) hvort sá umbreytingarstuðull, sem um getur í a-lið 10. mgr. 429. gr. fyrir ónotaðar lánsheimildir, sem hægt er að fella niður án skilyrða hvenær sem er og fyrirvaralaust, sé hæfilega varfærinn, byggt á þeim gögnum sem aflað er á athugunartímabilinu,

h) hvort tíðni og snið á birtingu liða, sem um getur í 451. gr., séu fullnægjandi,

i) viðeigandi þrep vogunarhlutfalls fyrir hvert viðskiptalíkan sem er staðfest í samræmi við b-lið,

j) hvort skilgreina skuli umfang hvers þreps vogunarhlutfallsins,

k) hvort innleiðing kröfu varðandi vogunarhlutfall stofnana myndi kalla á breytingar á ramma um vogunarhlutfall sem kveðið er á um í þessari reglugerð og, í því tilviki, hvers konar breytingar,

l) hvort innleiðing kröfu varðandi vogunarhlutfall stofnana myndi í reynd takmarka hættu á of mikilli vogun þessara stofnana og í því tilviki hvort allar stofnanir skuli vera á sama þrepi vogunar eða hvort ákvarða á það samkvæmt áhættusniði og viðskiptamódeli, auk stærðar stofnana, og hvort krafist er viðbótarkvörðunar eða umbreytingartímabils í þessu tilliti.

4. Skýrslan, sem um getur í 3. mgr., skal a.m.k. taka til tímabilsins frá 1. janúar 2014 til 30. júní 2016 og hafa hliðsjón af a.m.k. eftirfarandi þáttum:

a) áhrifum þess að innleiða kröfu varðandi vogunarhlutfall, ákvarðað í samræmi við 429. gr., sem stofnanir þurfa að uppfylla varðandi:

   i. fjármálamarkaði almennt og markaði fyrir endurhverf viðskipti, einkum afleiður og sértryggð skuldabréf,

   ii. traustleika stofnana,

   iii. viðskiptalíkön og það skipulag sem stofnanir hafa á efnahagsreikningum, einkum hvað varðar áhættulitla viðskiptastarfsemi, s.s. stuðningslán frá opinberum þróunarbönkum, lán sveitarfélaga, fjármögnun íbúðarhúsnæðis og önnur áhættulítil svið sem eru eftirlitsskyld samkvæmt landslögum,

   iv. tilfærslu áhættuskuldbindinga til aðila sem lúta ekki varfærniseftirliti,

   v. nýsköpun á fjármálasviði, einkum þróun gerninga með innbyggðri vogun,

   vi. áhættusækni stofnana,

   vii. stöðustofnun, uppgjör og vörslustarfsemi og starfsemi miðlægs mótaðila,

   viii. lotueðli fjármagnsmælingar og mælingar á heildaráhættu vegna vogunarhlutfalls,

   ix. lánveitingar banka, með sérstakri áherslu á lánveitingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, staðaryfirvalda, héraðsstjórna og opinberra aðila og á viðskiptafjármögnun, þ.m.t. lánveitingar innan ramma opinberra kerfa greiðsluvátrygginga vegna útflutnings,

b) samspil vogunarhlutfalls og áhættutengdra eiginfjárkrafna og lausafjárkrafna eins og tilgreint er í þessari reglugerð,

c) áhrif mismunandi reikningsskila í reikningsskilastöðlum sem er beitt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, reikningsskilastöðlum sem er beitt samkvæmt tilskipun 86/635/EBE og annarri viðeigandi reikningsskilaumgjörð svo og annarri viðeigandi reikningsskilaumgjörð um sambærileika vogunarhlutfalls.

512. gr.

Áhættuskuldbindingar vegna yfirfærslu útlánaáhættu

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu og skilvirkni ákvæða fimmta hlutar í ljósi þróunar á alþjóðlegum mörkuðum.

513. gr.

Þjóðhagsvarúðarreglur

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2014, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurskoða hvort þær þjóðhagsvarúðarreglur, sem er að finna í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, nægi til að draga úr kerfisáhættu í geirum, á svæðum og í aðildarríkjum, þ.m.t. mat á því:

a) hvort núgildandi þjóðhagsvarúðartæki í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB séu árangursrík, skilvirk og gagnsæ:

b) hvort umfang og möguleg stig í skörun milli ólíkra þjóðhagsvarúðartækja til að takast á við áþekka áhættu í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB séu fullnægjandi og, ef við á, leggja til nýjar þjóðhagsvarúðarreglur,

c) hvernig alþjóðlega viðurkenndir staðlar fyrir kerfistengdar stofnanir og ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB spila saman og, ef við á, leggja fram tillögu að nýjum reglum sem taka tillit til þessara alþjóðlega viðurkenndu staðla.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, á grundvelli samráðs við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um það mat sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf.

514. gr.

Útlánaáhætta mótaðila og aðferð upprunalegrar áhættu

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu 275. gr. og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt, ef við á, viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf.

515. gr.

Eftirlit og mat

1. Eigi síðar en 2. janúar 2015, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, ásamt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, gefa skýrslu, um framkvæmd þessarar reglugerðar og skyldra skuldbindinga samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, einkum með hliðsjón af stofnunum sem starfrækja miðlægan mótaðila, til að komast hjá skörun krafna varðandi afleiðuviðskipti og þar með komast hjá aukinni eftirlitsáhættu og auknum kostnaði lögbærra yfirvalda vegna eftirlits.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með og meta framkvæmd ákvæða um kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættukröfur á miðlægan mótaðila eins og fram kemur í 9. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 1. janúar 2015, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um áhrif og skilvirkni þessara ákvæða.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, endurskoða og gefa skýrslu um það hvernig þessi reglugerð samrýmist skyldum skuldbindingum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, kröfum vegna eiginfjárgrunns sem fram koma í 9. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta og skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

516. gr.

Langtímafjármögnun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, gefa skýrslu um áhrif þessarar reglugerðar á hvatningu til langtímafjárfestinga í vaxtarhvetjandi innviðum.

517. gr.

Skilgreining á hæfu fjármagni

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, endurskoða og gefa skýrslu um það hvort við hæfi sé að beita skilgreiningunni á hæfu fjármagni að því er varðar III. bálk annars hluta og fjórða hluta og skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

518. gr.

Endurskoðun á fjármagnsgerningum sem færa má niður eða breyta þegar stofnun telst ekki lengur lífvænleg

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, endurskoða og gefa skýrslu um það hvort rétt væri að hafa í þessari reglugerð kröfu um að færa skuli viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og fjármagnsgerninga þáttar 2 niður þegar ákvarðað hefur verið að stofnun teljist ekki lengur lífvænleg. Framkvæmdastjórnin skal leggja þá skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögum að nýrri löggjöf, ef við á.

519. gr.

Eignir réttindatengds lífeyrissjóðs dregnar frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 30. júní 2014, gera skýrslu um það hvort endurskoðaður alþjóðlegur reikningsskilastaðall IAS 19, ásamt frádrætti nettólífeyriseigna eins og fram kemur í e-lið 1. mgr. 36. gr., og breytingar á nettólífeyrisskuldbindingum leiði til óeðlilegs flökts í eiginfjárgrunni stofnana.

Framkvæmdastjórnin skal, með hliðsjón af skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 31. desember 2014, skýrslu um málefnið sem um getur í fyrstu málsgrein, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, til að innleiða meðferð þar sem skilgreindar eignir réttindatengds lífeyrissjóðs eða skuldbindingar vegna útreiknings á eiginfjárgrunni eru aðlagaðar.

III. BÁLKUR

BREYTINGAR

520. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 648/2012

Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kafli bætist við í IV. bálki:

4. KAFLI

Útreikningar og skýrslugjöf að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 575/2013

50. gr. a

Útreikningur á K_{CCP}

1. Að því er varðar 308. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (*) þar sem miðlægur mótaðili hefur fengið tilkynninguna sem um getur í b-lið 2. mgr. 301. gr. þeirrar reglugerðar, skal hann reikna út K_{CCP} eins og tilgreint er í 2. mgr. þessarar greinar fyrir alla samninga og viðtæki sem hann stöðustofnar fyrir alla stöðustofnunaraðila sem falla undir umfang tiltekins vanskilasjóðs.

2. Miðlægur mótaðili skal reikna út áætlað fjármagn (K_{CCP}) sem hér segir:

$$K_{CCP} = \sum_i max\{EBRM_i - IM_i - DF_i; 0\} \cdot RW \cdot eiginfjárhlutfall$$

þar sem:

$EBRM_i$ = virði áhættuskuldbindingar fyrir mildun áhættu, sem er jafnt virði áhættuskuldbindingar miðlægs mótaðila gagnvart uppgjörsaðila i sem leiðir af öllum samningum og viðskiptum við þann uppgjörsaðila, reiknað án hliðsjónar af tryggingum sem sá uppgjöraðili leggur fram,

IM_i = upphafstryggingar sem uppgjörsaðili i tilkynnir miðlægum mótaðila,

DF_i = forfjármagnað framlag uppgjörsaðila i,

RW = 20% áhættuvog,

Eiginfjárhlutfall = 8%

Sérhvert virði í formúlunni í fyrstu undirgrein skal tengjast matinu í dagslok áður en veðkalli af lokaveðkalli þess dags hefur verið skipt.

3. Miðlægur mótaðili skal annast þann útreikning, sem krafist er í 2. mgr., a.m.k. ársfjórðungslega eða oftar krefjist lögbær yfirvöld slíks af þeirra eigin stöðustofnunaraðilum sem teljast vera stofnanir.

4. Að því er varðar 3. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gera drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) hversu oft og á hvaða dögum sá útreikningur fer fram sem mælt er fyrir um í 2. mgr.,

b) við hvaða aðstæður lögbært yfirvald stofnunar, sem kemur fram sem stöðustofnunaraðili, getur krafist aukinnar tíðni útreikninga og skýrslugjafar miðað við það sem krafist er í a-lið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

50. gr. b

Almennar reglur um útreikning K_{CCP}

Eftirfarandi gildir að því er varðar þann útreikning sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. a:

a) miðlægur mótaðili skal reikna út virði áhættuskuldbindinga hans á stöðustofnunaraðila sína sem hér segir:

   i) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem leiðir af samningum og viðskiptum, sem skráð eru í a- og d-lið 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal miðlægur mótaðili reikna þær út í samræmi við markaðsvirðisaðferðina sem mælt er fyrir um í 274. gr. hennar.

   ii. að því er varðar áhættuskuldbindingar sem leiðir af samningum og viðskiptum, sem skráð eru í b-, c- og e-lið 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal miðlægur mótaðili reikna þær út í samræmi við heildaraðferð fjárhagslegra trygginga sem er tilgreind í 223. gr. þeirrar reglugerðar, með jöfnun flökts samkvæmt eftirlitsaðferðinni, tilgreint í 223. og 224. gr. þeirrar reglugerðar. Undanþágan, sem fram kemur í a-lið 3. mgr. 285. gr. þeirrar reglugerðar, gildir ekki,

   iii) að því er varðar áhættukröfur, sem leiðir af viðskiptum sem eru ekki skráð í 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fela einungis í sér uppgjörsáhættu, skal miðlægur mótaðili reikna þær út í samræmi við V. bálk þriðja hluta þeirrar reglugerðar,

b) að því er varðar stofnanir, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru skuldajöfnunarsöfnin hin sömu og skilgreind eru í II. bálki þriðja hluta þeirrar reglugerðar,

c) við útreikning á virðinu, sem um getur í a-lið, skal miðlægur mótaðili draga frá áhættukröfum sínum þá tryggingu sem stöðustofnunaraðili hefur lagt fram, lækkað eins og við á með jöfnun flökts samkvæmt eftirlitsaðferð, í samræmi við heildaraðferð fjárhagslegra trygginga sem tilgreind er í 224. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

e) ef miðlægur mótaðili hefur áhættuskuldbindingar á einn eða fleiri miðlægan mótaðila skal hann fara með slíkar áhættuskuldbindingar líkt og áhættuskuldbindingar á stöðustofnunaraðila og taka með við útreikning á K_{CCP} allt tryggingarfé eða forfjármögnuð framlög frá þessum miðlægu mótaðilum,

f) ef miðlægur mótaðili hefur komið á bindandi samningsbundnu fyrirkomulagi við stöðustofnunaraðila sína, sem heimilar honum að líta á upphaflegt tryggingarfé frá þeim stöðustofnunaraðilum, í heild eða að hluta, líkt og um forfjármögnuð framlög væri að ræða, skal hann líta á upphaflegt tryggingarfé sem forfjármögnuð framlög að því er varðar útreikninginn í 1. mgr. en ekki sem upphaflegt tryggingarfé,

h) miðlægur mótaðili skal, við beitingu markaðsvirðisaðferðarinnar sem sett er fram í 274. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, láta eftirfarandi koma í stað formúlunnar í ii. lið c-liðar 1. mgr. 298. gr. þeirrar reglugerðar:

$$PCE_{red} = 0.15 \cdot PCE_{gross} + 0.85 \cdot NGR \cdot PCE_{gross}$$

þar sem teljari fyrir nettó/brúttóhlutfall er reiknaður í samræmi við 1. mgr. 274. gr. þeirrar reglugerðar og rétt áður en síðari kröfum um tryggingarfé er í reynd breytt við lok greiðslutímabilsins og nefnarinn er brúttóendurnýjunarkostnaður,

i) þar sem miðlægur mótaðili getur ekki reiknað út virði nettó/brúttóhlutfalls, eins og fram kemur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 298. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal hann:

i. tilkynna þeim stöðustofnunaraðilum sínum sem eru stofnanir og lögbærum yfirvöldum þeirra um að hann sé ófær um að reikna út nettó/brúttóhlutfall og hvaða ástæður liggja því að baki,

ii. yfir þriggja mánaða tímabil er honum heimilt að nota nettó/brúttóhlutfall 0,3, við útreikning á PCE red tilgreint er í h-lið þessarar greinar,

j) ef miðlægur mótaðili getur, við lok þess tímabils sem er tilgreint í ii. lið i-liðar, ekki enn reiknað út virði nettó/brúttóhlutfalls skal hann:

i. hætta að reikna K_{CCP},

ii. tilkynna þeim stöðustofnunaraðilum sínum sem eru stofnanir og lögbærum yfirvöldum þeirra að hann hafi hætt útreikningi K_{CCP},

k) að því er varðar útreikning á mögulegri framtíðaráhættu vegna valréttar og skiptiréttar í samræmi við markaðsvirðisaðferðina sem tilgreind er í 274. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal miðlægur mótaðili margfalda grundvallarfjárhæð samningsins með algildi deltastuðuls valréttarins $(\delta V/\delta p)$ eins og sett er fram í a-lið 1. mgr. 280. gr. í þeirri reglugerð,

l) ef miðlægur mótaðili ræður yfir fleiri en einum vanskilasjóði skal hann gera þá útreikninga, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. a, sérstaklega fyrir hvern vanskilasjóð.

50. gr. c

Skýrslugjöf með upplýsingum

1. Miðlægur mótaðili skal, að því er 308. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 varðar, gefa stöðustofnunaraðilum sínum, sem eru stofnanir, og lögbærum yfirvöldum þeirra skýrslu um eftirtaldar upplýsingar:

a) áætlað fjármagn (K_{CCP}),

b) summu forfjármagnaðra framlaga (DF_{CM}),

c) fjárhæð forfjármagnaðs fjármagns sem hann ræður yfir og sem honum ber skylda til að nota - samkvæmt lögum eða vegna samningsbundins samkomulags við stöðustofnunaraðila sinn - til að mæta tapi í kjölfar vanskila eins eða fleiri stöðustofnunaraðila sinna áður en hann notar framlög í vanskilasjóð frá eftirstandandi stöðustofnunaraðilum (DF_{CCP}),

d) heildarfjölda uppgjörsaðila á hans vegum (N),

e) styrkingarþátt (β), eins og sett er fram í 50. gr. d.

Ef miðlægur mótaðili ræður yfir fleiri en einum vanskilasjóði skal hann gefa skýrslu um upplýsingarnar í fyrstu undirgrein sérstaklega fyrir hvern vanskilasjóð.

2. Miðlægur mótaðili skal senda þeim stöðustofnunaraðilum sínum sem eru stofnanir tilkynningar a.m.k. ársfjórðungslega eða oftar ef þess er krafist af lögbærum yfirvöldum þessara stöðustofnunaraðila.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) samræmt snið á þeirri skýrslugjöf sem er tilgreind í 1. mgr.,

b) hversu oft og á hvaða dögum skýrslugjöf, sem tilgreind er í 2. mgr., fer fram,

c) við hvaða aðstæður lögbært yfirvald stofnunar sem kemur fram sem stöðustofnunaraðili getur krafist aukinnar tíðni skýrslugjafar miðað við það sem krafist er í b-lið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

50. gr. d

Útreikningur á sértækum liðum sem gefa skal miðlægum mótaðila skýrslu um

Í 50. gr. c gildir eftirfarandi:

a) þegar kveðið er á um það í reglum miðlægs mótaðila að hann noti eigið fjármagn, að fullu eða að hluta, samhliða forfjármögnuðum framlögum stöðustofnunaraðila sinna, þannig að þetta fjármagn jafngildi forfjármögnuðum framlögum stöðustofnunaraðila hvað varðar það hvernig þeir standa undir tapi miðlægs mótaðila komi til vanskila eða ógjaldfærni eins eða fleiri stöðustofnunaraðila hans, skal miðlægi mótaðilinn bæta samsvarandi fjárhæð af þessu fjármagni við þetta fjármagn DF_{CM},

b) þegar kveðið er á um það í reglum miðlægs mótaðila að hann noti eigið fjármagn, að fullu eða að hluta, til að standa undir eigin tapi ef einn eða fleiri af stöðustofnunaraðilum hans lenda í vanskilum eftir að hann hefur tæmt vanskilasjóð sinn en áður en hann gerir tilkall til samningsbundinna framlaga stöðustofnunaraðila sinna, skal miðlægur mótaðili bæta samsvarandi fjárhæð af þessu viðbótarfjármagni (DF^{a}_{CCP}) við heildarfjárhæð forfjármagnaðra framlaga (DF) sem hér segir:

$$DF = DF_{CCP} + DF_{CM} + DF^{a}_{CCP}.$$

c) miðlægur mótaðili skal reikna styrkingarþátt (β) í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\beta = \frac{PCE_{red,1} + PCE_{red,2}}{\sum_i PCE_{red,i}}$$

þar sem:

$PCE_{red,i}$ = lækkuð tala hugsanlegrar framtíðarlánaáhætta fyrir alla samninga og viðskipti miðlægs mótaðila við stöðustofnunaraðila i,

$PCE_{red,1}$ = lækkuð tala hugsanlegrar framtíðarlánaáhætta fyrir alla samninga og viðskipti miðlægs mótaðila við stöðustofnunaraðila sem hefur hæsta virði PCE_{red},

$PCE_{red,2}$ = lækkuð tala hugsanlegrar framtíðarlánaáhætta fyrir alla samninga og viðskipti miðlægs mótaðila við stöðustofnunaraðila sem hefur næst hæsta virði PCE_{red}.

(*) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.“,

2) Í 15. mgr. 11. gr. falli b-liður brott.

3) Í 89. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5a. Þar til 15 mánuðum eftir gildistökudag þess af tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem um getur í 16., 25., 26., 29., 34., 41., 42., 44., 45., 47. og 49 gr, sem síðast öðlast gildi, eða þar til ákvörðun skv. 14. gr. hefur verið tekin varðandi starfsleyfi miðlægs mótaðila, hvort sem ber fyrra að, skal miðlægur mótaðili beita þeirri meðferð sem tilgreind er í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Þar til 15 mánuðum eftir gildistökudag þess af tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem um getur í 16., 25., 26., 29., 34., 41., 42., 44., 45., 47. og 49 gr, sem síðast öðlast gildi, eða þar til ákvörðun skv. 25. gr. hefur verið tekin varðandi viðurkenningu miðlægs mótaðila, hvort sem ber fyrra að, skal miðlægur mótaðili beita þeirri meðferð sem tilgreind er í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Fram til loka frestsins sem skilgreindur eru í fyrstu tveimur undirgreinum þessarar málsgreinar, og með fyrirvara um fjórðu undirgrein þessarar málsgreinar, þegar miðlægur mótaðili hefur ekki yfir að ráða vanskilasjóði og ekki er fyrir hendi bindandi fyrirkomulag milli hans og stöðustofnunaraðila hans sem heimilar honum að nota upphaflegt tryggingarfé, að fullu eða að hluta, sem hann hefur fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum líkt og um væri að ræða forfjármögnuð framlög skal koma fram í þeim upplýsingum, sem honum ber að tilkynna um í samræmi við 1. mgr. 50. gr. c, heildarfjárhæð upphaflegs tryggingarfjár sem hann hefur fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum.

Heimilt er að framlengja frestina sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar um sex mánuði samkvæmt framkvæmdargerðina sem um getur í 3. mgr. 497. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013.“ .

ELLEFTI HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

521. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. janúar 2014, þó ekki:

a) ákvæði 8. gr. (3. mgr.), 21. gr. og 451. gr. (1. mgr.) sem gilda frá 1. janúar 2015,

b) ákvæði 1. mgr. 413. gr. sem gilda frá 1. janúar 2016,

c) ákvæði þessarar reglugerðar, þar sem þess er krafist að evrópskar eftirlitsstofnanir leggi fyrir framkvæmdastjórnina frumvarp að tæknistöðlum, og ákvæði þessarar reglugerðar, sem veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir eða framkvæmdagerðir, gilda frá 28. júní 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. SHATTER

forseti.

I. VIÐAUKI

Flokkun liða utan efnahagsreiknings

1. Mikil áhætta:

   a) ábyrgðir sem jafna má til beinna lána (t.d. ábyrgðir vegna greiðslu lánsheimilda á réttum tíma)

   b) lánaafleiður,

   c) samþykktir víxlar,

   d) framsal á víxlum sem önnur stofnun hefur ekki áritað um ábyrgð,

   e) viðskipti með endurkröfurétti (t.d. kröfukaup, heimildir varðandi afslátt af reikningi),

   f) óafturkræfar bakábyrgðir sem jafna má til beinna lána,

   g) eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi,

   h) framvirk innlánsviðskipti,

   i) ógreiddur hluti í hlutabréfum og verðbréfum sem eru greidd að hluta,

   j) samningar um eignasölu og endurhverf verðbréfakaup eins og um getur í 3. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

   k) aðrir liðir sem einnig bera mikla áhættu.

2. Miðlungsáhætta:

   a) viðskiptafjármögnunarliðir utan efnahagsreiknings, þ.e. útgefnar eða staðfestar bankaábyrgðir (sjá einnig „Miðlungsáhætta/lítil áhætta“,

   b) aðrir liðir utan efnahagsreiknings:

      i. ábyrgðir vegna sjóflutninga, tolla- og skattaábyrgðir,

      ii. ónotaðar lánsheimildir (samningar um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla), upphaflega til lengri tíma en eins árs,

      iii. sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu (NIF) og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa (RUF),

      iv. aðrir liðir einnig með miðlungsáhættu og tilkynntir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

3. Miðlungsáhætta/lítil áhætta:

   a) viðskiptafjármögnunarliðir utan efnahagsreiknings:

      i. bankaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og aðrir áþekkir gerningar sem falla niður við uppgjör,

      ii. ábyrgðir (þ.m.t. tilboðs- og fullnustuábyrgðir, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

      iii. óafturkræf bakábyrgð sem ekki verður jafnað til beinna lána,

   b) aðrir liðir utan efnahagsreiknings:

      i. ónotaðar lánsheimildir sem samanstanda af samningum um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla, upphaflega til eins árs eða skemmri tíma sem ekki er hægt að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, eða gera ekki í reynd ráð fyrir sjálfkrafa uppsögn vegna minnkandi lánstrausts lántaka,

      ii. aðrir liðir einnig með miðlungs-/litla áhættu og tilkynntir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

4. Lítil áhætta:

   a) ónotaðar lánsheimildir sem samanstanda af samningum um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla, sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, eða gera í reynd ráð fyrir sjálfkrafa uppsögn vegna minnkandi lánstrausts lántaka. Heimilt er að líta svo á að smásölulánsheimildum megi segja upp skilyrðislaust ef skilmálar heimila stofnun að fella þær úr gildi, að því marki sem heimilað er samkvæmt neytendavernd og tengdri löggjöf,

   b) ónotaðar lánsheimildir vegna tilboðs- og fullnustuábyrgða, sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, eða gera í reynd ráð fyrir sjálfkrafa uppsögn vegna minnkandi lánstrausts lántaka og

   c) aðrir liðir einnig með lítilli áhættu og tilkynntir Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

———

II. VIÐAUKI

Tegundir afleiða

1. Vaxtasamningar:
   a) vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli,
   b) skiptasamningar um breytilega vexti (e. *basis swaps*),
   c) framvirkir vaxtasamningar,
   d) staðlaðir, framvirkir vaxtasamningar um vaxtaviðskipti,
   e) keyptur valréttur að vöxtum,
   f) aðrir samningar svipaðs eðlis.
2. Gjaldmiðlasamningar og samningar er varða gull:
   a) vaxtaskiptasamningar milli gjaldmiðla,
   b) framvirkir gjaldmiðlasamningar,
   c) staðlaðir framvirkir gjaldeyrissamningar,
   d) keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
   e) aðrir samningar svipaðs eðlis,
   f) samningar sem varða gull, svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið.
3. Samningar sem eru svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið 1. liðar og a- til d-lið 2. liðar í þessum viðauka en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur. Þetta nær til, að lágmarki, allra gerninga sem tilgreindir eru í 4.–7., 9. og 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB sem ekki falla undir 1. eða 2. lið þessa viðauka.

———

III. VIÐAUKI

Þættir sem falla undir viðbótarskýrslugjöf um lausafé

1. Reiðufé.

2. Áhættuskuldbindingar seðlabanka að því marki sem nýta má þær á erfiðleikatímum.

3. Framseljanleg verðbréf sem eru hluti af kröfum sem ríki, seðlabankar, opinberir aðilar utan stjórnsýslu, svæði með fjárhagslegt sjálfræði til að leggja á og innheimta skatta og staðaryfirvöld, Alþjóðagreiðslubankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópusambandið, Evrópski fjármálastöðugleikasjóðurinn, evrópska stöðugleikakerfið eða fjölþjóðlegir þróunarbankar ábyrgjast, eða kröfum á hendur þeim, og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

   a) þau eru metin með 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

   b) þau eru ekki skuldbinding af hálfu stofnunar eða eignartengdra aðila þess.

4. Framseljanleg verðbréf, önnur en þau sem um getur í 3. lið, sem eru hluti af kröfum sem ríki eða seðlabankar ábyrgjast, eða kröfum á hendur þeim, og ríki gefa út í heimagjaldmiðlum sínum eða seðlabanki í þeim gjaldmiðli og í því landi þar sem lausafjárhætta er til staðar eða gefin út í erlendum gjaldmiðlum að því marki sem slík skuldareign samsvarar lausafjárþörf við starfsemi bankans í þriðja landi.

5. Framseljanleg verðbréf sem eru hluti af kröfum sem ríki, seðlabankar, opinberir aðilar utan stjórnsýslu, svæði með fjárhagslegt sjálfræði til að leggja á og innheimta skatta og staðaryfirvöld eða fjölþjóðlegir þróunarbankar ábyrgjast, eða kröfum á hendur þeim, og uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   a) þau eru metin með 20% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

   b) þau eru ekki skuldbinding af hálfu stofnunar eða eignartengdra aðila þess.

6. Framseljanleg verðbréf, önnur en þau sem um getur í 3., 4. og 5. lið, skulu metin með 20% áhættuvog eða hagstæðari áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta eða eru metin samkvæmt innra mati með jafngilt lánshæfi og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

   a) þau eru ekki hluti af kröfu á hendur sérstökum verðbréfunaraðila (SSPE), stofnun eða eignatengdum aðilum hennar,

   b) þau eru skuldabréf sem geta fengið þá meðferð sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr.,

   c) þau eru skuldabréf, eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB, önnur en þau sem um getur í b-lið þessa liðar.

7. Framseljanleg verðbréf, önnur en þau sem um getur í 3.-6. lið, sem eru metin með 50% áhættuvog eða hagstæðari áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta eða eru metin samkvæmt innra mati með jafngilt lánshæfi og eru ekki hluti af kröfu á hendur sérstökum verðbréfunaraðila (SSPE), stofnun eða eignatengdum aðilum hennar.

8. Framseljanleg verðbréf, önnur en þau sem um getur í 3.-7. lið, sem eru tryggð með veðum í eignum sem eru metin með 35% áhættuvog eða hagstæðari áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta eða eru metin samkvæmt innra mati með jafngilt lánshæfi og eru að fullu og algerlega tryggð með fasteignaveðum í íbúðarhúsnæði í samræmi við 125. gr.

9. Loforð um lánafyrirgreiðslu frá seðlabanka innan gildissviðs peningamálastefnu að því marki sem þessi ábyrgð er ekki með veði í lausafjáreignum og að frátöldum lausafjárstuðningi í neyð.

10. Lagaleg eða lögboðin lágmarksinnlán hjá miðlægri lánastofnun og annað lögboðið eða samningsbundið framboð á fjármögnun lausafjár af hálfu miðlægrar lánastofnunar eða lánastofnana, sem eru þátttakendur í því tengslaneti sem um getur í 7. mgr. 113. gr. eða geta fengið þá undanþágu sem kveðið er á um í 10. gr., að því marki sem þessi fjármögnun er ekki með veði í lausafjáreignum, ef sú lánastofnun er hluti af tengslaneti í samræmi við ákvæði laga.

11. Hlutabréf bókfærðs eigin fjár, sem viðskipti eru með á skipulegum markaði og gerð eru upp miðlægt, sem eru þáttur í stórri hlutabréfavísitölu, skulu sett fram í gjaldmiðli aðildarríkisins og ekki gefin út af stofnun eða hlutdeildarfélögum hennar.

12. Gull skráð á viðurkenndum markaði, geymt hjá þriðja aðila.

Allir þættir að frátöldum þeim sem um getur í 1., 2. og 9. lið skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) höfð eru viðskipti með þá með einföldum endurhverfum verðbréfakaupum eða á lausafjármörkuðum sem einkennast af lítilli samþjöppun,

b) fyrir liggja sannreyndar skrár um að þeir séu áreiðanleg uppspretta lausafjár, annaðhvort með endurhverfum verðbréfakaupum eða sölu, jafnvel við erfiðar markaðsaðstæður,

c) þeir eru kvaðalausir.

———

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. gr.		
2. gr.		
3. gr.		
1. liður 1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.	
2. liður 1. mgr. 4. gr.		b-liður 1. mgr. 3. gr.
3. liður 1. mgr. 4. gr.		c-liður 1. mgr. 3. gr.
4. liður 1. mgr. 4. gr.		p-liður 1. mgr. 3. gr.
5.–7. liður 1. mgr. 4. gr.		
8. liður 1. mgr. 4. gr.	18. mgr. 4. gr.	
9.–12. liður 1. mgr. 4. gr.		
13. liður 1. mgr. 4. gr.	41. mgr. 4. gr.	
14. liður 1. mgr. 4. gr.	42. mgr. 4. gr.	
15. liður 1. mgr. 4. gr.	12. mgr. 4. gr.	
16. liður 1. mgr. 4. gr.	13. mgr. 4. gr.	
17. liður 1. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.	
18. liður 1. mgr. 4. gr.	21. mgr. 4. gr.	
19. liður 1. mgr. 4. gr.		
20. liður 1. mgr. 4. gr.	19. mgr. 4. gr.	
21. liður 1. mgr. 4. gr.		
22. liður 1. mgr. 4. gr.	20. mgr. 4. gr.	
23. liður 1. mgr. 4. gr.		
24. liður 1. mgr. 4. gr.		
25. liður 1. mgr. 4. gr.		c-liður 1. mgr. 3. gr.
26. liður 1. mgr. 4. gr.	5. mgr. 4. gr.	
27. liður 1. mgr. 4. gr.		
28. liður 1. mgr. 4. gr.	14. mgr. 4. gr.	
29. liður 1. mgr. 4. gr.	16. mgr. 4. gr.	
30. liður 1. mgr. 4. gr.	15. mgr. 4. gr.	
31. liður 1. mgr. 4. gr.	17. mgr. 4. gr.	
32.–34. liður 1. mgr. 4. gr.		
35. liður 1. mgr. 4. gr.	10. mgr. 4. gr.	
36. liður 1. mgr. 4. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
37. liður 1. mgr. 4. gr.	9. mgr. 4. gr.	
38. liður 1. mgr. 4. gr.	46. mgr. 4. gr.	
39. liður 1. mgr. 4. gr.	45. mgr. 4. gr.	
40. liður 1. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.	
41. liður 1. mgr. 4. gr.	48. mgr. 4. gr.	
42. liður 1. mgr. 4. gr.	2. mgr. 4. gr.	
43. liður 1. mgr. 4. gr.	7. mgr. 4. gr.	
44. liður 1. mgr. 4. gr.	8. mgr. 4. gr.	
45. liður 1. mgr. 4. gr.		
46. liður 1. mgr. 4. gr.	23. mgr. 4. gr.	
47.-49. liður 1. mgr. 4. gr.		
50. liður 1. mgr. 4. gr.		e-liður 1. mgr. 3. gr.
51. liður 1. mgr. 4. gr.		
52. liður 1. mgr. 4. gr.	22. mgr. 4. gr.	
53. liður 1. mgr. 4. gr.	24. mgr. 4. gr.	
54. liður 1. mgr. 4. gr.	25. mgr. 4. gr.	
55. liður 1. mgr. 4. gr.	27. mgr. 4. gr.	
56. liður 1. mgr. 4. gr.	28. mgr. 4. gr.	
57. liður 1. mgr. 4. gr.	30. mgr. 4. gr.	
58. liður 1. mgr. 4. gr.	31. mgr. 4. gr.	
59. liður 1. mgr. 4. gr.	32. mgr. 4. gr.	
60. liður 1. mgr. 4. gr.	35. mgr. 4. gr.	
61. liður 1. mgr. 4. gr.	36. mgr. 4. gr.	
62. liður 1. mgr. 4. gr.	40. mgr. 4. gr.	
63. liður 1. mgr. 4. gr.	40. mgr. a í 4. gr.	
64. liður 1. mgr. 4. gr.	40. mgr. b í 4. gr.	
65. liður 1. mgr. 4. gr.	43. mgr. 4. gr.	
66. liður 1. mgr. 4. gr.	44. mgr. 4. gr.	
67. liður 1. mgr. 4. gr.	39. mgr. 4. gr.	
68.–71. liður 1. mgr. 4. gr.		
72. liður 1. mgr. 4. gr.	47. mgr. 4. gr.	
73. liður 1. mgr. 4. gr.	49. mgr. 4. gr.	
74.–81. liður 1. mgr. 4. gr.		
82. liður 1. mgr. 4. gr.		m-liður 1. mgr. 3. gr.
83. liður 1. mgr. 4. gr.	33. mgr. 4. gr.	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
84.–91. liður 1. mgr. 4. gr.		
92. liður 1. mgr. 4. gr.		i-liður 1. mgr. 3. gr.
93.–117. liður 1. mgr. 4. gr.		
118. liður 1. mgr. 4. gr.		r-liður 1. mgr. 3. gr.
119.–128. liður 1. mgr. 4. gr.		
2. mgr. 4. gr.		
3. mgr. 4. gr.		
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 68. gr.	
2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 68. gr.	
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 68. gr.	
4. mgr. 6. gr.		
5. mgr. 6. gr.		
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 69. gr.	
2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 69. gr.	
3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 69. gr.	
1. mgr. 8. gr.		
2. mgr. 8. gr.		
3. mgr. 8. gr.		
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 70. gr.	
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 70. gr.	
3. mgr. 9. gr.	3. mgr. 70. gr.	
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 3. gr.	
2. mgr. 10. gr.		
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 71. gr.	
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 71. gr.	
3. mgr. 11. gr.		
4. mgr. 11. gr.	2. mgr. 3. gr.	
5. mgr. 11. gr.		
12. gr.		
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 72. gr.	
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 72. gr.	
3. mgr. 13. gr.	3. mgr. 72. gr.	
4. mgr. 13. gr.		
1. mgr. 14. gr.	3. mgr. 73. gr.	
2. mgr. 14. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
3. mgr. 14. gr.		
15. gr.		22. gr.
16. gr.		
1. mgr. 17. gr.		23. gr.
2. mgr. 17. gr.		
3. mgr. 17. gr.		
1. mgr. 18. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 133. gr.	
2. mgr. 18. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 133. gr.	
3. mgr. 18. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 133. gr.	
4. mgr. 18. gr.	2. mgr. 133. gr.	
5. mgr. 18. gr.	3. mgr. 133. gr.	
6. mgr. 18. gr.	1. mgr. 134. gr.	
7. mgr. 18. gr.		
8. mgr. 18. gr.	2. mgr. 134. gr.	
1. mgr. 19. gr.	b-liður 1. mgr. 73. gr.	
2. mgr. 19. gr.	1. mgr. 73. gr.	
3. mgr. 19. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 73. gr.	
1. mgr. 20. gr.	105. gr. (3. mgr.), 129. gr. (2. mgr.) og 30. og 31. liður 3. hluta X. viðauka	
2. mgr. 20. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 129. gr.	
3. mgr. 20. gr.	Fjórða undirgrein 2. mgr. 129. gr.	
4. mgr. 20. gr.	Fimmta undirgrein 2. mgr. 129. gr.	
5. mgr. 20. gr.		
6. mgr. 20. gr.	2. mgr. 84. gr.	
7. mgr. 20. gr.	Sjötta undirgrein 2. mgr. 129. gr.	
8. mgr. 20. gr.	Sjöunda og áttunda undirgrein 2. mgr. 129. gr.	
1. mgr. 21. gr.		
2. mgr. 21. gr.		
3. mgr. 21. gr.		
4. mgr. 21. gr.		
22. gr.	2. mgr. 73. gr.	
23. gr.		1. og 2. mgr. 3. gr. Undirgrein
24. gr.	1. mgr. 74. gr.	
25. gr.		
1. mgr. 26. gr.	a-liður 57. gr.	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
a-liður 1. mgr. 26. gr.	a-liður 57. gr.	
b-liður 1. mgr. 26. gr.	a-liður 57. gr.	
c-liður 1. mgr. 26. gr.	b-liður 57. gr.	
d-liður 1. mgr. 26. gr.		
e-liður 1. mgr. 26. gr.	b-liður 57. gr.	
f-liður 1. mgr. 26. gr.	c-liður 57. gr.	
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 26. gr.	Önnur undirgrein 61. gr.	
a-liður 2. mgr. 26. gr.	Önnur, þriðja og fjórða undirgrein 57. gr.	
b-liður 2. mgr. 26. gr.	Önnur, þriðja og fjórða undirgrein 57. gr.	
3. mgr. 26. gr.		
4. mgr. 26. gr.		
27. gr.		
a-liður 1. mgr. 28. gr.		
b-liður 1. mgr. 28. gr.	a-liður 57. gr.	
c-liður 1. mgr. 28. gr.	a-liður 57. gr.	
d-liður 1. mgr. 28. gr.		
e-liður 1. mgr. 28. gr.		
f-liður 1. mgr. 28. gr.		
g-liður 1. mgr. 28. gr.		
h-liður 1. mgr. 28. gr.		
i-liður 1. mgr. 28. gr.	a-liður 57. gr.	
j-liður 1. mgr. 28. gr.	a-liður 57. gr.	
k-liður 1. mgr. 28. gr.		
l-liður 1. mgr. 28. gr.		
m-liður 1. mgr. 28. gr.		
2. mgr. 28. gr.		
3. mgr. 28. gr.		
4. mgr. 28. gr.		
5. mgr. 28. gr.		
29. gr.		
30. gr.		
31. gr.		
a-liður 1. mgr. 32. gr.		
b-liður 1. mgr. 32. gr.	Fjórða undirgrein 57. gr.	
2. mgr. 32. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
a-liður 1. mgr. 33. gr.	4. mgr. 64. gr.	
b-liður 1. mgr. 33. gr.	4. mgr. 64. gr.	
c-liður 1. mgr. 33. gr.		
2. mgr. 33. gr.		
a-liður 3. mgr. 33. gr.		
b-liður 3. mgr. 33. gr.		
c-liður 3. mgr. 33. gr.		
d-liður 3. mgr. 33. gr.		
4. mgr. 33. gr.		
34. gr.	5. mgr. 64. gr.	
35. gr.		
a-liður 1. mgr. 36. gr.	k-liður 57. gr.	
b-liður 1. mgr. 36. gr.	j-liður 57. gr.	
c-liður 1. mgr. 36. gr.		
d-liður 1. mgr. 36. gr.	q-liður 57. gr.	
e-liður 1. mgr. 36. gr.		
f-liður 1. mgr. 36. gr.	i-liður 57. gr.	
g-liður 1. mgr. 36. gr.		
h-liður 1. mgr. 36. gr.	n-liður 57. gr.	
i-liður 1. mgr. 36. gr.	m-liður 57. gr.	
j-liður 1. mgr. 36. gr.	2. mgr. 66. gr.	
i. liður k-liðar 1. mgr. 36. gr.		
ii. liður k-liðar 1. mgr. 36. gr.	r-liður 57. gr.	
iii. liður k-liðar 1. mgr. 36. gr.		
iv. liður k-liðar 1. mgr. 36. gr.		
v. liður k-liðar 1. mgr. 36. gr.		
l-liður 1. mgr. 36. gr.	Önnur undirgrein 61. gr.	
2. mgr. 36. gr.		
3. mgr. 36. gr.		
37. gr.		
38. gr.		
39. gr.		
40. gr.		
41. gr.		
42. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
43. gr.		
44. gr.		
45. gr.		
46. gr.		
47. gr.		
48. gr.		
1. mgr. 49. gr.	59. gr.	
2. mgr. 49. gr.	60. gr.	
3. mgr. 49. gr.		
4. mgr. 49. gr.		
5. mgr. 49. gr.		
6. mgr. 49. gr.		
50. gr.	66. gr., ca-liður 57. gr., 63. gr. a	
51. gr.	66. gr., ca-liður 57. gr., 63. gr. a	
52. gr.	63. gr. a	
53. gr.		
54. gr.		
55. gr.		
56. gr.		
57. gr.		
58. gr.		
59. gr.		
60. gr.		
61. gr.	66. gr., ca-liður 57. gr., 63. gr. a	
a-liður 62. gr.	3. mgr. 64. gr.	
b-liður 62. gr.		
c-liður 62. gr.		
d-liður 62. gr.	3. mgr. 63. gr.	
63. gr.	63. gr. (1. mgr.), 63. gr. (2. mgr.), 64. gr. (3. mgr.)	
64. gr.	64. gr. (3) (c)	
65. gr.		
66. gr.	57. gr., 2. mgr. 66. gr.	
67. gr.	57. gr., 2. mgr. 66. gr.	
68. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
69. gr.	57. gr., 2. mgr. 66. gr.	
70. gr.	57. gr., 2. mgr. 66. gr.	
71. gr.	66. gr., ca-liður 57. gr., 63. gr. a	
72. gr.	57. gr., 66. gr.	
73. gr.		
74. gr.		
75. gr.		
76. gr.		
77. gr.	2. mgr. 63. gr. a	
1. mgr. 78. gr.	2. mgr. 63. gr. a	
2. mgr. 78. gr.		
3. mgr. 78. gr.		
4. mgr. 78. gr.	Fjórða undirgrein 2. mgr. 63. gr. a	
5. mgr. 78. gr.		
79. gr.	58. gr.	
80. gr.		
81. gr.	65. gr.	
82. gr.	65. gr.	
83. gr.		
84. gr.	65. gr.	
85. gr.	65. gr.	
86. gr.	65. gr.	
87. gr.	65. gr.	
88. gr.	65. gr.	
89. gr.	120. gr.	
90. gr.	122. gr.	
91. gr.	121. gr.	
92. gr.	66. gr., 75. gr.	
1.–4. mgr. 93. gr.	1.–4. mgr. 10. gr.	
5. mgr. 93. gr.		
94. gr.		2.–4. mgr. 18. gr.
95. gr.		
96. gr.		
97. gr.		
98. gr.		24. gr.

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 99. gr.	2. mgr. 74. gr.	
2. mgr. 99. gr.		
100. gr.		
1. mgr. 101. gr.		
2. mgr. 101. gr.		
3. mgr. 101. gr.		
1. mgr. 102. gr.		1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 102. gr.		3. mgr. 11. gr.
3. mgr. 102. gr.		4. mgr. 11. gr.
4. mgr. 102. gr.		1. liður C-hluta VII. viðauka
103. gr.		1. liður A-hluta VII. viðauka
1. mgr. 104. gr.		1. liður D-hluta VII. viðauka
2. mgr. 104. gr.		2. liður D-hluta VII. viðauka
1. mgr. 105. gr.		1. mgr. 33. gr.
2.–10. mgr. 105. gr.		1.–9. liður B-hluta VII. viðauka
11.–13. liður 105. gr.		11.-13. liður B-hluta VII. viðauka
106. gr.		1.–3. liður C-hluta VII. viðauka
107. gr.	76. gr., 78. gr. (4. mgr.) og 6. liður 2. hluta III. viðauka	
1. mgr. 108. gr.	91. gr.	
2. mgr. 108. gr.		
109. gr.	94. gr.	
110. gr.		
111. gr.	1.–3. mgr. 78. gr.	
112. gr.	1. mgr. 79. gr.	
1. mgr. 113. gr.	1. mgr. 80. gr.	
2. mgr. 113. gr.	2. mgr. 80. gr.	
3. mgr. 113. gr.	4. mgr. 80. gr.	
4. mgr. 113. gr.	5. mgr. 80. gr.	
5. mgr. 113. gr.	6. mgr. 80. gr.	
6. mgr. 113. gr.	7. mgr. 80. gr.	
7. mgr. 113. gr.	8. mgr. 80. gr.	
114. gr.	1.–5. liður I. hluta VI. viðauka	
1., 4. mgr. 115. gr.	8.-11. liður I. hluta VI. viðauka	
5. mgr. 115. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 116. gr.	14. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 116. gr.	14. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 116. gr.		
4. mgr. 116. gr.	15. liður I. hluta VI. viðauka	
5. mgr. 116. gr.	17. liður I. hluta VI. viðauka	
6. mgr. 116. gr.	17. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 117. gr.	18. og 19. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 117. gr.	20. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 117. gr.	21. liður I. hluta VI. viðauka	
118. gr.	22. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 119. gr.		
2. mgr. 119. gr.	37. og 38. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 119. gr.	40. liður I. hluta VI. viðauka	
4. mgr. 119. gr.		
5. mgr. 119. gr.		
1. mgr. 120. gr.	29. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 120. gr.	31. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 120. gr.	33.-36. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 121. gr.	26. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 121. gr.	25. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 121. gr.	27. liður I. hluta VI. viðauka	
122. gr.	41. og 42. liður I. hluta VI. viðauka	
123. gr.	2. og 3. mgr. 79. gr. og 43. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 124. gr.	44. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 124. gr.		
3. mgr. 124. gr.		
1.–3. mgr. 125. gr.	45.-49. liður I. hluta VI. viðauka	
4. mgr. 125. gr.		
1. og 2. mgr. 126. gr.	51.-55. liður I. hluta VI. viðauka	
3. og 4. mgr. 126. gr.	58. og 59. liður I. hluta VI. viðauka	
1. og 2. mgr. 127. gr.	61. og 62. liður I. hluta VI. viðauka	
3. og 4. mgr. 127. gr.	64. og 65. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 128. gr.	66. og 76. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 128. gr.	66. liður I. hluta VI. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
3. mgr. 128. gr.		
1. mgr. 129. gr.	1. og 2. liður 68. liðar I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 129. gr.	69. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 129. gr.	71. liður I. hluta VI. viðauka	
4. mgr. 129. gr.	70. liður I. hluta VI. viðauka	
5. mgr. 129. gr.		
130. gr.	72. liður I. hluta VI. viðauka	
131. gr.	73. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 132. gr.	74. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 132. gr.	75. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 132. gr.	77. og 78. liður I. hluta VI. viðauka	
4. mgr. 132. gr.	79. liður I. hluta VI. viðauka	
5. mgr. 132. gr.	80. og 81. liður I. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 133. gr.	86. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 133. gr.		
3. mgr. 133. gr.		
1.–3. mgr. 134. gr.	82.-84. liður I. hluta VI. viðauka	
4.–7. mgr. 134. gr.	87.-90. liður I. hluta VI. viðauka	
135. gr.	1., 2. og 4. mgr. 81. gr.	
1. mgr. 136. gr.	1. mgr. 82. gr.	
2. mgr. 136. gr.	12.-16. liður 2. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 136. gr.	3. mgr. 150. gr.	
1. mgr. 137. gr.	6. liður I. hluta VI. viðauka	
2. mgr. 137. gr.	7. liður I. hluta VI. viðauka	
3. mgr. 137. gr.		
138. gr.	1.-7. liður III. hluta VI. viðauka	
139. gr.	8.-17. liður III. hluta VI. viðauka	
1. mgr. 140. gr.		
2. mgr. 140. gr.		
141. gr.		
1. mgr. 142. gr.		
2. mgr. 142. gr.		
1. mgr. 143. gr.	1. mgr. 84. gr. og 1. liður 4. hluta VII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 143. gr.	2. mgr. 84. gr.	
1. mgr. 143. gr.	3. mgr. 84. gr.	
1. mgr. 143. gr.	4. mgr. 84. gr.	
1. mgr. 143. gr.		
144. gr.		
145. gr.		
146. gr.		
1. mgr. 147. gr.	9. mgr. 86. gr.	
2.-9. mgr. 147. gr.	1.-8. mgr. 86. gr.	
1. mgr. 148. gr.	1. mgr. 85. gr.	
2. mgr. 148. gr.	2. mgr. 85. gr.	
3. mgr. 148. gr.		
4. mgr. 148. gr.	3. mgr. 85. gr.	
5. mgr. 148. gr.		
1. mgr. 148. gr.		
149. gr.	4. og 5. mgr. 85. gr.	
1. mgr. 150. gr.	1. mgr. 89. gr.	
2. mgr. 150. gr.	2. mgr. 89. gr.	
3. mgr. 150. gr.		
4. mgr. 150. gr.		
151. gr.	1.–10. mgr. 87. gr.	
1. og 2. mgr. 152. gr.	11. mgr. 87. gr.	
3. og 4. mgr. 152. gr.	12. mgr. 87. gr.	
5. mgr. 152. gr.		
1. mgr. 153. gr.	3. liður I. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 153. gr.		
3.-8. mgr. 153. gr.	4.-9. liður I. hluta VII. viðauka	
9. mgr. 153. gr.		
154. gr.	10.-16. liður I. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 155. gr.	17. og 18. liður I. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 155. gr.	19.-21. liður I. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 155. gr.	22.-24. liður I. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 155. gr.	25.-26. liður I. hluta VII. viðauka	
156. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
156. gr.	27. liður I. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 157. gr.	28. liður I. hluta VII. viðauka	
2.-5. mgr. 157. gr.		
1. mgr. 158. gr.	2. mgr. 88. gr.	
2. mgr. 158. gr.	3. mgr. 88. gr.	
3. mgr. 158. gr.	4. mgr. 88. gr.	
4. mgr. 158. gr.	6. mgr. 88. gr.	
5. mgr. 158. gr.	30. liður I. hluta VII. viðauka	
6. mgr. 158. gr.	31. liður I. hluta VII. viðauka	
7. mgr. 158. gr.	32. liður I. hluta VII. viðauka	
8. mgr. 158. gr.	33. liður I. hluta VII. viðauka	
9. mgr. 158. gr.	34. liður I. hluta VII. viðauka	
10. mgr. 158. gr.	35. liður I. hluta VII. viðauka	
11. mgr. 158. gr.		
159. gr.	36. liður I. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 160. gr.	2. liður II. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 160. gr.	3. liður II. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 160. gr.	4. liður II. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 160. gr.	5. liður II. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 160. gr.	6. liður II. hluta VII. viðauka	
6. mgr. 160. gr.	7. liður II. hluta VII. viðauka	
7. mgr. 160. gr.	7. liður II. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 161. gr.	8. liður II. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 161. gr.	9. liður II. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 161. gr.	10. liður II. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 161. gr.	11. liður II. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 162. gr.	12. liður II. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 162. gr.	13. liður II. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 162. gr.	14. liður II. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 162. gr.	15. liður II. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 162. gr.	16. liður II. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 163. gr.	17. liður II. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 163. gr.	18. liður II. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 163. gr.	19. liður II. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 163. gr.	20. liður II. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 164. gr.	21. liður II. hluta VII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 164. gr.	22. liður II. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 164. gr.	23. liður II. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 164. gr.		
1. mgr. 165. gr.	24. liður II. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 165. gr.	25. og 26. liður II. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 165. gr.	27. liður II. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 166. gr.	1. liður III. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 166. gr.	2. liður III. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 166. gr.	3. liður III. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 166. gr.	4. liður III. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 166. gr.	5. liður III. hluta VII. viðauka	
6. mgr. 166. gr.	6. liður III. hluta VII. viðauka	
7. mgr. 166. gr.	7. liður III. hluta VII. viðauka	
8. mgr. 166. gr.	9. liður III. hluta VII. viðauka	
9. mgr. 166. gr.	10. liður III. hluta VII. viðauka	
10. mgr. 166. gr.	11. liður III. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 167. gr.	12. liður III. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 167. gr.		
168. gr.	13. liður III. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 169. gr.	2. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 169. gr.	3. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 169. gr.	4. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 170. gr.	5.-11. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 170. gr.	12. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 170. gr.	13.-15. liður IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 170. gr.	16. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 171. gr.	17. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 171. gr.	18. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 172. gr.	19.-23. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 172. gr.	24. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 172. gr.	25. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 173. gr.	26.-28. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 173. gr.	29. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 173. gr.		
174. gr.	30. liður IV. hluta VII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 175. gr.	31. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 175. gr.	32. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 175. gr.	33. liður IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 175. gr.	34. liður IV. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 175. gr.	35. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 176. gr.	36. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 176. gr.	Fyrsta undirgrein 37. liðar IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 176. gr.	Önnur undirgrein 37. liðar IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 176. gr.	38. liður IV. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 176. gr.	39. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 177. gr.	40. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 177. gr.	41. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 177. gr.	42. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 178. gr.	44. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 178. gr.	44. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 178. gr.	45. liður IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 178. gr.	46. liður IV. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 178. gr.	47. liður IV. hluta VII. viðauka	
6. mgr. 178. gr.		
7. mgr. 178. gr.		
1. mgr. 179. gr.	43. og 49.-56. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 179. gr.	57. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 180. gr.	59.-66. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 180. gr.	67.-72. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 180. gr.		
1. mgr. 181. gr.	73.-81. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 181. gr.	82. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 181. gr.		
1. mgr. 182. gr.	87.-92. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 182. gr.	93. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 182. gr.	94. og 95. liður IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 182. gr.		
1. mgr. 183. gr.	98.-100. liður IV. hluta VII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 183. gr.	101. og 102. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 183. gr.	103. og 104. liður IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 183. gr.	96. liður IV. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 183. gr.	97. liður IV. hluta VII. viðauka	
6. mgr. 183. gr.		
1. mgr. 184. gr.		
2. mgr. 184. gr.	105. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 184. gr.	106. liður IV. hluta VII. viðauka	
4. mgr. 184. gr.	107. liður IV. hluta VII. viðauka	
5. mgr. 184. gr.	108. liður IV. hluta VII. viðauka	
6. mgr. 184. gr.	109. liður IV. hluta VII. viðauka	
185. gr.	110.-114. liður IV. hluta VII. viðauka	
186. gr.	115. liður IV. hluta VII. viðauka	
187. gr.	116. liður IV. hluta VII. viðauka	
188. gr.	117.-123. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 189. gr.	124. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 189. gr.	125. og 126. liður IV. hluta VII. viðauka	
3. mgr. 189. gr.	127. liður IV. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 190. gr.	128. liður IV. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 190. gr.	129. liður IV. hluta VII. viðauka	
3., 4. mgr. 190. gr.	130. liður IV. hluta VII. viðauka	
191. gr.	131. liður IV. hluta VII. viðauka	
192. gr.	90. gr. og 2. liður 1. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 193. gr.	2. mgr. 93. gr.	
2. mgr. 193. gr.	3. mgr. 93. gr.	
3. mgr. 193. gr.	1. mgr. 93. gr. og 1. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 193. gr.	2. liður 3. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 193. gr.	1. liður 5. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 193. gr.	2. liður 5. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 194. gr.	1. mgr. 92. gr.	
2. mgr. 194. gr.	2. mgr. 92. gr.	
3. mgr. 194. gr.	3. mgr. 92. gr.	
4. mgr. 194. gr.	4. mgr. 92. gr.	
5. mgr. 194. gr.	5. mgr. 92. gr.	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
6. mgr. 194. gr.	5. mgr. 92. gr.	
7. mgr. 194. gr.	6. mgr. 92. gr.	
8. mgr. 194. gr.	1. liður 2. hluta VIII. viðauka	
9. mgr. 194. gr.	2. liður 2. hluta VIII. viðauka	
10. mgr. 194. gr.		
195. gr.	3. og 4. liður 1. hluta VIII. viðauka	
196. gr.	5. liður 1. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 197. gr.	7. liður 1. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 197. gr.	7. liður 1. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 197. gr.	7. liður 1. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 197. gr.	8. liður 1. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 197. gr.	9. liður 1. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 197. gr.	9. liður 1. hluta VIII. viðauka	
7. mgr. 197. gr.	10. liður 1. hluta VIII. viðauka	
8. mgr. 197. gr.		
1. mgr. 198. gr.	11. liður 1. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 198. gr.	11. liður 1. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 199. gr.	12. liður 1. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 199. gr.	13. liður 1. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 199. gr.	16. liður 1. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 199. gr.	17. og 18. liður 1. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 199. gr.	20. liður 1. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 199. gr.	21. liður 1. hluta VIII. viðauka	
7. mgr. 199. gr.	22. liður 1. hluta VIII. viðauka	
8. mgr. 199. gr.		
200. gr.	23.–25. liður 1. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 201. gr.	26. og 28. liður 1. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 201. gr.	27. liður 1. hluta VIII. viðauka	
202. gr.	29. liður 1. hluta VIII. viðauka	
203. gr.		
1. mgr. 204. gr.	30. og 31. liður 1. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 204. gr.	32. liður 1. hluta VIII. viðauka	
205. gr.	3. liður 2. hluta VIII. viðauka	
206. gr.	4.-5. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 207. gr.	6. liður 2. hluta VIII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 207. gr.	a-liður 6. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 207. gr.	b-liður 6. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 207. gr.	c-liður 6. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 207. gr.	7. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 208. gr.	8. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 208. gr.	a-liður 8. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 208. gr.	b-liður 8. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 208. gr.	c-liður 8. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 208. gr.	d-liður 8. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 209. gr.	9. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 209. gr.	a-liður 9. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 209. gr.	b-liður 9. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
210. gr.	10. liður 2. hluta VIII. viðauka	
211. gr.	11. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 212. gr.	12. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 212. gr.	13. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 213. gr.	14. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 213. gr.	15. liður 2. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 213. gr.		
1. mgr. 214. gr.	a- til c-liður 16. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 214. gr.	16. liður 2. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 214. gr.	17. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 215. gr.	18. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 215. gr.	19. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 216. gr.	20. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 216. gr.	21. liður 2. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 217. gr.	22. liður 2. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 217. gr.	c-liður 22. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 217. gr.	c-liður 22. liðar 2. hluta VIII. viðauka	
218. gr.	3. liður 3. hluta VIII. viðauka	
219. gr.	4. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 220. gr.	5. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 220. gr.	6., 8.-10. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 220. gr.	11. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 220. gr.	22. og 23. liður 3. hluta VIII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
5. mgr. 220. gr.	9. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 221. gr.	12. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 221. gr.	12. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 221. gr.	13.-15. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 221. gr.	16. liður 3. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 221. gr.	18. og 19. liður 3. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 221. gr.	20. og 21. liður 3. hluta VIII. viðauka	
7. mgr. 221. gr.	17. liður 3. hluta VIII. viðauka	
8. mgr. 221. gr.	22. og 23. liður 3. hluta VIII. viðauka	
9. mgr. 221. gr.		
1. mgr. 222. gr.	24. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 222. gr.	25. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 222. gr.	26. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 222. gr.	27. liður 3. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 222. gr.	28. liður 3. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 222. gr.	29. liður 3. hluta VIII. viðauka	
7. mgr. 222. gr.	28. og 29. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 223. gr.	30.-32. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 223. gr.	33. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 223. gr.	33. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 223. gr.	33. liður 3. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 223. gr.	33. liður 3. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 223. gr.	34. og 35. liður 3. hluta VIII. viðauka	
7. mgr. 223. gr.	35. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 224. gr.	36. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 224. gr.	37. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 224. gr.	38. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 224. gr.	39. liður 3. hluta VIII. viðauka	
5. mgr. 224. gr.	40. liður 3. hluta VIII. viðauka	
6. mgr. 224. gr.	41. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 225. gr.	42.-46. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 225. gr.	47.-52. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 225. gr.	53.-56. liður 3. hluta VIII. viðauka	
226. gr.	57. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 227. gr.	58. liður 3. hluta VIII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 227. gr.	a- til h-liður 58. liðar 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 227. gr.	h-liður 58. liðar 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 228. gr.	60. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 228. gr.	61. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 229. gr.	62.-65. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 229. gr.	66. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 229. gr.	63. og 67. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 230. gr.	68.–71. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 230. gr.	72. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 230. gr.	73. og 74. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 231. gr.	76. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 231. gr.	77. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 231. gr.	78. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 231. gr.	79. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 231. gr.	80. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 231. gr.	80. liður a í 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 231. gr.	81.–82. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 232. gr.	83. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 232. gr.	83. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 232. gr.	84. liður 3. hluta VIII. viðauka	
4. mgr. 232. gr.	85. liður 3. hluta VIII. viðauka	
234. gr.	86. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 235. gr.	87. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 235. gr.	88. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 235. gr.	89. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 236. gr.	90. liður 3. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 236. gr.	91. liður 3. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 236. gr.	92. liður 3. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 237. gr.	1. liður 4. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 237. gr.	2. liður 4. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 238. gr.	3. liður 4. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 238. gr.	4. liður 4. hluta VIII. viðauka	
3. mgr. 238. gr.	5. liður 4. hluta VIII. viðauka	
1. mgr. 239. gr.	6. liður 4. hluta VIII. viðauka	
2. mgr. 239. gr.	7. liður 4. hluta VIII. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
3. mgr. 239. gr.	8. liður 4. hluta VIII. viðauka	
240. gr.	1. liður 6. hluta VIII. viðauka	
241. gr.	2. liður 6. hluta VIII. viðauka	
1.-9. mgr. 242. gr.	1. liður I. hluta IX. viðauka	
10. mgr. 242. gr.	37. liður 4. gr.	
11. mgr. 242. gr.	38. liður 4. gr.	
12. mgr. 242. gr.		
13. mgr. 242. gr.		
14. mgr. 242. gr.		
15. mgr. 242. gr.		
1. mgr. 243. gr.	1. liður II. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 243. gr.	1. liður a í II. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 243. gr.	1. liður b í II. hluta IX. viðauka	
4. mgr. 243. gr.	1. liður c í II. hluta IX. viðauka	
5. mgr. 243. gr.	1. liður d í II. hluta IX. viðauka	
6. mgr. 243. gr.		
1. mgr. 244. gr.	2. liður II. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 244. gr.	2. liður a í II. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 244. gr.	2. liður b í II. hluta IX. viðauka	
4. mgr. 244. gr.	2. liður c í II. hluta IX. viðauka	
5. mgr. 244. gr.	2. liður d í II. hluta IX. viðauka	
6. mgr. 244. gr.		
1. mgr. 245. gr.	1. mgr. 95. gr.	
2. mgr. 245. gr.	2. mgr. 95. gr.	
3. mgr. 245. gr.	2. mgr. 96. gr.	
4. mgr. 245. gr.	4. mgr. 96. gr.	
5. mgr. 245. gr.		
6. mgr. 245. gr.		
1. mgr. 246. gr.	2. og 3. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 246. gr.	5. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 246. gr.	5. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 247. gr.	3. mgr. 96. gr., 60. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 247. gr.	61. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 247. gr.		
4. mgr. 247. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 248. gr.	1. mgr. 101. gr.	
2. mgr. 248. gr.		
3. mgr. 248. gr.	2. mgr. 101. gr.	
249. gr.	3. og 4. liður II. hluta IX. viðauka	
250. gr.	5.-7. liður II. hluta IX. viðauka	
251. gr.	6.-7. liður IV. hluta IX. viðauka	
252. gr.	8. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 253. gr.	9. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 253. gr.	10. liður IV. hluta IX. viðauka	
254. gr.	11.-12. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 255. gr.	13. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 255. gr.	15. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 256. gr.	1. mgr. 100. gr.	
2. mgr. 256. gr.	17.-20. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 256. gr.	21. liður IV. hluta IX. viðauka	
4. mgr. 256. gr.	22.-23. liður IV. hluta IX. viðauka	
5. mgr. 256. gr.	24.-25. liður IV. hluta IX. viðauka	
6. mgr. 256. gr.	26.-29. liður IV. hluta IX. viðauka	
7. mgr. 256. gr.	30. liður IV. hluta IX. viðauka	
8. mgr. 256. gr.	32. liður IV. hluta IX. viðauka	
9. mgr. 256. gr.	33. liður IV. hluta IX. viðauka	
257. gr.	34. liður IV. hluta IX. viðauka	
258. gr.	35.-36. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 259. gr.	38.-41. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 259. gr.	42. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 259. gr.	43. liður IV. hluta IX. viðauka	
4. mgr. 259. gr.	44. liður IV. hluta IX. viðauka	
5. mgr. 259. gr.		
260. gr.	45. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 261. gr.	46.-47. og 49. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 261. gr.	51. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 262. gr.	52., 53. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 262. gr.	53. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 262. gr.		
4. mgr. 262. gr.	54. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 263. gr.	57. liður IV. hluta IX. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 263. gr.	58. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 263. gr.	59. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 264. gr.	62. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 264. gr.	63.-65. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 264. gr.	66. og 67. liður IV. hluta IX. viðauka	
4. mgr. 264. gr.		
1. mgr. 265. gr.	68. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 265. gr.	70. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 265. gr.	71. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 266. gr.	72. liður IV. hluta IX. viðauka	
2. mgr. 266. gr.	73. liður IV. hluta IX. viðauka	
3. mgr. 266. gr.	74.-75. liður IV. hluta IX. viðauka	
4. mgr. 266. gr.	76. liður IV. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 267. gr.	1. mgr. 97. gr.	
3. mgr. 267. gr.	3. mgr. 97. gr.	
268. gr.	1. liður III. hluta IX. viðauka	
269. gr.	2.-7. liður III. hluta IX. viðauka	
270. gr.	1. mgr. 98. gr. og 8.-9. liður III. hluta IX. viðauka	
1. mgr. 271. gr.	1. liður II. hluta III. viðauka 5. liður III. hluta VII. viðauka	
2. mgr. 271. gr.	7. liður III. hluta VII. viðauka	
1. mgr. 272. gr.	1. liður I. hluta III. viðauka	
2. mgr. 272. gr.	3. liður I. hluta III. viðauka	
3. mgr. 272. gr.	4. liður I. hluta III. viðauka	
4. mgr. 272. gr.	5. liður I. hluta III. viðauka	
5. mgr. 272. gr.	6. liður I. hluta III. viðauka	
6. mgr. 272. gr.	7. liður I. hluta III. viðauka	
7. mgr. 272. gr.	8. liður I. hluta III. viðauka	
8. mgr. 272. gr.	9. liður I. hluta III. viðauka	
9. mgr. 272. gr.	10. liður I. hluta III. viðauka	
10. mgr. 272. gr.	11. liður I. hluta III. viðauka	
11. mgr. 272. gr.	12. liður I. hluta III. viðauka	
12. mgr. 272. gr.	13. liður I. hluta III. viðauka	
13. mgr. 272. gr.	14. liður I. hluta III. viðauka	
14. mgr. 272. gr.	15. liður I. hluta III. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
15. mgr. 272. gr.	16. liður I. hluta III. viðauka	
16. mgr. 272. gr.	17. liður I. hluta III. viðauka	
17. mgr. 272. gr.	18. liður I. hluta III. viðauka	
18. mgr. 272. gr.	19. liður I. hluta III. viðauka	
19. mgr. 272. gr.	20. liður I. hluta III. viðauka	
20. mgr. 272. gr.	21. liður I. hluta III. viðauka	
21. mgr. 272. gr.	22. liður I. hluta III. viðauka	
22. mgr. 272. gr.	23. liður I. hluta III. viðauka	
23. mgr. 272. gr.	26. liður I. hluta III. viðauka	
24. mgr. 272. gr.	a-liður VII. hluta III. viðauka	
25. mgr. 272. gr.	a-liður VII. hluta III. viðauka	
26. mgr. 272. gr.	2. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 273. gr.	1. liður II. hluta III. viðauka	
2. mgr. 273. gr.	2. liður II. hluta III. viðauka	
3. mgr. 273. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 3. liðar II. hluta III. viðauka	
4. mgr. 273. gr.	Þriðja undirgrein 3. liðar II. hluta III. viðauka	
5. mgr. 273. gr.	4. liður II. hluta III. viðauka	
6. mgr. 273. gr.	5. liður II. hluta III. viðauka	
7. mgr. 273. gr.	7. liður II. hluta III. viðauka	
8. mgr. 273. gr.	8. liður II. hluta III. viðauka	
1. mgr. 274. gr.	III. hluti III. viðauka	
2. mgr. 274. gr.	III. hluti III. viðauka	
3. mgr. 274. gr.	III. hluti III. viðauka	
4. mgr. 274. gr.	III. hluti III. viðauka	
1. mgr. 275. gr.	IV. hluti III. viðauka	
2. mgr. 275. gr.	IV. hluti III. viðauka	
1. mgr. 276. gr.	1. liður V. hluta III. viðauka	
2. mgr. 276. gr.	1. liður V. hluta III. viðauka	
3. mgr. 276. gr.	1.-2. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 277. gr.	3.-4. liður V. hluta III. viðauka	
2. mgr. 277. gr.	5. liður V. hluta III. viðauka	
3. mgr. 277. gr.	6. liður V. hluta III. viðauka	
4. mgr. 277. gr.	7. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 278. gr.		
2. mgr. 278. gr.	8. liður V. hluta III. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
3. mgr. 278. gr.	9. liður V. hluta III. viðauka	
279. gr.	10. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 280. gr.	11. liður V. hluta III. viðauka	
2. mgr. 280. gr.	12. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 281. gr.		
2. mgr. 281. gr.	13. liður V. hluta III. viðauka	
3. mgr. 281. gr.	14. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 282. gr.		
2. mgr. 282. gr.	15. liður V. hluta III. viðauka	
3. mgr. 282. gr.	16. liður V. hluta III. viðauka	
4. mgr. 282. gr.	17. liður V. hluta III. viðauka	
5. mgr. 282. gr.	18. liður V. hluta III. viðauka	
6. mgr. 282. gr.	19. liður V. hluta III. viðauka	
7. mgr. 282. gr.	20. liður V. hluta III. viðauka	
8. mgr. 282. gr.	21. liður V. hluta III. viðauka	
1. mgr. 283. gr.	1. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 283. gr.	2. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 283. gr.	2. liður VI. hluta III. viðauka	
4. mgr. 283. gr.	3. liður VI. hluta III. viðauka	
5. mgr. 283. gr.	4. liður VI. hluta III. viðauka	
6. mgr. 283. gr.	4. liður VI. hluta III. viðauka	
1. mgr. 284. gr.	5. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 284. gr.	6. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 284. gr.		
4. mgr. 284. gr.	7. liður VI. hluta III. viðauka	
5. mgr. 284. gr.	8. liður VI. hluta III. viðauka	
6. mgr. 284. gr.	9. liður VI. hluta III. viðauka	
7. mgr. 284. gr.	10. liður VI. hluta III. viðauka	
8. mgr. 284. gr.	11. liður VI. hluta III. viðauka	
9. mgr. 284. gr.	12. liður VI. hluta III. viðauka	
10. mgr. 284. gr.	13. liður VI. hluta III. viðauka	
11. mgr. 284. gr.	9. liður VI. hluta III. viðauka	
12. mgr. 284. gr.		
13. mgr. 284. gr.	14. liður VI. hluta III. viðauka	
1. mgr. 285. gr.	15. liður VI. hluta III. viðauka	
2.-8. mgr. 285. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 286. gr.	18. og 25. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 286. gr.	19. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 286. gr.		
4. mgr. 286. gr.	20. liður VI. hluta III. viðauka	
5. mgr. 286. gr.	21. liður VI. hluta III. viðauka	
6. mgr. 286. gr.	22. liður VI. hluta III. viðauka	
7. mgr. 286. gr.	23. liður VI. hluta III. viðauka	
8. mgr. 286. gr.	24. liður VI. hluta III. viðauka	
1. mgr. 287. gr.	17. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 287. gr.	17. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 287. gr.		
4. mgr. 287. gr.		
288. gr.	26. liður VI. hluta III. viðauka	
1. mgr. 289. gr.	27. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 289. gr.	28. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 289. gr.	29. liður VI. hluta III. viðauka	
4. mgr. 289. gr.	29. liður VI. hluta III. viðauka	
5. mgr. 289. gr.	30. liður VI. hluta III. viðauka	
6. mgr. 289. gr.	31. liður VI. hluta III. viðauka	
1. mgr. 290. gr.	32. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 290. gr.	32. liður VI. hluta III. viðauka	
3.–10. mgr. 290. gr.		
1. mgr. 291. gr.	27.–28. liður I. hluta I. viðauka	
2. mgr. 291. gr.	34. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 291. gr.		
4. mgr. 291. gr.	35. liður VI. hluta III. viðauka	
5. mgr. 291. gr.		
6. mgr. 291. gr.		
1. mgr. 292. gr.	36. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 292. gr.	37. liður VI. hluta III. viðauka	
3. mgr. 292. gr.		
4. mgr. 292. gr.		
5. mgr. 292. gr.		
6. mgr. 292. gr.	38. liður VI. hluta III. viðauka	
7. mgr. 292. gr.	39. liður VI. hluta III. viðauka	
8. mgr. 292. gr.	40. liður VI. hluta III. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
9. mgr. 292. gr.	41. liður VI. hluta III. viðauka	
10. mgr. 292. gr.		
1. mgr. 293. gr.	42. liður VI. hluta III. viðauka	
2.-6. mgr. 293. gr.		
1. mgr. 294. gr.	42. liður VI. hluta III. viðauka	
2. mgr. 294. gr.		
3. mgr. 294. gr.	42. liður VI. hluta III. viðauka	
295. gr.	a-liður VII. hluta III. viðauka	
1. mgr. 296. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
2. mgr. 296. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
3. mgr. 296. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
1. mgr. 297. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
2. mgr. 297. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
3. mgr. 297. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
4. mgr. 297. gr.	b-liður VII. hluta III. viðauka	
1. mgr. 298. gr.	c-liður VII. hluta III. viðauka	
2. mgr. 298. gr.	c-liður VII. hluta III. viðauka	
3. mgr. 298. gr.	c-liður VII. hluta III. viðauka	
4. mgr. 298. gr.	c-liður VII. hluta III. viðauka	
1. mgr. 299. gr.		7. liður II. viðauka
2. mgr. 299. gr.		7.-11. liður II. viðauka
300. gr.		
301. gr.	6. liður 2. hluta III. viðauka	
302. gr.		
303. gr.		
304. gr.		
305. gr.		
306. gr.		
307. gr.		
308. gr.		
309. gr.		
310. gr.		
311. gr.		
1. mgr. 312. gr.	3. og 6. mgr. 104. gr. og 2., 5. og 8. liður 2. hluta X. viðauka	
2. mgr. 312. gr.	1. mgr. og 2. mgr. 105. gr. og 1. liður 3. hluta X. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
3. mgr. 312. gr.		
4. mgr. 312. gr.	1. mgr. 105. gr.	
1. mgr. 313. gr.	2. mgr. 102. gr.	
2. mgr. 313. gr.	3. mgr. 102. gr.	
3. mgr. 313. gr.		
1. mgr. 314. gr.	4. mgr. 102. gr.	
2. mgr. 314. gr.	1. liður 4. hluta X. viðauka	
3. mgr. 314. gr.	2. liður 4. hluta X. viðauka	
4. mgr. 314. gr.	3. og 4. liður 4. hluta X. viðauka	
5. mgr. 314. gr.		
1. mgr. 315. gr.	103. gr. og 1.-3. liður 1. hluta X. viðauka	
2. mgr. 315. gr.		
3. mgr. 315. gr.		
4. mgr. 315. gr.	4. liður 1. hluta X. viðauka	
1. mgr. 316. gr.	5.-8. liður 1. hluta X. viðauka	
2. mgr. 316. gr.	9. liður 1. hluta X. viðauka	
3. mgr. 316. gr.		
1. mgr. 317. gr.	1. mgr. 104. gr.	
2. mgr. 317. gr.	2. mgr. og 4. mgr. 104. gr. og 1. liður 2. hluta X. viðauka	
3. mgr. 317. gr.	1. liður 2. hluta X. viðauka	
4. mgr. 317. gr.	2. liður 2. hluta X. viðauka	
1. mgr. 318. gr.	4. liður 2. hluta X. viðauka	
2. mgr. 318. gr.	4. liður 2. hluta X. viðauka	
3. mgr. 318. gr.		
1. mgr. 319. gr.	6.-7. liður 2. hluta X. viðauka	
2. mgr. 319. gr.	10. og 11. liður 2. hluta X. viðauka	
320. gr.	9. og 12. liður 2. hluta X. viðauka	
321. gr.	2.-7. liður 3. hluta X. viðauka	
1. mgr. 322. gr.		
2. mgr. 322. gr.	8.-12. liður 3. hluta X. viðauka	
3. mgr. 322. gr.	13.-18. liður 3. hluta X. viðauka	
4. mgr. 322. gr.	19. liður 3. hluta X. viðauka	
5. mgr. 322. gr.	20. liður 3. hluta X. viðauka	
6. mgr. 322. gr.	21.-24. liður 3. hluta X. viðauka	
1. mgr. 323. gr.	25. liður 3. hluta X. viðauka	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 323. gr.	26. liður 3. hluta X. viðauka	
3. mgr. 323. gr.	27. liður 3. hluta X. viðauka	
4. mgr. 323. gr.	28. liður 3. hluta X. viðauka	
5. mgr. 323. gr.	29. liður 3. hluta X. viðauka	
324. gr.	5. hluti X. viðauka	
1. mgr. 325. gr.		26. gr.
2. mgr. 325. gr.		26. gr.
3. mgr. 325. gr.		
326. gr.		
1. mgr. 327. gr.		1. liður I. viðauka
2. mgr. 327. gr.		2. liður I. viðauka
3. mgr. 327. gr.		3. liður I. viðauka
1. mgr. 328. gr.		4. liður I. viðauka
2. mgr. 328. gr.		
1. mgr. 329. gr.		5. liður I. viðauka
2. mgr. 329. gr.		
330. gr.		7. liður I. viðauka
1. mgr. 331. gr.		9. liður I. viðauka
2. mgr. 331. gr.		10. liður I. viðauka
1. mgr. 332. gr.		8. liður I. viðauka
2. mgr. 332. gr.		8. liður I. viðauka
333. gr.		11. liður I. viðauka
334. gr.		13. liður I. viðauka
335. gr.		14. liður I. viðauka
1. mgr. 336. gr.		14. liður I. viðauka
2. mgr. 336. gr.		14. liður I. viðauka
3. mgr. 336. gr.		14. liður I. viðauka
4. mgr. 336. gr.		1. mgr. 19. gr.
1. mgr. 337. gr.		16. liður a í I. viðauka
2. mgr. 337. gr.		16. liður a í I. viðauka
3. mgr. 337. gr.		16. liður a í I. viðauka
4. mgr. 337. gr.		16. liður a í I. viðauka
4. mgr. 337. gr.		16. liður a í I. viðauka
1. mgr. 338. gr.		14. liður a í I. viðauka
2. mgr. 338. gr.		14. liður b í I. viðauka
3. mgr. 338. gr.		14. liður c í I. viðauka

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
4. mgr. 338. gr.		14. liður a í I. viðauka
1. mgr. 339. gr.		17. liður I. viðauka
2. mgr. 339. gr.		18. liður I. viðauka
3. mgr. 339. gr.		19. liður I. viðauka
4. mgr. 339. gr.		20. liður I. viðauka
5. mgr. 339. gr.		21. liður I. viðauka
6. mgr. 339. gr.		22. liður I. viðauka
7. mgr. 339. gr.		23. liður I. viðauka
8. mgr. 339. gr.		24. liður I. viðauka
9. mgr. 339. gr.		25. liður I. viðauka
1. mgr. 340. gr.		26. liður I. viðauka
2. mgr. 340. gr.		27. liður I. viðauka
3. mgr. 340. gr.		28. liður I. viðauka
4. mgr. 340. gr.		29. liður I. viðauka
5. mgr. 340. gr.		30. liður I. viðauka
6. mgr. 340. gr.		31. liður I. viðauka
7. mgr. 340. gr.		32. liður I. viðauka
1. mgr. 341. gr.		33. liður I. viðauka
2. mgr. 341. gr.		33. liður I. viðauka
3. mgr. 341. gr.		
342. gr.		34. liður I. viðauka
343. gr.		36. liður I. viðauka
1. mgr. 344. gr.		
2. mgr. 344. gr.		37. liður I. viðauka
3. mgr. 344. gr.		38. liður I. viðauka
1. mgr. 345. gr.		41. liður I. viðauka
2. mgr. 345. gr.		41. liður I. viðauka
1. mgr. 346. gr.		42. liður I. viðauka
2. mgr. 346. gr.		
3. mgr. 346. gr.		43. liður I. viðauka
4. mgr. 346. gr.		44. liður I. viðauka
5. mgr. 346. gr.		45. liður I. viðauka
6. mgr. 346. gr.		46. liður I. viðauka
347. gr.		8. liður I. viðauka
1. mgr. 348. gr.		48.–49. liður I. viðauka
2. mgr. 348. gr.		50. liður I. viðauka

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
349. gr.		51. liður I. viðauka
1. mgr. 350. gr.		53. liður I. viðauka
2. mgr. 350. gr.		54. liður I. viðauka
3. mgr. 350. gr.		55. liður I. viðauka
4. mgr. 350. gr.		56. liður I. viðauka
351. gr.		1. liður III. viðauka
1. mgr. 352. gr.		1. mgr. 2. liðar III. viðauka
2. mgr. 352. gr.		1. mgr. 2. liðar III. viðauka
3. mgr. 352. gr.		1. mgr. 2. liðar III. viðauka
4. mgr. 352. gr.		2. mgr. 2. liðar III. viðauka
5. mgr. 352. gr.		
1. mgr. 353. gr.		1. mgr. 2. liðar III. viðauka
2. mgr. 353. gr.		1. mgr. 2. liðar III. viðauka
3. mgr. 353. gr.		1. mgr. 2. liðar III. viðauka
1. mgr. 354. gr.		1. mgr. 3. liðar III. viðauka
2. mgr. 354. gr.		2. mgr. 3. liðar III. viðauka
3. mgr. 354. gr.		2. mgr. 3. liðar III. viðauka
4. mgr. 354. gr.		
355. gr.		
356. gr.		
1. mgr. 357. gr.		1. liður IV. viðauka
2. mgr. 357. gr.		2. liður IV. viðauka
3. mgr. 357. gr.		3. liður IV. viðauka
4. mgr. 357. gr.		4. liður IV. viðauka
5. mgr. 357. gr.		6. liður IV. viðauka
1. mgr. 358. gr.		8. liður IV. viðauka
2. mgr. 358. gr.		9. liður IV. viðauka
3. mgr. 358. gr.		10. liður IV. viðauka
4. mgr. 358. gr.		12. liður IV. viðauka
1. mgr. 359. gr.		13. liður IV. viðauka
2. mgr. 359. gr.		14. liður IV. viðauka
3. mgr. 359. gr.		15. liður IV. viðauka
4. mgr. 359. gr.		16. liður IV. viðauka
5. mgr. 359. gr.		17. liður IV. viðauka
6. mgr. 359. gr.		18. liður IV. viðauka
1. mgr. 360. gr.		19. liður IV. viðauka

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 360. gr.		20. liður IV. viðauka
361. gr.		21. liður IV. viðauka
362. gr.		
1. mgr. 363. gr.		1. liður V. viðauka
2. mgr. 363. gr.		
3. mgr. 363. gr.		
1. mgr. 364. gr.		10. liður b í V. viðauka
2. mgr. 364. gr.		
3. mgr. 364. gr.		
1. mgr. 365. gr.		10. liður V. viðauka
2. mgr. 365. gr.		10. liður a í V. viðauka
1. mgr. 366. gr.		7. liður V. viðauka
2. mgr. 366. gr.		8. liður V. viðauka
3. mgr. 366. gr.		9. liður V. viðauka
4. mgr. 366. gr.		10. liður V. viðauka
5. mgr. 366. gr.		8. liður V. viðauka
1. mgr. 367. gr.		11. liður V. viðauka
2. mgr. 367. gr.		12. liður V. viðauka
3. mgr. 367. gr.		12. liður V. viðauka
1. mgr. 368. gr.		2. liður V. viðauka
2. mgr. 368. gr.		2. liður V. viðauka
3. mgr. 368. gr.		5. liður V. viðauka
4. mgr. 368. gr.		
1. mgr. 369. gr.		3. liður V. viðauka
2. mgr. 369. gr.		
1. mgr. 370. gr.		5. liður V. viðauka
1. mgr. 371. gr.		5. liður V. viðauka
2. mgr. 371. gr.		
372. gr.		5. liður a í V. viðauka
373. gr.		5. liður b í V. viðauka
1. mgr. 374. gr.		5. liður c í V. viðauka
2. mgr. 374. gr.		5. liður d í V. viðauka
3. mgr. 374. gr.		5. liður d í V. viðauka
4. mgr. 374. gr.		5. liður d í V. viðauka
5. mgr. 374. gr.		5. liður d í V. viðauka
6. mgr. 374. gr.		5. liður d í V. viðauka

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
7. mgr. 374. gr.		
1. mgr. 375. gr.		5. liður a í V. viðauka
2. mgr. 375. gr.		5. liður e í V. viðauka
1. mgr. 376. gr.		5. liður f í V. viðauka
2. mgr. 376. gr.		5. liður g í V. viðauka
3. mgr. 376. gr.		5. liður h í V. viðauka
4. mgr. 376. gr.		5. liður h í V. viðauka
5. mgr. 376. gr.		5. liður i í V. viðauka
6. mgr. 376. gr.		5. liður V. viðauka
377. gr.		5. liður l í V. viðauka
378. gr.		1. liður II. viðauka
1. mgr. 379. gr.		2. liður II. viðauka
2. mgr. 379. gr.		3. liður II. viðauka
3. mgr. 379. gr.		2. liður II. viðauka
380. gr.		4. liður II. viðauka
381. gr.		
382. gr.		
383. gr.		
384. gr.		
385. gr.		
386. gr.		
387. gr.		1. mgr. 28. gr.
388. gr.		
389. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 106. gr.	
1. mgr. 390. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 106. gr.	
2. mgr. 390. gr.		
3. mgr. 390. gr.		1. mgr. 29. gr.
4. mgr. 390. gr.		1. mgr. 30. gr.
5. mgr. 390. gr.		2. mgr. 29. gr.
6. mgr. 390. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 106. gr.	
7. mgr. 390. gr.	3. mgr. 106. gr.	
8. mgr. 390. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 106. gr.	
391. gr.	107. gr.	
392. gr.	108. gr.	
393. gr.	109. gr.	
1. mgr. 394. gr.	1. mgr. 110. gr.	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 394. gr.	1. mgr. 110. gr.	
3. og 4. mgr. 394. gr.	2. mgr. 110. gr.	
4. mgr. 394. gr.	2. mgr. 110. gr.	
1. mgr. 395. gr.	1. mgr. 111. gr.	
2. mgr. 395. gr.		
3. mgr. 395. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 111. gr.	
4. mgr. 395. gr.		4. mgr. 30. gr.
5. mgr. 395. gr.		31. gr.
6. mgr. 395. gr.		
7. mgr. 395. gr.		
8. mgr. 395. gr.		
1. mgr. 396. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 111. gr.	
2. mgr. 396. gr.		
1. mgr. 397. gr.		1. liður VI. viðauka
2. mgr. 397. gr.		2. liður VI. viðauka
3. mgr. 397. gr.		3. liður VI. viðauka
398. gr.		1. mgr. 32. gr.
1. mgr. 399. gr.	1. mgr. 112. gr.	
2. mgr. 399. gr.	2. mgr. 112. gr.	
3. mgr. 399. gr.	3. mgr. 112. gr.	
4. mgr. 399. gr.	3. mgr. 110. gr.	
1. mgr. 400. gr.	3. mgr. 113. gr.	
2. mgr. 400. gr.	4. mgr. 113. gr.	
3. mgr. 400. gr.		
1. mgr. 401. gr.	1. mgr. 114. gr.	
2. mgr. 401. gr.	2. mgr. 114. gr.	
3. mgr. 401. gr.	3. mgr. 114. gr.	
1. mgr. 402. gr.	1. mgr. 115. gr.	
2. mgr. 402. gr.	2. mgr. 115. gr.	
3. mgr. 402. gr.		
1. mgr. 403. gr.	1. mgr. 117. gr.	
2. mgr. 403. gr.	2. mgr. 117. gr.	
404. gr.	8. mgr. 122. gr. a	
1. mgr. 405. gr.	1. mgr. 122. gr. a	
2. mgr. 405. gr.	2. mgr. 122. gr. a	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
3. mgr. 405. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 122. gr. a	
4. mgr. 405. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 122. gr. a	
1. mgr. 406. gr.	4. mgr. 122. gr. a og önnur undirgrein 5. mgr. 122. gr. a	
2. mgr. 406. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 122. gr. a og fyrsta málsgrein 6. mgr. 122. gr. a	
407. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 122. gr. a	
408. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 6. mgr. 122. gr. a	
409. gr.	7. mgr. 122. gr. a	
410. gr.	10. mgr. 122. gr. a	
411. gr.		
412. gr.		
413. gr.		
414. gr.		
415. gr.		
416. gr.		
417. gr.		
418. gr.		
419. gr.		
420. gr.		
421. gr.		
422. gr.		
423. gr.		
424. gr.		
425. gr.		
426. gr.		
427. gr.		
428. gr.		
429. gr.		
430. gr.		
1. mgr. 431. gr.	1. mgr. 145. gr.	
2. mgr. 431. gr.	2. mgr. 145. gr.	
3. mgr. 431. gr.	3. mgr. 145. gr.	
4. mgr. 431. gr.	4. mgr. 145. gr.	
1. mgr. 432. gr.	1. liður I. hluta XII. viðauka og 1. mgr. 146. gr.	

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 432. gr.	2. mgr. 146. gr. og 2. og 3. liður I. hluta XII. viðauka	
3. mgr. 432. gr.	3. mgr. 146. gr.	
433. gr.	147. gr. og 4. liður I. hluta XII. viðauka	
1. mgr. 434. gr.	148. gr.	
2. mgr. 434. gr.		
1. mgr. 435. gr.	1. liður II. hluta XII. viðauka	
2. mgr. 435. gr.		
436. gr.	2. liður II. hluta XII. viðauka	
437. gr.		
438. gr.	4. liður, 8. liður II. hluta XII. viðauka	
439. gr.	5. liður II. hluta XII. viðauka	
440. gr.		
441. gr.		
442. gr.	6. liður II. hluta XII. viðauka	
443. gr.		
444. gr.	7. liður II. hluta XII. viðauka	
445. gr.	9. liður II. hluta XII. viðauka	
446. gr.	11. liður II. hluta XII. viðauka	
447. gr.	12. liður II. hluta XII. viðauka	
448. gr.	13. liður II. hluta XII. viðauka	
449. gr.	14. liður II. hluta XII. viðauka	
450. gr.	15. liður II. hluta XII. viðauka	
451. gr.		
452. gr.	1. liður III. hluta XII. viðauka	
453. gr.	2. liður III. hluta XII. viðauka	
454. gr.	3. liður III. hluta XII. viðauka	
455. gr.		
Fyrsta undirgrein 456. gr.	1. mgr. 150. gr.	41. gr.
Önnur undirgrein 456. gr.		
457. gr.		
458. gr.		
459. gr.		
460. gr.		
461. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 462. gr.	151. gr. a	
2. mgr. 462. gr.	151. gr. a	
3. mgr. 462. gr.	151. gr. a	
4. mgr. 462. gr.		
5. mgr. 462. gr.		
463. gr.		
464. gr.		
465. gr.		
466. gr.		
467. gr.		
468. gr.		
469. gr.		
470. gr.		
471. gr.		
472. gr.		
473. gr.		
474. gr.		
475. gr.		
476. gr.		
477. gr.		
478. gr.		
479. gr.		
480. gr.		
481. gr.		
482. gr.		
483. gr.		
484. gr.		
485. gr.		
486. gr.		
487. gr.		
488. gr.		
489. gr.		
490. gr.		
491. gr.		
492. gr.		

Þessi reglugerð	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 493. gr.		
2. mgr. 493. gr.		
494. gr.		
495. gr.		
496. gr.		
497. gr.		
498. gr.		
499. gr.		
500. gr.		
501. gr.		
502. gr.		
503. gr.		
504. gr.		
505. gr.		
506. gr.		
507. gr.		
508. gr.		
509. gr.		
510. gr.		
511. gr.		
512. gr.		
513. gr.		
514. gr.		
515. gr.		
516. gr.		
517. gr.		
518. gr.		
519. gr.		
520. gr.		
521. gr.		
I. viðauki	II. viðauki	
II. viðauki	IV. Viðauki	
III. VIÐAUKI“		

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/36/ESB **2020/EES/12/02**

frá 26. júní 2013

um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar nokkrum sinnum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([2]) og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur verðbréfafyrirtækja og lánastofnana ([3]). Mörg ákvæði tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB gilda bæði um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Fyrir skýrleika sakir og til að tryggja samræmda beitingu þessara ákvæða ættu tilskipanirnar að renna saman í nýjar lagagerðir sem gilda bæði um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, það er þessa tilskipun og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 ([4]). Fella ætti ákvæðin í viðaukunum við tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB inn í meginmál þessarar tilskipunar og þeirrar reglugerðar til að auka aðgengi.

2) Tilskipun þessi ætti m.a. að innihalda ákvæði sem gilda um starfsleyfi fyrirtækis, yfirtöku á virkum eignarhlutum, nýtingu staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu, valdheimildir eftirlitsyfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum hvað þetta varðar og ákvæðin sem gilda um stofnfé og eftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum. Meginmarkmið og viðfangsefni þessarar tilskipunar er að samræma ákvæði landslaga um aðgang að starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, fyrirkomulag við stjórnunarhætti og eftirlitsramma þeirra. Tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB innihalda einnig varfærnikröfur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Kveða ætti á um þessar kröfur í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem fastsetur samræmdar varfærnikröfur og sem taka gildi án frekari lögfestingar að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, þar sem slíkar kröfur eru nátengdar starfsemi fjármálamarkaða með tilliti til ýmissa eigna í eigu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Því ætti að túlka þessa tilskipun í tengslum við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og ætti hún, ásamt þeirri reglugerð, að mynda lagaramma um bankaþjónustu, eftirlitsramma og varfærnisreglur um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

3) Almennu varfærniskröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eru auknar með sérstöku fyrirkomulagi sem lögbær yfirvöld ættu að ákvarða í ljósi stöðugs eftirlits þeirra með einstökum lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum. Gildissvið þess háttar fyrirkomulags á eftirliti ætti m.a. að vera sett fram í þessari tilskipun og lögbær yfirvöld ættu að geta lagt mat á hvaða fyrirkomulagi ætti að beita. Lögbæru yfirvöldin ættu m.a., að því er varðar þess háttar sérstakt fyrirkomulag varðandi lausafjárstöðu, að taka tillit til meginreglnanna sem settar eru fram í viðmiðunarreglum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar um skiptingu kostnaðar og ábata vegna lausafjár (e. *Guidelines on Liquidity Cost Benefit Allocation*) frá 27. október 2010.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 105, 11.4.2012, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

([4]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

4) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([1]) er verðbréfafyrirtækjum, sem hafa fengið starfsleyfi lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu og eru undir eftirliti sömu yfirvalda, heimilað að koma óhindrað á fót útibúum og veita þjónustu í öðrum aðildarríkjum. Í þeirri tilskipun er einnig kveðið á um samræmingu reglna um starfsleyfi og rekstur verðbréfafyrirtækja. Með henni er þó hvorki ákvarðað stofnfé slíkra fyrirtækja né settur sameiginlegur rammi um eftirlit með áhættu sem þau taka á sig, eins og ætti að vera kveðið á um í þessari tilskipun.

5) Tilskipun þessi ætti að vera grundvöllur þess að innri markaðinum verði komið á frá sjónarhóli bæði staðfesturéttar og frelsis til að veita fjármálaþjónustu á sviði lánastofnana.

6) Til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust þarf ekki aðeins lagareglur heldur einnig náið og reglubundið samstarf og umtalsvert meiri samleitni reglu- og eftirlitsvenja milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

7) Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA) var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]). Tilskipun þessi ætti að taka tillit til hlutverks og starfsemi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eins og sett er fram í þeirri reglugerð og málsmeðferðarinnar sem á að fylgja þegar verkefni eru falin Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

8) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin ættu að tryggja, þegar litið er til aukningar í verkefnum sem Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eru falin með þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að viðunandi mannauður og fjármagn verði til reiðu.

9) Samræmd eftirlitsráðstöfun ætti, sem fyrsta skref í átt að bankasambandi, að tryggja að stefna Sambandsins varðandi varfærniseftirlit með lánastofnunum sé framkvæmd á samfelldan og skilvirkan hátt, að sameiginlegu reglunum um fjármálaþjónustu sé beitt með sama hætti á lánastofnanir í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og að lánastofnanir þessar falli undir eftirlit í hæsta gæðaflokki, án þess að tekið sé tillit til annarra sjónarmiða en varfærnissjónarmiða. Samræmd eftirlitsráðstöfun er grundvöllur fyrir næstu skref í átt að bankasambandi. Þetta endurspeglar meginregluna um að sérhver innleiðing á sameiginlegu íhlutunarkerfi í kreppuástandi ætti að byggja á sameiginlegu stjórntæki til að draga úr líkum á að beita þurfi slíku íhlutunarkerfi. Leiðtogaráðið lét þess getið í niðurstöðum sínum frá 14. desember 2012 að „framkvæmdastjórnin muni á árinu 2013 leggja fram tillögu um sameiginlegt skilameðferðarkerfi fyrir aðildarríki sem taka þátt í samræmdu eftirlitsráðstöfuninni, sem aðilar sem eru samábyrgir henni um löggjöfina skuli fara með sem forgangsverkefni í þeim tilgangi að samþykkja hana á yfirstandandi kjörtímabili.“ Mögulegt væri að auka samþættingu fjárhagsrammans enn frekar með því að koma á sameiginlegu skilameðferðarkerfi, þ.m.t. viðeigandi og skilvirku fjárhagslegu öryggisneti til að tryggja að ákvarðanir um skilameðferð banka séu teknar hratt, af hlutleysi og með hagsmuni allra hlutaðeigandi að leiðarljósi.

10) Framsal eftirlitsverkefna til Seðlabanka Evrópu fyrir sum aðildarríkin ætti að vera í samræmi við ramma Evrópska fjármálaeftirlitskerfisins sem komið var á fót árið 2010 og grundvallarmarkmið þess um að þróa sameiginlegar reglur og auka samkvæmni eftirlitsvenja alls staðar í Sambandinu. Seðlabanki Evrópu ætti að halda áfram að framkvæma verkefni sín með fyrirvara um og í samræmi við alla viðeigandi frumlöggjöf og afleidda löggjöf Sambandsins, ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar, samkeppnisreglur og samrunaeftirlit og sameiginlegu reglurnar sem gilda um öll aðildarríki. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er falið að útfæra frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum og viðmiðunarreglum og tilmæli til að tryggja samleitni í eftirliti og samkvæmni í niðurstöðum eftirlits innan Sambandsins. Seðlabanki Evrópu ætti ekki að framkvæma þessi verkefni heldur beita heimildum sínum til að samþykkja reglugerðir skv. 132. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í samræmi við gerðir sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt á grundvelli frumvarpa sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur útfært og viðmiðunarreglur og tilmæli skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

11) Lagalega bindandi skyldur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar við sáttaumleitun er lykilþáttur í að stuðla að samræmingu, samkvæmni í eftirliti og samleitni eftirlitsvenja. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur hafið sáttaumleitun að eigin frumkvæði, þegar sérstaklega er kveðið á um það, eða að beiðni eins eða fleiri lögbærra yfirvalda ef um er að ræða deilumál. Tilskipun þessi og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ættu að fjölga þeim aðstæðum þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur hafist handa við lagalega bindandi skyldu sína til sáttaumleitunar með það fyrir augum að stuðla að samræmi í eftirlitsvenjum. Samkvæmt þessari tilskipun hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ekkert sáttaumleitunarhlutverk að eigin frumkvæði að því er varðar tilgreiningu á mikilvægum útibúum og ákvörðun varfærniskrafna fyrir tilteknar stofnanir. Lögbær yfirvöld ættu þó að hafa aðgang að sáttaumleitun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar snemma í ferlinu ef um er að ræða deilumál til að stuðla að samræmi og efla samræmdar eftirlitsvenjur á þessum viðkvæmu sviðum. Slík snemmbúin sáttaumleitun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar getur auðveldað lausn á deilumálinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

12) Ráðstafanir til að samræma eftirlit með lánastofnunum ættu að gilda um þær allar til að vernda sparifé og skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli lánastofnana. Tilhlýðilegt tillit ætti þó að taka til mismunar á stofnsamþykktum og markmiðum þeirra eins og mælt er fyrir um í landslögum.

13) Nauðsynlegt er að innleiða gagnsæjar, fyrirsjáanlegar og samræmdar eftirlitsvenjur og -ákvarðanir varðandi atvinnustarfsemi og stýringu samstæðna lánastofnana sem starfa yfir landamæri til að tryggja starfhæfan innri markað. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti því að auka samræmingu eftirlitsvenja. Eftirlitsferli og -ákvarðanir ættu ekki að takmarka starfsemi innri markaðarins að því er varðar frjálst flæði fjármagns. Samstarfshópar eftirlitsaðila ættu að tryggja sameiginlega og samræmda vinnuáætlun og samhæfðar eftirlitsákvarðanir. Efla ætti samstarf milli lögbærra yfirvalda heima- og gistiaðildarríkja með auknu gagnsæi og upplýsingaskiptum.

14) Gildissvið ráðstafana ætti því að vera eins víðtækt og unnt er og ná til allra stofnana sem stunda þá starfsemi að veita viðtöku endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, annað hvort í formi innlána eða á annan máta, s.s. með útgáfu markaðsskuldabréfa og annarra sambærilegra verðbréfa og með lánveitingu fyrir eigin reikning. Gera skal sérstakar undantekningar vegna lánastofnana sem þessi tilskipun nær ekki til. Tilskipun þessi ætti ekki að koma í veg fyrir beitingu laga í einstökum ríkjum þar sem kveðið er á um sérstakar viðbótarleyfisveitingar er heimila lánastofnunum að stunda sértæka starfsemi eða taka að sér sérstök verkefni.

15) Rétt þykir að framkvæma nauðsynlega samræmingu sem nægir til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum og fyrirkomulagi á varfærniseftirliti, sem gerir kleift að gefa út eitt starfsleyfi sem er viðurkennt í öllu Sambandinu og beita meginreglunni um varfærniseftirlit heimaaðildarríkis.

16) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaaðildarríkis er gerð krafa um að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ættu að hafna eða afturkalla starfsleyfi þegar til að mynda efni starfsáætlunar, landfræðileg staðsetning starfsemi eða starfsemi sem í reynd fer fram bendir ótvírætt til þess að lánastofnun hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í öðru aðildarríki þar sem hún hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Ef ekki er um að ræða slíka ótvíræða vísbendingu en meirihluti heildareigna eininga í bankasamstæðu er staðsettur í öðru aðildarríki þar sem lögbær yfirvöld bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli ætti einungis að breyta ábyrgðinni á eftirliti á samstæðugrundvelli með samþykki þessara lögbæru yfirvalda.

17) Lögbær yfirvöld ættu ekki að veita lánastofnun starfsleyfi, eða viðhalda starfsleyfi hennar, þegar náin tengsl milli þessarar stofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila geta hindrað yfirvöldin í að sinna eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Lánastofnanir sem hafa þegar hlotið starfsleyfi ættu einnig að fullnægja skilyrðum lögbærra yfirvalda að því er varðar þessu nánu tengsl.

18) Þegar vísað er til þess að eftirlitsyfirvöld hafi gegnt eftirlitshlutverki sínu á fullnægjandi hátt er átt við eftirlit á samstæðugrundvelli, sem hafa ætti með lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki, enda sé kveðið á um slíkt í lögum Sambandsins. Þegar svo háttar skulu yfirvöldin, sem sótt er um starfsleyfi til, vera fær um að tilgreina yfirvöldin sem eru bær til að hafa eftirlit með þeirri lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki á samstæðugrundvelli.

19) Lánastofnunum, sem hafa starfsleyfi í heimaaðildarríki sínu, ætti að vera heimilt að stunda alls staðar innan Sambandsins einhverja eða alla þá starfsemi sem um getur í skránni yfir starfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu, með því að stofna útibú eða veita þjónustu.

20) Rétt er að rýmka gagnkvæma viðurkenningu þannig að hún nái til þeirrar starfsemi þegar fjármálastofnanir, sem eru dótturfélög lánastofnana, reka hana, með því skilyrði að slík dótturfélög heyri undir það eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfélag þess lýtur og uppfylli ákveðin ströng skilyrði.

21) Gistiaðildarríkið ætti, í tengslum við neytingu staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu, að geta gert kröfu um að einingar, sem ekki hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í heimaaðildarríkjum sínum fullnægi sértækum ákvæðum í landslögum eða reglum þess og að því er varðar starfsemi sem er ekki nefnd í skránni yfir starfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu, að því tilskildu að ekki sé annars vegar þegar kveðið á um slík ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þau séu í samræmi við löggjöf Sambandsins og þeim sé ætlað að vernda hagsmuni almennings og hins vegar að þess háttar einingar eða starfsemi heyri ekki undir jafngildar reglur samkvæmt lögum eða reglum í heimaaðildarríkjum sínum.

22) Aðildarríkin ættu að tryggja að ekkert standi í vegi fyrir því að stunduð sé starfsemi sem nýtur gagnkvæmrar viðurkenningar á sama hátt og í heimaaðildarríkinu og til viðbótar við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem kemur á varfærniskröfum er taka gildi án frekari lögfestingar að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, að því tilskildu að hún brjóti ekki gegn lagaákvæðum sem sett eru til verndar almenningi í gistiaðildarríkinu.

23) Reglur um útibú lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi ættu að vera hliðstæðar í öllum aðildarríkjum. Mikilvægt er að kveða svo á um að slíkar reglur séu ekki hagstæðari en þær sem gilda um útibú lánastofnana frá öðrum aðildarríkjum. Sambandið ætti að geta gert samninga við þriðju lönd sem kveða á um að slík útibú fái sömu meðferð á yfirráðasvæði þess samkvæmt reglum samninganna. Útibú lánastofnana, með starfsleyfi í þriðju löndum, ættu ekki að njóta frelsis til að veita þjónustu eða staðfesturéttar í öðrum aðildarríkjum en þeim þar sem þau hafa staðfestu.

24) Sambandið og þriðju lönd ættu að komast að samkomulagi í því skyni að koma á hagnýtu eftirliti á samstæðugrundvelli á eins stóru landsvæði og mögulegt er.

25) Ábyrgðin á eftirliti með fjárhagslegu heilbrigði lánastofnunar, einkum gjaldþoli hennar á samstæðugrunni, ætti að hvíla á heimaaðildarríkinu. Eftirlit með bankasamstæðum í Sambandinu ætti að fara fram í náinni samvinnu milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum.

26) Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkjum ættu að hafa vald til að framkvæma, í hverju tilviki fyrir sig, vettvangsskoðun og eftirlit með starfsemi útibúa stofnana á yfirráðasvæði þeirra og krefjast upplýsinga frá útibúi um starfsemi þess og vegna hagtalna, upplýsinga eða eftirlits þegar gistiaðildarríkin telja það skipta máli fyrir stöðugleika fjármálakerfisins.

27) Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu ættu að fá upplýsingar um starfsemi sem fer fram á yfirráðasvæði þeirra. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis ættu að gera eftirlitsráðstafanir nema lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins þurfi að grípa til varúðar- og neyðarráðstafana.

28) Ekki þarf einungis lagareglur til að innri bankamarkaðurinn geti starfað snurðulaust heldur einnig náið og reglubundið samstarf og umtalsvert meiri samleitni í reglu- og eftirlitsvenjum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Í þessu skyni ætti umfjöllun um vandamál einstakra lánastofnana og gagnkvæm upplýsingaskipti einkum að fara fram fyrir milligöngu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Þessi gagnkvæma tilhögun upplýsingaskipta ætti ekki að koma í stað tvíhliða samstarfs. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu ættu að ávallt að geta, að eigin frumkvæði, þegar mikið liggur við eða að frumkvæði lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu, gengið úr skugga um að starfsemi lánastofnunar, sem stofnuð hefur verið á yfirráðasvæði þeirra, sé í samræmi við lög þar að lútandi og meginreglur um gott stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlit.

29) Rétt er að leyfa upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins. Gæta verður þess að strangar takmarkanir séu settar um skrána yfir viðtakendur til að varðveita leyndina sem hvílir yfir framsendum upplýsingum.

30) Tiltekið athæfi, s.s. svik eða innherjaviðskipti, getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og það hversu heilsteypt það er. Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði upplýsingaskipti eru heimiluð í slíkum tilvikum.

31) Þegar kveðið er á um að einungis megi birta upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda ættu þau að geta sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum.

32) Heimila ætti skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og seðlabanka og annarra stofnana sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar nauðsyn krefur vegna varfærniseftirlits, forvarna og skilameðferðar stofnana sem standa höllum fæti og eftir atvikum í neyðarástandi, annarra opinberra yfirvalda og deilda stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á að semja löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarþjónustu og vátryggingafélögum og opinberum yfirvöldum sem annast eftirlit með greiðslukerfum.

33) Endurskoðendum ætti að bera skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan um það þegar þeir við störf sín fá vitneskju um tilteknar staðreyndir, sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald stofnunar, með það í huga að efla varfærniseftirlit með stofnunum og vernda viðskiptavini þeirra. Af sömu ástæðu ættu aðildarríkin að kveða á um að slík skylda gildi í öllum tilvikum þegar endurskoðandi fær vitneskju um slíkar staðreyndir við störf sín í fyrirtæki sem hefur náin tengsl við stofnun. Skylda endurskoðenda til að upplýsa lögbær yfirvöld, eftir því sem við á, um tilteknar staðreyndir og ákvarðanir, sem varða stofnanir og sem þeir fá vitneskju um við störf sín í fyrirtækjum sem eru ekki fyrirtæki á fjármálamarkaði, ætti í sjálfu sér ekki að breyta eðli starfa þeirra í viðkomandi fyrirtæki né heldur með hvaða hætti þeir ættu að inna störf sín af hendi í fyrirtækinu.

34) Tilskipun þessi og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 miða að því að tryggja greiðslugetu stofnana. Ef hættuástand skapast þrátt fyrir gjaldþolskröfurnar er nauðsynlegt er að tryggja að mögulegt sé að taka stofnanir til skilameðferðar með skipulegum hætti og takmarka þar með neikvæð áhrif á raunhagkerfið og komast hjá því að leita þurfi til skattgreiðenda. Í þeim tilgangi ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, þar til frekari samræming verður gerð á vettvangi Sambandsins, að meta og samræma framtaksverkefni í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 um endurreisnar- og skilaáætlanir með það í huga að efla samleitni á því sviði. Í því skyni ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að vera að fullu upplýst fyrirfram um skipulag funda um endurreisnar- og skilaáætlanir og ætti að eiga rétt á að taka þátt í slíkum fundum. Yfirvöld sumra aðildarríkja hafa nú þegar innleitt skyldur fyrir stofnanir og yfirvöld um að gera endurreisnar- og skilaáætlanir. Því er rétt að krefjast þess að stofnanir hafi samstarf við yfirvöld hvað það varðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að stuðla að og taka virkan þátt í þróun og samræmingu skilvirkra endurreisnar- og skilameðferðaráætlana í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 þegar gerð endurreisnar- og skilaáætlana stendur yfir. Áætlanir sem taka til stofnana sem eru mikilvægar innan kerfis skulu njóta forgangs.

35) Gera ætti kröfu um að aðildarríkin kveði á um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem eru skilvirkar, hóflegar og letjandi til að tryggja að stofnanir, þeir sem í reynd stýra starfsemi stofnunar og þeir sem sitja í stjórn stofnunar uppfylli skuldbindingarnar sem leiða af þessari tilskipun og af reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og til að tryggja sambærilega meðhöndlun alls staðar í Sambandinu. Því ættu stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir, sem aðildarríkin mæla fyrir um, að uppfylla vissar grunnkröfur í tengslum við viðtakendur, viðmiðanirnar sem taka skal tillit til við beitingu þeirra, birtingu, helstu valdheimildir til að ákveða viðurlög og fjárhæð stjórnsýslufjársekta.

36) Einkum ættu lögbær yfirvöld að hafa valdheimildir til að leggja á stjórnsýslufjársektir sem eru nægilega háar til að vega upp á móti ávinningnum sem vænta má og eru letjandi jafnvel fyrir stórar stofnanir og stjórnendur þeirra.

37) Gera ætti kröfu um að aðildarríkin tryggi að lögbær yfirvöld taki tillit til allra aðstæðna sem skipta máli til að tryggja samræmda beitingu stjórnsýsluviðurlaga eða annarra stjórnsýsluráðstafana alls staðar í Sambandinu við ákvörðun um það hvers konar stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum sé beitt og fjárhæð stjórnsýslusektarinnar.

38) Alla jafnan ætti að birta stjórnsýsluviðurlög til að tryggja að þau hafi letjandi áhrif nema við ákveðnar og vel skilgreindar aðstæður.

39) Krafist er skilvirks upplýsingaskiptakerfis í þeim tilgangi að meta óflekkað mannorð stjórnenda og aðila stjórnar þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu og gagnavernd, ætti að fá að viðhalda miðlægu gagnasafni með upplýsingum um stjórnsýsluviðurlög, þ.m.t. allar áfrýjanir þar að lútandi, sem er aðgengilegt lögbærum yfirvöldum eingöngu. Ávallt ætti að skiptast á upplýsingum um sakfellingar í refsimálum í samræmi við rammaákvörðun 2009/315/DIM ([1]) og ákvörðun 2009/316/DIM ([2]), eins og þær hafa verið leiddar í landslög og í samræmi við önnur viðeigandi ákvæði í landslögum.

40) Lögbær yfirvöld ættu að hafa nauðsynleg rannsóknarvöld og koma á skilvirku fyrirkomulagi til að hvetja til að greint sé frá mögulegum eða raunverulegum brotum til að finna möguleg brot á ákvæðum í landslögum sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Slíkt fyrirkomulag ætti ekki að hafa áhrif á rétt ákærðra aðila til varnar.

41) Tilskipun þessi ætti að kveða á um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir til að tryggja mesta mögulega svigrúm til aðgerða eftir brot og stuðla að því að koma í veg fyrir frekari brot og skiptir þá ekki máli hvort þær eru flokkaðar undir stjórnsýsluviðurlög eða aðra stjórnsýsluráðstöfun samkvæmt landslögum. Aðildarríki ættu að geta kveðið á um frekari viðurlög og hærri stjórnsýslusektir en kveðið er á um í þessari tilskipun.

42) Tilskipun þessi ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði í lögum aðildarríkjanna sem varða refsiviðurlög.

43) Aðildarríki skulu sjá til þess að lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki hafi eigið fé sem er fullnægjandi að magni, gæðum og dreifingu með hliðsjón af áhættunni sem þær standa frammi fyrir eða kunna að standa frammi fyrir. Því ættu aðildarríki að sjá til þess að lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki hafi áætlanir og ferli til að meta og viðhalda fullnægjandi eigin fé.

([1]) Rammaákvörðun ráðsins 2009/315/DIM frá 26. febrúar 2009 um fyrirkomulag og efni upplýsingaskipta úr sakaskrám milli aðildarríkja (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 23).

([2]) Ákvörðun ráðsins 2009/316/DIM frá 6. apríl 2009 um að koma á fót upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa (ECRIS) við beitingu 11. gr. rammaákvörðunar 2009/315/DIM (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 33).

44) Fela ætti lögbærum yfirvöldum að sjá til þess að í stofnunum sé gott skipulag og fullnægjandi eiginfjárgrunn með hliðsjón af áhættunni sem stofnanirnar standa, eða kynnu að standa, frammi fyrir.

45) Mikilvægt er að auka verulega samstarf milli lögbærra yfirvalda til að tryggja að stofnunum, sem hafa starfsemi í fleiri aðildarríkjum en einu, sé ekki íþyngt óhóflega vegna þeirrar ábyrgðar sem að staðaldri hvílir á lögbærum yfirvöldum í einstökum aðildarríkjum að því er varðar útgáfu starfsleyfis og eftirlit. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að greiða fyrir og auka slíka samvinnu.

46) Rétt þykir að lögbær yfirvöld birti upplýsingar um framkvæmd starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja til að tryggja víðtækan markaðsaga um gervallt Sambandið. Slíkar upplýsingar ættu að nægja til að gera kleift að bera saman aðferðirnar sem lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja nota og koma til viðbótar kröfunum sem er að finna í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um birtingu stofnana á tæknilegum upplýsingum.

47) Tilgangur eftirlits með stofnunum á samstæðugrundvelli er einkum að vernda hagsmuni innstæðueigenda og fjárfesta í stofnunum og tryggja stöðugleika fjármálakerfisins. Eftirlit á samstæðugrunni ætti því að ná til allra bankasamstæðna til að það beri árangur, einnig þeirra sem heyra undir móðurfélög sem eru ekki lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki. Aðildarríki ættu að veita lögbærum yfirvöldum nauðsynlega lagagerninga til að gera þeim kleift að framkvæma slíkt eftirlit.

48) Lögbær yfirvöld ættu að geta metið fjárhagsstöðu sérhverrar lánastofnunar eða sérhvers verðbréfafyrirtækis í slíkri samstæðu þegar um er að ræða samstæður sem annast margs konar starfsemi og heyra undir móðurfélög sem stjórna að minnsta kosti einu dótturfélagi. Lögbær yfirvöld ættu að minnsta kosti að hafa tök á að afla sér, frá öllum fyrirtækjum innan samstæðu, nauðsynlegra upplýsinga til að gegna hlutverki sínu. Koma ætti á samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með mismunandi fjármálageirum þegar um er að ræða fyrirtækjasamstæður sem hafa með höndum margs konar fjármálastarfsemi.

49) Aðildarríkin ættu að geta synjað um eða afturkallað starfsleyfi lánastofnunar þegar um er að ræða tiltekið samstæðuskipulag sem ekki er talið henta bankastarfsemi, einkum vegna þess að ekki er unnt að hafa fullnægjandi eftirlit með því. Í því tilliti ættu lögbær yfirvöld að hafa nauðsynlegar heimildir til að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnana. Hvetja ætti til umfangsminni bankastarfsemi, s.s. eins og lánafélaga og samvinnubanka, til að tryggja sjálfbæra og fjölbreytta bankamenningu í Sambandinu sem þjóni fyrst og fremst hagsmunum borgara Sambandsins.

50) Í umboði lögbærra yfirvalda ætti að taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna Sambandsins. Lögbær yfirvöld ættu því að kanna með viðeigandi hætti áhrif ákvarðana sinna, ekki aðeins á stöðugleika fjármálakerfis innan eigin lögsögu heldur einnig innan lögsögu allra annarra hlutaðeigandi aðildarríkja. Með fyrirvara um landslög ætti sú meginregla að stuðla að fjárhagslegum stöðugleika innan Sambandsins og ekki ætti að binda lögbær yfirvöld lagalega til að ná fram tiltekinni niðurstöðu.

51) Fjármálakreppan leiddi í ljós tengsl milli bankageirans og svokallaðrar „skuggabankastarfsemi“. Sum skuggabankastarfsemi aðskilur með nytsamlegum hætti áhættu frá bankageiranum og kemur þar með í veg fyrir neikvæð áhrif á skattgreiðendur og kerfistengd áhrif. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að hafa aukinn skilning á skuggabankastarfsemi og tengslum hennar við einingar á fjármálamarkaði og hertari reglusetningu til að kveða á um gagnsæi, draga úr kerfisáhættu og til að eyða óviðeigandi venjum, fyrir stöðugleika fjármálakerfisins. Aukin skýrslugjöf stofnana getur komið einhverju af þessu á en sértæk ný reglusetning er einnig nauðsynleg.

52) Aukið gagnsæi að því er varðar starfsemi stofnana, einkum varðandi hagnað, greidda skatta og móttekna styrki, er nauðsynlegt til að endurheimta traust borgara Sambandsins á fjármálageiranum. Því má líta á tilkynningarskyldu á því sviði sem mikilvægan þátt í félagslegri ábyrgð stofnana gagnvart hagsmunaaðilum og samfélaginu.

53) Veikleikar í stjórnarháttum ýmissa stofnana hafa stuðlað að mikilli og óvarfærinni áhættusækni í bankageiranum, sem hefur leitt til falls einstakra stofnana og kerfislægra vandamála í aðildarríkjum og á alþjóðavettvangi. Mjög almenn ákvæði um stjórnunarhætti stofnana og það að verulegur hluti af rammanum um stjórnunarhætti, sem í meginatriðum byggir á valfrjálsum starfsreglum, skuli ekki vera bindandi, stuðluðu ekki nægilega vel að skilvirkri framkvæmd stofnana á traustum stjórnunarháttum. Í sumum tilvikum leiddi skortur á skilvirkum könnunum og jafnvægi innan stofnana til þess að skilvirkt eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar var ábótavant sem leiddi til skammtímaáætlana og fram úr hófi áhættusamra stjórnunaráætlana. Óljóst hlutverk lögbærra yfirvalda við eftirlit með stjórnarháttum í stofnunum auðveldaði ekki fullnægjandi eftirlit með skilvirkni innri stjórnunarháttarferla.

54) Aðildarríki ættu, til að taka á mögulegum skaðlegum áhrifum af illa útfærðu fyrirkomulagi stjórnunarhátta fyrirtækja á trausta áhættustýringu, að innleiða meginreglur og staðla til að tryggja skilvirkt eftirlit stjórnar, stuðla að traustri áhættumenningu á öllum stigum lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa eftirlit með innra fyrirkomulagi stjórnunarhátta. Beita ætti þessum meginreglum og stöðlum að teknu tilliti til eðlis og umfangs starfsemi stofnananna og þess hversu flókin hún er. Aðildarríki ættu að geta sett meginreglur og staðla um stjórnunarhætti fyrirtækja til viðbótar við það sem krafist er í þessari tilskipun.

55) Mismunandi eftirlits- og stjórnunarkerfi eru notuð í aðildarríkjunum. Í flestum tilvikum eru notuð einþætt eða tvíþætt stjórnunarkerfi. Skilgreiningarnar, sem eru notaðar í þessari tilskipun, eiga að ná yfir öll fyrirliggjandi kerfi án þess að taka eitt fram yfir annað. Þær hafa eingöngu hagnýtt gildi í þeim tilgangi að setja fram reglur sem miða að því að ná fram ákveðinni niðurstöðu óháð gildandi félagarétti um stofnanirnar í hverju aðildarríki. Skilgreiningarnar ættu því ekki að hafa áhrif á það hvernig valdheimildum er almennt skipt samkvæmt félagarétti í hverju landi.

56) Líta ætti svo á að stjórn hafi með höndum framkvæmdar- og eftirlitshlutverk. Valdheimildir og uppbygging stjórna er mismunandi eftir aðildarríkjum. Í aðildarríkjum þar sem stjórnir eru einþættar hefur alla jafnan ein stjórn á hendi stjórnunar- og eftirlitsverkefni. Í aðildarríkjum sem hafa tvíþætt kerfi framkvæmir aðskilin eftirlitsstjórn, sem hefur ekkert stjórnunarhlutverk, eftirlitshlutverkið en aðskilin stjórn innir stjórnunarhlutverkið af hendi og ber síðan ábyrgð á daglegri stjórnun fyrirtækisins. Aðskilin verkefni eru falin mismunandi einingum innan stjórnarinnar til samræmis við það.

57) Í stjórn stofnunar ætti hlutverk aðila, sem eru ekki framkvæmdastjórar, að fela í sér að gagnrýna á uppbyggilegan hátt stefnumótun stofnunarinnar og leggja þar með af mörkum til þróunar hennar, að grannskoða árangur stjórnar við að ná samþykktum markmiðum, að fullvissa sig um að fjárhagsupplýsingar séu nákvæmar og að fjármálastjórn og áhættustýringarkerfi séu vönduð og verjanleg, að grannskoða fyrirkomulag og framkvæmd launakjarastefnu stofnunarinnar og setja fram hlutlæg álit á tekjum, tilnefningum og viðmiðunum á háttsemi.

58) Stjórn stofnunar ætti, til að geta haft skilvirkt eftirlit með aðgerðum og ákvörðunum stjórnar, að gefa sér nægan tíma til að sinna verkefnum sínum og fá skilning á starfsemi stofnunarinnar, helstu áhættum sem hún stendur frammi fyrir, því sem leiðir af starfsemi hennar og áætlun varðandi áhættu. Sameining of margra stjórnunarstaða kæmi í veg fyrir að stjórnarmaður gæti varið nægum tíma til að sinna þessu eftirlitshlutverki. Því er nauðsynlegt að takmarka fjölda stjórnunarstaða sem hver stjórnarmaður stofnunar getur tekið að sér samtímis í mismunandi einingum. Hins vegar ætti ekki að beita slíkum takmörkunum gagnvart stjórnunarstöðum í stofnunum sem ekki eru fyrst og fremst reknar í viðskiptaskyni á borð við stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni eða góðgerðarstofnanir.

59) Þegar stjórnarmenn eru tilnefndir ættu hluthafar eða aðilar stofnunar að taka til athugunar hvort tilnefndir menn hafi nauðsynlega þekkingu, menntun og hæfni til að tryggja eðlilega og varfærna stjórnun stofnunarinnar. Meginreglum þessum ætti, með tilliti til stjórnarmanna, að fylgja og birta þær í gagnsæjum og opnum tilnefningarferlum.

60) Skortur á eftirliti stjórna með stjórnunarákvörðunum er að hluta til kominn vegna fyrirbærisins „hjarðhugsunar“. Þetta fyrirbæri er m.a. afleiðing af skorti á fjölbreytileika í samsetningu stjórna. Til að stuðla að óháðum skoðunum og gagnrýni ættu stjórnir stofnana því að vera nægilega fjölbreyttar að því er varðar aldur, kyn, landfræðilegan uppruna, menntun og faglega reynslu til að standa fyrir ólíkum skoðunum og reynslu. Jafnvægi í hlutfalli kynjanna er sérstaklega mikilvægt til að tryggja fullnægjandi fyrirsvar mismunandi þjóðfélagshópa. Einkum ættu stofnanir, sem ná ekki viðmiðunarmörkum um fyrirsvar þess kyns sem er í minnihluta, að hafa það að forgangsverkefni að grípa til viðeigandi aðgerða. Fyrirsvar starfsfólks í stjórnum gæti einnig verið álitin jákvæð leið til að auka fjölbreytileika, með því að bæta við mikilvægri sýn og raunverulegri þekkingu á innra gangvirki stofnana. Fjölbreyttari stjórnir ættu að geta haft skilvirkara eftirlit með stjórnun og þar með stuðlað að bættu yfirliti yfir áhættu og viðnámsþrótti stofnana. Því ætti fjölbreytileiki að vera ein viðmiðananna við samsetningu stjórna. Einnig ætti almennt að stuðla að fjölbreytileika í stefnu stofnana í ráðningarmálum. Slík stefna ætti t.d. að hvetja stofnanir til að velja umsækjendur af báðum kynjum af úrtakslistum.

61) Aðildarríki ættu, til að auka samræmi við lög og efla stjórnarhætti fyrirtækja, að koma á skilvirku og áreiðanlegu fyrirkomulagi til að hvetja til að lögbærum yfirvöldum sé greint frá mögulegum eða raunverulegum brotum á innlendum ákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Vernda ætti að fullu starfsfólk sem greinir frá brotum sem hafa verið framin innan eigin stofnana þess.

62) Starfskjarastefnur sem hvetja til óhóflegrar áhættusækni geta grafið undan traustri og skilvirkri áhættustýringu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Aðilar að G20-hópnum skuldbundu sig til að framkvæma meginreglur ráðgjafanefndarinnar um fjármálastöðugleika (FSB) um góðar þóknunarvenjur og framkvæmdarstaðla, sem fjalla um möguleg skaðleg áhrif af illa útfærðri uppbyggingu launakjara á trausta stýringu á áhættu og eftirlit með áhættusækni einstaklinga. Tilskipun þessi miðar að því að hrinda í framkvæmd alþjóðlegum meginreglum og stöðlum á vettvangi Sambandsins með því að innleiða skýlausa skyldu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja til að koma á fót og viðhalda, fyrir þá flokka starfsfólks sem í starfi sínu hafa veruleg áhrif á áhættusnið lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, launakjarastefnum og -venjum sem eru í samræmi við skilvirka áhættustýringu.

63) Rétt þykir að tilgreina skýrar meginreglur um stjórnunarhætti og skipulag starfskjarastefna til að tryggja að stofnanir hafi traustar launakjaratefnur. Einkum ætti að samræma launakjarastefnur við áhættuvilja, gildi og langtímahagsmuni lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis. Í þeim tilgangi ætti að byggja mat á árangurstengdum þætti launakjara á árangri til lengri tíma litið og taka tillit til núverandi áhættu og áhættu í framtíðinni sem árangurinn er bundinn við.

64) Þegar tekið er tillit til stefnunnar um breytileg launakjör ætti að gera greinarmun á föstum launakjörum, sem eru greiðslur, hlutfallsleg lífeyrisiðgjöld, eða hlunnindi (ef slík hlunnindi eru án tillits til frammistöðuviðmiðanna) og breytilegum launakjörum, sem eru viðbótargreiðslur eða hlunnindi sem háð eru frammistöðu eða, í undantekningartilvikum, öðrum samningsbundnum þáttum en ekki þeim sem eru hluti af hefðbundnum launakjörum (s.s. heilbrigðisþjónusta, dagvistun barna eða hlutfallslegt reglulegt lífeyrisframlag). Bæði skal taka tillit til peningalegra og ópeningalegra hlunninda.

65) Ávallt ætti að ákvarða hámarkshlutfall milli fasts og breytilegs þáttar heildarlaunakjara til að koma í veg fyrir óhóflega áhættutöku. Rétt þykir að kveða á um tiltekið hlutverk hluthafa, eigenda eða aðila stofnana hvað það varðar. Aðildarríki ættu að geta sett strangari kröfur um sambandið milli fastra og breytilega þátta heildarlaunakjara. Aðildarríki ættu að geta, innan tiltekinna marka, heimilað stofnunum að beita fræðilegum afvöxtunarstuðli við útreikning á virði slíkra gerninga við beitingu hámarkshlutfallsins til að hvetja til notkunar á hlutabréfagerningum eða skuldagerningum sem koma til greiðslu eftir frestun til langs tíma sem þáttur breytilegra launakjara. Aðildarríki ættu þó ekki að vera skyldug til að bjóða upp á þennan möguleika heldur getað kveðið á um að hann gildi um lægra hámarkshlutfall heildar breytilegra launakjara en sett er fram í þessari tilskipun. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að veita viðeigandi leiðbeiningar um gildandi fræðilegan afvöxtunarstuðul sem skal nota til að tryggja samræmda og samfellda aðferð sem ábyrgist jöfn samkeppnisskilyrði alls staðar á innri markaðnum.

66) Stjórnin ætti að samþykkja og endurskoða reglulega þær launakjarastefnur sem eru í gildi til þess að tryggja að skipulag launakjarastefnu sé samþætt áhættustýringu stofnunarinnar. Ákvæði þessarar tilskipunar um launakjör ættu að endurspegla hlutfallslega mismuninn á ólíkum tegundum stofnana með tilliti til stærðar þeirra, innra skipulags og eðlis, umfangs og þess hversu flókin starfsemi þeirra er. Einkum væri óhóflegt að krefjast þess að tilteknar tegundir verðbréfafyrirtækja fari að öllum þessum meginreglum.

67) Lögbær yfirvöld ættu að sjá til þess að stofnanir fari að meginreglum og lögum um launakjör á samstæðugrunni, þ.e. á vettvangi samstæðunnar, móðurfélaga og dótturfélaga, þ.m.t. útibú og dótturfélög, sem komið er á fót í þriðju löndum til að vernda og hlúa að fjármálastöðugleika innan Sambandsins og taka á hvers konar tilraun til að víkja frá kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

68) Grípa skal til skjótra aðgerða til úrbóta og, ef nauðsyn krefur, gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta þar sem illa útfærð starfskjarastefna og hvatakerfi geta í óviðunandi mæli aukið áhættu sem lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki eru óvarðar fyrir. Af þessum sökum er við hæfi að tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að gera megindlegar eða eigindlegar ráðstafanir varðandi viðeigandi stofnanir sem er ætlað að taka á vandamálum í tengslum við launakjarastefnur og komið hafa í ljós við eftirlit.

69) Ákvæði um launakjör ættu ekki að hafa áhrif á fulla nýtingu grundvallarréttinda, sem tryggð eru í 5. mgr. 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, almennar meginreglur landsbundinnar samnings- og vinnulöggjafar, gildandi löggjöf Sambandsins og landslög varðandi réttindi og þátttöku hluthafa og almennar skyldur stjórnar hlutaðeigandi stofnunar, auk réttar, eftir atvikum, aðila vinnumarkaðarins til að ganga frá og framfylgja kjarasamningum í samræmi við landslög og venjur.

70) Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlána- og markaðsáhættu ætti aðeins að byggja á ytra lánshæfismati, eftir því sem þurfa þykir. Stofnanir ættu því almennt að leitast við að nota innramatsaðferðir eða innri líkön ef útlánaáhætta er veruleg. Þó væri unnt að nota staðalaðferðir sem eru grundvallaðar á ytra lánshæfismat ef útlánaáhætta er óveruleg, eins og á gjarnan við um einfaldari stofnanir, fyrir lítilvæga áhættuflokka eða við aðstæður þar sem notkun innri aðferða væri of íþyngjandi.

71) Tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB eru að hluta til ástæðan fyrir oftrú á ytri lánshæfismötum. Tilskipun þessi ætti að taka tillit til ályktana G20-hópsins og meginreglna ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika um að draga úr því að treysta um of á ytri lánshæfismöt. Því ætti að hvetja stofnanir til að nota innri möt frekar en ytri lánshæfismöt, jafnvel í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns.

72) Forðast ætti að treysta um of á utanaðkomandi lánshæfismöt og eyða ætti smám saman öllum sjálfvirkum áhrifum sem þau hafa valdið. Því ætti að krefjast þess að stofnanir setji traustar viðmiðanir og ákvarðanatökuferli varðandi lánveitingar. Stofnanir ættu að geta notað ytri lánshæfismöt sem einn af mörgum þáttum í því ferli en þær ættu ekki að treysta eingöngu eða sjálfkrafa á þau.

73) Viðurkenning á lánshæfismatsfyrirtæki sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI) ætti ekki að auka einangrun markaðar þar sem þrjú fyrirtæki eru þegar ráðandi. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, seðlabankar aðildarríkjanna og Seðlabanki Evrópu ættu að sjá til þess að fleiri lánshæfismatsfyrirtæki verði viðurkennd sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki til að opna markaðinn fyrir fleiri fyrirtæki, án þess þó að gera ferlið auðveldara eða minna krefjandi.

74) Í ljósi þess hve fjölbreyttar aðferðir stofnanir, sem nota innralíkansaðferðir, hafa samþykkt er mikilvægt að lögbær yfirvöld og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafi skýra yfirsýn yfir allar fjárhæðir áhættuveginna eigna og kröfur vegna eiginfjárgrunns sem leiða af sambærilegum áhættuskuldbindingum í tengslum við slíkar aðferðir. Þess vegna ætti að krefjast þess að stofnanir gefi lögbærum yfirvöldum upp niðurstöður innri líkana sem beitt er á viðmiðunareignasöfn sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað og ná yfir margvíslegar áhættuskuldbindingar. Lögbær yfirvöld ættu, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að sameiginleg einkenni eða mismunur í niðurstöðum varðandi sömu áhættuskuldbindingu sé réttlætanlegur með tilliti til þeirra áhætta sem stofnað er til. Almennt ættu lögbær yfirvöld og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að sjá til þess að valið milli innralíkansaðferðar og staðalaðferðar leiði ekki til vanmats á kröfum vegna eiginfjárgrunns. Þó að erfiðara sé að úthluta kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu á einstakar áhættuskuldbindingar og því þyki rétt að undanskilja þennan áhættuflokk þegar samanburðarviðmið eru sett ættu lögbær yfirvöld engu að síður að fylgja þróun á innralíkansaðferðum varðandi rekstraráhættu, í þeim tilgangi að fylgjast með því hvaða venjum er beitt og bæta eftirlitsaðferðir.

75) Hvetja ætti til þróunar lánveitinga á grundvelli tengsla ef upplýsingar frá viðvarandi viðskiptatengslum við viðskiptavini eru notaðar til að auka gæði áreiðanleikakönnunar og áhættumats umfram það sem er mögulegt með stöðluðum upplýsingum og lánshæfiseinkunnum eingöngu.

76) Að því er varðar eftirlit með lausafjárstöðu ætti ábyrgðin að hvíla á heimaaðildarríkjum um leið og ítarlegar viðmiðanir um kröfur um lausafjárþekju taka gildi. Því er nauðsynlegt að ná fram samræmingu eftirlits á þessu sviði til að innleiða eftirlit heimaaðildarríkisins fyrir þann tíma. Til að tryggja skilvirkt eftirlit ættu lögbær yfirvöld heima- og gistiaðildarríkjanna að auka enn frekar samvinnu á sviði lausafjár.

77) Ef lausafé í einni stofnun innan samstæðu myndi við erfiðar aðstæður uppfylla lausafjárþörf annars aðila innan samstæðunnar ættu lögbær yfirvöld að geta veitt stofnun undanþágu frá kröfum um lausafjárþekju og í stað þess beitt þessum kröfum á samstæðugrunni.

78) Ráðstafanir, sem gerðar eru á grundvelli þessarar tilskipunar, ættu ekki að hafa áhrif á þær sem gerðar eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana ([1]). Eftirlitsráðstafanir ættu ekki að leiða til mismununar á lánveitendum frá mismunandi aðildarríkjum.

79) Í ljósi fjármálakreppunnar og sveifluaukandi fyrirkomulags sem stuðlaði að upphafi hennar og ýkti áhrif hennar lögðu Ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika, Baselnefndin um bankaeftirlit (BCBS) og G20-hópurinn fram tilmæli til að draga úr sveifluaukandi áhrifum fjárhagsreglugerða. Í desember 2010 gaf Baselnefndin um bankaeftirlit út nýja heildarreglustaðla um eiginfjárþörf banka (Basel III reglurnar) sem innihalda m.a. reglur er krefjast myndunar verndunarauka og sveiflujöfnunarauka.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15.

80) Því er rétt að krefjast þess að lánastofnanir og viðkomandi verðbréfafyrirtæki hafi, til viðbótar við aðrar eiginfjárkröfur, verndunarauka og sveiflujöfnunarauka til að tryggja að þau safni nægum eiginfjárgrunni á hagvaxtartímabilum til að bera tap við erfiðar aðstæður. Byggja ætti upp sveiflujöfnunaraukann þegar samanlagður vöxtur útlána og annarra eignaflokka, sem hafa veruleg áhrif á áhættusnið slíkra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, telst stuðla að uppsöfnun kerfisáhættu og draga ætti á hann við erfiðar aðstæður.

81) Til að tryggja að hagsveiflujöfnunaraukar endurspegli á tilhlýðilegan hátt áhættu bankageirans vegna óhóflegs útlánavaxtar ættu lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki að reikna út eiginfjárauka sína sem vegið meðaltal hlutfalla sveiflujöfnunarauka sem gilda í löndunum þar sem þau bera lánaáhættu. Hvert aðildarríki ætti því að tilnefna yfirvald sem ber ábyrgð á ársfjórðungslegri ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga sem eru í viðkomandi aðildarríki. Í þessu hlutfalli eiginfjárauka ætti að taka tillit til útlánavaxtar, breytinga á hlutfalli útlána á móti vergri landsframleiðslu í viðkomandi aðildarríki og annarra breytna sem tengjast áhættum gagnvart stöðugleika fjármálakerfisins.

82) Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað aðferðafræði á grundvelli hlutfallsins milli útlána og vergrar landsframleiðslu til að stuðla að alþjóðlegu samræmi við ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka. Þetta ætti að vera sameiginlegur upphafspunktur fyrir ákvarðanir viðkomandi lögbærra yfirvalda á hlutföllum eiginfjárauka en ætti hvorki að leiða til þess að ákvarðanatakan sé sjálfvirk né binda tilnefnt yfirvald. Hlutfall eiginfjáraukans ætti að endurspegla, á marktækan hátt, lánsfjársveifluna og áhættuna sem stafar af óhóflegum útlánavexti í aðildarríkinu og ætti að taka tilhlýðilegt tillit til sérstakra eiginleika þjóðarbúskaparins.

83) Takmarkanir á breytilegum starfskjörum eru mikilvægur þáttur í að tryggja að lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki byggi að nýju upp eiginfjárstöðu sína er þau vinna innan gildissviðs eiginfjáraukans. Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki falla þegar undir meginregluna um úthlutun breytilegra launakjara og greiðslu þeirra að eigin ákvörðun til þeirra flokka starfsfólks sem í starfi sínu hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar skulu vera sjálfbærar, með tilliti til fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Til að tryggja að stofnun byggi eiginfjárgrunn sinn upp tímanlega þykir rétt að samræma úthlutun breytilegra launakjara og valkvæðs lífeyris við stöðu hagnaðar stofnunarinnar á þeim tíma þegar samanlögð krafa um eiginfjárauka er ekki uppfyllt, með tilliti til langtímastöðu stofnunarinnar.

84) Stofnanir ættu að fjalla um og stýra allri samþjöppunaráhættu með skriflegum stefnum og ferlum. Í ljósi eðlis áhættuskuldbindinga opinbera geirans er skilvirkara að stýra samþjöppunaráhættu en að áhættuvega þessar áhættuskuldbindingar, í ljósi stærðar þeirra og þess hversu erfitt er að kvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns. Framkvæmdastjórnin ætti, á viðeigandi tímapunkti, að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um allar æskilegar breytingar á varfærnismeðferð samþjöppunaráhættu.

85) Aðildarríki ættu að geta gert kröfu um að tilteknar stofnanir ráði yfir eiginfjárauka vegna kerfisáhættu til viðbótar við verndunaraukann og sveiflujöfnunaraukann til að koma í veg fyrir og draga úr kerfisáhættu og þjóðhagsvarúðaráhættu sem er til langs tíma og ekki sveiflukennd og fellur ekki undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 þegar hætta er á röskun á fjármálakerfinu sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið í tilteknu aðildarríki. Hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu ætti að gilda um allar stofnanir, eða eina eða fleiri undirstofnanir þessara stofnana, ef atvinnustarfsemi stofnananna hefur svipað áhættusnið.

86) Rétt er að evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) þrói meginreglur sem sniðnar eru að hagkerfi Sambandsins og beri ábyrgð á eftirliti með því að þeim sé beitt til að tryggja samræmt þjóðhagsvarúðareftirlit alls staðar í Sambandinu. Tilskipun þessi ætti ekki að koma í veg fyrir að evrópska kerfisáhætturáðið grípi til aðgerða sem það telur nauðsynlegar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun evrópska kerfisáhætturáðsins ([1]).

87) Aðildarríki ættu að geta viðurkennt hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem annað aðildarríki hefur ákvarðað og beitt því hlutfalli á stofnanir sem hafa innlent starfsleyfi að því er varðar áhættuskuldbindingar í því aðildarríki sem ákvarðar hlutfall eiginfjáraukans. Aðildarríkið, sem ákvarðar hlutfall eiginfjáraukans, ætti einnig að geta beðið evrópska kerfisáhætturáðið að gefa út tilmæli, eins og um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, til eins eða fleiri aðildarríkja sem eru í stöðu til að viðurkenna hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu þar sem mælt er með að slíkt sé gert. Slík tilmæli falla undir regluna um „að uppfylla eða útskýra“ sem sett er í 2. mgr. 3. gr. og 17. gr. þeirrar reglugerðar.

88) Rétt þykir að ákvarðanir aðildarríkja um hlutföll sveiflujöfnunarauka séu samræmdar eins og mögulegt er. Í því tilliti gæti evrópska kerfisáhætturáðið, ef lögbær eða tilnefnd yfirvöld óska eftir því, stuðlað að viðræðum milli þessara yfirvalda um að ákvarða tillögur að hlutföllum eiginfjáraukanna, þ.m.t. viðeigandi breytur.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1.

89) Lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka að fullu ætti að falla undir ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja að hún byggi að nýju upp eiginfjárgrunn sinn tímanlega. Rétt er að leggja á hóflegar takmarkanir á valkvæða útgreiðslu hagnaðar, þ.m.t. arðgreiðslur og greiðslur á breytilegum launakjörum, til að vernda eigið fé. Gera ætti kröfu um að slíkar stofnanir eða fyrirtæki semji og samþykki, í samráði við lögbær yfirvöld, áætlun um verndun eigin fjár sem mælir fyrir um hvernig takmörkunum á úthlutun verði beitt og um aðrar ráðstafanir sem stofnunin eða fyrirtækið fyrirhugar að gera til að tryggja að farið sé að öllum kröfum um eiginfjárauka, svo tryggt sé að stofnunin eða fyrirtækið hafi trúverðuga áætlun um að endurreisa eiginfjárgrunn sinn.

90) Þess er vænst að yfirvöld geri meiri kröfur vegna eiginfjárgrunns á hendur kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu (G-SII) til að bæta upp fyrir meiri áhættu sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu hafa í för með sér fyrir fjármálakerfið og möguleg áhrif af falli þeirra á skattgreiðendur. Þegar yfirvald leggur á eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og eiginfjáraukinn á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) er í gildi skal sá hærri gilda. Þegar eiginfjárauki vegna kerfisáhættu gildir aðeins um innlendar áhættuskuldbindingar ætti hann að gilda uppsafnað með eiginfjáraukum á kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SII) eða eiginfjáraukanum í tengslum aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII), sem beitt er í samræmi við þessa tilskipun.

91) Tæknistaðlar á sviði fjármálaþjónustu ættu að tryggja stöðuga samræmingu og fullnægjandi vernd innstæðueigenda, fjárfesta og neytenda alls staðar í Sambandinu. Þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin býr yfir mjög sérhæfðri þekkingu væri bæði skilvirkt og viðeigandi að fela henni að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðum og framkvæmdarstöðlum, sem fela ekki í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að tryggja skilvirk stjórnsýslu- og skýrslugjafarferli við gerð draga að tæknistöðlum.

92) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur útfært um starfsleyfi, yfirtökur á mikilvægum eignarhlutum í lánastofnunum, upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, nýtingu staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu, samstarf um eftirlit, launakjarastefnu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Framkvæmdastjórnin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að tryggja að allar hlutaðeigandi stofnanir geti beitt þessum stöðlum á þann hátt sem samræmist eðli, umfangi og því hversu flóknar þessar stofnanir og starfsemi þeirra er.

93) Framlengja ætti tímabilið sem Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt tæknilegum eftirlitsstöðlum, eftir því sem við á, um einn mánuð til viðbótar í ljósi ítarleika og fjölda tæknilegra eftirlitsstaðla sem skal samþykkja samkvæmt þessari tilskipun þegar framkvæmdastjórnin samþykkir tæknilegan eftirlitsstaðal sem er sá sami og í drögum að tæknilegum eftirlitsstaðli sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fram. Auk þess ætti framkvæmdastjórnin að miða að því að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla í tíma til að gera Evrópuþinginu og ráðinu kleift að framkvæma nákvæma rannsókn, með tilliti til umfangs tæknilegra eftirlitsstaðla og þess hversu flóknir þeir eru og nánari upplýsinga um málsmeðferðarreglur Evrópuþingsins og ráðsins, verkáætlun og samsetningu.

94) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa heimild til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur útfært um starfsleyfi og yfirtökur á mikilvægum eignarhlutum í lánastofnunum, upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, samstarf um eftirlit, tilteknar varfærniskröfur og birtingu eftirlitsyfirvalda á upplýsingum með notkun framkvæmdargerða skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

95) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([1]).

96) Til að tilgreina kröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun ætti að framselja valdið til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar að skýra skilgreiningar og íðorðanotkun í þessari tilskipun og rýmka þannig skrá yfir starfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu og bæta upplýsingaskipti varðandi útibú lánastofnana. Sérlega mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin ætti, við undirbúning og samningu framseldra gerða, að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

97) Líta ber á tilvísanir í tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB sem tilvísanir í þessa tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

([1]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

98) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja ([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða ([5]) vísa til ákvæða í tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB um kröfur vegna eiginfjárgrunns, sem ætti að setja fram í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Af því leiðir að líta ber á tilvísanir í þessum tilskipunum í tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB sem tilvísanir til ákvæðanna sem gilda um kröfur vegna eiginfjárgrunns í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

99) Breyta ætti tilskipun 2002/87/EB til samræmis við þetta til að gera kleift að þróa tæknistaðla svo stofnanir, sem eru hluti af fjármálasamsteypu, beiti viðeigandi útreikningsaðferðum við ákvörðun á tilskildu eigin fé á samstæðugrunni.

100) Nauðsynlegt er að lögbær yfirvöld birti, á þann hátt að unnt sé að gera marktækan samanburð, upplýsingar um hvernig þessi tilskipun er framkvæmd til að innri bankamarkaður geti starfað með aukinni skilvirkni og til að borgarar Sambandsins njóti fullnægjandi gagnsæis.

101) Að því er tekur til eftirlits með lausafjárstöðu ætti að vera tímabil þar sem aðildarríki geta komið í kring umbreytingu í átt að reglukerfinu, sem inniheldur ítarlegar viðmiðanir fyrir kröfur um lausafjárþekju.

102) Lögbær yfirvöld ættu að beita að fullu eftirlitsheimildum sínum samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt gildandi landslögum til að tryggja stöðuga, snurðulausa og stigvaxandi umbreytingu stofnana yfir í nýjar kröfur um lausafjárstöðu og trygga fjármögnun á vettvangi Sambandsins. Einkum ættu lögbær yfirvöld að meta hvort þörf sé á að beita stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum, þ.m.t. varfærnisviðurlögum, með umfang sem ætti í stórum dráttum að miðast við mismuninn á raunverulegri lausafjárstöðu stofnunar og kröfum um lausafjárstöðu og trygga fjármögnun. Við þetta mat ættu lögbær yfirvöld að taka tilhlýðilegt tillit til markaðsaðstæðna. Slík stjórnsýsluviðurlög eða aðrar stjórnsýsluráðstafanir ættu að gilda þar til ítarlegir lagagerningar um kröfur um lausafjárstöðu og trygga fjármögnun hafa verið framkvæmdir á vettvangi Sambandsins.

103) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([6]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([7]) ættu að gilda að fullu við vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessa tilskipun.

104) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. innleiðingu reglna um aðgang að starfsemi stofnana og varfærniseftirliti með þeim, og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

105) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

106) Haft hefur verið samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina, í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001, og hefur hún samþykkt álit ([8]).

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1
([3]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.
([4]) Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.
([5]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([7]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB C 175, 19.6.2012, bls. 1.

107) Breyta ætti tilskipun 2002/87/EB til samræmis við það og fella ætti tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um:

a) aðgang að starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (sem vísað er til í heild sinni sem „stofnanir“),

b) eftirlitsheimildir og tæki til varfærniseftirlits lögbærra yfirvalda með stofnunum,

c) varfærniseftirlit lögbærra yfirvalda með stofnunum í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

d) birtingarkröfur til lögbærra yfirvalda á sviði varfærnisreglna og -eftirlits með stofnunum.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um stofnanir.

2. Ákvæði 30. gr. gilda um staðbundin fyrirtæki.

3. Ákvæði 31. gr. gilda um fyrirtækin sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Ákvæði 34. gr. og 3. kafla VII. bálks gilda um eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög sem hafa aðalskrifstofur í Sambandinu.

5. Tilskipun þessi gildir ekki um eftirfarandi:

1) aðgang að starfsemi verðbréfafyrirtækja að því marki sem hún fellur undir tilskipun 2004/39/EB,

2) seðlabanka,

3) póstgíróstofnanir,

4) í Belgíu: „Institut de Réescompte et de Garantie/Herdiscontering- en Waarborginstituut“,

5) í Danmörku: „Eksport Kredit Fonden“, „Eksport Kredit Fonden A/S“, „Danmarks Skibskredit A/S“ og „KommuneKredit“,

6) í Þýskalandi: „Kreditanstalt für Wiederaufbau“, fyrirtæki sem samkvæmt „Wohnungsgemeinnützigkeitsgesetz“ (lögum um nýtingu húsnæðis í þágu almennings) eru viðurkennd sem stofnanir er falla undir húsnæðisstefnu ríkisins, enda snúist starfsemi þeirra ekki fyrst og fremst um bankaviðskipti og fyrirtæki sem eru viðurkennd samkvæmt þeim lögum sem húsnæðisstofnanir í þágu almennings,

7) í Eistlandi: „hoiu-laenuühistud“’, samstarfsfyrirtæki sem viðurkennd eru samkvæmt „hoiu-laenuühistu seadus“,

8) á Írlandi: lánafélög (e. *credit unions*) og gagnkvæm félög (e. *friendly societies*),

9) í Grikklandi, “Ταμείο Παρακαταθηκών και Δανείων” (Tamio Parakatathikon kai Danion)“,

10) á Spáni: „Instituto de Crédito Oficial“,

11) í Frakklandi: „Caisse des dépôts et consignations“,

12) á Ítalíu: „Cassa depositi e prestiti“,

13) í Lettlandi: „krājaizdevu sabiedrības“, fyrirtæki sem eru viðurkennd samkvæmt „krājaizdevu sabiedrību likums“ sem samstarfsfyrirtæki er veita eingöngu félagsaðilum sínum fjármálaþjónustu,

14) í Litháen: „kredito unijos“ önnur en „Centrinė kredito unija“,

15) í Ungverjalandi: „MFB Magyar Fejlesztési Bank Zártkörűen Működő Részvénytársaság“ og „Magyar Export-Import Bank Zártkörűen Működő Részvénytársaság“,

16) í Hollandi: „Netherlandse Investeringsbank voor Ontwikkelingslanden NV“, „NV Noordelijke Ontwikkelingsmaatschappij“, „NV Industriebank Limburgs Instituut voor Ontwikkeling en Financiering“ og „Overijsselse Ontwikkelingsmaatschappij NV“,

17) í Austurríki: fyrirtæki sem eru viðurkennd sem húsnæðisstofnanir í þágu almennings og „Österreichische Kontrollbank AG“,

18) í Póllandi: „Spółdzielcze Kasy Oszczędnościowo — Kredytowe“ og „Bank Gospodarstwa Krajowego“,

19) í Portúgal: „Caixas Económicas“ sem voru starfræktir 1. janúar 1986, að undanskildum þeim sem voru stofnaðir sem hlutafélög og „Caixa Económica Montepio Geral“,

20) í Slóveníu: „SID-Slovenska izvozna in razvojna banka, d.d. Ljubljana“,

21) í Finnlandi: „Teollisen yhteistyön rahasto Oy/Fonden för industriellt samarbete AB“ og „Finnvera Oyj/Finnvera Abp“,

22) í Svíþjóð: „Svenska Skeppshypotekskassan“,

23) í Bretlandi: „National Savings Bank“, „Commonwealth Development Finance Company Ltd“, „Agricultural Mortgage Corporation Ltd“, „Scottish Agricultural Securities Corporation Ltd“, umboðsmenn krúnunnar fyrir ríkisstjórnir og yfirvöld handan hafsins, lánafélög og bankar sveitarfélaga.

6. Meðhöndla ætti einingarnar, sem um getur í 1. lið og 3. til 23. lið 5. mgr. þessarar greinar, sem fjármálastofnanir að því er varðar 34. gr. og 3. kafla VII. bálks.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

1) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

2) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

3) „stofnun“: stofnun eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

4) „staðbundið fyrirtæki“: staðbundið fyrirtæki eins og það er skilgreint í 4. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

5) „vátryggingafélag“: vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 5. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

6) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 6. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

7) „stjórn“: stjórn eða stjórnir stofnunar, tilnefndar í samræmi við landslög, sem hafa vald til að ákvarða áætlun, markmið og heildarstefnu stofnunar, hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar og eru skipaðar aðilunum sem í reynd stýra starfsemi stofnunarinnar,

8) „stjórn í eftirlitshlutverki sínu“: stjórn sem sinnir hlutverki sínu við umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar,

9) „framkvæmdastjórn“: þeir einstaklingar sem gegna stjórnunarhlutverki innan stofnunar og eru ábyrgir og svara fyrir daglegan rekstur stofnunarinnar gagnvart stjórn,

10) „kerfisáhætta“: hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið,

11) „líkansáhætta“: mögulegt tap stofnunar vegna ákvarðana sem kunna einkum að vera teknar á grundvelli niðurstaðna innri líkana, vegna skekkja í þróun, framkvæmd eða beitingu slíkra líkana,

12) „upphafsaðili“: upphafsaðili eins og hann er skilgreindur í 13. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

13) „umsýsluaðili“: umsýsluaðili eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

14) „móðurfélag“: móðurfélag eins og það er skilgreint í 15. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

15) „dótturfélag“: dótturfélag eins og það er skilgreint í 16. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

16) „útibú“: útibú eins og það er skilgreint í 17. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

17) „félag í hliðarstarfsemi“: félag í hliðarstarfsemi eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

18) „eignastýringarfélag“: eignastýringarfélag eins og það er skilgreint í 19. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

19) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: eignarhaldsfélag á fjármálasviði eins og það er skilgreint í 20. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

20) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 21. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

21) „blandað eignarhaldsfélag“: blandað eignarhaldsfélag eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

22) „fjármálastofnun“: fjármálastofnun eins og hún er skilgreind í 26. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

23) „aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði eins og hann er skilgreindur í 27. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

24) „móðurstofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 28. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

25) „móðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB eins og hún er skilgreind í 29. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

26) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki eins og það er skilgreint í 30. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

27) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eins og það er skilgreint í 31. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

28) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki eins og það er skilgreint í 32. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

29) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

30) „stofnun sem er mikilvæg innan kerfis“: móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnun sem myndi valda kerfisáhættu ef hún lenti í greiðsluþroti eða starfaði óeðlilega,

31) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 34. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

32) „hlutdeild“: hlutdeild eins og hún er skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

33) „virkur eignarhlutur“: virkur eignarhlutur eins og hann er skilgreindur í 36. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

34) „yfirráð“: yfirráð eins og þau eru skilgreind í 37. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

35) „náin tengsl“: náin tengsl eins og þau eru skilgreind í 38. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

36) „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 40. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

37) „eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli“: eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli eins og hann er skilgreindur í 41. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

38) „starfsleyfi“: starfsleyfi eins og það er skilgreint í 42. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

39) „heimaaðildarríki“: heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 43. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

40) „gistiaðildarríki“: gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 44. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

41) „seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu“: seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu eins og þeir eru skilgreindir í 45. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

42) „seðlabankar“: seðlabankar eins og þeir eru skilgreindir í 46. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

43) „staða samstæðu“: staða samstæðu eins og hún er skilgreind í 47. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

44) „samstæðugrundvöllur“: samstæðugrundvöllur eins og hann er skilgreindur í 48. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

45) „undirsamstæðugrunnur“: undirsamstæðugrunnur eins og hann er skilgreindur í 49. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

46) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 50. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

47) „eiginfjárgrunnur“: eignfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

48) „rekstraráhætta“: rekstraráhætta eins og hún er skilgreind í 52. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

49) „mildun útlánaáhættu“: mildun útlánaáhættu eins og hún er skilgreind í 57. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

50) „verðbréfun“: verðbréfun eins og hún er skilgreind í 61. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

51) „verðbréfuð staða“: verðbréfuð staða eins og hún er skilgreind í 62. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

52) „sérstakur verðbréfunaraðili“: sérstakur verðbréfunaraðili eins og hann er skilgreindur í 66. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

53) „valkvæður lífeyrir“: valkvæður lífeyrir eins og hann er skilgreindur í 73. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

54) „veltubók“: veltubók eins og hún er skilgreind í 86. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

55) „skipulegur verðbréfamarkaður“: skipulegur verðbréfamarkaður eins og hann er skilgreindur í 92. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

56) „vogun“: vogun eins og hún er skilgreind í 93. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

57) „hætta á of mikilli vogun“: hætta á of mikilli vogun eins og hún er skilgreind í 94. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

58) „utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“: utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eins og það er skilgreint í 98. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

59) „innri aðferðir“: innramatsaðferðin sem um getur í 1. mgr. 143. gr., innralíkansaðferðin sem um getur í 221. gr., eigin matsaðferðin sem um getur í 225. gr., þróuðu mæliaðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 312. gr., innralíkansaðferðirnar sem um getur í 283. og 363. gr. og innramatsaðferðin sem um getur í 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Þegar þessi tilskipun vísar til stjórnarinnar og stjórnunar- og eftirlitshlutverk stjórnarinnar eru, samkvæmt landslögum, falin mismunandi stofnunum eða mismunandi aðilum innan einnar stofnunar skal aðildarríkið tilgreina þær stofnanir eða þá stjórnarmenn sem bera ábyrgð í samræmi við landslög þess, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

II. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD

4. gr.

Tilnefning og valdsvið lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem framkvæma hlutverk og skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þar um og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra ef við á.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin fylgist með starfsemi stofnana og, eftir atvikum, eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, til að meta hvort farið sé að kröfum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að auðvelda lögbæru yfirvöldunum að nálgast nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort stofnanir og, eftir atvikum, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi uppfylli kröfurnar sem um getur í 2. mgr. og til að rannsaka möguleg brot á þessum kröfum.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin búi yfir sérfræðiþekkingu, tilföngum, rekstrarlegu hæfi, valdsviði og óhæði til að framkvæma verkefnin í tengslum við varfærniseftirlit, rannsóknir og viðurlög sem sett eru fram í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir láti lögbærum yfirvöldum í heimaríkjunum í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort farið sé að reglunum sem samþykktar eru í samræmi við þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Aðildarríki skulu einnig tryggja að innri eftirlitskerfi og stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag stofnana sé þannig að sannreyna megi hvenær sem er hvort ávallt sé farið að þessum reglum.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir skrái öll viðskipti sín og skjalfesti kerfi og ferla sem falla undir þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með hætti sem gerir lögbæru yfirvöldunum kleift að sannreyna hvort ávallt sé farið að þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

7. Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsstarfsemi samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og öll önnur starfsemi lögbæru yfirvaldanna sé aðgreind og óháð starfsemi í tengslum við skilameðferð. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þar um og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra ef við á.

8. Aðildarríki skulu sjá til þess, þegar yfirvöld önnur en lögbæru yfirvöldin hafa skilameðferðarvald, að þessi önnur yfirvöld hafi náið samstarf og samráð við lögbæru yfirvöldin að því er varðar gerð skilaáætlana.

5. gr.

Samræming innan aðildarríkja

Hafi aðildarríki fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hefur varfærniseftirlit með lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og fjármálastofnunum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmingu milli slíkra yfirvalda.

6. gr.

Samstarf innan Evrópska fjármálaeftirlitskerfisins

Lögbæru yfirvöldin skulu við almenn skyldustörf sín taka tillit til samleitni að því er varðar eftirlitstæki og eftirlitsaðferðir við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin sjá til þess að:

a) lögbæru yfirvöldin vinni saman, sem aðilar að Evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra og annarra aðila að Evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum sem sett er fram í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

b) lögbæru yfirvöldin taki þátt í starfsemi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og eftir atvikum samstarfshópi eftirlitsaðila,

c) lögbæru yfirvöldin leiti allra leiða til að fara að þessum leiðbeiningum og tilmælum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og bregðast við viðvörunum og tilmælum sem evrópska kerfisáhætturáðið gefur út samkvæmt 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010,

d) lögbæru yfirvöldin hafi náið samstarf við evrópska kerfisáhætturáðið,

e) landsbundnar heimildir, sem veittar eru lögbærum yfirvöldum, hamli þeim ekki við skyldustörf sem aðilum að Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, eftir því sem við á, eða samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

7. gr.

Hagsmunir Sambandsins við eftirlit

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu því, við almenn skyldustörf sín, taka áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis annarra hlutaðeigandi aðildarríkja til athugunar með viðeigandi hætti, einkum þegar neyðarástand ríkir og að teknu tilliti til fáanlegra upplýsinga á tilteknum tíma.

III. BÁLKUR

KRÖFUR UM AÐGANG AÐ STARFSEMI LÁNASTOFNANA

1. KAFLI

Almennar kröfur um aðgang að starfsemi lánastofnana

8. gr.

Starfsleyfi

1. Aðildarríki skulu krefjast þess af lánastofnunum að þær afli starfsleyfa áður en starfsemin hefst. Þau skulu, með fyrirvara um 10.–14. gr., setja skilyrði fyrir veitingu slíkra starfsleyfa og tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þar um.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal móta frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) upplýsingar sem veittar eru lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi lánastofnana, þ.m.t. starfsáætlanirnar, eins og kveðið er á um í 10. gr.,

b) kröfurnar sem gilda fyrir hluthafa og félagsaðila með virkan eignarhlut samkvæmt 14. gr. og

c) hindranir sem geta komið í veg fyrir að lögbært yfirvald gegni eftirlitshlutverki með skilvirkum hætti, eins og um getur í 14. gr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í a-, b- og c-lið í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferðarreglur fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 2. og 3. mgr., eigi síðar en 31. desember 2015.

9. gr.

Bann gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki önnur en lánastofnanir taki við innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi

1. Aðildarríkin skulu banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem eru ekki lánastofnanir að taka við innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

2. Fyrsta málsgreinin á hvorki við þegar aðildarríki eða héraðs- eða staðaryfirvöld í aðildarríki, eða opinber alþjóðasamtök, sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, taka á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum, né í tilvikum þar sem landslög eða Sambandslög kveða skýrt á um, að því tilskildu að starfsemin lúti reglum og eftirliti sem ætlað er að vernda sparifjáreigendur og fjárfesta.

10. gr.

Starfsáætlun og skipulagsuppbygging

Aðildarríkin skulu einnig setja það skilyrði að umsókn um starfsleyfi fylgi starfsáætlun þar sem fram kemur hvers konar rekstur er fyrirhugaður og hvernig lánastofnunin verður skipulögð.

11. gr.

Efnahagsþarfir

Aðildarríkin skulu ekki krefjast þess að starfsleyfisumsóknir verði athugaðar með tilliti til efnahagsþarfa markaðarins.

12. gr.

Stofnfé

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum skulu lögbær yfirvöld synja lánastofnun um leyfi til að hefja starfsemi ef hún á ekki sérgreindan eiginfjárgrunn eða ef stofnfé hennar er minna en fimm milljónir evra.

2. Stofnfé skal aðeins samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Aðildarríki geta heimilað lánastofnunum, sem ekki uppfylla skilyrði um sérgreindan eiginfjárgrunn og voru starfandi 15. desember 1979, að halda áfram starfsemi sinni. Þeim er heimilt að undanskilja slíkar lánastofnanir frá skilyrðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr.

4. Aðildarríkin geta veitt ákveðnum flokkum lánastofnana starfsleyfi þó að stofnfé þeirra sé minna en tilgreint er í 1. mgr. með eftirfarandi skilyrðum:

a) stofnfé er ekki minna en 1 milljón evra,

b) hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um ástæðurnar fyrir því að þessi kostur var tekinn.

13. gr.

Raunveruleg stjórnun starfseminnar og staðsetning aðalskrifstofu

1. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita starfsleyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar ef stjórn lánastofnunarinnar sem sækir um leyfið er í höndum eigi færri en tveggja aðila.

Þau skulu synja um slíkt starfsleyfi ef stjórnarmenn uppfylla ekki kröfurnar sem um getur í 1. mgr. 91. gr.

2. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess:

a) að lánastofnun, sem er lögaðili og hefur skráða skrifstofu samkvæmt eigin landslögum, hafi aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu í sama aðildarríki,

b) að aðrar lánastofnanir en þær sem um getur í a-lið hafi aðalskrifstofu í því aðildarríki sem gaf út starfsleyfi og þar sem starfsemi þeirra fer fram í raun.

14. gr.

Hluthafar og félagsaðilar

1. Lögbæru yfirvöldin skulu ekki veita lánastofnun starfsleyfi nema lánastofnun hafi upplýst þau um nöfn hluthafa eða félagsaðila sinna sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlutum, sem einstaklingar eða lögaðilar, og hversu stóran hlut þeir eiga eða, ef ekki er um virka eignarhlutdeild að ræða, um 20 stærstu hluthafana eða félagsaðilana.

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar um virkan eignarhlut séu uppfylltar skal hafa í huga atkvæðisréttinn sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([1]) og um skilyrðin fyrir samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem stofnun ræður yfir eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórnun útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

2. Lögbær yfirvöld skulu, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnunar, synja um leyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar ef þau efast um hæfi áðurnefndra hluthafa eða félagsaðila, einkum ef viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 23. gr. eru ekki uppfylltar. Ákvæði 2. og 3. mgr. 23. gr. og 24. gr. skulu gilda.

3. Þegar náin tengsl eru fyrir hendi milli lánastofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau gegni eftirlitshlutverki sínu með virkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu synja um starfsleyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar ef lög eða stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem lánastofnunin hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þessara laga eða stjórnsýslufyrirmæla koma í veg fyrir að þau geti gegnt eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnanir veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo að þau geti gengið úr skugga um að farið sé að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein á viðvarandi hátt.

15. gr.

Synjun starfsleyfis

Lögbært yfirvald skal, ef það synjar um leyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar, tilkynna umsækjanda um ákvörðunina, ásamt ástæðum þar að lútandi, innan sex mánaða frá viðtöku umsóknarinnar eða, ef umsóknin er ófullnægjandi, innan sex mánaða frá viðtöku fullnægjandi upplýsinga sem þurfti til að taka ákvörðunina.

Ávallt skal þó taka ákvörðun um að veita eða synja um starfsleyfi innan 12 mánaða frá móttöku umsóknar.

16. gr.

Fyrirframsamráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum

1. Áður en lögbært yfirvald veitir lánastofnun starfsleyfi skal það hafa samráð við lögbær yfirvöld annars aðildarríkis ef lánastofnunin er:

a) dótturfélag lánastofnunar með starfsleyfi í aðildarríkinu sem í hlut á,

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar með starfsleyfi í aðildarríkinu sem í hlut á,

c) undir stjórn sömu einstaklinga eða lögaðila og stjórna lánastofnun sem hefur starfsleyfi í aðildarríkinu sem í hlut á.

2. Áður en lögbært yfirvald veitir lánastofnun starfsleyfi skal það hafa samráð við það lögbæra yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með vátryggingafélögum eða verðbréfafyrirtækjum í hlutaðeigandi aðildarríki, ef lánastofnunin er:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Sambandinu,

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Sambandinu,

c) undir yfirráðum sömu einstaklinga eða lögaðila og hafa yfirráð yfir vátryggingafélagi eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Sambandinu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2 mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna og á orðstí og reynslu stjórnarmanna sem koma að stjórn annarrar einingar í sömu samstæðu. Þau skulu skiptast á öllum upplýsingum um hæfi hluthafa og orðspor og reynslu stjórnarmanna sem skipta máli vegna veitingar starfsleyfis eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

17. gr.

Útibú lánastofnana með starfsleyfi í öðru aðildarríki

Gistiaðildarríki er ekki heimilt að krefjast starfsleyfis eða stofnframlags fyrir útibú lánastofnana sem hafa hlotið starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum. Stofnun slíkra útibúa skal fara fram og eftirliti með þeim komið á í samræmi við 35. gr., 36. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 37. gr., 40.–46. gr. 49. gr. og 74. og 75. gr.

18. gr.

Afturköllun starfsleyfis

Lögbærum yfirvöldum er því aðeins heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem lánastofnun hefur hlotið, ef slík lánastofnun:

a) nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gert ráð fyrir að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir veitingu starfsleyfis,

d) uppfyllir ekki lengur varfærniskröfurnar sem settar eru fram í þriðja, fjórða eða sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða lagðar á skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. eða 105. gr. þessarar tilskipunar eða er ekki lengur treystandi til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og einkum ef stofnunin veitir ekki lengur tryggingu fyrir þeim fjármunum sem innstæðueigendur hennar treysta henni fyrir,

e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun starfsleyfis eða

f) fremur eitt af þeim brotum sem um getur í 1. mgr. 67. gr.

19. gr.

Nafn lánastofnana

Að því er varðar starfsemi lánastofnana er þeim heimilt, án tillits til lagaákvæða í gistiaðildarríkinu um heitin „banki“, „sparisjóður“ eða önnur bankaheiti, að nota á öllu yfirráðasvæði Sambandsins sama heiti og þær nota í aðildarríkjunum þar sem aðalskrifstofa þeirra er staðsett. Ef hætta á misskilningi er fyrir hendi getur gistiaðildarríkið krafist að nafninu fylgi til glöggvunar ákveðin skýringaratriði.

20. gr.

Tilkynning um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfis

1. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um öll starfsleyfi sem veitt eru skv. 8. gr.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir nöfn allra lánastofnana sem hafa fengið starfsleyfi og uppfæra hana reglulega,.

3. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal veita hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar upplýsingar um samstæðu lánastofnana í samræmi við 14. gr. (3. mgr.), 74. gr. (1. mgr.) og 109. gr. (2. mgr.), einkum um lagalega og skipulagslega uppbyggingu samstæðunnar og stjórnunarhætti hennar.

4. Skráin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal innihalda nöfn lánastofnana sem eiga ekki eigið fé eins og tilgreint er í 1. mgr. 12. gr. og skal tilgreina þær lánastofnanir sem slíkar.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um hverja og eina afturköllun starfsleyfis, ásamt ástæðunum fyrir slíkri afturköllun.

21. gr.

Undanþága fyrir lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun

1. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að veita undanþágu frá kröfunum sem settar eru fram í 10. og 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar lánastofnun sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í samræmi við skilyrðin sem þar eru sett.

Aðildarríkjum er heimilt að viðhalda og notfæra sér gildandi landslöggjöf varðandi beitingu slíkrar undanþágu að því tilskildu að hún stangist hvorki á við þessa tilskipun né reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

2. Þegar lögbær yfirvöld beita undanþágunni sem um getur í 1. mgr., 17. gr., 33. gr., 34. gr., 35. gr., 36. gr. (1.–3. mgr.) og 39.–46. gr. skulu ákvæði II. þáttar 2. kafla VII. bálks og 4. kafla VII. bálks gilda um miðlægu stofnunina og tengdar stofnunum hennar í heild sinni.

2. KAFLI

Virkur eignarhlutur í lánastofnun

22. gr.

Tilkynning og mat á fyrirhuguðum yfirtökum

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur, lögaðili eða slíkir aðilar í samstarfi („fyrirhugaður yfirtökuaðili“), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort taka yfir, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun eða bæta frekar við, beint eða óbeint, virkan eignarhlut sinn í lánastofnun nægjanlega mikið til að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50%, eða þannig að lánastofnunin yrði dótturfélag viðkomandi („fyrirhuguð yfirtaka“), tilkynni lögbærum yfirvöldum í ríki lánastofnunarinnar sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í skriflega áður en til yfirtökunnar kemur og skýri þar frá stærð fyrirhugaðs eignarhluta og viðeigandi upplýsingum, eins og tilgreint er í samræmi við 4. mgr. 23. gr. Aðildarríkin skulu ekki þurfa að beita 30% viðmiðunarmörkunum þegar þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar sem krafist er skv. 1. mgr. eða frekari upplýsinga skv. 3. mgr., senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega staðfestingu fyrir móttökunni.

Lögbæru yfirvöldin skulu hafa í mesta lagi 60 virka daga frá degi skriflegrar staðfestingar á móttöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 23. gr. („matstímabil“) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 23. gr. („matið“).

Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa fyrirhugaðan yfirtökuaðila um hvaða dag matstímabilinu lýkur þegar móttaka er staðfest.

3. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga er þörf.

Fresta skal matstímabilinu á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila. Frestunin má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það leiðir ekki til þess að matstímabilinu sé frestað.

4. Lögbæru yfirvöldin geta framlengt frestunina sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. um allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er í þriðja landi, eða fellur undir þar, eða er einstaklingur eða lögaðili sem fellur hvorki undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun né tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB eða 2004/39/EB.

5. Ákveði lögbæru yfirvöldin að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku skulu þau innan tveggja virkra daga og innan matstímabilsins, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Heimilt er, með fyrirvara um landslög og að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila, að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæra yfirvaldinu að birta slíkar upplýsingar þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

6. Fyrirhuguð yfirtaka telst samþykkt ef lögbær yfirvöld andmæla henni ekki skriflega á matstímabilinu.

7. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ljúka fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

8. Aðildarríkin skulu ekki setja strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda, eða samþykki lögbærra yfirvalda, um beina eða óbeina yfirtöku atkvæðisréttar eða hlutafjár, en þær sem settar eru fram í þessari tilskipun.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir samráðsferlið milli viðkomandi lögbærra yfirvalda sem um getur í 24. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum eigi síðar en 31. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

23. gr.

Matsviðmiðanir

1. Lögbær yfirvöld skulu, við mat á tilkynningunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. og upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 22. gr., leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðrar yfirtöku, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnunarinnar sem fyrirhugað er að yfirtaka og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á lánastofnunina, með hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

b) orðspori, þekkingu, hæfni og reynslu, eins og sett er fram í 1. mgr. 91. gr., allra stjórnarmanna og aðila framkvæmdastjórnar sem mun stjórna starfsemi lánastofnunar í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem er stunduð og áformað er að stunda í lánastofnuninni sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort lánastofnunin geti farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum sem byggjast á þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og, eftir atvikum, annarri löggjöf Sambandsins, einkum tilskipunum 2002/87/EB og 2009/110/EB, þ.m.t. hvort uppbygging samstæðunnar, sem hún verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til grunsemda um, í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku og í skilningi 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi ([1]), að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað eða hafi átt sér stað eða verið reynd, eða hvort fyrirhuguð yfirtaka gæti aukið hættuna á því.

2. Lögbær yfirvöld geta aðeins andmælt fyrirhugaðri yfirtöku þegar til þess liggja haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða þegar upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, eru ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um stærð eignarhlutdeildar, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríki skulu birta skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma matið og ber að senda það lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Umbeðnar upplýsingarnar skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.

5. Hafi lögbæra yfirvaldinu verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkum eignarhlut í sömu lánastofnun skal, með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr. 22. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

24. gr.

Samvinna milli lögbærra yfirvalda

1. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa með sér fullt samráð þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er eitt af eftirfarandi:

a) lánastofnun, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB („rekstrarfélag verðbréfasjóðs“) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, vátryggingafélags, endurtryggingafélags, verðbréfafyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem ræður yfir lánastofnun, vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

2. Lögbær yfirvöld skulu veita hvert öðru, án ástæðulausrar tafar, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda hvert öðru allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir þeim, og að eigin frumkvæði allar mikilvægar upplýsingar. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur starfsleyfi til lánastofnunarinnar sem fyrirhugað er að yfirtaka, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

25. gr.

Tilkynning ef um er að ræða fjárlosun

Aðildarríki skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa virkum eignarhlut í lánastofnun beint eða óbeint, tilkynni það lögbærum yfirvöldum skriflega áður en hann losar hlutinn og tilgreini stærð viðkomandi eignarhlutar. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhlut sinn nógu mikið til að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða þannig að lánastofnunin hætti að vera dótturfélag hans. Ekki skal gerð krafa um að aðildarríki beiti 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9 gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

26. gr.

Upplýsingaskylda og viðurlög

1. Þegar lánastofnanir fá vitneskju um yfirtökur eða ráðstafanir á eignarhlutum í hlutafé sínu sem valda því að þeir fara yfir eða undir viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. og 25. gr.skulu þær upplýsa lögbæru yfirvöldin um þessar yfirtökur og ráðstafanir.

Lánastofnanir sem hafa verið teknar til viðskipta á skipulegum markaði skulu, að minnsta kosti árlega, upplýsa lögbær yfirvöld um nöfn þeirra hluthafa og félagsaðila sem eiga virkan eignarhlut og upphæð slíkra eignarhluta sem gefin er upp t.d. á aðalfundum hluthafa og félagsaðila eða með fylgni við reglugerðir sem varða félög sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að lögbær yfirvöld grípi til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand þegar áhrif aðilanna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eru líkleg til að vinna gegn varfærinni og traustri stjórnun stofnunarinnar. Slíkar ráðstafanir geta verið lögbann, viðurlög, með fyrirvara um 65.–72. gr. og gagnvart stjórnarmönnum og stjórnendum, eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum hluthafa eða félagsaðila lánastofnunarinnar sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir gilda gagnvart einstaklingum eða lögaðilum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrirfram, eins og sett er fram í 1. mgr. 22. gr. og með fyrirvara um 65.–72. gr.

Ef eignarhluta er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum viðurlögum sem gripið er til, sjá um að viðkomandi sé sviptur atkvæðisrétti sínum tímabundið, að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

27. gr.

Viðmiðanir fyrir virkan eignarhlut

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar fyrir virkan eignarhlut séu uppfylltar, eins og um getur í 22., 25. og 26 gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttarins sem um getur í 9., 10. og 11. gr. tilskipunar 2004/109/EB og skilyrða um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar um virkan eignarhlut, sem um getur í 26. gr., séu uppfylltar, skulu aðildarríki ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem stofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli, skv. 6. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að því tilskildu að réttindi þessi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórnun útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

IV. BÁLKUR

STOFNFÉ VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

28. gr.

Stofnfé verðbréfafyrirtækja

1. Stofnfé verðbréfafyrirtækja skal aðeins samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Stofnfé allra annarra verðbréfafyrirtækja en þeirra sem um getur í 29. gr. skal vera 730 000 evrur.

29. gr.

Stofnfé tiltekinna tegunda verðbréfafyrirtækja

1. Verðbréfafyrirtæki, sem hvorki verslar með fjármálagerninga fyrir eigin reikning né sölutryggir útgáfu fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli, en tekur til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina og veitir einhverja eftirtalda þjónustu, skal hafa stofnfé sem nemur 125 000 evrum:

a) móttöku og miðlun á fyrirmælum fjárfesta varðandi fjármálagerninga,

b) framkvæmd fyrirmæla fjárfesta varðandi fjármálagerninga,

c) stjórnun einstakra fjárfestingasafna sem samanstanda af fjármálagerningum.

2. Lögbæru yfirvöldin geta heimilað verðbréfafyrirtækjum, sem framkvæma fyrirmæli fjárfesta varðandi fjármálagerninga, að varðveita slíka gerninga fyrir eigin reikning ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) slíkar stöður eru aðeins til komnar vegna þess að fyrirtækið getur ekki fullkomlega framkvæmt fyrirmæli fjárfesta,

b) heildarmarkaðsvirði allra slíkra staðna fer ekki yfir 15% af stofnfé fyrirtækisins,

c) fyrirtækið uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 92.–95. gr. og fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) slíkar stöður eru tilfallandi og til bráðabirgða og algerlega takmarkaðar við þann tíma sem þarf til að annast umrædd viðskipti.

3. Aðildarríkjum er heimilt að lækka fjárhæðina, sem um getur í 1. mgr., í 50 000 evrur ef fyrirtækið hefur ekki leyfi til að taka til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina, versla fyrir eigin reikning eða ábyrgjast útgáfur á skuldbindandi grundvelli.

4. Eignarhald á stöðum í fjármálagerningum utan veltubókar til að fjárfesta fyrir eiginfjárgrunn telst ekki viðskipti fyrir eigin reikning með tilliti til þjónustunnar sem er sett fram í 1. mgr. eða í skilningi 3. mgr.

30. gr.

Stofnfé staðbundinna fyrirtækja

Stofnfé staðbundinna fyrirtækja skal vera 50 000 evrur svo fremi að þau njóti staðfesturéttar eða veiti þjónustu sem er tilgreind í 31. eða 32. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

31. gr.

Tryggingavernd fyrirtækja sem hafa ekki leyfi til að taka til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina

1. Tryggingavernd fyrirtækjanna, sem um getur í c-undirlið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gegn áhættu skal vera í formi eins af eftirfarandi:

a) stofnfjár sem nemur 50 000 evrum,

b) starfsábyrgðartryggingar sem tekur til alls yfirráðasvæðis Sambandsins eða einhverrar annarrar sambærilegrar tryggingar til að mæta bótakröfum er leiða af vanrækslu í starfi og skal hún nema a.m.k. 1 000 000 evra fyrir hverja kröfu og samtals 1 500 000 evrum á ári fyrir allar kröfur,

c) samsetningar stofnfjár og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega fjárhæðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Þegar fyrirtæki, sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er einnig skráð samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga ([1]) verður það að fara að ákvæðum 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar og verður tryggingavernd þeirra að vera í formi eins af eftirfarandi:

a) stofnfjár sem nemur 25 000 evrum,

b) starfsábyrgðartryggingar sem tekur til alls yfirráðasvæðis Sambandsins eða einhverrar annarrar sambærilegrar tryggingar til að mæta bótakröfum sem leiða af vanrækslu í starfi, og skal hún nema a.m.k. 500 000 evra fyrir hverja kröfu og samtals 750 000 evrum á ári fyrir allar kröfur,

c) samsetningar stofnfjár og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.

32. gr.

Ákvæði sem mælir fyrir um að eldri reglur gildi

1. Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. og 3. mgr.) og 30. gr. geta aðildarríkin áfram viðurkennt starfsleyfi verðbréfafyrirtækja og fyrirtækja, sem um getur í 30. gr. og voru starfrækt fyrir 31. desember 1995, jafnvel þótt eiginfjárgrunnur þeirra sé minni en stofnféð sem tilgreint er í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr.

Eiginfjárgrunnur slíkra verðbréfafyrirtækja eða fyrirtækja skal ekki fara niður fyrir hæsta viðmiðunarstigið sem reiknað er eftir 23. mars 1993. Það viðmiðunarstig skal vera daglegt meðaltal eiginfjárgrunns reiknað út frá næstliðnum sex mánuðum áður en útreikningurinn fer fram. Viðmiðunarstigið skal reiknað á sex mánaða fresti fyrir undanfarandi tímabil.

2. Ef yfirráð yfir stjórn verðbréfafyrirtækis eða fyrirtækis, sem fellur undir 1. mgr., færast í hendur annars einstaklings eða lögaðila en þess sem fór með yfirráð yfir því 31. desember 1995 eða fyrr skal eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækisins eða fyrirtækisins ná að minnsta kosti því marki sem kveðið er á um í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. nema þegar um fyrsta framsal er að ræða í tengslum við arf eftir 31. desember 1995, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, þó ekki lengur en í tíu ár frá dagsetningu þessa framsals.

([1]) Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.

3. Eiginfjárgrunnur fyrirtækis, sem til verður við samruna tveggja eða fleiri verðbréfafyrirtækja eða fyrirtækja sem falla undir 30. gr., þarf ekki að ná því marki sem tilgreint er í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. Svo fremi mörkunum sem um getur í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. hefur ekki verið náð má eiginfjárgrunnur fyrirtækisins sem til verður við samrunann þó ekki fara niður fyrir heildarfjárhæð eiginfjárgrunns samrunafyrirtækjanna við samrunann.

4. Eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækja og fyrirtækja sem falla undir 30. gr. má ekki fara niður fyrir markið sem tilgreint er í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. og 1. og 3. mgr. þessarar greinar.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda þegar lögbær yfirvöld telja nauðsynlegt að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. séu uppfyllt til að tryggja gjaldþol stofnunar.

V. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

1. KAFLI

Almennar meginreglur

33. gr.

Lánastofnanir

Aðildarríki skulu sjá til þess að heimilt sé að stunda starfsemina sem talin er upp í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 35. gr., 36. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 39. gr. (1. og 2. mgr.) og 40.–46. gr., annaðhvort með því að stofna útibú eða veita þjónustu á vegum lánastofnunar sem hefur starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki og er undir eftirliti þeirra að því tilskildu að starfsleyfið nái til þessarar starfsemi.

34. gr.

Fjármálastofnanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem skráð er í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 35. gr., 36. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 39. gr. (1. og 2. mgr.) og 40.–46. gr., annaðhvort með því að stofna útibú eða veita þjónustu á vegum fjármálastofnunar frá öðru aðildarríki, hvort sem um ræðir dótturfélag lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana sem hafa leyfi samkvæmt stofnsamþykktum til að stunda þessa starfsemi og uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) móðurfélagið eða -félögin hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í aðildarríkinu samkvæmt þeim lögum sem fjármálastofnunin lýtur,

b) umrædd starfsemi fer í reynd fram á yfirráðasvæði þessa sama aðildarríkis,

c) móðurfélagið eða -félögin skulu eiga 90% eða meira af atkvæðisrétti sem fylgir hlutum í hlutafé í fjármálastofnuninni,

d) móðurfélagið eða -félögin uppfylla skilyrði lögbærra yfirvalda um varfærna stjórnun fjármálastofnunarinnar og hefur eða hafa lýst því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi heimaaðildarríkis að það eða þau beri óskipta ábyrgð á þeim skuldbindingum sem fjármálastofnunin stofnar til,

e) fjármálastofnunin heyrir raunverulega undir það eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfélag, eða hvert móðurfélag, þess lýtur, einkum varðandi umrædda starfsemi og í samræmi við 3. kafla í VII. bálki þessarar tilskipunar og 2. kafla í II. bálki fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, einkum hvað snertir lágmarkskröfur vegna eiginfjárgrunns sem settar eru fram í 92. gr. þeirrar reglugerðar vegna stjórnunar stórra áhættuskuldbindinga, sem kveðið er á um í fjórða hluta þeirrar reglugerðar og vegna takmörkunar eignarhlutdeilda, sem kveðið er á um í 89. og 90. gr. þeirrar reglugerðar.

Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu sannreyna að skilyrðunum, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein, hafi verið fullnægt og sjá fjármálastofnuninni fyrir vottorði þar að lútandi og skal það vera hluti tilkynningarinnar sem vísað er til í 35. og 39. gr.

2. Ef fjármálastofnun sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. uppfyllir ekki lengur sett skilyrði skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skýra lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins frá því og mun þá starfsemin sem sú fjármálastofnun annast í gistiaðildarríkinu falla undir gildandi lög í gistiaðildarríkinu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um dótturfélag fjármálastofnunar, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., til samræmis við það.

2. KAFLI

Staðfesturéttur lánastofnana

35. gr.

Tilkynningarskylda og víxlverkun milli lögbærra yfirvalda

1. Lánastofnun sem æskir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Aðildarríki skulu krefja sérhverja lánastofnun, sem æskir að stofna útibú í öðru aðildarríki, um allar eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis hún hyggst stofna útibú,

b) áætlun um fyrirhugaða starfsemi þar sem meðal annars komi fram hvers konar starfsemi er fyrirhuguð og hvernig útibúið verður uppbyggt,

c) heimilisfang í gistiaðildarríkinu þar sem skjöl eru látin í té,

d) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins.

3. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnsýsluskipulag eða fjárhagsstaða lánastofnunarinnar sé fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðrar starfsemi, skulu þau innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu um þær og upplýsa hlutaðeigandi lánastofnun til samræmis við það.

Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu einnig tilkynna um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns og summu krafna vegna eiginfjárgrunns lánastofnunarinnar skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, þrátt fyrir aðra undirgrein og í því tilviki sem um getur í 34. gr., tilkynna um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fjármálastofnunarinnar og heildarfjárhæð áhættugrunns lánastofnunar, sem er móðurfélag hennar, reiknaða í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að veita lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi lánastofnun frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingarnar bárust.

Heimilt er að leita til dómstóla í heimaaðildarríkinu við synjun eða ef ekkert svar berst.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður í samræmi við þessa grein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir upplýsingaskipti.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 5. og 6. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.

36. gr.

Upphaf starfsemi

1. Áður en útibú lánastofnunar hefur starfsemi og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um getur í 35. gr. hafa borist, skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis undirbúa eftirlit með lánastofnuninni samkvæmt 4. kafla og ef nauðsyn krefur benda á hvaða skilyrðum starfsemin í gistiaðildarríkinu skuli vera háð svo almennra hagsmuna sé gætt.

2. Þegar orðsending berst frá lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 1. mgr. runnið út án þess að orðsending hafi borist frá þeim, má stofna útibúið og hefja starfsemi.

3. Ef breytingar verða á upplýsingum sem tilkynntar eru samkvæmt b-, c- eða d-lið 2. mgr. 35. gr. skal lánastofnun tilkynna lögbærum yfirvöldum heima- og gistiaðildarríkjanna skriflega um viðkomandi breytingu að minnsta kosti mánuði áður en hún er gerð til að gera lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins fært að taka ákvörðun eftir tilkynningu skv. 35. gr. og lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins að taka ákvörðun um setningu skilyrðanna fyrir breytingunni skv. 1. mgr. þessarar greinar.

4. Líta ber svo á að útibú sem hófu starfsemi fyrir 1. janúar 1993, í samræmi við gildandi ákvæði í gistiaðildarríkjum sínum, hafi lotið þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 35. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Frá 1. janúar 1993 skulu þau falla undir gildissvið 3. mgr. þessarar greinar og 33. og 52. gr. ásamt 4. kafla.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður í samræmi við þessa grein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir upplýsingaskipti.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 5. og 6. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.

37. gr.

Upplýsingar um synjanir

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hversu oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi samkvæmt 35. gr. og 3. mgr. 36. gr.

38. gr.

Samsöfnun útibúa

Allar starfsstöðvarnar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, ber að telja sem eitt útibú.

3. KAFLI

Nýting frelsis til að veita þjónustu

39. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Hver lánastofnun, sem fer fram á að nýta sér frelsi til að veita þjónustu með því að stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í fyrsta sinn, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins hvaða starfsemi í skránni í I. viðauka hún hyggst stunda.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu, innan mánaðar frá því að þeim berst tilkynningin sem kveðið er á um í 1. mgr., senda hana lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á réttindi sem lánastofnanir sem veita þjónustu hafa öðlast fyrir 1. janúar 1993.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður um í samræmi við þessa grein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir slíka tilkynningu.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 4. og 5. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.

4. KAFLI

Valdheimildir lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins

40. gr.

Upplýsingaskylda

Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkjunum geta krafist þess að allar lánastofnanir, sem hafa útibú á yfirráðasvæðum þeirra, gefi þeim skýrslu með reglulegu millibili um starfsemi sína í viðkomandi gistiaðildarríkjum.

Aðeins skal krefjast slíkra skýrslna í upplýsingaskyni eða í tölfræðilegum tilgangi, vegna beitingar 1. mgr. 51. gr. eða í tilgangi eftirlits í samræmi við þennan kafla. Þær skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkjunum geta einkum krafist upplýsinga frá lánastofnununum, sem um getur í fyrstu undirgrein, til að gera þessum lögbæru yfirvöldum kleift að meta hvort útibú sé mikilvægt í samræmi við 1. mgr. 51. gr.

41. gr.

Ráðstafanir sem lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu gera í tengslum við starfsemi sem stunduð er í gistiaðildarríkinu

1. Komist lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu að því á grundvelli upplýsinga sem þau frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki, skv. 50. gr., að lánastofnun sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þess uppfyllir annað eftirfarandi skilyrða í tengslum við starfsemi sem stunduð er í viðkomandi gistiaðildarríki skulu þau upplýsa lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins um það:

a) að lánastofnunin uppfyllir ekki landsákvæðin sem lögleiða þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

b) að veruleg hætta sé á að lánastofnunin uppfylli ekki landsákvæðin sem lögleiða þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu tafarlaust gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hlutast til um að hlutaðeigandi lánastofnun bindi enda á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum eða geri ráðstafanir til að afstýra að ekki sé farið að þeim. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins tafarlaust um þessar ráðstafanir.

2. Telji lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins uppfylli hvorki skuldbindingar sínar né muni uppfylla þær samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. er þeim heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún taka ákvarðanir skv. 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar innan 24 klukkustunda. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að eigin frumkvæði að því að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

42. gr.

Rökstuðningur og orðsendingar

Rökstyðja skal allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 41. gr. (1. mgr.), 43. eða 44. gr. og fela í sér refsingar eða takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétti, á tilhlýðilegan hátt og hlutaðeigandi lánastofnun tilkynnt um þær.

43. gr.

Varúðarráðstafanir

1. Áður en lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjunum fara eftir málsmeðferðinni sem sett er fram í 41. gr. er þeim heimilt, við neyðarástand og þar til lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa gert ráðstafanir eða endurskipulagningarráðstafanir sem um getur í 3. gr. tilskipunar 2001/24/EB, að grípa til varúðarráðstafana sem nauðsynlegar eru til að verjast fjármálaóstöðugleika er myndi ógna verulega sameiginlegum hagsmunum innstæðueigenda, fjárfesta og viðskiptavina í gistiaðildarríkinu.

2. Allar varúðarráðstafanir skv. 1. mgr. skulu vera í réttu hlutfalli við þann tilgang þeirra að verjast fjármálaóstöðugleika sem myndi ógna verulega sameiginlegum hagsmunum innstæðueigenda, fjárfesta og viðskiptavina í gistiaðildarríkinu. Slíkar varúðarráðstafanir geta falið í sér frestun á greiðslu. Þær skulu ekki valda því að lánardrottnar lánastofnunarinnar í gistiaðildarríkinu njóti betri meðferðar en lánardrottnar í öðrum aðildarríkjum.

3. Allar varúðarráðstafanir skv. 1. mgr. skulu falla úr gildi þegar stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkisins framkvæma endurskipulagningarráðstafanir skv. 3. mgr. tilskipunar 2001/24/EB.

4. Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu skulu fella úr gildi varúðarráðstafanir ef þau telja að þessar ráðstafanir séu orðnar úreltar skv. 41. gr., nema þær hætti að gilda í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

5. Upplýsa skal framkvæmdastjórnina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld annarra hlutaðeigandi aðildarríkja, án ástæðulausrar tafar, um varúðarráðstafanir sem gerðar eru skv. 1. mgr.

Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis, eða annars aðildarríkis sem verður fyrir áhrifum, eru mótfallin ráðstöfunum lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins er þeim heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún taka ákvarðanir skv. 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar innan 24 klukkustunda. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

44. gr.

Valdheimildir gistiaðildarríkja

Gistiaðildarríkjum er heimilt, þrátt fyrir 40. og 41. gr., að beita valdheimildunum sem þau hafa samkvæmt þessari tilskipun til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þeirra á reglum sem þau hafa samþykkt samkvæmt þessari tilskipun eða almannahagsmunum. Þetta skal fela í sér möguleika á að koma í veg fyrir að brotlegar lánastofnanir hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

45. gr.

Ráðstafanir eftir afturköllun starfsleyfis

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins án tafar um það þegar starfsleyfi er afturkallað. Lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðkomandi lánastofnun hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins og til að vernda hagsmuni sparifjáreigenda.

46. gr.

Auglýsingar

Í þessum kafla skal ekkert koma í veg fyrir að lánastofnanir sem hafa aðalskrifstofur í öðrum aðildarríkjum auglýsi þjónustu sína í öllum tiltækum fjölmiðlum í gistiaðildarríkinu, svo fremi að farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem samþykktar hafa verið í þágu almannahagsmuna.

VI. BÁLKUR

SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

47. gr.

Tilkynning í tengslum við útibú í þriðju löndum og aðgangsskilyrði fyrir lánastofnanir sem hafa slík útibú

1. Aðildarríki skulu ekki beita ákvæðum, sem fela í sér hagstæðari meðferð en veitt eru útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína innan Sambandsins, gagnvart útibúum lánastofnana með aðalskrifstofu í þriðja landi, hvort heldur er við stofnun þeirra eða áframhaldandi rekstur.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og evrópsku bankanefndina, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB ([1]), um starfsleyfi sem veitt eru lánastofnunum með aðalskrifstofu í þriðju löndum.

3. Sambandinu er heimilt, með samningum sem gerðir eru við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja að beita ákvæðum sem veita útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi sömu meðferð á öllum yfirráðasvæðum Sambandsins.

48. gr.

Samstarf við eftirlitsyfirvöld þriðju landa um eftirlit á samstæðugrundvelli

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða eigin frumkvæði, að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli eftirlit á samstæðugrundvelli með:

a) stofnunum sem heyra undir móðurfélög með aðalskrifstofu í þriðja landi,

b) stofnunum í þriðju löndum sem heyra undir móðurfélög með aðalskrifstofu í Sambandinu, hvort sem móðurfélögin eru stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi.

2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja að:

a) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga, sem miðast við fjárhagsstöðu á samstæðugrundvelli, vegna eftirlits með stofnunum, eignarhaldsfélögum á fjármálasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi innan Sambandsins sem eiga dótturfélög sem eru stofnanir eða fjármálastofnunar og staðsettar í þriðja landi, eða eiga hlutdeild í slíkum stofnunum,

b) eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum geti aflað nauðsynlegra upplýsinga vegna eftirlits með móðurfélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra og eiga dótturfélög, sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir í einu eða fleiri aðildarríkjum, eða hlutdeild í slíkum stofnunum og

c) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin geti fengið hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna þær upplýsingar sem borist hafa frá landsyfirvöldum þriðju landa í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og með aðstoð evrópsku bankanefndarinnar, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og meta árangur þeirra.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina að því er varðar þessa grein í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

VII. BÁLKUR

VARFÆRNISEFTIRLIT

1. KAFLI

Meginreglur um varfærniseftirlit

Þáttur I

Valdsvið og skyldur heima- og gistiaðildarríkja

49. gr.

Valdsvið lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjunum

1. Varfærniseftirlit með stofnun, þ.m.t. starfsemi sem hún annast í samræmi við 33. og 34. gr., skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar sem fela lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli.

3. Ráðstafanir gistiaðildarríkja skulu ekki heimila mismunandi eða takmarkandi meðhöndlun á grundvelli þess að stofnun hafi starfsleyfi í öðru aðildarríki.

([1]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1. 2004, bls. 36.

50. gr.

Samstarf um eftirlit

1. Lögbæru yfirvöldin í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu hafa náið samstarf um eftirlit með starfsemi stofnana er hafa starfsemi, einkum útibú, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum en þeim þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Þau skulu láta hvert öðru í té allar upplýsingar um stjórnun og eignarhald þessara stofnana sem að gagni gætu komið við eftirlit og athugun á skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis, auk allra upplýsinga sem gætu auðveldað eftirlit með stofnunum, einkum með tilliti til lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutrygginga, takmarkana á stórum áhættuskuldbindingum, annarra þátta sem gætu haft áhrif á kerfisáhættu sem stofnun veldur, stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag og innri eftirlitskerfa.

2. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu tafarlaust veita lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkjunum allar upplýsingar og niðurstöður sem varða lausafjáreftirlit, í samræmi við sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 3. kafla í VII. bálki þessarar tilskipunar, með starfsemi stofnunarinnar í útibúum sínum, að því marki sem slíkar upplýsingar og niðurstöður varða verndun innstæðueigenda eða fjárfesta í gistiaðildarríkinu.

3. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu tafarlaust upplýsa lögbæru yfirvöldin í öllum gistiaðildarríkjunum þegar upp kemur lausafjárskortur eða ástæða er til að ætla að hann muni koma upp. Upplýsingarnar skulu einnig innihalda ítarlegri upplýsingar um undirbúning og framkvæmd endurreisnaráætlunar og um allar ráðstafanir varðandi varfærniseftirlit sem gerðar eru í því samhengi.

4. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu tilkynna og útskýra, að beiðni lögbæru yfirvaldanna í gistiaðildarríkinu, með hvaða hætti upplýsingar og niðurstöður, sem hið síðarnefnda hefur veitt, hafa verið teknar til greina. Ef lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis halda því fram, í kjölfar orðsendingar um upplýsingar og niðurstöður, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis hafi ekki gert neinar viðeigandi ráðstafanir, mega þau, eftir að hafa látið lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina vita, gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot til að vernda hagsmuni innstæðueigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta eða til að vernda stöðugleika fjármálakerfisins.

Séu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis andvíg ráðstöfunum sem lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins grípa til mega þau vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún gera það innan eins mánaðar.

5. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þeim tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt, við þessar aðstæður og með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að nýta sér valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi um upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein, að eigin frumkvæði og í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem um getur í þessari grein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnun skal gera frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir kröfur vegna upplýsingaskipta sem gætu auðveldað eftirlit með stofnunum.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 6. og 7. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.

51. gr.

Mikilvæg útibú

1. Lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki er heimilt að leggja fram beiðni hjá eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. gilda eða hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um að útibú stofnunar, annað en verðbréfafyrirtæki sem fellur undir 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, verði talið mikilvægt.

Í þeirri beiðni skulu koma fram ástæður þess að útibúið verði talið mikilvægt með sérstöku tilliti til eftirfarandi:

a) hvort markaðshlutdeild útibús varðandi innlán sé meiri en 2% í gistiaðildarríkinu,

b) líklegra áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi stofnunar á kerfistengda lausafjárstöðu og greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi í gistiaðildarríkinu,

c) stærðar og mikilvægis útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan banka- eða fjármálakerfis gistiaðildarríkisins.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins og gistiaðildarríkisins og eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skulu, þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. eiga við, gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu um hvort útibú teljist mikilvægt.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni samkvæmt fyrsta undirlið skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka eigin ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um það hvort útibú skuli teljast mikilvægt. Við ákvörðunartökuna skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka tillit til allra skoðana og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli eða lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis.

Þær ákvarðanirnar sem um getur í þriðja og fjórða undirlið skulu settar fram í skjali þar sem fram kemur fullnægjandi rökstuðningur, þær sendar viðkomandi lögbærum yfirvöldum og skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja viðurkenna áhrif þeirra og beita þeim.

Það að útibú sé tilgreint sem mikilvægt skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu láta lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis, þar sem mikilvægt útibú hefur staðfestu, í té þær upplýsingar sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 117. gr. og leysa af hendi þau verkefni sem um getur í c-lið 1. mgr. 112. gr. í samvinnu við lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins.

Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verða vör við neyðarástand eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., skulu þau tafarlaust vara þau yfirvöld við sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 1. mgr. 59. gr.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu láta lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis, þar sem mikilvæg útibú hafa staðfestu, í té niðurstöður áhættumats stofnana sem hafa slík útibú sem um getur í 97. gr. og, eftir atvikum, í 2. mgr. 113. gr. Þau skulu einnig tilkynna um ákvarðanir skv. 104. og 105. gr. að því marki sem slík möt og ákvarðanir varða þessi útibú.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu hafa samráð við lögbær yfirvöld, gistiaðildarríkjanna þar sem mikilvæg útibú eru stofnsett, um hagnýtar ráðstafanir sem krafist er í 11. mgr. 86. gr. og, ef við á, varðandi lausafjárháttur í gjaldmiðli gistiaðildarríkisins.

Hafi lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins ekki haft samráð við lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins, eða ef lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins halda því fram, í kjölfar slíks samráð, að hagnýtar ráðstafanir sem krafist er í 11. mgr. 86. gr. séu ekki fullnægjandi, er lögbærum yfirvöldunum í gistiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Þegar 116. gr. a gildir ekki skulu lögbær yfirvöld, er hafa eftirlit með stofnun, sem hefir mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum, koma á fót og veita formennsku samstarfshópi eftirlitsaðila til þess að stuðla að samvinnu skv. 2. mgr. þessarar greinar og 50. gr. Stofnun og starfsemi samstarfshópsins skal byggjast á skriflegum samþykktum sem eru ákvarðaðar af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu ákveða hvaða lögbæru yfirvöld taka þátt í fundi eða starfsemi samstarfshópsins.

Í ákvörðun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem fyrirhuguð er eða samræma skal að því er varðar þau yfirvöld, einkum hugsanlegra áhrifa á stöðugleika fjármálakerfis í hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 3. gr., og þeirra skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni þeirra og þá starfsemi sem tekin verður til athugunar. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal einnig tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins tímanlega um aðgerðir sem framkvæmdar eru á þessum fundum eða ráðstafanir sem gripið er til.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina almenn skilyrði um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum í því skyni að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 4. og 5. mgr., eigi síðar en 31. desember 2014.

52. gr.

Vettvangsskoðun og eftirlit með útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki

1. Gistiaðildarríki skulu mæla svo fyrir, þegar stofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki rekur starfsemi í gegnum útibú, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, eða milliliður sem þau velja til þess, geti skoðað sjálf á staðnum þær upplýsingar sem um getur í 50. gr. og haft eftirlit með slíkum útibúum, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um það fyrirfram.

2. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins er einnig heimilt að grípa til þeirra aðferða sem kveðið er á um í 118. gr. í þeim tilgangi að hafa eftirlit með útibúum.

3. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjunum skulu hafa vald til að framkvæma, í hverju tilviki fyrir sig, vettvangsskoðun og eftirlit með starfsemi útibúa stofnana á yfirráðasvæði sínu og krefja útibúi um upplýsingar um starfsemi þess og í þágu eftirlits, þegar þau telja slíkt skipta máli fyrir stöðugleika fjármálakerfisins í gistiaðildarríkinu. Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu skulu hafa samráð við lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu áður en þau framkvæma þess háttar skoðanir og eftirlit. Að aflokinni slíkri skoðun og eftirliti skulu lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu senda lögbæru yfirvöldunum í heimaaðildarríkinu þær upplýsingar og niðurstöður sem þau fengu og sem máli skipta fyrir áhættumatið á stofnuninni eða stöðugleika fjármálakerfisins í gistiaðildarríkinu. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra upplýsinga og niðurstaðna við ákvörðun á áætlun um eftirlitsaðgerðir sem um getur í 99. gr., einnig að teknu tilliti til stöðugleika fjármálakerfisins í gistiaðildarríkinu.

4. Framkvæma ætti vettvangsskoðanir og eftirlit með útibúum í samræmi við lög þess aðildarríkis þar sem skoðunin eða eftirlitið fer fram.

II. ÞÁTTUR

Upplýsingaskipti og þagnarskylda

53. gr.

Þagnarskylda

1. Aðildarríki skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, ásamt endurskoðendum eða sérfræðingum sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu.

Aðeins má skýra frá trúnaðarupplýsingum sem slíkir aðilar, endurskoðendur eða sérfræðingar, öðlast vitneskju um við skyldustörf sín í samantekt eða útdrætti af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstakar lánastofnanir, með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

Þó má skýra frá trúnaðarupplýsingum í einkamálum þegar lánastofnun hefur verið lýst gjaldþrota eða knúin í slitameðferð ef þær varða ekki þriðju aðila sem reyna að bjarga áðurnefndri lánastofnun.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld frá því að skiptast á upplýsingum hvert við annað eða senda upplýsingar til Evrópska kerfisáhætturáðsins, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) („ESMA“) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]) í samræmi við þessa tilskipun, við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, við aðrar tilskipanir sem gilda um lánastofnanir, við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, við 31., 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og við 31. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Þær upplýsingar skulu falla undir 1. mgr.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld frá því að birta niðurstöðu álagsprófa sem framkvæmd eru í samræmi við 100. gr. þessarar tilskipunar eða 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eða frá því að senda niðurstöður álagsprófa til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í þeim tilgangi að hún birti niðurstöður álagsprófa innan alls Sambandsins.

54. gr.

Notkun trúnaðarupplýsinga

Lögbærum yfirvöldum, sem fá vitneskju um trúnaðarupplýsingar skv. 53. gr., er einungis heimilt að notfæra sér þær við skyldustörf sín og aðeins í eftirfarandi tilgangi:

a) til að fylgjast með því að skilyrðum um aðgang að starfsemi lánastofnana sé fylgt og auðvelda eftirlit, hvort sem er á samstæðugrundvelli eða ekki, með rekstri slíkrar starfsemi, einkum með tilliti til eftirlits með lausafjárstöðu, gjaldfærni, stórra áhættuskuldbindinga og stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulagi og innri eftirlitskerfum,

b) til að beita refsiákvæðum,

c) við kæru á ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. málarekstur fyrir dómstóli skv. 72. gr.,

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

d) við málshöfðun sem stofnað er til samkvæmt sérákvæðum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins á sviði lánastofnana.

55. gr.

Samstarfssamningar

Aðildarríkjum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er því aðeins heimilt, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, í samræmi við 56. gr. og 1. mgr. 57. gr. þessarar tilskipunar, að um upplýsingarnar ríki kröfur um þagnarskyldu í að minnsta kosti sama mæli og um getur í 1. mgr. 53. gr. þessarar tilskipunar. Upplýsingaskipti þessi skulu eiga sér stað vegna eftirlitsverkefna þessara yfirvalda eða stofnana.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er aðeins heimilt að afhenda þær með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu þær og, þar sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld gáfu samþykki fyrir.

56. gr.

Upplýsingaskipti milli yfirvalda

Ákvæði 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. skulu ekki koma í veg fyrir upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda innan aðildarríkis, lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum eða lögbærra yfirvalda og eftirfarandi, þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu:

a) yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með öðrum aðilum á fjármálamarkaði og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,

b) yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkjum með því að beita þjóðhagsvarúðarreglum,

c) endurskipulagningaraðila eða -yfirvalda sem miða að því að vernda stöðugleika fjármálakerfisins,

d) samningsbundinna verndarkerfa eða stofnanaverndarkerfa sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

e) aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum stofnana og öðrum sambærilegum málum,

f) aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum stofnana, vátryggingafélaga og fjármálastofnana.

Ákvæði 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. skulu ekki útiloka að aðilum sem stjórna innstæðutryggingakerfum eða bótakerfum fyrir fjárfesta séu veittar nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu.

Mótteknar upplýsingar skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

57. gr.

Upplýsingaskipti við eftirlitsaðila

1. Aðildarríkjum er heimilt, þrátt fyrir 53., 54. og 55. gr., að leyfa upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með:

a) aðilum sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum stofnana og öðrum sambærilegum málum,

b) samningsbundnu verndarkerfi eða stofnanaverndarkerfi sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) aðilum sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum stofnana, vátryggingafélaga og fjármálastofnana.

2. Aðildarríki skulu, í tilvikunum sem um getur í 1. mgr., krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) að upplýsingarnar séu notaðar til að framkvæma verkefnin sem um getur í 1. mgr.,

b) að upplýsingarnar falli undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,

c) að óheimilt sé, ef upplýsingarnar urðu til í öðru aðildarríki, að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem afhentu þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

3. Aðildarríkjum er heimilt, þrátt fyrir 53., 54. og 55. gr. og með því markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteyptara, að leyfa upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) að skipst sé á upplýsingunum í þeim tilgangi að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti,

b) að upplýsingarnar falli undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,

c) að ekki sé heimilt, ef upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

4. Ef svo ber undir að yfirvöld eða stofnanir sem um getur í 1. mgr., njóta við upplýstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er aðildarríki heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. ná einnig til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðunum sem sett eru í annarri undirgrein 3. mgr.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni nöfn þeirra yfirvalda eða aðila sem er heimilt að taka við upplýsingum samkvæmt þessari grein.

6. Við beitingu 4. mgr. ber yfirvöldum eða aðilum, sem um getur í 3. mgr., að gera lögbæru yfirvöldunum, sem afhentu upplýsingarnar, grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að taka við þeim.

58. gr.

Sending upplýsinga um atriði er varða peningamál, innstæðuvernd, kerfismál og greiðslur

1. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi eftirfarandi aðilum upplýsingar að því er varðar verkefni þeirra:

a) seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar þessar upplýsingar eiga við um framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjárráðstafana, eftirlit með greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfum og að standa vörð um fjármálakerfið,

b) samningsbundnu verndarkerfi eða stofnanaverndarkerfi eins og um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

d) evrópska kerfisáhætturáðinu, evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) („EIOPA“) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, ef þær upplýsingar skipta máli fyrir framkvæmd verkefna þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1092/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 eða reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja hindranir sem koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi upplýsingar í samræmi við fyrstu undirgrein.

2. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að yfirvöldin eða aðilarnir sem um getur í 1. mgr. komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau gætu þurft á að halda með tilliti til 54. gr.

3. Upplýsingarnar, sem tekið er við í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

4. Aðildarríki skulu, við neyðarástand eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld sendi upplýsingar tafarlaust til seðlabanka seðlabankakerfis Evrópu ef upplýsingarnar skipta máli fyrir framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdrar lausafjárfyrirgreiðslu, eftirlit með greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfum og verndun stöðugleika fjármálakerfisins og til evrópska kerfisáhætturáðsins ef slíkar upplýsingar skipta máli fyrir framkvæmd lögboðinna verkefna þess.

59. gr.

Sending upplýsinga til annarra eininga

1. Aðildarríki mega, þrátt fyrir 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. og samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í landslögum, heimila að öðrum deildum í stjórnsýslu þeirra, sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með stofnunum, fjármálastofnunum og vátryggingafélögum og skoðunarmönnum sem starfa fyrir hönd þessara deilda, sé greint frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærniseftirlits, forvarna og skilameðferðar stofnana sem stefna í greiðsluþrot. Einstaklingar sem hafa aðgang að upplýsingunum skulu, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.

Ef um neyðarástand er að ræða, eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., skulu aðildarríki heimila lögbærum yfirvöldum að veita þeim deildum, sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, viðeigandi upplýsingar, í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

2. Aðildarríki geta heimilað að rannsóknarnefndum þingsins í aðildarríki þeirra, endurskoðunarrétti í aðildarríki þeirra og öðrum einingum sem stýra rannsóknum í aðildarríki þeirra, sé greint frá vissum upplýsingum um varfærniseftirlit með stofnunum, með eftirfarandi skilyrðum:

a) að einingarnar hafi nákvæmt umboð samkvæmt landslögum til að rannsaka eða athuga gaumgæfilega aðgerðir yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum eða á lögum um slíkt eftirlit,

b) að upplýsingarnar séu algjörlega nauðsynlegar til að uppfylla umboðið sem um getur í a-lið,

c) að einstaklingarnir, sem hafa aðgang að upplýsingunum, falli undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,

d) að ekki sé heimilt, þegar upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem afhentu þær og einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Öll vinnsla eininganna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera í samræmi við gildandi landslög sem lögleiða tilskipun 95/46/EB að því marki sem birting upplýsinga varðandi varfærniseftirlit felur í sér vinnslu persónuupplýsinga.

60. gr.

Birting upplýsinga sem aflað er við vettvangsskoðanir og eftirlit

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar, sem fengnar eru skv. 52. gr. (3. mgr.), 53. gr. (2 mgr.) og 56. gr. og við vettvangsskoðanir eða eftirlit, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 52. gr., verði aldrei veittar skv. 59. gr. nema með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem vettvangsskoðunin eða eftirlitið fór fram.

61. gr.

Birting upplýsinga varðandi stöðustofnunar- og uppgjörsþjónustu

1. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld aðildarríkis sendi upplýsingarnar, sem um getur í 53., 54. og 55. gr., til stöðustofnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast stöðustofnunar- eða uppgjörsþjónustu á landsbundnum markaði eins þeirra, ef þau telja nauðsynlegt að veita upplýsingarnar til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana í tengslum við vanskil eða hugsanleg vanskil af hálfu markaðsaðila. Mótteknar upplýsingar skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

2. Aðildarríki skulu þó tryggja að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 2. mgr. 53. gr., í tilvikum sem um getur í 1. mgr., ef fyrir liggur skýlaust samþykki lögbæru yfirvaldanna sem afhentu þær.

62. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga, að því er varðar þessa tilskipun, skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB og, ef við á, reglugerð (EB) nr. 45/2001.

III. þáttur

Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningsskilum

63. gr.

Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningsskilum

1. Aðildarríki skulu kveða á um að hverjum þeim einstaklingi, sem til þess hefur heimild í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila ([1]), og annast í stofnun þau verk sem er lýst í 51. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([2]), 37. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([3]), 73. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða annað lögboðið verk skuli a.m.k. skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvörðun varðandi stofnunina sem viðkomandi einstaklingur hefur orðið áskynja um í starfi sínu og getur:

a) falist í að efnislega er brotið í bága við lög eða stjórnsýsluákvæði sem fjalla um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða fjalla sérstaklega um starfsemi stofnana,

b) haft áhrif á áframhaldandi rekstur stofnunarinnar,

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.
([2]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.
([3]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

c) leitt til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir.

Aðildarríki skulu að lágmarki kveða á um að einstaklingur, sem um getur í fyrstu undirgrein, beri einnig skyldu til að upplýsa um málsatvik eða ákvörðun sem hann verður áskynja um í starfi sínu, eins og um getur í fyrstu undirgrein, í fyrirtæki sem hefur náin tengsl vegna yfirráðatengsla við stofnunina þar sem hann vinnur það verk.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem hafa til þess heimild í skilningi tilskipunar 2006/43/EB, að upplýsa lögbær yfirvöld í góðri trú um málsatvik eða ákvarðanir sem um getur í 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsýsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti. Samtímis skal birta slíkar upplýsingar í stjórn stofnunarinnar, nema ríkar ástæður séu fyrir því að gera það ekki.

IV. þáttur

Eftirlitsheimildir, heimildir til að beita viðurlögum og réttur til málskots

64. gr.

Eftirlitsheimildir og heimildir til að beita viðurlögum

1. Veita skal lögbærum yfirvöldum allar eftirlitsheimildirnar, sem eru nauðsynlegar fyrir starfsemi þeirra, til að grípa inn í starfsemi stofnana, þ.m.t. einkum réttinn til að afturkalla starfsleyfi í samræmi við 18. gr., valdsviðið sem krafa er gerð um í samræmi við 102. gr. og valdsviðið sem sett er fram í 104. og 105. gr.

2. Lögbær yfirvöld skulu beita eftirlitsheimildum og heimildum sínum til að leggja á viðurlög, í samræmi við þessa tilskipun og landslög, með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) á eigin ábyrgð með framsali til slíkra yfirvalda,

d) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

65. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

1. Með fyrirvara um eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda sem um getur í 64. gr. og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríki mæla fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnvaldsráðstafanir að því er varðar brot á ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Ákveði aðildarríki að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota sem falla undir landsbundinn refsirétt skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ákvæði refsiréttar. Stjórnsýsluviðurlögin og aðrar stjórnsýsluráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

2. Aðildarríki skulu tryggja að með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í innlendum lögum sé heimilt að beita viðurlögum, þegar skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. gilda um stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og um er að ræða brot á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun eða á reglugerð (ESB) nr. 575/2013, á aðila stjórnarinnar og aðra einstaklinga sem samkvæmt landslögum bera ábyrgð á brotinu.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa allar þær valdheimildir til upplýsingasöfnunar og rannsóknar sem nauðsynlegar geta talist til sinna hlutverki sínu. Heimildir þessar ættu, án þess að hafa áhrif á önnur viðeigandi ákvæði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að fela í sér:

a) vald til að krefjast þess að eftirfarandi einstaklingar eða lögaðilar veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma verkefni lögbæru yfirvaldanna, þ.m.t. upplýsingar sem skal veita með reglulegu millibili og á tilteknu sniði fyrir eftirlit og tengdar tölfræðilegar upplýsingar:

i. stofnanir með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

ii. eignarhaldsfélög á fjármálasviði með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

iii. blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

iv. blönduð eignarhaldsfélög sem stofnsett eru í hlutaðeigandi aðildarríki,

v. aðilar sem tilheyra einingunum sem um getur í i. til iv. lið,

vi. þriðju aðilar sem einingarnar, er um getur í i. til iv. lið, hafa útvistað rekstrarþáttum eða starfsemi til,

b) vald til að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á einstaklingum, sem um getur í i. til iv. lið a-liðar, og hafa staðfestu eða eru staðsettir í hlutaðeigandi aðildarríki, ef nauðsyn krefur til að framkvæma verkefni lögbæru yfirvaldanna, þ.m.t.:

i. rétt til að krefjast framlagningar gagna,

ii. að athuga bókhald og skrár einstaklinganna sem um getur í i. til iv. lið a-liðar og taka afrit eða útdrætti frá slíku bókhaldi eða skrám,

iii. að fá skriflegar eða munnlegar útskýringar frá einstaklingum sem um getur í i. til iv. lið a-liðar eða fulltrúum eða starfsfólki þeirra og

iv. að taka viðtal við sérhverja aðra einstaklinga sem samþykkja að veita viðtal í þeim tilgangi að safna upplýsingum varðandi viðfangsefni rannsóknar,

c) vald, með fyrirvara um önnur skilyrði sem sett eru fram í lögum Sambandsins, til að framkvæma allt nauðsynlegt eftirlit á athafnasvæði lögaðilanna sem um getur í i. til iv. lið a-liðar og öllum öðrum fyrirtækjum sem falla undir samstæðueftirlit þegar lögbært yfirvald er eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, með fyrirvara um tilkynningu fyrirfram frá hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi. Ef eftirlit krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild.

66. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir vegna brota á kröfum um starfsleyfi og kröfum um kaup á virkum eignarhlut

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lög og stjórnsýslufyrirmæli þeirra kveði á um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir, a.m.k. að því er varðar:

a) að stunda þá starfsemi að taka við innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, án þess að vera lánastofnun, og brjóta þannig í bága við 9. gr.,

b) að hefja starfsemi sem lánastofnun án þess að fá starfsleyfi og brjóta þannig í bága við 9. gr.,

c) að kaupa, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun eða auka enn frekar, beint eða óbeint, slíkan hlut í lánastofnun og valda því þannig að hlutfall atkvæðisréttar eða eigin fjár myndi ná eða fara yfir efri viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eða þannig að lánastofnunin yrði dótturfélag umrædds aðila, án þess að tilkynna það skriflega lögbærum yfirvöldum lánastofnunarinnar sem leitast er við að kaupa eða auka virkan eignarhlut í, á meðan matstímabilið stendur yfir eða þrátt fyrir andmæli lögbæra yfirvaldsins og brjóta þannig í bága við 1. mgr. 22. gr.,

d) að losa sig við, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun eða minnka virkan eignarhlut þannig að hlutfall atkvæðisréttar eða eigin fjár myndi fara undir viðmiðunarmörkin sem um getur í 25. gr. eða að lánastofnunin hætti að vera dótturfélag, án þess að tilkynna það lögbærum yfirvöldum á skriflegan hátt.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að í tilvikum sem um getur í 1. mgr. innihaldi stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir, sem unnt er að beita, a.m.k. eftirfarandi:

a) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir einstaklinginn, stofnunina, eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi sem ber ábyrgð á brotinu,

b) skipun til þess einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð á brotinu um að hætta framferðinu og endurtaka ekki framferðið,

c) stjórnsýslufjársektir sem eru allt að 10% af árlegri heildarveltu fyrirtækis á næstliðnu rekstrarári, þ.m.t. vergar tekjur sem samanstanda af vaxtatekjum og svipuðum tekjum, tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum eða föstum tekjum og útistandandi umboðslaunum eða þóknunum, í samræmi við 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar um lögaðila er að ræða,

d) stjórnsýslufjársektir sem eru allt að 5 000 000 evra eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru að gjaldmiðli, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 17. júlí 2013, þegar um einstakling er að ræða,

e) stjórnsýslufjársektir sem eru allt að tvöföld fjárhæð ábata af brotinu, ef unnt er ákvarða þann ábata,

f) tímabundin svipting atkvæðisréttar hluthafans eða hluthafa sem dregnir eru til ábyrgðar á brotunum sem um getur í 1. mgr.

Viðeigandi vergar tekjur skulu, þegar fyrirtækið sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar er dótturfélag móðurfélags, vera vergar tekjur úr samstæðureikningi endanlega móðurfélagsins á næstliðnu rekstrarári.

67. gr.

Önnur ákvæði

1. Grein þessi skal a.m.k. gilda við eftirfarandi aðstæður:

a) stofnun hefur fengið starfsleyfi á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

b) stofnun fær vitneskju um öflun eða ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé sínu, sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eða 25. gr., og upplýsir ekki lögbær yfirvöld um þessa öflun eða ráðstöfun og brýtur þannig í bága við fyrsta undirlið 1. mgr. 26. gr.,

c) stofnun sem er skráð á skipulegum markaði, eins og um getur í skránni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2004/39/EB, upplýsir ekki, a.m.k. árlega, lögbær yfirvöld um nöfn hluthafa og félagsaðila sem eiga virka eignarhluti og um umfang þess háttar eignarhluta og brýtur þannig í bága við aðra undirgrein 1. mgr. 26. gr. þessarar tilskipunar,

d) stofnun hefur ekki innleitt fyrirkomulag stjórnunarhátta sem krafist er af lögbærum yfirvöldum í samræmi við landsákvæði sem lögleiða 74. gr.,

e) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um hvort skyldan til að uppfylla kröfur vegna eiginfjárgrunns, sem sett er fram í 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sé uppfyllt og brýtur þannig í bága við 1. mgr. 99. gr. þeirrar reglugerðar,

f) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, í tengslum við gögnin sem um getur í 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

g) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um stórar áhættuskuldbindingar og brýtur þannig í bága við 1. mgr. 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

h) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um lausafjárstöðu og brýtur þannig í bága við 1. og 2. mgr. 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

i) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um vogunarhlutfall og brýtur þannig í bága við 1. mgr. 430. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

j) stofnun skortir lausafé, ítrekað eða um langvarandi skeið, og brýtur þannig í bága við 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

k) stofnun stofnar til áhættuskuldbindingar sem er umfram viðmiðunarmörkin sem sett eru í 395. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

l) stofnun er óvarin fyrir útlánaáhættu verðbréfaðrar stöðu án þess að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

m) stofnun birtir ekki upplýsingar eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar og brýtur þannig í bága við 1., 2. og 3. mgr. 431. gr. eða 1. mgr. 451. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

n) stofnun innir af hendi greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni stofnunar og brýtur þannig í bága við 141. gr. þessarar tilskipunar, eða í tilvikum þar sem 28., 51. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 banna slíkar greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni,

o) stofnun er dæmd ábyrg fyrir alvarlegu broti á landsákvæðum sem samþykkt voru samkvæmt tilskipun 2005/60/EB,

p) stofnun heimilar einum eða fleiri einstaklingum, sem uppfylla ekki 91. gr., að verða eða halda áfram að vera meðlimir stjórnar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess, í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., að stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem unnt er að beita innihaldi a.m.k. eftirfarandi:

a) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir einstaklinginn, stofnunina, eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi sem ber ábyrgð og eðli brotsins,

b) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

c) afturköllun starfsleyfis stofnunar í samræmi við 18. gr., þegar um stofnun er að ræða,

d) tímabundið bann, með fyrirvara um 2. mgr. 65. gr., við því að stjórnarmaður stofnunar eða hver annar einstaklingur, sem talinn er ábyrgur, komi að starfsemi innan stofnana,

e) stjórnsýslufjársektir sem eru allt að 10% af árlegri heildarveltu fyrirtækis á næstliðnu rekstrarári, þ.m.t. vergar tekjur sem samanstanda af vaxtatekjum og svipuðum tekjum, tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum eða föstum tekjum og útistandandi umboðslaunum eða þóknunum, í samræmi við 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar um lögaðila er að ræða,

f) stjórnsýslufjársektir sem eru allt að 5 000 000 evra eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru að gjaldmiðli, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 17. júlí 2013, þegar um einstakling er að ræða,

g) stjórnsýslufjársektir sem eru allt að tvöföld fjárhæð þess hagnaðar sem fæst eða taps sem komist er hjá, vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða það.

Viðeigandi vergar tekjur skulu, þegar fyrirtækið sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar er dótturfélag móðurfélags, vera vergar tekjur af samstæðureikningi endanlega móðurfélagsins á næstliðnu rekstrarári.

68. gr.

Birting stjórnsýsluviðurlaga

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin birti á opinberu vefsetri sínu a.m.k. öll stjórnsýsluviðurlög sem ekki er unnt að kæra og lögð eru á vegna brota á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun eða á reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. upplýsingar um gerð og eðli brota og tilgreining á einstaklingi eða lögaðila sem beittur er viðurlögunum, án ástæðulausrar tafar eftir að viðkomandi aðili hefur verið upplýstur um þessi viðurlög.

Lögbæru yfirvöldin skulu, án ástæðulausrar tafar, einnig birta á opinberu vefsetri sínu upplýsingar um stöðu kæru og niðurstöðu kærunnar þegar aðildarríki leyfa birtingu viðurlaga sem unnt er að kæra.

2. Lögbær yfirvöld skulu birta viðurlögin undir nafnleynd með hætti sem er í samræmi við landslög við einhverja af eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar viðurlögunum er beitt á einstakling og birting persónuupplýsinga, að undangengnu skyldubundnu fyrirframgerðu mati, telst ekki í réttu hlutfalli við tilefnið,

b) þegar birting myndi stofna stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn sakamáls í hættu,

c) þegar birting myndi valda, að því marki sem hægt er að ákvarða, hlutaðeigandi stofnunum eða einstaklingum óhóflegum skaða.

Að öðrum kosti, ef líklegt er að aðstæðurnar sem um getur í fyrstu undirgrein taki enda innan hæfilegs tíma, má fresta birtingu skv. 1. mgr. um samsvarandi tíma.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að upplýsingar, sem birtar eru skv. 1. eða 2. mgr., verði áfram á opinberum vefsetrum þeirra í a.m.k. fimm ár. Persónuupplýsingum skal aðeins haldið á opinbera vefsetri lögbæra yfirvaldsins þann tíma sem nauðsynlegt er, í samræmi við gildandi reglur um gagnavernd.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, fyrir 18. júlí 2015, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um birtingu aðildarríkja á viðurlögum undir nafnleynd, eins og kveðið er á um í 2. mgr., einkum þegar um veruleg frávik er að ræða milli aðildarríkja að því er þetta varðar. Einnig skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um öll veruleg frávik sem varða birtingartíma viðurlaga samkvæmt landslögum.

69. gr.

Upplýsingaskipti um viðurlög og rekstur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á miðlægu gagnasafni

1. Lögbæru yfirvöldin skulu, með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu sem um getur í 1. mgr. 53. gr., upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um öll stjórnsýsluviðurlög, þ.m.t. varanleg bönn sem lögð eru á skv. 65., 66. og 67. gr. að meðtöldum öllum kærum í þessu samhengi og niðurstöður þeirra. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reka miðlægt gagnasafn um stjórnsýsluviðurlög sem henni er tilkynnt um, eingöngu í tilgangi upplýsingaskipta milli lögbærra yfirvalda. Gagnasafnið skal einungis vera aðgengilegt lögbærum yfirvöldum og uppfært á grundvelli upplýsinga sem lögbær yfirvöld veita.

2. Lögbært yfirvald skal hafa samráð við gagnasafn Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um stjórnsýsluviðurlög þegar það metur óflekkað mannorð að því er varðar 13. gr. (1. mgr.), 16. gr. (3. mgr.), 91. gr. (1. mgr.) og 121. gr. Ef staða breytist eða fallist er á kæru skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eyða eða uppfæra viðeigandi færslur í gagnasafninu að beiðni lögbæru yfirvaldanna.

3. Lögbæru yfirvöldin skulu athuga, í samræmi við landslög, hvort sakaskrá hlutaðeigandi einstaklings innihaldi viðeigandi sakfellingu. Í þeim tilgangi skulu þau skiptast á upplýsingum í samræmi við ákvörðun 2009/316/DIM og rammaákvörðun 2009/315/DIM, eins og þær koma til framkvæmda í landslögum.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reka vefsetur með tenglum á birtingu hvers opinbers yfirvalds á stjórnsýsluviðurlögum skv. 68. gr. og sýna yfir hvaða tímabil hvert aðildarríki birtir stjórnsýsluviðurlög.

70. gr.

Skilvirk beiting lögbærra yfirvalda á viðurlögum og framkvæmd valdheimilda til að beita viðurlögum

Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund stjórnsýsluviðurlaga eða annarra stjórnsýsluráðstafana og fjárhæð stjórnsýslufjársekta, þ.m.t. og eftir því sem við á:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,

b) umfang ábyrgðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,

c) fjárhagslegur styrkur einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu, eins og gefið til dæmis er til kynna með heildarveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings,

d) hagnaður einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgðina eða tapið sem hann kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,

e) tap þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,

f) umfang samstarfs einstaklingsins eða lögaðilans, sem ber ábyrgð á brotinu, við lögbæra yfirvaldið,

g) fyrri brot einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,

h) allar mögulegar kerfistengdar afleiðingar af brotinu.

71. gr.

Tilkynning um brot

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á skilvirku og áreiðanlegu fyrirkomulagi til að hvetja til að lögbærum yfirvöldum sé greint frá mögulegum eða raunverulegum brotum á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

2. Fyrirkomulagið, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. innihalda:

a) sértæka málsmeðferð vegna viðtöku á skýrslum um brot og eftirfylgni þeirra,

b) viðeigandi verndun fyrir starfsfólk stofnana, sem tilkynna um brot sem framið er innan stofnunar, fyrir að minnsta kosti refsiaðgerðum, mismunun eða annars konar ósanngjarnri meðferð,

c) vernd persónuupplýsinga, bæði um aðilann sem skýrir frá brotinu og einstaklinginn sem ber meinta ábyrgð á því, í samræmi við tilskipun 95/46/EB,

d) skýrar reglur sem tryggja að trúnaður sé tryggður í öllum tilvikum í tengslum við einstaklinginn sem skýrir frá broti sem framið er innan stofnunar, nema birtingar sé krafist í landslögum með skírskotun til frekari rannsókna eða síðari dómsmeðferðar.

3. Aðildarríki skulu krefja stofnanir um að hafa til staðar viðeigandi verklagsreglur fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innan þeirra um brot eftir tiltekinni, óháðri og sjálfstæðri boðleið.

Slík boðleið getur einnig verið fyrir milligöngu fyrirkomulags sem aðilar vinnumarkaðarins kveða á um. Sama vernd gildir og um getur í b-, c- og d-lið 2. mgr.

72. gr.

Málskotsréttur

Aðildarríki skulu sjá til þess að unnt sé að kæra til dómstóla allar ákvarðanir og ráðstafanir samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Aðildarríki skulu einnig sjá til þess að unnt sé að kæra það þegar ekki er tekin ákvörðun innan sex mánaða frá framlagningu starfsleyfisumsóknar, sem inniheldur allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.

2. KAFLI

Endurmatsferli

Þáttur I

Innra matsferli fyrir eiginfjárþörf

73. gr.

Innra eigið fé

Stofnanir skulu hafa til staðar traustar, skilvirkar og heildstæðar áætlanir og ferli til að meta og viðhalda á áframhaldandi grundvelli þær fjárhæðir, tegundir og dreifingu eigin fjár sem þær telja fullnægjandi til að verjast eðli og umfangi þeirra áhætta sem þær standa, eða gætu staðið, frammi fyrir.

Endurmeta skal áætlanir þessar og ferli reglulega til að tryggja að þau nái enn yfir og séu í réttu hlutfalli við eðli, umfang og margbreytileika starfsemi viðkomandi stofnunar.

II. þáttur

Fyrirkomulag, ferli og kerfi stofnana

1. undirþáttur

Almennar meginreglur

74. gr.

Innri stjórnunarhættir og endurreisnar- og skilaáætlanir

1. Stofnanir skulu hafa traust fyrirkomulag stjórnarhátta sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsærri og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættur sem þær eru, eða kunna að vera, óvarðar fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og launakjarastefnu og -venjur sem eru í samræmi við og stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu.

2. Fyrirkomulagið, ferlin og kerfin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera ítarleg og í réttu hlutfalli við eðli og umfang áhættunnar í viðskiptalíkani og starfsemi stofnunarinnar og það hversu flókin hún er. Taka skal tillit til tæknilegu viðmiðananna sem komið er á með 76. og 95. gr.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um fyrirkomulag, ferli og kerfi sem um getur í 1. mgr., í samræmi við 2. mgr.

4. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að endurreisnaráætlanir vegna enduruppbyggingar fjárhagsstöðu stofnunar eftir verulega hnignun og skilaáætlanir séu til staðar. Í samræmi við meðalhófsregluna má draga úr kröfunum sem gerðar eru til stofnunar um að gera, viðhalda og uppfæra endurreisnaráætlanir og til skilavalds, að höfðu samráði við lögbæra yfirvaldið, um að gera skilaáætlanir, ef lögbær yfirvöld telja, að höfðu samráði við landsbundið þjóðhagsvarúðaryfirvald, að ógjaldfærni tiltekinnar stofnunar, m.a. vegna stærðar hennar, viðskiptalíkans, samtengingar við aðrar stofnanir eða fjármálakerfið almennt, muni hvorki hafa neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir né fjármögnunarskilyrði.

Stofnanir skulu hafa náið samstarf við skilameðferðarstjórnvöld og veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir undirbúning og gerð raunhæfra skilaáætlana sem setja fram valkosti fyrir skipulega skilameðferð stofnananna, ef um er að ræða ógjaldfærni, í samræmi við meginregluna um meðalhóf.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, eiga rétt á að taka þátt í og stuðla að þróun og samræmingu skilvirkra og samkvæmra endurreisnar- og skilaáætlana.

Í þeim tilgangi skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um og veita henni aðgengi að fundum í tengslum við gerð og samræmingu endurreisnar- og skilaáætlana. Þegar slíkir fundir eða starfsemi fer fram skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina ítarlega fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni og starfsemi sem taka skal til athugunar.

75. gr.

Eftirlit með launakjarastefnum

1. Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingum sem birtar eru í samræmi við viðmiðanirnar um birtingu upplýsinga sem komið er á í g-, h- og i-lið 1. mgr. 450. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og nota þær til viðmiðunar vegna launakjara og -venja. Lögbæru yfirvöldin skulu afhenda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þær upplýsingar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um traustar launakjarastefnur sem fara að meginreglunum sem settar eru fram í 92.–95. gr. Með viðmiðunarreglunum skal taka tillit til meginreglnanna um trausta launakjarastefnu sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um launakjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu ([1]).

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa náið samstarf við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina til að útfæra viðmiðunarreglur um launakjarastefnu vegna þeirra flokka starfsfólks sem taka þátt í veitingu fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi í skilningi 2. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal nota upplýsingar sem hún fær frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við 1. mgr. til að fylgja þróun launakjara og -venja á vettvangi Evrópusambandsins.

3. Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingum um fjölda einstaklinga í hverri stofnun sem fá í laun 1 milljón evra eða meira á hverju fjárhagsári, í 1 milljónar evru launaþrepum, þ.m.t. ábyrgð þeirra í starfi, viðkomandi rekstrarsvið og helstu þættir svo sem laun, kaupauki, ávinningur til langs tíma og lífeyrisiðgjald. Senda skal upplýsingarnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem birtir þær, samanteknar eftir heimaaðildarríki, á sameiginlegu skýrslusniði. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að útfæra viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd þessarar málsgreinar og tryggja samræmi safnaðra upplýsinga.

([1]) Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22.

2. undirþáttur

Tæknilegar viðmiðanir vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu

76. gr.

Meðferð áhættu

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin samþykki og endurskoði reglubundið áætlanir og stefnumið vegna tilurðar, stjórnunar, eftirlits og mildunar þeirra áhætta sem stofnunin stendur eða kann að standa frammi fyrir, þ.m.t. þeirra sem stafa af efnahagsumhverfinu sem hún starfar í, í tengslum við stöðu hagsveiflunnar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin verji nægum tíma í að fjalla um áhættutengd málefni. Stjórnin skal taka virkan þátt í og tryggja að fullnægjandi fjármagni sé veitt til stjórnunar á öllum mikilvægum áhættum sem fjallað er um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem og til mats á eignum, notkunar utanaðkomandi lánshæfismats og innri líkana í tengslum við þessa áhættur. Stofnunin skal koma á boðleiðum til stjórnar sem taka til allrar verulegrar áhættu og áhættustýringarstefna og breytinga á þeim.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og eðlis starfseminnar, umfangs hennar og þess hve flókin hún er, komi á áhættunefnd sem skipuð er stjórnarmönnum sem taka ekki þátt í daglegri stjórnun hlutaðeigandi stofnunar. Aðilar áhættunefndarinnar skulu hafa nauðsynlega þekkingu, kunnáttu og sérfræðiþekkingu til að skilja að fullu og hafa eftirlit með áhættuáætlun og -vilja stofnunarinnar.

Áhættunefndin skal ráðleggja stjórninni varðandi heildaráhættuvilja og áhættuáætlun stofnunarinnar, í nútíð og framtíð, og aðstoða stjórnina við eftirlit með framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar á þeirri áætlun. Stjórnin skal áfram bera heildarábyrgð á áhættum.

Áhættunefndin skal skoða hvort verð skuldbindinga og eigna, sem viðskiptavinum er boðið, taki fullt tillit til viðskiptalíkans og áhættuáætlunar stofnunar. Ef verð endurspeglar ekki á tilhlýðilegan hátt áhættu í samræmi við viðskiptalíkanið og áhættuáætlunina skal áhættunefndin leggja úrbótaáætlun fyrir stjórnina.

Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnun, sem ekki telst mikilvæg eins og um getur í fyrsta undirlið, að sameina áhættunefndina og endurskoðunarnefndina eins og um getur í 41. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Aðilar sameinuðu nefndarinnar skulu hafa þá þekkingu, kunnáttu og sérfræðiþekkingu sem krafist er fyrir bæði áhættunefndina og endurskoðunarnefndina.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin í eftirlitshlutverki sínu og áhættunefndin, hafi hún verið stofnuð, hafi fullnægjandi aðgang að upplýsingum um áhættustöðu stofnunarinnar og, ef þörf er á og viðeigandi, að áhættustýringarstarfseminni og utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf.

Stjórnin í eftirlitshlutverki sínu og áhættunefndin, hafi slíkri nefnd verið komið á, skulu ákvarða eðli, fjárhæð, form og tíðni upplýsinga um áhættu sem hún mun taka við. Áhættunefndin skal, til að aðstoða við að koma á traustum launakjarastefnum og -venjum og án þess að hafa áhrif á verkefni launakjaranefndarinnar, athuga hvort hvatar, sem kveðið er á um í þóknunarkerfinu, taki tillit til áhættu, fjármagns, lausafjár og þess hve líklegar tekjurnar eru og tímasetningar þeirra.

5. Aðildarríki skulu, í samræmi við kröfuna um meðalhóf, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB ([1]), tryggja að stofnanir hafi áhættustýringarstarfsemi sem er óháð rekstrarstarfseminni og fullnægjandi vald, stöðu, fjármagn og aðgang að stjórninni.

Aðildarríki skulu sjá til þess að með áhættustýringarstarfsemi sé tryggt að öll mikilvæg áhætta sé greind, metin og frá henni skýrt á tilhlýðilegan hátt. Þau skulu sjá til þess að aðilar áhættustýringarstarfseminnar taki virkan þátt í að vinna áhættuáætlun stofnunar og öllum mikilvægum ákvörðunum um áhættustýringu og geti skilað ítarlegu áliti á öllum áhættum sem stofnunin stendur frammi fyrir.

Aðildarríki skulu sjá til þess, ef nauðsyn krefur, að aðilar áhættustýringarstarfseminnar geti heyrt beint undir stjórnina í eftirlitshlutverki hennar, óháð framkvæmdastjórninni og geti lýst yfir áhyggjum og varað stjórnina við, ef nauðsyn krefur, þegar tiltekin þróun áhættu hefur eða getur haft áhrif á stofnunina, án þess að hafa áhrif á ábyrgð stjórnarinnar í eftirlitshlutverki hennar og/eða stjórnunarstarfi hennar samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Yfirmaður áhættustýringarstarfseminnar skal vera óháður háttsettur stjórnandi með aðgreinda ábyrgð á starfsemi áhættustýringarinnar. Öðrum háttsettum einstaklingi innan stofnunarinnar er heimilt að sinna þeirri starfsemi þegar eðli og umfang starfsemi stofnananna og það hversu margþætt hún er, réttlætir ekki sérstaklega tilnefndan aðila, að því tilskildu að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar.

([1]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26).

Ekki skal leysa yfirmann áhættustýringarstarfsemi frá verkefninu nema með fyrirframsamþykki stjórnarinnar í eftirlitshlutverki hennar og skal hann hafa beinan aðgang að stjórninni í eftirlitshlutverki hennar ef nauðsyn krefur.

Beiting þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar 2006/73/EBE á verðbréfafyrirtæki.

77. gr.

Innri aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns

1. Lögbær yfirvöld skulu hvetja stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og eðlis starfseminnar, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, til að þróa innri getu til að gera útlánaáhættumat og auka notkun innramatsaðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu þegar áhættuskuldbindingar þeirra eru miklar að raungildi og hafa á sama tíma mikinn fjölda mikilvægra mótaðila. Þessi grein hefur ekki áhrif á uppfyllingu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 1. þætti í 3. kafla I. bálks í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Lögbær yfirvöld skulu, með tilliti til eðlis, umfangs og þess hversu flókin starfsemi stofnunar er, hafa eftirlit með því að þau treysti ekki eingöngu eða vélrænt á utanaðkomandi lánshæfismat við mat á lánshæfi einingar eða fjármálagernings.

3. Lögbær yfirvöld skulu hvetja stofnanir, með tilliti til stærðar þeirra, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemin er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, til að þróa getu til að meta sértæka áhættu og auka notkun innri líkana við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu skuldagerninga í veltubók, ásamt innri líkönum til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskila- og tilfærsluáhættu þegar þær eru óvarðar fyrir sértækri áhættu sem er veruleg að raungildi og eiga mikinn fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda.

Grein þessi hefur ekki áhrif á uppfyllingu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 1.–5. þætti 5. kafla IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem nánar er skilgreint hugtakið „óvarinn fyrir sértækri áhættu sem er veruleg að raungildi“ eins og um getur í fyrsta undirlið 3. mgr. og viðmiðunarmörkin fyrir mikinn fjölda mikilvægra mótaðila og staðna í skuldagerningum ólíkra útgefenda.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

78. gr.

Eftirlitsviðmiðanir innri aðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, sem hafa leyfi til að beita innri aðferðum við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum eða kröfum vegna eiginfjárgrunns að undanskilinni rekstraráhættu, skýri frá útreikningunum í innri aðferðunum á áhættuskuldbindingum eða stöðum sem eru í viðmiðunareignasöfnunum. Stofnanir skulu leggja fram niðurstöður útreikninga sinna, ásamt útskýringu á aðferðafræðinni sem beitt er við þá, til lögbæru yfirvaldanna með viðeigandi millibili og a.m.k. árlega.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir leggi fram niðurstöður útreikninganna, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við formið sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað í samræmi við 8. mgr., til lögbæru yfirvaldanna og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Kjósi lögbær yfirvöld að þróa sérhæfð eignasöfn skulu þau gera það í samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og tryggja að stofnanir skýri frá niðurstöðum útreikninganna aðskilið frá niðurstöðum útreikninganna fyrir eignasöfn er varða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

3. Lögbær yfirvöld skulu, á grundvelli upplýsinganna sem stofnanir leggja fram í samræmi við 1. mgr., hafa eftirlit með umfangi áhættuveginna áhættuskuldbindinga eða krafna vegna eiginfjárgrunns, eftir því sem við á og að undanskilinni rekstraráhættu, að því er varðar áhættuskuldbindingarnar eða viðskiptin í viðmiðunareignasafninu sem eru afleiðing innri aðferða þessara stofnana. Lögbær yfirvöld skulu, eigi sjaldnar en árlega, framkvæma mat á gæðum þessara aðferða og veita sérstaka athygli:

a) aðferðunum sem sýna fram á veruleg frávik að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sömu áhættuskuldbindingu,

b) aðferðum þar sem um ræðir sérlega mikla eða litla fjölbreytni og einnig ef um er að ræða verulegt eða kerfisbundið vanmat á kröfum vegna eiginfjárgrunns.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera skýrslu til að hjálpa lögbærum yfirvöldum við að meta gæði innri aðferðanna á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr.

4. Lögbær yfirvöld skulu, þegar tilteknar stofnanir sýna marktæk frávik frá meirihluta jafnoka sinna eða þegar lítið samræmi er milli aðferða sem leiðir til mikillar dreifni niðurstaðna, rannsaka ástæður þess og gera aðgerðir til úrbóta ef unnt er að sanngreina með skýrum hætti að aðferð stofnunarinnar leiði til vanmats á kröfum vegna eiginfjárgrunns sem ekki er hægt að rekja til mismunar í undirliggjandi áhættum áhættuskuldbindinganna eða staðnanna.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu sjá til þess að ákvarðanir þeirra um að hversu miklu leyti aðgerðir til úrbóta, eins og um getur í 4. mgr., samræmast meginreglunni um að slíkar aðgerðir skuli viðhalda markmiðum innri aðferðar og muni því ekki:

a) leiða til stöðlunar eða aðferða sem njóta forgangs,

b) skapa ranga hvata eða

c) valda hjarðhegðun.

6. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að gefa út viðmiðunarreglur og tilmæli í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 ef hún telur þess þurfa á grundvelli upplýsinganna og matsins sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar til að bæta eftirlitsvenjur eða venjur stofnana að því er varðar innri aðferðir.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal þróa drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) málsmeðferðarreglur til að skiptast á mati sem framkvæmt er í samræmi við 3. mgr. milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar,

b) staðlana um mat lögbærra yfirvalda sem um getur í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) formið, skilgreiningarnar og upplýsingatæknilausnirnar, sem nota skal við skýrslugjöfina í Sambandinu og um getur í 2. mgr.,

b) viðmiðunareignasafn eða -eignasöfn sem um getur í 1. mgr.

Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. apríl 2015 og að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvort setning viðmiðana innri líkana, þ.m.t. gildissvið þeirra, virkar. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

79. gr.

Útlána- og mótaðilaáhætta

Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að:

a) lánveiting fari fram á grundvelli vel skilgreindra viðmiðanna og að skýrt sé kveðið á um ferlið við samþykkt, breytingu, endurnýjun og endurfjármögnun lána,

b) stofnanir ráði yfir innri aðferðum sem gera þeim kleift að meta útlánaáhættu áhættuskuldbindinga gagnvart einstökum loforðsgjöfum, verðbréfum eða verðbréfuðum stöðum og útlánaáhættu á stigi eignasafnsins. Einkum ætti ekki, í innri aðferðum, að treysta eingöngu eða vélrænt á utanaðkomandi lánshæfismat. Byggi kröfur vegna eiginfjárgrunns á mati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis (ECAI), eða á því að áhættuskuldbinding er ekki metin, skal það ekki undanskilja stofnanir frá því að taka einnig tillit til annarra viðeigandi upplýsinga við mat á úthlutun innra fjármagns,

c) starfrækt séu skilvirk kerfi fyrir samfellda stjórnsýslu og eftirlit með ýmsum verðbréfasöfnum og áhættuskuldbindingum stofnana, sem fela í sér útlánaáhættu, þ.m.t. til að greina vandamálalán og stjórna þeim og gera fullnægjandi virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur,

d) dreifing lánasafna er fullnægjandi með tilliti til sóknarmarkaða stofnunarinnar og heildarútlánáætlunar.

80. gr.

Eftirstæðir áhættuþættir

Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að tekið sé á hættunni á að viðurkenndar aðferðir sem stofnanir beita til mildunar á útlánahættu reynist ekki jafn árangursríkar og áætlað var og að henni sé stýrt með skriflegum stefnum og ferlum.

81. gr.

Samþjöppunaráhætta

Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að samþjöppunaráhætta sem stafar af áhættuskuldbindingum hvers mótaðila, þ.m.t. miðlægra mótaðila, hóps tengdra mótaðila og mótaðila í sama atvinnuvegi, á sama landsvæði eða sem bjóða sömu starfsemi eða hrávöru, beitingar aðferða við mildun útlánahættu, þ.m.t. sérstaklega áhættur í tengslum við stórar óbeinar áhættuskuldbindingar, t.d. vegna eins útgefanda tryggingar, verði meðhöndluð og henni stjórnað með skriflegum stefnum og verklagsreglum.

82. gr.

Verðbréfunaráhætta

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að áhættur sem stafa af verðbréfunarviðskiptum þar sem lánastofnanir eru fjárfestir, upphafsaðili eða umsýsluaðili, þ.m.t. orðsporsáhætta sem er t.d. í tengslum við flókna gerninga eða afurðir, séu metnar og meðhöndlaðar með viðeigandi stefnum og verklagsreglum til að tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglist að fullu í áhættumatinu og stjórnunarákvörðunum.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, sem eru útgefendur í hlaupandi verðbréfunarviðskipum með ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, búi yfir lausafjáráætlunum til að mæta bæði áætluðum afborgunum og afborgunum fyrir gjalddaga.

83. gr.

Markaðsáhætta

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stefnum og ferlum til að tilgreina, meta og stjórna öllum mikilvægum upptökum og áhrifum markaðsáhættu sé komið í framkvæmd.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanirnar geri einnig ráðstafanir vegna hættu á lausafjárskorti þegar skortstaðan er fyrr á gjalddaga en gnóttstaðan.

3. Innra fjármagn skal vera fullnægjandi, að því er varðar verulega markaðsáhættu sem fellur ekki undir kröfur um eiginfjárgrunn.

Stofnanir sem við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáhættu í samræmi við 2. kafla í IV. bálki, þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, hafa jafnað stöður sínar í einu eða fleirum af hlutabréfunum, sem mynda hlutabréfavísitölu á móti einni eða fleiri stöðum í staðlaða, framvirka samningnum, sem tengist hlutabréfavísitölunni, eða annarri hlutabréfavísitöluafurð, skulu hafa fullnægjandi innra fjármagn til að veita vörn gegn grundvallarhættu á tapi vegna þess að virði framtíðarsamningsins eða annarrar afurðar er ekki í fullu samræmi við hlutabréfin sem hann samanstendur af. Stofnanir skulu einnig hafa fullnægjandi innra fjármagn þegar þær eiga gagnstæðar stöður í stöðluðum, framvirkum samningum sem eru tengdir hlutabréfavísitölu og eru ekki eins að því er varðar líftíma, samsetningu eða hvort tveggja.

Stofnanir skulu sjá til þess, þegar beitt er meðferðinni, sem um getur í 345. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að þær hafi fullnægjandi innra fjármagn til að verjast hættu á tapi á tímabilinu milli upphaflegrar skuldbindingar og næsta viðskiptadags.

84. gr.

Vaxtaáhætta sem verður til við viðskipti önnur en veltubókarviðskipti

Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hrindi í framkvæmd kerfum til að greina, meta og stjórna áhættunni sem verður til vegna mögulegra breytinga á vöxtum sem hafa áhrif á viðskipti stofnunar, önnur en veltuviðskipti.

85. gr.

Rekstraráhætta

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hrindi í framkvæmd stefnum og ferlum til að meta og stjórna rekstraráhættu, þ.m.t. líkansáhættu, og verjast atburðum sem eiga sér sjaldan stað en hafa alvarlegar afleiðingar. Stofnanir skulu skýra hvað telst rekstraráhætta að því er varðar þær stefnur og ferla.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að viðbragðsáætlun og áætlun um samfellda starfsemi sé til staðar til að tryggja að stofnunin geti starfað á áframhaldandi grundvelli og takmarkað tap ef starfsemin raskast alvarlega.

86. gr.

Lausafjáráhætta

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi traustar áætlanir, stefnur, ferla og kerfi fyrir hendi til að unnt sé að tilgreina, meta, stjórna og hafa eftirlit með lausafjáráhættu innan viðeigandi tímaramma, þ.m.t. innan dags, til að tryggja að stofnanir viðhaldi fullnægjandi varaforða lausafjár. Áætlanir þessar, stefnur, ferlar og kerfi skulu sniðin að atvinnugreinum, gjaldmiðlum, útibúum og lögaðilum og fela í sér fullnægjandi aðferðir til að skipta lausafjárkostnaði, -ábata og -áhættum.

2. Áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi, sem um getur í 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við það hversu flókin starfsemi stofnunar er, áhættusnið hennar, umfang og áhættuþol, sem framkvæmdastjórn ákveður og endurspeglar mikilvægi stofnunar innan hvers aðildarríkis þar sem hún stundar viðskipti. Stofnanir skulu upplýsa öll viðeigandi viðskiptasvið um áhættuþol sitt.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, með tilliti til eðlis starfsemi þeirra, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, hafi lausafjáráhættusnið sem er í samræmi við og ekki umfram það sem krafist er fyrir starfhæft og traust kerfi.

Lögbær yfirvöld skulu fylgjast með þróun í tengslum við lausafjáráhættusnið, t.d. innan hönnunar og umfangs afurða, áhættustýringar, fjármögnunarstefna og samþjöppunar fjármögnunar.

Lögbær yfirvöld skulu grípa til skilvirkra aðgerða ef þróunin, sem um getur í öðrum undirlið, gæti leitt til óstöðugleika einstakrar stofnunar eða kerfis.

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um allar aðgerðir sem framkvæmdar eru samkvæmt þriðju undirgrein.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal setja fram tilmæli, eftir því sem við á, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

4. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir þrói aðferðafræði til að tilgreina, meta, stjórna og hafa eftirlit með fjármögnunarstöðum. Aðferðafræði þessi skal fela í sér núverandi og áætlað mikilvægt sjóðstreymi innan og vegna eigna, skulda, liða utan efnahagsreiknings, þ.m.t. óvissra skulda og hugsanlegra áhrifa af orðsporsáhættu.

5. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir greini milli veðsettra og veðbandalausra eigna sem eru tiltækar á hverjum tíma, einkum þegar um er að ræða neyðarástand. Þær skulu einnig sjá til þess að stofnanir taki tillit til þess hjá hvaða lögaðila eignirnar eru, landsins þar sem eignirnar eru löglega skráðar í embættisbók eða í reikning og hæfi þeirra og einnig hafa eftirlit með því hvernig hægt er að hafa eignir reiðubúnar tímanlega.

6. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir taki einnig tillit til gildandi takmarkana í lögum, reglum og rekstri á hugsanlegri yfirfærslu lausafjár og veðbandalausra eigna milli eininga, bæði innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.

7. Lögbær yfirvöld sjá til þess að stofnanir noti margs konar tæki til að draga úr lausafjáráhættu, þ.m.t. kerfi takmarkana og varaforða lausafjár, svo að þær geti staðið af sér margvíslegt álag, og fjármögnunarskipan með viðunandi dreifingu og aðgang að fjármögnun. Endurskoða skal þetta fyrirkomulag reglulega.

8. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir taki til athugunar aðrar sviðsmyndir er varða lausafjárstöður og þætti til mildunar áhættu og endurskoði a.m.k. árlega forsendurnar sem liggja til grundvallar ákvörðunum um fjármögnunarstöðu. Af þeim sökum skulu aðrar sviðsmyndir einkum taka tillit til liða utan efnahagsreiknings og annarra óvissra skulda, þ.m.t. einninga um sérverkefni á sviði verðbréfunar (SSPE) eða annarra einninga um sérverkefni, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem stofnun kemur að í hlutverki útgefanda eða veitir umtalsverðan lausafjárstuðning.

9. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir taki tillit til hugsanlegra áhrifa af sviðsmyndum sem varða tilteknar stofnanir, markaði og aðrar blandaðar sviðsmyndir. Taka skal mismunandi tímaramma og mismunandi álagsstig til athugunar við tiltekin skilyrði.

10. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir aðlagi áætlanir sínar, innri stefnumörkun og takmarkanir á lausafjáráhættu og þrói skilvirkar viðbragðsáætlanir, með tilliti til niðurstöðu sviðsmyndanna sem um getur í 8. mgr.

11. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi áætlanir til að endurreisa lausafjárstöðu þar sem settar eru fram fullnægjandi áætlanir og viðeigandi framkvæmdarráðstafanir til að takast á við hugsanlegan lausafjárskort, þ.m.t. í tengslum við útibú með staðfestu í öðru aðildarríki. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að þessar áætlanir séu prófaðar af stofnunum a.m.k. árlega, uppfærðar á grundvelli niðurstaðna annarra sviðsmynda sem settar eru fram í 8. mgr. og tilkynntar til og samþykktar af yfirstjórn þannig að unnt sé að aðlaga innri stefnumörkun og ferli til samræmis. Stofnanir skulu gera nauðsynlegar hagnýtar ráðstafanir fyrirfram til að tryggja að unnt sé að framkvæma tafarlaust áætlanir til að endurreisa lausafjárstöðu. Að því er varðar lánastofnanir skulu þessar hagnýtu ráðstafanir fela í sér að eiga tryggingu sem er tiltæk án tafar vegna fjármögnunar seðlabanka. Lánastofnun skal, ef nauðsyn krefur, eiga tryggingu í gjaldmiðli annars aðildarríkis, eða gjaldmiðli þriðja lands þegar hún hefur áhættuskuldbindingar vegna þeirra og, ef nauðsyn krefur vegna rekstrar á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis eða þriðja lands þegar hún er óvarin fyrir gjaldmiðli þess.

87. gr.

Hætta á of mikilli vogun

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi til staðar stefnur og ferla til að tilgreina, stjórna og hafa eftirlit með hættu á of mikilli vogun. Vísar fyrir hættu á of mikilli vogun skulu m.a. vera vogunarhlutfall sem ákvarðað er í samræmi við 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og misræmi milli eigna og skuldbindinga.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir fjalli, í varúðarskyni, um hættuna á of mikilli vogun með því að taka tilhlýðilegt tillit til mögulegrar aukningar á slíkri hættu vegna lækkunar á eiginfjárgrunni stofnunar sökum vænts eða innleysts taps, með hliðsjón af gildandi reikningsskilareglum. Í þeim tilgangi skulu stofnanir geta þolað ýmsa álagsatburði að því er varðar hættu á of mikilli vogun.

3. undirþáttur

Stjórnunarhættir

88. gr.

Fyrirkomulag stjórnunarhátta

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin skilgreini, hafi umsjón með og beri ábyrgð á framkvæmd á fyrirkomulagi stjórnunarhátta sem tryggja skilvirka og varfærna stjórnun stofnunar, þ.m.t. aðgreining starfa innan skipulagsheildarinnar og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Fyrirkomulag þetta skal samræmast eftirfarandi meginatriðum:

a) stjórnin skal bera endanlega heildarábyrgð á stofnuninni og samþykkja og hafa umsjón með framkvæmdinni á skipulagsmarkmiðum hennar, áhættuáætlun og innri stjórnunarháttum,

b) stjórnin skal tryggja heilindi reikningshalds- og reikningsskilakerfa, þ.m.t. fjármála- og rekstrarstjórnar og að farið sé að lögum og viðeigandi stöðlum,

c) stjórnin skal hafa umsjón með ferlinu við birtingu upplýsinga og orðsendinga,

d) stjórnin skal bera ábyrgð á að skilvirkt eftirlit sé haft með framkvæmdastjórn,

e) formaður stjórnar má í eftirlitshlutverki sínu með stofnun ekki sinna samtímis hlutverki framkvæmdastjóra innan sömu stofnunar, nema að stofnunin rökstyðji það og lögbær yfirvöld heimili það.

Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin hafi eftirlit með og meti með reglulegu millibili skilvirkni fyrirkomulags stjórnunarhátta stofnunar og geri viðeigandi ráðstafanir til að taka á annmörkum.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að mikilvægar stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, komi á tilnefningarnefnd sem skipuð er stjórnarmönnum sem taka ekki þátt í daglegri stjórnun hlutaðeigandi stofnunar.

Tilnefningarnefndin skal:

a) tilgreina og mæla með umsækjendum, til samþykktar fyrir stjórnina eða hluthafafund, til að fylla í lausar stöður í stjórn, meta jafnvægi þekkingar, færni, fjölbreytni og reynslu stjórnarinnar og gera lýsingu á hlutverkum og hæfni fyrir tiltekna stöðu og meta tímann sem þarf til að sinna henni.

Einnig ætti tilnefningarnefndin að setja markmið um fyrirsvar þess kyns sem er í minnihluta í stjórninni og setja stefnu um með hvaða hætti mætti fjölga fulltrúum þess kyns sem er í minnihluta í stjórn til að uppfylla markmiðið. Birta skal markmiðið, stefnuna og framkvæmd hennar almenningi í samræmi við c-lið 2. mgr. 435. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) meta, með reglulegu millibili og a.m.k. árlega, skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnarinnar og beina tilmælum til hennar að því er varðar hvers konar breytingar,

c) meta, með reglulegu millibili og a.m.k. árlega, þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna og stjórnarinnar í heild sinni og gefa stjórninni skýrslu til samræmis við það,

d) endurskoða með reglulegu millibili stefnu stjórnarinnar um val og tilnefningu í framkvæmdastjórn og beina tilmælum til stjórnarinnar.

Tilnefningarnefndin skal við skyldustörf sín, að því marki sem mögulegt er og á áframhaldandi grundvelli, taka til greina þörfina á að sjá til þess að einn aðili eða lítill hópur einstaklinga sé ekki ráðandi við ákvarðanatöku stjórnarinnar með þeim hætti að það skaði hagsmuni stofnunarinnar í heild sinni.

Tilnefningarnefndin skal geta nýtt sér hvers kyns úrræði, sem hún telur við eiga og þ.m.t. utanaðkomandi ráð, og skal hún fá til þess viðeigandi fjárstyrk.

Grein þessi gildir ekki þegar stjórnin, samkvæmt landslögum, hefur ekki vald til að velja og tilnefna aðila sína.

89. gr.

Skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig

1. Frá 1. janúar 2015 skulu aðildarríki krefjast þess að hver og ein stofnun birti árlega og tilgreini, eftir aðildarríki og þriðja landi þar sem hún hefur starfsstöð, eftirfarandi upplýsingar á samstæðugrunni fyrir fjárhagsárið:

a) heiti, eðli starfsemi og landfræðilega staðsetningu,

b) veltu,

c) fjölda starfsmanna á grundvelli jafngildis ársverka,

d) hagnað eða tap fyrir skatt,

e) skatt á hagnað eða tap,

f) fengnar opinberar ívilnanir.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess, þrátt fyrir 1. mgr., að stofnanir birti upplýsingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. í fyrsta sinn hinn 1. júlí 2014.

3. Allar stofnanir sem eru kerfislega mikilvægar á alþjóðavísu og með starfsleyfi í Sambandinu, eins og þær eru greindar á alþjóðavísu, skulu, eigi síðar en 1. júlí 2014, leggja fyrir framkvæmdastjórnina upplýsingarnar, sem um getur í d-, e- og f-lið 1. mgr., sem trúnaðarmál. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópsku tryggingar- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, eins og við á, framkvæma mat á mögulegum neikvæðum efnahagslegum afleiðingum af opinberri birtingu slíkra upplýsinga, þ.m.t. áhrif á samkeppnishæfni, fjárfestingu og aðgengi að lánsfé og stöðugleika fjármálakerfisins. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu sína fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórnin skal, þegar skýrsla hennar tilgreinir marktæk neikvæð áhrif, taka til athugunar að leggja fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf um breytingu á birtingarskyldunni sem sett er fram í 1. mgr. og er henni heimilt, í samræmi við h-lið 145. gr., að ákveða að fresta þessari skyldu. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða árlega þörfina á að framlengja frestunina.

4. Endurskoða skal upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og birta þær, ef mögulegt er, í viðauka við árlegu reikningsskilin eða, eftir atvikum, við samstæðureikningsskil hlutaðeigandi stofnunar.

5. Grein þessi skal falla úr gildi að því marki sem framtíðarlagagerð Sambandsins um birtingarskyldu gengur lengra en sú sem mælt er fyrir um í þessari grein og skal eyða henni til samræmis við það.

90. gr.

Opinber birting á arðsemi eigna

Stofnanir skulu birta meðal lykilvísa í ársskýrslu sinni upplýsingar um arðsemi eigna, reiknaða út með því að deila niðurstöðu heildarefnahagsreiknings upp í hreinan hagnað.

91. gr.

Stjórn

1. Stjórnarmenn skulu ávallt hafa óflekkað mannorð og búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum. Heildarsamsetning stjórnarinnar skal endurspegla nægilega fjölbreytta reynslu. Stjórnarmenn skulu einkum uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2.–8. mgr.

2. Allir stjórnarmenn skulu gefa sér nægan tíma til að sinna skyldum sínum við stofnunina.

3. Fjöldi stjórnarstaðna, sem stjórnarmaður má gegna á sama tíma, skal taka tillit til aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig auk eðlis og umfangs starfsemi stofnunar og þess hversu flókin hún er. Stjórnarmenn stofnunar, sem er mikilvæg með tilliti til stærðar, innra skipulags og eðlis hennar, auk umfangs starfsemi stofnunar og þess hversu flókin hún er, skulu frá 1. júlí 2014 ekki, nema þeir séu fulltrúar aðildarríkisins, gegna fleiri stöðum en einni af eftirfarandi samsetningum stjórnarstaðna á sama tíma:

a) einni stöðu framkvæmdastjóra og tveimur stöðum stjórnarmanna sem eru ekki framkvæmdastjórar,

b) fjórum stöðum stjórnarmanns sem ekki er framkvæmdastjórar.

4. Eftirfarandi telst vera ein stjórnunarstaða að því er varðar 3. mgr.:

a) framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður sem er ekki framkvæmdastjóri, innan sömu samstæðu,

b) framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður sem er ekki framkvæmdastjóri, innan:

i. stofnana sem eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt eða

ii. fyrirtækja (þ.m.t. eininga sem ekki eru fjármálafyrirtæki) sem stofnunin á virkan eignarhluta í.

5. Stjórnarstöður í skipulagsheildum, sem ekki eru fyrst og fremst reknar í viðskiptaskyni, teljast ekki með að því er varðar 3. mgr.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa stjórnarmönnum að gegna einni viðbótarstöðu stjórnarmanns sem er ekki framkvæmdastjóri. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina reglulega um slík leyfi.

7. Stjórnin skal búa yfir fullnægjandi sameiginlegri þekkingu, hæfni og reynslu til að geta skilið starfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. megináhættur.

8. Hver og einn stjórnarmaður skal starfa af heiðarleika, ráðvendni og óhæði til að meta á skilvirkan máta og vefengja ákvarðanir yfirstjórnar ef nauðsyn krefur og hafa skilvirka umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar.

9. Stofnanir skulu verja nægum mannauði og fjármagni til inntöku og þjálfunar nýrra stjórnarmanna.

10. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld skulu krefjast þess af stofnunum og tilnefningarnefndum þeirra, eftir atvikum, að þær fái til starfa breitt svið eiginleika og hæfni þegar stjórnarmenn eru ráðnir og komi í þeim tilgangi á stefnu sem stuðlar að fjölbreytni innan stjórnar.

11. Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingunum sem birtar eru í samræmi við c-lið 2. mgr. 435. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og nota þær til að setja viðmiðanir varðandi fjölbreytni. Lögbæru yfirvöldin skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þær upplýsingar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal nota upplýsingarnar til viðmiðunar við samanburð á fjölbreytni starfshátta á vettvangi Sambandsins.

12. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um eftirfarandi:

a) að stjórnarmaður verji nægum tíma til að sinna skyldum sínum, í tengslum við hvert tilvik fyrir sig og eðli og umfang starfsemi stofnunar og það hversu flókin hún er,

b) fullnægjandi sameiginlega þekkingu, hæfni og reynslu stjórnar, eins og um getur í 7. mgr.,

c) heiðarleika, ráðvendni og óhæði stjórnarmanna, eins og um getur í 8. mgr.,

d) að fullnægjandi mannauði og fjármagni sé varið til inntöku og þjálfunar nýrra stjórnarmanna, eins og um getur í 9. mgr.,

e) að tekið sé tillit til fjölbreytni við val á stjórnarmönnum, eins og um getur í 10. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út þessar viðmiðunarreglur eigi síðar en 31. desember 2015.

13. Grein þessi hefur ekki áhrif á ákvæðin um fyrirsvar starfsfólks í stjórn eins og kveðið er á um landslögum.

92. gr.

Launakjarastefnur

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að 2. mgr. þessarar greinar og 93., 94. og 95. gr. sé beitt í stofnunum á vettvangi samstæðu, móðurfélags og dótturfélags, þ.m.t. þær sem eru með staðfestu í aflandsfjármálamiðstöðvum.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að þegar stofnanir koma á og beita heildarlaunakjarastefnum, sem fela í sér laun og valkvæðan lífeyri, vegna flokka starfsfólks sem ná til yfirstjórnarar, þeirra sem taka áhættu, starfsfólks við eftirlitsstörf og annarra starfsmanna, þegar launakjör þeirra skipa þeim í sama flokk og yfirstjórninni og þeim sem taka áhættu, er við störf sín hafa marktæk áhrif á áhættusnið stofnunar, skuli þær fara að eftirfarandi meginreglum með þeim hætti og að því marki sem á við stærð þeirra, innra skipulag og það hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfang hennar og það hversu flókin hún er:

a) launakjarastefnan er í samræmi við trausta og skilvirka áhættustýringu, stuðlar að henni og hvetur ekki til áhættusækni umfram áhættuþol stofnunarinnar,

b) launakjarastefnan er í samræmi við starfsstefnuna, markmið, gildi og langtímahagsmuni stofnunarinnar og felur í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaárekstra,

c) stjórn stofnunarinnar samþykkir og endurskoðar reglulega, í eftirlitshlutverki sínu, almennar meginreglur um launakjarastefnuna og ber ábyrgð á umsjón með framkvæmd hennar,

d) að lágmarki árlega skal fara fram miðlægt og óháð innra eftirlit með því hvort framkvæmd launakjarastefnunnar sé í samræmi við stefnu og verklagsreglur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í eftirlitshlutverki sínu,

e) starfsfólk, sem hefur eftirlit með höndum, skal vera óháð rekstrareiningunum sem það fylgist með, hafa viðeigandi heimildir og búa við launakjör í samræmi við markmiðin sem það nær, óháð árangri þeirra rekstrarsviða sem það hefur eftirlit með,

f) launakjaranefndin sem um getur í 95. gr. eða, ef slíkri nefnd hefur ekki verið komið á, framkvæmdastjórn í eftirlitshlutverki sínu, skal hafa umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu,

g) launakjarastefnan, með tilliti til landsbundinna viðmiðana um ákvörðun launa, greinir með skýrum hætti á milli viðmiðana til að ákvarða:

i. föst grunnlaunakjör, sem ættu fyrst og fremst að endurspegla viðeigandi starfsreynslu og ábyrgð innan stofnunar eins og hún er sett fram í starfslýsingu starfsmanns sem hluti af ráðningarskilmálum og

ii. breytileg launakjör, sem ættu að endurspegla sjálfbæran og áhættuveginn árangur og árangur umfram þann sem krafist er til að uppfylla starfslýsingu starfsmanns og er hluti af ráðningarskilmálunum.

93. gr.

Stofnanir sem hafa hag af afskiptum hins opinbera

Eftirfarandi meginreglur skulu gilda til viðbótar við þær sem settar eru fram í 2. mgr. 92. gr. þegar um ræðir stofnun sem hefur hag af óvenjulegum afskiptum hins opinbera:

a) breytileg launakjör skulu takmarkast skýrt og ótvírætt við hlutfall af hreinum tekjum, ef þau eru ekki í samræmi við að viðhalda traustum eiginfjárgrunni og að stuðningi ríkisstjórnar ljúki tímanlega,

b) viðeigandi lögbær skulu yfirvöld krefjast þess að stofnanir endurskipuleggi launakjör þannig að þau séu í samræmi við trausta áhættustýringu og langtímavöxt, þ.m.t. og eftir því sem við á, að takmarka launakjör stjórnarmanna stofnunar,

c) engin breytileg launakjör eru greidd stjórnarmönnum nema þau séu réttlætanleg.

94. gr.

Breytilegir þættir launakjara

1. Eftirfarandi meginreglur gilda til viðbótar við og með sömu skilyrðum og þær sem settar eru fram í 2. mgr. 92. gr. varðandi breytilega þætti launakjara:

a) heildarfjárhæð árangurstengdra launakjara skal vera byggð á samsettu mati á árangri einstaklingsins, viðkomandi rekstrareiningar og heildarárangri stofnunarinnar og taka skal tillit til fjárhagslegra viðmiðana og ófjárhagslegra viðmiðana við mati á árangri einstaklingsins,

b) árangursmatið skal ná yfir nokkurra ára tímabil til að tryggja að það sé byggt á árangri til lengri tíma litið og að útgreiðslum á árangurstengdum þáttum launakjara sé dreift yfir tímabil sem tekur mið af undirliggjandi viðskiptasveiflu og viðskiptaáhættu lánastofnunar,

c) breytileg heildarstarfskjör skulu ekki takmarka möguleika stofnunar til að styrkja eiginfjárgrunn sinn,

d) tryggð breytileg launakjör eru ekki í samræmi við trausta áhættustýringu eða meginregluna um árangurstengd laun og skulu ekki vera hluti af mögulegum launakjaraáætlunum,

e) tryggð breytileg launakjör eru undantekning og eiga aðeins við þegar nýtt starfsfólk er ráðið eða þegar stofnun hefur traustan og öflugan eiginfjárgrunn og takmarkast við fyrsta ár í starfi,

f) viðeigandi jafnvægi skal vera milli fastra og breytilegra þátta heildarstarfskjara og föstu þættirnir skulu vera nægilega stór hluti af heildarstarfskjörum til þess að hægt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu varðandi breytilega þætti launakjara, þ.m.t. möguleika á að greiða ekki út neina breytilega þætti launakjara,

g) stofnanir skulu ákvarða viðeigandi hlutfall fasts og breytilegs þáttar heildarlaunakjara, þar sem eftirfarandi meginreglur gilda:

i. breytilegi þátturinn skal ekki vera umfram 100% af föstum þætti heildarlaunakjara fyrir hvern einstakling. Aðildarríki geta sett lægra hámarkshlutfall,

ii. aðildarríkjum er heimilt að leyfa hluthöfum, eigendum eða aðilum stofnunar að samþykkja hærra hámarksgildi hlutfallsins milli fastra og breytilegra þátta launakjara að því tilskildu að heildarumfang breytilega þáttarins sé ekki meiri en 200% af fasta þætti heildarlaunakjara á hvern einstakling. Aðildarríki geta sett lægra hámarks-hlutfall.

Framkvæma skal samþykki á hærra hlutfalli í samræmi við fyrsta undirlið þessa liðar í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:

– hluthafar, eigendur eða aðilar stofnunar skulu taka ákvörðun eftir ítarleg tilmæli stofnunar þar sem fram koma ástæður og gildissvið samþykkis sem sóst er eftir, þ.m.t. fjöldi starfsfólks sem það hefur áhrif á, hlutverk þess og væntanleg áhrif á kröfuna um að viðhalda traustum eiginfjárgrunni,

– hluthafar, eigendur eða aðilar stofnunar taka ákvörðun með að minnsta kosti 66% meirihluta, að því tilskildu að a.m.k. 50% hlutabréfa eða jafngild eignarréttindi standi að baki honum eða, ef svo er ekki, taka ákvörðun með 75% meirihluta eignarréttinda,

– stofnunin skal upplýsa alla hluthafa, eigendur eða aðila stofnunar, með hæfilegum fyrirvara, að óskað verði eftir samþykki samkvæmt fyrsta undirlið þessa liðar,

– stofnunin skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld um tilmælin til hluthafa sinna, eigenda eða aðila, þ.m.t. tillöguna um hærra hámarkshlutfall og ástæðurnar fyrir því og geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hærra hlutfallið, sem lagt er til, brjóti ekki gegn skuldbindingum stofnunarinnar samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, einkum með hliðsjón af skuldbindingum stofnunarinnar varðandi eiginfjárgrunn,

– stofnunin skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld um ákvarðanir teknar af hluthöfum, eigendum eða aðilum hennar, þ.m.t. allar samþykktar tillögur um hærra hámarkshlutfall samkvæmt fyrsta undirlið þessa liðar og lögbær yfirvöld skulu nota fengnar upplýsingar til að gera viðmiðanir við stofnanavenjur í þessu tilliti. Lögbæru yfirvöldin skulu senda upplýsingarnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem birtir þær á sameiginlegu skýrslusniði eftir heimaaðildarríkjum. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að útfæra viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd þessa undirliðar og tryggja samræmi safnaðra upplýsinga,

– starfsfólk sem verður fyrir beinum áhrifum af hærri hámarksgildum breytilegra launakjara sem um getur í þessum lið skulu ekki, eftir atvikum, fá leyfi til að neyta, beint eða óbeint, atkvæðisréttar sem það kann að hafa sem hluthafar, eigendur eða aðilar stofnunarinnar,

iii. aðildarríki geta leyft stofnunum að beita afvöxtunarstuðlinum, sem um getur í öðrum undirlið þessa liðar, á að hámarki 25% breytilegra heildarlaunakjara, að því tilskildu að þau séu greidd með gerningum sem frestað er um a.m.k. fimm ár. Aðildarríki geta sett lægra hámarkshlutfall.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. mars 2014, semja og birta viðmiðunarreglur um beitingu fræðilegs afvöxtunarstuðuls, með tilliti til allra viðeigandi þátta að meðtöldu verðbólgustigi og áhættu, sem felur í sér frestunartíma. Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um afvöxtunarstuðulinn skulu taka sérstaklega til athugunar hvernig hvetja skuli til notkunar gerninga sem frestað er um a.m.k. fimm ár,

h) greiðslur í tengslum við riftun samnings fyrir lok samningstíma skulu miðast við árangur sem náðst hefur á tilteknu tímabili og séu þær ekki umbun fyrir misbrest eða misferli,

i) starfskjarapakkar í tengslum við bóta- eða starfslokagreiðslur samkvæmt samningum í fyrra starfi skulu vera í samræmi við langtímahagsmuni stofnunarinnar, þ.m.t. varðveislu-, frestunar-, árangurs- og endurgreiðslufyrirkomulag,

j) við árangursmat sem beitt er við útreikning á breytilegum þáttum starfskjara, eða safni af breytilegum þáttum starfskjara, skal taka tillit til hvers konar núverandi áhættu eða áhættu í framtíðinni auk nauðsynlegs fjármagnskostnaðar og greiðsluhæfis,

k) með ráðstöfun breytilegra þátta starfskjara innan stofnunar skal einnig taka tillit til hvers konar núverandi áhættu og áhættu í framtíðinni,

l) verulegur hluti og að lágmarki 50% af breytilegum starfskjörum skal vera blanda af eftirfarandi:

i. hlutabréfum eða hlutum sem jafngilda hlutabréfum, með fyrirvara um rekstrarform viðkomandi stofnunar að lögum, eða hlutabréfatengdum gerningum eða jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár í tilviki óskráðrar stofnunar,

ii. öðrum gerningum í skilningi 52. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar mögulegt er, eða öðrum gerningum sem má breyta að fullu í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða niðurfæra, sem í hverju tilviki fyrir sig endurspegla með fullnægjandi hætti lánshæfi stofnunarinnar við áframhaldandi rekstrarhæfi og eru viðeigandi til notkunar í tilgangi breytilegra launakjara.

Viðeigandi varðveislustefna, sem ætlað er að samræma hvata við langtímahagsmuni stofnunar, skal gilda um gerningana er um getur í þessum lið. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta sett takmarkanir á gerð og skipulag þessara gerninga eða bannað tiltekna gerninga, eins og við á. Lið þessum má bæði beita á þann hluta af breytilegum þætti starfskjara sem er frestað í samræmi við m-lið og á hinn hluta breytilegs þáttar launakjara sem er ekki frestað,

m) fresta skal verulegum hluta og að lágmarki 40% af breytilegum þætti launakjara um tímabil sem er eigi skemmra en þrjú til fimm ár og er í samræmi við eðli og áhættur starfseminnar og viðfangsefni viðkomandi starfsmanns.

Launakjör sem koma til greiðslu eftir frestun skulu ekki ávinnast hraðar en hlutfallslega. Ef breytilegi þáttur launakjara er sérstaklega há fjárhæð skal fresta að lágmarki 60% hennar. Tímabil frestunarinnar skal vera í samræmi við viðskiptasveiflu, eðli starfseminnar, áhættur hennar og viðfangsefni viðkomandi starfsfólks,

n) breytilegu launakjörin, þ.m.t. sá hluti sem frestast, greiðast út eða má aðeins ávinna ef þau eru sjálfbær samkvæmt fjárhagsstöðu stofnunar í heild sinni og réttlætanleg samkvæmt árangri stofnunar, rekstrareiningar og viðkomandi starfsmanns.

Án þess að hafa áhrif á almennar meginreglur landsbundinnar samnings- og vinnulöggjafar, skulu breytileg heildarlaunakjör almennt dragast saman ef dregur úr rekstrarárangri stofnunar eða ef hann er neikvæður, að teknu tilliti til bæði núverandi launakjara og lækkunar á útgreiðslu á áunnum fjárhæðum, þ.m.t. frádráttar- eða endurgreiðslufyrirkomulag.

Allt að 100% af breytilegum heildarlaunakjörum skulu falla undir frádráttar- eða endurgreiðslufyrirkomulag. Stofnanir skulu setja sérstakar viðmiðanir um beitingu frádráttar eða endurgreiðslu. Þær skulu einkum ná yfir aðstæður þar sem starfsmaðurinn:

i. tók þátt í eða bar á ábyrgð á framferði sem olli stofnuninni verulegu tapi,

ii. uppfyllti ekki viðeigandi staðla um hæfni og velsæmi,

o) lífeyrisstefnan sé í samræmi við starfsstefnu, markmið, gildi og langtímahagsmuni stofnunarinnar.

Ef starfsmaður lætur af störfum hjá stofnun áður en hann nær eftirlaunaaldri skal stofnunin varðveita valkvæðan lífeyri í fimm ár og varðveita hann í þeim tegundum gerninga sem um getur í l-lið. Ef um er að ræða starfsmann sem nær eftirlaunaaldri skal greiða valkvæðan lífeyri út til starfsmannsins í formi gerninga sem um getur í l-lið með fyrirvara um fimm ára frestunartímabil,

p) starfsfólk skal skuldbinda sig til að beita ekki persónulegum áhættuvarnaráætlunum eða tryggingum í tengslum við launakjör eða bótaábyrgð til að grafa undan áhættusamræmingunni sem felst í launakjarafyrirkomulagi þess,

q) breytileg launakjör eru ekki greidd út með leiðum eða aðferðum sem auðvelda það að fara ekki að þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þá gerningaflokka er uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í ii. lið l-liðar 1. mgr. og með tilliti til eigindlegra og viðeigandi megindlegra viðmiðana til að greina flokka starfsfólks sem í störfum sínum hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni eru veittar valdheimildir til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

95. gr.

Launakjaranefnd

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, komi á fót launakjaranefnd. Launakjaranefndina skal stofna með þeim hætti að hún geti lagt tilhlýðilegt og óháð mat á launakjarastefnu og -venjur og hvata til að stýra áhættu, fjármagni og greiðsluhæfi.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að launakjaranefndin beri ábyrgð á undirbúningi ákvarðana um launakjör, þ.m.t. þær sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu hlutaðeigandi stofnunar og þær sem stjórnin tekur. Formaður og aðilar launakjaranefndarinnar skulu sitja í framkvæmdastjórn hlutaðeigandi stofnunar en ekki taka þátt í daglegri stjórn hennar. Ef í landslögum er kveðið á um fyrirsvar starfsfólks í stjórn skal launakjaranefndin skipuð einum eða fleiri fulltrúum starfsfólks. Launakjaranefndin skal, við undirbúning slíkra ákvarðana, taka tillit til langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila stofnunarinnar og almannahagsmuna.

96. gr.

Rekstur vefseturs um stjórnarhætti fyrirtækis og launakjör

Stofnanir skulu reka vefsetur þar sem skýrt er frá því með hvaða hætti þær fullnægja kröfunum sem settar eru fram í 88. til 95. gr.

III. þáttur

Eftirlitsúttekt og matsferli

97. gr.

Eftirlitsúttekt og mat

1. Lögbær yfirvöld skulu, með tilliti til tæknilegu viðmiðananna sem eru settar fram í 98. gr., gera úttekt á fyrirkomulagi, áætlunum, ferlum og kerfum sem stofnanir hrinda í framkvæmd til að fara að þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og meta:

a) áhættur sem stofnanirnar eru eða kunna að verða óvarðar fyrir,

b) áhættur sem stofnun veldur í fjármálakerfinu með tilliti til tilgreiningar og mælingar á kerfisáhættu skv. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, eða tilmæla evrópska kerfisáhætturáðsins eftir því sem við á, og

c) áhættur sem álagsprófun leiðir í ljós að teknu tilliti til eðlis og umfangs starfsemi stofnunar og þess hversu flókin hún er.

2. Gildissvið úttektarinnar og matsins, sem um getur í 1. mgr., skal ná yfir allar kröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3. Lögbær yfirvöld skulu, á grundvelli úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr., ákvarða hvort fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi sem stofnanirnar hrinda í framkvæmd og eiginfjárgrunnur þeirra og lausafjárstaða tryggi trausta stjórnun og veiti tryggingu fyrir áhættu þeirra.

4. Lögbær yfirvöld skulu ákveða tíðni og umfang úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. með tilliti til stærðar hlutaðeigandi stofnunar, þess hvort hún sé kerfislega mikilvæg, eðlis, umfangs og margbreytileika starfsemi hennar og með tilliti til meðalhófsreglunnar. Úttektina og matið skal uppfæra a.m.k. árlega að því er varðar stofnanir sem falla undir áætlunina um eftirlitsaðgerðir eins og um getur í 2. mgr. 99. gr.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld upplýsi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina tafarlaust um niðurstöður úttektarinnar ef hún sýnir að stofnun gæti valdið kerfisáhættu í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

98. gr.

Tæknilegar viðmiðanir fyrir eftirlitsúttekt og mat

1. Til viðbótar við útlána-, markaðs- og rekstraráhættu skal endurskoðun og mat sem lögbær yfirvöld framkvæma skv. 124. gr. a.m.k. ná yfir:

a) niðurstöður álagsprófs sem stofnanir er beita innramatsaðferð framkvæma í samræmi við 177. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) stöðu stofnana gagnvart samþjöppunaráhættu og stýringu þeirra á henni, þ.m.t. fylgni þeirra við kröfurnar sem settar eru fram í fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 81. gr. þessarar tilskipunar,

c) traustleika, hentugleika og beitingu og stefna og verklagsreglna sem stofnanir hrinda í framkvæmd vegna stýringar á eftirstæðum áhættuþáttum sem tengjast notkun á viðurkenndum aðferðum við mildun á útlánaáhættu,

d) að hvaða marki eiginfjárgrunnur stofnunar, vegna eigna sem hún hefur verðbréfað, sé fullnægjandi með hliðsjón af fjárhagslegu inntaki viðskiptanna, þ.m.t. umfangi þeirrar áhættuyfirfærslu sem á sér stað,

e) lausafjáráhættu stofnunar, mælingu og stýringu hennar á lánsfjáráhættu, þ.m.t. þróun mismunandi sviðsmyndagreininga, stjórnun þátta sem eiga að draga úr áhættu (einkum fjárhæð, samsetning og gæði varaforða lausafjár) og skilvirkar viðbragðsáætlanir,

f) áhrif fjölbreytileika og hvernig slík áhrif reiknast inn í áhættumatskerfið,

g) niðurstöður álagsprófa sem stofnanir framkvæma með notkun innra líkans til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu skv. 5. kafla í IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

h) landfræðilega staðsetningu áhættuskuldbindinga stofnunar,

i) viðskiptalíkan stofnunarinnar,

j) mat á kerfisáhættu í samræmi við viðmiðanir sem settar eru fram í 97. gr.

2. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar e-lið 1. mgr., reglulega gera ítarlegt mat á stýringu lausafjáráhættu stofnana í heild og stuðla að þróun traustrar innri aðferðafræði. Við framkvæmd mats skulu lögbær yfirvöld taka tillit til hlutverks stofnunar á fjármálamarkaði. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki skulu því með viðeigandi hætti taka til athugunar hugsanleg áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli.

3. Lögbær yfirvöld skulu fylgjast með hvort stofnun veitir óbeinan stuðning við verðbréfun. Lögbæra yfirvaldið skal, komi í ljós að stofnun hafi veitt óbeinan stuðning oftar en einu sinni, grípa til viðeigandi ráðstafana sem endurspegla auknar væntingar um að hún muni veita óbeinan stuðning við verðbréfanir sínar í framtíðinni og því ekki yfirfæra áhættu í verulegum mæli.

4. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar ákvörðunina sem taka skal skv. 3. mgr. 97. gr. þessarar tilskipunar, taka til athugunar hvort leiðréttingar á virði sem gerðar eru vegna staðna eða verðbréfasafna í veltubókinni, eins og segir í 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gera stofnuninni kleift að selja eða verja stöður sínar innan skamms tímabils án þess að stofna til verulegs taps við venjuleg markaðsskilyrði.

5. Úttektin og matið sem lögbær yfirvöld annast skulu ná yfir áhættu stofnana vegna vaxtaáhættu sem verður til við aðra starfsemi en veltuviðskipti. Krefjast skal ráðstafana að minnsta kosti þegar um er að ræða stofnanir með fjárhagslegt virði sem lækkar um meira en 20% af eiginfjárgrunni þeirra vegna skyndilegra og óvæntra 200 grunnpunkta breytinga á vöxtum eða breytinga eins og þær eru skilgreindar í viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

6. Úttektin og matið, sem lögbær yfirvöld framkvæma, skulu innihalda áhættu stofnana vegna hættu á of mikilli vogun, eins og hún kemur fram í vísunum fyrir hættu á of mikilli vogun, þ.m.t. vogunarhlutfallið sem ákvarðað er í samræmi við 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Lögbær yfirvöld skulu, við ákvörðun á því hvort vogunarhlutfall stofnana og fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi, sem stofnanir koma í framkvæmd til að stýra hættu á of mikilli vogun, sé fullnægjandi, taka tillit til viðskiptalíkans þessara stofnana.

7. Úttektin og matið, sem lögbær yfirvöld framkvæma, skulu ná yfir fyrirkomulag stjórnunarhátta stofnana, fyrirtækjamenningu og -gildi þeirra og getu aðila stjórnarinnar til að sinna skyldum sínum. Lögbær yfirvöld skulu, við framkvæmd úttektarinnar og matsins, a.m.k. hafa aðgang að dagskrám og fylgiskjölum vegna funda stjórnarinnar og nefnda hennar og niðurstöðum innra mats eða mats utanaðkomandi aðila á frammistöðu stjórnarinnar.

99. gr.

Áætlun um eftirlitsaðgerðir

1. Lögbæru yfirvöldin skulu a.m.k. árlega samþykkja áætlun um eftirlitsaðgerðir fyrir stofnanirnar sem þau hafa eftirlit með. Slík áætlun skal taka tillit til eftirlitsúttektarinnar og matsferlisins skv. 97. gr. Í henni skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingar um hvernig lögbær yfirvöld ætla að framkvæma verkefni sín og úthluta fjármagni sínu,

b) tilgreining á því hvaða stofnunum er ætlað að falla undir aukið eftirlit og ráðstafanir sem gerðar eru að því er varðar slíkt eftirlit, eins og sett er fram í 3. mgr.,

c) áætlun um eftirlit á athafnasvæði stofnunar, þ.m.t. á útibúum hennar og dótturfélögum sem komið var á fót í öðrum aðildarríkjum í samræmi við 52., 119. og 122. gr.

2. Áætlanir um eftirlitsaðgerðir skulu ná yfir eftirfarandi stofnanir:

a) stofnanir þar sem niðurstöður álagsprófanna, sem um getur í a- og g-lið 1. mgr. 98. gr. og 100. gr., eða útkoma eftirlitsúttektarinnar og matsferlisins skv. 97. gr., gefa til kynna að veruleg hætta skapist að því er varðar fjárhagslegt heilbrigði eða brot á landslögum sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

b) stofnanir sem skapa kerfisáhættu fyrir fjármálakerfið,

c) allar aðrar stofnanir sem lögbær yfirvöld telja nauðsynlegt að þær nái yfir.

3. Einkum skal, eftir því sem við á skv. 97. gr., gera eftirfarandi ráðstafanir ef þörf krefur:

a) auka á fjölda eða tíðni vettvangseftirlits með stofnuninni,

b) hafa stöðuga viðveru lögbæra yfirvaldsins í stofnuninni,

c) auka skýrslugjöf stofnunarinnar eða hafa hana tíðari,

d) auka úttekt á rekstraráætlunum, áætlunum eða viðskiptaáætlunum stofnunarinnar eða hafa þær tíðari,

e) viðhafa þematískar athuganir til að fylgjast með sértækri áhættu sem líklega kemur fram.

4. Samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins á áætlun um eftirlitsaðgerðir skal ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins framkvæmi, í hverju tilviki fyrir sig, vettvangsskoðanir og eftirlit með starfsemi útibúa stofnana á yfirráðasvæði sínu, í samræmi við 3. mgr. 52. gr.

100. gr.

Álagspróf vegna eftirlits

1. Lögbæru yfirvöldin skulu framkvæma, eins og við á en a.m.k. árlega, álagspróf á stofnunum sem þau hafa eftirlit með, til að auðvelda úttektar- og matsferlin skv. 97. gr.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 til að tryggja að lögbæru yfirvöldin noti sameiginlegar aðferðir við framkvæmd á árlegum álagsprófum vegna eftirlits.

101. gr.

Eftirlit á áframhaldandi grundvelli með leyfi til að beita innri aðferðum

1. Lögbær yfirvöld skulu reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti hafa eftirlit með því hvort stofnanir uppfylli kröfurnar um aðferðir sem krefjast leyfis lögbæru yfirvaldanna áður en slíkar aðferðir eru notaðar til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn í samræmi við þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þau skulu einkum taka tillit til breytinga á starfsemi stofnana og til framkvæmdar á þessum aðferðum á nýjar afurðir. Ef verulegir annmarkar eru á þeirri áhættu sem innri aðferð stofnunar fangar skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að þær séu lagaðar eða gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr afleiðingum þeirra, þ.m.t. að beita hærri margföldunarþáttum, setja viðbótargjaldþolskröfur eða gera aðrar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu einkum greina og meta hvort stofnanir noti þróaða og nútímalega tækni og venjur við þessa aðferð.

3. Ef í innra markaðsáhættulíkani kemur fyrir mikill fjöldi yfirskota, sem um getur í 366. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem bendir til þess að líkanið sé ekki, eða ekki lengur, nægilega nákvæmt skulu lögbæru yfirvöldin afturkalla leyfið til að beita innra líkaninu eða gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að líkanið sé lagað án tafar.

4. Ef stofnun hefur fengið leyfi til að beita aðferð sem krefst leyfis lögbærra yfirvalda áður en slík aðferð er notuð til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en uppfyllir ekki lengur kröfurnar til að beita þessari aðferð, skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin sýni annaðhvort lögbærum yfirvöldum á fullnægjandi hátt fram á að aðeins óveruleg áhrif verði af því að uppfylla ekki kröfurnar, eftir atvikum og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eða setji fram áætlun um að farið verði að kröfunum tímanlega að nýju og setji frest að því er varðar framkvæmd áætlunarinnar. Lögbæru yfirvöldin skulu krefjast úrbóta á þeirri áætlun ef ólíklegt er að hún skili því að farið sé að fullu að kröfunum eða ef fresturinn er ekki hæfilegur. Ef stofnunin er ólíkleg til að koma reglufylgni við kröfurnar aftur á innan hæfilegs frests og, eftir atvikum, hefur ekki sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að áhrifin af því að uppfylla ekki kröfurnar séu óveruleg, skal afturkalla leyfið til að beita slíkri aðferð eða takmarka það við þau svið sem uppfylla kröfurnar eða þar sem unnt er ná fram reglufylgni innan hæfilegs frests.

5. Til að stuðla að samkvæmum stöðugleika innri aðferða í Sambandinu skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin greina innri aðferðir þvert á stofnanir, þ.m.t. samkvæmni framkvæmdar á skilgreiningunni á vanskilum og með hvaða hætti þessar stofnanir meðhöndla svipaðar áhættur eða áhættuskuldbindingar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útfæra viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sem innihalda viðmiðanir á grundvelli þeirrar greiningar.

Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til greiningarinnar og viðmiðananna við endurskoðun á leyfum sem þau veita stofnunum til að nota innri aðferðir.

IV. þáttur

Eftirlitsráðstafanir og -heimildir

102. gr.

Eftirlitsráðstafanir

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnun geri snemma nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á vandamálum sem máli skipta við eftirfarandi aðstæður:

a) stofnunin uppfyllir ekki kröfurnar í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

b) lögbær yfirvöld hafa vísbendingar um að stofnunin sé líkleg til að brjóta gegn kröfunum í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 innan næstu 12 mánaða.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu valdheimildir lögbærra yfirvalda vera þær sem um getur í 104. gr.

103. gr.

Beiting eftirlitsráðstafana á stofnanir sem hafa svipað áhættusnið

1. Ef lögbær yfirvöld ákvarða skv. 97. gr. að stofnanir með svipað áhættusnið s.s. svipuð viðskiptalíkön eða landfræðilega staðsetningu áhættuskuldbindinga, séu eða kunna að verða óvarðar fyrir svipuðum áhættum eða valda svipuðum áhættum í fjármálakerfinu geta þau beitt eftirlitsúttekt og matsferlum sem um getur í 97. gr. á þessar stofnanir með svipuðum eða sama hætti. Í þeim tilgangi skulu aðildarríki sjá til þess að lögbæru yfirvöldin hafi fullnægjandi lagalegar heimildir til að gera kröfur samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til þessara stofnana með svipuðum eða sama hætti, þ.m.t. og einkum framkvæmd eftirlitsheimilda skv. 104., 105. og 106. gr.

Einkum er heimilt að ákvarða tegundir stofnana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í j-lið 1. mgr. 98. gr.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þegar þau beita 1. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með eftirlitsstarfsemi og gefa út viðmiðunarreglur sem tilgreina með hvaða hætti skuli taka á svipuðum áhættum og hvernig unnt er að tryggja samræmda beitingu á 1. mgr. um gervallt Sambandið. Samþykkja skal þessar viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

104. gr.

Eftirlitsheimildir

1. Að því er varðar 97. gr., 98. gr. (4. mgr.), 101. gr. (4. mgr.) og 102. og 103. gr. og beitingu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu lögbær yfirvöld a.m.k. hafa eftirfarandi valdheimildir:

a) til að krefjast þess að stofnanir hafi eiginfjárgrunn umfram kröfurnar sem settar eru fram í 4. kafla þessa bálks og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar áhættuþætti og áhættur sem ekki falla undir 1. gr. þeirrar reglugerðar,

b) til að krefjast þess að fyrirkomulagið, aðferðirnar, kerfin og áætlanirnar, sem framkvæmdar voru í samræmi við 73. og 74. gr., verði styrktar,

c) til að krefjast þess að stofnanir setji fram áætlun um að koma aftur á reglufylgni við eftirlitskröfur samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og setja frest fyrir framkvæmd hennar, þ.m.t. úrbætur á áætluninni að því er varðar gildissvið og frest,

d) til að krefjast þess að stofnanir beiti sérstakri niðurfærslustefnu eða meðferð á eignum að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns,

e) til að banna eða takmarka viðskipti, starfsemi eða netkerfi stofnana eða krefjast þess að látið sé af starfsemi sem hefur í för með sér óhóflegar áhættur fyrir stöðugleika stofnunar,

f) til að krefjast þess að dregið verði úr áhættunni sem er innbyggð í starfsemi, afurðir og kerfi stofnana,

g) til að krefjast þess að stofnanir takmarki breytileg launakjör við hlutfall af hreinum tekjum ef þau samræmast ekki því að viðhalda traustum eiginfjárgrunni,

h) til að krefjast þess að stofnanir noti hreinan hagnað til að styrkja eiginfjárgrunninn,

i) til að banna eða takmarka úthlutun eða vaxtagreiðslur stofnunar til hluthafa, aðila eða eigenda viðbótareiginfjárgrunnsgerninga ef bannið felur ekki í sér vanskil af hálfu stofnunarinnar,

j) til að gera kröfu um aukna eða tíðari skýrslugjöf, þ.m.t. skýrslugjöf um eiginfjár- og lausafjárstöður,

k) til að gera sértækar kröfur um lausafé, þ.m.t. takmarkanir á misræmi í líftíma milli eigna og skulda,

l) til að krefjast viðbótarupplýsinga.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu a.m.k. beita viðbótarkröfunum um eiginfjárgrunn, sem um getur í a-lið 1. mgr., þegar

a) stofnun uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 73. og 74. gr. þessarar tilskipunar eða 393. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) áhættur eða áhættuþættir falla ekki undir kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem settar eru fram í 4. kafla þessa bálks eða í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

c) ólíklegt er að beiting annarra ráðstafana ein og sér bæti á fullnægjandi hátt fyrirkomulagið, aðferðirnar, kerfin og áætlanirnar innan viðeigandi tímaramma,

d) úttektin, sem um getur í 4. mgr. 98. gr. eða 4. mgr. 101. gr., leiðir í ljós að ekki hafi verið farið að kröfunum um beitingu viðkomandi aðferðar og muni það líklega leiða til ófullnægjandi krafna vegna eiginfjárgrunns,

e) líklegt er að áhættan verði vanmetin, þrátt fyrir að farið sé að gildandi kröfum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða

f) stofnun skýrir lögbærum yfirvöldum, í samræmi við 5. mgr. 377. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, frá því að niðurstöður álagsprófsins, sem um getur í þeirri grein, séu verulega umfram kröfur þeirra vegna eiginfjárgrunns að því er varðar fylgniviðskiptasafnið.

3. Í þeim tilgangi að ákvarða viðeigandi fjárhæð eigin fjár á grundvelli endurskoðunar og mats, sem er framkvæmt í samræmi við III. þátt, skulu lögbær yfirvöld meta hvort álagning viðbótarkröfu vegna eiginfjárgrunns umfram kröfuna vegna eiginfjárgrunns sé nauðsynleg til að ná yfir áhættur sem stofnun er eða kann að verða óvarin fyrir, með tilliti til eftirfarandi:

a) megindlegra og eigindlegra þátta í matsferli stofnunar sem um getur í 73. gr.,

b) fyrirkomulags, ferla og aðferða stofnunar sem um getur í 74. gr.,

c) niðurstöðu endurskoðunar og mats sem er framkvæmt í samræmi við 97. eða 101. gr.,

d) matsins á kerfisáhættu.

105. gr.

Sértækar kröfur varðandi lausafjárstöðu

Í þeim tilgangi að ákvarða viðeigandi kröfur um lausafjárstöðu á grundvelli úttektar og mats sem er framkvæmt í samræmi við III. þátt, skulu lögbær yfirvöld meta hvort álagning tiltekinna krafna um lausafjárstöðu sé nauðsynleg til að ná yfir lausafjáráhættur sem lánastofnun er eða kann að verða óvarin fyrir, með tilliti til eftirfarandi:

a) sértæks viðskiptalíkans stofnunarinnar,

b) fyrirkomulags, ferla og aðferða stofnunarinnar sem um getur í II. þætti og einkum í 86. gr.,

c) niðurstöðu endurskoðunar og mats sem er framkvæmt í samræmi við 97. gr.,

d) kerfislegrar lausafjáráhættu sem ógnar heilleika fjármálamarkaða í hlutaðeigandi aðildarríki.

Einkum ættu lögbær yfirvöld, án þess að hafa áhrif á 67. gr., að taka til athugunar hvort þörf er á að beita stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum, þ.m.t. varfærnisviðurlög, en umfang þeirra ætti í stórum dráttum að tengjast ósamræminu á milli raunverulegrar lausafjárstöðu stofnunar og allra krafna um lausafjárstöðu og trygga fjármögnun, sem gerðar eru á lands- eða Sambandsvísu

106. gr.

Sértækar kröfur varðandi birtingu

1. Aðildarríki skulu veita lögbærum yfirvöldum umboð til að krefja stofnanir um:

a) að birta upplýsingar sem um getur í áttunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 oftar en einu sinni á ári og setja frest á birtingu,

b) að nota sérstakan miðil og staði fyrir birtingar á öðru en reikningsskilum.

2. Aðildarríki skulu veita lögbærum yfirvöldum umboð til að krefja móðurfélög um að birta árlega, annaðhvort í heild eða með tilvísunum í jafngildar upplýsingar, lýsingu á rekstrarformi sínu að lögum, stjórnunarháttum og stjórnskipulagi samstæðu stofnana í samræmi við 3. mgr. 14. gr., 1. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 109. gr.

107. gr.

Samkvæmni eftirlitsúttekta, mats og eftirlitsráðstafana

1. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um:

a) virkni úttektar og matsferla sem um getur í 97. gr.,

b) aðferðirnar sem notaðar eru til grundvallar ákvarðana sem um getur í 98., 100., 101., 102., 104. og 105. gr. um ferlið sem um getur í a-lið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld veita í þeim tilgangi að þróa samræmi í eftirlitsúttektar- og matsferli. Hún getur óskað eftir viðbótarupplýsingum frá lögbærum yfirvöldum til að ljúka mati sínu, hlutfallslega, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal árlega skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um umfang samleitni beitingar á þessum kafla milli aðildarríkja.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, til að auka umfang þess háttar samleitni, framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur, sem beint er til lögbærra yfirvalda í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, til að tilgreina nánar, með hætti sem á við, stærð, uppbyggingu, innra skipulag stofnana og eðli starfsemi þeirra, umfang hennar og það hversu flókin hún er, sameiginlegar málsmeðferðarreglur og aðferðafræði við eftirlitsúttektir og matsferli sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og í 97. gr. og við mat á skipulagi og meðhöndlun áhættu sem um getur í 76. til 87. gr., einkum að því er varðar samþjöppunaráhættu í samræmi við 81. gr.

V. þáttur

Gildissvið

108. gr.

Innra matsferli fyrir eiginfjárþörf

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver stofnun sem hvorki er dótturfélag í aðildarríkinu, þar sem hún hefur starfsleyfi og er undir eftirliti, né móðurfyrirtæki og sérhver stofnun sem ekki er innan samstæðunnar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, uppfylli skuldbindingarnar sem settar eru fram í 73. gr. þessarar tilskipunar á einingargrunni.

Lögbær yfirvöld geta fallið frá kröfunum, sem settar eru fram í 73. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar lánastofnun í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Ef lögbæru yfirvöldin falla frá beitingu krafna vegna eiginfjárgrunns á samstæðugrunni, sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu kröfurnar í 73. gr. þessarar tilskipunar gilda á einingargrunni.

2. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að móðurstofnanir í aðildarríki, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 2. og 3. þætti 2. kafla II. bálks í fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, uppfylli skuldbindingarnar sem settar eru fram í 73. gr. þessarar tilskipunar, á samstæðugrunni.

3. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir, sem eru undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 2. og 3. þætti 2. kafla II. bálks í fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, uppfylli skuldbindingarnar sem settar eru fram í 73. gr. þessarar tilskipunar á grundvelli stöðu viðkomandi eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á samstæðugrunni.

Ef fleiri en ein stofnun er undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki skal fyrsta undirgrein eingöngu eiga við um stofnunina sem eftirlit á samstæðugrunni gildir um, í samræmi við 111. gr.

4. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að dótturstofnanir beiti kröfunum, sem mælt er fyrir um í 73. gr. á undirsamstæðugrunni, þegar stofnanirnar, eða móðurfélagið þegar það er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, eiga stofnun eða fjármálastofnun eða eignastýringarfélag í skilningi 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB að dótturfélagi í þriðja landi, eða eiga hlutdeild í slíku félagi.

109. gr.

Fyrirkomulag, ferli og aðferðir stofnana

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir uppfylli skuldbindingarnar sem settar eru fram í II. þætti þessa kafla á einingargrunni, nema lögbæru yfirvöldin beiti undanþágunni sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að móður- og dótturfélögin, sem falla undir þessa tilskipun, uppfylli skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í II. þætti þessa kafla á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni, til að tryggja að fyrirkomulag þeirra, ferli og aðferðir, sem krafist er í II. þætti þessa kafla, séu samræmdar og vel samþættar og unnt sé að leggja fram öll gögn og upplýsingar sem varða eftirlitið. Þau skulu einkum sjá til þess að móður- og dótturfélög, sem falla undir þessa tilskipun, framkvæmi slíkt fyrirkomulag, ferli og aðferðir innan eigin dótturfélaga sem ekki falla undir þessa tilskipun. Slíkt fyrirkomulag, ferli og aðferðir skulu einnig vera samræmdar og vel samþættar og dótturfélög þessi skulu einnig geta sett fram öll gögn og allar upplýsingar sem skipta máli fyrir eftirlitið.

3. Skyldur, sem stafa af II. þætti þessa kafla varðandi dótturfélög sem ekki falla sjálf undir þessa tilskipun, skulu ekki gilda ef móðurstofnun í ESB eða stofnanir undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að beiting II. þáttar sé ólögmæt samkvæmt lögum þriðja landsins þar sem dótturfélagið hefur staðfestu.

110. gr.

Úttekt, mat og eftirlitsráðstafanir

1. Lögbær yfirvöld skulu beita úttektar- og matsferlinu sem um getur í III. þætti þessa kafla og eftirlitsráðstöfununum sem um getur í IV. þætti þessa kafla í samræmi við umfang beitingar á kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem settar eru fram í II. bálki í fyrsta hluta þeirrar reglugerðar.

2. Ef lögbæru yfirvöldin falla frá beitingu krafna um eiginfjárgrunn á samstæðugrunni, sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu kröfurnar í 97. gr. þessarar tilskipunar gilda um eftirlit með verðbréfafyrirtækjum á einingargrunni.

3. KAFLI

Eftirlit á samstæðugrunni

I. þáttur

Meginreglur um framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni

111. gr.

Ákvörðun um eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli

1. Ef móðurfyrirtæki er móðurstofnun í aðildarríki eða móðurstofnun í ESB skulu lögbær yfirvöld sem veittu henni starfsleyfi annast eftirlit á samstæðugrunni.

2. Ef móðurfélag stofnunar er móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB skulu lögbær yfirvöld sem veittu því starfsleyfi annast eftirlit á samstæðugrunni.

3. Ef stofnanir, sem hafa leyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, hafa sem móðurfyrirtæki sama móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði, sama blandaða móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, sama móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eða sama blandaða móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB skulu lögbær yfirvöld stofnunarinnar, sem hefur starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi var komið á fót, annast eftirlit á samstæðugrunni.

Ef móðurfyrirtæki stofnana, sem hafa starfsleyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum samanstanda af fleiri en einu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi með aðalskrifstofur í mismunandi aðildarríkjum og ef lánastofnun er að finna í hverju þessara ríkja, skulu lögbær yfirvöld þeirrar lánastofnunar sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, annast eftirlit á samstæðugrunni.

4. Ef fleiri en ein stofnun, sem hafa starfsleyfi í Sambandinu, hafa sama eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem móðurfélag og engin þessara stofnana hefur starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi var komið á fót skal eftirlit á samstæðugrunni vera í höndum þeirra lögbærra yfirvalda sem veittu þeirri stofnun, sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, starfsleyfi og skal hún, að því er varðar þessa tilskipun, teljast sú stofnun sem stjórnað er af móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í ESB eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í ESB.

5. Í sérstökum tilvikum er lögbærum yfirvöldum heimilt, með samkomulagi sín á milli, að víkja frá viðmiðununum, sem um getur í 3. og 4. mgr., ef beiting þeirra yrði óviðeigandi, að teknu tilliti til stofnananna og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi þeirra í mismunandi löndum, og tilnefna annað lögbært yfirvald til að viðhafa eftirlit á samstæðugrunni. Í slíkum tilvikum skulu lögbær yfirvöld, áður en þau taka ákvörðun, gefa móðurstofnuninni í ESB, móðureignarhaldsfélaginu á fjármálasviði í ESB eða blandaða móðureignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnuninni með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, eftir því sem við á, kost á að tjá sig um þá ákvörðun.

6. Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvert samkomulag sem fellur undir 5. mgr.

112. gr.

Samræming eftirlitsstarfsemi af hálfu eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli

1. Til viðbótar við skuldbindingarnar sem þessi tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 leggur á skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli framkvæma eftirfarandi verkefni:

a) samræmingu söfnunar og miðlunar viðeigandi eða mikilvægra upplýsinga, í tilvikum áframhaldandi rekstrarhæfis eða neyðartilvikum,

b) skipulagningu og samræmingu eftirlitsstarfsemi í tilvikum áframhaldandi rekstrarhæfis, þ.m.t. í tengslum við þá starfsemi sem um getur í 3. kafla í VII. bálki, í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld,

c) skipulagningu og samræmingu eftirlitsstarfsemi í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld og, ef nauðsyn krefur, seðlabanka seðlabankakerfis Evrópu, við undirbúning fyrir og við neyðarástand, þ.m.t. neikvæða þróun stofnana eða á fjármálamörkuðum, með notkun núverandi boðskiptaleiða sem auðvelda áfallastjórnun ef mögulegt er.

2. Hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum er heimilt, ef eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli tekst ekki að framkvæma verkefnin sem um getur í 1. mgr., eða ef lögbær yfirvöld starfa ekki með eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli að því marki sem krafist er til að framkvæma verkefnin í 1. mgr., að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópsku bankaeftirlitsstofnunni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld þegar um er að ræða ósamkomulag um samræmingu eftirlitsstarfsemi samkvæmt þessari grein, að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Áætlanagerð og samræming eftirlitsstarfa, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, fela í sér sérstakar neyðarráðstafanir, sem um getur í d-lið 1. mgr. 117. gr. og b-lið 4. mgr. 117. gr., undirbúning sameiginlegs mats, framkvæmd viðbragðsáætlana og orðsendingar til almennings.

113. gr.

Sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur er varða tilteknar stofnanir

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli og lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í aðildarríki í ESB, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná fram sameiginlegri ákvörðun:

a) um beitingu 73. og 97. gr. til að ákvarða hvort fjárhæð eiginfjárgrunns á samstæðugrundvelli hjá samstæðu stofnana sé fullnægjandi með tilliti til fjárhagsstöðu, áhættusniðs og fjárhæðar eiginfjárgrunns sem krafist er með tilliti til beitingar a-liðar 1. mgr. 104. gr., á hverja einingu innan samstæðu stofnana og á samstæðugrunni,

b) um ráðstafanir til að taka á öllum mikilvægum málefnum og niðurstöðum í tengslum við lausafjáreftirlit, þ.m.t. hvort stofnunin sé fullnægjandi og meðhöndlun áhætta eins og krafist er skv. 86. gr. og varðandi þörf á kröfum um lausafjárstöðu fyrir hverja stofnun fyrir sig í samræmi við 105. gr. þessarar tilskipunar.

2. Taka skal sameiginlegu ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr.:

a) innan fjögurra mánaða frá framlagningu eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli á skýrslu um áhættumat á samstæðu stofnana í samræmi við 73. og 97. gr. og a-lið 1. mgr. 104. gr. til hinna viðkomandi lögbæru yfirvaldanna, að því er varðar a-lið 1. mgr.,

b) innan eins mánaðar frá framlagningu eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli á skýrslu um mat á lausafjáráhættusniði samstæðu stofnana í samræmi við 86. og 105. gr., að því er varðar b-lið 1. mgr.

Við sameiginlegar ákvarðanir skal einnig taka til athugunar áhættumat dótturfélaga af hálfu viðkomandi lögbærra yfirvalda í samræmi við 73. og 97. gr.

Setja skal sameiginlegar ákvarðanir fram í skjölum sem innihalda fullan rökstuðning og sem eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli lætur þau móðurlánastofnuninni í ESB í té. Ef um ágreining er að ræða skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, að beiðni einhvers hinna lögbæru yfirvaldanna sem hlut eiga að máli, hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunin. Eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli er heimilt að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina að eigin frumkvæði.

3. Hafi lögbæru yfirvöldin ekki tekið sameiginlega ákvörðun innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli taka ákvörðun um beitingu 73., 86. og 97. gr. og 104. gr. (a-liður 1. mgr.) og 105. gr. á samstæðugrunni, að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættumats dótturfélaga af hálfu viðkomandi lögbærra yfirvalda. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, ef einhver viðkomandi lögbæru yfirvaldanna hafa vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010 við lok tímamarkanna sem um getur í 2. mgr., fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Telja skal tímamörkin, sem um getur í 2. mgr., vera sáttatímabil í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Ekki skal skjóta málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu fjögurra eða eins mánaðar tímabilsins, eftir því sem við á, eða eftir að sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin.

Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem ábyrgð bera á eftirliti með dótturfélögum móðurlánastofnana í ESB eða móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í ESB eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í ESB á grundvelli einstakra eininga eða samstæðuhluta, skulu taka ákvörðun um beitingu 73., 86. og 97. gr., 104. gr. (a-liður 1. mgr.) og 105. gr., að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli. Lögbær yfirvöld skulu, ef einhver viðkomandi lögbæru yfirvaldanna hafa vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1093/2010, við lok tímamarkanna sem um getur í 2. mgr., fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Telja skal tímamörkin, sem um getur í 2. mgr., vera sáttatímabil í skilningi þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar. Ekki skal skjóta málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að loknu fjögurra mánaða eða eins mánaðar tímabilinu, eftir því sem við á, eða eftir að sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin.

Setja skal ákvarðanir fram í skjali ásamt ítarlegum rökstuðningi við þær og skal tekið tillit til áhættumats, álits og fyrirvara lögbæru yfirvaldanna sem þau láta í ljós á tímabilunum sem um getur í 2. mgr. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli lætur skjalið í té öllum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og móðurstofnuninni í ESB.

Öll lögbæru yfirvöldin skulu, þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, taka tillit til ráðlegginga hennar og gera grein fyrir hvers konar frávikum frá þeim.

4. Sameiginlegu ákvarðanirnar, sem um getur í 1. mgr. og ákvarðanirnar sem lögbæru yfirvöldin taka þegar sameiginleg ákvörðun, sem um getur í 3. mgr., liggur ekki fyrir, skulu teljast endanlegar og skulu lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum beita þeim.

Árlega skal uppfæra sameiginlegu ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr. og ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka þegar sameiginleg ákvörðun í samræmi við 3. mgr. er ekki fyrir hendi, eða í undantekningartilvikum þegar lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, leggur fram skriflega og vel rökstudda beiðni til eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli um að uppfæra ákvörðunina um beitingu a-liðar 1. mgr. 104. gr. og 105. gr. Í síðara tilvikinu getur uppfærslan verið á tvíhliða grundvelli milli eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli og lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samleitni skilyrða fyrir beitingu sameiginlega ákvörðunarferlisins, sem um getur í þessari grein, að því er varðar beitingu 73., 86. og 97. gr. og 104. gr. (a-liður 1. mgr.) og 105. gr., með það í huga að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. júlí 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

114. gr.

Kröfur um upplýsingar við neyðarástand

1. Þegar upp kemur neyðarástand, þ.m.t. aðstæður eins og lýst er í 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, eða þróun á mörkuðum sem hugsanlega teflir í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkinu þar sem einingar samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða stofnuð hafa verið mikilvæg útibú, eins og um getur í 51. gr., skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, með fyrirvara um 2. þátt 1. kafla og, eftir atvikum, 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB, gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og yfirvöldunum, sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 59. gr., viðvart eins fljótt og við verður komið og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti leyst sín verk af hendi. Skuldbindingar þessar gilda um öll lögbær yfirvöld.

Ef seðlabanki seðlabankakerfis Evrópu verður var við ástand sem lýst er í fyrstu undirgrein skal hann gera lögbærum yfirvöldum, sem um getur í 112. gr., og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni viðvart eins fljótt og við verður komið.

Lögbæra yfirvaldið og yfirvaldið sem um getur í 4. mgr. 58. gr. skulu nota þær boðskiptaleiðir sem fyrir hendi eru, ef unnt er.

2. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal, þegar hann þarfnast upplýsinga sem hafa þegar verið gefnar öðru lögbæru yfirvaldi, hafa samband við yfirvaldið, þegar unnt er, til að koma í veg fyrir tvítekningu skýrslugjafar til hinna ýmsu yfirvalda sem taka þátt í eftirlitinu.

115. gr.

Samræmingar- og samstarfsfyrirkomulag

1. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli og önnur lögbær yfirvöld skulu hafa skriflegt fyrirkomulag um samræmingu og samstarf til að auðvelda og koma á fót skilvirku eftirliti.

Samkvæmt slíku fyrirkomulagi er heimilt að fela eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli viðbótarverkefni og tilgreina verklagsreglur fyrir ákvarðanatökuferlið og samvinnu við önnur lögbær yfirvöld.

2. Lögbæru yfirvöldunum, sem eru ábyrg fyrir leyfisveitingu dótturfélags móðurfélags sem er stofnun, er heimilt, með tvíhliða samningum og í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, að fela eftirlitsábyrgð sína lögbærum yfirvöldum sem veittu móðurfélaginu starfsleyfi og hafa eftirlit með því þannig að þau taki að sér eftirlit með dótturfélaginu í samræmi við þessa tilskipun. Upplýsa skal Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um tilvist og efni slíkra samninga. Hún skal senda slíkar upplýsingar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna og evrópsku bankanefndarinnar.

116. gr.

Samstarfshópar eftirlitsaðila

1. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal koma á fót samstarfshópum eftirlitsaðila til að greiða fyrir framkvæmd verkefnanna sem um getur í 112. og 113. gr. og 114. gr. (1. mgr.), með fyrirvara um trúnaðarkvaðir 2. mgr. þessarar greinar og lög Sambandsins, og tryggja viðeigandi samræmingu og samstarf við viðkomandi eftirlitsyfirvöld þriðja lands, eftir því sem við á.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal stuðla að og fylgjast með árangursríkri, skilvirkri og samræmdri starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila sem getur um í þessari grein, í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í þeim tilgangi, taka þar þátt eins og við á og teljast lögbært yfirvald þar að lútandi.

Samstarfshópar eftirlitsaðila skulu setja ramma fyrir framkvæmd eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og hinna lögbæru yfirvaldanna, sem hlut eiga að máli, á eftirfarandi verkefnum:

a) að skiptast á upplýsingum innbyrðis og við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010,

b) að ná samkomulagi um frjálsa skiptingu verkefna og frjálsa dreifingu ábyrgðar, eftir því sem við á,

c) að ákvarða áætlanir um eftirlitsaðgerðir, sem um getur á 99. gr., á grundvelli áhættumats samstæðunnar í samræmi við 97. gr.,

d) að auka skilvirkni eftirlits með því að koma í veg fyrir óþarfa tvítekningu eftirlitskrafna, þ.m.t. í tengslum við kröfur um upplýsingarnar sem um getur í 114. gr. og 3. mgr. 117. gr.,

e) að beita varfærniskröfum með samræmdum hætti, samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þvert á allar einingar innan samstæðu stofnana og með fyrirvara um aðra möguleika og ákvörðunarfrelsi sem löggjöf Sambandsins býður upp á,

f) að beita c-lið 1. mgr. 112. gr. með tilliti til vinnu á öðrum vettvangi sem kann að verða komið á fót á þessu sviði.

2. Lögbæru yfirvöldin, sem eru þátttakendur í samstarfshópum eftirlitsaðila og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, skulu vinna náið saman. Trúnaðarkvaðirnar, sem um getur í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB, skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti skipst á trúnaðarupplýsingum innan samstarfshópa eftirlitsaðila. Stofnsetning og rekstur samstarfshópa eftirlitsaðila skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3. Stofnsetning og rekstur samstarfshópanna skal byggja á skriflegum samþykktum sem um getur í 115. gr. og ákvarðaðar eru að höfðu samráði eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina almenn skilyrði um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum í því skyni að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB og lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki þar sem mikilvæg útibú eins og um getur í 51. gr. hafa staðfestu, seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu, þar sem við á, og lögbærum eftirlitsyfirvöldum þriðja lands, ef við á og með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem eru, að áliti allra lögbærra yfirvalda, jafngildar kröfunum sem settar eru fram í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og eftir atvikum í 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB, er heimilt að taka þátt í starfi samstarfshópa eftirlitsaðila.

7. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal vera í forsæti á fundum samstarfshópsins og ákveða hvaða lögbær yfirvöld taka þátt í fundum eða starfsemi hans. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal upplýsa alla aðila samstarfshópsins ítarlega fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni og starfsemi sem taka skal til athugunar. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal einnig halda öllum aðilum samstarfshópsins vel og tímanlega upplýstum um aðgerðir sem koma til framkvæmda á þessum fundum eða ráðstafanir sem gerðar eru.

8. Við ákvörðun eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem er fyrirhuguð eða samræmd að því er varðar yfirvöldin, einkum hugsanleg áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins innan viðkomandi aðildarríkja, eins og um getur í 7. gr., og skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. 51. gr.

9. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem um getur í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB, upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila, þ.m.t. þegar um er að ræða neyðarástand, og veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem skipta máli varðandi samleitni eftirlits.

Hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum er heimilt, þegar um er að ræða ágreining milli lögbærra yfirvalda um hlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila, að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur einnig að eigin frumkvæði aðstoðað lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi ef um er að ræða ósamkomulag um hlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt þessari grein, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

117. gr.

Samstarfsskuldbindingar

1. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa náið samstarf sín á milli. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar eða skipta máli fyrir eftirlitsstarf hinna yfirvaldanna samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Í þessu skyni skulu lögbær yfirvöld veita allar umbeðnar upplýsingar sem málið varðar og veita allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði.

Lögbæru yfirvöldin skulu vinna með Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni að því er varðar þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Lögbæru yfirvöldin skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Telja skal upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, mikilvægar ef þær gætu haft veigamikil áhrif á matið á fjárhagslegu heilbrigði stofnunar eða fjármálastofnunar í öðru aðildarríki.

Eftirlitsaðilar á samstæðugrundvelli með móðurstofnunum í ESB og stofnunum, sem móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í ESB eða blönduð móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í ESB stjórna skulu einkum láta lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum, sem hafa eftirlit með dótturfélögum þessara móðurfélaga, í té allar viðeigandi upplýsingar. Við ákvörðun á umfangi viðeigandi upplýsinga skal taka tillit til mikilvægis þessara dótturfélaga innan fjármálakerfis þessara aðildarríkja.

Mikilvægu upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu einkum fela í sér eftirfarandi:

a) tilgreiningu á rekstrarformi samstæðunnar að lögum og eftirlits- og stjórnunarkerfi, þ.m.t. stjórnskipulagi, sem ná yfir alla eftirlitsskylda aðila og þá aðila sem eru það ekki, dótturfélög sem ekki eru eftirlitsskyld og mikilvæg útibú sem tilheyra samstæðunni, móðurfélögin, í samræmi við 14. gr. (3. mgr.), 74. gr. (1. mgr.) og 109. gr. (2. mgr.), og lögbær yfirvöld eftirlitsskyldra aðila innan samstæðunnar,

b) aðferðir við öflun upplýsinga frá lánastofnunum í samstæðu og sannprófun á þeim upplýsingum,

c) neikvæða þróun hjá stofnunum eða öðrum aðilum samstæðu sem gæti haft alvarleg áhrif á stofnanirnar,

d) umtalsverð viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda í samræmi við þessa tilskipun, þ.m.t. álagning sérstakrar kröfu vegna eiginfjárgrunns skv. 104. gr. og álagning hvers kyns takmarkana á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar við útreikninga á eiginfjárkröfum, skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa eftirfarandi aðstæðum til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar:

a) þegar lögbært yfirvald hefur ekki sent mikilvægar upplýsingar,

b) þegar beiðni um samstarf, einkum varðandi skipti á nauðsynlegum upplýsingum, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests.

Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt, með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að nýta sér valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld að eigin frumkvæði við að þróa samræmdar samstarfsvenjur í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Lögbæru yfirvöldin, sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum sem móðurstofnun í ESB stjórnar, skulu, þegar því verður við komið, hafa samband við eftirlitsaðilann á samstæðugrundvelli þegar þau vantar upplýsingar varðandi framkvæmd aðferða og aðferðafræði sem sett er fram í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og kunna nú þegar að vera tiltækar eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli.

4. Lögbæru yfirvöldin sem málið varðar skulu hafa samráð sín á milli, áður en þau taka ákvörðun um eftirfarandi atriði, þegar þessar ákvarðanir eru mikilvægar fyrir eftirlitshlutverk annarra lögbærra yfirvalda:

a) breytingar á eignarhaldi, skipulagi eða stjórnunarháttum lánastofnana í samstæðu sem þarfnast samþykkis eða leyfis lögbærra yfirvalda og

b) umtalsverð viðurlög eða óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda, þ.m.t. álagning sérstakrar kröfu vegna eiginfjárgrunns skv. 104. gr. og álagning hvers kyns takmarkana á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Ávallt skal hafa samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli varðandi b-lið.

Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að ákveða að hafa ekki samráð við önnur lögbær yfirvöld í brýnum málum eða þegar slíkt samráð getur teflt skilvirkni ákvarðana í tvísýnu. Lögbæra yfirvaldið skal í slíkum tilvikum strax að lokinni ákvörðun sinni tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um hana.

118. gr.

Staðfesting á upplýsingum um einingar í öðrum aðildarríkjum

Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska í ákveðnum tilvikum við beitingu þessarar tilskipunar eftir að staðfesta upplýsingar um stofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, fjármálastofnun, félag í hliðarstarfsemi, blandað eignarhaldsfélag, dótturfélag, eins og um getur í 125. gr. eða dótturfélag eins og um getur í 3. mgr. 119. gr., sem er í öðru aðildarríki, skulu þau fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að láta framkvæma þá staðfestingu. Yfirvöldin sem fá slíka beiðni skulu, á grundvelli valdheimilda sinna, bregðast við henni annaðhvort með því að framkvæma staðfestinguna sjálf eða leyfa yfirvöldunum sem lögðu beiðnina fram, endurskoðanda eða sérfræðingi, að framkvæma hana. Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í staðfestingunni ef það annast hana ekki sjálft, óski það þess.

II. þáttur

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög

119. gr.

Eftirlit á samstæðugrundvelli látið taka til eignarhaldsfélaga

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við á, til að láta eftirlit á samstæðugrundvelli ná til eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi.

2. Ef dótturfélag sem er stofnun fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni samkvæmt einu þeirra tilvika sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 geta lögbær yfirvöld þess aðildarríkis þar sem dótturfélagið er staðsett beðið móðurfélagið um upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þeirra með dótturfélaginu.

3. Aðildarríki skulu gera lögbæru yfirvöldunum sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni kleift að biðja dótturfélög stofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, sem heyra ekki undir eftirlit á samstæðugrunni, um upplýsingarnar sem um getur í 122. gr. Í slíku tilviki gilda þær málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í þeirri grein varðandi það að senda og staðfesta upplýsingarnar.

120. gr.

Eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi

1. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi fellur undir jafngild ákvæði samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt tilskipun 2002/87/EB, einkum með tilliti til eftirlits sem byggt er á áhættumati, getur eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, að höfðu samráði við önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum, beitt eingöngu tilskipun 2002/87/EB á það blandaða eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

2. Ef blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði fellur undir jafngild ákvæði samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, einkum með tilliti til eftirlits sem byggt er á áhættumati, getur eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, í samráði við samstæðueftirlitsaðila í tryggingageiranum, beitt eingöngu ákvæðum þessarar tilskipunar á viðkomandi blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í tengslum við mikilvægasta fjármálageirann eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

3. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku tryggingа- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska tryggingа- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar sem um getur í 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010, útfæra viðmiðunarreglur sem miða að samleitni eftirlitsvenja og gera frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum í sama tilgangi innan þriggja ára frá samþykkt þessara viðmiðunarreglna.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

121. gr.

Menntun og hæfi stjórnarmanna

Aðildarríki skulu krefjast þess að stjórnarmenn eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi hafi óflekkað mannorð og búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, eins og um getur í 1. mgr. 91. gr., til að gegna þeim skyldum, með tilliti til sértæks hlutverks eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.

122. gr.

Beiðnir um upplýsingar og eftirlit

1. Þar til samstæðuaðferðir hafa verið samræmdar frekar skulu aðildarríkin kveða á um að ef móðurfyrirtæki einnar stofnunar eða fleiri er blandað eignarhaldsfélag skuli lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir starfsleyfi og eftirliti með þessum stofnunum krefjast þess að þau veiti allar upplýsingar sem myndu skipta máli vegna eftirlits með dótturfélögum, annaðhvort með því að snúa sér beint til blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfélaga þess eða beint í gegnum dótturfélög sem eru stofnanir.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að framkvæma, eða láta utanaðkomandi skoðunarmenn framkvæma eftirlit á staðnum til að staðfesta upplýsingar frá blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum þeirra. Einnig er heimilt að beita málsmeðferðinni í 125. gr. ef blandaða eignarhaldsfélagið eða eitt af dótturfélögum þess er vátryggingafélag. Ef blandað eignarhaldsfélag eða eitt af dótturfélögum þess er í öðru aðildarríki en dótturstofnunin sem er stofnun skal framkvæma vettvangseftirlit á upplýsingum í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 118. gr.

123. gr.

Eftirlit

1. Aðildarríki skulu kveða á um, þegar móðurfélag einnar eða fleiri stofnana er blandað eignarhaldsfélag, að lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum stofnunum, beiti almennu eftirliti með viðskiptum á milli stofnunarinnar og blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfélaga þess, með fyrirvara um fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir hafi til staðar viðeigandi ferli í áhættustýringu og viðeigandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á viðeigandi hátt tilgreint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum við móðurfélagið sem er blandað eignarhaldsfélag og dótturfélög þess. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnunin gefi skýrslu um öll umtalsverð viðskipti við þessa aðila, nema þau sem um getur í 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og mikilvægum viðskiptum.

124. gr.

Upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að engar lagalegar hindranir komi í veg fyrir að fyrirtæki sem heyra undir eftirlit á samstæðugrunni, blönduð eignarhaldsfélög og dótturfélög þeirra, eða dótturfélög eins og um getur í 3. mgr. 119. gr., skiptist á upplýsingum sem skipta máli vegna eftirlits í samræmi við 110. gr. og 3. kafla.

2. Ef móðurfélag og einhver af dótturfélögum þess, sem eru lánastofnanir, eru staðsett í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis senda hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar til að gera eftirlit á samstæðugrunni kleift eða auðvelda það.

Ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfélagið er staðsett annast ekki sjálf eftirlit á samstæðugrunni skv. 111. gr. geta lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á slíku eftirliti farið fram á að þau afli viðeigandi upplýsinga hjá móðurfélaginu sem skipta máli vegna eftirlits á samstæðugrunni og sendi sér þær.

3. Aðildarríki skulu heimila lögbærum yfirvöldum að skiptast á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. að því gefnu, hvað varðar eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, fjármálastofnanir eða félag í hliðarstarfsemi, að öflun upplýsinga eða yfirráð yfir þeim feli ekki í sér að þau yfirvöld skuli gegna eftirlitshlutverki gagnvart þessum stofnunum eða einstökum fyrirtækjum.

Á sama hátt skulu aðildarríkin heimila lögbærum yfirvöldum að skiptast á upplýsingunum, sem um getur í 122. gr., að því gefnu að öflun upplýsinga eða yfirráð yfir þeim feli ekki í sér að lögbæru yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki gagnvart blönduðu eignarhaldsfélagi og dótturfélögum þess sem eru ekki lánastofnanir, eða gagnvart dótturfélögum eins og um getur í 3. mgr. 119. gr.

125. gr.

Samstarf

1. Ef stofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag stjórnar einu eða fleiri dótturfélögum sem eru vátryggingafélög eða öðrum fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu sem eru háð starfsleyfi skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld sem falið er að annast opinbert eftirlit með vátryggingafélögunum eða þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um heimildir hvers þessara yfirvalda skulu þau veita hvert öðru allar upplýsingar sem kunna að auðvelda störf þeirra og heimila eftirlit með starfsemi og heildarfjárhagsstöðu fyrirtækjanna sem þau hafa eftirlit með, með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig.

2. Upplýsingar sem tekið er við innan eftirlitsramma á samstæðugrunni og einkum öll upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu vera með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr. þessarar tilskipunar fyrir lánastofnanir eða samkvæmt tilskipun 2004/39/EB fyrir verðbréfafyrirtæki.

3. Lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni skulu gera skrár yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem um getur í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Senda skal skrár þessar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.

126. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu, í samræmi við 1. kafla IV. þáttar í þessum bálki, sjá til þess að stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum, sem miða að því að binda endi á uppvís brot eða uppræta orsakir þeirra, sé beitt gagnvart eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi og blönduðum eignarhaldsfélögum, eða stjórnendum þeirra, sem brjóta ákvæði laga, reglna eða stjórnsýslufyrirmæla sem lögleiða þennan kafla.

127. gr.

Mat á jafngildi samstæðueftirlits þriðju landa

1. Lögbæru yfirvöldin skulu, þegar stofnun þar sem móðurfélagið er stofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með aðalskrifstofu sína í þriðja landi er ekki undir eftirliti á samstæðugrunni skv. 111. gr., meta hvort stofnunin eigi að sæta eftirliti á samstæðugrunni af hálfu eftirlitsyfirvalds í þriðja landi sem jafngildir því eftirliti sem fellur undir meginreglurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun og kröfurnar sem settar eru fram í 2. kafla í II. bálki í fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Lögbæra yfirvaldið, sem bæri ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni ef þriðja undirgreinin gilti, skal framkvæma matið að beiðni móðurfélagsins eða einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi í Sambandinu eða að eigin frumkvæði. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu.

2. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir því að evrópska bankanefndin veiti almennar leiðbeiningar um hvort líklegt sé að markmiðum með eftirliti á samstæðugrunni, eins og þau eru sett fram í þessum kafla, verði náð með eftirlitsfyrirkomulagi eftirlitsyfirvalda í þriðju löndum þegar um er að ræða stofnanir þar sem móðurfélagið hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi. Evrópska bankanefndin skal fara yfir allar slíkar leiðbeiningar og taka tillit til allra breytinga á eftirlitsfyrirkomulagi á samstæðugrunni sem slík lögbær yfirvöld beita. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og evrópsku bankanefndina við að framkvæma þessi verkefni, þ.m.t. að meta hvort uppfæra skuli þessar leiðbeiningar.

Lögbæra yfirvaldið er annast matið, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skal taka tillit til allra þessara leiðbeininga. Þess vegna skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en það tekur ákvörðun.

3. Aðildarríki skulu, þegar slíkt jafngilt eftirlit er ekki fyrir hendi, beita ákvæðum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á stofnanir að breyttu breytanda eða heimila lögbærum yfirvöldum sínum að beita öðrum viðeigandi eftirlitsaðferðum til að ná markmiðum með eftirliti með stofnunum á samstæðugrunni.

Lögbæra yfirvaldið, sem myndi bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni, skal samþykkja þessar eftirlitsaðferðir að höfðu samráði við önnur lögbær yfirvöld sem málið varðar.

Lögbærum yfirvöldum er einkum heimilt að krefjast þess að komið sé á fót eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi sem hefur aðalskrifstofu sína í Sambandinu og beitt ákvæðum um eftirlit á samstæðugrunni gagnvart stöðu þess eignarhaldsfélags á fjármálasviði, sem hluta af samstæðu, eða stöðu stofnananna í blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi, sem hluta af samstæðu.

Eftirlitsaðferðunum er ætlað að ná markmiðum eftirlits á samstæðugrunni, eins og þau eru sett fram í þessum kafla og skal tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum sem málið varðar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni um þær.

4. KAFLI

Eiginfjáraukar

I. þáttur

Eiginfjáraukar

128. gr.

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „verndunarauki“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að stofnun viðhaldi í samræmi við 129. gr.,

2) „sveiflujöfnunarauki fyrir hverja stofnun fyrir sig“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að stofnun viðhaldi í samræmi við 130. gr.,

3) „eiginfjárauki á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að viðhaldið sé í samræmi við 4. mgr. 131. gr.,

4) „eiginfjárauki á aðra kerfislega mikilvæga stofnun“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að viðhaldið sé í samræmi við 5. mgr. 131. gr.,

5) „eiginfjárauki vegna kerfisáhættu“: eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um, eða kann að vera gerð um, að stofnun viðhaldi í samræmi við 133. gr.,

6) „samanlögð krafa um eiginfjárauka“: allt almennt eigið fé þáttar 1 sem krafist er til að uppfylla kröfurnar vegna verndunaraukans sem aukið er við með eftirfarandi, eftir því sem við á:

   a) sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun fyrir sig,

   b) eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu,

   c) eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun,

   d) eiginfjárauka vegna kerfisáhættu,

7) „hlutfall sveiflujöfnunarauka“: það hlutfall sem stofnanir verða að beita til að reikna út sveiflujöfnunarauka og ákvarðað er í samræmi við 136. gr., 137. gr. eða af hálfu viðkomandi yfirvalds þriðja lands, eftir því sem við á,

8) „stofnun sem hefur landsbundið starfsleyfi“: stofnun sem hefur fengið starfsleyfi í aðildarríki sem ákveðið tilnefnt yfirvald ber ábyrgð á að ákvarða hlutfall sveiflujöfnunaraukans fyrir,

9) „eiginfjáraukaviðmiðun“: viðmiðunarhlutfall eiginfjárauka reiknað út í samræmi við 1. mgr. 135. gr.

Kafli þessi gildir ekki um verðbréfafyrirtæki sem hafa ekki leyfi til að veita fjárfestingarþjónustuna sem skráð er í 3. og 6. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB.

129. gr.

Krafa um að viðhalda verndunarauka

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir viðhaldi, til viðbótar almennu eigið fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla kröfur vegna eiginfjárgrunns sem lagðar eru á með 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, verndunarauka í formi almenns eigin fjár þáttar 1 sem jafngildir 2,5% af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar á einninga- og samstæðugrunni, eftir því sem við á í samræmi við II. bálk fyrsta hluta þeirrar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðildarríki undanþegið lítil og meðalstór verðbréfafyrirtæki frá kröfunum, sem settar eru fram í þeirri málsgrein, ef slík undanþága ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í því aðildarríki.

Ákvörðun um beitingu slíkrar undanþágu skal vera vel rökstudd, innihalda útskýringu á því hvers vegna undanþágan ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í viðkomandi aðildarríki og skal innihalda nákvæma skilgreiningu á litlu og meðalstóru verðbréfafyrirtækjunum sem eru undanþegin.

Aðildarríki sem ákveða að beita slíkri undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki til samræmis við það.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal aðildarríkið tilnefna yfirvaldið sem ber ábyrgð á beitingu þessarar greinar. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

4. Flokka skal verðbréfafyrirtækið sem lítið eða meðalstórt í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]) að því er varðar 2. mgr.

5. Stofnanir skulu ekki nota almennt eigið fé þáttar 1, sem er viðhaldið til að uppfylla kröfuna skv. 1. mgr. þessarar greinar, til að uppfylla allar kröfur sem gerðar eru skv. 104. gr.

6. Ef stofnun uppfyllir ekki að fullu kröfuna skv. 1. mgr. þessarar greinar fellur hún undir takmarkanir á úthlutun sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 141. gr.

130. gr.

Krafa um að viðhalda sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun fyrir sig

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir viðhaldi sveiflujöfnunarauka sem jafngildir fjárhæð heildaráhættugrunns þeirra, reiknuðum út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 margfölduðum með vegnu meðaltali hlutfalla sveiflujöfnunarauka sem reiknuð eru út í samræmi við 140. gr. þessarar tilskipunar á einninga- og samstæðugrunni, eftir því sem við á í samræmi við II. bálk í fyrsta hluta þeirrar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðildarríki undanþegið lítil og meðalstór verðbréfafyrirtæki frá kröfunum, sem settar eru fram í þeirri málsgrein, ef slík undanþága ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í því aðildarríki.

Ákvörðun um beitingu slíkrar undanþágu skal vera vel rökstudd, innihalda útskýringu á því hvers vegna undanþágan ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í viðkomandi aðildarríki og skal innihalda ítarlega skilgreiningu á litlu og meðalstóru verðbréfafyrirtækjunum sem eru undanþegin.

Aðildarríki sem ákveða að beita slíkri undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki til samræmis við það.

3. Aðildarríkið skal, að því er varðar 2. mgr., tilnefna yfirvaldið sem ber ábyrgð á beitingu þessarar greinar. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

4. Að því er varðar 2. mgr. skal flokka verðbréfafyrirtæki sem lítil og meðalstór, í samræmi við tilmæli 2003/361/EB.

5. Stofnanir skulu uppfylla kröfuna sem sett er fram í 1. mgr. með almennu eigin fé þáttar 1, sem skal vera til viðbótar við almennt eigið fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem settar eru með 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2103, kröfuna um að viðhalda verndunarauka skv. 129. gr. þessarar tilskipunar og allar kröfur sem lagðar eru á skv. 104. gr. þessarar tilskipunar.

6. Ef stofnun uppfyllir ekki að fullu kröfuna skv. 1. mgr. þessarar greinar fellur hún undir takmarkanir á úthlutun sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 141. gr.

131. gr.

Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir

1. Aðildarríki skulu tilnefna yfirvaldið sem ber ábyrgð á að greina, á samstæðugrunni, kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SII) og, á einingargrunni, undirsamstæðugrunni eða samstæðugrunni, eftir því sem við á, aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII), sem hafa starfsleyfi innan lögsögu þeirra. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið. Aðildarríki geta tilnefnt fleiri en eitt yfirvald. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu vera móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnun. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu ekki vera stofnun sem er dótturfélag móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB. Aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir geta verið móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnun.

2. Aðferðafræðin sem notuð er við tilgreiningu á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu byggir á eftirfarandi flokkum:

a) stærð samstæðunnar,

b) samtengingu samstæðunnar við fjármálakerfið,

c) staðgöngu þjónustunnar eða fjármálalegra innviða sem samstæðan veitir,

d) því hversu margbrotin samstæðan er,

e) starfsemi samstæðunnar sem nær yfir landamæri, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri milli aðildarríkja og milli aðildarríkis og þriðja lands.

Allir flokkar skulu fá jafnt vægi og samanstanda af mælanlegum vísum.

Aðferðafræðin skal skila heildarstigafjölda fyrir hverja einingu, eins og um getur í 1. mgr., sem metin er, og gerir þar með kleift að tilgreina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og skipa þeim í undirflokk eins og lýst er í 9. mgr.

3. Tilgreina skal aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir í samræmi við 1. mgr. Kerfislegt mikilvægi skal metið á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

a) stærðar,

b) mikilvægis fyrir efnahag Sambandsins eða viðkomandi aðildarríkis,

c) umfangs starfsemi sem nær yfir landamæri,

d) samtengingar stofnunarinnar eða samstæðunnar við fjármálakerfið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið, birta viðmiðunarreglur eigi síðar en 1. janúar 2015 um viðmiðanir til að ákvarða skilyrðin um beitingu þessarar málsgreinar í tengslum við matið á öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum. Viðmiðunarreglur þessar skulu taka tillit til alþjóðlegra ramma fyrir innlendar kerfislega mikilvægar stofnanir og sértæki innan Sambandsins eða lands.

4. Hver og ein kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu skal, á samstæðugrunni, viðhalda eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem skal samsvara undirflokknum sem henni er raðað í. Sá eiginfjárauki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1 og vera til viðbótar við það.

5. Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið getur krafið sérhverja aðra kerfislega mikilvæga stofnun, á samstæðu- eða undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, um að viðhalda eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir, sem er allt að 2% af fjárhæð heildaráhættugrunns og reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með tilliti til viðmiðananna fyrir tilgreiningu á öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum. Sá eiginfjárauki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1 og vera til viðbótar við það.

6. Þegar lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið gerir kröfu um að eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sé viðhaldið skal það uppfylla eftirfarandi:

a) eiginfjáraukinn á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir skal ekki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.

b) lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal endurskoða eiginfjáraukann á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir að lágmarki árlega.

7. Áður en eiginfjárauki á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir er ákvarðaður eða endurákvarðaður skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið senda framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum og tilnefndum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja tilkynningu um það einum mánuði fyrir birtingu ákvörðunarinnar sem um getur í 5. mgr. Tilkynningin skal lýsa í smáatriðum:

a) rökstuðningi fyrir því hvers vegna eiginfjáraukinn á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir er talinn líklegur til að vera skilvirkur og hóflegur í því skyni að draga úr áhættu,

b) mati á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjáraukanum á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar aðildarríkinu,

c) hlutfalli eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem aðildarríkið vill setja.

8. Ef önnur kerfislega mikilvæg stofnun er dótturfélag annaðhvort kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu eða annarrar kerfislega mikilvægrar stofnunar, sem er móðurstofnun í ESB og fellur undir eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun á samstæðugrunni, skal sá eiginfjárauki sem gildir á eininga- eða undirsamstæðugrunni fyrir viðkomandi aðra kerfislega mikilvægu stofnun ekki vera meiri en það sem hærra er af eftirfarandi, með fyrirvara um 133. gr. og 5. mgr. þessarar greinar:

a) 1% af heildarfjárhæð áhættugrunns stofnunar, sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og

b) hlutfall eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem gildir um samstæðuna á samstæðustigi.

9. Undirflokkar kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu vera að minnsta kosti fimm. Lægstu mörkin og mörkin á milli hvers undirflokks skulu ákvörðuð af stigunum, samkvæmt aðferðafræðinni við tilgreiningu. Stigamörkin milli aðliggjandi undirflokka skulu skýrt skilgreind og fylgja meginreglunni um stöðuga línulega aukningu kerfislegs mikilvægis milli hvers undirflokks sem leiðir til línulegrar aukningar á kröfu um viðbótarfjármagn í almennu eigin fé þáttar 1, að undanskildum hæsta undirflokknum. Kerfislegt mikilvægi eru væntu áhrifin af greiðsluvanda kerfislega mikilvægrar stofnunar, á alþjóðavísu á alþjóðlega fjármálamarkaðinn, að því er varðar þessa málsgrein. Úthluta skal lægsta undirflokknum eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem er 1% af fjárhæð heildaráhættugrunns, eins og hann er reiknaður út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og skal eiginfjáraukinn, sem úthlutaður er hverjum undirflokki, hækka í þrepum sem eru 0,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 til og með fjórða undirflokki. Hæsti undirflokkur eiginfjárauka á kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skal hafa eiginfjárauka sem nemur 3,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

10. Með fyrirvara um 1. og 9. mgr. getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, er það annast traust eftirlitsmat:

a) fært kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr lægri undirflokki í hærri undirflokk,

b) sett einingu eins og um getur í 1. mgr., sem hefur heildarstigafjölda sem er undir mörkunum fyrir lægsta undirflokkinn, í þann undirflokk eða hærri flokk, og setja hana þar með í flokk kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja á alþjóðavísu.

11. Þegar lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið tekur ákvörðun í samræmi við b-lið 10. mgr. skal það tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni til samræmis við það og rökstyðja ákvörðunina.

12. Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um nöfn kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og annarra kerfislega mikilvægra stofnana og viðkomandi undirflokk sem hver kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu raðast í og birta nöfn þeirra opinberlega. Lögbæru yfirvöldin eða tilnefndu yfirvöldin skulu birta opinberlega undirflokkana sem hver kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu er sett í.

Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal endurskoða árlega tilgreininguna á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu og öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum og skiptingu kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu í undirflokka eftir því sem við á og skýra hlutaðeigandi kerfislega mikilvægu stofnuninni, framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni frá niðurstöðunni og birta opinberlega uppfærðan lista yfir tilgreindar kerfislega mikilvægar stofnanir og birta opinberlega undirflokkana sem hver tilgrein kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu er sett í.

13. Kerfislega mikilvægar stofnanir skulu ekki nota almennt eigið fé þáttar 1 sem er viðhaldið til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. til að uppfylla kröfur sem gerðar eru skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 129. og 130. gr. þessarar tilskipunar og kröfur sem gerðar eru skv. 102. og 104. gr. þessarar tilskipunar.

14. Hærri eiginfjáraukinn skal gilda í hverju tilviki fyrir sig þegar samstæða, á samstæðugrunni, fellur undir eftirfarandi:

a) eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu og eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun,

b) eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun og eiginfjárauka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr.

Þegar stofnun, á einingargrunni eða undirsamstæðugrunni, fellur undir eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun og eiginfjárauka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr., skal sá hærri gilda.

15. Þrátt fyrir 14. mgr. skal eiginfjárauki vegna kerfisáhættu koma til viðbótar við eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu og eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem beitt er í samræmi við þessa grein ef eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu gildir um allar áhættuskuldbindingar í aðildarríkinu sem ákvarðar þann eiginfjárauka til að taka á þjóðhagsvarúðaráhættu viðkomandi aðildarríkis en gildir ekki um áhættuskuldbindingar utan aðildarríkisins.

16. Ef 14. mgr. gildir og stofnun er hluti samstæðu eða undirsamstæðu sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða önnur kerfislega mikilvæg stofnun tilheyrir skal það aldrei gefa til kynna að stofnun falli, á einingargrunni, undir samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem er lægri en samtala verndunaraukans, sveiflujöfnunaraukans og þess sem hærra er af eiginfjáraukanum á aðra kerfislega mikilvæga stofnun og eiginfjáraukanum vegna kerfisáhættu sem gildir um hana á einingargrunni.

17. Ef 15. mgr. gildir og stofnun er hluti samstæðu eða undirsamstæðu sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða önnur kerfislega mikilvæg stofnun tilheyrir skal það aldrei gefa til kynna að stofnun falli, á einingargrunni, undir samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem er lægri en samtala verndunaraukans, sveiflujöfnunaraukans og samtölu eiginfjáraukans á aðra kerfislega mikilvæga stofnun og eiginfjáraukans vegna kerfisáhættu sem gildir um hana á einingargrunni.

18. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina, að því er varðar þessa grein, aðferðafræðina sem lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal beita við að tilgreina móðurstofnun í ESB eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í ESB sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu og til að tilgreina aðferðafræðina við skilgreiningu á undirflokkum og flokkun á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu í undirflokka á grundvelli kerfislegs mikilvægis þeirra, með tilliti til allra alþjóðlega viðurkenndra staðla.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. júní 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

132. gr.

Skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli þróunar á alþjóðavettvangi og álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á mögulegri rýmkun á rammanum um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu til að ná yfir fleiri tegundir kerfislega mikilvægra stofnana innan Sambandsins, ásamt tillögu að nýrri löggjöf eftir því sem við á.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvort breyta ætti ákvæðunum um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, eins og þau eru sett fram í 131. gr., ásamt tillögu að nýrri löggjöf eftir því sem við á. Allar slíkar tillögur skulu taka tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegrar þróunar regluverks og endurskoða, eftir því sem við á, ferlið við að ákvarða eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir, hverja um sig, innan samstæðu, með tilliti til allra óæskilegra áhrifa á framkvæmd formgerðarlegrar aðgreiningar innan aðildarríkja.

133. gr.

Krafa um að viðhalda eiginfjárauka vegna kerfisáhættu

1. Hverju aðildarríki er heimilt að innleiða eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, sem myndaður er með almennu eigin fé þáttar 1, fyrir fjármálageirann eða eitt eða fleiri hlutmengja þess geira til að koma í veg fyrir og draga úr kerfisáhættu og þjóðhagsvarúðaráhættu, sem er til langs tíma og er ekki sveiflukennd og fellur ekki undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013, ef hætta er á röskun á fjármálakerfinu sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið í tilteknu aðildarríki.

2. Aðildarríkið skal, að því er varðar 1. mgr., tilnefna yfirvaldið sem ber ábyrgð á að ákvarða eiginfjáraukann vegna kerfisáhættu og tilgreina stofnanirnar sem hann á við um. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

3. Heimilt er að krefjast þess, að því er varðar 1. mgr., að stofnanir viðhaldi, til viðbótar almennu eigin fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla kröfur vegna eiginfjárgrunns sem lagðar eru á með 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, sem myndaður er með almennu eigin fé þáttar 1 sem er a.m.k. 1% á grundvelli áhættuskuldbindinga, sem eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu gildir um í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar, á einingar-, samstæðu- eða undirsamstæðugrunni, eftir því sem við á, í samræmi við II. bálk fyrsta hluta þeirrar reglugerðar. Viðkomandi lögbært eða tilnefnt yfirvald getur krafist þess að stofnanir viðhaldi eiginfjárauka vegna kerfisáhættu á einingar- eða samstæðugrunni.

4. Stofnanir skulu ekki nota almennt eigið fé þáttar 1, sem er viðhaldið til að uppfylla kröfuna skv. 3. mgr., til að uppfylla kröfur sem gerðar eru skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 129. og 130. gr. þessarar tilskipunar og kröfur sem gerðar eru skv. 102. og 104. gr. þessarar tilskipunar. Þegar samstæða, sem hefur verið tilgreind sem kerfislega mikilvæg stofnun sem fellur undir eiginfjárauka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun, á samstæðugrunni í samræmi við 131. gr., fellur einnig undir eiginfjárauka vegna kerfisáhættu á samstæðugrunni í samræmi við þessa grein, skal hærri eiginfjáraukinn gilda. Þegar stofnun á einingargrunni eða undirsamstæðugrunni fellur undir eiginfjárauka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun í samræmi við 131. gr. og eiginfjárauka vegna kerfisáhættu í samræmi við þessa grein, skal sá hærri gilda.

5. Eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu, sem gildir um allar áhættuskuldbindingar í aðildarríkinu sem ákvarðar eiginfjáraukann til að taka á þjóðhagsvarúðaráhættu viðkomandi aðildarríkis, en gildir ekki um áhættuskuldbindingar utan aðildarríkisins, skal, þrátt fyrir 4. mgr., koma til viðbótar eiginfjáraukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða eiginfjáraukanum á aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem beitt er í samræmi við 131. gr.

6. Ef 4. mgr. gildir og stofnun er hluti samstæðu eða undirsamstæðu sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða önnur kerfislega mikilvæg stofnun tilheyrir skal það aldrei gefa til kynna að stofnun falli, á einingargrunni, undir samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem er lægri en samtala verndunaraukans, sveiflujöfnunaraukans og þess sem hærra er af eiginfjáraukanum á aðra kerfislega mikilvæga stofnun og eiginfjáraukanum vegna kerfisáhættu sem gildir um hana á einingargrunni.

7. Þegar 5. mgr. gildir og stofnun er hluti samstæðu eða undirsamstæðu sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða önnur kerfislega mikilvæg stofnun tilheyrir skal það aldrei gefa til kynna að sú stofnun, á einingargrunni, falli undir samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem er lægri en samtala verndunaraukans, sveiflujöfnunaraukans og samtala eiginfjáraukans á aðra kerfislega mikilvæga stofnun og eiginfjáraukans vegna kerfisáhættu sem gildir um hana á einingargrunni.

8. Eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu getur gilt um áhættuskuldbindingar í aðildarríkinu sem ákvarðar eiginfjáraukann og einnig um áhættuskuldbindingar í þriðju löndum. Eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu getur einnig gilt um áhættuskuldbindingar í öðrum aðildarríkjum, með fyrirvara um 15.–18. mgr.

9. Eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu skal gilda um allar stofnanir, eða eina eða fleiri undirstofnanir þessara stofnana, ef yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis eru lögbær hvað þær varðar í samræmi við þessa tilskipun og skal hann vera í stighækkandi eða hröðuðum aðlögunarskrefum sem eru 0,5 prósentustig hvert. Unnt er að gera mismunandi kröfur fyrir mismunandi undirflokka geirans.

10. Þegar lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið gerir kröfu um að eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sé viðhaldið skal það uppfylla eftirfarandi:

a) eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu skal ekki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins,

b) lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið verður að endurskoða eiginfjáraukann vegna kerfisáhættu að lágmarki annað hvert ár.

11. Áður en lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið ákvarðar eða endurákvarðar eiginfjárauka vegna kerfisáhættu, sem er allt að 3%, skal það senda framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum og tilnefndum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja tilkynningu um það einum mánuði fyrir birtingu ákvörðunarinnar sem um getur í 16. mgr. Ef eiginfjáraukinn gildir um áhættuskuldbindingar í þriðju löndum skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið einnig tilkynna eftirlitsyfirvöldum þessara þriðju landa. Tilkynningin skal lýsa í smáatriðum:

a) kerfisáhættu eða þjóðhagsvarúðaráhættu í aðildarríkinu,

b) ástæðum þess að vídd kerfis- eða þjóðhagsvarúðaráhættu ógnar stöðugleika fjármálakerfisins á landsvísu og réttlætir hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu,

c) rökstuðningi fyrir því hvers vegna eiginfjárauki vegna kerfisáhættu er talinn líklegur til að vera skilvirkur og hóflegur í því skyni að draga úr áhættu,

d) mat á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjárauka vegna kerfisáhættu á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar aðildarríkinu,

e) rökstuðningi fyrir því að engar af gildandi ráðstöfunum í þessari tilskipun eða í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum 458. og 459. gr. þeirrar reglugerðar, ein og sér eða ásamt öðrum, munu nægja til að taka á hinni tilgreindu þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu með tilliti til hlutfallslegslegrar skilvirkni þessara ráðstafana,

f) hlutfalli eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem aðildarríkið vill gera kröfu um.

12. Áður en eiginfjárauki vegna kerfisáhættu yfir 3% er ákvarðaður eða endurákvarðaður skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið senda framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum og tilnefndum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja tilkynningu um það. Ef eiginfjáraukinn gildir um áhættuskuldbindingar í þriðju löndum skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið einnig láta eftirlitsyfirvöld þessara þriðju landa vita. Tilkynningin skal lýsa í smáatriðum:

a) kerfisáhættu eða þjóðhagsvarúðaráhættu í aðildarríkinu,

b) ástæðum þess að umfang kerfis- eða þjóðhagsvarúðaráhættu ógnar stöðugleika fjármálakerfisins á landsvísu og réttlætir hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu,

c) rökstuðningi fyrir því hvers vegna eiginfjárauki vegna kerfisáhættu er talinn vera líklegur til að vera skilvirkur og hóflegur í því skyni að draga úr áhættu,

d) mat á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjárauka vegna kerfisáhættu á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar aðildarríkinu,

e) rökstuðningi fyrir því að engar af gildandi ráðstöfunum í þessari tilskipun eða í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum 458. og 459. gr. þeirrar reglugerðar, ein og sér eða ásamt öðrum, munu nægja til að taka á hinni tilgreindu þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu með tilliti til hlutfallslegslegrar skilvirkni þessara ráðstafana,

f) hlutfalli eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem aðildarríkið vill gera kröfu um.

13. Lögbæra yfirvaldinu eða tilnefnda yfirvaldinu er heimilt, frá 1. janúar 2015, að ákvarða eða endurákvarða hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem gildir um áhættuskuldbindingar í viðkomandi aðildarríki og getur einnig ákvarðað allt að 5% á áhættuskuldbindingar í þriðju löndum og fylgt málsmeðferðarreglunum sem settar eru fram í 11. mgr. Þegar eiginfjárauki vegna kerfisáhættu yfir 5% er ákvarðaður eða endurákvarðaður skal fara að málsmeðferðarreglunum sem settar eru fram í 12. mgr.

14. Ef fyrirhugað er að hafa hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu á bilinu 3% til 5% í samræmi við 13. mgr. skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu sem ákvarðar hlutfallið ávallt tilkynna framkvæmdastjórninni um það og bíða eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar áður en viðkomandi ráðstafanir eru samþykktar.

Ef álit framkvæmdastjórnarinnar er neikvætt skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu sem ákvarðar eiginfjáraukann fara að álitinu eða gefa ástæðu fyrir því að fara ekki að því.

Ef hlutmengi innan fjármálageirans er dótturfélag móðurfélags sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið tilkynna það yfirvöldum þess aðildarríkis, framkvæmdastjórninni og evrópska kerfisáhætturáðinu. Innan mánaðar frá tilkynningunni skal framkvæmdastjórnin og evrópska kerfisáhætturáðið gefa út tilmæli um ráðstafanir sem gera skal í samræmi við þessa málsgrein. Ef yfirvöldin eru ósammála og ef um er að ræða neikvæð tilmæli bæði framkvæmdastjórnarinnar og evrópska kerfisáhætturáðsins getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Ákvörðuninni um eiginfjáraukann fyrir þessar áhættuskuldbindingar skal frestað þar til Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun.

15. Evrópska kerfisáhætturáðið skal, innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 12. mgr., leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit sitt á því hvort eiginfjárauki vegna kerfisáhættu telst fullnægjandi. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einnig gefa framkvæmdastjórninni álit sitt á eiginfjáraukanum í samræmi við 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Innan tveggja mánaða frá tilkynningunni skal framkvæmdastjórnin, með tilliti til mats evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ef við á, og ef hún er fullviss um að eiginfjáraukinn vegna kerfisáhættu hafi ekki í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild sem mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins, samþykkja framkvæmdargerð sem leyfir lögbæra yfirvaldinu eða tilnefnda yfirvaldinu að samþykkja fyrirhugaða ráðstöfun.

16. Hvert lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald skal tilkynna um ákvörðun á eiginfjárauka vegna kerfisáhættu með birtingu á viðeigandi vefsetri: Í tilkynningunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu,

b) stofnanirnar sem eiginfjárauki vegna kerfisáhættu gildir um,

c) rökstuðningur fyrir eiginfjárauka vegna kerfisáhættu,

d) dagsetninguna þegar stofnanir verða að byrja að beita ákvörðuninni eða endurákvörðuninni á eiginfjáraukanum vegna kerfisáhættu og

e) heiti þeirra landa þar sem áhættuskuldbindingar í þeim löndum eru viðurkenndar í eiginfjáraukanum vegna kerfisáhættu.

Ef birtingin sem um getur í c-lið gæti ógnað stöðugleika fjármálakerfisins skulu upplýsingarnar skv. c-lið ekki vera í tilkynningunni.

17. Ef stofnun uppfyllir ekki að fullu kröfuna skv. 1. mgr. þessarar greinar fellur hún undir takmarkanir á úthlutun sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 141. gr.

Ef beiting þessara takmarkana á úthlutun leiðir til ófullnægjandi úrbóta á fjármagni stofnunar í almennu eigin fé þáttar 1 í ljósi viðeigandi kerfisáhættu er lögbæru yfirvöldunum er heimilt að gera viðbótarráðstafanir í samræmi við 64. gr.

18. Að aflokinni tilkynningu eins og um getur í 11. mgr. er aðildarríkjum heimilt að beita eiginfjáraukanum á allar áhættuskuldbindingar. Ef lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið ákvarðar eiginfjáraukann allt að 3% á grundvelli áhættuskuldbindinga í öðrum aðildarríkjum skal eiginfjáraukinn vera jafn á allar áhættuskuldbindingar innan Sambandsins.

134. gr.

Viðurkenning á hlutfalli eiginfjárauka vegna kerfisáhættu

1. Öðrum aðildarríkjum er heimilt að viðurkenna hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem ákvarðaður hefur verið í samræmi við 133. gr. og beita því hlutfalli á stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi að því er varðar áhættuskuldbindingar í því aðildarríki sem ákvarðar hlutfall eiginfjáraukans vegna kerfisáhættu.

2. Ef aðildarríki viðurkenna hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu fyrir stofnanir sem hafa landsbundið leyfi skulu þau tilkynna það framkvæmdastjórninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og aðildarríkinu sem ákvarðar þann eiginfjárauka vegna kerfisáhættu.

3. Við ákvörðun á því hvort viðurkenna skuli eiginfjárauka vegna kerfisáhættu skal aðildarríkið taka tillit til upplýsinganna sem veittar eru af aðildarríkinu sem ákvarðar það hlutfall eiginfjárauka í samræmi við 11., 12. eða 13. mgr. 133. gr

4. Aðildarríkið sem ákvarðar hlutfall eiginfjárauka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr. getur beðið evrópska kerfisáhætturáðið að setja fram tilmæli, eins og um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, til eins eða fleiri aðildarríkja sem geta viðurkennt hlutfall eiginfjáraukans vegna kerfisáhættu.

II. þáttur

Ákvörðun og útreikningur á sveiflujöfnunaraukum

135. gr.

Leiðbeiningar evrópska kerfisáhætturáðsins um ákvörðun á hlutföllum sveiflujöfnunarauka

1. Evrópska kerfisáhætturáðið getur, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, veitt yfirvöldum sem tilnefnd eru af aðildarríkjum skv. 1. mgr. 136. gr. leiðbeiningar um ákvörðun á hlutföllum sveiflujöfnunarauka, þ.m.t. eftirfarandi:

a) meginreglur til að leiðbeina tilnefndum yfirvöldum þegar þau meta viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka, tryggja að yfirvöldin beiti traustri nálgun á viðkomandi þjóðhagslegar sveiflur og stuðla að traustri og stöðugri ákvarðanatöku í öllum aðildarríkjunum,

b) almennar leiðbeiningar um:

   i. mat og útreikning á fráviki frá langtímaleitni hlutfalla útlána á móti vergri landsframleiðslu (e. GDP),

   ii. útreikning á eiginfjáraukaviðmiðununum sem krafist er skv. 2. mgr. 136. gr.,

c) leiðbeiningar um breytur, sem gefa vísbendingu um uppsöfnun áhættu í öllu kerfinu, í tengslum við tímabil óhóflegs útlánavaxtar í fjármálakerfi, einkum viðeigandi hlutfall útlána á móti vergri landsframleiðslu og frávik þess frá langtímaleitni, og um aðra viðkomandi þætti, þ.m.t. meðhöndlun efnahagsþróunar innan einstakra geira hagkerfisins, sem ættu að vera til grundvallar ákvörðunum tilnefndra yfirvalda um viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka skv. 136. gr.,

d) leiðbeiningar um breytur, þ.m.t. eigindlegar viðmiðanir, sem gefa vísbendingu um að viðhalda, draga úr eða leggja með öllu af eiginfjáraukann.

2. Ef evrópska kerfisáhætturáðið gefur út tilmæli skv. 1. mgr. skal það taka tilhlýðilegt tillit til mismunarins á milli aðildarríkja og einkum sérstakra eiginleika aðildarríkja sem eru með lítil og opin hagkerfi.

3. Ef evrópska kerfisáhætturáðið hefur gefið út tilmæli skv. 1. mgr. skal það endurskoða þau og uppfæra, ef nauðsyn krefur, í ljósi reynslunnar af því að ákvarða eiginfjárauka samkvæmt þessari tilskipun eða þróunar á alþjóðlega samþykktum venjum.

136. gr.

Ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna opinbert yfirvald eða stofnun („tilnefnt yfirvald“) sem ber ábyrgð á að ákvarða hlutfall sveiflujöfnunarauka að því er það aðildarríki varðar.

2. Hvert tilnefnt yfirvald skal reikna út fyrir hvern ársfjórðung eiginfjáraukaviðmiðun til viðmiðunar við ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka í samræmi við 3. mgr. Hlutfall eiginfjáraukaviðmiðunarinnar skal endurspegla, á marktækan hátt, lánsfjársveifluna og áhættuna sem stafar af óhóflegum útlánavexti í aðildarríkinu og taka tilhlýðilegt tillit til sérstakra eiginleika þjóðarbúsins. Hún skal byggjast á fráviki hlutfalls útlána á móti vergri landsframleiðslu frá langtímaleitni þess, meðal annars með tilliti til:

a) vísbendingar um vöxt útlána innan þeirrar lögsögu og einkum vísbendingar sem endurspeglar breytingar á hlutfalli veittra útlána í viðkomandi aðildarríki á móti vergri landsframleiðslu,

b) hvers kyns annarra leiðbeininga sem evrópska kerfisáhætturáðið viðheldur í samræmi við b-lið 1. mgr. 135. gr.

3. Hvert tilnefnt yfirvald skal meta og ákvarða viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir aðildarríki sín á ársfjórðungsgrundvelli og skal við það tilefni taka tillit til:

a) eiginfjáraukaviðmiðunar, sem reiknuð er út í samræmi við 2. mgr.,

b) allra núverandi leiðbeininga sem evrópska kerfisáhætturáðið viðheldur í samræmi við a-, c- og d-lið 135. gr. og öll tilmæli sem evrópska kerfisáhætturáðið hefur gefið út um ákvörðun á hlutfalli eiginfjárauka,

c) annarra breyta sem tilnefnda yfirvaldið telur viðeigandi til að taka á sveiflukenndri kerfisáhættu.

4. Hlutfall sveiflujöfnunarauka, sett fram sem hlutfall af fjárhæð heildaráhættugrunns stofnana sem bera útlánaáhættu í því aðildarríki reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal vera á milli 0% og 2,5%, kvarðað í stig sem eru 0,25 prósentustig eða margfeldi af 0,25 prósentustigum. Í rökstuddum tilvikum getur tilnefnt yfirvald, á grundvelli athugananna sem settar eru fram í 3. mgr., ákvarðað hlutfall sveiflujöfnunarauka sem er hærra en 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknuð er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í þeim tilgangi sem settur er fram í 2. mgr. 140. gr. þessarar tilskipunar.

5. Ef tilnefnt yfirvald ákvarðar hlutfall sveiflujöfnunarauka hærri en núll í fyrsta sinn, eða ef tilnefnt yfirvald hækkar ríkjandi hlutfall sveiflujöfnunarauka eftir það, skal það einnig ákvarða frá hvaða degi stofnanirnar skulu beita hækkaða eiginfjáraukanum í þeim tilgangi að reikna út hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir viðkomandi stofnun. Sú dagsetning skal ekki vera síðar en 12 mánuðum eftir daginn sem tilkynnt er um ákvörðun um hærri eiginfjárauka í samræmi við 7. mgr. Ef dagsetningin er fyrr en 12 mánuðum eftir að tilkynnt er um hækkun á eiginfjáraukanum skal færa rök fyrir skemmri frest fyrir beitingu á grundvelli sérstakra aðstæðna.

6. Ef tilnefnt yfirvald lækkar gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka, hvort sem það er lækkað í núll eða ekki, skal það einnig ákvarða viðmiðunartímabil þar sem ekki er vænst neinnar hækkunar á eiginfjáraukanum. Þó skal viðmiðunartímabilið ekki vera bindandi fyrir tilnefnda yfirvaldið.

7. Hvert tilnefnt yfirvald skal tilkynna um ársfjórðungslega ákvörðun á sveiflujöfnunarauka með birtingu á vefsetri sínu. Í tilkynningunni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka,

b) viðeigandi hlutfall útlána á móti vergri landsframleiðslu og frávik þess frá langtímaleitni,

c) eiginfjáraukaviðmiðunin sem reiknuð er út í samræmi við 2. mgr.,

d) rökstuðningur fyrir það hlutfall eiginfjárauka,

e) frá hvaða degi stofnanirnar skulu beita hækkuðu hlutfalli eiginfjárauka í þeim tilgangi að reikna út sveiflujöfnunarauka, ef hlutfall eiginfjárauka er hækkað,

f) tilvísun í sérstakar aðstæður sem réttlæta skemmri frest að því er varðar beitingu, ef dagsetningin sem um getur í e-lið er minna en 12 mánuðum eftir dag tilkynningarinnar samkvæmt þessari málsgrein,

g) viðmiðunartímabil þar sem ekki er vænst hækkunar á hlutfalli eiginfjárauka, ef hlutfall eiginfjárauka er lækkað, ásamt rökstuðningi fyrir því tímabili.

Tilnefnd yfirvöld skulu gera hæfilegar ráðstafanir til að samræma tímasetningu tilkynningarinnar.

Tilnefnd yfirvöld skulu tilkynna ársfjórðungslega um ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka og upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a- til g-lið til evrópska kerfisáhætturáðsins. Evrópska kerfisáhætturáðið skal birta á vefsetri sínu öll slík hlutföll eiginfjárauka sem tilkynnt hefur verið um og tengdar upplýsingar.

137. gr.

Viðurkenning á hlutföllum sveiflujöfnunarauka sem eru umfram 2,5%

1. Hinum tilnefndu yfirvöldunum er heimilt, þegar tilnefnt yfirvald, í samræmi við 4. mgr. 136. gr., eða viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað hlutfall sveiflujöfnunarauka umfram 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að viðurkenna það hlutfall eiginfjárauka til að stofnanir, sem hafa landsbundið starfsleyfi, geti reiknað út sveiflujöfnunarauka.

2. Ef tilnefnt yfirvald viðurkennir, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, hlutfall eiginfjárauka umfram 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal það tilkynna um það með birtingu á vefsetri sínu. Í tilkynningunni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka,

b) aðildarríkið eða þriðju löndin þar sem það gildir,

c) frá hvaða degi stofnanirnar, sem hafa starfsleyfi í aðildarríki tilnefnda yfirvaldsins, verða að beita hækkuðu hlutfalli eiginfjárauka í þeim tilgangi að reikna út sveiflujöfnunarauka, ef hlutfall eiginfjárauka er hækkað,

d) tilvísun í sérstakar aðstæður sem réttlæta skemmri frest að því er varðar beitingu, ef dagsetningin sem um getur í e-lið er minna en 12 mánuðum eftir dag tilkynningarinnar samkvæmt þessari málsgrein.

138. gr.

Tilmæli evrópska kerfisáhætturáðsins um hlutföll sveiflujöfnunarauka í þriðju löndum

Evrópska kerfisáhætturáðið getur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, gefið út tilmæli til tilnefndra yfirvalda um viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir áhættuskuldbindingar vegna viðkomandi þriðja lands þegar:

a) viðkomandi yfirvald þriðja lands („viðkomandi yfirvald þriðja lands“) hefur ekki ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land sem ein eða fleiri stofnanir Sambandsins bera útlánaáhættu gagnvart,

b) evrópska kerfisáhætturáðið álítur að hlutfall sveiflujöfnunarauka, sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað og birt fyrir þriðja land, sé ófullnægjandi til að vernda stofnanir Sambandsins með viðeigandi hætti fyrir hættunni á óhóflegum útlánavexti í viðkomandi landi, eða þegar tilnefnt yfirvald tilkynnir evrópska kerfisáhætturáðinu að það álíti hlutfall eiginfjáraukans ófullnægjandi í þeim tilgangi.

139. gr.

Ákvörðun tilnefndra yfirvalda um hlutföll sveiflujöfnunarauka í þriðju löndum

1. Þessi grein gildir án tillits til þess hvort evrópska kerfisáhætturáðið hafi gefið út tilmæli til tilnefndra yfirvalda eins og um getur í 138. gr.

2. Við þær aðstæður sem um getur í a-lið 138. gr. getur tilnefnda yfirvaldið ákvarðað hlutfall eiginfjárauka sem stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi skulu beita til að reikna út sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun fyrir sig.

3. Tilnefndu yfirvaldi er heimilt, þegar viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land, að ákvarða annað hlutfall eiginfjárauka fyrir það þriðja land til að stofnanir, sem hafa landsbundið starfsleyfi, geti reiknað út hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir sig, ef þau telja með réttmætum hætti að hlutfall eiginfjárauka, sem viðkomandi yfirvald þriðja lands ákvarðar, sé ekki fullnægjandi til að vernda stofnanir Sambandsins með viðeigandi hætti fyrir hættunni á óhóflegum útlánavexti í viðkomandi landi.

Þegar valdheimildunum samkvæmt fyrstu undirgrein er beitt skal tilnefnda yfirvaldið ekki ákvarða hlutfall sveiflujöfnunarauka sem er undir því sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað, nema það hlutfall eiginfjárauka sé hærra en 2,5%, sett fram sem hlutfall af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fyrir stofnanir sem bera útlánaáhættu í viðkomandi þriðja landi.

Evrópska kerfisáhætturáðinu er heimilt að veita tilmæli um slíkar ákvarðanir til að ná fram samræmi ákvarðana um eiginfjárauka fyrir þriðju lönd.

4. Ef tilnefnt yfirvald ákvarðar hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land skv. 2. eða 3. mgr. sem hækkar gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka skal tilnefnda yfirvaldið ákvarða frá hvaða degi stofnanir, sem hafa landsbundið starfsleyfi, skulu beita þeim eiginfjárauka til að reikna út hlutfall eiginfjárauka fyrir viðkomandi stofnun. Dagsetningin skal ekki vera síðar en 12 mánuðum frá deginum þegar tilkynnt er um ákvörðun um hlutfall eiginfjárauka í samræmi við 5. mgr. Ef dagsetningin er fyrr en 12 mánuðum eftir að tilkynnt er um hlutfall eiginfjárauka skal færa rök fyrir skemmri fresti fyrir beitingu á grundvelli sérstakra aðstæðna.

5. Tilnefnd yfirvöld skulu birta á vefsetrum sínum allar ákvarðanir um hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land skv. 2. eða 3. mgr. og skulu eftirfarandi upplýsingar koma þar fram:

a) hlutfall sveiflujöfnunarauka og þriðja landið sem það gildir um,

b) rökstuðningur fyrir það hlutfall eiginfjárauka,

c) frá hvaða degi stofnanirnar skulu beita hækkuðum eiginfjárauka til að reikna út sveiflujöfnunarauka fyrir sig, þegar hlutfall eiginfjárauka er ákvarðað yfir núll í fyrsta sinn eða hann aukinn,

d) tilvísun í sérstöku aðstæðurnar sem réttlæta skemmri frest að því er varðar beitingu, ef dagsetningin sem um getur í c-lið er minna en 12 mánuðum eftir birtingardag ákvörðunarinnar samkvæmt þessari málsgrein.

140. gr.

Útreikningur á hlutföllum sveiflujöfnunarauka

1. Hlutfall sveiflujöfnunarauka skal vera vegið meðaltal hlutfalla sveiflujöfnunarauka, sem gilda innan lögsögunnar þar sem viðkomandi lánaáhættur stofnana eru staðsettar eða er beitt að því er varðar þessa grein á grundvelli 2. eða 3. mgr. 139. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir beiti á hvert og eitt gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka, við útreikning á vegnu meðaltali sem um getur í fyrstu undirgrein, heildarkröfu sinni um eiginfjárgrunn vegna útlánaáhættu sem ákvörðuð er í samræmi við þriðja hluta í II. og IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem tengist viðeigandi útlánaáhættu á viðkomandi yfirráðasvæði, deilt með heildarkröfu sinni vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem tengist allri viðeigandi útlánaáhættu stofnunarinnar.

2. Ef tilnefnt yfirvald ákvarðar, í samræmi við 4. mgr. 136. gr., hlutfall sveiflujöfnunarauka sem er hærra en 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðildarríki tryggja að eftirfarandi hlutföll eiginfjárauka gildi um viðeigandi útlánaáhættu í aðildarríki tilnefnda yfirvaldsins („aðildarríki A“) vegna útreiknings sem krafist er skv. 1. mgr., þ.m.t., ef við á, vegna útreiknings á þeim þætti sem tengist samanlögðu eigin fé þeirrar stofnunar sem um er að ræða:

a) stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi skulu beita því hlutfalli eiginfjárauka sem er umfram 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns,

b) stofnanir sem hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem er 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur ekki viðurkennt hlutfall eiginfjárauka yfir 2,5% í samræmi við 1. mgr. 137. gr.,

c) stofnanir, sem hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki, skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem tilnefnda yfirvaldið í aðildarríki A hefur ákvarðað ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur viðurkennt hlutfall eiginfjárauka í samræmi við 1. mgr. 137. gr.

3. Ef hlutfall sveiflujöfnunaraukans, sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað fyrir þriðja land, er hærra en 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðildarríki tryggja að eftirfarandi hlutföll eiginfjárauka gildi um viðeigandi útlánaáhættu í því þriðja landi vegna útreiknings sem krafist er skv. 1. mgr., þ.m.t. og ef við á, vegna útreiknings á þeim þætti sem tengist samanlögðu eigin fé umræddrar stofnunar:

a) stofnanir skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem er 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur ekki viðurkennt hlutfall eiginfjárauka yfir 2,5% í samræmi við 1. mgr. 137. gr.,

b) stofnanir skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur viðurkennt hlutfall eiginfjárauka í samræmi við 1. mgr. 137. gr.

4. Viðeigandi lánaáhætta skal innihalda alla flokka áhættuskuldbindinga, aðra en þá sem um getur í a- til f-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem falla undir:

a) kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu samkvæmt þriðja hluta II. bálks þeirrar reglugerðar,

b) kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna sértækrar áhættu skv. 2. kafla IV. bálks þriðja hluta þeirrar reglugerðar eða aukinnar vanskila- og tilfærsluáhættu skv. 5. kafla IV. bálks þriðja hluta þeirrar reglugerðar, ef áhættuskuldbindingin er í veltubók,

c) kröfur vegna eiginfjárgrunns skv. 5. kafla II. bálks þriðja hluta þeirrar reglugerðar, ef áhættuskuldbindingin er verðbréfun.

5. Stofnanir skulu tilgreina landfræðilega staðsetningu viðkomandi lánaáhættu í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla sem samþykktir eru í samræmi við 7. mgr.

6. Að því er varðar útreikninginn sem krafist er skv. 1. mgr.:

a) hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir aðildarríki skal gilda frá þeim degi sem tilgreindur er í upplýsingunum sem birtar eru í samræmi við e-lið 7. mgr. 136. gr. eða c-lið 2. mgr. 137. gr. ef áhrifin af þeirri ákvörðun leiða til hækkunar á hlutfalli eiginfjáraukans,

b) með fyrirvara um c-lið skal hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land gilda 12 mánuðum eftir daginn sem viðeigandi lögbært yfirvald þriðja lands tilkynnti um breytingu á hlutfalli eiginfjárauka, án tillits til þess hvort viðkomandi yfirvald geri kröfu um að stofnanir sem hafa staðfestu í viðkomandi þriðja landi um að beita breytingunni innan styttra tímabils, ef ákvörðunin er til þess að hækka hlutfall eiginfjáraukans,

c) ef tilnefnt yfirvald heimaaðildarríkis stofnunarinnar ákvarðar hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land skv. 2. eða 3. mgr. 139. gr., eða viðurkennir hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land skv. 137. gr., skal það hlutfall sveiflujöfnunarauka gilda frá þeim degi sem tilgreindur er í upplýsingunum sem birtar eru í samræmi við c-lið 5. mgr. 139. gr. eða c-lið 2. mgr. 137. gr., ef áhrifin af ákvörðuninni er hækkun á hlutfalli eiginfjáraukans,

d) hlutfall sveiflujöfnunarauka skal taka gildi strax ef áhrif ákvörðunarinnar er lækkun á hlutfalli eiginfjáraukans.

Að því er varðar b-lið skal taka til athugunar að tilkynna um breytingu á hlutfalli sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land á þeim degi sem viðkomandi yfirvald þriðja lands birtir það í samræmi við gildandi landsreglur.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina aðferðina við tilgreiningu á landfræðilegri staðsetningu viðkomandi útlánaáhættu sem um getur í 5. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

III. þáttur

Ráðstafanir til að varðveita eigið fé

141. gr.

Takmarkanir á úthlutun

1. Aðildarríki skulu banna öllum stofnunum sem uppfylla samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka að framkvæma úthlutun í tengslum við almennt eigið fé þáttar 1 að því marki sem það myndi lækka almennt eigið fé þáttar 1 svo mikið að hún uppfyllti ekki lengur samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir, sem uppfylla ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka, reikni út hámarksfjárhæð úthlutunar (e. *Maximum Distributable Amount (MDA))* í samræmi við 4. mgr. og tilkynni lögbæra yfirvaldinu um þá hámarksfjárhæð úthlutunar.

Þegar fyrsta undirgreinin á við skal aðildarríki banna öllum slíkum stofnunum að framkvæma einhverja af eftirfarandi aðgerðum áður en hún hefur reiknað út hámarksfjárhæð úthlutunar:

a) framkvæma úthlutun í tengslum við almennt eigið fé þáttar 1,

b) skapa skuldbindingu til að greiða breytileg starfskjör eða valkvæðan lífeyri eða greiða breytileg starfskjör ef skuldbindingin til að greiða skapaðist þegar stofnunin uppfyllti ekki samanlögðu kröfurnar um eiginfjárauka,

c) framkvæma greiðslur á viðbótareiginfjárgrunnsgerningum.

3. Ef stofnun uppfyllir ekki eða fer umfram samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka skulu aðildarríki banna henni að úthluta meira en hámarksfjárhæð úthlutunar, sem reiknuð er út í samræmi við 4. mgr., með aðgerð sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir reikni út hámarksfjárhæð úthlutunar með því að margfalda summuna, sem reiknuð er út í samræmi við 5. mgr., með þættinum sem ákvarðaður er í samræmi við 6. mgr. Lækka skal hámarksfjárhæð úthlutunar með einhverri þeirra aðgerða sem um getur í a-, b- eða c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr.

5. Summan sem á að margfalda í samræmi við 4. mgr. skal samanstanda af:

a) árshlutahagnaði sem ekki telst með í almennu eigin fé þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og hefur myndast eftir nýjustu ákvörðun um úthlutun hagnaðar eða aðrar aðgerðir sem um getur í a-, b- eða c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar,

auk

b) hagnaði við lok árs sem ekki telst með í almennu eigin fé þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og hefur myndast eftir nýjustu ákvörðun um úthlutun hagnaðar eða aðrar aðgerðir sem um getur í a-, b- eða c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar,

að frádregnum

c) fjárhæðum sem kæmu til skattgreiðslu ef liðunum, sem tilgreindir eru í a- og b-lið þessarar málsgreinar, væri haldið eftir.

6. Ákvarða skal stuðulinn eins og hér segir:

a) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem stofnunin viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns skv. c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sett fram sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar, er innan fyrsta (þ.e. lægsta) fjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal þátturinn vera 0,

b) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem stofnunin viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns skv. c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sett fram sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar, er innan annars fjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal þátturinn vera 0,2,

c) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem stofnunin viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns skv. c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sett fram sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar, er innan þriðja fjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal þátturinn vera 0,4,

d) ef almennt eigið fé þáttar 1, sem stofnunin viðheldur og er ekki notað til að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns skv. c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sett fram sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar, er innan fjórða (þ.e. hæsta) fjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar, skal þátturinn vera 0,6.

Reikna skal út neðri og efri mörk hvers fjórðungs samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar eins og hér segir:

$$\text{Neðri mörk fjórðungs} = \frac{\textit{samanlögð krafa um eiginfjárauka}}{4} \times (Q_n - 1)$$

$$\text{Efri mörk fjórðungs} = \frac{\textit{samanlögð krafa um eiginfjárauka}}{4} \times Q_n$$

„Q_n“ tilgreinir raðnúmer viðkomandi fjórðungs.

7. Takmarkanirnar sem eru lagðar á með þessari grein skulu aðeins gilda um greiðslur er valda lækkun á almennu eigin fé þáttar 1 eða minni hagnaði og þegar frestun greiðslna eða vanefnd á greiðslu myndar ekki vanskilaatburð eða skilyrði fyrir því að hefja aðgerðir samkvæmt fyrirkomulaginu um ógjaldfærni sem gildir um stofnunina.

8. Ef stofnun uppfyllir ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka og ætlar að úthluta úthlutanlegum hagnaði sínum eða framkvæma aðgerð sem um getur í a-, b- og c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. skal hún tilkynna lögbærum yfirvöldum um það og veita eftirfarandi upplýsingar:

a) fjárhæð eigin fjár sem stofnunin viðheldur, skipt eins og hér segir:

   i. almennt eigið fé þáttar 1,

   ii. viðbótareigiðfé þáttar 1,

   iii. eiginfjárþáttur 2,

b) árshlutahagnaður og hagnaður árs,

c) hámarksfjárhæð úthlutunar sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr.,

d) fjárhæð úthlutanlegs hagnaðar sem fyrirhugað er að skipta á milli eftirfarandi:

   i. arðgreiðslna,

   ii. endurkaupa hlutabréfa,

   iii. greiðslna á viðbótareiginfjárgrunnsgerningum,

   iv. greiðslna á breytilegum starfskjörum eða valkvæðum lífeyri, annaðhvort með því að skapa nýja skyldu til greiðslu eða með greiðslu samkvæmt skyldu til að greiða, sem skapast hefur þegar stofnun uppfyllti ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka.

9. Stofnanir skulu hafa fyrirkomulag sem sér til þess að fjárhæð úthlutanlegs hagnaðar og hámarksfjárhæð úthlutunar sé reiknuð út af nákvæmni og skulu geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á þá nákvæmni ef farið er fram á það.

10. Úthlutun, að því er varðar 1. og 2. mgr. og í tengslum við almennt eigið fé þáttar 1, skal fela í sér eftirfarandi:

a) greiðslu arðs í handbæru fé,

b) úthlutun á jöfnunarhlutabréfum, sem hafa verið greidd að fullu eða að hluta, eða öðrum fjármagnsgerningum sem um getur í a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) innlausn eða kaup stofnunar á eigin hlutabréfum eða öðrum fjármagnsgerningum sem um getur í a-lið 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar,

d) endurgreiðslu fjárhæða sem greiddar eru í tengslum við fjármagnsgerninga sem um getur í a-lið 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar,

e) úthlutun á liðum sem um getur í b- til e-lið 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar.

142. gr.

Áætlun um verndun eigin fjár

1. Stofnun skal, þegar hún uppfyllir ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka, gera áætlun um verndun eigin fjár og leggja hana fram til lögbæra yfirvaldsins eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að ljóst varð innan hennar að hún uppfyllti ekki þessa kröfu, nema lögbæra yfirvaldið heimili lengri frest sem er allt að 10 dagar.

Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita slíka heimild á grundvelli stöðu hverrar lánastofnunar fyrir sig og taka tillit til umfangs starfsemi stofnunarinnar og þess hversu flókin hún er.

2. Áætlunin um verndun eigin fjár skal ná yfir eftirfarandi:

a) mat á tekjum og útgjöldum og spá um efnahagsreikning,

b) ráðstafanir til að hækka eiginfjárhlutföll stofnunar,

c) áætlun og tímaramma vegna aukningar á eiginfjárgrunni með það markmið að uppfylla að fullu samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka,

d) allar aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að framkvæma matið sem krafist er skv. 3. mgr.

3. Lögbæra yfirvaldið skal meta áætlunina um verndun eigin fjár og aðeins samþykkja hana ef það telur að áætlunin, kæmi hún til framkvæmda, yrði líkleg til að vernda eða afla fullnægjandi eigin fjár til að gera stofnuninni kleift að uppfylla samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka, sem gerð er til hennar, innan tímabils sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi.

4. Ef lögbæra yfirvaldið samþykkir ekki áætlunina um verndun eigin fjár í samræmi við 3. mgr., skal það beita öðru eða hvoru tveggja eftirfarandi:

a) krefjast þess að stofnunin auki eiginfjárgrunn að tilteknu marki innan tiltekins tíma,

b) beita heimildum sínum skv. 102. gr. til að setja strangari takmarkanir á úthlutun en þær sem settar eru með 141. gr.

VIII. BÁLKUR

UPPLÝSINGAGJÖF LÖGBÆRRA YFIRVALDA

143. gr.

Almennar kröfur um upplýsingagjöf

1. Lögbær yfirvöld skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) texta laga, reglugerða og stjórnsýslureglna og almennar leiðbeiningar sem aðildarríki þeirra hafa samþykkt á sviði varfærnisreglna,

b) hvernig unnt er að nýta þá valkosti og svigrúm sem er að finna í löggjöf Sambandsins,

c) almennar viðmiðanir og aðferðir sem þau nota við þá endurskoðun og mat sem um getur í 97. gr.,

d) tölfræðileg gagnasöfn um lykilþætti við framkvæmd rammans um varfærniseftirlit í hverju aðildarríki, þ.m.t. fjöldi og eðli eftirlitsráðstafana sem eru gerðar í samræmi við a-lið 1. mgr. 102. gr og stjórnsýsluviðurlaga sem beitt er í samræmi við 65. gr., með fyrirvara um ákvæðin sem sett eru fram í II. þætti í 1. kafla VII. bálks þessarar tilskipunar og 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. Upplýsingarnar, sem birtar eru í samræmi við 1. mgr., skulu vera fullnægjandi til þess að unnt sé að gera markvissan samanburð á aðferðunum sem lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja hafa tileinkað sér. Upplýsingarnar skulu birtar á sameiginlegu sniði og uppfærðar reglulega. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar á rafrænu sniði á einum stað.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem skráðar eru í 1. mgr.

Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

144. gr.

Sértækar kröfur um upplýsingagjöf

1. Að því er varðar fimmta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu lögbær yfirvöld birta eftirfarandi upplýsingar:

a) almennar viðmiðanir og aðferðafræði sem samþykkt er til að fylgjast með því að farið sé að 405.–409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) samandregna lýsingu á niðurstöðu eftirlits yfirvalda og lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru í tilvikum þegar ákvæðum 405.–409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er ekki fylgt, tilgreinda á ársgrundvelli, með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í öðrum þætti 1. kafla VII. bálks.

2. Lögbært yfirvald aðildarríkis er beitir undanþágunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal birta eftirfarandi upplýsingar:

a) viðmiðanirnar sem beitt er til að ákvarða að eða ekki séu fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda,

b) fjölda móðurstofnana sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fjölda þeirra sem eiga dótturfélag í þriðja landi,

c) á samanteknu formi fyrir viðkomandi aðildarríki:

i. heildarfjárhæð eiginfjárgrunns á samstæðugrundvelli hjá móðurstofnun í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem er á hendi dótturfélaga í þriðja landi,

ii. hlutfall heildareiginfjárgrunns á samstæðugrundvelli hjá móðurstofnun í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi,

iii. hlutfall heildareiginfjárgrunns sem krafa er gerð um skv. 92. gr. þeirrar reglugerðar, á samstæðugrunni móðurstofnunar í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi.

3. Lögbæra yfirvaldið sem beitir undanþágunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal birta allt eftirfarandi:

a) viðmiðanirnar sem beitt er til að ákvarða að ekki séu neinar verulegar eða fyrirséðar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda,

b) fjölda móðurstofnana er hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fjölda þeirra sem eiga dótturfélög í þriðja landi,

c) á samanteknu formi fyrir viðkomandi aðildarríki:

i. heildarfjárhæð eiginfjárgrunns móðurstofnana, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og er á hendi dótturfélaga í þriðja landi,

ii. hlutfall heildareiginfjárgrunns móðurstofnana, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og er í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi,

iii. hlutfall heildareiginfjárgrunns sem krafa er gerð um skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hjá móðurstofnunum, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi.

IX. BÁLKUR

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

145. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 148. gr., um eftirfarandi:

a) nánari útlistun skilgreininga sem eru settar fram í 3. gr. og 128. gr. til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar,

b) nánari útlistun skilgreininga sem eru settar fram í 3. gr. og 128. gr. svo að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar tilskipunar,

c) samræmingu hugtaka og afmörkun skilgreininga sem eru settar fram í 3. gr. í samræmi við síðari lagasetningar um stofnanir og skyld mál,

d) leiðréttingu fjárhæða sem um getur í 1. mgr. 31. gr. til að taka tillit til breytinga á evrópskri vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Evrópusambandsins birtir hana, í samræmi við og á sama tíma og breytingarnar eru gerðar skv. 7. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/92/EB,

e) viðbót við efnið í upptalningunni sem um getur í 33. og 34. grein og birt er í I. viðauka eða breyting á orðalagi í henni vegna þróunar á fjármálamörkuðum,

f) tilgreiningu á sviðunum sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum um, eins og talið eru upp í 50. gr.,

g) breytingu á ákvæðunum sem sett eru fram í 76.–88. gr. og 98. gr. til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum (einkum nýrra fjármálaafurða) eða á reikningsskilastöðlum eða kröfum, sem taka mið af löggjöf Evrópusambandsins, eða með tilliti til samleitni eftirlitsaðferða,

h) frestun birtingarskyldu í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 89. gr. ef skýrsla framkvæmdastjórnarinnar, sem lögð er fram samkvæmt fyrstu undirgrein þeirrar málsgreinar, tilgreinir veruleg neikvæð áhrif,

i) breytingar á viðmiðununum, sem settar eru fram í 1. mgr. 23. gr., með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.

146. gr.

Framkvæmdargerðir

Eftirfarandi ráðstafanir skulu samþykktar sem framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 147. gr.:

a) tæknileg aðlögun á skránni í 2. gr.,

b) breyting á upphæð stofnfjár, eins og mælt er fyrir um í 12. grein og IV. bálki, til að taka tillit til þróunar í efnahags- og peningamálum.

147. gr.

Evrópska bankanefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku bankanefndarinnar við samþykkt framkvæmdargerða. Nefndin skal vera nefnd í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

148. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framsal valds, sem um getur í 145. gr., skal veitt til óákveðins tíma frá 17. júlí 2013.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 145. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu samtímis.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 145. gr., skal því aðeins öðlast gildi að hvorki Evrópuþingið né ráðið hafi haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið

og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Framlengja skal tímabil þetta um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

149. gr.

Andmæli gegn tæknilegum eftirlitsstöðlum

Hafi framkvæmdastjórnin samþykkt tæknilegan eftirlitsstaðal samkvæmt þessari tilskipun, sem er sams konar og frumvörpin að tæknilega eftirlitsstaðlinum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fram, skulu Evrópuþingið og ráðið hafa einn mánuð frá tilkynningardegi til að andmæla þeim tæknilega eftirlitsstaðli. Framlengja skal þetta tímabil um einn mánuð að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, má framlengja tímabilið, þegar Evrópuþingið og ráðið geta mótmælt þeim tæknilega eftirlitsstaðli, eftir því sem við á, um einn mánuð.

X. BÁLKUR

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2002/87/EB

150. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/87/EB

Ákvæðum 21. gr. a tilskipunar 2002/87/EB er breytt sem hér segir:

a) í 2. mgr. falli a-liður brott,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Til að tryggja samræmda beitingu útreikningsaðferðanna sem tilteknar eru í II. hluta I. viðauka við þessa tilskipun, í tengslum við 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 1. mgr. 228. gr. tilskipunar 2009/138/EB, en án þess að hafa áhrif á 4. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum að því er varðar 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar.

Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fimm mánuðum fyrir umsóknardaginn sem um getur í 1. mgr. 309. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.“

XI. BÁLKUR

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI

Umbreytingarákvæði um eftirlit með stofnunum sem neyta staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu

151. gr.

Gildissvið

1. Ákvæði þessa kafla skulu gilda í stað 40., 41., 43., 49., 50. og 51. gr. fram að deginum sem krafan um lausafjárþekju tekur gildi í samræmi við framselda gerð sem samþykkt er skv. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Til að tryggja að upptaka á fyrirkomulagi eftirlits með lausafjárstöðu sé í fullu samræmi við þróun á samræmdum reglum um lausafjárstöðu skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 145. gr., sem frestar dagsetningunni sem um getur í 1. mgr. um allt að tvö ár, ef samræmdar reglur um lausafjárstöðu hafa ekki verið teknar upp í Sambandinu vegna þess að alþjóðlegir staðlar um eftirlit með lausafjárstöðu hafa ekki verið samþykktir á deginum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

152. gr.

Upplýsingaskylda

Gistiaðildarríki geta vegna hagskýrslugerðar krafist þess að allar lánastofnanir sem hafa útibú á yfirráðasvæði þeirra gefi lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkjunum reglulega skýrslu um starfsemi sína í gistiaðildarríkjunum.

Gistiaðildarríki geta, þegar þau inna af hendi skyldur sínar samkvæmt 156. gr. þessarar tilskipunar, krafist þess að útibú lánastofnana í öðrum aðildarríkjum veiti sömu upplýsingar og krafist er af innlendum lánastofnunum í þessum tilgangi.

153. gr.

Ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu gera í tengslum við starfsemi sem stunduð er í gistiaðildarríkinu

1. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki skulu krefjast þess, komist þau að raun um að lánastofnun sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þess fer ekki eftir lagaákvæðum sem það aðildarríki hefur sett til beitingar ákvæðum þessarar tilskipunar og tekur til valdheimilda lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu, að lánastofnunin sem hlut á að máli bæti fyrir það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

2. Lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu ber að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu hafi hlutaðeigandi lánastofnun ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu við fyrsta tækifæri gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að lánastofnun sem hlut á að máli bæti fyrir það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

4. Haldi hlutaðeigandi lánastofnun áfram að brjóta lög þau sem um getur í 1. mgr. og í gildi eru í gistiaðildarríkinu þrátt fyrir ráðstafanir sem heimaaðildarríkið gerir eða vegna þess að þær reynast ófullnægjandi eða þar sem ekki er kveðið á um þær í hlutaðeigandi aðildarríki, þá getur gistiaðildarríkið, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu þar um, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot og, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, hindrað að lánastofnunin hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði þess. Aðildarríki skulu tryggja að á yfirráðasvæðum þeirra sé hægt að birta lánastofnunum skjöl sem eru nauðsynleg vegna þessara ráðstafana.

154. gr.

Varúðarráðstafanir

Í bráðatilvikum er lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis heimilt að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að vernda hagsmuni innstæðueigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta áður en málsmeðferðin í 153. gr. er framkvæmd. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri.

Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja, ákveðið að viðkomandi aðildarríki skuli breyta þessum ráðstöfunum eða afturkalla þær.

155. gr.

Ábyrgð

1. Varfærniseftirlit með stofnun, þar með talið með starfsemi sem hún annast samkvæmt 33. og 34. gr., skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar sem fela lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir eftirlit á samstæðugrunni samkvæmt þessari tilskipun.

3. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki skulu því, við almenn skyldustörf sín, taka áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra hlutaðeigandi aðildarríkja til athugunar með viðeigandi hætti, einkum í neyðarástandi, að teknu tilliti til aðgengilegra upplýsinga á tilteknum tíma.

156. gr.

Eftirlit með lausafjárstöðu

Gistiaðildarríki skulu áfram bera ábyrgðina á eftirliti með lausafjárstöðu útibúa lánastofnana í samvinnu við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins meðan beðið er frekari samræmingar.

Gistiaðildarríki bera áfram fulla ábyrgð á ráðstöfunum sem felast í framkvæmd peningamálastefnu þeirra með fyrirvara um nauðsynlegar ráðstafanir til að efla peningakerfi Evrópu.

Í slíkum ráðstöfunum skal ekki gera ráð fyrir mismunun eða takmörkunum gagnvart lánastofnun á grundvelli þess að hún hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki.

157. gr.

Samstarf um eftirlit

Lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu hafa náið samstarf um eftirlit með starfsemi stofnana er hafa starfsemi, einkum útibú, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðru en því þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Þau skulu láta hvert öðru í té allar þær upplýsingar um stjórnun og eigendur þessara stofnana sem að gagni gætu komið við eftirlit og könnun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu, auk allra upplýsinga sem gætu auðveldað eftirlit með slíkum stofnunum, einkum með tilliti til lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutrygginga, takmarkana á stórum áhættuskuldbindingum, stjórnsýslu- og bókhaldsaðferða og innri eftirlitskerfa.

158. gr.

Mikilvæg útibú

1. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki geta lagt fram beiðni hjá eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. gilda, eða hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um að útibú stofnunar, annað en verðbréfafyrirtæki sem fellur undir 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skuli teljast mikilvægt.

2. Í þeirri beiðni skulu koma fram ástæður þess að telja skuli útibúið mikilvægt með sérstöku tilliti til eftirfarandi:

a) hvort markaðshlutdeild útibús að því er varðar innlán er meiri en 2% í gistiaðildarríki,

b) líklegra áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi stofnunar á kerfislæga lausafjárstöðu og greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi í gistiaðildarríkinu,

c) stærðar og mikilvægis útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan banka- eða fjármálakerfis gistiaðildarríkis.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis og gistiaðildarríkis og, eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. eiga við, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu um það hvort útibú teljist mikilvægt.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni samkvæmt fyrstu undirgrein skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka eigin ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um það hvort útibú skuli teljast mikilvægt. Við ákvörðunartökuna skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka tillit til allra skoðana og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli eða lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis.

Þær ákvarðanir sem um getur í öðrum og þriðja undirlið skulu settar fram í skjali ásamt fullnægjandi rökstuðningi, þær sendar viðkomandi lögbærum yfirvöldum, áhrif þeirra viðurkennd og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja skulu beita þeim.

Það að útibú sé tilgreint sem mikilvægt skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu láta lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis, þar sem mikilvægt útibú er stofnsett, í té þær upplýsingar sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 117. gr. og leysa af hendi þau verkefni sem um getur í c-lið 1. mgr. 112. gr. í samvinnu við lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins.

4. Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verða vör við neyðarástand, eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., skulu þau, eins fljótt og auðið er, vara þau yfirvöld við sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 1. mgr. 59. gr.

5. Þegar 116. gr. gildir ekki skulu lögbær yfirvöld er hafa eftirlit með stofnun, sem er með mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum, koma á fót og veita formennsku samstarfshópi eftirlitsaðila til þess að stuðla að töku sameiginlegrar ákvörðunar um hvort útibú sé tilgreint sem mikilvægt skv. 2. mgr. þessarar greinar og upplýsingaskiptum skv. 60. gr. Stofnun og starfsemi samstarfshópsins skal byggjast á skriflegum samþykktum sem, að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, eru ákvarðaðar af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ákveða hvaða lögbæru yfirvöld taka þátt í fundi eða starfsemi samstarfshóps.

6. Í ákvörðun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem fyrirhuguð er eða samræma skal að því er varðar þau yfirvöld, einkum hugsanlegra áhrifa á stöðugleika fjármálakerfis í hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 3. mgr. 155. gr., og skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

7. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni þeirra og þá starfsemi sem taka skal til athugunar. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal einnig tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins tímanlega um aðgerðir sem framkvæmdar eru á þessum fundum, eða ráðstafanir sem gerðar eru.

159. gr.

Vettvangseftirlit

1. Gistiaðildarríki skulu mæla svo fyrir, þegar stofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki annast starfsemi í gegnum útibú, að lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins sé heimilt að skoða sjálf, eða fyrir milligöngu milliliðs, á staðnum þær upplýsingar sem um getur í 50. gr., eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um það fyrir fram.

2. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins er einnig heimilt að grípa til þeirra aðferða sem kveðið er á um í 118. gr. í því skyni að framkvæma vettvangseftirlit með útibúum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu til að koma á staðinn og hafa eftirlit með útibúum sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þeirra þegar þau rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

2. KAFLI

Umbreytingarákvæði fyrir eiginfjárauka

160. gr.

Umbreytingarákvæði fyrir eiginfjárauka

1. Grein þessi breytir kröfunum í 129. og 130. gr. á umbreytingartímabili frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.

2. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016:

a) skal verndunaraukinn vera almennt eigið fé þáttar 1 sem er jafnt 0,625% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) skal sveiflujöfnunaraukinn ekki vera meiri en 0,625% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknaðar eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017:

a) skal verndunaraukinn vera almennt eigið fé þáttar 1 sem er jafnt 1,25% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) skal sveiflujöfnunaraukinn ekki vera meiri en 1,25% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknaðar eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018:

a) skal verndunaraukinn vera almennt eigið fé þáttar 1 sem er jafnt 1,875% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) skal sveiflujöfnunaraukinn ekki vera meiri en 1,875 % af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. Krafan um áætlun um verndun eigin fjár og takmörkun á úthlutun sem um getur í 141. og 142. gr. gildir á umbreytingartímabilinu frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018 ef stofnanir uppfylla ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjárauka með tilliti til krafnanna sem settar eru fram í 2.–4. mgr. þessarar greinar.

6. Aðildarríkjum er heimilt að setja skemmra umbreytingartímabil en tilgreint er í 1.–4 mgr. og koma verndunaraukann og sveiflujöfnunaraukann þar með í framkvæmt frá 31. desember 2013. Ef aðildarríki ákvarðar skemmra umbreytingartímabil skal það upplýsa viðkomandi aðila, þ.m.t. framkvæmdastjórnina, evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og viðkomandi samstarfshópa eftirlitsaðila, til samræmis við það Önnur aðildarríki geta viðurkennt slíkt styttra umbreytingartímabil. Ef annað aðildarríki viðurkennir slíkt skemmra umbreytingartímabil skal það upplýsa framkvæmdastjórnina, evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og viðkomandi samstarfshópa eftirlitsaðila til samræmis við það.

7. Ef aðildarríki setur skemmra umbreytingartímabil fyrir sveiflujöfnunaraukann skal skemmra tímabilið aðeins gilda vegna útreiknings stofnana, sem hafa starfsleyfi í aðildarríkinu sem tilnefnda yfirvaldið ber ábyrgð á, á sveiflujöfnunaraukanum.

3. KAFLI

Lokaákvæði

161. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal annast reglubundna endurskoðun á framkvæmd þessarar tilskipunar til að tryggja að beiting hennar valdi ekki greinilegri mismunun lánastofnana á grundvelli rekstrarforms þeirra að lögum eða fyrirkomulagi eignarhalds.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2016 og í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á, um ákvæði um starfskjör í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eftir endurskoðun og með tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi og einkum með tilliti til:

a) skilvirkni þeirra, framkvæmd og framfylgd, þ.m.t. tilgreiningar á öllum glufum sem geta myndast vegna beitingu meðalhófsreglunnar á þessi ákvæði,

b) áhrifanna af því að fara að meginreglunni í g-lið 1. mgr. 94. gr. varðandi:

   i. samkeppnishæfni og fjármálastöðugleika og

   ii. allt starfsfólk sem starfar í raun og á staðnum í dótturfélögum sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og móðurfélaga sem hafa staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Endurskoðun sú skal einkum taka til athugunar hvort meginreglan, sem sett er fram í g-lið 1. mgr. 94. gr., ætti að gilda áfram um starfsfólk sem fellur undir i. lið b-liðar fyrstu undirgreinar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, frá 2014 og í samstarfi við Evrópsku tryggingа- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, birta skýrslu sem gerð er tvisvar á ári og inniheldur greiningu á því að hvaða marki lög aðildarríkis vísa til utanaðkomandi lánshæfismats í eftirlitsskyni og þeim skrefum sem aðildarríki taka til að draga úr slíkum tilvísunum. Í þessum skýrslur skal gera grein fyrir því hvernig lögbæru yfirvöldin uppfylla skyldur sínar skv. 1. og 3. mgr. 77. gr. og b-lið 79. gr. Í þessum skýrslum skal einnig gera grein fyrir því hve mikil samleitni er í eftirliti hvað það varðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu 108. og 109. gr. og leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, endurskoða og gefa skýrslu um árangur sem næst skv. 11. mgr. 109. gr., þ.m.t. hvort viðeigandi þyki að setja viðmiðanir varðandi fjölbreytni, með tilliti til allrar viðkomandi þróunar innan Sambandsins og á alþjóðavettvangi, og leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

6. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, hafa samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópsku tryggingа- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og aðra viðeigandi aðila um skilvirkni fyrirkomulags við upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun, bæði við venjulegar aðstæður og á erfiðum tímum.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um samstarf Sambandsins og aðildarríkja við þriðju lönd. Skýrslan skal tilgreina öll svið sem þarfnast frekari þróunar að því er varðar samstarf og upplýsingaskipti. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta skýrsluna á vefsetri sínu.

8. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur á móti umboði frá framkvæmdastjórninni skal hún kanna hvort aðilar á fjármálamarkaði, sem lýsa því yfir að þeir stundi starfsemi sína í samræmi við íslamskar meginreglur um bankastarfsemi, falli með fullnægjandi hætti undir þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Framkvæmdastjórnin skal taka skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til endurskoðunar og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til Evrópuþingsins og ráðsins ef við á.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 1. júlí 2014, skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um notkun lánastofnana á og ávinningi lánastofnana af lánafyrirgreiðslu til lengri tíma frá seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu og sambærilegum stuðningsráðstöfunum í formi fjármögnunar frá seðlabanka. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. desember 2014, á grundvelli þeirrar skýrslu og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um notkun lánastofnana á og ávinningi lánastofnana af þessum endurfjármögnunaraðgerðum og fjármögnunarstuðningsráðstöfunum fyrir lánastofnanir sem hafa starfsleyfi í Sambandinu, ásamt tillögu að nýrri löggjöf um beitingu slíkra endurfjármögnunaraðgerða og fjármögnunarstuðningsráðstafana ef við á.

162. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2013.

Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá og með 31. desember 2013.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Ef gögnin, sem fylgja tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir sem aðildarríki leggja fram, eru ekki fullnægjandi til að meta að fullu hvort lögleiðingarákvæðin séu í samræmi við tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar getur framkvæmdastjórnin, að beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með það í huga að framkvæma verkefni sín samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, eða að eigin frumkvæði, krafist þess að aðildarríki veiti nákvæmari upplýsingar um lögleiðingu og framkvæmd þeirra ákvæða og þessarar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir 1.mgr. gilda ákvæði 4. kafla VII. bálks frá og með 1. janúar 2016.

3. Í lögum og stjórnsýslufyrirmælum, sem nauðsynleg eru til að fara að g-lið 1. mgr. 94. gr., skal þess krafist að stofnanir beiti meginreglunum, sem þar er mælt er fyrir um, á launagreiðslur fyrir veitta þjónustu eða verk, frá árinu 2014 og áfram, hvort sem þær eru til greiðslu á grundvelli samnings sem gerður er fyrir eða eftir 31. desember 2013.

4. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríki skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skuli sett fram.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 131. gr. frá og með 1. janúar 2016. Aðildarríki skulu framkvæma 4. mgr. 131. gr. frá 1. janúar 2016 með eftirfarandi hætti:

a) 25% af eiginfjáraukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2016,

b) 50% af eiginfjáraukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2017,

c) 75% af eiginfjáraukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2018, og

d) 100% af eiginfjáraukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2019.

6. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 133. gr. frá og með 1. janúar 2016.

163. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2014.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka við þessa reglugerð og í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

164. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

165. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A. SHATTER
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM ER HÁÐ GAGNKVÆMRI VIÐURKENNINGU

1. Viðtaka innlána og annars fjár til endurgreiðslu.

2. Útlánastarfsemi, þar með talin, m.a.: neytendalán, lánssamningar sem varða fasteignir, kröfukaup, með endurkröfurétti eða án, rekstrarlán (þar á meðal kröfukaup með afslætti).

3. Fjármögnunarleiga.

4. Greiðsluþjónusta eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2007/64/EB.

5. Útgáfa og umsýsla vegna annarra greiðsluaðferða (t.d. ferðaávísana og bankaávísana) að því marki sem slík starfsemi fellur ekki undir 4. lið.

6. Ábyrgðir og skuldbindingar.

7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina með eitthvað af eftirfarandi:

   a) peningamarkaðsgerninga (ávísanir, víxla, innlánsskírteini o.s.frv.),

   b) erlendan gjaldeyri,

   c) staðlaða framvirka samninga og valrétti,

   d) gengis- og vaxtabréf,

   e) framseljanleg verðbréf.

8. Þátttaka í verðbréfaútboðum og þjónustustarfsemi tengd þeim.

9. Ráðgjöf til fyrirtækja um fjármagnsskipan, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

10. Peningamiðlun.

11. Stýring eignasafna og tengd ráðgjöf.

12. Varsla og umsýsla verðbréfa.

13. Upplýsingar um lánshæfi.

14. Útleiga geymsluhólfa.

15. Útgáfa rafeyris.

Þjónustan og starfsemin sem kveðið er á um í A- og B-þætti I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB er háð gagnkvæmri viðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun þegar hún vísar til fjármálagerninganna sem kveðið er á um í C-þætti I. viðauka þeirrar tilskipunar.

———

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. gr.	1. mgr. 1. gr.	
1. mgr. 2. gr.		
2. mgr. 2. gr.		
3. mgr. 2. gr.		
4. mgr. 2. gr.	2. mgr. 1. gr.	
5. mgr. 2. gr.	2. gr.	
6. mgr. 2. gr.	3. mgr. 1. gr.	
3. gr.	4. gr.	
53. töluliður 1. mgr. 3. gr.	49. töluliður 4. gr.	
1. mgr. 4. gr.		
2. mgr. 4. gr.		
3. mgr. 4. gr.		
4. mgr. 4. gr.		
5. mgr. 4. gr.		1. mgr. 35. gr.
6. mgr. 4. gr.		
7. mgr. 4. gr.		
8. mgr. 4. gr.		
5. gr.	128. gr.	
6. gr.	1. mgr. 42. gr. b	
7. gr.	3. mgr. 40. gr.	
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 6. gr.	
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 6. gr.	
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 6. gr.	
4. mgr. 8. gr.		
9. gr.	5. gr.	
10. gr.	7. gr.	
11. gr.	8. gr.	
1. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr.	
2. mgr. 12. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.	
3. mgr. 12. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 9. gr.	
4. mgr. 12. gr.	2. mgr. 9. gr.	
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 11. gr.	
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 11. gr.	
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 12. gr.	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 12. gr.	
3. mgr. 14. gr.	3. mgr. 12. gr.	
15. gr.	13. gr.	
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 15. gr.	
2. mgr. 16. gr.	2. mgr. 15. gr.	
3. mgr. 16. gr.	3. mgr. 15. gr.	
17. gr.	16. gr.	
18. gr.	1. mgr. 17. gr.	
19. gr.	18. gr.	
1. mgr. 20. gr.	14. gr.	
2. mgr. 20. gr.	14. gr.	
3. mgr. 20. gr.		
5. mgr. 20. gr.	2. mgr. 17. gr.	
21. gr.	3. gr.	
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 19. gr.	
2. mgr. 22. gr.	2. mgr. 19. gr.	
3. mgr. 22. gr.	3. mgr. 19. gr.	
4. mgr. 22. gr.	4. mgr. 19. gr.	
5. mgr. 22. gr.	5. mgr. 19. gr.	
6. mgr. 22. gr.	6. mgr. 19. gr.	
7. mgr. 22. gr.	7. mgr. 19. gr.	
8. mgr. 22. gr.	8. mgr. 19. gr.	
9. mgr. 22. gr.	9. mgr. 19. gr.	
1. mgr. 23. gr.	1. mgr. 19. gr. a	
2. mgr. 23. gr.	2. mgr. 19. gr. a	
3. mgr. 23. gr.	3. mgr. 19. gr. a	
4. mgr. 23. gr.	4. mgr. 19. gr. a	
5. mgr. 23. gr.	5. mgr. 19. gr. a	
1. mgr. 24. gr.	1. mgr. 19. gr. b	
2. mgr. 24. gr.	2. mgr. 19. gr. b	
25. gr.	20. gr.	
1. mgr. 26. gr.	1. mgr. 21. gr.	
2. mgr. 26. gr.	2. mgr. 21. gr.	
27. gr.	3. mgr. 21. gr.	
1. mgr. 28. gr.		4. gr.
2. mgr. 28. gr.		9. gr.
1. mgr. 29. gr.		1. mgr. 5. gr.

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 29. gr.		2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 29. gr.		3. mgr. 5. gr.
4. mgr. 29. gr.		2. mgr. 5. gr.
30. gr.		6. gr.
1. mgr. 31. gr.		7. gr.
2. mgr. 31. gr.		8. gr.
1. mgr. 32. gr.		1. mgr. 10. gr.
2. mgr. 32. gr.		2. mgr. 10. gr.
3. mgr. 32. gr.		3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 32. gr.		4. mgr. 10. gr.
5. mgr. 32. gr.		5. mgr. 10. gr.
33. gr.	23. gr.	
1. mgr. 34. gr.	1. mgr. 24. gr.	
2. mgr. 34. gr.	2. mgr. 24. gr.	
3. mgr. 34. gr.	3. mgr. 24. gr.	
1. mgr. 35. gr.	1. mgr. 25. gr.	
2. mgr. 35. gr.	2. mgr. 25. gr.	
3. mgr. 35. gr.	3. mgr. 25. gr.	
4. mgr. 35. gr.	4. mgr. 25. gr.	
5. mgr. 35. gr.	5. mgr. 25. gr.	
6. mgr. 35. gr.	5. mgr. 25. gr.	
7. mgr. 35. gr.	5. mgr. 25. gr.	
1. mgr. 36. gr.	1. mgr. 26. gr.	
2. mgr. 36. gr.	2. mgr. 26. gr.	
3. mgr. 36. gr.	3. mgr. 26. gr.	
4. mgr. 36. gr.	4. mgr. 26. gr.	
5. mgr. 36. gr.	5. mgr. 26. gr.	
6. mgr. 36. gr.	5. mgr. 26. gr.	
7. mgr. 36. gr.	5. mgr. 26. gr.	
37. gr.	36. gr.	
38. gr.	27. gr.	
1. mgr. 39. gr.	1. mgr. 28. gr.	
2. mgr. 39. gr.	2. mgr. 28. gr.	
3. mgr. 39. gr.	3. mgr. 28. gr.	
4. mgr. 39. gr.	4. mgr. 28. gr.	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
5. mgr. 39. gr.	4. mgr. 28. gr.	
6. mgr. 39. gr.	4. mgr. 28. gr.	
Fyrsta málsgrein 40. gr.	Fyrsta málsgrein 29. gr.	
Önnur málsgrein 40. gr.		
Þriðja málsgrein. 40. gr.		
1. mgr. 41. gr.	1. og 2. mgr. 30. gr.	
2. mgr. 41. gr.		
42. gr.	32. gr.	
1. mgr. 43. gr.	Fyrsta málsgrein 33. gr.	
2. mgr. 43. gr.		
3. mgr. 43. gr.		
4. mgr. 43. gr.		
5. mgr. 43. gr.		
44. gr.	31. og 34. gr.	
45. gr.	35. gr.	
46. gr.	37. gr.	
1. mgr. 47. gr.	1. mgr. 38. gr.	
2. mgr. 47. gr.	2. mgr. 38. gr.	
3. mgr. 47. gr.	3. mgr. 38. gr.	
1. mgr. 48. gr.	1. mgr. 39. gr.	
2. mgr. 48. gr.	2. mgr. 39. gr.	
3. mgr. 48. gr.	3. mgr. 39. gr.	
4. mgr. 48. gr.	4. mgr. 39. gr.	
1. mgr. 49. gr.	1. mgr. 40. gr.	
2. mgr. 49. gr.	2. mgr. 40. gr.	
3. mgr. 49. gr.	Þriðja málsgrein. 41. gr.	
1. mgr. 50. gr.	Fyrsta málsgrein 42. gr.	
2. mgr. 50. gr.		
3. mgr. 50. gr.		
4. mgr. 50. gr.		
5. mgr. 50. gr.	Önnur málsgrein 42. gr.	
6. mgr. 50. gr.	Þriðja og sjötta málsgrein 42. gr.	
7. mgr. 50. gr.	Fjórða og sjöunda málsgrein 42. gr.	
8. mgr. 50. gr.	Fimmta málsgrein 42. gr.	
1. mgr. 51. gr.	1. mgr. 42. gr. a	
2. mgr. 51. gr.	2. mgr. 42. gr. a	
3. mgr. 51. gr.	3. mgr. 42. gr. a	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
4. mgr. 51. gr.	3. mgr. 42. gr. a	
5. mgr. 51. gr.	3. mgr. 42. gr. a	
6. mgr. 51. gr.		
1. mgr. 52. gr.	1. mgr. 43. gr.	
2. mgr. 52. gr.	2. mgr. 43. gr.	
3. mgr. 52. gr.		
4. mgr. 52. gr.		
1. mgr. 53. gr.	1. mgr. 44. gr.	
2. mgr. 53. gr.	2. mgr. 44. gr.	
3. mgr. 53. gr.		
54. gr.	45. gr.	
55. gr.	46. gr.	
56. gr.	47. gr.	
1. mgr. 57. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 48. gr.	
2. mgr. 57. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 48. gr.	
3. mgr. 57. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 48. gr.	
4. mgr. 57. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 48. gr.	
5. mgr. 57. gr.	Fimmta undirgrein 2. mgr. 48. gr.	
6. mgr. 57. gr.	Fjórða undirgrein 2. mgr. 48. gr.	
58. gr.	Fyrsta málsgrein 49. gr.	
2. mgr. 58. gr.	Önnur málsgrein 49. gr.	
3. mgr. 58. gr.	Fjórða málsgrein 49. gr.	
4. mgr. 58. gr.	Fimmta málsgrein 49. gr.	
1. mgr. 59. gr.	50. gr.	
2. mgr. 59. gr.		
60. gr.	51. gr.	
1. mgr. 61. gr.	Fyrsta málsgrein 52. gr.	
2. mgr. 61. gr.	Önnur málsgrein 52. gr.	
62. gr.		
1. mgr. 63. gr.	1. mgr. 53. gr.	
2. mgr. 63. gr.	2. mgr. 53. gr.	
64. gr.		
65. gr.		
66. gr.		
67. gr.		
68. gr.		
69. gr.		

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
70. gr.		
71. gr.		
72. gr.	55. gr.	
73. gr.	123. gr.	
1. mgr. 74. gr.	1. mgr. 22. gr.	
2. mgr. 74. gr.	2. mgr. 22. gr.	
3. mgr. 74. gr.	6. mgr. 22. gr.	
4. mgr. 74. gr.		
1. mgr. 75. gr.	3. mgr. 22. gr.	
2. mgr. 75. gr.	4. mgr. 22. gr.	
3. mgr. 75. gr.	5. mgr. 22. gr.	
1. mgr. 76. gr.	2. liður í V. viðauka	
2. mgr. 76. gr.		
3. mgr. 76. gr.		
4. mgr. 76. gr.		
5. mgr. 76. gr.		
77. gr.		
78. gr.		
79. gr.	3., 4. og 5. liður í V. viðauka	
80. gr.	6. liður í V. viðauka	
81. gr.	7. liður í V. viðauka	
1. mgr. 82. gr.	8. liður í V. viðauka	
2. mgr. 82. gr.	9. liður í V. viðauka	
1. mgr. 83. gr.	10. liður í V. viðauka	
2. mgr. 83. gr.		5. liður IV. viðauka
3. mgr. 83. gr.		38. og 41. liður í I. viðauka
84. gr.	11. liður í V. viðauka	
1. mgr. 85. gr.	12. liður í V. viðauka	
2. mgr. 85. gr.	13. liður í V. viðauka	
1. mgr. 86. gr.	14. liður í V. viðauka	
2. mgr. 86. gr.	14. liður a í V. viðauka	
3. mgr. 86. gr.		
4. mgr. 86. gr.	15. liður í V. viðauka	
5. mgr. 86. gr.	16. liður í V. viðauka	
6. mgr. 86. gr.	17. liður í V. viðauka	
7. mgr. 86. gr.	18. liður í V. viðauka	
8. mgr. 86. gr.	19. liður í V. viðauka	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
9. mgr. 86. gr.	20. liður í V. viðauka	
10. mgr. 86. gr.	21. liður í V. viðauka	
11. mgr. 86. gr.	22. liður í V. viðauka	
87. gr.		
1. mgr. 88. gr.	1. liður í V. viðauka	
2. mgr. 88. gr.		
89. gr.		
90. gr.		
91. gr.		
1. mgr. 92. gr.	Annar liður í 23. lið V. viðauka	
Inngangsmálsliður 2. mgr. 92. gr.	Inngangsmálsliður 23. liðar V. viðauka	
a-liður 2. mgr. 92. gr.	a-liður 23. liðar í V. viðauka	
b-liður 2. mgr. 92. gr.	b-liður 23. liðar í V. viðauka	
c-liður 2. mgr. 92. gr.	c-liður 23. liðar í V. viðauka	
d-liður 2. mgr. 92. gr.	d-liður 23. liðar í V. viðauka	
e-liður 2. mgr. 92. gr.	e-liður 23. liðar í V. viðauka	
f-liður 2. mgr. 92. gr.	f-liður 23. liðar í V. viðauka	
g-liður 2. mgr. 92. gr.		
93. gr.	k-liður 23. liðar í V. viðauka	
a-liður 1. mgr. 94. gr.	g-liður 23. liðar í V. viðauka	
b-liður 1. mgr. 94. gr.	h-liður 23. liðar í V. viðauka	
c-liður 1. mgr. 94. gr.	i-liður 23. liðar í V. viðauka	
d-liður 1. mgr. 94. gr.		
e-liður 1. mgr. 94. gr.	j-liður 23. liðar í V. viðauka	
f-liður 1. mgr. 94. gr.	l-liður 23. liðar í V. viðauka	
g-liður 1. mgr. 94. gr.		
h-liður 1. mgr. 94. gr.	m-liður 23. liðar í V. viðauka	
i-liður 1. mgr. 94. gr.		
j-liður 1. mgr. 94. gr.	n-liður 23. liðar í V. viðauka	
k-liður 1. mgr. 94. gr.	n-liður 23. liðar í V. viðauka	
l-liður 1. mgr. 94. gr.	o-liður 23. liðar í V. viðauka	
m-liður 1. mgr. 94. gr.	p-liður 23. liðar í V. viðauka	
n-liður 1. mgr. 94. gr.	q-liður 23. liðar í V. viðauka	
o-liður 1. mgr. 94. gr.	r-liður 23. liðar í V. viðauka	
p-liður 1. mgr. 94. gr.	s-liður 23. liðar í V. viðauka	
q-liður 1. mgr. 94. gr.	t-liður 23. liðar í V. viðauka	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 94. gr.	b-liður 3. mgr. 150. gr.	
95. gr.	24. liður í V. viðauka	
96. gr.		
1. mgr. 97. gr.	1. mgr. 124. gr.	
2. mgr. 97. gr.	2. mgr. 124. gr.	
3. mgr. 97. gr.	3. mgr. 124. gr.	
4. mgr. 97. gr.	4. mgr. 124. gr.	
1. mgr. 98. gr.	1. liður í XI. viðauka	
2. mgr. 98. gr.	1. liður a í XI. viðauka	
3. mgr. 98. gr.	2. liður í XI. viðauka	
4. mgr. 98. gr.	3. liður í XI. viðauka	
5. mgr. 98. gr.	5. mgr. 124. gr.	
6. mgr. 98. gr.		
7. mgr. 98. gr.		
99. gr.		
100. gr.		
101. gr.		
1. mgr. 102. gr.	1. mgr. 136. gr.	
2. mgr. 102. gr.		
103. gr.		
104. gr.	136. gr.	
105. gr.		
1. mgr. 106. gr.	149. gr.	
2. mgr. 106. gr.		
107. gr.		
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 108. gr.	2. mgr. 68. gr.	
Önnur undirgrein 1. mgr. 108. gr.	3. gr.	
Þriðja undirgrein 1. mgr. 108. gr.		
2. mgr. 108. gr.	1. mgr. 71. gr.	
3. mgr. 108. gr.	2. mgr. 71. gr.	
4. mgr. 108. gr.	2. mgr. 73. gr.	
1. mgr. 109. gr.	1. mgr. 68. gr.	
2. mgr. 109. gr.	3. mgr. 73. gr.	
3. mgr. 109. gr.		
1. mgr. 110. gr.	2. mgr. 124. gr.	
2. mgr. 110. gr.	23. gr.	
1. mgr. 111. gr.	1. mgr. 125. gr.	2. gr.

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 111. gr.	2. mgr. 125. gr.	2. gr.
3. mgr. 111. gr.	1. mgr. 126. gr.	
4. mgr. 111. gr.	2. mgr. 126. gr.	
5. mgr. 111. gr.	3. mgr. 126. gr.	
6. mgr. 111. gr.	4. mgr. 126. gr.	
1. mgr. 112. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 129. gr.	
2. mgr. 112. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 129. gr.	
3. mgr. 112. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 129. gr.	
a-liður 1. mgr. 113. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 129. gr.	
b-liður 1. mgr. 113. gr.		
Fyrsta undirgrein a-liðar 2. mgr. 113. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 129. gr.	
Fyrsta undirgrein b-liðar 2. mgr. 113. gr.		
Önnur undirgrein 2. mgr. 113. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 129. gr.	
Þriðja undirgrein 3. mgr. 113. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 129. gr.	
3. mgr. 113. gr.	Fjórði til sjöundi undirliður 3. mgr. 129. gr.	
4. mgr. 113. gr.	Áttunda og níunda undirgrein 3. mgr. 129. gr.	
5. mgr. 113. gr.	Tíunda og ellefta undirgrein 3. mgr. 129. gr.	
114. gr.	130. gr.	
115. gr.	131. gr.	
1. mgr. 116. gr.	Fyrsta, önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 131. gr. a	
2. mgr. 116. gr.	Fjórða undirgrein 1. mgr. 131. gr. a	
3. mgr. 116. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
4. mgr. 116. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
5. mgr. 116. gr.	Fjórða og fimmta undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
6. mgr. 116. gr.	Sjötta undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
7. mgr. 116. gr.	Sjöunda undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
8. mgr. 116. gr.	Áttunda undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
9. mgr. 116. gr.	Níunda undirgrein 2. mgr. 131. gr. a	
1. mgr. 117. gr.	Fyrsti til sjötti undirliður 1. mgr. 132. gr.	
2. mgr. 117. gr.	Fyrsta og áttunda undirgrein 1. mgr. 132. gr.	
3. mgr. 117. gr.	2. mgr. 132. gr.	
4. mgr. 117. gr.	3. mgr. 132. gr.	
118. gr.	141. gr.	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
1. mgr. 119. gr.	1. mgr. 127. gr.	
2. mgr. 119. gr.	2. mgr. 127. gr.	
3. mgr. 119. gr.	3. mgr. 127. gr.	
120. gr.	72. gr. a	
121. gr.	135. gr.	
122. gr.	137. gr.	
1. mgr. 123. gr.	1. mgr. 138. gr.	
2. mgr. 123. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 138. gr.	
124. gr.	139. gr.	
125. gr.	140. gr.	2. gr.
126. gr.	142. gr.	
127. gr.	143. gr.	
128. gr.		
129. gr.		
130. gr.		
131. gr.		
132. gr.		
133. gr.		
134. gr.		
135. gr.		
136. gr.		
137. gr.		
138. gr.		
139. gr.		
140. gr.		
141. gr.		
142. gr.		
143. gr.	144. gr.	
1. mgr. 144. gr.	9. mgr. 122. gr. a	
2. mgr. 144. gr.	4. mgr. 69. gr.	
3. mgr. 144. gr.	4. mgr. 70. gr.	
145. gr.	1. mgr. 150. gr.	
146. gr.	1. mgr. a í 150. gr.	
1. mgr. 147. gr.	1. mgr. 151. gr.	
2. mgr. 147. gr.	2. mgr. 151. gr.	
1. mgr. 148. gr.	3. mgr. 151. gr. a	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2006/48/EB	Tilskipun 2006/49/EB
2. mgr. 148. gr.	1. mgr. 151. gr. a	
3. mgr. 148. gr.	151. gr. b	
4. mgr. 148. gr.	2. mgr. 151. gr. a	
5. mgr. 148. gr.	151. gr. c	
149. gr.		
150. gr.		
151. gr.		
152. gr.	29. gr.	
153. gr.	30. gr.	
154. gr.	33. gr.	
155. gr.	40. gr.	
156. gr.	41. gr.	
157. gr.	42. gr.	
158. gr.	42. gr. a	
159. gr.	43. gr.	
160. gr.		
1. mgr. 161. gr.	Sjötta málsgrein 156. gr.	
2. mgr. 161. gr.	Fjórða málsgrein 156. gr.	
3. mgr. 161. gr.		
4. mgr. 161. gr.		
5. mgr. 161. gr.		
6. mgr. 161. gr.		
7. mgr. 161. gr.		
8. mgr. 161. gr.		
9. mgr. 161. gr.		
1. mgr. 162. gr.		
2. mgr. 162. gr.		
3. mgr. 162. gr.		
4. mgr. 162. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 157. gr.	
5. mgr. 162. gr.		
6. mgr. 162. gr.		
163. gr.	158. gr.	
164. gr.	159. gr.	
165. gr.	160. gr.	
I. viðauki	I. viðauki	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1048 **2020/EES/12/03**

frá 18. júlí 2018

um kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 6. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Stöðugur vöxtur flugsamgangna eykur eftirspurn eftir tiltæku loftrými og eykur þar með þörfina á að nota það með eins markvissum og skilvirkum hætti og hægt er. Ef þjónusta á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta (ATM/ANS-þjónusta) er veitt með hæfisbundinni leiðsögu (PBN) getur það haft ávinning í för með sér á sviði öryggis, afkastagetu og skilvirkni með því að hagræða flugþjónustuleiðum og blindaðflugsverklagi. Til að ná fram þessu hagræði og til að bæta frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar ætti að samræma kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu.

2) Þessar kröfur og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu ættu að byggjast á þeim reglum sem þróaðar eru af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og innleiðing þeirra ætti að vera í samræmi við hnattræna flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ([2]) og evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar ([3]).

3) Þess er krafist í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([4]), einkum í a-lið SERA.5015 í þeirri reglugerð, í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]), einkum í d-lið ORO.GEN.110 í þeim viðauka, í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sem hrundið er í framkvæmd með I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ([6]), einkum í lið TCO.205 í þeim viðauka, að loftfar sé með tilskilinn búnað og að flugáhöfnin sé með tilskilin réttindi til að fljúga á fyrirhugaðri flugleið eða samkvæmt viðeigandi verklagsreglu. Til viðbótar þessum kröfum ættu að vera almennar kröfur um notkun loftrýmis þar sem tilgreint er tilheyrandi verklag á flugi og flugleiðir.

4) Gert er ráð fyrir því að innleiðing á hæfisbundinni leiðsögu á aðflugssvæðum þar sem er mikil flugumferð, eins og krafist er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2014 ([7]), muni bæta nákvæmni aðflugsferils og auðvelda röðun umferðar á fyrri stigum þannig að mögulegt sé að draga úr eldsneytisnotkun og umhverfisáhrifum við lækkun flugs og komu. Til að greiða fyrir innleiðingu ættu kröfur þessarar reglugerðar að vera í samræmi við kröfur framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 26.7.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9750.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 frá 3. maí 2013 um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarhátta og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 123, 4.5.2013, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2014 frá 27. júní 2014 um að koma á fót sameiginlegu tilraunaverkefni sem styður við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 19).

5) Leggja ætti til notkun leiðréttingarkerfis um gervihnött (SBAS), einkum í formi evrópska, víðfeðma leiðréttingakerfisins (EGNOS-kerfisins), þar sem öryggis- og kostnaðarhagkvæmnisjónarmið styðja að komið sé á LPV-aðflugslágmörkum (miðlínugeislanákvæmni með leiðsögu í lóðréttum fleti). Hins vegar ætti að greiða fyrir starfrækslu með annars konar PBN-getu með því að bjóða upp á önnur lágmörk til viðbótar við LPV-lágmörkin.

6) Netstjórnandinn, sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 677/2011 ([1]), skal, samkvæmt þeirri reglugerð, styðjast við ferlið við sameiginlega ákvarðanatöku í tengslum við mótun á áætluninni um úrbætur á Evrópuneti flugleiða. Í tengslum við veitingu ATM-/ANS-þjónustu í samræmi við þessa reglugerð ætti netstjórnandinn því að samræma störf sín með veitendum ATM-/ANS-þjónustu, einkum til að tryggja að flugþjónustuleiðir, sem notaðar eru að því er varðar umbreytingu til eða frá neti flugleiða, séu í samræmi við forskriftina fyrir staðlaða blindflugsbrottför (SID) og staðlað komuflug í blindflugi (STAR).

7) Kröfurnar í þessari reglugerð, sem gerðar eru til veitenda ATM-/ANS-þjónustu varðandi innleiðingu á hæfisbundinni leiðsögu, ættu einkum að varða viðeigandi kröfur um innleiðingu á þrívíðu aðflugsverklagi við blindflugsbrautarenda og ef þessir veitendur hafa tilgreint staðlaðar blindflugsbrottfarir (SID) eða staðlað komuflug í blindflugi (STAR), kröfur um að taka þessar flugleiðir í notkun. Í tilteknum tilvikum gætu slíkar kröfur hins vegar haft alvarlegar afleiðingar í för með sér sem vega þyngra en hugsanlegur ávinningur á sviði öryggis, afkastagetu og skilvirkni. Í þessum tilvikum skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu því eiga rétt á að víkja frá þessum kröfum og í staðinn uppfylla tilteknar aðrar kröfur sem henta betur fyrir þessi sértæku tilvik en leiða á sama tíma til því sem næst sama ávinnings.

8) Í því skyni að tryggja örugga og hnökralausa umbreytingu ætti enn fremur að heimila veitendum ATM-/ANS-þjónustu að veita þjónustu sína í hæfilega langan tíma með öðrum leiðum en hæfisbundinni leiðsögu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Í ljósi þess að þörf er á hagræðingu í veitingu ATM-/ANS-þjónustu og koma í veg fyrir óþarfa kostnað, sér í lagi fyrir loftrýmisnotendur, sem rekja má til marglaga leiðsöguinnviða, ætti þessi heimild aðeins að gilda til 1. júní 2030, að undanskildu því þegar um viðbúnaðarráðstafanir er að ræða.

9) Í öryggisskyni ætti að tryggja örugga og hnökralausa umbreytingu yfir í veitingu ATM-/ANS-þjónustu þar sem notuð er hæfisbundin leiðsaga í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð. Í þeim tilgangi ættu veitendur ATM-/ANS-þjónustu því að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir tímanlega og á skilvirkan hátt. Þessar ráðstafanir ættu að fela í sér að komið verði á fót umbreytingaráætlun, sem hver veitandi ætti að sjá um að uppfæra, þannig að tekið sé tillit til hvers kyns viðeigandi þróunar sem varðar umbreytinguna. Þessum umbreytingaráætlunum sem og öllum uppfærslum þeirra, sem eru mikilvægar að því leyti að þær fela í sér umtalsverðar breytingar á áætlununum og kunna að hafa efnisleg áhrif á hagsmuni hagsmunaaðila, skal fyrst komið á fót eftir samráð við hagsmunaaðila til þess að tryggja að tekið sé tillit til þeirra sjónarmiða, eftir því sem við á, og, eftir samþykki lögbærs yfirvalds, til að tryggja að farið sé að þeim kröfum sem settar eru fram í þessari reglugerð, einkum 1. mgr. 4. gr.

10) Eftir að kröfur um hæfisbundna leiðsögu hafa komið til framkvæmda geta komið upp sérstök undantekningartilvik þar sem veitendur ATM-/ANS-þjónustu geta ekki, af óvæntum ástæðum sem þeir ekki fá ráðið við, veitt þjónustu sína í samræmi við þessar kröfur. Án þess að það hafi áhrif á þá skyldu sem þessir veitendur hafa til að gera allar réttmætar ráðstafanir, eftir því sem best verður við komið, til að koma í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp og til að koma því aftur á að farið sé að þessum kröfum eins fljótt og auðið er ef slíkar aðstæður koma samt upp, ætti þeir þó að vera skyldugir til að gera nauðsynlegar viðbúnaðarráðstafanir til að tryggja áfram örugga veitingu þjónustu með öðrum leiðum, sér í lagi með notkun hefðbundins verklags við leiðsögu.

11) Það er nauðsynlegt að veita hlutaðeigandi aðilum nægan tíma til að fara að þessari reglugerð. Krafan um að nota eingöngu hæfisbundna leiðsögu ætti að gilda frá viðeigandi síðari dagsetningu til að tryggja að það sé nægur tími fyrir örugga og hnökralausa umbreytingu. Að auki ættu tiltekin ákvæði viðaukans einnig að gilda frá viðeigandi síðari dagsetningu í ljósi þess viðbótartíma sem hlutaðeigandi aðilar þurfa til að aðlagast þeim kröfum sem um er að ræða.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([2]),

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu.

2. Reglugerð þessi gildir um veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og um rekstraraðila flugvalla (hér eftir „veitendur ATM-/ANS-þjónustu“) sem bera ábyrgð á því að koma á blindaðflugsverklagi eða flugþjónustuleiðum ef þeir veita þjónustu sína í eftirfarandi loftrými:

a) yfir því yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir um,

b) hvers konar öðru loftrými þar sem aðildarríkin bera ábyrgð á að veita flugleiðsöguþjónustu í samræmi við 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 ([1]).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „hæfisbundin leiðsaga (PBN)“: hæfisbundin leiðsaga eins og hún er skilgreind í 5. skilgreiningarlið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012,

2) „flugþjónustuleið“: flugþjónustuleið eins og hún er skilgreind í 46. skilgreiningarlið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 923/2012,

3) „blindaðflugsverklag“: blindaðflugsverklag eins og það er skilgreint í 90. skilgreiningarlið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 923/2012,

4) „hefðbundið verklag við leiðsögu“: flugþjónustuleiðir og blindaðflugsverklag sem byggja á notkun leiðsöguvirkja á jörðu niðri sem leyfa ekki hlítni við kröfurnar um hæfisbundna leiðsögu, sem settar eru fram í þessari reglugerð,

5) „blindflugsbraut“: blindflugsbraut eins og hún er skilgreind í 22. skilgreiningarlið í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ([2]),

6) „leiðsöguforskrift“: kröfur, sem gilda fyrir loftför og flugáhafnir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu hæfisbundinnar leiðsögu innan skilgreinds loftrýmis,

7) „forskrift um tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu X (RNP-X-forskrift)“: leiðsöguforskrift, sem byggist á svæðisleiðsögu, sem felur í sér kröfu um vöktun og viðvörun vegna nákvæmni í flugleiðsögu um borð í loftfarinu, þar sem „X“ vísar til nákvæmni leiðsögu í láréttum fleti í sjómílum eða til tegundar starfrækslu og þeirrar virkni sem krafist er,

8) „leiðsaga í láréttum fleti (LNAV)“, „leiðsaga í láréttum fleti/leiðsaga í lóðréttum fleti (LNAV/VNAV)“ og „nákvæmni miðlínugeisla með leiðsögu í lóðréttum fleti (LPV)“: auðkenni fyrir mismunandi tegundir starfrækslulágmarka á aðflugskortum, sem sýna aðflugsverklag sem byggist á hnattrænum gervihnattaleiðsögukerfum (GNSS) og eru flokkuð sem aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH),

9) "radíus að viðmiðunarpunkti (RF)": hringferill með föstum radíus umhverfis skilgreinda snúningsmiðju sem endar í fastapunkti,

10) „tvívíddaraðflug“ (e. *2D approach*): blindaðflugsverklag, flokkað sem grunnaðflugsverklag, eins og það er skilgreint í 90. skilgreiningarlið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 923/2012,

11) „þrívíddaraðflug“ (e. *3D approach*): blindaðflugsverklag, flokkað sem aðflug með leiðsögn í lóðréttum fleti eða nákvæmnisaðflug, eins og það er skilgreint í 90. skilgreiningarlið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 923/2012,

12) „leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS)“: víðfeðm leiðréttingarkerfi þar sem notandi hnattræns gervihnattaleiðsögukerfis móttekur stoðupplýsingar frá sendi staðsettum á gervihnetti,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

13) „forskrift fyrir svæðisleiðsögu X (RNAV-X-forskrift)“: leiðsöguforskrift sem byggist á svæðisleiðsögu sem felur ekki í sér kröfu um vöktun og viðvörun vegna nákvæmni í flugleiðsögu um borð í loftfarinu, þar sem „X“ vísar til nákvæmni leiðsögu í láréttum fleti í sjómílum,

14) „staðlað komuflug í blindflugi (STAR)“: tilgreind komuleið í blindflugi, sem tengir leiðarmið, oftast á flugþjónustuleið, við stað þar sem hægt er að hefja blindaðflug samkvæmt útgefnum verklagsreglum,

15) „stöðluð blindflugsbrottför (SID)“: tilgreind brottflugsleið, sem tengir flugvöllinn við ákveðið leiðarmið, oftast á flugþjónustuleið, þar sem leiðarhluti flugs hefst,

16) „leiðsöguvirkni“ (e. *navigation functionality*): ítarlegar kröfur sem gerðar eru til afkastagetu leiðsögukerfisins til að mæta þörfum fyrirhugaðrar starfrækslu í loftrýminu.

3. gr.

Kröfur varðandi hæfisbundna leiðsögu (PBN)

Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í PBN-kafla viðaukans, um innleiðingu á hæfisbundinni leiðsögu.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hnökralausa og örugga umbreytingu á þjónustu sinni þar sem notuð er hæfisbundin leiðsaga í samræmi við 3. gr.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér að komið verði á fót umbreytingaráætlun og henni hrint í framkvæmd. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu halda umbreytingaráætlun sinni uppfærðri.

Umbreytingaráætlunin skal vera í samræmi við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar og sameiginlegu verkefnin, sem um getur í 15. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 ([1]).

2. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu hafa samráð við alla eftirfarandi aðila um drög að umbreytingaráætlun og drög að öllum mikilvægum uppfærslum á henni og taka tillit til sjónarmiða þeirra, eftir því sem við á:

a) rekstraraðila flugvallar, notendur loftrýmis og samtök, sem eru fulltrúar loftrýmisnotenda, sem þjónusta þeirra hefur áhrif á,

b) netstjórnandann, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 677/2011,

c) veitendur ATM-/ANS-þjónustu sem veita þjónustu sína í aðliggjandi loftrýmisumdæmum.

3. Í kjölfar samráðsfundarins, sem um getur í 2. mgr., skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu leggja niðurstöður fundarins sem og drögin að umbreytingaráætluninni eða drögin að mikilvægum uppfærslum á henni, fyrir lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á viðkomandi loftrými, til samþykktar.

Þetta lögbæra yfirvald skal sannreyna hvort drögin að umbreytingaráætluninni eða drögin að mikilvægum uppfærslum á henni, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og sér í lagi hvort hún taki mið af sjónarmiðum loftrýmisnotenda, eftir því sem við á, þ.m.t. þeirra sem starfrækja ríkisloftför. Aðildarríki lögbæra yfirvaldsins er heimilt að kveða á um að slík sannprófun skuli framkvæmd í samvinnu við önnur viðeigandi yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis.

Framangreint lögbært yfirvald skal án ástæðulausrar tafar upplýsa veitendur ATM-/ANS-þjónustu um niðurstöðu sannprófunarinnar. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu hvorki koma á fót umbreytingaráætluninni, eða mikilvægum uppfærslum á þessari áætlun, né heldur hrinda henni í framkvæmd, fyrr en þeir hafi fengið upplýsingar frá framangreindu lögbæru yfirvaldi um að það hafi samþykkt drögin að umbreytingaráætluninni eða drögin að mikilvægum uppfærslum á henni.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

5. gr.

Krafa um að notast eingöngu við hæfisbundna leiðsögu

1. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu ekki veita þjónustu sína með því að nota hefðbundið verklag við leiðsögu eða hæfisbundna leiðsögu sem samræmist ekki kröfunum í lið AUR.PBN.2005 í viðaukanum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda án þess að hafa áhrif á 6. gr. og á möguleika veitenda ATM-/ANS-þjónustu til að veita þjónustu sína með notkun lendingarkerfa sem gera starfrækslu skv. II. flokki, III. flokki A eða III. flokki B mögulega í skilningi 14., 15. og 16. liðar, eftir því sem við á, í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

6. gr.

Viðbúnaðarráðstafanir

Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir séu áfram færir um að veita þjónustu sína með öðrum aðferðum ef aðstæður, sem þeir ekki fá ráðið við, gera það að verkum að hnattræna gervihnattaleiðsögukerfið (GNSS) eða aðrar aðferðir sem notaðar eru fyrir hæfisbundna leiðsögu eru ekki lengur tiltækar, sem gerir þeim ókleift að veita þjónustu sína í samræmi við 3. gr. Þessar ráðstafanir skulu einkum fela í sér viðhald á neti af hefðbundnum leiðsöguvirkjum og tilheyrandi kögunar- og fjarskiptavirki.

7. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 3. desember 2020.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein gildir hins vegar eftirfarandi:

a) ákvæði 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 6. júní 2030,

b) ákvæði 1. liðar í lið AUR.PBN.2005 koma til framkvæmda frá og með 25. janúar 2024 að því er varðar flugvelli, sem tilgreindir eru í lið 1.2.1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 716/2014, og að því er varðar blindflugsbrautarenda, þar sem notast er við verklag við nákvæmnisaðflug, á öðrum flugvöllum,

c) að því er varðar alla blindflugsbrautarenda skulu ákvæði 4. liðar í lið AUR.PBN.2005 í viðaukanum koma til framkvæmda frá og með 25. janúar 2024 að því er varðar eina tilgreinda staðlaða blindflugsbrottför eða staðlað komuflug í blindflugi og frá og með 6. júní 2030 að því er varðar allar tilgreindar staðlaðar blindflugsbrottfarir eða staðlað komuflug í blindflugi,

d) ákvæði 6. liðar í lið AUR.PBN.2005 í viðaukanum skulu koma til framkvæmda frá og með 25. janúar 2024 að því er varðar flugþjónustuleiðir undir fluglagi 150.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

PBN-KAFLI — Hæfisbundin leiðsaga

AUR.PBN.1005 Efni

Í samræmi við 3. gr. er í þessum kafla settar fram kröfur um innleiðingu á hæfisbundinni leiðsögu (PBN) sem veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu uppfylla.

AUR.PBN.2005 Flugleiðir og verklag

1) Við alla blindflugsbrautarenda skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu innleiða aðflugsverklag í samræmi við kröfurnar í forskriftinni fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH), þ.m.t. LNAV-, LNAV/VNAV- og LPV-lágmörk, og RF-endaslóðir (e. *radius to fix leg*), ef þess er krafist vegna umferðarþunga eða flækjustigs flugumferðar.

2) Við blindflugsbrautarenda skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu, þrátt fyrir 1. lið, hrinda í framkvæmd verklagi fyrir tvívíddaraðflug í samræmi við kröfurnar í forskriftinni fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) ef það reynist óhóflega erfitt að hrinda í framkvæmd verklagi fyrir þrívíddaraðflug af ástæðum er varða landsvæði, hindranir eða skilyrði varðandi aðskilnað flugumferðar. Í því tilviki er þeim einnig heimilt, til viðbótar því að hrinda þessu verklagi fyrir tvívíddaraðflug í framkvæmd, að hrinda í framkvæmd verklagi fyrir þrívíddaraðflug í samræmi við kröfurnar í RNP AR APCH-forskriftinni.

3) Þrátt fyrir 1. lið skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu hrinda í framkvæmd verklagi fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH), þ.m.t. LNAV- og LNAV/VNAV-lágmörkum, við blindflugsbrautarenda án viðeigandi SBAS-dreifingar. Veitendur ATM-/ANS-þjónustu skulu einnig hrinda í framkvæmd LPV-lágmörkum við enda slíkra blindflugsbrauta eigi síðar en 18 mánuðum eftir dagsetninguna sem viðeigandi SBAS-dreifing er tiltæk.

4) Í þeim tilvikum þar sem veitendur ATM-/ANS-þjónustu hafa tilgreint staðlaða blindflugsbrottför (SID) eða staðlað komuflug í blindflugi (STAR) skulu þeir hrinda þessum flugleiðum í framkvæmd í samræmi við kröfurnar í forskriftinni fyrir RNAV 1.

5) Þrátt fyrir 4. lið skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu, sem hafa tilgreint staðlaða blindflugsbrottför (SID) eða staðlað komuflug í blindflugi (STAR) þar sem þörf er á strangari frammistöðukröfum en þeim sem um getur í fyrrgreindum lið í því skyni að viðhalda afkastagetu og öryggi flugumferðar í umhverfi þar sem umferðarþungi er mikill, flækjustig flugumferðar er hátt eða vegna eiginleika landslags, hrinda þessum flugleiðum í framkvæmd í samræmi við kröfur forskriftarinnar fyrir RNP 1, þ.m.t. eina eða fleiri eftirfarandi viðbótarleiðsöguvirkni:

   a) starfrækslu eftir lóðréttri flugslóð og milli þessara tveggja staðarhnita og með notkun á:

      i. „AT“-hæðartakmörkun,

      ii. „AT OR ABOVE“-hæðartakmörkun,

      iii. „AT OR BELOW“-hæðartakmörkun,

      iv. „WINDOW“-takmörkun,

   b) RF-endaslóð.

6) Í þeim tilvikum sem veitendur ATM-/ANS-þjónustu hafa komið á fót flugþjónustuleiðum fyrir leiðarflug skulu þeir hrinda þessum flugleiðum í framkvæmd í samræmi við kröfurnar í forskriftinni fyrir RNAV 5.

7) Þrátt fyrir 4. og 6. lið skulu veitendur ATM-/ANS-þjónustu, sem hafa tilgreint flugþjónustuleiðir, staðlaða blindflugsbrottför, staðlað komuflug í blindflugi fyrir starfrækslu með þyrilvængjum, hrinda þessum flugleiðum í framkvæmd í samræmi við kröfurnar í forskriftunum fyrir RNP 0.3, RNAV 1 eða RNP 1. Í því tilviki skulu þeir eiga rétt á að ákveða hvaða kröfu af þessum þremur þeir ætli að uppfylla.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1984 **2020/EES/12/04**

frá 3. nóvember 2015

þar sem skilgreindar eru kringumstæður, snið og verklag fyrir tilkynningar skv. 5. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum

(tilkynnt með númeri C(2015) 7369) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB ([1]), einkum 5. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilkynningar aðildarríkjanna um rafrænar auðkenningarskipanir eru forsenda fyrir gagnkvæmri viðurkenningu rafrænna auðkenningarleiða.

2) Samstarf um samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana krefst einfaldaðrar málsmeðferðar. Þar eð þess er þegar krafist að samstarfið milli aðildarríkjanna, sem um getur í 6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og sem ítarlegar reglur eru settar um í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/296 ([2]), fari fram á ensku ætti sama lausn varðandi tilkynningar um rafrænar auðkenningarskipanir að auðvelda að ná fram samvirkni og öryggi skipananna. Þó ætti þýðing gagna, sem þegar liggja fyrir, ekki að leiða til óhóflegrar byrði.

3) Skipanir geta tekið til margra aðila sem gefa út rafræna auðkenningarleið og/eða margra fullvissustiga. Til glöggvunar og vegna réttarvissu ættu tilkynningar um slíkar skipanir hins vegar að vera eitt ferli, með sérstökum tilkynningareyðublöðum fyrir hvern aðila sem gefur út rafræna auðkenningarleið og/eða fyrir hvert fullvissustig.

4) Skipulag rafrænna auðkenningarskipana er breytilegt milli aðildarríkjanna og tekur til opinberra aðila og aðila úr einkageiranum. Þótt tilgangur tilkynningareyðublaðsins ætti m.a. að vera að veita eins nákvæmar upplýsingar og mögulegt er um ýmis yfirvöld eða aðila sem taka þátt í rafræna auðkenningarferlinu, ætti markmiðið ekki að vera að tilgreina t.d. öll sveitarfélög þegar þau taka þátt. Í slíku tilviki ætti að tilgreina í viðkomandi reit tilkynningareyðublaðsins á hvaða stjórnunarstigi viðkomandi yfirvald eða aðili er.

5) Það er forsenda fyrir gagnkvæmri viðurkenningu rafrænna auðkenningarleiða að öðrum aðildarríkjum sé látin í té lýsing á rafrænum auðkenningarskipunum fyrir tilkynningu, eins og sett er fram í g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014. Nota ætti tilkynningareyðublaðið, sem sett er fram í þessari framkvæmdargerð, til að láta öðrum aðildarríkjum í té lýsingu á skipaninni svo að jafningjarýnin, sem sett er fram í 2. mgr. 10 gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/296, geti farið fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/296 frá 24. febrúar 2015 um verklag við samstarf milli aðildarríkjanna um rafræna auðkenningu skv. 7. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 53, 25.2.2015, bls. 14).

6) Frestur framkvæmdastjórnarinnar til að birta tilkynningu, sem kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, ætti að reiknast frá þeim degi þegar að fullu útfyllt eyðublað er lagt fram. Tilkynningareyðublað ætti ekki að teljast að fullu útfyllt ef framkvæmdastjórnin þarf að óska eftir viðbótarupplýsingum eða skýringum.

7) Til að tryggja samræmda notkun tilkynningareyðublaðsins þykir rétt að framkvæmdastjórnin sjái aðildarríkjunum fyrir leiðbeiningum, einkum varðandi það hvort breytingar á tilkynningareyðublaðinu geti leitt til nýrrar tilkynningar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 er í þessari ákvörðun mælt fyrir um kringumstæður, snið og verklag fyrir tilkynningar um rafrænar auðkenningarskipanir til framkvæmdastjórnarinnar.

2. gr.

Tungumál tilkynningar

1. Tilkynningin skal vera á ensku. Tilkynningareyðublaðið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. skal fylla út í heild sinni á ensku.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal aðildarríkjunum ekki vera skylt að þýða fylgiskjöl, sem um getur í lið 4.4. í viðaukanum, ef það veldur óhóflegri byrði.

3. gr.

Verklag og snið tilkynninga

1. Tilkynning skal vera rafræn og snið hennar samsvara eyðublaðinu sem sett er fram í viðaukanum.

2. Ef skipan tekur til margra aðila sem bera ábyrgð á að gefa út rafrænar auðkenningarleiðir og/eða ef hún tekur til margra fullvissustiga, skal fylla út lið 3.2 og/eða, eftir því sem við á, lið 4.2 á tilkynningareyðublaðinu sem sett er fram í viðaukanum, sérstaklega fyrir hvern aðila sem gefur út rafræna auðkenningarleið og/eða fyrir hvert fullvissustig.

3. Ef yfirvöldin, aðilarnir eða stofnanirnar sem tilkynna á um á eyðublaðinu, sem sett er fram í viðaukanum, einkum aðilarnir sem sjá um skráningarferli einkvæmra auðkenningargagna aðila eða aðilarnir sem gefa út rafrænar auðkenningarleiðir, vinna samkvæmt sömu reglum og nota nákvæmlega sömu aðferðir, einkum þegar um er að ræða svæðis- eða staðaryfirvöld, skulu eftirfarandi sérreglur gilda:

a) fylla má út tilkynningareyðublaðið einu sinni fyrir alla slíka aðila,

b) fylla má út tilkynningareyðublaðið með upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hvaða hlutverki viðkomandi gegnir eða á hvaða svæðisbundna skipulagsstigi hann er (e. functional or territorial organisation level).

4. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta móttöku tilkynningarinnar með rafrænum hætti.

5. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á viðbótarupplýsingar eða nánari skýringar við eftirfarandi aðstæður:

a) tilkynningareyðublaðið er ekki fyllt út með tilhlýðilegum hætti,

b) augljós villa er í eyðublaðinu eða í fylgiskjölunum,

c) önnur aðildarríki hafa ekki fengið lýsingu á rafrænu auðkenningarskipaninni fyrir tilkynningu samkvæmt g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

6. Ef óskað er viðbótarupplýsinga eða skýringa sem um getur í 5. mgr. skal tilkynningin aðeins teljast fullfrágengin þegar slíkar viðbótarupplýsingar eða skýringar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina.

4. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günther OETTINGER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

TILKYNNINGAREYÐUBLAÐ FYRIR RAFRÆNAR AUÐKENNINGARSKIPANIR SAMKVÆMT 5. MGR. 9. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 910/2014

(Setja skal inn heiti aðildarríkis) tilkynnir hér með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um rafræna auðkenningarskipan til birtingar í skránni sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og staðfestir eftirfarandi:

— upplýsingarnar sem veittar eru með þessari tilkynningu eru í samræmi við upplýsingarnar sem samstarfsnetinu hafa verið látnar í té í samræmi við g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og

— hægt er að nota rafrænu auðkenningarskipanina til aðgengis að a.m.k. einni þjónustu sem opinber aðili veitir í (*setja skal inn heiti aðildarríkis*).

Dagsetning

[rafræn undirritun]

1. **Almennar upplýsingar**

Heiti skipanar (ef til er)	Fullvissustig, eitt eða fleiri (lágt, verulegt eða hátt)

2. **Yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á skipaninni**

Heiti yfirvalds/yfirvalda	Póstfang eða -föng	Tölvupóstfang eða -föng	Símanúmer

3. **Upplýsingar um viðeigandi aðila og stofnanir (ef um er að ræða marga aðila eða stofnanir skal tilgreina þá alla/allar í samræmi við 2. og 3. mgr. 3. gr.)**

3.1. **Aðili sem sér um skráningarferli einkvæmra auðkenningargagna aðila**

Heiti þess aðila sem sér um skráningarferli einkvæmra auðkenningargagna aðila

3.2. **Aðili sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina**

Heiti þess aðila sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina og hvort aðilans er getið í i., ii. eða iii. lið a-liðar 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014

i. liður a-liðar 7. gr. ☐	ii. liður a-liðar 7. gr. ☐	iii. liður a-liðar 7. gr. ☐

3.3. **Aðili sem starfrækir sannvottunarferlið**

Heiti aðila sem starfrækir sannvottunarferlið

3.4. **Eftirlitsstofnun**

Heiti eftirlitsstofnunarinnar

(tilgreina skal heitið/heitin, eftir atvikum)

4. **Lýsing á rafrænu auðkenningarskipaninni**

Heimilt er að láta skjal eða skjöl fylgja með hverri af eftirfarandi lýsingum.

a) Lýsa skal skipaninni í stuttu máli, þ.m.t. starfsumhverfi hennar og gildissviði

b) Tilgreina skal, eftir atvikum, þær viðbótareigindir sem láta má í té um einstaklinga samkvæmt skipaninni ef treystandi óskar þess

c) Tilgreina skal, eftir atvikum þær viðbótareigindir sem láta má í té um lögaðila samkvæmt skipaninni ef treystandi óskar þess

4.1. **Gildandi eftirlits-, bótaábyrgðar- og stjórnunarfyrirkomulag**

4.1.1. **Gildandi eftirlitsfyrirkomulag**

Lýsa skal eftirlitsfyrirkomulagi skipaninnar að því er varðar eftirfarandi:

(upplýsingar skulu, eftir atvikum, taka til hlutverka, ábyrgðar og valdheimilda eftirlitsstofnunarinnar sem um getur í lið 3.4 og til þess aðila sem hún heyrir undir. Ef eftirlitsstofnunin heyrir ekki undir yfirvaldið sem ber ábyrgð á skipaninni skal veita ítarlegar upplýsingar um aðilann sem eftirlitsstofnunin heyrir undir)

a) Eftirlitsfyrirkomulag sem gildir um aðilann sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina

b) Eftirlitsfyrirkomulag sem gildir um aðilann sem starfrækir sannvottunarferlið

4.1.2. **Gildandi bótaábyrgðarfyrirkomulag**

Lýsa skal í stuttu máli gildandi landsbundnu bótaábyrgðarfyrirkomulagi í eftirfarandi aðstæðum:

a) bótaábyrgð aðildarríkisins samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014

b) bótaábyrgð aðilans sem gefur út rafrænu auðkenningarleiðina samkvæmt 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014

c) bótaábyrgð aðilans sem starfrækir sannvottunarferlið samkvæmt 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014

4.1.3. **Gildandi stjórnunarfyrirkomulag**

Lýsa skal fyrirkomulagi við tímabundna ógildingu eða afturköllun á annað hvort allri auðkenningarskipaninni eða sannvottuninni eða þeim hlutum þeirra sem stefnt hefur verið í hættu

4.2. **Lýsing á þáttum skipaninnar**

Lýsa skal hvernig eftirfarandi þættir framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1502 ([1]) hafa verið framkvæmdir til að ná fullvissustigi rafrænnar auðkenningarleiðar undir skipaninni sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um:

(tilgreina skal hvers konar staðla sem fylgt er)

4.2.1. **Skráning**

a) Umsókn og skráning

b) Sönnun og sannprófun á kennslum (einstaklingur)

c) Sönnun og sannprófun á kennslum (lögaðili)

d) Tenging milli rafrænna auðkenningarleiða einstaklinga og lögaðila

4.2.2. **Stjórnun rafrænna auðkenningarleiða**

a) Eiginleikar og útfærsla rafrænna auðkenningarleiða (þ.m.t. eftir atvikum, upplýsingar um öryggisvottun)

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1502 frá 8. september 2015 um að ákvarða lágmarkstækniforskriftir og -ferla varðandi fullvissustig fyrir rafrænar auðkenningarleiðir skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 7).

b) Útgáfa, afhending og virkjun

c) Tímabundin ógilding, afturköllun og endurvirkjun

d) Endurnýjun og útskipti

4.2.3. **Sannvottun**

Lýsa skal sannvottunarferlinu, þ.m.t. skilyrðum fyrir aðgangi annarra treystenda en opinberra aðila að slíkri sannvottun

4.2.4. **Stjórnun og skipulag**

Lýsa skal stjórnun og skipulagi eftirfarandi þátta:

a) Almenn ákvæði um stjórnun og skipulag

b) Birtar tilkynningar og upplýsingar til notenda

c) Stjórnun upplýsingaöryggis

d) Skráahald

e) Aðstaða og starfsfólk

f) Tæknilegar stýringar

g) Reglufylgni og úttekt

4.3. **Kröfur um samvirkni**

Lýsa skal hvernig kröfur um samvirkni og lágmarkskröfur um tækni og rekstraröryggi samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1501 ([1]) eru uppfylltar. Telja skal upp og láta fylgja með öll skjöl sem geta veitt frekari upplýsingar um reglufylgni, s.s. álitsgerð samstarfsnetsins, ytri úttektir o.s.frv.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1501 frá 8. september 2015 um umgjörð samvirkni skv. 8. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 235, 9.9.2015, bls. 1).

4.4. **Fylgiskjöl**

Telja skal upp öll framlögð fylgiskjöl og tilgreina hverjum framangreindra þátta þau tengjast. Tilgreina skal alla innlenda löggjöf sem tengist ákvæðum um rafræna auðkenningu sem varða þessa tilkynningu. Leggja skal fram enska útgáfu eða enska þýðingu ef hún er tiltæk.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/995 **2020/EES/12/05**

frá 17. júní 2019

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er þess krafist að skipaeigendur tryggi að skip sem eru ætluð til endurvinnslu séu eingöngu endurunnin í skipaendurvinnslustöðvum sem eru í Evrópuskránni yfir skipaendurvinnslustöðvar sem er birt skv. 16. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Evrópuskráin er sett fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 ([2]).

3) Danmörk hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald hafi gefið út starfsleyfi fyrir tvær skipaendurvinnslustöðvar ([3]), sem eru staðsettar á yfirráðasvæði þess, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Danmörk hefur veitt framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til innfærslu stöðvanna í Evrópuskrána. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að hún nái yfir þær stöðvar.

4) Eftir upptöku reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið ([4]) hefur Noregur upplýst framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald hafi gefið út starfsleyfi fyrir fimm skipaendurvinnslustöðvar ([5]), sem eru staðsettar á yfirráðasvæði þess, í samræmi við 14. gr. þeirrar reglugerðar. Noregur hefur veitt framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til innfærslu stöðvanna í Evrópuskrána. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að hún nái yfir þær stöðvar.

5) Framkvæmdastjórninni hefur borist umsókn í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um innfærslu skipaendurvinnslustöðvar ([6]), sem er staðsett í Tyrklandi, í Evrópuskrána. Eftir að hafa metið upplýsingarnar og sannanir þeim til stuðnings, sem voru lagðar fram eða var safnað í samræmi við 15. gr. þeirrar reglugerðar, telur framkvæmdastjórnin að stöðin uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 13. gr. þeirrar reglugerðar til að stunda skipaendurvinnslu og fá skráningu í Evrópuskrána. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að hún nái yfir þá stöð.

6) Enn fremur er nauðsynlegt að leiðrétta villu í tengslum við upplýsingarnar að því er varðar d-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 í Evrópuskránni fyrir skipaendurvinnslustöðina sem er staðsett í Finnlandi.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál), við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119).

([3]) FAYARD A/S og Stena Recycling A/S.

([4]) Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningar) og XX. viðauka (Umhverfismál) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([5]) AF Offshore Decom, Green Yard AS, Kvaerner AS (Stord), Lutelandet Industrihamn og Norscrap West AS

([6]) Isiksan Gemi Sokum Pazarlama Ve Tic. Ltd Sti.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 17. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

EVRÓPUSKRÁ YFIR SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐVAR SEM UM GETUR Í 16. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 1257/2013

A-HLUTI

Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í aðildarríki

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
BELGÍA						
NV Galloo Recycling Ghent Scheepszatestraat 9 9000 Gent Belgía Símanúmer: +32(0)9/251 25 21 Tölvupóstfang: peter.wyntin@galloo.com	Samhliða (leguplass á floti), hallandi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 265 metrar Breidd: 37 metrar Djúprista: 12,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endur-skoðunartímabils er 30 dagar	34 000 (4)	31. mars 2020
DANMÖRK						
FAYARD A/S Kystvejen 100 DK-5330 Munkebo Danmörk www.fayard.dk Símanúmer: +45 7592 0000 Tölvupóstfang: fayard@fayard.dk	Úrelding og endurvinnsla í þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 415 metrar Breidd: 90 metrar Djúprista: 7,8 metrar	Reglur hafa verið settar um skipa-endurvinnslustöðina í samræmi við gildandi löggjöf og við skilyrðin sem sett eru fram í umhverfisleyfi frá 7. nóvember 2018 sem sveitar-félagið Kerteminde gaf út. Umhverfisleyfið inniheldur skilyrði fyrir rekstrarstundir, sérstök rekstr-arskilyrði, meðhöndlun og geymslu úrgangs og inniheldur einnig skilyrðið um að starfsemin skal fara fram í þurrkví.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endur-skoðunartímabils er 14 dagar.	0 (5)	7. nóvember 2023

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
Fornæs ApS Rolshøjvej 12–16 8500 Grenaa Danmörk www.fornaes.dk Símanúmer: +45 86326393 Tölvupóstfang: recycling@fornaes.dk	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 25 metrar Djúprista: 6 metrar BT: 10 000	Sveitarfélagið Norddjurs hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar.	30 000 ([6])	30. júní 2021
Modern American Recycling Services Europe (M.A.R.S) Sandholm 60 9900 Frederikshavn Danmörk Vefsetur: http://www.modernamericanrecyclingservices.com/ Tölvupóstfang: kim@mars-eu.dk	Klipping og logskurður eftir að viðfangsefni sundurhlutunarinnar hefur verið komið fyrir á dráttarbraut.	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 290 metrar Breidd: 90 metrar Djúprista: 14 metrar	Skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar eru skilgreind í umhverfisleyfi frá 9. mars 2018 sem sveitarfélagið Frederikshavn gaf út. Sveitarfélagið Frederikshavn hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva, eins og sett er fram í umhverfisleyfinu fyrir skipaendurvinnslustöðina. Ekki skal geyma hættulegan úrgang í stöðinni í meira en eitt ár.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar.	0 ([7])	23. ágúst 2023

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
Smedegaarden A/S Vikingkaj 5 6700 Esbjerg Danmörk www.smedegaarden.net	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 170 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 7,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endur-skoðunartímabils er 14 dagar	20 000 ([8])	15. september 2021
Stena Recycling A/S Grusvej 6 6700 Esbjerg DANMÖRK Símanúmer: +45 20699190 Vefsetur: https://www.stenarecycling.dk/ Tölvupóstfang: jakob.kristensen@stenarecycling.com	Klipping og logskurður eftir að viðfangsefni sundurhlutunarinnar hefur verið komið fyrir á afgirtu svæði sem varið er fyrir flóði og er búið ógegndræpu gólfi og skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 40 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 10 metrar	Skilyrði fyrir starfi skipaendur-vinnslustöðvarinnar eru skilgreind í umhverfisleyfi frá 5. október 2017 sem sveitarfélagið Esbjerg gaf út. Sveitarfélagið Esbjerg hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna mót-tökustöðva, eins og sett er fram í umhverfisleyfinu fyrir skipaendur-vinnslustöðina	Óbeint samþykki, þar sem hámark endur-skoðunartímabils er 14 dagar	0 ([9])	7. febrúar 2024
EISTLAND						
BLRT Refonda Baltic OÜ Kopli 103, 11712 Tallinn, Eistland Símanúmer: +372 610 2933 Bréfasími +372 610 2444 Tölvupóstfang: refonda@blrt.ee www.refonda.ee	Á floti við viðlegubryggju og í flotkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 197 metrar Breidd: 32 metrar Djúprista: 9,6 metrar BT: 28 000	Leyfi fyrir úrgangi nr. L.JÄ/ 327249. Leyfi fyrir meðhöndlun hættulegs úrgangs nr. 0222. Reglur hafnarinnar Vene-Balti, handbók um endurvinnslu skipa MSR-Refonda. Umhverfisstjórnun-arkerfi, meðhöndlun úrgangs EP 4.4.6-1-13 Stöðin getur einungis endurunnið þau hættulegu efni sem hún hefur fengið leyfi fyrir.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endur-skoðunartímabils er 30 dagar.	21 852 ([10])	15. febrúar 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
SPÁNN						
DDR VESSELS XXI, S.L. Höfnin „El Musel“ Gijón Spánn Símanúmer: +34 630 14 44 16 Tölvupóstfang: abarredo@ddr-vessels.com	Sundurhlutunarrampur	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, að undanskildum kjarnorkuknúnum skipum. Hámarksmál skipa: Lengd: 169,9 metrar (Samþykkja má stærri skip með enga eða takmarkaða hreyfingu á rampinum, með hliðsjón af niðurstöðu úr nákvæmri hag-kvæmniathugun)	Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu.	Beint samþykki frá skrifstofu hafnarstjóra þeirrar hafnar þar sem stöðin er staðsett	0 ([11])	28. júlí 2020
FRAKKLAND						
Démonaval Recycling ZI du Malaquis Rue François Arago 76580 LE TRAIT Símanúmer: (+ 33) (0)7 69 79 12 80 Tölvupóstfang: patrick@demonaval-recycling.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 140 metrar Breidd: 25 metrar Dýpt: 5 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skil-greindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið	0 ([12])	11. desember 2022

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
GARDET & DE BEZENAC Recycling/Groupe BAUDELET ENVIRONNEMENT – GIE MUG 616, Boulevard Jules Durand 76600 Le Havre Frakkland Símanúmer: +33(0)2 35 95 16 34 Tölvupóstfang: infos@gardet-bezenac.com	Á floti og á dráttarbraut	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 18 metrar EÞT: 7 000	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið	16 000 ([13])	30. desember 2021
Grand Port Maritime de Bordeaux 152, Quai de Bacalan — CS 41320 - 33082 Bordeaux Cedex Frakkland Símanúmer: +33(0)5 56 90 58 00 Tölvupóstfang: maintenance@bordeaux-port.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 240 metrar Breidd: 37 metrar Dýpt: 17 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið	18 000 ([14])	21. október 2021
Les Recycleurs bretons Zone Industrielle de Kerbriant - 29 610 Plouigneau Frakkland Símanúmer: +33(0)2 98 01 11 06 Tölvupóstfang: navaleo@navaleo.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 225 metrar Breidd: 34 metrar Dýpt: 27 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið	5 500 ([15])	24. maí 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
ÍTALÍA						
San Giorgio del Porto S.p.A. Calata Boccardo 8 16128 – Genova – Ítalía Símanúmer: +39 (0)10 251561 Tölvupóstfang: segreteria@sgdp.it; sangiorgiodelporto@legalmail.it www.sgdp.it	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 350 metrar Breidd: 75 metrar Djúprista: 16 metrar BT: 130 000	Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu. Stöðin hefur áætlun fyrir skipa-endurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013	Beint samþykki	38 564 (16)	6. júní 2023
LETTLAND						
A/S „Tosmares kuģubūvētava“ Ģenerāļa Baloža street 42/44, Liepaja, LV-3402 Lettland Símanúmer: +371 63401919 Tölvupóstfang: shipyard@tosmare.lv	Sundurhlutun skipa (legupláss á floti og þurrkví)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 165 m Breidd: 22 m Dýpt: 7 m BG: 14 000 BT: 200–12 000 Þyngd: 100–5 000 tonn EÞT: 100–5 000	Sjá landsbundið leyfi nr. LI10IB0024.	Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	0 (17)	11. júní 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
LITÁEN						
UAB APK Minijos 180 (legupláss 133A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 (46) 365776 Bréfasími +370 (46) 365776 Tölvupóstfang: uab.apk@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 130 metrar Breidd: 35 metrar Dýpt: 10 metrar BT: 3 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-15/2015	Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	1 500 ([18])	17. mars 2020
UAB Armar Minijos 180 (legupláss 127A, 131A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 685 32607 Tölvupóstfang: armar.uab@gmail.com; albatrosas33@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (legupláss 127A): Lengd: 80 metrar Breidd: 16 metrar Dýpt: 6 metrar BT: 1 500 Hámarksmál skipa (legupláss 131A): Lengd: 80 metrar Breidd: 16 metrar Dýpt: 5 metrar BT: 1 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-16/2015 (legupláss 127A) Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-51/2017 (legupláss 131A)	Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	3 910 ([19])	17. mars 2020 (legupláss 127A) 19. apríl 2022 (legupláss 131A)

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
UAB Vakaru refonda Minijos 180 (leguplàss 129, 130, 131A, 131, 132, 133A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 (46) 483940/483891 Bréfasími +370 (46) 483891 Tölvupóstfang: refonda@wsy.lt	Samhliða (leguplàss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 230 metrar Breidd: 55 metrar Dýpt: 14 metrar BT: 70 000	Sjá landsbundið leyfi nr. (11.2)-30-161/2011/TL-KL.1-18/2015	Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	20 140 ([20])	21. maí 2020
HOLLAND						
Keppel-Verolme Prof. Gerbrandyweg 25 3197 KK Rotterdam-Botlek Holland Símanúmer: +31 18 123 43 53 Tölvupóstfang: mzoethout@keppelverolme.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 405 metrar Breidd: 90 metrar Dýpt: 11,6 metrar	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	52 000 ([21])	21. júlí 2021
Scheepssloperij Nederland B.V. Havenweg 1; 3295 XZ s-Gravendeel Postbus 5234; 3295 ZJ s-Gravendeel Holland Símanúmer: +31 78 673 60 55 Tölvupóstfang: info@sloperij-nederland.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Breidd: 33 metrar Dýpt: 6 metrar Hæð: 45 metrar (Botlek-brú)	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	9 300 ([22])	27. september 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
		Endurvinnsluaðgerðir hefjast á floti til að létta skrokkinn; vind-an til að draga skipin upp á rampinn getur dregið 2 000 tonn.				
NOREGUR						
AF Offshore Decom Raunesvegen 597, 5578 Nedre Vats Noregur https://afgruppen.no/selskaper/af-offshore-decom/	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan er skrokkurinn færður á hafnarbakkann. Meðhöndlun úrgangs og úrelding á ógegndræpu yfirborði með skilvirku frárennsliskerfi.	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 290 metrar Dýpt: 23 metrar AF getur einnig tekið á móti hálfsökkvanlegum pöllum	Sjá landsbundið leyfi nr. 2005.0038.T	Beint samþykki	20 000 ([23])	28. janúar 2024
Green Yard AS Angholmen, 4485 Feda, Noregur www.greenyard.no	Yfirbyggð stöð á dráttarbraut. Helstu sundurhlutunar-aðgerðir skulu fara fram innanhúss.	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Breidd: 25 m Lengd: Engin takmörk	Sjá landsbundið leyfi nr. 2018.0833.T Leyfið setur takmarkanir á vinnu sem má fara fram utanhúss til að skip komist fyrir í yfirbyggðu stöðinni.	Beint samþykki	0 ([24])	28. janúar 2024

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
Kvaerner AS (Stord) Eldøyane 59, 5411 Stord, Noregur www.kvaerner.com	Legupláss á floti og dráttarbraut. Stór för eru úrelt að hluta til á hafnarbakka þar til hægt er að færa skrokkinn á dráttar-brautina. Öll frekari úrelding á steinsteypupöllum með fráveitu í vatnshreinsunarstöð.	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 230 m Breidd: Engin takmörk Kvaerner getur einnig tekið á móti þilfarshlutum, stoðvirkjum borpalla auk hálfsökkvanlegra palla	Sjá landsbundið leyfi nr. 2013.0111.T	Beint samþykki	60 000 ([25])	28. janúar 2024
Lutelandet Industrihamn Lutelandet Offshore AS 6964 Korssund, Noregur www.lutelandetoffshore.com	Sundurhlutun við viðlegubryggju, færð upp á land til úreldingar á ógegnd-ræpu yfirborði með fráveitubúnaði og meðhöndlunarkerfum.	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Öll skip í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Lutelandet getur einnig tekið á móti þilfarshlutum, stoðvirkjum borpalla auk hálfsökkvanlegra palla	Sjá landsbundið leyfi Nr. 2014.0646.T	Beint samþykki	7 000 ([26])	28. janúar 2024
Norscrap West AS Hanøytangen 122, 5310 Hauglandhella, Noregur www.norscrap.no	Fljótandi dráttarbraut Til viðbótar, valkvætt með hliðsjón af flækjustigi: 1. Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi 2. Þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 m Breidd: 34 m EÞT: 8 000 tonn á fljótandi dráttarbraut. Aukning byggir á endurvinnsluaðferðum.	Sjá landsbundið leyfi nr. 2017.0864.T	Beint samþykki	4 500 ([27])	1. mars 2024

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
PORTÚGAL						
Navalria — Docas, Construções e Reparações Navais Porto Comercial, Terminal Sul, Apartado 39, 3811-901 Aveiro Portúgal Símanúmer: +351 234 378 970, +351 232 767 700 Tölvupóstfang: info@navalria.pt	Sundurhlutun í þurrkví, afmengun og sundurhlutun á láréttum og hallandi fleti, í samræmi við stærð skipsins	Nafnrúmtak lárétta flatarins: 700 tonn Nafnrúmtak hallandi flatarins: 900 tonn	Skilyrði sem gilda um starfsemina eru skilgreind í forskriftum sem fylgja bálknum AL n. 5/2015/CCDRC frá 26. janúar 2016	Beint samþykki	1 900 ([28])	26. janúar 2020
FINNLAND						
Turun Korjaustelakka Oy (Turku Repair Yard Ltd) Navirentie, 21110 Naantali Finnland Símanúmer: +358 2 44 511 Tölvupóstfang try@turkurepairyard.com	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 250 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 7,9 metrar	Takmarkanirnar eru í landsbundna umhverfisleyfinu.	Beint samþykki	20 000 ([29])	1. október 2023
BRETLAND						
Able UK Limited Teesside Environmental Reclamation and Recycling Centre Graythorp Dock Tees Road Hartlepool Cleveland TS25 2DB Bretland Símanúmer: +44(0)1642 806080 Tölvupóstfang: info@ableuk.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 337,5 metrar Mesta breidd skips: 120 metrar Djúprista: 6,65 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipa-endurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/VP3296ZM) sem takmarkar starfsemi og setur rekstrar-aðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	66 340 ([30])	6. október 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Dales Marine Services Ltd Imperial Dry Dock Leith Edinburgh EH6 7DR Tengiliður: Símanúmer: +44(0)131 454 3380 Tölvupóstfang: leithadmin@dalesmarine.co.uk; b.robertson@dalesmarine.co.uk	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi með-höndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip að hámarki 7 000 tonn Hámarksmál skipa: Lengd: 165 metrar Mesta breidd skips: 21 metrar Djúprista: 7,7 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipa-endurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun: WML L 1157331) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	7 275 (31)	2. nóvember 2022
Harland and Wolff Heavy Industries Limited Queen's Island Belfast BT3 9DU Bretland Símanúmer: +44(0)2890 458456 Tölvupóstfang: trevor.hutchinson@harland-wolff.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi með-höndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í stærð sem tilgreind er í samþykktri vinnuáætlun. Hámarksmál skipa: Aðalskipakvíin (sú stærsta) hefur burðargetu sem nemur 556 m × 93 m × 1,2 m og getur tekið för allt að þeirri stærð. Stærsta þurrkvíin hefur burðargetu sem nemur 1,2 millj.	Stöðin hefur áætlun fyrir skipa-endurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs, leyfisnúmer LN/07/21/V2, sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	13 200 (32)	3. ágúst 2020
Swansea Drydock Ltd Prince of Wales Dry Dock Swansea Wales SA1 1LY Bretland Símanúmer: +44(0)1792 654592 Tölvupóstfang: info@swanseadrydocks.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi með-höndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Mesta breidd skips: 27 metrar Djúprista: 7 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipa-endurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/UP3298VL) sem takmarkar starfsemi og setur rekstrar-aðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	7 275 (33)	2. júlí 2020

(1) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.
(2) Eins og um getur í þriðja málslið a-liðar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

([3]) Gildislok innfærslu í Evrópuskrána samsvarar lokadagsetningu gildistíma leyfisins eða starfsleyfisins sem stöðinni var veitt í aðildarríkinu.
([4]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([5]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 30 000 EÞT á ári.
([6]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([7]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 200 000 EÞT á ári.
([8]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([9]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 45 000 EÞT á ári.
([10]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([11]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.
([12]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([13]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 18 000 EÞT á ári.
([14]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 23 000 EÞT á ári.
([15]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 10 000 EÞT á ári.
([16]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.
([17]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([18]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([19]) Samkvæmt leyfunum er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 12 000 tonn EÞT á ári (6 000 EÞT á hvert legupláss).
([20]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 45 000 EÞT á ári.
([21]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 100 000 EÞT á ári.
([22]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 45 000 EÞT á ári.
([23]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 75 000 EÞT á ári.
([24]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([25]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 60 000 EÞT á ári.
([26]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 200 000 EÞT á ári.
([27]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 100 000 EÞT á ári.
([28]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 5 000 EÞT á ári.
([29]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 40 000 EÞT á ári.
([30]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 230 000 EÞT á ári.
([31]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 7 275 EÞT á ári.
([32]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 300 000 EÞT á ári.
([33]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 74 999 EÞT á ári.

B-HLUTI

Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endur-vinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
TYRKLAND						
Isiksan Gemi Sokum Pazarlama Ve Tic. Ltd Sti. Gemi Söküm Tesisleri Parcel 22 Aliağa İzmir 35800 Tyrkland Símanúmer: +90 232 618 21 65 Tölvupóstfang: info@isiksangemi.com	Löndunar-aðferð	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: engin takmörkun Breidd: 75 metrar Djúprista: 17 metrar	Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlis-skipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga-, siglinga- og samskiptamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. Hættulegur úrgangur er meðhöndlaður af samtökum um skipaendurvinnslu í Tyrklandi, SRAT (e. *Ship Recycling Association of Turkey*) sem starfa með tilskildu leyfi sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gefur út.	Óbeint samþykki Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini.	91 851 ([4])	7. júlí 2024
LEYAL GEMİ SÖKÜM SANAYİ ve TİCARET LTD. Gemi Söküm Tesisleri, Parcel 3-4 Aliaga, Izmir 35800, Tyrkland Símanúmer: +90 232 618 2030 Tölvupóstfang: info@leyal.com.tr	Löndunar-aðferð	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: engin takmörkun Breidd: 100 metrar Djúprista: 15 metrar	Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlis-skipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga-, siglinga- og samskiptamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar.	Óbeint samþykki Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip.	55 495 ([5])	9. desember 2023

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endur-vinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
			Hættulegur úrgangur er meðhöndlaður af samtökum um skipaendurvinnslu í Tyrklandi, SRAT (e. *Ship Recycling Association of Turkey*) sem starfa með tilskildu leyfi sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gefur út.	Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini.		
LEYAL-DEMTAŞ GEMİ SÖKÜM SANAYİ ve TİCARET A.Ş. Gemi Söküm Tesisleri, Parcel 25 Aliaga, Izmir 35800, Tyrkland Símanúmer: +90 232 618 2065 Tölvupóstfang: demtas@leyal.com.tr	Löndunar-aðferð	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: engin takmörkun Breidd: 63 metrar Djúprista: 15 metrar	Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlis-skipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga-, siglinga- og samskiptamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. Hættulegur úrgangur er meðhöndlaður af samtökum um skipaendurvinnslu í Tyrklandi, SRAT (e. *Ship Recycling Association of Turkey*) sem starfa með tilskildu leyfi sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gefur út.	Óbeint samþykki Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini.	50 350 ([6])	9. desember 2023
BANDARÍKI AMERÍKU						
International Shipbreaking Limited L.L.C 18601 R.L Ostos Road Brownsville TX, 78521 Bandaríkin Símanúmer: 956-831-2299 Tölvupóstfang: chris.green@internationalship-breaking.com robert.berry@internationalship-breaking.com	Samhliða (legupláss á floti), hallandi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 335 metrar Breidd: 48 metrar Djúprista: 9 metrar	Skilyrðin fyrir starfsemi stöðvarinnar eru skilgreind í leyfum, vottorðum og heimildum sem Umhverfisverndar-stofnun Bandaríkjanna (e. *Environmental Protection Agency*), nefndin fyrir umhverfisgæði í Texas (e. *Texas Commission of Environmental Quality*), ríkisstofnunin sem sér um jarðeignir ríkisins í Texas (e. *Texas General Land Office*) og strandgæsla Bandaríkjanna gefa út fyrir stöðina.	Sem stendur er ekki til málsmeðferð í löggjöf Bandaríkjanna í tengslum við samþykki fyrir endurvinnsluáætlun skipa.	120 000 ([7])	9. desember 2023

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endur-vinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
			Samkvæmt lögum Bandaríkjanna um eftirlit með eiturefnum (e. *U.S. Toxic Substances Control Act*) er lagt bann við innflutningi til Bandaríkjanna á förum sem sigla undir erlendum fána og innihalda PCB-efni í styrk sem er yfir 50 milljónarhlutar. Í stöðinni eru tvær dráttarbrautir með rampa fyrir endanlega endurvinnslu á förum (austari og vestari dráttarbraut). Skip sem sigla undir fána aðildarríkis Evrópusambandsins skulu eingöngu endurunnin á austari dráttarbrautinni.			

(1) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.
(2) Eins og um getur í þriðja málslið a-liðar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.
(3) Færsla skipaendurvinnslustöðvar sem er staðsett í þriðja landi á Evrópuskrána gildir í fimm ár frá gildistökudegi viðkomandi framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem kveðið er á um færslu þeirrar stöðvar á skrá, nema annað sé tekið fram.
(4) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 120 000 EÞT á ári.
(5) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 80 000 EÞT á ári.
(6) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 60 000 EÞT á ári.
(7) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 120 000 EÞT á ári.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1213 **2020/EES/12/06**

frá 12. júlí 2019

um ítarleg ákvæði sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglna um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 ([1]), einkum 5. mgr. 10. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innbyggður vigtunarbúnaður er kostur sem aðildarríkjunum býðst samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB til að hafa eftirlit með ökutækjum eða samtengdum ökutækjum sem kunna að vera ofhlaðin.

2) Til að tryggja rekstrarsamhæfi ætti innbyggði vigtunarbúnaðurinn, í samræmi við ákvæði annarrar málsgreinar 5. mgr. 10. gr. d í tilskipun 96/53/EB, að vera fær um að senda vigtunargögn, hvenær sem er, frá ökutæki á ferð til lögbærra yfirvalda og til ökumanns þess í gegnum skilflöt sem skilgreindur er í stöðlum Staðlasamtaka Evrópu fyrir sérhæfð, skammdræg fjarskiptakerfi (CEN DSRC). Því ætti að samþykkja tækniforskriftir, sem laga innihald staðlanna að sérstökum eiginleikum upplýsinganna sem innbyggður vigtunarbúnaður á að veita.

3) Heimilt er að koma innbyggðum vigtunarbúnaði fyrir í vélknúnum ökutækjum og einnig í eftirvögnum og festivögnum. Nauðsynlegt er að tryggja að innbyggður vigtunarbúnaður, sem er komið fyrir í mismunandi ökutækjum samtengdra ökutækja, sé innbyrðis samrýmanlegur. Tryggja ætti samrýmanleika með framkvæmd evrópskra staðla um samvirk skynvædd flutningakerfi (C-ITS), eins og um getur í framseldu gerðinni, sem kemur til viðbótar við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB ([2]) að því er varðar útbreiðslu og hagnýt not af samvirkum skynvæddum flutningakerfum.

4) Aðildarríki, sem krefjast þess að innbyggður vigtunarbúnaður sé settur upp, ættu að geta undanþegið frá þessari skuldbindingu ökutæki eða samtengd ökutæki þar sem ómögulegt er að fara yfir leyfilega hámarksþyngd, s.s. eftirvagnar eða festivagnar sem eru sérstaklega hannaðir til að flytja vökva eða búfé.

5) Notkun á innbyggðum vigtunarbúnaði í því skyni að framfylgja lögum getur haft í för með sér tilraunir til að hagræða gögnum, eins og raunin er með önnur kerfi í ökutækjum, s.s. stafrænum ökurita eða kerfum til að takmarka losun. Í því skyni að viðhalda tilhlýðilegu öryggisstigi gegn hagræðingu á gögnum verður að tryggja samskipti milli vélknúins ökutækis og eftirvagns eða festivagns. Auk þess ætti vottunarstofa, sem er viðurkennd af stjórnarnefndinni innan ramma "samningsins um gagnkvæma viðurkenningu vottorða um öryggismat á sviði upplýsingatækni“ frá nefnd háttsettra embættismanna um öryggi upplýsingakerfa (SOG-IS), að votta innbyggðan vigtunarbúnað samkvæmt sameiginlegri viðmiðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 18.7.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta (Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1).

6) Aðildarríki sem kjósa að setja upp innbyggðan vigtunarbúnað í ökutæki ættu að tryggja að ökutækið verði skoðað með tilliti til búnaðarins á verkstæðum fyrir innbyggðan vigtunarbúnað. Til þess að tryggja samræmda framkvæmd á þeim reglum um rekstrarsamhæfi sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu þessi verkstæði að tryggja að innbyggði búnaðurinn starfi með nægilegri nákvæmni. Þessi verkstæði geta verið, með fyrirvara um að gerðar séu nauðsynlegar breytingar, prófunarstöðvar sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([3]), verkstæði sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 ([4]), eða önnur verkstæði sem uppfylla kröfurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Aðildarríki, sem kjósa að taka ekki upp innbyggðan vigtunarbúnað á grundvelli 1. mgr. 10. gr. d í tilskipun 96/53/EB, ættu ekki að þurfa að koma þessum verkstæðum á fót.

7) Núverandi staða í tækni gerir hvorki kleift að taka í notkun CEN DSRC- né C-ITS-samskiptastaðla í innbyggðum vigtunarbúnaði fyrir 27. maí 2021. Þess vegna ætti að samþykkja áfangaskipta nálgun við að taka í notkun innbyggðan vigtunarbúnað svo að innan iðnaðarins megi þróa vörur sem uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, einkum ákvæði II. viðauka og tilteknar kröfur III. viðauka. Þau aðildarríki sem kjósa að setja upp innbyggðan vigtunarbúnað ættu, fyrir 27. maí 2021, að beita kröfunum sem vísa í 1. áfanga sem settar eru fram í I. og III. viðauka. Veita ætti þriggja ára viðbótarfrest til að hrinda í framkvæmd kröfunum sem settar eru í II. viðauka og þeim sem vísa í 2. áfanga sem settar eru fram í I. og III. viðauka.

8) Aðildarríkjum er heimilt að grípa til sértækra ráðstafana til að gera kröfu um að ökutækin, sem sæta eftirliti lögbærra yfirvalda til að tryggja að farið sé að ákvæðum tilskipunar 96/53/EB, sem tekin eru í notkun frá 27. maí 2021 og eru skráð á yfirráðasvæði þeirra, séu búin innbyggðum vigtunarbúnaði. Það ætti ekki að vera nauðsynlegt að festa slíkan búnað á ökutæki sem eru tekin í notkun og skráð fyrir þessa dagsetningu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutninga á vegum, sem um getur í 10. gr. i tilskipunar 96/53/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmd skilyrði fyrir rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaður, sem er komið fyrir í ökutækjum eða samtengdum ökutækjum, í því skyni að tryggja samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr. 10. gr. d í tilskipun ráðsins 96/53/EB eða við kröfurnar um hámarksþyngd vegna umferðar innanlands í aðildarríkinu þar sem ökutækið er í notkun.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um aðildarríki sem hafa kosið að taka ekki í notkun innbyggðan vigtunarbúnað í samræmi við 1. mgr. 10. gr. d í tilskipun 96/53/EB.

3. Aðildarríki geta veitt ökutækjum eða samtengdum ökutækjum undanþágu frá kröfunni um uppsetningu á innbyggðum vigtunarbúnaði þegar hönnun þeirra eða gerð farms gerir það ómögulegt að fara yfir leyfilega hámarksþyngd. Þessar undanþágur skulu ekki grundvallast á tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækis með hleðslu, sem framleiðandi gefur upp. Ökutæki eða samtengd ökutæki sem falla undir undanþágu geta samt sem áður sætt eftirliti lögbærra yfirvalda að því er varðar leyfilega hámarksþyngd.

2. gr.

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

a) „innbyggður vigtunarbúnaður“ (e. *on-board weighing equipment*, OBW): búnaður um borð í ökutæki sem getur ákvarðað heildarþyngd eða ásþunga,

b) „heildarþyngd“: heildarþyngd vélknúins ökutækis og, í tilviki samtengdra ökutækja, heildarþyngd samtengdra ökutækja samkvæmt mælingu innbyggða vigtunarbúnaðarins, í kílógrömmum,

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

c) „ásþungi“ eða „álag á ás“: þyngd áss eða ásahóps með hleðslu, samkvæmt mælingu innbyggða vigtunarbúnaðarins, í kílógrömmum,

d) „útreiknuð þyngd“ eða „þyngdargildi“: annaðhvort heildarþyngdin eða ásþunginn, í kílógrömmum,

e) „eining í vélknúnu ökutæki“ (e. *motor vehicle unit*, („MVU-eining“)): sá hluti af innbyggða vigtunarbúnaðinum sem komið er fyrir í vélknúna ökutækinu, að undanskildum skynjurunum, sem getur safnað, geymt og unnið úr gögnum og reiknað þyngdargildi út frá þessum gögnum,

f) „eining í eftirvagni“ (e. *trailer unit*, TU-eining): sá hluti af innbyggða vigtunarbúnaðinum sem komið er fyrir í eftirvagni eða festivagni, að undanskildum skynjurunum, sem getur safnað, geymt og unnið úr gögnum frá búnaði í eftirvagni eða festivagni og reiknað ásþunga út frá þessum gögnum,

g) „sérhæfður, skammdrægur fjarskiptabúnaður fyrir skráningarhluta ökurita“ (e. *dedicated short range communication vehicle unit*, DSRC-VU): „fjartengdur snemmgreiningarbúnaður“, sem um getur í 14. viðbæti við I. viðauka C við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 ([5]), sem getur tekið við gögnum frá innbyggða vigtunarkerfinu (OWS-gögnum) annaðhvort frá MVU-einingunni eða C-ITS-stöðinni og senda þau í aflestrartæki fjartengds snemmgreiningarbúnaðar,

h) „aflestrartæki fjartengds snemmgreiningarbúnaðar“ (e. *remote early detection communication reader*, („REDCR-búnaður“)): aflestrartæki fjartengds snemmgreiningarbúnaðar, sem löggæsluyfirvöld hafa yfir að ráða og sem getur lesið OWS-gögnin sem send eru frá DSRC-VU-búnaðinum. REDCR-búnaðurinn getur verið sama tæki og er notað við aflestur á fjarvöktunargögnum fyrir ökurita (RTM-gögn) samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/799, þó skulu bæði RTM-gögnin og OWS-gögnin send samkvæmt tveim aðskildum beiðnum frá REDCR-búnaðinum,

i) „vigtunargögn“: óunnin gögn sem eru send á milli eininga í innbyggða vigtunarbúnaðinum sem vinna skal úr til að fá útreiknaða þyngd,

j) „gögn frá innbyggðu vigtunarkerfi“ (*e. on-board weighing system data*, („OWS-gögn“)): örugg gögn á skilgreindu formi, sem REDCR-búnaðurinn biður DSRC-VU-búnaðinn um,

k) „skynjari“: sá hluti innbyggða vigtunarbúnaðarins sem getur aflað vigtunargagna með því að mæla tilteknar eðlisrænar breytur, sem eru gögnin sem MVU-einingin eða TU-einingin notar við frekari vinnslu,

l) „stöð fyrir samvirk skynvædd flutningakerfi“ („C-ITS-stöð“)(e. *cooperative intelligent transport systems station*): stöð fyrir samvirk skynvædd flutningakerfi í skilningi framseldu gerðarinnar sem kemur til viðbótar við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar útbreiðslu og hagnýta not af samvirkum skynvæddum flutningakerfum, sem samþykkt var á grundvelli 1. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar,

m) „staðfangstengingarstig“ (e. *address assignment phase*): bráðabirgðastig rafrænna samskipta milli samtengdra ökutækja þar sem hverju ökutæki er úthlutuð staðsetning,

n) „verkstæði fyrir innbyggðan vigtunarbúnað“ (OBW-verkstæði): verkstæði sem hefur leyfi frá aðildarríki til að framkvæma skoðanir á innbyggðum vigtunarbúnaði.

3. gr.

Vottunarstefna

Aðildarríki skulu sjá til þess að a.m.k. ein rótarvottunarstöð, skráningaryfirvald (e. *enrolment authority*) og leyfisveitingaryfirvald (e. *authorisation authority*) geti framkvæmt, að því er varðar innbyggðan vigtunarbúnað, aðgerðirnar sem settar eru fram í vottunarstefnunni fyrir útbreiðslu og notkun evrópskra samvirkra skynvæddra flutningakerfa (C-ITS) sem um getur í framseldu gerðinni sem kemur til viðbótar við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar útbreiðslu og hagnýt not af samvirkum skynvæddum flutningakerfum, sem samþykkt var á grundvelli 1. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar.

4. gr.

Reglubundnar skoðanir

1. Innbyggður vigtunarbúnaður skal gangast undir reglubundna skoðun á verkstæði fyrir innbyggðan vigtunarbúnað annað hvert ár eftir uppsetningu í ökutækinu eða samtengdu ökutækjunum.

2. Reglubundnar skoðanir skulu framkvæmdar í samræmi við IV. viðauka.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 frá 18. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 165/2014 þar sem mælt er fyrir um kröfur um smíði, prófun, uppsetningu, virkni og viðgerðir ökurita og íhluta þeirra (Stjtíð. ESB L 139, 26.5.2016, bls. 1).

3. Með skoðununum skal sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) að innbyggði vigtunarbúnaðurinn hafi verið settur upp í samræmi við upplýsingaskjölin frá framleiðandanum og er viðeigandi fyrir ökutækið,

b) að innbyggði vigtunarbúnaðurinn virki rétt og skili vigtunargildunum á nákvæman hátt,

c) að enginn búnaður til að hagræða gögnum sé tengdur við innbyggða vigtunarbúnaðinn eða ummerki um notkun slíks búnaðar.

4. Við lok skoðunarinnar skal OBW-verkstæðið gefa út skoðunarskýrslu fyrir innbyggða vigtunarbúnaðinn. Afrit af skýrslunni skal geymt í ökutækinu.

5. Í skýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) verksmiðjunúmer ökutækis (e. *VIN number* eða *chassis number*),

b) staður og dagsetning prófunarinnar,

c) hvort ökutækið hafi staðist prófunina (já/nei),

d) annmarkar sem komu í ljós, þ.m.t. hagræðing gagna, auk samþykktra úrræða,

e) dagsetning næstu reglubundinnar skoðunar eða hvenær núgildandi vottorð rennur út, ef þessar upplýsingar eru ekki veittar með öðrum hætti,

f) nafn, heimilisfang og kenninúmer OBW-verkstæðisins og undirritun eða auðkenni skoðunarmannsins sem ber ábyrgð á skoðuninni,

g) merki, gerð, auðkennisnúmer, númer gerðarprófunarvottorðs og dagsetning síðustu sannprófunar á vottaða vigtunarbúnaðinum sem er notaður við reglubundnu skoðunina.

6. Skoðunarskýrslur skulu geymdar í a.m.k. tvö ár frá því að skýrslan var gerð, þó geta aðildarríkin ákveðið að senda lögbæra yfirvaldinu skoðunarskýrslurnar á þessu tímabili. Í tilvikum þar sem skoðunarskýrslurnar eru geymdar á OBW-verkstæðinu skal verkstæðið, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, gera aðgengilegar þær skýrslur um skoðanir og kvarðanir sem eru framkvæmdar á tímabilinu.

5. gr.

OBW-verkstæði

1. Aðildarríki skulu viðurkenna, gera reglubundið úttekt á og votta OBW-verkstæði sem hafa heimild til að framkvæma skoðanir á innbyggðum vigtunarbúnaði.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að OBW-verkstæði, sem eru staðsett á yfirráðasvæði þeirra, framkvæmi skoðanir á innbyggðum vigtunarbúnaði með áreiðanlegum hætti. Í þeim tilgangi skulu þau ákvarða og birta verklagsreglur til að tryggja að eftirfarandi lágmarkskröfur séu uppfylltar:

a) að starfsfólk OBW-verkstæðisins hafi hlotið tilhlýðilega þjálfun,

b) að sá búnaður sem er nauðsynlegur til að framkvæma viðeigandi prófanir og verkefni sé aðgengilegur og vottaður í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB ([6]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB ([7]),

c) að verkstæðin hafi gott orðspor.

3. OBW-verkstæði skulu gangast undir eftirfarandi úttektir:

a) úttekt af hálfu eftirlitsaðila, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, á því verklagi sem er beitt þegar innbyggður vigtunarbúnaður er meðhöndlaður. Við úttektina skal lögð áhersla á þau verkefni og þá starfsemi sem mælt er fyrir um í 1. lið í V. viðauka við tilskipun 2014/45/ESB; eftirlitsaðilinn skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. lið í þeim viðauka,

b) fyrirvaralausar tæknilegar úttektir má einnig framkvæma í því skyni að kanna uppsetningar, skoðanir og, eftir því sem við á, kvarðanir sem eru framkvæmdar.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða ósjálfvirkan vogarbúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).

4. Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur milli OBW-verkstæða og flutningafyrirtækja. Ef alvarleg hætta er á hagsmunaárekstri, þ.m.t. þegar flutningafyrirtæki er eigandi að OBW-verkstæði, skal grípa til sértækra ráðstafana til að tryggja að OBW-verkstæði uppfylli kröfur þessarar greinar.

5. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu birta á vefsetrum sínum uppfærða skrá yfir OBW-verkstæði, sem inniheldur a.m.k. eftirfarandi gögn:

a) kenninúmer verkstæðisins og heiti [aðilans/aðilanna] sem reka verkstæðið,

b) póstfang,

c) tölvupóstfang,

d) símanúmer.

6. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, annaðhvort tímabundið eða til frambúðar, afturkalla viðurkenningar OBW-verkstæða sem uppfylla ekki skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. maí 2021.

Ákvæði d-liðar liðar 1.4, liðar 5.3 og 8.1 í I. viðauka, ákvæði II. viðauka og ákvæði 3. liðar, liðar 8.2 og 10. liðar í III. viðauka skulu þó gilda frá 27. maí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI UM INNBYGGÐAN VIGTUNARBÚNAÐ (OBW)

1. **Almenn ákvæði**

1.1. Eftirfarandi tegundir kerfa fyrir innbyggðan vigtunarbúnað (OBW-kerfi) falla undir gildissvið þessarar reglugerðar:

a) virkt kerfi: OBW-kerfi sem ákvarðar þyngdina með því að safna og vinna úr upplýsingum úr breytum sem er náð á meðan ökutækið er á hreyfingu, s.s. hröðun, dráttar- eða hemlunarkraftar, og sem eiga sér ekki stað þegar ökutækið er kyrrstætt,

b) kyrrstöðukerfi: OBW-kerfi sem ákvarðar þyngd með upplýsingum úr breytum sem er náð á meðan ökutækið er kyrrstætt, s.s. þrýstingur í loftpúða.

1.2. Framkvæmd þessarar reglugerðar er í tveimur áföngum:

a) Innbyggður vigtunarbúnaður í 1. áfanga, sem um getur í lið 5.2,

b) Innbyggður vigtunarbúnaður í 2. áfanga, sem um getur í lið 5.3.

1.3. Innbyggði vigtunarbúnaðurinn skal reikna út heildarþyngdina og mögulega ásþungann.

1.4. Innbyggði vigtunarbúnaðurinn skal samanstanda af eftirfarandi þáttum:

a) MVU-einingu, sem er komið fyrir í vélknúna ökutækinu,

b) mögulega TU-einingu, sem er komið fyrir í eftirvagninum eða festivagninum,

c) skynjara,

d) að því er varðar 2. áfanga, C-ITS-stöð í hverju ökutæki, annaðhvort með MVU- eða TU-einingu.

1.5. MVU-einingin og TU-einingin geta hvor um sig samanstaðið af einni vinnslueiningu eða verið skipt niður í mismunandi einingar.

2. **Eining í vélknúnu ökutæki (MVU-eining)**

MVU-einingin skal:

a) taka við upplýsingum um álag á ás frá TU-einingu, ef hún er til staðar,

b) safna vigtunargögnum frá skynjurunum í ökutækinu,

c) vinna úr fyrirliggjandi upplýsingum og reikna út samsvarandi vigtunargildi.

3. **Eining í eftirvagni (TU-eining)**

Ef hún er til staðar, skal TU-einingin:

a) safna vigtunargögnum frá skynjurunum í eftirvagninum eða festivagninum, vinna úr fyrirliggjandi upplýsingum og reikna ásþungann út frá þessum gögnum,

b) senda vigtunargildi áss til vélknúna ökutækisins.

4. **Útreikningur á þyngd**

4.1. Að því er varðar virk kerfi skal fyrsta vigtunargildið reiknað út eigi síðar en fimmtán mínútum eftir að ökutækið byrjar að færast úr stað og aftur á 10 mínútna fresti framvegis eða oftar.

4.2. Að því er varðar kyrrstöðukerfi skulu vigtunargildi reiknuð út á mínútu fresti þegar kveikjan er á og ökutækið er kyrrstætt.

4.3. Útreiknuð þyngd skal gefin upp með minnst 100 kg nákvæmni.

5. **Upplýsingaskipti milli vélknúins ökutækis og eftirvagna eða festivagna samtengdra ökutækja**

5.1. Sérhver eftirvagn eða festivagn skal láta vélknúna ökutækinu í té þau vigtunargildi sem reiknuð eru út af þeim fyrrnefnda í samræmi við lið 5.2 eða 5.3, eftir því sem við á.

5.2. Innbyggður vigtunarbúnaður í 1. áfanga

5.2.1. Hverjum eftirvagni eða festivagni skal úthlutuð staðsetning innan samtengdu ökutækjanna innan ramma virkrar staðfangstengingar eins og sett er fram í ISO-staðli 11992-2:2014.

5.2.2. Að staðfangstengingarstiginu loknu skal TU-einingin í sérhverjum eftirvagni eða festivagni senda MVU-einingunni summu álags á ása eða álag á ás í samræmi við lýsingarnar sem eru lagðar fram í lið 6.5.4.7. og 6.5.5.42 í staðlinum ISO 11992-2:2014.

5.2.3. Skilaboðin um summu álags á ása eða álag á ás skulu fylgja forskriftunum sem settar fram í staðlinum ISO 11992-2:2014 fyrir skilaboð af tegundinni EBS22 og RGE22.

5.2.4. Snið, beining og almenn gildisbil skilaboðanna skulu vera í samræmi við liði 6.1, 6.3 og 6.4 í staðlinum ISO 11992-2:2014.

5.3. Innbyggður vigtunarbúnaður í 2. áfanga

Upplýsingaskipti milli vélknúna ökutækisins og dreginna eftirvagna eða festivagna skal fara fram í gegnum C-ITS-stöð, eins og sett er fram í II. viðauka.


5.4. Að því er varðar innbyggðan vigtunarbúnað bæði í 1. og 2. áfanga er heimilt að nota mismunandi forskriftir að því tilskildu að innbyggði vigtunarbúnaðurinn í vélknúna ökutækinu og í eftirvögnunum eða festivögnunum sé í samræmi við þær.

6. **Gagnaforvinnsla og -flutningur í DSRC-VU-búnaðinn**

MVU-einingin, fyrir 1. áfanga, eða C-ITS-stöðin í vélknúna ökutækinu, fyrir 2. áfanga, skal senda DSRC-VU-búnaðinum OWS-gögnin í samræmi við III. viðauka.


Mynd 1

Dæmi um fyrirkomulag fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 1. áfanga fyrir samtengd ökutæki sem samanstanda af vörubifreið og festivagni



Mynd 2

Dæmi um fyrirkomulag fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 2. áfanga fyrir samtengd ökutæki sem samanstanda af vörubifreið og festivagni



7. **Upplýsingar til ökumannsins um þyngd**

Ökumanni skulu birtast á skjá a.m.k. upplýsingar um heildarþyngdina.

8. **Nákvæmni**

8.1. Nákvæmnin fyrir reiknaða þyngd skal vera ± 5% eða meiri þegar ökutækið er hlaðið yfir 90% af leyfilegri hámarksþyngd.

8.2. Þrátt fyrir ákvæði liðar 8.1 má nákvæmnin fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 1. áfanga vera ± 10% eða meiri.

———

II. VIÐAUKI

SÉRTÆK ÁKVÆÐI FYRIR INNBYGGÐAN VIGTUNARBÚNAÐ Í 2. ÁFANGA


1. Þessi viðauki gildir eingöngu um innbyggðan vigtunarbúnað í 2. áfanga

2. Vélknúna ökutækið og þeir eftirvagnar eða festivagnar, sem eru hluti af samtengdum ökutækjum og eru búnir TU-einingu, skulu vera með C-ITS-stöð sem er tengd við MVU-einingu eða TU-einingu í viðeigandi ökutæki. Hægt er að samþætta MUV-einingu og TU-einingu í viðkomandi C-ITS-stöð.

3. MVU-einingin og TU-einingin skulu senda C-ITS-stöðvunum, sem þær tengjast, þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar við sendingu skilaboða í samræmi við lið 4.3 í þessum viðauka.

Mynd 3

Dæmi um flæði boða í innbyggðum vigtunarbúnaði (OBW) í 2. áfanga



4. Upplýsingaskipti milli vélknúins ökutækis og eftirvagns eða festivagns

4.1. Skipti á upplýsingum um þyngd milli vélknúins ökutækis og dreginna eftirvagna eða festivagna skulu fara fram með þráðlausri tengingu milli C-ITS-stöðvarinnar í vélknúna ökutækinu og C-ITS-stöðvanna í eftirvögnunum eða festivögnunum, í samræmi við staðlana EN 302 663-V1.1.1, að undanskildum ákvæðum liðar 4.2.1, EN 302 636-4-1-V1.3.1, EN 302 636-5.1-V2.1.1 og Evrópustaðalinn um notkun á innbyggðum vigtunarbúnaði fyrir C-ITS, sem skal þróaður af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu.

4.2. Skilaboðin sem C-ITS-stöðvar senda sín á milli skulu gerð örugg, eins og mælt er fyrir um í lið 5.1.

4.3. Eftirfarandi upplýsingar skulu sendar á milli C-ITS-stöðva:

a) ásþungi dreginna eftirvagna eða festivagna,

b) boð sem innihalda sértilvik af gerðinni „villa í samskiptum við innbyggðan vigtunarbúnað“: sértilvikið villa í samskiptum við innbyggðan vigtunarbúnað skal sett af stað þegar C-ITS-stöðvunum tekst ekki, eftir fleiri en þrjár tilraunir, að koma á gagnkvæmum öruggum samskiptum í samræmi við lið 5.1,

c) boð sem innihalda sértilvikið „tilraun til öryggisrofs“. sértilvikið tilraun til öryggisrofs skal sett af stað þegar innbyggði vigtunarbúnaðurinn greinir tilraun til að hagræða gögnum búnaðarins, eins og sett er fram í lið 5.2 og í viðbætinum.

4.4. Snið boðanna sem nota skal í staðfangstengingarstiginu og við sendingu á upplýsingunum sem um getur í lið 4.3 skal sett fram í staðlinum um notkun á innbyggðum vigtunarbúnaði sem um getur í lið 4.1.

5. Öryggisákvæði

5.1. Örugg boðskipti milli C-ITS-stöðva

5.1.1. Samskipti milli C-ITS-stöðva skulu gerð örugg í samræmi við Evrópustaðalinn ETSI TS 103 097-V1.3.1 og í samræmi við Evrópustaðalinn um notkun á innbyggðum vigtunarbúnaði fyrir C-ITS, sem um getur í lið 4.1.

5.1.2. Í samræmi við vottunarstefnuna fyrir útbreiðslu og notkun evrópskra samvirkra skynvæddra flutningakerfa, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, skulu C-ITS-stöðvar fá úthlutað:

a) skráningarskilríki (e. *enrolment credential*) frá skráningaryfirvaldi, sem heimilar að þær séu starfræktar sem C-ITS-stöðvar fyrir vigtun ökutækja,

b) fjölda leyfisbréfa (e. *authorisation ticket*) frá leyfisveitingaryfirvaldi sem gera þeim kleift að starfa sem hluti af innbyggða vigtunarbúnaðinum innan C-ITS-umhverfisins.

5.2. Vörn gegn tilraunum til öryggisrofs

Vörn innbyggðs vigtunarbúnaðar í 2. áfanga gegn tilraunum til öryggisrofs skal veitt í samræmi við viðbætinn við þennan viðauka.

———

VIÐBÆTIR VIÐ II. VIÐAUKA

ÖRYGGISVOTTUN FYRIR INNBYGGÐAN VIGTUNARBÚNAÐ Í 2. ÁFANGA

1. MVU-einingin og TU-einingin skulu vera öryggisvottaðar samkvæmt kerfinu um sameiginlegar viðmiðanir (e. *Common Criteria Scheme*). Í þessum viðbæti eru MVU-einingin og TU-einingin hér á eftir nefndar „OBW-VU-einingar“.

2. Lágmarksöryggiskröfurnar, sem OBW-VU-einingar þurfa að uppfylla, skulu skilgreindar í öryggismarkmiði (e. S*ecurity Target*) samkvæmt kerfinu um sameiginlegar viðmiðanir.

3. Framleiðandi búnaðarins, sem þarf að votta, skal semja drög að öryggismarkmiðinu og skal það samþykkt af öryggisvottunaraðilum á sviði upplýsingatækni á vegum hins opinbera, sem skipulagðir eru innan vinnuhópsins um sameiginlegu túlkunina (JIWG) sem styður gagnkvæma viðurkenningu á vottorðum undir SOGIS-MRA samningnum (samningur um gagnkvæma viðurkenningu vottorða um öryggismat á sviði upplýsingatækni).

4. V2X-gáttin og varbúnaðurinn fyrir C-ITS-stöðvarnar skulu öryggisvottuð samkvæmt þeim verndarsniðum sem samstarfshópurinn um samskipti á milli ökutækja (e. *Car2Car Communication Consortium*) hefur þróað fyrir V2X-gáttina og varbúnaðinn.

5. Fullvissustigið fyrir öryggisvottun á OBW-VU-einingunum skal vera EAL2. Ef ökuritinn er notaður sem MVU-eining skal hann þó vottaður samkvæmt fullvissustigi EAL4, aukið með fullvissuþáttunum ATE_DPT.2 og AVA_VAN.5, eins og sett er fram í 10.viðbæti við I. viðauka C við reglugerð (ESB) 2016/799.

6. Þættir sem öryggismarkmiðið á að vernda

   Eftirfarandi þættir skulu verndaðir:

   a) OBW-VU-boð: öll boð sem eru send eða móttekin af viðeigandi OBW-VU-einingu sem hafa að geyma upplýsingar sem eru nauðsynlegar við útreikning á þyngdinni.

      Viðeigandi OBW-einingar eru þær vélbúnaðar- og hugbúnaðareiningar OBW-VU-eininganna sem vinna úr upplýsingum sem, við árás, gæti valdið röngum útreikningi innbyggða vigtunarbúnaðarins á heildarþyngd eða ásþunga.

      OBW-VU-eining getur verið ein viðeigandi eining eða samansett úr mismunandi viðeigandi einingum, í samræmi við lið 1.5 í I. viðauka, en í því tilviki skulu þær auðkenndar í öryggismarkmiðinu.

   b) Þyngdarboð: boð sem inniheldur heildarþyngd eða ásþunga sem OBW-VU-einingin hefur reiknað út.


   c) Kvörðunargögn: upplýsingar sem eru færðar inn í minni OBW-VU-einingarinnar í því skyni að kvarða innbyggða vigtunarbúnaðinn.

   d) Endurskoðunarupplýsingar: upplýsingar um tilraunir til öryggisrofs sem samsvara þeim ógnum sem fjallað er um í þessum viðbæti.

   e) OBW-VU-hugbúnaður: hugbúnaður sem er notaður í OBW-VU-einingunni til að hrinda í framkvæmd og styðja við aðgerðir innbyggða vigtunarbúnaðarins sem skipta máli við útreikning á þyngd og greiningu á tilraunum til öryggisrofs.

Mynd 4

Dæmi um OBW-VU-boð og þyngdarboð sem skulu vernduð í MVU-einingu sem samanstendur af tveimur viðeigandi einingum



7. Ógnir sem fjalla skal um í öryggismarkmiðinu

   Í öryggismarkmiðinu skal fjalla um eftirfarandi ógnir:

   a) T.OBW-VU_message_spoof: árásaraðili gæti skopstælt OBW-VU-boð svo að OBW-VU-einingin misreiknar heildarþyngdina eða ásþungann.

   b) T.OBW-VU_message_tamper: árasaraðili gæti átt við OBW-VU-boð svo að OBW-VU-einingin misreiknar heildarþyngdina eða ásþungann.

   c) T.Weight_message_spoof: árásaraðili gæti skopstælt þyngdarboð svo að þyngdarútreikningur OBW-VU-einingarinnar breytist.

   d) T.Weight_message_tamper: árasaraðili gæti átt við þyngdarboð svo að þyngdarútreikningur OBW-VU-einingarinnar breytist.

   e) T.Audit_spoof: árásaraðili gæti skopstælt boð um endurskoðunargögn.

   f) T.Audit_tamper: árásaraðili gæti átt við boð um endurskoðunarupplýsingar.

   g) T.Calibration_tamper: árásaraðili gæti slegið inn röng gildi sem kvörðunargögn í því skyni að fá OBW-VU-einingunа til að misreikna þyngdina.

h) T.Software_tamper: árásaraðili gæti breytt eða skipt út OBW-VU-hugbúnaðinum til þess að breyta venjulegum útreikningi á þyngdinni.

i) T.Stored_Data_tamper: árásaraðili gæti reynt að breyta eða eyða viðeigandi upplýsingum sem eru geymdar í OBW-VU-einingunni, þ.m.t. endurskoðunarupplýsingum.

8. OBW-VU-einingin skal hafa eftirfarandi öryggismarkmið:

a) O.Plausibility_validation: OBW-VU-einingin skal sannreyna að upplýsingar, sem berast með aðsendu boði til viðeigandi einingar, annaðhvort frá skynjurunum eða annarri einingu, séu áreiðanlegar á grundvelli trúverðugleika upplýsinganna.

b) O.OBW-VU_stored_information_protection: OBW-VU-einingin skal geta verndað vistaðan hugbúnað og gögn frá því að átt sé við þau.

c) O.Notification: OBW-VU-einingin skal geta tilkynnt um tilraun til öryggisrofs.

9. Grunnforsendur

a) Boðin T.OBW-VU_message_spoof eru meðhöndluð með O.Plausibility_validation og O.Notification.

b) Boðin T.OBW-VU_message_tamper eru meðhöndluð með O.Plausibility_validation og O.Notification.

c) Boðin T.Weight_message_spoof eru meðhöndluð með O.Plausibility_validation og O.Notification.

d) Boðin T.Weight_message_tamper eru meðhöndluð með O.Plausibility_validation og O.Notification.

e) Boðin T.Audit_spoof eru meðhöndluð með O.Plausibility_validation og O.Notification.

f) Boðin T.Calibration_tamper eru meðhöndluð með O.Plausibility_validation og O.Notification.

g) Boðin T.Software_tamper eru meðhöndluð með O.OBW-VU_stored_information_protection og O.Notification.

h) T.Stored_data_tamper eru meðhöndluð með O.OBW-VU_stored_information_protection og O.Notification.

Tafla 1

Grunnforsendur öryggismarkmiða

	O.Plausibility_validation	O.OBW-VU_stored_ information_protection	O.Notification
T.OBW_message_spoof	X		X
T.OBW_message_tamper	X		X
T.Weight_message_spoof	X		X
T.Weight_message_tamper	X		X
T.Audit_spoof	X		X
T.Audit_tamper	X		X
T.Calibration_tamper	X		X
T.Software_tamper		X	X
T.Stored_data_tamper		X	X

III. VIÐAUKI

GAGNAFORVINNSLA OG FLUTNINGUR UPPLÝSINGA Í AFLESTRARTÆKI FJARTENGDS SNEMMGREININGARBÚNAÐAR (REDCR)

1. Í þessum viðauka, sem kemur til fyllingar við 14. viðbæti I. viðauka C við reglugerð (ESB) 2016/799 (hér á eftir nefndur 14. viðbætir), eru tilgreindar kröfurnar að því er varðar forvinnslu og flutning OWS-gagna frá vélknúna ökutækinu í REDCR-búnaðinn.

2. Flutningur OWS-gagna fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 1. áfanga

2.1. MVU-einingin skal afhenda sérhæfða, skammdræga fjarskiptabúnaðinum fyrir skráningarhluta ökurita (DSRC-VU-búnaðinum) OWS-gögnin.


2.2. MVU-einingin skal:

2.2.1. safna saman OWS-gögnunum með upplýsingunum frá MVU-einingunni og TU-einingunni samkvæmt gagnaskipaninni sem er sett fram í 6. lið,

2.2.2. áframsenda OWS-gögnin til DSRC-VU-búnaðarins sem flytur þau svo áfram í REDCR-búnaðinn.

Mynd 5

Flutningur OWS-gagna frá MVU-einingunni til REDCR-búnaðarins fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 1. áfanga




3. Flutningur OWS-gagna fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 2. áfanga

3.1. C-ITS-stöðin í vélknúna ökutækinu skal afhenda DSRC-VU-búnaðinum OWS-gögn.

Mynd 6

Flutningur OWS-gagna frá C-ITS-stöðinni til REDCR-búnaðarins fyrir innbyggðan vigtunarbúnað í 2. áfanga



3.2. C-ITS-stöðin í vélknúna ökutækinu skal:

3.2.1. safna saman OWS-gögnunum með upplýsingum frá MVU-einingunni og C-ITS-stöðunum í dregnum eftirvögnum eða festivögnum, samkvæmt gagnaskipaninni sem er sett fram í 6. lið

3.2.2. gera OWS-gögnin örugg, eins og mælt er fyrir um í 8. lið, og

3.2.3. áframsenda OWS-gögnin til DSRC-VU-búnaðarins sem flytur þau svo áfram í REDCR-búnaðinn.

4. Gagnaflutning milli DSRC-VU-búnaðarins og annaðhvort MVU-einingarinnar (í 1. áfanga) eða C-ITS-stöðvarinnar í vélknúna ökutækinu (í 2. áfanga) skal framkvæma í samræmi við lið 5.6 í 14. viðbæti, þar sem „VU“ ber að skilja sem annaðhvort MVU eða C-ITS-stöðina, með hliðsjón af áfanga.

5. Boðskipti milli DSRC-VU- og REDCR-búnaðarins

5.1. Boðskipti milli DSRC-VU- og REDCR-búnaðar skal fara fram í gegnum skilflötinn sem skilgreindur er í stöðlum Staðlasamtaka Evrópu fyrir sérhæfð, skammdræg fjarskiptakerfi EN 12253, EN 12795, EN 12834, EN 13372 og ISO 14906, eins og um getur í tilskipun ráðsins 96/53/EB.

5.2. Samskiptareglur um hreyfingar vegna niðurhals OWS-gagna yfir 5,8 GHz tengingu við DSRC-skilflöt skulu vera þær sömu og eru notaðar fyrir RTM-gögnin í lið 5.4.1 í 14. viðbæti og eini munurinn er sá að kennimark viðfangsins, sem vísar til TARV-staðalsins, mun skírskota til 20. hluta í ISO-staðlinum 15638 (TARV) sem tengist WOB/OWS.

5.3. Skipanirnar sem eru notaðar fyrir OWS-hreyfingu skulu vera þær sömu og eru settar fram í lið 5.4.2 í 14. viðbæti fyrir RTM-hreyfingu.

5.4. Röð spurnarskipana fyrir OWS-gögn verður sú sama og er sett fram í lið 5.4.3 í 14. viðbæti fyrir RTM-gögn.

5.5. Tilhögun gagnaflutnings og lýsing á hreyfingum í DSRC-búnaði skulu vera þær sömu og settar eru fram í lið 5.4.6 og 5.4.7 í 14. viðbæti. Hins vegar skal þjónustutaflan fyrir ökutæki (VST-töfluna) aðlöguð fyrir flutning á OWS-gögnum. Af þessum sökum skal Ows-ContextMark koma í stað Rtm-ContextMark, með kennimark viðfangs sem skal skírskota til 20. hluta í ISO-staðlinum 15638 (TARV) sem tengist WOB/OWS.

5.6. Efnislegar breytur skilflata DSRC-búnaðar skulu vera þær sömu og settar eru fram í lið 5.3 í 14. viðbæti.

6. Gagnaskipan

Skilgreiningin á ASN.1-einingunni fyrir DSRC-gögnin í OWS-verkbúnaðinum er sem hér segir:

```
TarvOws    {iso(1)    standard(0)    15638
part20(20)    version1(1)}    DEFINITIONS
AUTOMATIC TAGS

::= BEGIN

IMPORTS

-- Imports data attributes and elements from EFC which are used for OWS

LPN

FROM EfcDsrcApplication {iso(1) standard(0) 14906 application(0) version5(5)}


-- Imports function parameters from the EFC Application Interface Definition

SetMMIRq

FROM EfcDsrcApplication {iso(1) standard(0) 14906 application(0) version5(5)}


-- Imports the L7 DSRCData module data from the EFC Application Interface Definition

Action-Request,  Action-Response,  ActionType,  ApplicationList,  AttributeIdList,
AttributeList, Attributes,

BeaconID,  BST,  Dsrc-EID,  DSRCApplicationEntityID,  Event-Report-Request,  Event-
Report- Response,

EventType, Get-Request, Get-Response, Initialisation-Request, Initialisation-Response,

ObeConfiguration, Profile, ReturnStatus, Time, T-APDUs, VST

FROM EfcDsrcGeneric {iso(1) standard(0) 14906 generic(1) version5(5)};


-- Definitions of the OWS functions:

OWS-InitialiseComm-Request::= BST

OWS-InitialiseComm-Response::= VST

OWS-DataRetrieval-Request::=  Get-Request  (WITH  COMPONENTS  {fill  (SIZE(1)),  eid,
accessCredentials ABSENT, iid ABSENT, attrIdList})

OWS-DataRetrieval-Response::= Get-Response {OwsContainer} (WITH COMPONENTS {..., eid,
iid ABSENT})

OWS-TerminateComm::= Event-Report-Request {OwsContainer}(WITH COMPONENTS {mode (FALSE),
eid (0),

eventType (0)})

OWS-TestComm-Request::= Action-Request {OwsContainer} (WITH COMPONENTS {..., eid (0),
actionType

(15), accessCredentials ABSENT, iid ABSENT})

OWS-TestComm-Response::= Action-Response {OwsContainer} (WITH COMPONENTS {..., fill
(SIZE(1)), eid

(0), iid ABSENT})


-- Definitions of the OWS attributes:

OwsData:: = SEQUENCE {

      OWSPayload SignedDataPayload, -- SignedData in accordance with ETSI 103097
v1.3.1, only for Stage 2 OBW

      }
```

```
OwsPayload:: = SEQUENCE {


            recordedWeight              INTEGER (0..65535),       --    0    =    Total
measured weight of the heavy goods vehicle with 10 Kg resolution.

            maximumTechnicalWeight      INTEGER (0..65535),       --  0  =  technically
permissible maximum laden mass of the vehicle or vehicle combination as declared by the
manufacturer, with 10 Kg resolution, only for stage 2.

            axlesConfiguration OCTET STRING SIZE (4),  -- 0 = 20 bits allowed for the
number of axles for 10 axles.

            axlesRecordedWeight OCTET STRING SIZE (26),    -- 0 = Recorded Weight for
each axle with 10 Kg resolution.

            tp15638Timestamp            INTEGER(0..4294967295)     --    Timestamp    of
current record

            tp15638DSRCcommunicationError   BOOLEAN,       --      Record      of      a
communication error between MVU and DSRC within last 10 days

      tp15638OBWCommunicationError  BOOLEAN,       -- Record of a communication error

            tp15638SecurityBreachAttempt    BOOLEAN,       --   Record   of   a   security
breach attempt

      }


Ows-ContextMark::= SEQUENCE {

      standardIdentifier  StandardIdentifier,  -- identifier  of  the  TARV  part  and  its
version

      }


StandardIdentifier::= OBJECT IDENTIFIER

OwsContainer::= CHOICE {

      integer [0] INTEGER,

      bitstring [1] BIT STRING,

      octetstring [2] OCTET STRING (SIZE (0..127, ...)),

      universalString [3] UniversalString,

      beaconId [4] BeaconID,

      t-apdu [5] T-APDUs,

      dsrcApplicationEntityId [6] DSRCApplicationEntityID,

      dsrc-Ase-Id [7] Dsrc-EID,

      attrIdList [8] AttributeIdList,

      attrList [9] AttributeList{RtmContainer},

      reserved10 [10] NULL,

      OwsContextmark [11] Ows-ContextMark,

      OwsData [12] OwsData,

      reserved13 [13] NULL,

      reserved14 [14] NULL,

      time [15] Time,

-- values from 16 to 255 reserved for ISO/CEN usage

      }}

END
```

7. OWS-gagnastök, aðgerðir sem eru framkvæmdar, og skilgreiningar:

OWS-gögnin skulu annaðhvort reiknuð með MVU-einingunni (1. áfangi) eða C-ITS-stöðinni í vélknúna ökutækinu (2. áfangi) samkvæmt töflu 1

Tafla 1

OWS-gagnastök, aðgerðir sem eru framkvæmdar og skilgreiningar

OWS-gagnastak	Aðgerð sem C-ITS-stöðin í vélknúna ökutækinu framkvæmir	Athugasemd	ASN.1-skilgreining á gögnum
OWS1 Heildarþyngd	Heiltölugildi skal myndað.	Síðasta mælda heildarþyngdin	recordedWeight INTEGER (0..65535),
OWS2 tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu	Heiltölugildi skal myndað.	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda	maximumTechnicalWeight INTEGER (0..65535),
OWS3 Samskipan ása í ökutækinu	Áttundarstrengur af stærðinni 4 skal myndaður.	Samskipan ása	axlesConfiguration OCTET STRING SIZE (4),
OWS4 Ásþungi	Áttundarstrengur af stærðinni 26 skal myndaður.	Þyngd á hvern ás	axlesRecordedWeight OCTET STRING SIZE (26),
OWS5 Fjöldi skráninga á heildarþyngd	Heiltölugildi skal myndað. Gildið fyrir OWS2 skal stillt þannig að það passi við tímasetningu núverandi skráningar á heildarþyngd.	Tímastimpill núverandi skráðrar þyngdar	tp15638Timestamp INTEGER (0..4294967295),
OWS6 DSRC-samskiptavilla	Boole-gildi skal myndað. Úthluta skal breytunni tp15638DSRC-communicationError TRUE-gildi ef innbyggði vigtunarbúnaðurinn hefur orðið var við a.m.k. eitt sértilvik af tegundinni „DSRC-samskiptavilla“ á næstliðnum 30 dögum. ANNARS, ef ekki er um er að ræða neitt sértilvik síðustu 30 daga, skal úthluta gildinu FALSE.	1 (TRUE), gefur til kynna samskiptavillu milli innbyggðra vigtunar-búnaðarins og DSRC-VU-búnaðarins síðustu 30 daga	tp15638DSRCcommunicationError, BOOLEAN,
OWS7 OBW-samskiptavilla	Boole-gildi skal myndað. Úthluta skal breytunni tp15638-CommunicationError TRUE-gildi ef innbyggði vigtunarbúnaðurinn hefur orðið var við a.m.k. eitt sértilvik af tegundinni „OBW-samskiptavilla“ á næstliðnum 30 dögum. ANNARS, ef ekki er um er að ræða neitt sértilvik síðustu 30 daga, skal úthluta gildinu FALSE.	1 (TRUE), gefur til kynna samskiptavillu í innbyggðra vigtunar-búnaðinum síðustu 30 daga	tp15638OBWCommunicationError, BOOLEAN,
OWS8 Tilraun til öryggisrofs	Boole-gildi skal myndað. Úthluta skal breytunni tp15638-SecurityBreachAttempt TRUE-gildi ef innbyggði vigtunarbúnaðurinn hefur skráð a.m.k. eitt sértilvik af tegundinni „Tilraun til öryggisrofs“ á síðustu 2 árum. ANNARS, ef ekki hafa verið gerðar tilraunir til öryggisrofs á næstliðnum tveim árum, skal úthluta gildinu FALSE.	1 (TRUE), gefur til kynna tilraun til öryggisrofs í innbyggðra vigtunar-búnaðinum innan síðustu 2 ára	tp15638SecurityBreachAttempt BOOLEAN,

þar sem

a) recordedWeight stendur fyrir mælda heildarþyngd ökutækisins eða samtengdra ökutækja með 10 kg nákvæmni, eins og er skilgreint í staðlinum EN ISO 14906. Til dæmis stendur gildið 2500 fyrir 25 tonna þyngd.

b) axlesConfiguration stendur fyrir tilhögun ökutækis eða samsettra ökutækja að því er varðar fjölda ása.

Tilhögunin er skilgreind með 20 bita bitasíunni (framlengd út frá staðlinum EN ISO 14906)

2 bita bitasía táknar tilhögun á ás með eftirfarandi sniði:

— Gildið 00B merkir að gildið er „ekki tiltækt“ af því að ökutækið hefur ekki búnað til að safna ásþunganum.

— Gildið 01B merkir að ásinn er ekki til staðar.

— Gildið 10B merkir að ásinn er til staðar og þyngdin hefur verið reiknuð og henni safnað og hún er sett fram í reitnum axlesRecordedWeight.

— Gildið 11B er frátekið til seinni tíma notkunar.

Síðustu sex bitarnir eru fráteknir til seinni tíma notkunar.

Tafla 2

Dreifing bita fyrir OWS2

Fjöldi ása													
Fjöldi ása á dráttareiningu						Fjöldi ása á eftirvagni							
00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	00/01/10/11	Geymist til síðari nota (6 bitar)

c) axlesRecordedWeight táknar þá tilteknu þyngd sem var skráð fyrir hvern ás, með 10 kg nákvæmni. Tvær áttundir eru notaðar fyrir hvern ás. Til dæmis stendur gildið 150 fyrir 1500 kílóa þyngd.

d) maximumTechnicalWeight táknar tæknilega leyfilegan hámarksmassa ökutækis eða samtengdra ökutækja með hleðslu samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda. Þetta gildi skal eingöngu gefa fyrir 2. áfanga. Fyrir 1. áfanga skal úthluta gildinu 0.

8. OWS-gagnaundirskrift

8.1. Í 1. áfanga skulu OWS-gögnin ekki undirrituð, texti OWS-gagnanna án sniðtákna skal fluttur frá MVU-einingunni í DSRC-VU-búnaðinn.

8.2. Í 2. áfanga skulu OWS-gögnin undirrituð í C-ITS-stöð vélknúna ökutækisins og flutt þaðan í DSRC-VU-búnaðinn, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

8.2.1. Uppbygging öruggu gagnaskipanarinnar skal vera eins og sett er fram í lið 5.1 og 5.2 í ETSI TS 103 097-V1.3.1.

8.2.2. Tagið SignedData, sem um getur í lið 5.2 í ETSI TS 103 097-V1.3.1, skal háð eftirfarandi takmörkunum:

a) Tagið HashAlgorithm skal stillt á sha256.

b) Tagið HashAlgorithm skal stillt á „digest“.

c) Tagið SignedDataPayload skal vera OWS-gögnin eins og mælt er fyrir um í 7. lið.

d) Tagið HeaderInfo skal takmarkað við eftirfarandi öryggishausa (e. *security headers*):

— Þátturinn psid skal stilltur á 0.

— Þátturinn generationTime skal vera í samræmi við skilgreininguna í staðlinum IEEE 1609.2.

— Þátturinn expiryTime skal ekki vera til staðar.

— Þátturinn generationLocation skal ekki vera til staðar.

— Þátturinn p2pcdLearningRequest skal ekki vera til staðar.

— Þátturinn missingCrlIdentifier skal ekki vera til staðar.

— Þátturinn encryptionKey skal ekki vera til staðar.

— Þátturinn inlineP2pcdRequest skal ekki vera til staðar.

— Þátturinn requestedCertificate skal ekki vera til staðar.

8.2.3. Skilgreiningin á ASN.1-einingunni fyrir tagið Signature skal vera eftirfarandi:

```
Signature::= CHOICE {
ecdsaNistP256Signature EcdsaP256Signature,
ecdsaBrainpoolP256r1Signature EcdsaP256Signature,
...,
ecdsaBrainpoolP384r1Signature EcdsaP384Signature
}
EcdsaP256Signature::= SEQUENCE {
rSig EccP256CurvePoint,
sSig OCTET STRING (SIZE (32))
}
EccP256CurvePoint::= CHOICE {
x-only OCTET STRING (SIZE (32)),
fill NULL, -- consistency with 1363/X9.62
compressed-y-0 OCTET STRING (SIZE (32)),
compressed-y-1 OCTET STRING (SIZE (32)),
uncompressedP256 SEQUENCE {
x OCTET STRING (SIZE (32)),
y OCTET STRING (SIZE (32))
}
}
```

8.2.4. Undirritunarvottorðið (e. *signing certificate*) skal vera vottorðið í leyfisbréfinu sem C-ITS-stöðin notar í samskiptum milli sín og REDCR-búnaðarins, í samræmi við 6. lið í ETSI TS 103 097-V1.3.1.

8.2.5. Þegar REDCR-búnaðurinn móttekur boð skal hann sannprófa skilríkin og nota dreifilyklinn í skilríkjunum til að lesa OWS-gagnaundirskriftina.

9. Samskiptareglur verkbúnaðar og meðhöndlun villna fyrir OWS-gögn skulu vera þær sömu og settar eru fram í lið 5.6.2 og 5.7 í 14. viðbæti.

10. Í 2. áfanga má einnig senda OWS-gögn beint í REDCR-búnað fullnustuaðila í gegnum C-ITS-stöðina í vélknúna ökutækinu í staðinn fyrir að senda þau í gegnum DSRC-VU-búnaðinn. Í því tilviki gegnir REDCR-búnaðurinn einnig hlutverki C-ITS-stöðvar.

———

IV. VIÐAUKI

REGLUBUNDNAR SKOÐANIR

1. Innbyggður vigtunarbúnaður (OBW) skal gangast undir reglubundnar skoðanir með því að vigta ökutækið eða samtengdu ökutækin á vottuðum vigtunarbúnaði í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, s.s. á færanlegum vigtunarflötum eða bílvog.

2. Eftirfarandi ökutæki skulu sæta skoðun:

   a) vélknúin ökutæki,

   b) eftirvagnar og festivagnar með einingu í eftirvagni (TU).

3. Eftirvagnar og festivagnar, sem sæta skoðun skv. 2. lið, skulu gangast undir þessa skoðun meðan þeir eru tengdir við vélknúna ökutækið. Vélknúin ökutæki, sem er ætlað að draga festivagna, skulu gangast undir þessa skoðun tengd við festivagn.

4. Reglubundin skoðun skal fela í sér:

   a) þrefalt álagspróf, sem skal framkvæma tveimur árum frá skráningu ökutækisins og fjórða hvert ár þar eftir,

   b) stakt álagspróf, sem skal framkvæma tveimur árum eftir fyrstu prófunina með þremur álagspunktum og fjórða hvert ár þar eftir.

Tafla 3

Röð reglubundinna skoðana

Prófun	Þrefalt álagspróf	Stakt álagspróf	Þrefalt álagspróf	Stakt álagspróf	Þrefalt álagspróf	Stakt álagspróf	Þrefalt álagspróf	…
Ár frá skráningardagsetningu ökutækis	2	4	6	8	10	12	14	…

5. Þrefalt álagspróf

   Þrefalt álagspróf skal framkvæmt með því að ökutækið er hlaðið með þrenns konar mismunandi hleðslu, en gildi þeirra skal reikna á eftirfarandi máta:

   a) með hleðslu á bilinu 45 til 55% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækis með hleðslu,

   b) með hleðslu á bilinu 65 til 75% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækis með hleðslu,

   c) með hleðslu á bilinu 90 til 100% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækis með hleðslu.

6. Staka álagsprófið skal framkvæmt með því að ökutækið er hlaðið með hleðslu sem nemur a.m.k. 90% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækis með hleðslu.

7. Að því er varðar eftirvagna og festivagna, sem eru með TU-einingu, og vélknúin ökutæki, sem er ætlað að draga festivagn, skal hleðslan, sem tilgreind er í 5. og 6. lið, reiknuð út með tilliti til tæknilegs leyfilegs hámarksmassa samtengdu ökutækjanna með hleðslu.

8. Sértæk ákvæði fyrir virk OBW-kerfi

8.1. Ef tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis eða samtengdra ökutækja með hleðslu fer yfir leyfilega hámarksþyngd, skal hleðslan í 5. og 6. lið reiknuð út með tilliti til leyfilegrar hámarksþyngdar.

8.2. Til þess að fá álagsgildi frá innbyggða vigtunarbúnaðinum skal ökutækinu eða samtengdu ökutækjunum ekið tiltekna vegalengd við sértæk skilyrði sem tilgreind eru í leiðbeiningum framleiðanda.

9. Skoðunin telst ófullnægjandi ef:

   a) álagsgildið, sem innbyggði vigtunarbúnaðurinn birtir, samsvarar álagi sem nemur á bilinu 90 til 100% af þeim tæknilega leyfilega hámarksmassa með hleðslu sem um getur í c-lið 5. liðar, er ekki í samræmi við þau gildi sem vottaði vigtunarbúnaðurinn mælir með þeirri nákvæmni sem sett er fram í 8. lið I. viðauka, og

   b) álagsgildin, sem innbyggði vigtunarbúnaðurinn birtir, samsvara álagi sem nemur á bilinu 45 til 55% og á bilinu 65 til 75% af þeim tæknilega leyfilega hámarksmassa með hleðslu sem um getur í a- og b-lið 5. liðar, eru ekki í samræmi við þau gildi sem vottaði vigtunarbúnaðurinn mælir með ± 15% nákvæmni.

10. Ef skoðunin er ófullnægjandi skal innbyggði vigtunarbúnaðurinn gangast undir aðra skoðun eigi síðar en tveimur mánuðum eftir fyrri skoðunina.

11. Sveigjanleiki að því er varðar reglubundnar skoðanir:

    Í því skyni að greiða fyrir framkvæmd reglubundinna skoðana á tilteknum gerðum ökutækja og í því skyni að draga úr áhrifum þeirra á reglulegar starfsathafnir ökumanna og farmflytjenda, geta aðildarríkin íhugað að veita ökutækjum, sem eru skráð á yfirráðasvæði þeirra, eftirfarandi sveigjanleika:

    a) ákvarða má álagsgildin þrjú, sem um getur í 5. lið, á þriggja mánaða tímabili,

    b) raunveruleg vigtun ökutækisins má fara fram á vottuðum vigtunarbúnaði sem ekki tilheyrir búnaði OBW-verkstæða, sem um getur í 5. gr., að því tilskildu að vigtunin fari fram undir eftirliti starfsmanns OBW-verkstæðis; eigandi ökutækisins skal láta OBW-verkstæðinu í té gögn þess efnis að vigtun hafi verið framkvæmd á vottuðum vigtunarbúnaði,

    c) að því er varðar ökutæki eða samtengd ökutæki með tiltekna útfærslu, sem gerir það tæknilega ómögulegt að fara yfir leyfilega hámarksþyngd við venjulega notkun (t.d. tankbifreiðar), má álagið, sem um getur í 5. og 6. lið, hafa önnur gildi; hvað varðar þreföldu álagsprófunina skal munurinn milli tveggja samfelldra álagsprófana vera a.m.k. 15% af leyfilegri hámarksþyngd.

———